- Tekju- og eignarskattur, rg., br., 208; rg., 511—569.
- Theódór Georgsson, vararæðismaður, lausn, 696.
- Theodór Kristjánsson, kennari, 693.
- Theresia Guðmundsson, veðurstofustjóri, lausn, 689.

Thorarensen, Oddur, lyfsali, lausn, 689.
 Thorarensen, Oddur, sóknarprestur, 692.
 Thorarensen, Oddur C., cand. pharm., lyf-
 söluleyfi, 690.
 Thorarensen, Oddur C. S., cand. pharm.,
 lyfsöluleyfi, 689.
 Thorarensen, Þorsteinn, borgarfógeti,
 689.
 Thorlacius, Birgir, ráðuneytisstjóri, í
 stjórn menntastofnunar Bandaríkjanna
 á Íslandi, 687.
 Thoroddsen, Jónas, borgarfógeti, 689.
 Thors, Kjartan, aðalræðismaður, lausn,
 696.
 Thors, Ólafur, forsætisráðherra, lausn,
 694.
 Thors, Thor R., aðalræðismaður, 696.
 Thorsteinsson, Pétur, ambassador, 686.
 Tollar, niðurfærsla, augl., 462.
 Tryggingarsjóður sparisjóða, rkn., 50.
 Tryggingastofnun ríkisins, rkn., 446—452.
 Tsuruoka, Mons. Senjin, sendiherra, 695.
 Turville-Petre, E. C. G., prófessor, hm.,
 698.

U. Ú.

Umferð, Reykjavík, augl., 197; 292; 412;
 459; Hafnarfjörður, augl., 308; Kópa-
 vogur, augl., 339; Akureyri, augl., 458—
 459; Keflavík, augl., 478.
 Umferðatakmarkanir, Keflavík, augl., 510.
 Úlfliótur Jónsson, kennari, 693.
 Úlfur Ragnarsson, héraðslæknir, lausn,
 688.

V.

Vagn Jónsson, hdl., hrl., 693.
 Valfells, Ágúst, dr., verkfræðingur, for-
 stöðumaður almannavarna, 688.
 Valgarður Þ. Björnsson, héraðslæknir,
 689; lækningaleyfi, 689.
 Valgarður Kristjánsson, borgardómari,
 688.
 Valgeir Gestsson, kennari, ul., 691.
 Valur Júlíusson, cand. med. & chir., lækn-
 ingaleyfi, 690.
 Valtýr Bjarnason, læknir, dósent, 686.
 Vangefnir, rkn., 287.
 Vatnsveita, Súðavíkurhreppur, rg., 36—
 38; Dalvík, rg., 39—41; Höfn í Bakka-
 firði, rg., 102—104; Hveragerði, rg., br.,
 293; Ólafsvíkurhreppur, rg., 334—335.

Vatnsveitufélag, Kleppjárnsreykjahverfi,
 sp., 16—17; Eiðahreppur, sp., 460—461.
 Verðlagsráð sjávarútvegsins, rg., br., 410.
 Verðlagsskrár, 248—281.
 Verðugir og þurfandi þjóðjarðalandsetar,
 rkn., 240 og 543.
 Veidifélög: Bjarnarfjarðará, sp., 327—
 328; Miðfirðinga, arðskrá, 328—329.
 Verkamanna- og sjómannafélögin í
 Reykjavík, rkn., 452.
 Verkstjóranámskeið, rg., br., 417.
 Verndun fiskimiða, augl., 111.
 Verzlanir, afgreiðslutími o. fl., Reykja-
 vík, sp., 503—506.
 Verzlunarbanks Íslands, rg., br., 114; rkn.,
 444—445 og 445—446.
 Vestmannaeyjar, fiskveiðisamþykkt, br.,
 105—106.
 Vestur-Húnavatnssýsla, sýsluvegasjóður,
 sp., br., 212—214.
 Vigfús Magnússon, cand. med. & chir.,
 lækningaleyfi, 689.
 Vigfús Ólafsson, skólastjóri, 693.
 Vinnumiðlun, Breiðdalshreppur, augl.,
 149; Stöðvarhreppur, augl., 207; Borg-
 arfjarðarhreppur, augl., 322.
 Vitaverðir Íslands, rkn., 469—570.
 Volter Antonsson, lögfræðingur, héraðs-
 dómslögmaður, 689.
 Vopnafjörður, fasteignaskattur, rg., 2.
 Vörumerki, skrá, 586—686.

Y. Ý.

Young, A. E., lögreglustjóri, hm., 698.
 Yngvi Ólafsson, deildarstjóri, samninga-
 nefnd, 690.
 Ýmis gjöld með viðauka, innheimta, augl.,
 458.

Þ.

Þingeyri, hafnarreglugerð, br., 79—80.
 Þorgerður Bergmundsdóttir, kennari, 692.
 Þorgrimur Sigurðsson, sóknarprestur,
 prófastur, 695.
 Þorkell Gíslason, lögfræðingur, hdl., 689.
 Þorkell Jóhannesson, cand. med. & chir.,
 lækningaleyfi, 693.
 Þorlákshöfn, hafnarreglugerð, br., 194—
 196.
 Þorlákur Sævar Halldórsson, cand. med.
 & chir., lækningaleyfi, 687.

Þorsteinn Svörfuður Stefánsson, stud.
med., í úthlutunarnefnd Lánadeildar
stúdenta, 694.

Þorvaldarminning, rkn., 239 og 454.

Þórarinn Ólafsson, cand. med. & chir.,
aðstoðarlæknir héraðslæknis, ráðning,
687; héraðslæknir, 690.

Þórarinn B. Ólafsson, cand. med. & chir.,
lækningaleyfi, 689.

Þórður Eyjólfsson, dr., hrd., varaforseti
Hæstaréttar, 691.

Þórhallur Pálsson, borgarfégeti, 689.

Þórir Bergsson, tryggingafræðingur, í
stjórn Lánasjóðs isl. námsmanna, 694.

Þórleifur Kr. Sigurðsson, rkn., 455.

Ö.

Öryggismál, eftirlit með skipum, r., 101.

Skammstafanir.

augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. = breyting.	reikn. = reikningur.
gfr. = gagnfræðaskóli.	sjr. = sjóðsreikningur.
hm. = heiðursmerki.	sk.skrá = skipulagsskrá.
gjask. = gjaldskrá.	stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
hsk. = héraðsskóli.	sþ. = samþykkt.
msk. = menntaskóli.	ul. = unglingskóli.
r. = reglur.	

9. janúar.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags og samvinnufélags .	kr. 450.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 150.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 150.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyting á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 150.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 25.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 300.00
7. Fyrir fjármark	— 50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 20.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 300.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 150.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 150.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 150.00

Gjaldskýlt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 15 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. febrúar 1963. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 195 28. nóvember 1958, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. janúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

Nr. 2.

2

3. janúar.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Vopnafjarðarhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 3.

5. janúar.

REGLUGERÐ

um Fræðslumyndasafn ríkisins.

1. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins er stofnað með lögum nr. 54 1961.

2. gr.

Tilgangur þess er að afla með kaupum, eigin framleiðslu eða lánnum fræðslukvikmynda og kyrrmynda til þess að lána skólum, félögum, menningarstofnunum og einstaklingum.

3. gr.

Fræðslumyndasafnið getur krafizt leigu fyrir myndir, sem lánaðar eru úr safninu, og setur um það sérstakar reglur. Lántakendum ber að hlíta reglum safnsins um lánstíma að viðlögðum dagsektum, ef út af ber. Ekki er lántakendum heimilt að lána öðrum myndir safnsins, nema samþykki forstöðumanns komi til. Þeir eru bótaskyldir fyrir skemmdir, sem kunna að verða á filmunum í vörzlu þeirra.

4. gr.

Fræðslumyndasafnið vinnur að því að glæða skilning manna á notkun kyrrmynda og kvikmynda til menningar og fræðslu með því að koma á framfæri leiðbeiningum, prentuðum eða fjölrituðum, halda námskeið, flytja erindi og hafa sýningar á völdum myndum. Svo oft sem þörf er á, er gerð og gefin út skrá um myndir safnsins eða viðauki við eldri skrár.

5. gr.

Auk leiðbeiningastarfsemi, sem um getur í 2. gr. laga um Fræðslumyndasafnið, er því skylt að annast um framkvæmdir, eftir því sem við verður komið, ef ríkisstofnanir ráðast í gerð fræðslu- og menningarmynda og óska slíkrar aðstoðar.

6. gr.

Fræðslumyndasafnið lætur að fengnu leyfi gera íslenzkar endurútgáfur valinna erlendra kennslukvikmynda, að svo miklu leyti sem fé er veitt til slíkra framkvæmda.

7. gr.

Fræðslumyndasafnið getur haft forgöngu um gerð íslenzkra fræðslu- og kynningarmynda. Þegar svo hentar, getur það leitað eftir fjárhagslegri þátttöku stofnana og samtaka, sem kunna að hafa áhuga á að leggja slíkri myndagerð lið með því að bera kostnað af henni að einhverju eða öllu leyti. En safnið hefur yfirumsjón með framkvæmd verksins.

8. gr.

Fræðslumyndasafnið skal eftir föngum vinna að útvegum á hljómplötum og tónböndum til afnota í skólum.

9. gr.

Þegar efni og ástæður leyfa, kemur Fræðslumyndasafnið upp sérstakri vinnustofu til framköllunar og eftirmyndunar á filmum og tónsetningar á filmur, tónbönd og plötur í samvinnu við Ríkisútvarpið. Skal lögð stund á að bæta þar úr þörfum skóla og fræðslustofnana, svo sem föng eru á.

10. gr.

Fræðslumyndasafnið lætur gera sem gleggsta skrá um allar fullgerðar íslenzkar kvikmyndir, sem vítað er um. Þegar um er að ræða myndir, sem hafa sögulegt eða annað menningarlegt gildi, skal safnið eignast eintök af þeim, ef föng eru á. Fræðslumyndasafnið skal hafa geymslustað til umráða, þar sem safna má saman frumgerðum íslenzkra kvikmynda til varðveislu við sem hentugust geymsluskilyrði og mest öryggi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 54 29. marz 1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

ERINDISBRÉF

fyrir stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins.

1. gr.

Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins er skipuð samkvæmt lögum nr. 54 1961, 1. gr.

2. gr.

Formaður kallar stjórnina til funda, þegar hann telur þörf á, eða ef einhver úr stjórninni eða forstöðumaður safnsins óskar þess. Formaður stýrir fundum.

3. gr.

Stjórnin velur sér ritara, og ritar hann fundargerðir. Þar skal greina frá öllum ákvörðunum, sem teknar eru, og viðstaddir fundarmenn undirrita allir fundargerðina.

4. gr.

Stjórnin leggur árlega í tæka tíð áætlun um tekjur og gjöld Fræðslumyndasafnsins næsta ár fyrir menntamálaráðuneytið. Þar skal í meginatriðum gerð grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja væntanlegum árstekjum.

5. gr.

Stjórnin hefur gát á því, að rekstri safnsins sé hagað í samræmi við tilgang þess og gildandi lög og reglur um það efni. Hún tekur í samráði við forstöðumann ákvarðanir um meginatriði í rekstri þess.

6. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk að safninu í samráði við forstöðumann og í samræmi við 4. gr. laga um Fræðslumyndasafn ríkisins. Hún hlutast til um, að safnið hafi húsakynni, sem fullnægjandi eru fyrir starfsemi þess.

7. gr.

Þegar tiltækilegt þykir að auka starfsemi safnsins nýjum þáttum skv. 2. gr. laga um Fræðslumyndasafn ríkisins, gerir stjórnin tillögur um það í samráði við forstöðumann þess og leggur þær fyrir menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

ERINDISBRÉF**fyrir forstöðumann Fræðslumyndasafns ríkisins.**

1. gr.

Forstöðumanni Fræðslumyndasafns ríkisins ber að annast um daglegan rekstur safnsins, framfylgja ákvörðunum stjórnar þess, skipta verkum með starfslíði safnsins og sjá um, að verkin séu leyst af hendi á þann hátt, sem til er ætlað. Forstöðumaður annast fjárreiður safnsins og reikningshald og sendir ríkisendurskoðuninni þegar að loknu hverju almanaksári reikninga safnsins ásamt fylgiskjölum til endurskoðunar. Samrit reikninganna skal samtímis sent menntamálaráðuneytinu.

2. gr.

Forstöðumaður hlutast til um, að haldin sé sem gleggst skrá um myndir og önnur gögn safnsins, útlán og skil. Hann kostar kapps um að auka og bæta myndakost safnsins, eftir því sem fjárhagur leyfir, heldur við þeim samböndum til myndaoöflunar, sem náðst hafa, og stofnar til nýrra, eftir því sem henta þykir. Hann kynnir sér ávallt eftir föngum nýjungar, sem fram koma á starfssviði safnsins, og athugar, hvað hagnýta má.

3. gr.

Forstöðumaður sér um íslenzkar útgáfur valinna erlendra kennslukvikmynda samkvæmt ákvörðun safnsstjórnar. Hann hefur samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Ef Fræðslumyndasafnið ræðst sjálft í gerð slíkra mynda, skv. 2. gr. laga nr. 54 f.-lið, hefur hann eftirlit og yfirumsjón með því verki.

4. gr.

Forstöðumaður sér um gerð kyrrmyndaflokka til afnota við kennslu, eftir því sem stjórn safnsins hefur ákveðið.

5. gr.

Forstöðumaður veitir eftir megni aðstoð og leiðbeiningar, ef efnt er til fræðslumyndagerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar eða annarra opinberra aðila, enda sé óskað slíkrar þjónustu.

6. gr.

Forstöðumaður leiðbeinir notendum safnsins og hlutast til um, að gefin sé út heildarskrá um myndir í eigu þess, svo og gerð skýringar- og leiðsagnargögn með einstökum myndum. Hann beitir sér fyrir því, að námskeið séu haldin og fræðsluerindi flutt um hagnýtingu mynda við kennslu, eftir því sem við verður komið. Hann aðstoðar eftir föngum skóla og stofnanir við val og útvegum sýningartækja og mynda, svo og tónbanda og hljómplatna.

7. gr.

Forstöðumaður annast skráningu íslenzkra frumkvikmynda og sér um söfnun og varðveislu slíkra mynda á vegum safnsins, eftir því sem föng eru á og fé fæst til, ef kaupa þarf.

8. gr.

Forstöðumaður gerir í samráði við stjórn safnsins eða samkvæmt ákvörðun hennar tillögur til menntamálaráðuneytis um hvað eina, sem safnið varðar og ráðuneytinu ber að fjalla um.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 54/1961, um Fræðslu-
myndasafn ríkisins.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1963.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 6.

7. janúar.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Keflavík skal, á meðan hreppsnefnd Njarðvíkur- og Hafnahrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Keflavík, miðuð við íbúatölu í Keflavík, Njarðvíkurhreppi og Hafnahreppi, þannig að ein bifreið komi á hverja 175 íbúa, er þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæðið samkvæmt 1. mgr. telst Keflavík, Njarðvíkurhreppur og Hafnahreppur.

Þegar rétt hlutföll milli tölu leigubifreiða og íbúatölu eru fengin, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 175 íbúa, er lögheimili eiga í framangreindum lögsagnarumdæmum.

Nú losnar atvinnuleyfi og skal þá, á meðan leigubifreiðir eru fleiri en sem svarar einni á hverja 175 íbúa, einungis endurveita fimmta hvert leyfi.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 10. október 1962 höfðu afgreiðslu á bifreiðastöð í Keflavík, halda leyfum sínum, ef þeir eru félagar í Bifreiðastjóraráfélaginu Fylki, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar Bifreiðastjóraráfélagsins Fylkis innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðastjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík, nema hann hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Keflavík. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi, þó skulu þeir, er höfðu tvö afgreiðsluleyfi hjá bifreiðastöð í Keflavík, 10. október 1962, fá tvö atvinnuleyfi, ef þeir æskja þess innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, með þeim fyrirvara þó, að þeir hafi á virkan hátt notfært sér bæði leyfin með akstri fyrir 10. október 1962.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni sem leigubifreið til mannflutninga frá því fyrir 10. október 1962, skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram.

4. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalvinnu og sæki um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Fylki.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b.-lið 13. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Keflavík, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

6. gr.

Í Keflavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðvar setur í samráði við stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

7. gr.

Bifreiðastjóra, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Keflavík, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir verða nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis en hinn af samgöngumálaráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnunum og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi, og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur sem bifreiðastjóri til mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur á félagssvæði Fylkis.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, skulu hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu 2 ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfishifreiða til mannflutninga telst við ákvörðun starfsaldurs jafngilda akstri smærri bifreiða, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Keflavík, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Keflavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðastjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Skal leyfið vera í vörzlu bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda bifreiða-

stöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Skal síðan sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Fylki flutninginn innan 4 daga.

Þegar leyfishafi flytur milli stöðva, skal stöðvarstjóri sá, sem leyfishafi flytur frá, afhenda atvinnuleyfi hans stöðvarstjóra þeim, sem leyfishafi flytur til eða Bifreiðastjórafélaginu Fylki.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á annarri bifreiðastöð.

9. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta af hendi atvinnuleyfi sitt á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda æski leyfishafi þess.

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar.

Stöðvarstjórinn skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

10. gr.

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftast, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda úthlutunarmönnum atvinnuleyfi leyfishafa, og leggja málið fyrir þá. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telja úthlutunarmenn ástæðu til þess að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörzlum þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar varir.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til þess að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgöngu-málaráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða úti-lokun í 6 mánuði eða lengri tíma eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

11. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráð-stafa úthlutunarmenn atvinnuleyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis atvinnuleyfum, sem losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis án undir-skriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðar-bréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

12. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

13. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum að fenginni undanþágu samkvæmt 14. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi með vottorði læknis.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Fylkis, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalyðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Fylkir á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í Bifreiðastjórafélaginu Fylki.

14. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. gr., skal hann sækja skriflega um það til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

15. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa þá afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðastjóra og bifreiðareigenda.

16. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvar-

leg eða ítrekuð brot er að ræða. Slikum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slikum brotum að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðir í kaupstöðum og kauptúnum nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða kostnað við nýbyggingu sýsluvega og þær umbætur á þeim, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því sem sýslufundur ákveður árlega.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. *Kolbeinsstaðahreppur:*

1. Flesjustaðavegur, af Stykkishólmsvegi vestan Brúarhrauns að Flesjustöðum.
2. Krossholtsvegur, af Hitarnesvegi að Krossholti.
3. Snorrastaðavegur, af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
4. Hraunsmúlavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Kaldár um Kaldárbakka að Hraunsmúla.
5. Haukatunguvegur, af Hnappadalssvegi hjá Kolbeinsstöðum að Haukatungubæjum.
6. Kolbeinsstaðavegur, af Hnappadalssvegi að Kolbeinsstöðum.
7. Mýrdalsvegur, af Hnappadalssvegi norðan Fjósatjarnar að Mýrdal.
8. Heggssstaðavegur, af Hnappadalssvegi að Heggssstöðum.
9. Ölveskrossvegur, af Hnappadalssvegi að Ölveskrossi.
10. Stórhraunvegur, af Stykkishólmsvegi niður með Haffjarðará að sunnan að Stórahrauni.
11. Syðri-Rauðamelsvegur, af Hnappadalssvegi um Rauðhálsahraun að Syðri-Rauðamel.

II. *Eyjahreppur:*

12. Höfðavegur, af Veidihúsavegi að Höfða.
13. Ytri-Rauðamelsvegur, af Stykkishólmsvegi um Gerðuberg að Ytri-Rauðamel.
14. Þverárvegur, af Stykkishólmsvegi austan við Þverá að Þverá.

15. Söðulholtsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Núpár að Söðulholti.
16. Hrútsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi, niður með Hrútsholtsgili að Hrúts-holti.
17. Hausthúsavegur, af Stykkishólmsvegi rétt vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
18. Syðri-Skógarnesvegur, frá Hausthúsavegi hjá Hausthúsum að Syðra-Skógarnesi.
19. Hólslandsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hólslandi.

III. Miklaholtshreppur:

20. Laxárbakkavegur, af Skógarnesvegi hjá Litluþúfu að Laxárbakka (nýb.).
21. Svarfhólsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Laxár að Svarfhóli.
22. Miklholtsvegur, af Skógarnesvegi að Miklholti, Kirkjustaður.
23. Kleifárvallavegur, af Stykkishólmsvegi vestan við Gröf að Kleifárvöllum.
24. Borgarvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Kleifaár að Borg.
25. Miðhraunsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan við Fáskrúð um Lækjamót að Miðhrauni.
26. Hörgsholtsvegur, frá Miðhraunsvegi við Lækjamót að Hörgsholti.
27. Hjarðarfellsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hjarðarfelli.
28. Straumfjarðartunguvegur, af Ólafsvíkurvegi austan Straumfjarðarár að Straumfjarðartungu.
29. Borgarholtsvegur, af Stakkhamarsvegi að Borgarholti.
30. Hrisdalavegur, af Ólafsvíkurvegi vestan við Straumfjarðarár að Hrisdal.
31. Lágafellsvegur, af Ólafsvíkurvegi austan við Leirskál um Syðra-Lágafell að Ytra-Lágafelli.

IV. Staðarsveit:

32. Gaularvegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál að Gaul.
33. Álftavatnsvegur, af Ölkelduvegi að Álftavatni.
34. Staðarstaðarvegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Traðarvörðu að Staðarstað, prests.
35. Traðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Traðarvörðu að Tröðum.
36. Ytri-Tunguvegur, af Ólafsvíkurvegi að Ytri-Tungu.
37. Kirkjuhólsvegur (vitavegur) af Ólafsvíkurvegi um víta, Kirkjuhól í Fúlúvík.
38. Hagavegur frá Ólafsvíkurvegi hjá Hofgörðum að Haga.
39. Barðastaðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaa vestur með sjó, að Barðastöðum.
40. Bláfeldarvegur, af Ólafsvíkurvegi um Bláfeld, að Bláfeldarrétt.
41. Böðvarsholtsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Böðvarsholti.
42. Kálfárvallavegur, af Ólafsvíkurvegi að Kálfárvöllum.
43. Tjaldbúðarvegur, af Ólafsvíkurvegi austan Kálfár að Tjaldbúðum (Óskoti).

V. Breiðuvíkurbreppur:

44. Knararvegur, af Útnesvegi að Knerri.
45. Miðhúsavegur, af Útnesvegi vestan Knarartungu um Húsanes að Miðhúsum.
46. Litluhnausavegur, af Útnesvegi austan Hnausahrauns að Litluhnausum.
47. Arnarstapavegur, af Útnesvegi austan Stapagils niður í þorp að Amtm.-vegi.
48. Skjaldartraðarvegur, af Hellnavegi að Skjaldartröð.
49. Bárðarbúðarvegur, frá enda Hellnavegar um Laugabrekku, Gíslabæ og að Bárðarbúð.

50. Dagverðararvegur, af Útnesvegi að Dagverðará.
51. Malarrifsvegur, af Útnesvegi hjá Prestsvörðu að Malarriði.

VI. *Neshreppur:*

52. Hellissandsþorpsvegir, neðri vegur að Rífsvegi efri vegur að Hellissandsvegi ofan Stóruhellu.
53. Ingjaldshólsvegur, af Hellissandsvegi, að Ingjaldshóli.
54. Vaðstakksheiðarvegur, af Hellissandsvegi á Torfholti að Vaðstakksheiði.

VII. *Ólafsvíkurhreppur:*

55. Ólafsvíkurvegur, austan frá Þjóðv. um þorpið vestur að Gvendarklifi.
56. Ólafsvíkurhringvegur frá Ólafsvíkurklifi, yfir holt og niður sunnan við Ólafsvíkurgil.

VIII. *Fróðárhreppur:*

57. Fögruhlíðarvegur, af Fróðárhreppsvegi við Holtsárbrú að Fögruhlíð.
58. Brimilsvallaréttarvegur, af Fróðárhreppsvegi að Brimilsvallarétt.
59. Brimilsvallavegur, af Fróðárhreppsvegi að Brimilsvöllum.

IX. *Eyrarsveit:*

60. Lárvegur, af Kviabryggjuvegi að Lárvík.
61. Kirkjufellsvegur, af Eyrarsveitarvegi sunnan Reyðhólsholts að Kirkjufelli.
62. Hálsvegur af kirkjufellsvegi að Hálsi.
63. Grafarnesþorpsvegir.
64. Grundarréttar- og Grundarvegur, af Eyrarsveitarvegi um Grund að Grundarétt.
65. Þórdísarstaðavegur, af Framsveitarvegi að Þórdísarstöðum.
66. Akurtraðarvegur, af Framsveitarvegi að Akurtröð.
67. Vatnabúðavegur, af Framsveitarvegi um Móakot að Vatnabúðum.
68. Skallabúðavegur, af Framsveitarvegi að Skallabúðum.
69. Garðsendavegur, af Framsveitarvegi um Naust, Nýjubúð að Garðsenda.
70. Vindásvegur, af Eyrarsveitarvegi að Vindási.

X. *Stykkishólmshreppur:*

71. Stykkishólmskaupþúnsvegir.
72. Ögurvegur, frá Stykkishólmsvegi í Nesvogshotni um Ögur í Jónsnes.

XI. *Helgafellssveit:*

73. Hraunhálsvegur, af Helgafellssveitarvegi að Hraunhálsi.
74. Staðarbakkavegur, af Helgafellssveitarvegi að Staðarbakka.
75. Grishólsvegur, af Stykkishólmsvegi að Grishóli.
76. Helgafellsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Helgavatns að Helgafelli.
77. Arnarstaðavegur, af Stykkishólmsvegi, sunnan Arnarstaðavogs að Arnarstöðum.
78. Hofstaðavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Helgafellsvegar að Hofstöðum.
79. Sauraskógsvegur, skógræktarvegur, af Stykkishólmsvegi.
80. Hólavegur, af Skógarstrandarvegi að Hólum.
81. Hrisakotsvegur, af Skógarstrandarvegi að Hrisakoti.
82. Kársstaðavegur, af Skógarstrandarvegi í Álftafjarðarbotni að Kársstöðum.

XII. *Skógarstrandarhreppur:*

83. Hólmlátursvegur, af Skógarstrandarvegi að Hólmlátri.
84. Borgarvegur, af Skógarstrandarvegi um flugvöll að Borgum.

85. Innra-Leitisvegur, af Skógarstrandarvegi að Innra-Leiti.
86. Bilduhólsvegur, af Skógarstrandarvegi að Bilduhól.
87. Vörðufellsvegur, af Skógarstrandarvegi að Vörðufelli.
88. Keisbakkavegur, af Skógarstrandarvegi að Keisbakka.
89. Valshamarsvegur af Skógarstrandarvegi að Valshamri.
90. Breiðabólstaðarvegur, af Skógarstrandarvegi að Breiðabólstað.
91. Ósvegur, af Skógarstrandarvegi að Ósi.
92. Klungurbrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Klungurbrekku.
93. Haukabrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Haukabrekku.
94. Ytri-Leitisvegur, af Skógarstrandarvegi að Ytra-Leiti.
95. Stóralangadalsvegur, af Ytri-Leitisvegi að Stóralangadal.
96. Narfeyrarvegur, af Skógarstrandarvegi að Narfeyri.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki þar sem sýsluvegur liggur í gegnum tún jarðar eða býlis.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar, en af eiganda hvernjar lóðar og húseignar í kaupúnum.

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs, samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkvæmt gildandi lögum. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundu og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipan þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskatt sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn að lögum. Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

5. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafn miklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, er lög heimila.

6. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðast við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark

hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, allt að $\frac{1}{4}$ hluta. Gjöld öll til sýsluvegasjóðs má taka lögtaki.

7. gr.

Vilji hreppsnefnd taka lán til þess að hraða byggingu sýsluvega, er sýslunni heimilt að veita sýsluábyrgð fyrir slíku láni, enda verði lánsfjárhæð ekki hærrí en það, sem ætla má, að hlutaðeigandi hreppur fái úr sýsluvegasjóði á næstu 8 árum, að viðbættu framlagi hreppsins sbr. 6. gr. Hálfir vextir af slíku láni greiðast úr sýsluvegasjóði, en hinn helmingurinn úr hreppasjóði. Meðan lánið stendur ógreitt er sýslumanni heimilt að verja öllu því fé, sem hreppurinn kann að fá úr sýsluvegasjóði til greiðslu lánsins og vaxta þess.

Áður en sýsluábyrgð er veitt, leitar sýslumaður umsagnar fjárhagsnefndar sýslunnar og sýslunefndarfulltrúa hlutaðeigandi hrepps.

8. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Af fasteignum á eyjum og jarðnaði þar greiðist hálfur skattur.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum ásamt áætluninni skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

10. gr.

Sýsluvegasjóður skal fá framlög úr ríkissjóði, svo sem fyrir er mælt í gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

11. gr.

Hreppsnefndir ásamt sýslufulltrúa hvers hrepps annast framkvæmdir allar varðandi sýsluvegi undir yfirstjórn sýslunefndaroddvita og vegamálastjóra. Hreppsnefndir skulu annast greiðslur allar, sem af nefndum framkvæmdum leiða og gera sýslunefndaroddvita reikningsskil fyrir 1. marz ár hvert.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að kr. 500.00, er renna í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 135 2. október 1961.

Stafliðir A., B., C. og D. 1—3 í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á 380 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 105 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 580 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 18 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetragjaldið með 3·5.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjaldið skv. 1. og 2. tölu-lið við kilovoltamperstundir í stað kilowattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli á 82 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 70 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwh-mæli á 200 aura hverja kwh.
2. Um mæli þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw.
Aflgjald skv. kwh-mæli á kr. 800 hvert árskw.
Auk þess skal greitt orkugjald skv. kwh-mæli á 30 aura hver kwh.
Minnsta aflgjald er kr. 4000.00 á ári.
Verði raunstuðullinn lægri en 0,8, er heimilt að miða aflgjaldið við 80% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkun.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 32 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
3. Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn frá kl. 9 til kl. 21. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er yfir 2000 m³ að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímabilinu frá kl. 12.30 til kl. 15.30.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Kleppjárnsreykjahverfis í Reykholtisdalshreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Kleppjárnsreykjahverfis.

Heimili þess og varnarþing er í Reykholtisdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum, íbúðarhúsum og stofnunum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur býlanna Bergs, Bjarkar, Dalbæjar, Skrúðs, Sólbyrgis, Samtúns og Snældubeinsstaða, enn fremur Kleppjárnsreykjaskóli, ásamt íbúðum kennara og starfsfólks, læknisbústaður og þvottahús Reykholtisdalshrepps.

Hver stofnandi greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald nema Kleppjárnsreykjaskóli, sem greiðir sautján þúsund krónur, og eigandi Snældubeinsstaða, sem greiðir eitt þúsund krónur. Miðað er við, að garðyrkjustöðvar á félagssvæðinu noti vatnið ekki nema að litlu leyti til vökvunar, nema með samþykki félagsstjórnar.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskattur greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákveðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrjú félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn löglegur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum.

Störf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Kleppjárnsreykjahverfis í Reykholtisdalshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum.

„Fundarmenn“ tekur í fundarsköpum þessum til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

2. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar að afstöðum bæjarstjórnarkosningum, kýs bæjarstjórn forseta og varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa. Gildir kjör þeirra þar til næsta kjör forseta hefur farið fram, en það skal jafnan framkvæma á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert.

Aldursforseti bæjarstjórnar gegnir forsetastörfum á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar, unz kjör forseta hefur farið fram.

Sá er rétt kjörinn forseti eða varaforseti, sem fengið hefur atkvæði meira en

helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, er flest fengu atkvæði. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hvora tvo skuli kjósa.

Verður sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

3. gr.

Bæjarstjórn kys sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr sínum hóp á fundi, sem forsetakosning fer fram. Skrifara skal kjósa hlufallskosningu.

4. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um að allt fari reglulega og skipulega fram, og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýða úrskurði hans um allt, er varðar fundarskóp. En skjóta má úrskurði hans undir atkvæði bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðslur fara fram og þegar kjósa skal nefndir eða menn til annarra starfa. Bæjarstjórn ræður og sérstakan fundarskrifara utan bæjarstjórnar, sem halda skal gerðabók undir eftirliti skrifara bæjarstjórnar. Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skal forseti undirrita hana og aðrir viðstaddir bæjarfulltrúar.

Fundarmenn eiga heimtingu á því, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók, ef þeim þykir eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt, svo og stuttlega um ágreiningsatkvæði sín.

6. gr.

Nefndir til þess að starfa að einstökum málum, hvort sem þær eru fastanefndir eða lausanefndir, skal bæjarstjórn kjósa hlutbundnum kosningum, eftir aðferð þeirri, sem kennd er við de Hondt. Sérhver bæjarfulltrúi er skyldur að taka sæti í hverri nefnd, sem hann er löglega kosinn í. Sá sem fyrstur er kosinn á lista kallar nefndina saman fyrsta sinni og lætur kjósa formann. Þó skal bæjarstjóri ætíð sjálfkjörinn formaður, sé hann kosinn í nefnd. En hann lætur því næst kjósa skrifara.

Um leið og nefnd lýkur störfum getur hún, eða ef hún er klofin, hvor hluti hennar kosið sér framsögumann.

Kjör nefnda skal fara fram á sama fundi bæjarstjórnar, sem kjör forseta og starfstími nefnda vera hinn sami, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum.

Skrá yfir nefndir skal vera til sýnis í fundarsal bæjarstjórnar.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn annan hvern þriðjudag kl. 17, ef mál eru fyrir hendi. Stundur fundur svo lengi, sem þörf gerist, þó eigi lengur en til miðnættis. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal hann haldinn einhvern næstu virku daga svo fljótt sem við verður komið.

Aukafundi skal halda þá er bæjarstjóri, eða forseti telja nauðsyn bera til eða ef minnst þrír bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda. Hvert það bæjarmál, er nefnd eða bæjarfulltrúi krefst, að tekið sé á dagskrá, er skylt að taka á hana. Skulu öll erindi,

er taka skal á dagskrá á reglulegum fundi, vera komin í hendur bæjarstjóra eigi síðar en kl. 12 daginn fyrir fund.

Þann sama dag skal bæjarstjóri senda bæjarfulltrúum fundarboð, þar sem tiltekin séu mál þau, sem koma skulu til umræðu. Önnur mál en þau, sem á dagskrá standa, mega ekki koma til umræðu á fundum bæjarstjórnar, nema þau séu fram borin af bæjarstjóra og brýn nauðsyn beri til.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal fest upp á tveim stöðum í bænum eigi síðar en kl. 12 daginn, sem fundur er haldinn. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá tilgreinir, nema meiri hluti bæjarfulltrúa eða forseti óski röð breytt.

9. gr.

Bæjarstjóri á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á fundum bæjarstjórnar og má taka þar til máls svo oft, sem hann vill, en gæta skal hann fundarskapa. Ekki á bæjarstjóri atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál með einni umræðu, nema hún ákveði annað um einstök mál. Þó skal jafnan hafa tvær umræður um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarfélagsins.
- b. Ársreikninga bæjarfélagsins og fyrirtækja þess.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
- d. Lántöku til lengri tíma en svo að þær greiðist upp á fjárhagsárinu.
- e. Beiðni um aðstoð skv. 63. gr. 1. 58/1961.

Þá er ákveðnar hafa verið 2 umræður, skal endanleg afgreiðsla málsins fara fram að lokinni síðari umræðu.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar skal hver liður tekna- og gjaldamegin afgreiddur sér í lagi og síðan fjárhagsáætlunin í heild. Á milli fyrri og síðari umræðu máls skal liða minnst 1 vika, þó skal heimilt að víkja frá þessu ákvæði í einstökum tilfellum varðandi d-lið þessarar greinar.

11. gr.

Sérhver fundarmaður getur borið fram tillögur um hvert það mál, sem til umræðu eru. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar og afhentar forseta áður en umræðum um viðkomandi dagskrárlið lýkur.

Skal forseti gefa fundarmönnum nokkurt ráðrúm til samningu þeirra. Forseti sker úr um hversu haga skuli atkvæðagreiðslu um framkomnar tillögur.

12. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Ef áheyrendur eru ekki kyrrir og hljóðir eða trufla fund með nokkrum hætti, þá getur forseti vísað þeim út, og ef þörf gerist, látið ryðja áheyrendasalinn. Þó má ræða mál fyrir luktum dyrum, ef það varðar einkahagi manna. Svo getur fundarmaður annars krafizt þess, að mál verði rætt fyrir luktum dyrum, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust með meiri hluta atkvæða, hvort mál skuli rætt opinberlega eða fyrir luktum dyrum. Enginn má skýra frá umræðum í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

13. gr.

Ekki getur bæjarstjórn gert ályktun um mál, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jafnmörg með tillögu og móti, telst hún falla, nema kosning sé, þá ræður hlutkesti.

Um kosningu bæjarstjóra og í stöður þær, sem bæjarstjórn veitir, fer sem kosningu forseta bæjarstjórnar. Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða

fella, með því að vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, eða með því að fresta því.

14. gr.

Fundarmaður, sem vill taka til máls, skal snúa sér til forseta. Leyfir hann mönnum venjulega að taka til máls í þeirri röð, er þeir hafa kvatt sér hljóðs. Þó má hann breyta út af því um bæjarstjóra og framsögumann, svo og til þess, að ræður skiptist jafnt með og móti málefnum, eða til þess, að bæjarfulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er varðar sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, þá ræður forseti í hvaða röð þeir tala.

15. gr.

Flutningsmaður máls, eða framsögumaður mega tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Þó má maður oftara taka til máls til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd við atkvæðagreiðslur eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína.

16. gr.

Ræðumaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins.

Eigi má hann lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

Skýlt er fundarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er gæzlu góðrar reglu varðar. Ef fundarmaður ber aðra menn brígslyrðum, eða víkur verulega frá umtals-efninu, þá skal forseti víta hann fyrir það og nefna þau ummæli, er hann vitti. Nú er fundarmaður vittur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti með samþykki fundarins svipta fundarmann málfrelsi á þeim sama fundi. Ef fundarmaður óhlýðnast úrskurði forseta, eða ef almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir, eða slíta fundi alveg, ef honum þykir nauðsyn til bera.

17. gr.

Ef ræður dragast úr hófi fram, getur fundarmaður stungið upp á því að þeim sé hætt, og sker fundur þegar í stað úr því umræðulaust. Skal þá jafnan ákveða, hvort þeim skuli leyft að tala, er kvatt höfðu sér hljóðs áður en tillaga um að slíta umræðum kom fram.

18. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúarnir rétta upp hægri hönd sína. Nafnakall skal þó hafa, ef 3 fulltrúar hið fæsta krefjast þess og ef forseta virðist ekki glöggst mega ráða af atkvæðagreiðslu um málsúrslit. Við nafnakall greiða fulltrúarnir atkvæði eftir prentaðri skrá, þar sem nöfn þeirra eru í stafrófsröð, og skal hlutkesti ráða, á hverjum skuli byrja, þó greiði forseti atkvæði síðastur. Bæjarfulltrúa er skýlt að greiða atkvæði við nafnakall, nema hann leiði rök að undanfærslu sinni, er forseti tekur gild, enda er bæjarfulltrúa heimilt að skjóta úrskurði forseta til fundarins, sem sker þá umræðulaust úr því máli.

19. gr.

Bregða má af fundarsköpum þessum eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, ef bæjarstjóri samþykkir, enda samþykki að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

20. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim bæjarstjórnarfundum, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 33 14. júní 1929 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin fundarsköp fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem staðfest voru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 19. janúar 1931.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1963.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

fyrir Samvinnubanka Íslands hf.

I. KAFLI

Stofnun bankans og skipulag.

1. gr.

Samvinnubanki Íslands hf. er stofnaður fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1962, um Samvinnubanka Íslands hf. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og kemur í hvívetna í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins samþykkt eignayfirfærsluna á fundi sínum hinn 11. apríl 1962.

Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans ákveðið 10 201 000.00 króna.

2. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

II. KAFLI

Störf bankans.

3. gr.

Samvinnubankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11/1961. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma óbundin inneign í Seðlabankanum.

A. Um ávöxtun fjár.

4. gr.

Samvinnubankinn tekur fé til ávöxtunar svo sem hér segir:

- a. í hlaupareikningi,
- b. í innlánsbók,
- c. gegn viðtökuskirteini.

5. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við bankann, skal semja um það við bankastjóra hans. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda bankanum sýnishorn af undirskrift sinni.

6. gr.

Viðskiptamaður fær lausa kvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvírtaða, ef óskað er.

7. gr.

Viðskiptamaður, er fé vill taka út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði gefa út tékkávisun á bankann á eyðublöð, er bankinn sjálfur hefur til sölu. Gerð eyðublaða ákveður bankaráð, að fengnum tillögum bankastjóra. Tékkinn skal undirskriftaður af viðskiptamanni sjálfum, af prókúrista hans eða öðrum, er hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísar á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent bankanum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsuð ávísun sé greidd af bankanum, ber sá skaðann, sem á féð, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans.

Viðskiptamenn geta og fengið fé, er þeir eiga á hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegum fyrirætlum, eða eftir símskeyti, enda sé þá undirskrift réttis hlutaðeiganda undir símskeytið staðfest á venjulegan hátt, eða á annan hátt þannig frá gengið, að útborgunin sé áhættalaus fyrir bankann.

8. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé, en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við bankastjóra.

9. gr.

Í tékkávisun, sem gefin er út á innstæðu á hlaupareikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísanaupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

10. gr.

Bankastjóri ákveður, hvort taka skuli við ákveðnu fé á hlaupareikning og hvort greiða skuli vexti af því fé, sem tekið er við. Sé um miklar fjárhæðir eða annars óvenjulega ráðstöfun að ræða, skal slíkt borið undir bankaráð til samþykkis eða sýnunar.

11. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annarra manna.

12. gr.

Bankinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 10 kr. í senn. Þó er bankinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórinn telur það óhagkvæmt fyrir bankann.

13. gr.

Þegar innstæðan nemur minnst 10 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi, eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aorum.

Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn minnst einu sinni á ári. Af upphæðum, er nema 10 000 krónum og þar yfir, er bankinn eigi skyldur til að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í bankanum.

14. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar bankastjóri telur það fært. Heimta má, að upphæðum frá 10 000—30 000 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að borga meira en 50 000 kr. á hverjum mánuði úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Deim, sem í fyrsta sinn leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir kostnaðarverð fyrir. Bankastjóri ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrirfram, eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr bankanum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera.

Heimilt er að starfrækja sérstaka deild við bankann, þar sem taka má við innlögum og ávisa á innstæðuna, án þess að viðskiptabók sé sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiptabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiptabækur við þá deild skulu greinilega bera með sér að gefa megi út ávisanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókarari og gjaldkeri í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Heimilt er bankanum að hverfa frá notkun viðskiptabóka, þegar um ávísana-reikning er að ræða, telji hann aðra aðferð heppilegri.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. Um falsaðar ávisanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 7. greinar.

Vexti skal færa í viðskiptabækur, þegar þær í fyrsta skipti eftir að vextir hafa verið lagðir við höfuðstól, eru sýndar í bankanum. Bankastjóri löggildir viðskiptabækurnar, eða þeir starfsmenn bankans, sem bankaráð gefur umboð til þess.

16. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til bankastjóra eða fulltrúa hans, er annist um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 19. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 11/1961, sbr. 11. gr. laga 46/1962, um Samvinnubanka Íslands hf. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

17. gr.

Bankastjóra er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með þriggja mánaða fyrirvara. Skal annað hvort rita uppsögnina í innlánsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í Lögbirtingablaðinu, og að minnsta kosti í 2 öðrum blöðum.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því fé, sem sagt er upp.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt sem segir í 16. gr., skorað á eiganda að vitja fjárins. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtum rennur í bankann.

19. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eignir annarra í bankanum, nema skylt sé að lögum.

20. gr.

Sá, sem tekið hefur allt út úr viðskiptabók, skal skila henni í bankann. Sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

B. *Um útlán.*

21. gr.

Útlánastarfsemi Samvinnubankans og öðrum störfum hans skal hagað svo, að sem bezt samrýmist því hlutverki hans að styðja samvinnurekstur landsmanna.

22. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja víxla, tékka, ávisanir og verðbréf.

23. gr.

Bankinn veitir auk þess, sem um ræðir í 22. gr., lán í því formi og gegn þeim tryggingum, er nú skal greina.

- a. reikningslán og útlán úr hlaupareikningi;
- b. sjálfskuldarábyrgðarlán;
- c. lán gegn fasteignaveði;
- d. lán gegn handveði;
- e. lán gegn ábyrgð ríkis-, sýslu- eða sveitarfélaga.

24. gr.

Um reikningslán skal gerður sérstakur lánsamningur og undirritaður af bankastjóra og lántaka. Skal í honum greint hámark lánsins, uppsagnarfrestur af skuld og innstæðu. Reikningslán skal að jafnaði einungis veitt gegn fasteignaveði eða handveði í vel tryggðum verðbréfum, en heimilt er þó að taka aðrar tryggingar, ef sérstök ástæða þykir til.

Veð fyrir lánnum eða önnur trygging skal vera fulltryggilegt og lánið veitt með því skilyrði, að annað hvort sé hægt að heimta viðbótarveð eða frekari tryggingu, ef veðið rýrnar, eða afborgun af láninu, þótt gjalddagi sé eigi kominn.

Um innborganir og útborganir gilda sömu reglur og um hlaupareikninga.

Útlán úr hlaupareikningum skulu að jafnaði veitt til skamms tíma í senn og tryggð með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveði, sem fulltryggt getur talizt.

25. gr.

Bankinn veitir lán gegn sjálfskuldarábyrgð, er bankastjóri álitur fullnægjandi. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð veitast eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Heimilt er bankastjóra að framlengja slík lán, telji hann það áhættulaust fyrir bankann. Samanlagður lánstími má þó að jafnaði eigi vera lengri en 10 ár.

26. gr.

Lán gegn fasteignaveði má bankinn veita gegn sérhverjum veðrétti í fasteign, er bankastjóri telur fullnægjandi tryggingu fyrir láninu.

Ef líkur eru til, að verðbreyting hafi orðið á fasteign, eða verðmæti fasteignar er torkannað, má láta sérstakt mat fara fram.

Skal það framkvæmt annað hvort af dómkvöddum mönnum, eða af mönnum, sem bankastjóri tilnefnir sjálfur. Að öðru leyti skal lánbeiðandi útvega sérhver þau skilríki, sem bankastjóri krefst og málið varða.

Lán gegn fasteignaveði skulu að jafnaði eigi veitt til lengri tíma en 10 ára.

27. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi, vel tryggðum verðbréfum og öðrum þeim munum, sem bankastjóri tekur gilda og sér bankanum fært að geyma.

Enn fremur má veita lán gegn tryggingu í váttryggðum verzlunarvörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskírteini eða geymsluskírteini, sem bankanum er afhent eða framselt.

28. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði eða gögn eru fyrir hendi:

- a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökunnar.
- b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánsbeiðninni.
- c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, sem annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir aðilar.
- d. Endurrit úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé endurrit staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
- e. Ábyrgðaryfirlýsing hreppsnefndar, sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

29. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.

C. Ábyrgðir.

30. gr.

Bankinn getur tekizt á hendur ábyrgðir gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða.

D. Innheimtur.

31. gr.

Bankinn má annast alls konar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda kröfuhafa. Hann annast að öðru leyti hvers konar bankastörf.

III. KAFLI

Reikningur og endurskoðun.

32. gr.

Ársreikningi bankans, sem miðast við almanaksárið, skal lokið fyrir febrúar-mánaðarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Reikningsyfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði. Reikningurinn skal vera svo sundurliðaður, að hann sýni glögga mynd af hag bankans.

33. gr.

Aðalfundur í hlutafélaginu kys með hlutfallskosningu tvo bókhaldsfróða endurskoðendur til eins árs í senn, en viðskiptamálaráðherra tilnefnir hinn þriðja, einnig til eins árs í senn, að loknum aðalfundi. Skulu þeir rannsaka reikninga bankans og bera saman við bækurnar og við sjóð bankans og eignir. Sjálfar bækurnar og færslur

á þeim skulu þeir einnig rannsaka, svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankastjóra og bankaráði á það og gera tillögur um endurbætur.

34. gr.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti ársfjórðungslega fyrirvaralaust sannreyna, hvort eignir bankans séu fyrir hendi. Auk þess skulu þeir á sama hátt á óákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni í mánuði, rannsaka hjá þeim starfsmönnum bankans, sem hafa fé undir höndum, hvort það fé er í sjóði hjá þeim, sem á að vera í þeirra vörslum.

Enn fremur skal samskonar rannsókn fara fram á útibúum bankans, sem stofnuð kunna að verða, fyrirvaralaust að minnsta kosti einu sinni á ári.

35. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum bankans skulu þannig gerðar, að glögg sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

36. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal framkvæma hina daglegu endurskoðun allra deilda bankans, og skulu reglur um endurskoðunardeild settar af bankaráði.

37. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi Samvinnubankans. Rétt er, að bankaráð setji endurskoðendum erindisbréf.

IV. KAFLI

Stjórn bankans.

38. gr.

Stjórn bankans annast bankaráð og bankastjóri, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 46/1962, um Samvinnubanka Íslands hf. og reglugerð þessari, og hluthafafundur ráða til lykta málefnum félagsins, eftir því, sem segir í samþykktum þess. Samvinnubankinn á stjórnarfarslega undir viðskiptamálaráðherra.

39. gr.

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn, aðalmenn eða varamenn þeirra, að sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðru vísi sé mælt fyrir í samþykktum eða öðrum lögmaetum fyrir-mælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það, sem gerist á fundum bankaráðsins, skal bókað í sérstaka gerðarbók. Hver sá, sem rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit.

Bankastjóra er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðsins og taka þátt í um-ræðum, nema rætt sé um mál, er snertir hann sjálfan.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, hve mikið af fé hans sé bundið í hverri atvinnugrein, um verð-bréfaeign hans, um innlánsfé í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrir-

varalaust, og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans, en hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt honum.

40. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Samvinnubankans, nema þar, sem öðru vísi er ákveðið í lögum, reglugerð eða samþykktum. Því ber þess vegna:

- a. Að koma fram fyrir hönd Samvinnubankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, sem og að úrskurða um öll mál, er bankann varða, heyrir þau ekki undir úrskurð aðalfundar.
- b. Að hafa umsjón og eftirlit með eigum bankans og starfsemi hans, þar á meðal því, að fé bankans, skjöl og bækur sé tryggilega geymt, að húsum sé vel við haldið og að vel sé farið með alla innanstokksmuni og vélar og eignir bankans yfirleitt.
- c. Að ákveða verkaskiptingu milli bankastjóra Samvinnubankans, ef því er að skipta, og setja þeim erindisbréf.
- d. Að ráða stjórnendur útibúa bankans og veita þeim lausn, að fengnum tillögum bankastjóra.
- e. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans og veita þeim lausn, svo og að ákveða, hversu hátt veð aðalgjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
- f. Að ákveða tölu starfsmanna bankans og setja reglur um laun þeirra.
- g. Að ákveða með samþykki hankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú og hve mikið fé skuli fengið hverju útibúi til umráða.
- h. Að ákveða ásamt bankastjóra forvexti, innlánsvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, sem bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
- i. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf á skuldum, ef slíkt reynist óhjákvæmilegt.
- j. Að setja reglur að fengnum tillögum bankastjóra um, hverjir starfsmenn bankans skulu ásamt honum geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni, svo og að ákveða, að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni í tilteknum málum.
- k. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru lögð til hlutahafafundar eða banka- stjóra og þeim málum, sem hlutahafafundur eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

41. gr.

Bankastjóri Samvinnubankans hefur með höndum hina daglegu stjórn málefna bankans. Hann ræður starfsmenn bankans aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hann segir þeim fyrir hverjum um sig um skyldur þær, sem á þeim hvíla, og störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

42. gr.

Bankastjóri ráðstafar fé bankans í samræmi við fyrirmæli bankaráðs og stendur fyrir rekstri hans, annast vörzlu á eignum bankans og sér um bókfærslu hans og reikningshald. Honum ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerð og samþykktum bankans.

43. gr.

Allir starfsmenn bankans skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir skuli ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans né segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er fengið hafa umboð bankastjóra Samvinnubankans til slíkra undirskrifta.

Aðalgjaldkeri ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störfun, ef eigi er séð fyrir því, að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum hans.

45. gr.

Ekki má bankastjóri Samvinnubankans hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

46. gr.

Starfsmenn mega ekki án leyfis bankastjóra taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

47. gr.

Ekki má bankastjóri vera skuldskeyttur bankanum, hvorki skuldunautur né ábyrgðarmaður annarra.

48. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

49. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

50. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

51. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunar.

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1962, um Samvinnubanka Íslands hf., og stofnfundur í bankanum hefur hinn 17. nóvember 1962 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Samvinnubanka Íslands hf.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

SAMPYKKT

fyrir Samvinnubanka Íslands hf.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimilisfang og hlutverk.

1. gr.

Félagið heitir Samvinnubanki Íslands hf. og er það nefnt Samvinnubankinn í samþykktum þessum.

Félagið er stofnað fyrir frumkvæði ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1962, um Samvinnubanka Íslands hf. Tekur félagið við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og kemur að öllu leyti í hans stað, enda hafa ábyrgðarmenn sparisjóðsins á fundi sínum 11. apríl 1962 samþykkt eignayfirfærsluna.

2. gr.

Heimili Samvinnubankans, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalskrifstofunnar (aðalbankans) getur stjórn félagsins, er nefnist bankaráð í samþykktum þessum, ákveðið að setja á stofn afgreiðslustofur í Reykjavík, svo og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

II. KAFLI

Um hlutafé Samvinnubankans.

4. gr.

Hlutafé Samvinnubankans er kr. 10 201 000.00. Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 34. gr. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka að tiltölu við hlutafjäreign sína í félaginu innan tímamarka, sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta hluthafar ekki forkaupsréttar síns, og eru hlutabréfin þá boðin til kaups á opinberu útboði eða á annan hátt, eftir nánari fyrirmælum hluthafafundar.

Innborgað hlutafé er kr. 5 217 500.00.

Hlutaféð er allt jafnrétt hátt.

5. gr.

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Hlutabréfin eru að nafnverði kr. 1000.00, kr. 5000.00 og kr. 25 000.00.

Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins, sbr. 2. gr. laga um Samvinnubanka Íslands hf., nr. 46/1962.

Samband ísl. samvinnufélaga og samvinnufélög innan vébanda þess hafa lagt fram sem hlutafé kr. 10 millj. kr. og ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins kr. 201 þús.

Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi.

Réttur til arðs fellur niður, ef hans er ekki vitjað innan þriggja ára frá gjald-daga og rennur hann þá í varasjóð bankans.

Hlutabréf skulu númeruð í framhaldandi töluröð.

6. gr.

Halda skal skrá um hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess og númer.
3. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.
4. Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari aðilaskipti.

7. gr.

Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það bankaráði og tilgreina söluverð og söluskilmála og væntanlegan kaupanda, ef því er að skipta. *Félagið á forkaupsrétt að fölu hlutabréfi, að því marki, sem lög heimila, en að því frágengnu, hluthafar að rétttri tiltölu við hlutafjäreign, ef slíkri skiptingu verður við komið, en ella ræður félagsstjórn hvaða hluthafa selt er.*

8. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum skulu tilkynnt bankaráðinu, og taka þau eigi gildi gagnvart félaginu, fyrr en bankaráðið hefur staðfest aðiljaskiptin með áritun sinni á hlutabréfinu.

Nú verða eigendaskipti að hlutabréfi fyrir erfð og nægir þá að tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið í hluthafaskrá.

Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema samþykki bankaráðs komi til.

9. gr.

Samvinnubankinn má eigi veita lán gegn tryggingu í hlutabréfum sjálfs sín.

10. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráðið þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, er eigandi hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali.

Nú skemmist hlutabréf, stofn eða arðmiði, en orkar þó ekki tvímælis um tölu þess eða efni. Getur bankaráðið þá gefið út til aðilja á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

11. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldir Samvinnubankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI

Um starfsemi Samvinnubankans.

12. gr.

Bankinn rekur hvers konar bankastarfsemi, svo sem:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og á hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja vixla og aðrar ávisanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að geyma verðmæta muni gegn endurgjaldi.

13. gr.

Samvinnubankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11/1961. Hann skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma óbundin inneign í Seðlabankanum.

IV. KAFLI

Stjórn Samvinnubankans.

14. gr.

Með stjórn Samvinnubankans fara:

- A. Hluthafafundir.
- B. Bankaráð.
- C. Bankastjóri (bankastjórar).

A. Hluthafafundir.

15. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Samvinnubankans samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

16. gr.

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaðinu með 4 vikna fyrirvara hið skemmsta, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboð með viku fyrirvara hið skemmsta í útvarpi og dagblöðum og sé þar greint, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla til fundar, og skal afhending fara fram þrjá síðustu daga fyrir fundardag svo og á fundardegi eftir nánari ákvörðun bankaráðs.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafunda eða bankaráðs og skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari er þó nægur, ef bankaráð telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda fer þá um fundarboðun svo sem segir í næsta málslið á undan. Bankaráð boðar til fundar og undirbýr þá ásamt bankastjóra.

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundar, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem þar getur, svo og breytingartillögur við þau.

Nú óska hluthafar, að tiltekin tillaga sé tekin til meðferðar á hluthafafundi, og er þá skylt að gera það, ef tilmælin koma frá hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra, sem fara með eigi minna hlutafé en nemur 1 000 000.00 krónum, enda berist tilmælin bankaráði viku fyrir fundinn hið skemmsta. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því, sem föng eru á.

18. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi bankans fyrir s. l. starfsár.
2. Endurskoðaða reikninga bankans fyrir s. l. reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.

4. Kosning bankaráðs, sbr. 23. gr.
5. Kosning endurskoðenda, sbr. 31. gr.
6. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
7. Ákvörðun um greiðslu arðs, sbr. 33. gr.

19. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, sem fundarhald varðar.

Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt ritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa.

20. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverjum 1000 krónum í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir Seðlabankann, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim, er greinir í 31. gr. 2. málsg. a—f-liða hlutafélagalaganna nr. 77/1921.

21. gr.

Stofnfundur gengur frá reglugerð, sem viðskiptamálaráðherra staðfestir, um nánari stjórn bankans og starfrækslu hans. Breytingar á reglugerðinni má ekki gera, nema á aðalfundi, enda staðfesti ráðherra þær.

22. gr.

Hver hluthafi, sem hyggst neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða síns innan frests, sem tilgreindur er í fundarboði og á þeim stað, sem þar er tiltekinn, og gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum. Á aðgöngumiða skal greina, hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum hluthöfum umboð til þess að sækja fund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Heimildir til þess að sækja hluthafafund fyrir hönd einhvers hluthafa ber að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

B. Bankaráðið.

23. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert úr sínum hópi hlutbundinni kosningu 3 menn í bankaráð og jafnmarga til vara. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins, hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana né vera starfsmenn þeirra.

24. gr.

Bankaráð kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Formaður kveður bankaráðið til funda og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum.

Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf.

Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Eru þeir því aðeins lögmætir, að mættir séu 3 fulltrúar á fundi, aðalmenn og/eða varamenn þeirra. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Bankaráðið setur sér að öðru leyti fundarsköp.

25. gr.

Bankaráðið hefur æðstu forstöðu Samvinnubankans, nema þar, sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum.

Því ber þess vegna:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
2. Að koma fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum, gagnvart stjórnarvöldum og þriðja manni.
3. Að segja fyrir um og hafa eftirlit með starfrækslu bankans, þar á meðal ásamt bankastjóra að ákveða forvöxtu, innlánsvöxtu og útlánsvöxtu bankans að svo miklu leyti, sem slíkt er ekki lögbundið eða ákveðið af stjórn Seðlabankans, svo og að ákveða aðra þóknun, er bankinn tekur fyrir þjónustu sína.
4. Að ákveða með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú, hve útibúi hverju skuli fengið mikið fé til umráða, að ráða forstjóra útibúa, ákveða ráðningarkjör þeirra, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
5. Að hafa eftirlit með því, að endurskoðendur ræki störf sín sómasamlega.
6. Að ráða aðalbókara og aðalgjaldkera bankans, og setja þeim starfsreglur, svo og að veita þeim lausn frá starfanum og ákveða tryggingu þá, er gjaldkeri skuli setja, allt að fengnum tillögum og samþykki bankastjóra.
7. Að ákveða tölu starfsmanna Samvinnubankans og setja reglur um laun þeirra.
8. Að skera úr ágreiningi, er koma kynni upp milli bankastjóra og starfsmanna bankans.
9. Að taka ákvarðanir um eftirgjöf skulda, án gjaldþrotaskipta skuldunautanna, að fengnum tillögum bankastjóra.
10. Að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um það, hvort og hvernig aðrir starfsmenn bankans megi binda hann ásamt bankastjóra með undirskrift sinni, svo og að ákveða hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem hluthafafundur eða bankastjóri skjóta til bankaráðs.

26. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum bankans og skjölum.

27. gr.

Allt það, sem bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmannanna. Samvinnubankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt fyrir hans hönd.

C. Bankastjóri (bankastjórar).

28. gr.

Framkvæmdastjóri bankans, sem nefnist bankastjóri, hefur á hendi daglega stjórn Samvinnubankans, í samræmi við reglur þær, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu samkvæmt samþykktum þessum.

Bankastjóri má ekki hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskilt að gegna, nema með samþykki bankaráðsins, ekki reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækis.

Hann má ekki vera skuldskeyttur Samvinnubankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautur eða ábyrgðarmaður.

Bankastjóri ræður alla þá starfsmenn Samvinnubankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða samkvæmt samþykktum bankans, og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Nú ákveður bankaráðið, að fleiri en einn bankastjóri skuli vera við bankann, og tiltekur bankaráðið þá verkaskiptingu milli þeirra.

29. gr.

Bankaráðið, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Samvinnubankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi bankans og viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þágu bankans.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting tekjuafgangs og varasjóður.

30. gr.

Reikningsár Samvinnubankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarmánaðarlok, en yfirlit yfir hag bankans skal gera mánaðarlega. Yfirlit skal birta í Stjórnartíðindum eftir hverja 6 mánuði.

31. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs 2 endurskoðendur, til eins árs í senn, að viðhafðri hlutfallskosningu. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Samvinnubankans að öðru leyti. Má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þá tilnefnir viðskiptamálaráðherra einn endurskoðanda, að loknum aðalfundi ár hvert, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum. Fyrir marzmánaðarlok skulu þeir hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans, og ber þeim þá að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórinn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda, og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

32. gr.

Ársreikningurinn skal sýna skilmerkilega og ýtarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjarmunum.

Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráð ákveða, hvað lagt skuli til hliðar á afskriftareikning vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi, sbr. 18. gr. 2. tölulið.

33. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. $\frac{1}{3}$ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs, með þeim takmörkunum, sem hér segir:

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð, en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemur 10% af innlánsfénu. Nú er tekjuafgangi óráðstafað vegna framangreindra takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.

4. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs. Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

34. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi félagsins, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða hið minnsta. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en lagabreyting er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða hið minnsta, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VII. KAFLI

Um félagsslit.

35. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem lagabreytingar. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. 39. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög.

Framanrituð samþykkt, sem gerð var fyrir Samvinnubanka Íslands hf. á stofnfundi bankans hinn 17. nóvember 1962, stafestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Árneshreppi, Strandasýslu.**

Fasteignaskatt í Árneshreppi, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 14.

21. janúar.

AUGLÝSING**um skipulag í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.**

Eftir beiðni hreppsnefndar Djúpárhrepps í Rangárvallasýslu og tillögu Skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli framvegis taka til byggðarinnar í Þykkvabæ í Djúpárhreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 15.

23. janúar.

REGLUGERÐ**fyrir vatnsveitu Súðavíkurhrepps.**

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæð um þorpið, samkvæmt skipulagsupprætti, og annast lagningu æða þaðan að húsum í þorpinu.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur

honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Súðavíkur, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skyllt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tengingu á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsveitum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Hver sá, sem fær tengt við vatnsveitu Súðavíkur, skal greiða tengigjald kr. 500.00 og 2% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða.

Af öllum íbúðarhúsum í Súðavíkurkaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 400.00 á ári og 1.5% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Auk þess skal greiða kr. 400.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverju tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
2. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
3. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.
4. Af hverri bifreið í Súðavík kr. 100.00, enda sé rennandi vatn á þvottastæði fyrir bifreiðar, a. m. k. yfir sumarmánuðina.
5. Af hverri tunnu saltaðrar sildar kr. 1.00
6. Fyrir hverja frysta sildartunnu — 1.00
7. Fyrir hvern kjötskrokk — 0.50
8. Fyrir krana utanhúss og í peningshúsum — 50.00 árlega.
9. Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu — 0.50

12. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað þann tíma, sem mælirinn er í ófullkomnu lagi, eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.

Fyrir vatnsnot, svo sem í beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomu-lagi við hreppsnefnd.

13. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

14. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 15.00 fyrir hverja smálest, en minnst gjald skal þó vera kr. 35.00 fyrir fiskiskip og kr. 60.00 fyrir önnur skip.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Súðavíkur greiði vatns- veitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer á bryggjunni, að undanskildum fram- leiðslugjöldum af sjávarafurðum, sem um ræðir í 11. gr. þessarar reglugerðar.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Reikningar vatnsveitunnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim. Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Þó skal inn- heimta ársfjórðungslega vatnsskatt hjá framleiðslustöðvum. Vatnsskatt má taka lög- taki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatt- urinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% fyrir eitt ár í senn.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1963.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Dalvíkur.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar á Dalvík.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefnd til fjögurra ára.

Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjármál hennar og umsjón eigna, í samráði við hreppsnefnd.

Heimilt er vatnsveitunefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

3. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar, og má enginn leggja vatnsæðar annar en sá eða þeir, sem vatnsveitunefnd felur það starf. Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Dalvíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skýlt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá götulögnum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. — Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. — Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.

5. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni eða löggiltum vatnsvirkjum, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

Heimilt er vatnsveitunefnd eða umsjónarmanni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjöld eða vatnsskatt á réttum gjalddögum, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

6. gr.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, þó þarf ekki leyfi nefndarinnar, ef um brunavarnir er að ræða.

7. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tengingar eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíka lokun skal tilkynna

fyrirfram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að slík lokun fari fram.

8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

9. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 12.00 af þúsundi fasteignamatsverðs, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 250.00 og af íbúðarhúsi með 2 íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 125.00 á íbúð.

Tengigjald greiðir húseigandi um leið og hús hans hefur verið tengt við vatnsæð vatnsveitunnar að upphæð kr. 250.00.

10. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verkmiðju, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús o. s. frv., skal greiða aukavatnsskatt eftir vatnsmæli. Aukavatnsskatturinn skal vera kr. 0.25 hver smálest vatns.

Sé enginn vatnsmælir notaður og eigi heldur greiddur vatnsskattur samkvæmt 11. gr., er vatnsveitunefnd heimilt að innheimta af viðkomandi húsi allt að þreföldum vatnsskatti, samanber 9. gr.

11. gr.

Auk þess vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 15.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 35.00 í hvert sinn. Fyrir vatn til hafnar-sjóðs kr. 0.25 hver smálest, enda sjái hann um vatns-dreyfingu til skipa.
2. Af hverri tunnu fullverkaðrar sildar kr. 0.75
3. Af hverri tunnu af síld til frystingar — 0.75
4. Af hverju máli síldar til bræðslu — 0.50
5. Af hverju tonni innvegins fiskjar, slægðum með haus — 3.00
6. Fyrir hverja kind slátraðrar í sláturhúsi — 0.25
7. Fyrir hvern stórgrip slátraðan í sláturhúsi — 10.00
8. Fyrir hverja kind á vetur setta samkv. skýrslu forða-gæzlumanns — 1.00
9. Fyrir hvern stórgrip á vetur settan samkv. skýrslu forðagæzlumanns — 25.00
10. Fyrir vatn til bílþvotta, vörubílar kr. 75.00 árleg greiðsla.
11. — — — — fólksbífreiðar — 35.00 — —
12. — — — — jeppar — 35.00 — —
13. Heimilt skal hreppsnefnd að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Dalvík.

12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50%, eða einstaka liði.

13. gr.

Hver sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

Hver sá, sem sannur verður að sök, um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er gert fyrir í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmæt gjöld fyrir, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggji við samkv. hegningarlögunum. Auk þess greiði hann fyrir vatnið eftir mati umsjónarmanns eða vatnsveitunefndar.

14. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu kaupþúsins og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

15. gr.

Gjalddagi vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 30. júní ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Eigandi vatnsskattsskyldrar eignar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur, nr. 256 22. nóvember 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1963.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps.

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Miðneshrepps eiga 5 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni.

Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, nema hann sé jafnframt kjörinn hreppsnefndarmaður.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita, og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, sem og annarra starfsmanna (nefnda), sem hreppsnefnd kýs. Þá skal hreppsnefnd ráða sér fundarritara, og skal hann alla jafnan vera einn hreppsnefndarmanna. Starfstíma hans ákveður hreppsnefnd.

Oddviti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum þessum. Skylt er fundarmönnum að hlýta úrskurði hans, þó má skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapanna.

Varaoddviti gegnir störfum oddvita í forföllum hans.

Fundarritari heldur gerðarbók hreppsnefndar, undir umsjón oddvita, sem sér um, að hún sé rétt og skipulega færð. Þeir fundarmenn, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðina í fundarlok. Hver fundarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðarbókina.

3. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundi, á þeim stað og stund, er hann ákveður.

Fundir hreppsnefndar eru tvenns konar, reglulegir fundir og aukafundir. Reglulega fundi skal halda einu sinni í mánuði hverjum, hinn fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 20 síðd., og skulu þeir eigi standa lengur en til kl. 24, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra.

Farist reglulegur fundur vegna helgi umræddan dag, eða af öðrum ástæðum, skal hann haldinn einhvern næsta virkan dag þar á eftir.

Aukafundi skal halda svo oft sem sveitarstjóra þykir þörf vera á. Þá skal og jafnan boða til aukafunda, ef oddviti eða tveir hreppsnefndarmenn æskja þess.

Aukafundi skal eigi boða með minni fyrirvara en þrem klst.

4. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrá fundanna, í samráði við oddvita. Röð mála á henni getur hreppsnefnd breytt með ályktun sinni, svo og fellt mál af dagskránni. Einnig getur hún ákveðið með samþykki allra hreppsnefndarmanna, að mál, sem eigi er á dagskrá verði tekið á hana.

Sveitarstjóri má ekki taka neitt erindi á dagskrá reglulegs fundar, nema það sé komið til hans á hádegi næsta fimmtudag fyrir fund. Skal hann í síðasta lagi kl. 16 daginn eftir senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá, er greini erindi þau, sem fyrir fundinn eiga að koma.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega, og með þeim fyrirvara sem fyrr greinir.

Þegar lagðar eru fram gerðir fastra nefnda, er starfa á vegum hreppsins, skal útdráttur úr fundargerð þeirra fylgja dagskránni.

5. gr.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun hreppsins.
- b. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra, eða sýslunefndar.
- d. Beiðnir um aðstoð til handa hreppnum.

Rétt er við síðari umræðu fjárhagsáætlunarinnar, að hún sé rædd lið fyrir lið og greidd atkvæði um hana þannig, og síðan áætlunina í heild.

6. gr.

Fundir hreppsnefndar skulu haldnir í heyrandi hljóði, ef tveir hreppsnefndarmenn krefjast þess í tæka tíð. Dagskrá slíkra funda skal boðuð með uppfestum auglýsingum, með sama fyrirvara og gildir um dagskrártilkynningar til hreppsnefndarmanna.

Áheyrendur á slíkum fundum eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega ekki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun, um það sem á fundi gerist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út úr fundarsalnum, og ef þörf gerist látið ryðja salinn.

Sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður getur óskað þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker hreppsnefnd úr um það, með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Hvorki sveitarstjóri eða hreppsnefndarmenn mega skýra óviðkomandi aðilum frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, er rædd eru þannig fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann venjulega fundarmönnum að taka til máls í þeirri röð, er þeir æskja. Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess að fundarmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir hann sjálfan.

Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður oddviti í hverri röð fundarmaður skuli taka til máls.

8. gr.

Sveitarstjóri hefur á fundum óbundið málfrelsi, en gæta skal hann fundarskapa. Flutningsmaður máls má ekki tala oftari en þrisvar við hverja umræðu máls, og aðrir hreppsnefndarmenn ekki oftari en tvisvar. Þó er fundarmanni heimilt að biðja sér hljóðs, til að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu, eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur mál sitt.

9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við það mál, sem til umræðu er. Hann skal varast að meiða menn eða hafa ósæmileg orð, ef hann bregður út af þessu, skal oddviti víta það og nefna ummælin. Nú er fundarmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá oddviti með samþykki hreppsnefndarmanna, svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

10. gr.

Sveitarstjóri og sérhver hreppsnefndarmaður hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingartillögur við það mál, sem til umræðu er. Tillögur skulu vera skriflegar, og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær.

11. gr.

Ef umræður um eitt málefni dragast um skör fram, getur fundarmaður óskað eftir að þeim verði hætt og sker hreppsnefnd úr um það umræðulaust.

12. gr.

Ekki má hreppsnefnd gera ályktun um nokkurt mál, nema meir en helmingur hreppsnefndarmanna séu á fundi og greiði atkvæði um það.

13. gr.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hagsmunum hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra

málið af sinni hendi. Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

14. gr.

Oddviti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur hreppsnefnd, ef meiri hluti hennar krefst þess, breytt ákvörðun oddvita. Krefjast má, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

15. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði atkvæði jöfn, telst ályktun fallin, en um kosningar ræður hlutkesti. Skytt er hverjum hreppsnefndarmanni að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni, nema hann hafi lögmæt forföll, hafi hann verið á fundi, þegar ályktunin var rædd.

16. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að hver hreppsnefndarmaður réttir upp aðra hönd sína.

Nafnakall skal viðhafa, ef einn hreppsnefndarmanna óskar þess áður en til atkvæðagreiðslu kemur, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

17. gr.

Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er. Fer um kosningu þeirra eins og fastra nefnda, eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, eins og segir í 2. gr. fundarskapa þessara.

18. gr.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar viðkomandi nefnda, um einstök mál, áður en hún endanlega afgreiðir þau.

19. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Ef eigi er sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, sem flest fékk atkvæði við nefndarkosninguna.

Á fyrsta fundi hvernar nefndar skal hún kjósa sér formann og ritara.

Formenn nefnda kalla þær síðan saman og hafa þeir á hendi stjórn á fundum þeirra.

Ritarar nefndar rita fundargerðir þeirra, og er þeim skytt, að skila til hreppsnefndar úrdrætti úr þeim.

Um leið og nefnd lýkur starfi, kýs hún sér úr hópi nefndarmanna framsögumann. Minni hlutar nefnda hafa framsögurétt.

20. gr.

Skrá yfir fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar.

21. gr.

Sveitarstjóri sér um afgreiðslu og framkvæmd allra mála, sem hreppsnefnd, eða fastar nefndir gera ályktun um, nema að þau séu af hreppsnefnd falin einstökum mönnum.

22. gr.

Ef vafi leikur á, um hvernig beri að skilja fundarsköp, sker hreppsnefnd úr um það.

23. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir bera til, ef meiri hluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

24. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem samin eru og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 18.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1962.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1962	kr. 2209265.30
2. Minningargjafir afh. 1962	kr. 3682.50
3. Samúðarskeyti Landssímans	— 344330.67
	— 348013.17
4. Greiddir vextir	— 196957.39
5. Útdregin verðbréf 1962:	
a. Veðdeildarbréf Landsbankans	kr. 14000.00
b. Skuldabréfalán Siglufjarðarkaupstaðar 1943 .	— 5000.00
c. Byggingarsamv.fél. starfsm. Stjórnarráðsins .	— 3000.00
	— 22000.00
	Kr. 2776235.86

Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1962	kr. 101698.00
2. Önnur gjöld, sbr. forskj. 1—19	— 21099.70
3. Til jafnaðar tekjulið 5	— 22000.00
4. Eign sjóðsins 1. janúar 1963:	
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	950.00
b. Veðdeildarbréf Landsbankans	— 40000.00
c. Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	— 15000.00
d. Byggingarsamvinnufélag starfsm. Stj.ráðsins	— 22000.00
e. Skuldabréfalán Siglufjarðarkaupstaðar 1943	— 5000.00
f. Bankainnstæður	— 2520033.16
g. Hjá gjaldkera sjóðsins	— 28455.00
	— 2631438.16
	Kr. 2776235.86

Steinunnararfur.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 30590.51
Afgjald eftir jörðina Haga 1961	— 500.00
Vextir í Söfnunarsjóði 1961	kr. 458.01
— - Landsbankanum, viðskiptabók	— 2094.97
— - — sparisjóðsbók	— 20.79
	<hr/>
	— 2573.77

Kr. 33664.28

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
Hálf jörðin Hagi í Skorradal	kr. 1050.00
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	kr. 6470.06
- Landsbankanum, viðskiptabók 5461	— 26021.08
- — sparisjóðsbók 31353	— 123.14
	<hr/>
	— 32614.28

Kr. 33664.28

Minningargjöf um Hans Nathansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 9329.06
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1961.	— 702.36
	<hr/>

Kr. 10031.42

Gjöld:

Eignir sjóðsins 1. jan. 1963:	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr. 10031.42
	<hr/>

Kr. 10031.42

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 10869.28
Vextir í Búnaðarbankanum	— 978.21
	<hr/>

Kr. 11847.49

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók 60749	kr. 11847.49
	<hr/>

Kr. 11847.49

Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 5864.66
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	— 502.56
— — — sparisjóðsbók	— 19.53

 Kr. 6386.75
Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468	kr. 6087.38
— — — sparisjóðsbók nr. 9009	— 299.37

 kr. 6386.75

 Kr. 6386.75
Minningargjöf um Þórunni Jónassen.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 12020.17
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 1022.58
— — — sparisjóðsbók	— 29.96
— — Útvegsbankanum, viðskiptabók	— 16.03

 — 1068.57

 Kr. 13088.74
Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469	kr. 12384.91
— — — sparisjóðsbók nr. 9011	— 458.11
— Útvegsbankanum, viðskiptabók nr. 14350	— 245.72

 kr. 13088.74

 Kr. 13088.74
Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 7625.43
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	— 686.25

 Kr. 8311.68
Gjöld:

Eign 1. jan. 1963:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5462	kr. 8311.68

 Kr. 8311.68

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.**Tekjur :**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962		kr. 25806.85
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 2321.64	
— — — sparisjóðsbók	— 0.70	
		<u>— 2322.34</u>

Kr. 28129.19

Gjöld :

Eign sjóðsins 1. janúar 1963:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5467	kr. 28118.28	
— — — sparisjóðsbók nr. 9012	— 10.91	
		<u>kr. 28129.19</u>

Kr. 28129.19

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.**Tekjur :**

Eign sjóðsins 1. jan. 1962		kr. 21547.61
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 1903.05	
— — — sparisjóðsbók	— 28.14	
		<u>— 1931.19</u>

Kr. 23478.80

Gjöld :

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466	kr. 23048.10	
— — — sparisjóðsbók nr. 9110	— 430.70	
		<u>kr. 23478.80</u>

Kr. 23478.80

Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.**Tekjur :**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1962		kr. 121004.53
2. a. Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar	kr. 3600.00	
b. — í Landsbankanum, viðskiptabók	— 7006.62	
c. — — — sparisjóðsbók	— 4.76	
d. — — — — —	— 5.74	
		<u>— 10617.12</u>
3. Útdregin Sogsvirkjunarbréf		<u>— 15000.00</u>

Kr. 146621.65

Gjöld:

1. Til jafnaðar tekjulið 3	kr. 15000.00
2. Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
a. Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	kr. 45000.00
b. Í Landsbankanum, viðskiptabók 5471	— 86460.51
— — sparisjóðsbók 9471	— 73.11
— — — 39189	— 88.03
	<hr/>
	— 131621.65
	<hr/>
	Kr. 146621.65

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1962	kr. 28850.95
Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar	kr. 300.00
— í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 20.79
— — — viðskiptabók	— 2144.45
	<hr/>
	— 2465.24
	<hr/>
	Kr. 31316.19

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1963:	
Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	kr. 5000.00
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	— 25997.76
— — sparisjóðsbók nr. 14589	— 318.43
	<hr/>
	kr. 31316.19
	<hr/>
	Kr. 31316.19

Reykjavík, 4. janúar 1963.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið þennan ársreikning, og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl, og ekkert fundið athugasvert.

Reykjavík, 16. janúar 1963.

Jakobína Jósefsdóttir. *Sigr. Brynjólfsdóttir.*

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld árið 1962 og efnahagur 31. desember 1962.

Tekjur:

1. Eignir 1. janúar 1962:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5000.00	
b. Vísitölubréf	—	210000.00	
c. Innstæða í bönkum	—	1134661.34	
			kr. 1349661.34
2. Tillög sparisjóða á árinu			— 174329.36
3. Vaxtatekjur á árinu	kr.	118152.95	
Vísitöluuppbót á útdr. bréf	—	6541.00	
			kr. 124693.95
			Kr. 1648684.65

Gjöld:

1. Greitt fyrir prentun	kr.	490.00	
2. Eignir 31. desember 1962:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	5000.00	
b. Vísitölubréf	—	180000.00	
c. Innlánsskírteini	—	1000000.00	
d. Innst. í bönkum	—	463194.65	
			— 1648194.65
			Kr. 1648684.65

TRYGGINGARSJÓÐUR SPARISJÓÐA VIÐ SEÐLABANKA ÍSLANDS

Jón G. Maríasson.

G. Hansen.

Framanskráð efnahagsyfirlit Tryggingarsjóðs sparisjóða hef ég borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við það að athuga.

Enn fremur hef ég kannað eignir sjóðsins og voru þær allar fyrir hendi.

Egill Simonarson.

REIKNINGUR

Hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00
b. Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur	—	5000.00
c. Veðskuldabréf	—	46500.00
d. Víxlar	—	45000.00
e. Sparisjóðsinnstæða	—	16754.11
		kr. 116254.11
2. Tekjur á árinu:		
a. Hafnsögugjöld	kr.	13850.00
b. Vextir	—	7555.90
		— 21405.90
		Kr. 137660.01

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00
b. Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur	—	5000.00
c. Veðskuldabréf	—	44500.00
d. Víxlar	—	37500.00
e. Sparisjóðsinnstæða	—	47660.01
		kr. 137660.01
		Kr. 137660.01

Reykjavík, 7. janúar 1963.

Valgeir Björnsson.

REIKNINGUR**Minningarsjóðs Guðbjartar Kristjánssonar, hreppstj., Hjarðarfelli, árið 1961.****Tekjur:**

Í sjóði	kr. 46439.24
Minningargjafir	— 605.00
Vextir	— 4175.74

Kr. 51219.98**Gjöld:**

Fært til næsta árs	kr. 51219.98
--------------------------	--------------

Kr. 51219.98

Hjarðarfelli í júlí 1962.

Gunnar Gubjartsson.

19. janúar.

53

Nr. 22.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 164 frá 7. október 1949, um barnavernd í Húsavík.

1. gr.

Fyrri mgr. 4. gr. orðist þannig:

Börnum á barnaskólaaldri er bannað að vera á almannaferi eftir klukkan 20 og unglimum innan 16 ára eftir klukkan 22 á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl, nema í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

26. janúar.

Nr. 23.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1962:

Kjósarsýsla.

Teigur, nýbýli í landi Sólvalla og Efrahvols, Mosfellshreppi.

Borgarfjarðarsýsla.

Litlihvammur, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

Laugateigur, nýbýli í landi Bæjar, Andakílhreppi.

Kringlumelur, hús á erfðafestulóð í landi Lambhaga II, Skilmannahreppi.

Breiðagerði, nýbýli í landi Breiðabólstaðar, Reykholtshreppi.

Brennistaðir II, nýbýli í landi Brennistaða, Reykholtshreppi.

Nýibær II, nýbýli í landi Nýjabæjar, Andakílhreppi.

Langholt, nýbýli í landi Laugarholts og eyðibýlisins Langholts, Andakílhreppi.

Snæfellsnessýsla.

Littlafell, nýbýli í landi Helgafells, Helgafellssveit.

B 8

Dalásýsla.

Kleifar II, nýbýli í landi Kleifa, Saurbæjarhreppi.

A.-Barðastrandarsýsla.

Stekkjaholt, nýbýli í landi Bakka, Geiradalshreppi.

V.-Húnavatnssýsla.

Dverholt, nýbýli í landi Þorkelshóls, Þorkelshólshreppi.

A.-Húnavatnssýsla.

Hjarðartunga, nýbýli í landi Grímstungu, Áshreppi.

Kvisthagi, nýbýli í landi Grímstungu, Áshreppi.

Skagafjarðarsýsla.

Hjalli, nýbýli í landi Hjaltastaða, Akrahreppi.

Vogar, nýbýli í landi Þönglaskála, Hofsóshreppi.

Eyjafjarðarsýsla.

Mikligarður II, nýbýli í landi Miklagarðs, Saurbæjarhreppi.

Hlíðarland, nýbýli í landi Litla-Árskógs og Engihlíðar, Árskógshreppi.

S.-Þingeyjarsýsla.

Skógar III, nýbýli í landi Skóga I, Reykjahreppi.

Heiðarbraut, nýbýli í landi Ingjaldsstaða, Reykdælahreppi.

Lundarbrekka IV, nýbýli í landi Lundarbrekku III, Bárðdælahreppi.

N.-Þingeyjarsýsla.

Flaga II, býli í landi Flögu, Svalbarðshreppi.

N.-Múlasýsla.

Sleðbrjótur II, nýbýli í landi Sleðbrjóts, Hlíðarhreppi.

Möðrudalur IV, býli í landi Möðrudals II, Jökuldalshreppi.

Möðrudalur II, býli í landi Möðrudals II, Jökuldalshreppi.

S.-Múlasýsla.

Tunga II, býli í landi Tungu, Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Rangárvallasýsla.

Lækjarbakki, nýtt nafn á jörðinni Fíflholts-Vesturhjáleiga, Vestur-Landeyjahreppi.

Hátún, nýtt nafn á jörðinni Fíflholts-Suðurhjáleiga, í Vestur-Landeyjahreppi.

Árnessýsla.

Smárahlið, nýbýli í landi Galtafells og Núpstúns, Hrunamannahreppi.

Melhagi, nýbýli í landi Haga, Gnúpverjahreppi.

Steinsholt II, nýbýli í landi Steinsholts, Gnúpverjahreppi.

Helludalur II, býli í landi Helludals, Biskupstungnahreppi.

Hrafnkelsstaðir IV, nýbýli í landi Hrafnkelsstaða I, Hrunamannahreppi.
Húsatóftir III, nýbýli í landi Húsatófta I, Skeiðahreppi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Akraneshöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akraneshöfn takmarkast að vestanverðu af beinni línu, er hugsast dregin úr Vestriflasartá í Syðriflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan af beinni línu, er hugsast dregin úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða. Höfninni er skipt í tvennt, að vestan: Lambhúsasund, en að austan: Krossvík

Lína dregin úr enda ytri hafnargarðs með stefnu hans skilur milli ytri og innri hafnarinnar.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefnd er skipuð 5 mönnum og 3 til vara. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina menn, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

Hafnarnefnd og hafnarstjóri hafa á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, en skrifstofa bæjarins annast fjárhald hafnarinnar og reikningskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanns ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin.

7. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða bik, tjöru, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða skipspilfar.

IV. KAFLI

Um hafnsögu og legu skipa á höfninni.

10. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

11. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Akraness og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið 2 mílur undan Þjótarskeri eða Flasarvita á Akranesi gefa um það merki, að það óski hafnsögumanns, eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

12. gr.

Hafnsögumaður, sem vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

13. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkv. 11. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina.

14. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöli.

15. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda að sóttþætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

16. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnar-skrifstofunni. Þar skal jafnan vera til nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarnefnd ákveður.

17. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skip hans megi liggja. Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórumlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni, án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu. Skip, sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt.

18. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Færast hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeigenda.

19. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum þeim, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannláus í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkv. reglugerð þessari.

20. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt.

Hvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnargarða, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

21. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstökkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

22. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járnri, skulu þær klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess, að úr því sé bætt tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlifar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur, er þau hleypta burt vatni eða á annan átt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlifum, að vatnið fari beint í höfnina.

24. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

25. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða getur orðið henni til tjóns, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er.

Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

26. gr.

Þegar hafnarvörður hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á að nauðsynjalausu, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

27. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

28. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip, eða af skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart, og ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við fermingu og affermingu á kjölfestu, sandi, kolum og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Ekki má sálda kol á bryggju eða ból-

virki. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

29. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík, sprengiefni svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, sem eldhætta eða sprengihætta stafar af, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjón slökkviliðsstjóra.

30. gr.

Um fermingu á þeim efnum, sem um ræðir í 29. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu. Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

31. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 29. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

32. gr.

Skylt er farmseiganda eða skipseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við fermingu og affermingu. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því, sem ástæður leyfa að dómi hafnarstjóra, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eiganda.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

33. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur svo það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskips, ákveður hver legufæri skuli nota og hefur umsjón með, þegar þeim er lagt, svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum sé að minnsta kosti 2 varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

34. gr.

Innan hafnarinnar má því aðeins leggja skipum í lægi, að rúm sé fyrir hendi að dómi hafnarstjóra, og hann gefi sérstakt leyfi til þess. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip, og segir fyrir um, hver legufæri skuli nota. Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og uppskipunarpramma.

35. gr.

Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til þess að lita eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Akranesi, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

VII. KAFLI

Um mannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

36. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi áður veitt samþykki sitt til þess.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvíriti og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Vegna brota á þessari grein, getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefur bryggja eða mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans. Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

37. gr.

Á hverri bryggju eða uppþyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða fyrirskipunum þeirra, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi. Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

38. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og mannvirki innan hafnarinnar.

VIII. KAFLI

Um hafnargjöld á Akranesi.

39. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

1. Lestagjald.

40. gr.

Öll skip og hvers konar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert skipti, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

41. gr.

- a. Skip og bátar stærri en 10 rúmlestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og eru gerðir út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi, a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 15 kr. af hverri brúttólest. Vélbátar minni en 10 rúmlestir brúttó, skulu greiða 150 kr. á ári í lestagjald.
- b. Flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, 60 kr. af hverri brúttórúmlest skipsins.
- c. Innlend fiskiskip, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald 35 aura af hverri brúttólest, þó ekki oftast en tvisvar í sama mánuði, enda þótt þau komi oftast til hafnar.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem nefnd eru undir staflid e., skulu greiða 40 aura af hverri brúttórúmlest. Skip, sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó ekki greiða gjald þetta oftast en einu sinni í mánuði.
- e. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir, eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjaldddagi lestagjalda samkv. a.-, b.- og c.-lið þessarar greinar, skal vera hinn 1. marz ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjaldddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

2. Vitagjald.

42. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald 7 aura fyrir hverja brúttórúmlest, þó aldrei lægra en 20 kr.

3. Bryggjugjald.

43. gr.

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, 20 aurar af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 30 kr. fyrir hvern sólarhring. Herskip, varðskip, og flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes, eru undanþegin gjaldi þessu.

44. gr.

Fiskiskip, sem heima eiga á Akranesi eða eru gerð út þaðan, skulu greiða 25 kr. fyrir hvern sólarhring, sem þau liggja við bryggjur hafnarinnar, án þess að ferming eða afferming eigi sér stað. Bátar undir 10 rúmlestum greiði þó aðeins 5 kr.

4. Fjörugjald.

45. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri brúttórúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, þó aldrei minna en 30 kr. um sólarhringinn.

5. Vatnsgjald.

46. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða það gjald, sem bæjarstjórn ákveður.

6. Hafnsögugjald.

47. gr.

Öll skip, 30 brúttórúmllestir að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma til hafnarinnar.

Herskip, skemmtiferðaskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

48. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni.

49. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 250 kr. fyrir hvert skip, auk 70 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 brúttórúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 kr. fyrir hvert skip, auk 35 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 10 aura fyrir hverja rúmllest fram yfir 6000.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 125 kr. fyrir hvert skip, auk 20 aura fyrir brúttórúmllest.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 47. gr., greiða 50 kr. í hafnsögusjóð.

7. Vörugjöld.

50. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni með þeim undantekningum er síðar getur.

51. gr.

Ef vörur, sem fara eiga til annarar hafnar en Akraness, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru látnar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

52. gr.

Fyrir vörur, sem eru aðfluttar til umhleðslu á höfninni eða við bryggju, greiðist hálf gjald. Fyrir aðfluttar vörur frá öðrum höfnum, t. d. fisk til verkunar og aðrar þær vörur, sem eiga að flytjast út aftur, greiðist aðeins vörugjald, þegar þær fara.

53. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Kol, olía, salt, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstur og farangur ferðamanna.

54. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða gjald af.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

55. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 65 aurar fyrir hver 100 kg:
Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, mjólk.
2. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hvert teningsfet og stk.
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn, kork o. þ. h., vikurplötur, tómir ísfiskkassar.
3. flokkur. Gjald 120 aurar fyrir hvert stykki og hver 100 kg:
Sildar- og gotutunnur og aðrar líkar tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar, kornvörur, kartöflur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey, beita, laus vikur, gips og kalk.
4. flokkur. Gjald 180 aurar fyrir hver 100 kg:
Saltfiskur óverkaður, laus og pakkaður, ísfiskur, freðsild og frosinn fiskur, laus og í kössum, nýr fiskur fluttur úr landi.
5. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
Blý, eldfastur leir, járnrör, smíðajárn, steypujárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingarjárn, fisklínur, fiskinet, kaðall, hessian, mótórar, vélahlutir, fiski- og sildarmjöl, kol, salt og sement.
6. flokkur. Gjald 250 aurar fyrir hver 100 kg:
Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskiflök ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
7. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hvert stykki:
Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smuroliuföt, gotutunnur, sildartunnur 100—116 l. fullar, öl- og gosdrykkjakassar fullir.
8. flokkur. Gjald 360 aurar fyrir hver 100 kg:
Brennsluoliur og benzín (laus í geymi).
9. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hvert stykki:
Lýsiföt, smurnings- og steinoliuföt, um 200 l. fullar.
10. flokkur. Gjald 800 aurar fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
11. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd og ekki heyra undir aðra flokka.
12. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.

13. flokkur. Gjald 15 kr. fyrir hvert stykki.
Mótorhjól, hross, nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og heyrinnuvélar.
14. flokkur. Gjald 20 kr. fyrir hvert stykki.
Bifreiðar, dráttarvélar og jarðýtur.

8. Ýmis gjöld.

56. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

57. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með sérstökum samningi.

58. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

59. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofu bæjarins.

60. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarstjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

61. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 56. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skipið. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörunum til tryggingar gjaldinu.

62. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 8. gr., b., tölulíð 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipa-

gjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, og gjald fyrir aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

63. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

64. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

65. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

66. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

67. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, sé skipstjóri ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 19. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

68. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til starfsmanna hafnarinnar þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöldin til hafnarinnar.

69. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

70. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 25000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

71. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Akraneshöfn, nr. 207 7. nóvember 1947 og breytingar á þeirri reglugerð, nr. 64 6. apríl 1956 og 119 15. september 1958.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Norður- og austurtakmörk hafnarinnar er bein lína til austurs frá Stakk út í beina línu til norðurs frá Ytri-Skoru, miðað við réttar áttir.

Tvær vörður skulu settar á hvorn þessara staða, og sýni þær takmörk hafnarinnar.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjórn hefur með höndum, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, er fer með hafnarmál, og fyrir hönd rikissjóðs, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og annast fjárhald og reikningsskil.

3. gr.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál.

Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum, undir umsjón hafnarstjórnar. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt.

Hafnarstjóri ræður fasta starfsmenn í samráði við hafnarstjórn, svo marga sem þurfa þykir.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

7. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúr-gangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina olíur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipspilfar.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

9. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til hafnarinnar og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Vatnsnesi. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það, án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

10. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótt hættu geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

11. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjórastofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggja skip á innri höfninni án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta leggja skipinu við legufæri utan innri hafnar, eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

12. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færst hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

13. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauk á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

15. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

16. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að liggja við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðar-

bátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rúm snúið.

17. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvisun hafnarstjóra. Séu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

18. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypta vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypta burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

19. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

20. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

21. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri visar til.

22. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, er þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

23. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni. Á ytri höfninni má aðeins leggja þeim með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða

sprengrja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, og hefur umsjón með, þegar skipum er lagt, og skulu legufæri ákveðin í samráði við hann.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

24. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum í lægi á ytri höfninni. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn, en legufæri skulu ákveðin í samráði við hann.

25. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Keflavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

26. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu, undir umsjá slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 26. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

28. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

29. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 26. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld Keflavík—Njarðvík.

30. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

1. Lestagjald.

31. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

32. gr.

- a. Skip, sem heima eiga í Keflavík og Njarðvíkum og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 2.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir.

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum.

- b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmllest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftast en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Vitagjald.

33. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 7 aura fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.

3. Bryggjugjöld.

34. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmllest, þó aldrei minna en 20 krónur fyrir hvern sólarhring.

Skip minni en 30 brúttórúmllestir skulu greiða 10 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. Fjörugjald.

35. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 20 aura af hverri rúmllest af brúttóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring. Þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

5. Vatnsgjald.

36. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

6. Hafnsögugjald.

37. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

38. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 250 krónur fyrir hvert skip, auk 70 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 600 rúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, auk 35 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 10 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 125 krónur, auk 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 38. gr., greiða 50 krónur í hafnsögusjóð.

7. Vörugjald.

40. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

43. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til notkunar, sem fluttar eru úr landi, og enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.

Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

44. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá

skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

45. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 2 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

46. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 0.50 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, afli skipa lagður á land.
2. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hver 100 kg:
Alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, girðingarvír, ís, leir, kalk, kol, koks, salt, sement, vikur.
3. flokkur. Gjald kr. 1.55 fyrir hver 100 kg:
Alls konar oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín.
4. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hver 100 kg:
Áburðaroliur, áburður, akkeri, asfalt, baðlyf, eldavélar, feiti, fiskur annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, gólfdukar og gólfplötur aðrar en úr steini, gærun, hráefni til efna-gerðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, brennisteinn, kalíum, karbít og plast, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt annað en niðursoðið, kornvörur, leður, lofttegundir á stálflöskum, mör, málning, og efni til hennar, miðstöðvarofnar, nylongarn til veiðarfæra, pappír, pípur úr asbesti, alumíníum, kopar eða járn, pokar úr striga eða pappír, rúðugler, segldúkar, síld, síldarmjöl, síldarlýsi, smurningsolíur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumíníum, þakpappi og gólfpappi, þakplötur úr asbesti, alumíníum, kopar eða járn, þvottaefni.
5. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:
Ávextir, bækur, blöð, brauðvörur, kaffi, kakaó, leirvörur, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, smjör, smjörlíki, smjörlikisolíur og sápu-gerðarvörur, sundmagi, sykur te, ull.
6. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir hver 10 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, hjólbarðar, tengistykki til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, varastykki í bifreiðar, mótorar og þungavinnuvélar.
7. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 10 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, gúmmívörur, glysvarningur, klukkur, leðurvörur, leikföng, mælingatæki, þrjónavörur, sauma- og þrjónavélar, skófatnaður, súkkulaði, skrifstofuvélar, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
8. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:
Heimilisvélar, mótorar, landbúnaðurvélar, þungavinnuvélar.

9. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:
Bifreiðar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, útvarpstæki.
10. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:
Tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
11. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir rúmmetra:
Timbur.
12. flokkur. a. Gjald kr. 12.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
b. Gjald kr. 3.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé.
c. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki.
Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Allt annað.

8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

47. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

48. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

49. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

50. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

51. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnar-sjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

52. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 48. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnar-sjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

53. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 48. gr., svo og gjöld fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 49. gr., greiðir samningsaðili.

54. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangs-rétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samnings-veðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

55. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöð-um, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

56. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er mats-gerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

57. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

58. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

59. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv.

14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

60. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skuli snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

61. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 25000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Landshafnarinnar.

62. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, og lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23 6. maí 1955, sbr. lög nr. 42 21. apríl 1962, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 171 28. október 1949 og reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. október 1949, með breytingu, nr. 163 16. september 1958.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá II.

Frá og með 15. febrúar n. k. gengur í gildi ný lyfjaverðskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 1. febrúar 1961, með áorðnum breytingum.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Eliás Eliasson.

REGLUGERÐ

um sauðfjárbaðanir.

1. gr.

Þrifabaðanir sauðfjár skulu fara fram annað hvert ár á tímabilinu 15. október til 1. marz, þ. e. veturna 1962—1963, 1964—1965 o. s. frv. Þrifaböðun þessi skal framkvæmd án tillits til þess, hvort einstakir sauðfjáreigendur baða fé sitt oftar eða á öðrum tímum en um getur í fyrstu málsgrein.

Sauðfjáreigendur eða umráðendur sauðfjár skulu hafa aðstöðu til þess að baða sauðfé í sundþró, þ. e. svo djúpri og stórrí þró, að auðvelt sé að kaffæra kindina í baðinu án þess að hún nái fótfestu. Þróin skal þannig útbúin, að kindur geti gengið upp úr henni eftir böðun, upp á rúmgóðan sigpall.

Þyki baðstjóra baðþró á einhvern hátt ábótavant, er skylt að lagfæra hana eftir fyrirmælum hans.

Umráðamenn sauðfjár skulu sjá fyrir nægu vinnuafli að dómi baðstjóra, til þess að böðun geti gengið hæfilega greitt og farið vel úr hendi.

2. gr.

Verði fjárkláða vart í sauðfé, getur landbúnaðarráðherra fyrirskipað, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, kláðaskoðun og útrýmingarböðun (tvíböðun) eins fljótt og aðstæður leyfa. Útrýmingarböðun skal þá framkvæmd á þeim svæðum, sem ástæða þykir til með tilliti til fjársamgangna að dómi yfirdýralæknis og hlutaðeigandi eftirlitsmanns.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjársböðunum í þeim héraðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjársböðun, einn í hverri sýslu eða bæjarfélagi. Eftirlitsmenn skulu hlutast til um, að verzlani hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og hafa á hendi skýrsluhald varðandi baðanir. Þá skulu þeir ákveða í samráði við baðstjóra, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þeirra tímatakmarka, sem lögboðið er, og skal sauðfjáreigendum tilkynnt það af baðstjóra eða eftirlitsmanni.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir, einn eða fleiri í hverjum hreppi eftir aðstæðum.

Baðstjórar skulu ávallt vera viðstaddir böðun, bæði þrifaböðun og útrýmingarböðun, og hafa gát á því, hvort óþrif finnist í fénu, og sjá um, að eftirgreindum atriðum sé fullnægt:

- 1) Að allt fé á bænum sé baðað.
- 2) Að baðlyf sé blandað nákvæmlega eftir þeim reglum, sem settar eru um baðlyf það, sem notað er hverju sinni.
- 3) Að sjá um, að ávallt sé nægur baðlögur í baðþrónni og hverri kind sé haldið niðri í baðinu eigi skemmri tíma en eina mínútu við þrifaböðun og kindin sé kaffærð þrisvar sinnum að minnsta kosti.

Við kláðaböðun skal halda hverri kind niðri í baðþrónni í 3 mínútur og kaffæra kindina þrisvar sinnum að minnsta kosti. Baða skal allt fé með gætni, einkum mjög feitt fé, og forðast að féð verði fyrir óparfa hnjaski við böðun.

Allt fé í tveimur reifum skal rúíð áður en það er baðað.

Ef kláði finnst í fé, skal fyrst nudda baðleginum rækilega með bursta inn í kláðablettina, svo að kláðaskófirnar blotni vel upp. Sérstaklega skal aðgæta, hvort kláði leynist í kringum horn, í eyrum og í augnagrófum. Þegar búíð er að bleyta upp allar kláðaskófir, er kindin böðuð eins og að framan getur.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns innan hveirrar sýslu eða bæjarfélags, greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslu- eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Komi upp fjárkláði eða grunur um fjárkláða í kind, skal hún einangruð í húsi, þó eigi í fjárhúsi eða fjósi, unz úrskurður fæst um það, hvort kindin sé sjúk eða ekki. Þeir, sem handleika eða hirða kláðasjúkar kindur eða kindur grunaðar um kláða, skulu sýna ítrustu varfærni, svo að þeir beri kláðann eigi í heilbrigðar kindur. Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir eða eftirlitsmaður þegar gera ráðstafanir til að lækna hana.

Ef lækning reynist erfið eða dýralæknir telur hana munu taka langan tíma, skal kindinni lógað og haus, gæra og fætur brennt.

Landbúnaðarráðherra gerir í samráði við yfirdýralækni og hlutaðeigandi eftirlitsmann, strax og fært þykir, ráðstafanir til þess að framkvæmd verði útrýmingar-böðun í því skyni að hefta og útrýma fjárkláðasjúkdóm, sbr. 2. gr.

6. gr.

Vanti sauðfé, þegar böðun fer fram á bænnum eða ef fresta verður böðun á einhverju af fénu, skal hið baðaða fé auðkennt, og skal því haldið aðskildu frá óböðuðu fé, þar til böðun er að fullu lokið á öllu fénu.

Purfi að veita einstökum fjárbúum frest á böðun vegna vanheilsu, skal fénu gefið inni, unz fært þykir að framkvæma böðun að dómi héraðsdýralæknis.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir og er óheimilt að nota aðrar baðlyfsteindir við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Yfirdýralæknir skal tilkynna eftirlitsmönnum með hæfilegum fyrirvara, hvaða baðlyfstegundir sé leyfilegt að nota. Skulu eftirlitsmenn og baðstjórar gæta þess, að eigi séu notuð önnur baðlyf.

Nú tekur ríkissjóður þátt í baðlyfskostnaði og skal þá viðkomandi verzlun innheimta hluta ríkissjóðs, enda hafi viðkomandi eftirlitsmenn og yfirdýralæknir úrskurðað reikninginn réttan.

8. gr.

Nú baðar umráðamaður eða fjáreigandi eigi sauðfé sitt á lögskildum tíma, án þess að lögmaet forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjarfógeta. Skal hann þá greiða dagsektir, er nemi kr. 2.00 — tveimur krónum — á hverja kind á dag hvern, er böðun dregst fram yfir lögskilinn tíma, þ. e. 1. marz. Dagsektir skulu renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar. Jafnframt skal sýslumaður í samráði við eftirlitsmann með sauðfjårböðunum gera ráðstafanir til að féð sé baðað á kostnað eiganda eða umráðamanna eins fljótt og aðstæður leyfa.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 27. apríl 1959, öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

9. febrúar

Nr. 28.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þingeyrarkauptún, nr. 33 14. marz 1958.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Framkvæmd hafnarinnar og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti fimm menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er hreppsnefndin kýs. Heimilt er að kjósa menn í hafnarnefnd, þótt þeir eigi ekki sæti í hreppsnefndinni.

2. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Þingeyrarhöfn, og hafa eitt-hvert samband við land til þess að skila eða taka farþega, vörur og þess háttar. Undanþegin hafnargjaldi eru: Herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna og skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

3. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip, sem eru í eign búsettra manna við höfnina eða hafnarsvæðið og eru skrásett þaðan, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, kr. 10.00 af brúttórúmllest skipsins. Minnsta hafnargjald er kr. 100.00 Gjaldalagi er 1. nóvember.
- b. Önnur fiskiskip greiði kr. 1.20 af nettórúmllest. Þó aldrei minna en kr. 30.00 og þó ekki oftari en 2 sinnum á mánuði.
- c. Innlend strandferðaskip greiða kr. 0.50 af nettórúmllest í hafnargjald í hvert sinn, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land greiða kr. 1.20 af nettórúmllest hverri í hvert sinn, er þau koma á Þingeyrarhöfn.

4. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir föst legugögn á Þingeyrarhöfn skal eigandi greiða aukalega kr. 45.00 á ári, með gjalddaga 1. nóvember. Fyrir legufæri opinna báta greiðist kr. 15.00 á ári með sama gjalddaga.

5. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Varðskip, herskip, skemmtiferðaskip og rannsóknaskip, skulu vera undanþegin bryggjugjaldi.

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af farþega-, póst- og innlendum flutningaskipum kr. 0.50 af nettórúmllest.
- b. Af erlendum flutningaskipum kr. 0.75 af nettórúmllest.
- c. Af erlendum togurum greiðist kr. 1.00 af nettórúmllest skipsins.
- d. Af innlendum aðkomuskipum, sem leggja afla sinn á land á Þingeyri greiðist kr. 0.60 af nettórúmllest skipsins. Þó eigi minna en kr. 30.00 í hvert sinn sé skipið 30 brúttórúmllestir eða stærra, en kr. 15.00 af minni skipum, og þó ekki oftar en 2 sinnum í mánuði.
- e. Af öllum öðrum aðkomuskipum greiðist kr. 0.60 af nettórúmllest skipsins, þó eigi minna en kr. 30.00 í hvert sinn sé skipið 30 brúttórúmllestir eða stærra, en kr. 15.00 af minni skipum.
- f. Heimilisfastir bátar greiði kr. 8.00 fyrir hverja brúttórúmllest á ári. Gjaldalagi er 1. nóvember ár hvert.

6. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur: Kol, sement og aðrar þungavörur, þurr bein, salt, tilbúinn áburður, verkaður og óverkaður saltfiskur, beitufiskur, gripahúðir, innflutt járn og matvörur, kr. 25.00 hver smálest.
2. flokkur: Frystur fiskur, kr. 30.00 hver smálest.
3. flokkur: Olíu-, lýsis-, saltkjöts-, hrogna- og benzíntunnur, kr. 5.00 hver tunna.
4. flokkur: Tómar tunnur, kr. 0.75 hver.
5. flokkur: Kindaskrokkar, kr. 0.75 hver.
6. flokkur: $\frac{1}{2}\%$ af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja hann að landi á Þingeyri.
7. flokkur: Ull, kr. 60.00 hver smálest.
8. flokkur: Gærur, kr. 0.25 hvert bindi (ca. 7 kg).
9. flokkur: Útfluttar járnvörur, kr. 12.00 hver smálest. Stórgripir og bátar, kr. 15.00 fyrir hvern. Dráttarvélar, jeppar og fólksbifreiðar kr. 50.00 fyrir hvert stykki. Vörubifreiðar (venjulegar) kr. 100.00 fyrir hverja.
10. flokkur: Sauðkindur, kr. 5.00 fyrir hverja.
11. flokkur: Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli, kr. 0.50 hvert ten. fet.
12. flokkur: Vefnaðarvörur og aðrar smærri vörur í kössum, kr. 40.00 hver smálest.
13. flokkur: Ýmsar stykkjavörur áður ótaldar undir 25 kg, kr. 1.50 hvert stk.
14. flokkur: Olíur á tanka, kr. 25.00 hver smálest. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur, sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveðið af gjaldkera hafnarinnar. Úrskurði hans, ef um ágreining er að ræða, má skjóta til hafnarnefndar, sem þá ákveður vörugjaldið endanlega.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

19. janúar.

81

Nr. 29.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 160 frá 21. ágúst 1959, um barnavernd í Siglufirði.

1. gr.

Fyrri mgr. 5. gr. hljóði svo:

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að knattborðstofum, kvöldsölum (sjoppum), veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum eftir kl. 20 á tímabilinu 1. október til 1. maí og eftir kl. 23 á tímabilinu 1. maí til 1. október ár hvert. Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að bingóspili, nema í fylgd með foreldrum. Þeir, sem reka slík fyrirtæki, er í fyrstu málsgrein getur, svo og þeir, er standa fyrir dansleikjum, skulu sjá svo um, að börn og unglingar fái þar eigi aðgang. Brot á ákvæðum þessum varði refsingu. Eftirlit með ákvæðum þessum skal vera í höndum lögreglunnar og eftirlitsmanns barnaverndarnefndar, ef hún hefur slíkan starfsmann í þjónustu sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. janúar 1963.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

4. febrúar.

Nr. 30.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Bessastaðahrepp í Gullbringusýslu.

I. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

1. gr.

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni hreppsins undir yfirstjórn sveitarstjórnar og stjórnarráðs.

2. Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs. Nú greinir byggingarnefnd og sveitarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr.

3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

B 11

2. gr.

1. Byggingarnefnd skipa 3 menn: oddviti er formaður nefndarinnar, tveir menn kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórn, og 2 menn til vara, einnig kosnir af sveitarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem sveitarstjórn ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem sveitarstjórn kýs samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

2. Byggingarnefnd heldur fundi, þegar formanni þykir ástæða til.

3. Nefndin heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykktur ályktunum meiri hlutans, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Allir viðstaddir nefndarmenn undirrita gerðabókina í fundarlok.

4. Gerðabókinni fylgi glögg skrá, svo gerð, að greinilega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka fasteign og önnur atriði, er hún tekur til meðferðar.

5. Enn fremur haldi nefndin bréfabók og dagbók yfir öll bréf, er henni berast, og yfir bréf, er hún sendir frá sér.

3. gr.

1. Sveitarstjórn skipar byggingarfulltrúa. Hann er fulltrúi byggingarnefndar og hefur á hendi daglegt eftirlit með því, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

Byggingarfulltrúa skal launa úr sveitarsjóði, en byggingarnefndin setur honum erindisbréf, er sveitarstjórn samþykkir.

2. Byggingarfulltrúi skal undirbúa öll mál, er lögð verða fyrir byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi skal afmarka allar stefnur húsa og girðinga, svo og hæð götu og lóðar við húshlið.

3. Byggingarnefndarmenn og byggingarfulltrúi skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum. Þar til öðruvísi verður ákveðið, annast hreppsnefnd störf byggingarnefndar og vísar til sérfræðings þeim atriðum, er varða byggingarfulltrúa, þar til ráðinn verður byggingarfulltrúi fyrir Gullbringusýslu.

II. KAFLI

Byggingarleyfi.

4. gr.

1. Hver sá, er reisa vill hús, breyta því, gera girðingu eða önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það, og skulu henni fylgja tvíritaðir uppdráttir af hinu fyrirhugaða mannvirki, eftir mælikvarða 1:100, og tvírituð lýsing af öllu því, sem ekki sést greinilega á uppdráttum eða nauðsynlegt er til sönnunar því, að mannvirkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim reglum, sem settar eru. Ef mannvirki er stærra á einhvern veg en svo, að fyrir komist á fyrirskipaða pappírstærð eftir mælikvarða 1:100, má gera yfirlitsuppdrátt eftir minni mælikvarða.

2. Uppdrættir að húsi sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

Á uppdraetti skal rita öll aðalmál í metramáli, og til hvers nota skuli hvert einstakt herbergi, svo og hæð á neðsta gólfi í hlutfalli við götuhæð og jarðhæð.

Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdraetti sýna aðliggjandi húshliðar.

3. Sérupprætti skal gera af:

- a. járnbentri steinsteypu og fleiru viðvíkjandi burðarþoli í byggingum; fylgi útreikningar, þar sem reiknað er með meiri notþunga en venjulegum íbúðarhúsa-notþunga, skal þess getið á uppdráttum og hve mikill hann er;
- b. fyrirkomulag vatns- og skolpveitna og hita- og rafmagnslagna um fyrirhugað hús, að því og frá því, allt eftir nægilega stórum mælikvarða;
- c. sérstökum hlutum húss eða mannvirkis, eftir svo stórum mælikvarða, að vinna megi eftir þeim, ef byggingarfulltrúi krefst þess.

Sérupprætti samkvæmt þessum lið þarf ekki að senda með beiðninni um byggingarleyfi, heldur nægir, að þeir séu samþykktir af byggingarfulltrúa og afhentir í tæki tíð, að hans dómi (sbr. 20. gr. 2. l.). Byggingarfulltrúi áritar sérupprættina í umboði byggingarnefndar.

Ef afrennsli frá kjallaragólfi í fyrirhuguðu húsi nær ekki til göturæsis á venjulegan hátt, skal uppdráttur af skolpleiðslu frá húsinu þó fylgja beiðninni um byggingarleyfi.

4. Þegar um breytingar á húsi er að ræða, skal uppdráttur sýna gerð og lögum þess fyrir og eftir breytinguna.

5. Uppdrættir af girðingum, auglýsingaspjöldum og öðrum mannvirkjum skulu glögglega sýna gerð þeirra.

6. Hverri beiðni um byggingarleyfi skal einnig fylgja tvíritaður uppdráttur af lóð þeirri, er byggja skal á, eftir mælikvarða 1:500, eða 1:1000 þar sem annað er ekki til, og sýni hann afstöðu til gatna og nágrannalóða, ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru í 20 metra fjarlægð frá lóðinni, og skal rita flatarmál lóðar og byggingar á uppdráttinn. Á uppdráttinum skal og sýnt, hvernig haga skuli aðgangi að húsinu, ef það stendur ekki við götu eða torg.

7. Uppdrættir allir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist letur eða drættir við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0×59.4 eða 59.4×84.1 cm, og sé á hverjum uppdrætti afmarkaður 7×10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd og dreginn mælikvarði.

Fylgi meira en eitt uppdráttarblað sömu beiðni, skal tölusetja öll blöðin og rita á hvert þeirra, við hvað uppdrátturinn á.

Standi alveg sérstaklega á, má byggingarfulltrúi leyfa að gera uppdrætti á stærri blöð en að framan er getið, þó í sömu hlutföllum.

8. Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum — húsa-meisturum eða byggingafræðingum.

Sá, sem uppdrátt gerir eða útreikning, skal undirrita hann með eigin hendi, enda beri hann ábyrgð á, að árituð mál séu rétt og að uppdráttur og útreikningar séu í samræmi við settar reglur.

9. Byggingarfulltrúi tekur, fyrir hönd byggingarnefndarinnar, við öllum beiðnum um byggingarleyfi.

Hann athugar, að hverri beiðni fylgi nægilegir uppdrættir og lýsingar og leggur hana síðan fyrir byggingarnefnd ásamt tillögum sínum.

10. Umsækjanda skal tilkynnt bréflaga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið.

Byggingarleyfi skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttar síðan afhent byggingarleyfisbeiðanda gegn greiðslu byggingarleyfisgjalds. Hitt eintakið leggist í skjalageymslu nefndarinnar.

11. Ekki má nota fengið byggingarleyfi fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarmeistari sjái um múrsmíði, og hver húsasmíðameistari um trésmíði. Þessar tilkynningar skal rita á eyðublöð, sem byggingarfulltrúinn lætur í té.

12. Ekki mega aðrir en meistarar, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

Byggingarnefnd má með samþykki sveitarstjórnar setja nánari reglur um þekkingu meistara, sem takast á hendur þessa umsjón.

Meistarar í hvaða grein sem er bera ábyrgð á, að allt verk, sem undir þá heyrir, sé vel af hendi leyst, í samræmi við reglugerðir, samþykktir og lög, og að í öllu sé farið eftir samþykktum uppdráttum. Ekki má meistari á nokkurn hátt breyta eða láta breyta verki, sem heyrir undir annan meistara (sbr. 24. gr. 3. l. og 25. gr. 14. l.).

Meðan á smíði stendur er meisturum skylt að hafa jafnan til taks á vinnustaðnum nothæf eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa. Verði meistari sekur um mjög stórfellt eða ítrekað brot á byggingarsamþykkt, má byggingarnefnd neita að taka hann gildan til umsjónar með smíði.

13. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, er koma í bága við byggingarsamþykkt, enda þótt samþykktur uppdráttur kunni að sýna eitthvað slíkt (sbr. 8. lið).

14. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs frá leyfisveitingu.

5. gr.

1. Áður en byrjað er að vinna að byggingu húss eða mannvirkis, skal sá, sem sér um verkið, tilkynna það byggingarfulltrúa. Sé hætt vinnu við húsbýggingar lengri tíma en 2 vikur, eða vegna frosta, skal tilkynna byggingarfulltrúa áður en verk er hafið að nýju (sbr. 17. gr. 6. lið). Meðan á verkinu stendur, skal enn fremur með sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa:

- a. Hvenær byrjað verði á undirstöðu eða breytingu húss.
- b. Hvenær rakavarnarlög verði gerð.
- c. Hvenær grind eða þak er reist.
- d. Hvenær timburgólf verði lögð á bita.
- e. Hvenær járn verði lögð.
- f. Hvenær byrjað verði á hitaeinangrun gólfa, veggja og lofta.

2. Viðvíkjandi alls konar pipulögnum í húsum skal senda byggingarfulltrúa þær tilkynnigar, sem fyrirskipaðar eru eða verða í sérstökum reglugerðum eða samþykktum.

3. Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við smíði húsa og annarra mannvirkja, skal vera nægilega traustur, og fullnægja kröfum byggingarfulltrúa.

Húsasmíðameistari ber ábyrgð á smíði alls slíks útbúnaðar, og verði settar sérstakar reglur um gerð hans, skal meistarinn sjá um að farið sé eftir þeim.

4. Húsasmíðameistarar bera ábyrgð á, að steypumót séu gerð svo traust og þétt, að þau skekkist ekki eða leki steypunni, þegar hún er látin í þau.

5. Múrarmeistari ber ábyrgð á því, að allur járnbindingur sé samkvæmt uppdráttum, plötubýkktir séu réttar og steypugæði eins og áskilið er samkv. 18. og 19. gr.

Ofangreinda vinnu má ekki framkvæma að múrarmeistara fjarverandi, nema hann feli það öðrum fagmanni, en þrátt fyrir það ber hann ábyrgð á verkinu.

6. Mótum má ekki raska eða taka utan ef steypu fyrir en hún hefur náð nægum styrkleika, sbr. 18. gr.

7. Húsasmíða- og múrarmeistarar skulu sjá um, að á steyppt loft, bita, stiga eða palla verði ekki lagður verulegur þungi á meðan steypan er að harðna.

Þurfi nauðsynlega að nota nýsteyppt gólf, t. d. við uppsetningu móta, skal gæta ýtrustu varúðar eða ofreyna ekki steypuna á einn eða annan hátt.

8. Ekki má taka neitt nýbyggt hús til afnota fyrir en fengið er vottorð bygg-

ingarfulltrúa um, að það sé fullgert og fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar. Sama gildir um viðbyggingar og verulegar breytingar á eldri húsum.

9. Hafi breytingar verið gerðar á áður samþykktum uppdráttum, skal áður en vottorð er gefið, afhenda byggingarfulltrúanum uppdrætti, er sýni bygginguna, eins og gengið er frá henni.

10. Byggingarfulltrúi má gefa út bráðabirgðaleyfi til þess að taka hluta af húsi til afnota, ef húshlutinn er gerður samkvæmt samþykktum uppdráttum og fullnægir settum reglum.

III. KAFLI

Lóðir.

6. gr.

1. Hverju húsi, sem ætlað er fyrir íbúðir, skrifstofur eða vinnustofur, skal fylgja óbyggð lóð, er sé áföst við byggðu lóðina, og fer minnsta stærð hennar eftir vegg hæð hússins (sbr. 12. gr.).

2. Lágmarksstærð óbyggðrar lóðar í hlutfalli við heildarstærð:

Vegg hæð húsa m	Íbúðarhús %	Sambyggð verzlunar- eða iðnaðarhús %
allt að 3.5	70	50
3.5— 5.0	75	50
5.0— 7.0	80	50
7.0—10.0	80	55
10.0—13.0		60
13.0 og hærrí		65

Að öðru leyti segir skipulagsuppdráttur fyrir um stærði húsa á lóðum.

3. Þar sem byggingarreitir og lóðir eru svo bundnar samkvæmt skipulagi, að reglum í 2. lið verði ekki við komið, er byggingarnefndinni heimilt að veita nauðsynlegar undanþágur frá þeim.

4. Á óbyggða lóð, er fylgir húsi, má byggingarnefnd leyfa að gera skýli fyrir bifreiðar, reiðhjól, barnakerrur o. fl., enda sé hæð þeirra ekki meiri en 2.50 m að þaki meðtöldu, svo og garðhús og gróðurhús, allt að 2.20 m há, enda sé samanlagður grunnflötur þessara bygginga ekki stærri en svo, að eftir sé óbyggður helmingur af flatarmáli lóðarinnar.

5. Undir óbyggðar lóðir húsa má byggingarnefnd leyfa að gera geymslukjallara, enda séu þeir vatnsheldir og svo frá lofti gengið, að það þoli þá umferð og þau þyngsli, sem til greina koma, og yfirborðshæð í samræmi við yfirborð lóðar eða aðliggjandi gatna. Slíkir kjallarar skulu vera að minnsta kosti 1.80 m á hæð frá gólfi að þita eða lofti. Séð skal um næga birtu og yfirborðsvatni skal veita út í göturæsi.

7. gr.

1. Bil milli húsa, sem annaðhvort eða bæði eru ætluð fyrir íbúð, skrifstofu eða vinnustofur, má eigi vera minna en vegg hæð herra hússins að viðbættum jarðhæðarman, ef lóð hallar að herra húsinu, og skal ávallt miðað við hæstu vegg hæð, sem leyfð er á hverjum stað, þótt lægra sé byggt. Bilið má þó aldrei vera minna en 6.30 m.

8. gr.

1. Inn á hverja lóð skal vera greiður aðgangur frá götu. Byggingarnefnd ákveður um hverja lóð, hvaða ráðstafanir skuli gera, svo að nægilegt rými sé fyrir

slökkvitól og björgunartæki, ef eldsvoða ber að höndum, og getur hún heimilað sameiginlegan gang frá götu fyrir fleiri en eitt hús.

2. Gangur í gegnum hús, sem ætlaður er gangandi fólki eða til þess að fara um með brunaslöngu, skal vera að minnsta kosti 1.20 m á breidd og 2.20 m á hæð, en gangur, sem ætlaður er til umferðar með bifreiðar, eigi mjórri en 2.50 m og ekki lægri en 3.20 m, og sé gólf hans hallalaust. Öll mál eru innanmál, og frágangur skal vera eldtraustur í hólf og gólf. Hurðir mega þó vera úr tré.

3. Ganga og óbyggðar lóðir, sem ætlaðar eru til umferðar, eða til afnota fyrir slökkvilið, má ekki nota til neins konar geymslu, heldur skal þar ávallt vera vel greiðfært og nægilega hjart.

9. gr.

1. Ekki má skipta lóð eða húseign, nema hver hlutur fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar, enda komi til samþykki byggingarnefndar.

2. Samþykki nefndarinnar þarf og til þess að breyta lóðarmörkum vegna skipulags eða hentugra fyrirkomulags húsa á lóðum, sem liggja saman.

10. gr.

1. Lóðir og lönd skal girða á þann hátt, er byggingarnefnd samþykkir.

2. Hurð eða hlið á girðingu má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

IV. KAFLI

Afstaða húsa og gatna.

11. gr.

1. Hæð húsveggja, er snúa að götu, skal ávallt telja frá gangstétt í götulínu, eins og hún verður, þegar gatan er fullgerð. Sé gatan með halla, getur byggingarnefndin ákveðið að byggja skuli hús með stöllum, eftir ákvörðun nefndarinnar í hvert skipti. Liggja hús að fleiri en einni götu, má miða hæðina við þá götu, er lengsta hlið snýr að, eða við breiðari götuna, séu hliðar jafnlangar, en séu göturnar í mismunandi hæð, skal miða hæðina við þá götu, er lægra liggur, nema byggt sé með stöllum.

2. Veggghæð húss telst á miðju húsi frá gangstétt, eins og ákveðið er í 1. lið þessarar greinar, að skurðlínu milli þaks og veggflatar, en sé rishalli á þaki, eða hluta þess, meiri en 45° , eða sé kvistur á þaki, skal bæta við veggghæðina mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu dregna með 45° halla frá skurðlínu milli þaks og veggflatar.

3. Veggghæð húss við götu fer eftir ákvæðum skipulagsuppdráttar, en má þó aldrei vera meiri en götubreidd (sbr. 7. gr.), nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

4. Sé forgarður við hús, má telja hann til götubreiddar, er ákveða skal mestu veggghæð, en halli lóð að götu, skal telja hæðarmuninn frá götulínu að húshlið með veggghæðinni.

5. Við torg, opin svæði og á gatnamótum má byggingarnefndin leyfa að byggja gafla, turna og þess háttar herra en ákveðið er í 3. lið.

12. gr.

1. Hús og girðingar, sem standa í götulínu við gatnamót eða torg, skal hornsneiða þannig, að minnst 2 metrar séu numdir af hvorri hlið, mælt frá horni, enda séð hliðlínan aldrei styttri en 2 metrar.

2. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef byggingarlag mannvirkis eða aðrar ástæður mæla með því og það veldur ekki tálmunum á götu-umferð.

13. gr.

1. Allar byggingar skulu að utan svo gerðar, málaðar eða húðaðar, að sæmi-
legar séu útlits.

2. Sé hús rífið eða það eyðist af öðrum orsökum, svo að her veggur eða gaffl komi í ljós, skal hann gerður að utan svo fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í 1. lið.

14. gr.

1. Útitröppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steinsteypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim sé handrið sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus (sbr. 30. gr.).

2. Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulínu, og gangstéttar-
breidd frá þrepi minnst 1,60 m. Horn séu sneidd.

3. Birtuþrær og aðrar þrær í gangstéttum séu lokaðar í gangstéttarhæð með hæfilegum, þéttum og nægilega sterkum umbúnaði. Þær mega ekki ná lengra út í gangstétt en svo, að nægilegt rými sé þar eftir fyrir pípulagnir, síma- og rafmagns-
þræði o. þ. h.

4. Þar sem nauðsyn krefur skal afrennsli gert frá hvers konar þróm í sam-
bandi við göturæsi, eða á annan hátt, er sveitarstjórn samþykkir.

15. gr.

1. Minni háttar framskot, súlur, bönd o. fl. til skrauts á húsum mega ná til jarðar, ef þau taka ekki nema 20 cm út fyrir húshlið í götulínu, en sé forgarður að götu, mega þau ná allt að $\frac{1}{5}$ af dýpt hans út fyrir húshlið, en þó mest 80 cm.

Að öðrum kosti skal vera minnst 3,00 m að þeim frá jörð, og ekki mega slík framskot, bönd o. fl. ná lengra út fyrir húshlið í götulínu en nema $\frac{1}{20}$ af götubreidd og mest 80 cm.

2. Lokuð framskot (karnap) mega ekki vera nær lóðarmörkum en 1,60 m og samtalin breidd þeirra ekki meiri en $\frac{1}{3}$ af lengd húshliðar. Þó má leyfa slík fram-
skot á lóðarmörkum, ef þau eru áföst við álíka framskot á nágrennahúsi. Að öðru leyti skulu þau fullnægja ofangreindum ákvæðum (sbr. 1. lið).

3. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum í 1. og 2. lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi með tilliti til skipulagsuppráttá.

4. Gólf í veggsvölum séu vatnsheld og vatni veitt af þeim í göturæsi.

Af þökum framskóta skal veita vatni í göturæsi.

5. Leyfa má að setja hlífðarþök úr gleri út úr húshliðum, enda séu minnst 3.00 m undir þau frá jörð og vatni veitt af þeim í göturæsi.

6. Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt, og ekki gluggar, nema undir þá séu minnst 2.00 m.

Sama gildir um óbyggð svæði milli húsa og götulína, ef ákveðið er til breikkunar á götu síðar.

V. KAFLI

Efni til húsagerðar.

16. gr.

1. Hús, sem framvegis verða reist, skulu gerð úr steinsteypu, steini eða öðru eldtraustu efni, nema annað verði sérstaklega ákveðið um einstök hverfi.

2. Í sundurlausri byggð má byggingarnefnd þó leyfa að gera einlyft íbúðarhús

úr timbri, enda sé grunnflötur húss ekki stærri en 150 fermetrar, ef íbúð er aðeins á einu gólfi, en 100 fermetrar, sé íbúð á tveim gólfum.

17. gr.

1. Steinsteypa til húsagerðar skal gerð úr portlandsementi eða annarri viðurkenndri sementstegund, sandi og mól eða grjótmulningi, í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli eða þunga. Skal blanda efnunum vel saman og láta hreint vatn í blönduna, svo að hún verði hæfilega rök.

2. Sement skal vera þurr og óskemmt og fullnægja þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til þeirrar vöru eða settar verða með sérstakri reglugerð.

3. Sandur skal vera hreinn, laus við mold, hvers konar lifræn efni, mýrarrauða, jarðsýrur og salt. Sandkorn mega ekki vera stærri en svo, að þau fari í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd.

Sandblandan skal vera þannig samsett, að minnst 20% og mest 70% af sandinum fari í gegnum sigti með 1 mm möskvavidd og minnst 55% og mest 90% í gegnum sigti með 3 mm möskvavidd.

4. Mól og grjótmulningur skal vera úr grásteini, eða ekki lakara efni, og laus við öll óhreinindi (sbr. 3. lið). Hver einstakur steinn skal vera það stór, að hann fari ekki í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd og ekki stærri en svo, að hann fari í gegnum sigti með 60 mm möskvavidd, eða 30 mm möskvavidd, ef um járnþenta steypu er að ræða.

5. Á byggingarstað skulu vera hólf til geymslu á efni í steinsteypu, svo að hver tegund haldist vel aðgreind frá annarri. Frá hólfunum skal þannig gengið, að ekki mokist upp jarðvegur með steypuefninu.

6. Ekki má steypa húsvegg né nokkurn hluta húss úr frosnu efni eða í frosti, nema með sérstökum varúðarráðstöfunum, sem byggingarfulltrúinn tekur gildar, og hafi steypuvinnu verið hætt vegna frosta, má ekki byrja vinnu aftur, nema fengið sé til þess leyfi byggingarfulltrúa (sbr. 15. gr. 1. lið og 18. gr. 5. lið).

18. gr.

1. Steinsteypa í veggjum og undirstöðum skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi móti $3\frac{1}{2}$ hlutum sands og 5 hlutum malar eða mulnings, 1:3 $\frac{1}{2}$:5.

Járnþent steinsteypa skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi á móti 3 hlutum sands og 3 hlutum malar og mulnings, 1:3:3.

2. Steypa í undirstöðum og oplausum, minnst 30 cm þykkum kjallaraveggjum má drýgja með hreinum, ósprungnum og vættum steinum, er nemi allt að 40% af rúmmáli steypunnar. Enginn einstakur steinn sé þó stærri á nokkurn veg en hálf þykkt undirstöðunnar, eða veggjarins og liggi ekki nær mótunum en 5 cm, og sé þannig fyrir komið í móti, að hvergi snerti steinn annan, heldur sé minnst 3 cm þykk steypa milli einstakra steina.

3. Járn, sem notað er í járnþenta steypu, skal vera hreint og óskemmt. Laust ryð skal strjúka af því. Hvert einstakt járn skal nákvæmlega beygt og því svo fyrir komið, sem uppráttur eða lýsing segir til um. Járnin skulu vandlega bundin saman, svo ekki færist úr skorðum, þegar steyp er.

4. Steypustyrktarjárn mega ekki vera nær yfirborði steypu en 1 cm í plötu og 1,5 cm í bitum og stoðum innanhúss, en utan húss skal bæta minnst $\frac{1}{2}$ cm við fyrrgreint mál.

Áður en úttekt byggingarfulltrúa í járnlögn fer fram, skal öllum járnnum komið fyrir í réttar skorður, með þar til gerðum steinsteypuflögum og stólum úr steypustyrktarjárn, er tryggir örugglega rétta fjarlægð járnanna frá yfirborði steypu.

Á líkan hátt skal séð fyrir því, að öll járn í bitum haldist innbyrðis í réttum

skorðum, eins og uppdættir gera ráð fyrir. Bil milli járna í bitum sé minnst 2 cm, en þó aldrei minna en þvermál járnanna. Séu járnin í fleiri lögum, skal vera minnst 1 cm bili milli laganna.

5. Steypu skal helzt hræra í hrærivél, í minnst eina mínútu frá því síðasta efnið er komið í vélina. Verði ekki hjá því komizt að handhræra steypu, þá skal auka sementið um 20%. Þessa skal gæta sérstaklega, að steypan verði ekki óþarflega vatnsborin. Múrarameistari skal ávallt hafa viðurkennt sigmál á byggingarstaðnum, til þess að prófa mýkt steypunnar.

Fyrir venjulega járnþenta steinsteypu til íbúðarhúsagerðar er 6—10 cm sig hæfilegt, en sé sig meira en 15 cm, er steypan óþarflega vatnsborin.

6. Mót má ekki taka utan af steypu fyrr en teningsstyrkleiki hennar er um 160 kg/cm², og er þá miðað við teninga, sem eru 10 cm á kant, og steypublöndu 1:3:3.

Á þeim tíma, sem frosts er ekki að vænta, er ekki nauðsynlegt að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, sé eftirfarandi reglum fylgt:

1. Veggjamót og hliðarmót á bitum má taka burt eftir 3 sólarhringa.
2. Burðarmót fyrir plötur og bita má taka burt eftir (4 + 4 L) sólarhringa, þar sem L táknar minnsta haf plötu eða lengsta haf bita í metrum.
3. Súlumót má taka burt eftir (2 + 2 H) sólarhringa, þar sem H táknar hæð súlu í metrum.

Ofangreindar reglur miðast við, að hiti sé minnst + 3° C. Þá sólarhringa, sem hiti er lægri en + 3° C, skal ekki telja með.

Þess skal þó ávallt gætt að hafa öryggisstoðir undir plötum og bitum í minnst 2 vikur, eftir að mót eru tekin burtu. Öryggisstoðum skal koma fyrir áður en mót eru tekin burt. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

Á þeim tíma árs, sem frosts má vænta, má ekki byrja á steypuvinnu, ef hitastig en lægra en + 3° C, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar, sem byggingarfulltrúi tekur gildar, til þess að forða steypunni frá skemmdum, skyldi hitastig lækka til muna.

Á þessum tíma árs er múrarameistara skylt að hafa á byggingarstaðnum minnst 6 teningsmót, 10 cm á kant, til þess að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, áður en mót eru tekin burtu. Teninga þessa skal steypa að byggingarfulltrúa viðtöddum, og skal geyma 4 þeirra við sömu skilyrði og hinn steypa hluta mannvirkisins, en tvo þeirra innan húss, þar sem þeir verða ekki fyrir áhrifum frosts.

Sé fljótharðnandi sement notað í staðinn fyrir venjulegt portlandsement, má taka mót af steypunni þegar hún hefur náð áðurgreindum teningsstyrkleika.

Á þeim tíma árs, sem ekki er krafizt að steypa teninga til prófunar á steypu, má rífa mót utan af steypunni fyrr en framangreindar reglur gera ráð fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum, sem verksmiðjan, er framleiðir sementið, gefur um eiginleika þess og gæði. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

19. gr.

1. Með sérstöku leyfi byggingarnefndar má nota önnur efni til húsagerðar en gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, svo og annað byggingarlag.

2. Með leyfi nefndarinnar má og blanda steinsteypu öðruvísi en ákveðið er í 17. og 18. gr., ef efni og steypa eru rannsökuð í viðurkenndri rannsóknarstofu og vottorð liggja fyrir um gæðin.

3. Synji byggingarnefnd um slík leyfi, má umsækjandi áfrýja máli sínu með venjulegum hætti.

VI. KAFLI

Undirstöður.

20. gr.

1. Grafa skal fyrir undirstöðum allra burðarveggja eða gera aðrar ráðstafanir, svo að þær standi á föstum botni, enda sé minnst 1,25 m niður fyrir þær frá lægsta jarðveg við húsið fullgert, nema föst klöpp sé ofar.

2. Ekki má byrja á undirstöðum fyrr en byggingarfulltrúi hefur skoðað botninn og fallizt á, að gerð undirstaða sé nægilega traust með tilliti til botnsins, stærðar hússins og fyrirhugaðrar notkunar þess.

Ef byggjarfulltrúa þykir ástæða til, getur hann krafizt rannsóknar á burðarþoli botns og útreikninga á undirstöðum. Verkfræðingur samþykkir slíka útreikninga (sbr. 3. gr. 3. lið).

3. Undirstöður skal hlaða úr grjóti og múra með sementi eða gera úr steinsteypu.

4. Ef byggt er á lóðarmörkum, mega undirstöður ekki ná inn á nágrannalóð, nema með samþykki eiganda hennar.

Séu tvö hús eða fleiri reist áföst og ekki samtímis, eða sé hús reist í pörtum, skal ganga svo frá undirstöðum, að komið verði í veg fyrir skemmdir vegna missigs.

VII. KAFLI

Steinsteypt hús.

21. gr.

1. Alla múraða og steypa veggi skal verja gegn jarðraka með því að leggja í þá vatnsheld rakavarnarlög úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Í kjallaragólf, eða í neðsta gólf á húsi, sem er kjallaralaust, skal leggja slíkt rakavarnarlag.

2. Rakavarnarlög í veggi skal leggja þannig:

a. Í alla veggi, sem ekki liggja að kjallara, 8—12 cm fyrir ofan jarðvegshæð, en þó neðan neðsta gólfs í húsi, eitt lag.

b. Á alla kjallaraveggi í hæð við rakavarnarlagið í kjallargólfi, eitt lag.

c. Í alla kjallaraveggi, sem liggja að jörð, tvö lög, eins og tilgreint er í a- og b-lið.

3. Alla kjallaraveggi, sem liggja að jörð, skal verja gegn jarðraka á milli rakavarnarlaga (sbr. 2 lið c.) á þann hátt, sem byggingarfulltrúi samþykkir.

4. Í stað þeirra rakavarna, sem nefndar eru í 1.—3. lið þessarar greinar, má steypa veggi og gólf að öllu leyti úr vatnsheldri steinsteypu.

5. Þar sem ekki er kjallari undir húsi, skal gæta þess, að lífræn efni í grunnstæðinu geti ekki valdið skemmdum á húsinu, enda sé bil milli jarðvegs og gólfs vel loftræst.

22. gr.

1. Þykkt og gerð veggja í steinsteyptum húsum, skulu háðar útreikningi sérfróðs manns (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið), nema um venjuleg ójárnþent íbúðarhús sé að ræða, ekki hærrí en þrífylft, og sé engin hæðin meiri en 2,75 metrar, mæld af gólfi og á. Portveggur telst hæð.

2. Í slíkum húsum má veggjaþykkt útveggja vera minnst 21 cm á efstu hæð og 2 cm meiri fyrir hverja hæð, sem neðar dregur. Undir gluggum ofan kjallara skal heimilt að þynna veggi í allt að 14 cm, enda séu járn lögð í efri brún steypunnar milli stöpla.

3. Burðarveggir innan húss í nefndum húsum skulu ekki vera þynnri en 12 cm á efstu hæð og 2 cm þykkari fyrir hverja hæð, sem neðar dregur.

4. Allar veggjaþykktir eru miðaðar við mál í steypumótum, áður en steipt er í þau, og ákvæðin í 2. og 3. lið gilda því aðeins,
 - að bil milli burðarveggja sé hvergi meira en 5,25 metrar eftir breidd hússins og 10 metrar eftir lengd þess,
 - að burðarveggir allir hvíli á undirstöðum,
 - að enginn veggjastöpull sé mjórri en $\frac{1}{3}$ hluti af samanlagðri vídd opanna beggja megin við hann, og
 - að járnþent steinsteypa sé höfð yfir veggjaopum.
5. Sé hús reist á lóðarmörkum skal vera eldvarnarveggur út að nágrannalóð, og má hann ekki vera sameiginlegur fyrir tvö hús, nema þau séu byggð samtímis.
6. Standi hús á nágrannalóð, nær lóðarmörkum en 3,15 m og án eldvarnarveggs, skal gera eldvarnarvegg við nýja húsið, ef ekki er minnst 6,30 m bil milli húsanna, nema eldvarnarveggur verði jafnframt gerður við eldra húsið.
7. Þar sem nú er sameiginlegur eldvarnarveggur milli tveggja húsa, má ekki rífa hann, meðan annað húsið stendur.
8. Við hús, sem stendur nær lóðarmörkum en 3,15 m eða nær nágrannahúsi en 6,30 m og er án eldvarnarveggs, skal gera slíkan vegg þegar aðalviðgerð fer fram á því.
9. Eldvarnarveggur skal vera úr steinsteypu og minnst 18,5 cm á þykkt, en á honum mega ekki vera gluggar, dyr eða önnur op. Ekki má heldur gera raufar í vegginn fyrir pípur né annað, nema minnst 18,5 cm þykkt sé eftir óskert af veggnum frá þeirri hlið, er snýr að nágrannalóð. Bitar úr járn eða tré mega og ekki ná lengra inn í vegginn en hér var sagt.
10. Eldvarnarveggur skal ná minnst 15 cm upp fyrir þak hússins, og skal svo frá honum gengið að ofan, að vatn geti ekki sigið í hann. Á tvílyftum húsum eða lægri skal þó nægja, að eldvarnarveggur nái þétt upp að yztu þakklæðningu.

23. gr.

1. Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólf-plötur, sem útiloft liggur að.
2. 7 cm þykkar, vel þurrar vikurplötur fullnægja í útveggi, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. um veggjaþykktir. Sé veggjaþykkt eða veggjagerð önnur en þar um ræðir og þar sem annað efni er haft til einangrunar, skal færa sönnur á einangrunargildi veggjarins.

24. gr.

1. Öll gólf og loft í steinsteiptum húsum skulu gerð úr járnþentri steinsteypu og samkvæmt uppdráttum og útreikningum (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið).
2. Við útreikning á járnþentum gólfum og loftum í íbúðarhúsum skal reikna notþunga á gólfum 200 kg/m^2 og þunga steypunnar 2400 kg/m^3 .
3. Heimilt skal vera að leggja pípur fyrir rafmagnsþræði í járnþenta steypu, sé það gert um leið og steipt er, en bannað er að koma þar fyrir vatns-, hitaveitu eða skólppípum. Þar sem slíkar lagnir þurfa að fara í gegnum járnþenta steypu, skal gera op fyrir þær um leið og steipt er. Aldrei má bora eða höggva göt eða raufar í járnþentar plötur, bita, súlur eða veggi, né aðra burðarveggi, nema sérstök nauðsyn krefji og komi þá til leyfi byggingarfulltrúa, er gerir viðeigandi varúðarráðstafanir

VIII. KAFLI

Timburhús.

25. gr.

1. Í timburhúsum, sem leyfð kunna að verða samkvæmt heimild í 16. gr. 2. lið, skulu stoðir í útveggjum þakhæðar og næstu hæðar þar fyrir neðan ekki vera grennri en 10×10 cm og á hæð þar niður af $10 \times 12,5$ cm, en hornstoðir $12,5 \times 12,5$ cm, enda sé hvorug hæðin meira en 3,0 m, mælt af bita og á, og bil milli burðarveggja ekki meira en 4,25 m.

2. Í burðarveggjum innanhúss skulu stoðir á þakhæð og næstu hæð þar fyrir neðan ekki vera grennri en $7,5 \times 10$ cm, og á hæð þar niður af $10 \times 12,5$ cm, enda sé hvorug hæðin meiri en 3,0 m.

3. Sé lofthæð meiri en 3,0 m og allt að 3,5 m, eða bil milli burðarveggja allt að 5,25 m, skulu stoðir vera 2,5 cm gildari á annan veginn en tiltekið er í 1. og 2. lið. Sé hæðin meiri en 3,5 m eða bilið meira en 5,25 m, skal leggja fram sérupprátt að húsgrind, er verkfræðingur ártar.

4. Stigahúsveggi skal gera eins og burðarveggi innanhúss.

5. Nota má stoðir með öðrum gildleika en tiltekið er í undanförunum liðum, ef samur er styrkleikinn.

6. Stoðir í öllum veggjum skulu ekki vera strjállir en svo, að ein stoð komi á 1,2 m í vegg lengd að meðaltali, og hvergi má vera meira bil milli stoða en 1,6 m.

7. Samanlögð breidd glugga- og dyra-öpa má ekki fara fram úr helmingi vegg-lengdar, nema byggingarnefnd samþykki sérupprátt.

8. Undir bita á grunn eða kjallara komi aurslá, er sé fest við hann með járn-boltum, og sé hún ekki grennri en stoðirnar í veggnum upp af. Aursláin skal varin gegn fúa með efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt.

9. Ofan á bita komi undirstokkur, jafnbreiður og stoðir og ekki þynnri en 6 cm og þar ofan á stoðirnar. Þar sem stoð stendur milli bita, skal fella tré undir hana milli undirstokks og aurslár eða vegg-lægju.

10. Milli allra stoða í vegg sé að minnsta kosti eitt þverband og í hverjum vegg minnst 2 sniðbönd. Þverbönd, sniðbönd, vegg-lægjur og syllur skulu vera úr jafngildum við og stoðir.

11. Bitar í gólfum séu ekki strjállir en svo, að bilið milli þeirra, mælt að miðju og á, sé 85 cm að meðaltali og hvergi meira en 1 m.

12. Gildleika bita má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \cong 300 \times e \times 1^2$, þar sem b táknar breidd bitans, h hæð hans, hvorttveggja í centimetrum, en e bilið milli bita, mælt af miðju og á, og 1 bilið milli burðarveggja, hvort tveggja í metrum. Breidd bita má þó aldrei vera minni en $\frac{2}{5}$ af hæð hans ($b \cong 0,4 h$), nema stífur séu látnar liggja milli bita í efri og neðri brún, ekki grennri en 10×5 cm, og skal slíkur frá-gangur háður samþykki byggingarfulltrúa. Sé hæð bita minni en $\frac{1}{20}$ af bili milli burðarveggja, skal leggja fram útreikning, er sýni, að svignun bitans sé minni en 1:270 af lengd hans.

13. Bitatré mega ekki vera með barkhornum á meira en hálfra lengd bitans, og flötur í toppendanum að minnsta kosti helmingur af óskertum þverfleti hans.

14. Ekki má skerða burðarþol bita með því að gera í þá raufar eða göt, en þar sem aukabitar koma í bita, skal styrkja þá, svo burðarþolið rýrni ekki vegna tappa-gatsins.

15. Máttarvið í húsgrindum skal vandlega festa saman á venjulegan hátt og auk þess með járnnum (sinklum), og samþykki byggingarfulltrúinn fráganginn.

16. Utan á grind útveggja komi klæðning úr 2,5 cm þykkum borðum, pappi og

listar og síðan bárujárn, ekki þynnra en nr. 26 BWG eða annað skjólefni, er byggingarnefnd tekur gilt. Klæðning og járn sé vandlega neglt.

17. Innan á útveggi komi pappi og minnst 1,8 cm þykk borð eða annað ekki lakara efni.

18. Á grind innveggja skal þilja á sama hátt og innan á útveggi, en sleppa má pappalaginu.

19. Enginn veggur milli íbúðarherbergja má vera lakari en svo, að þil úr 1,8 cm þykkum borðum, eða lag úr ekki lakara efni, sé hvorum megin og 5,0 cm renningur á milli.

20. Í öll bitalög skal setja milligólf úr borðum milli bita og ofan á það tróð úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Sé notað þungt efni í tróðið, má byggingarfulltrúi krefjast þess, að notaðir séu gildari bitar en ákveðið er í 12. lið þessarar greinar.

21. Ofan á bita skal gera gólf úr minnst 3,2 cm þykkum, hefluðum og plægðum borðum. Sé gólfíð haft úr harðviði, eða sé það gert úr fleiri borðalögum, má byggingarfulltrúi leyfa að nota þynnri borð.

22. Neðan á bita skal þilja með minnst 1,8 cm þykkum borðum. Í einbýlishúsum skal byggingarfulltrúa samt heimilt að leyfa að sleppa þessari klæðningu og þá einnig milligólfi, svo loftið verði með sýnilegum bitum að neðan.

IX. KAFLI

Þök.

26. gr.

1. Sperrur og skambbita í þökum með pappa- eða bárujárns-klæðningu má reikna eftir formúlunni $b \times h^2 \cong 140 \times e \times l^2$, en $b \times h^2 \cong 155 \times e \times l^2$, ef klætt er með steini, skífu eða annarri álíka þungri klæðningu. Í formúlunni þýðir b breidd og h hæð trésins í centimetrum, en e fjarlægðin milli sperra, mælt af miðju og á, og l hafið milli undirstaða, mælt á loftbitum, eða lofti, þverbeint niður undan sperrum, hvort tveggja í metrum.

2. Bilið milli sperra, mælt af miðju og á, má ekki vera meira en 1 metri, ef klætt er með bárujárnri eða pappa, og ekki meira en 80 cm, ef klætt er með steini, skífu eða annarri þungri klæðningu.

3. Ef um stór þök er að ræða eða sérstaklega stendur á, getur byggingarnefndin krafizt burðarþolsreikninga.

4. Sperrur skulu hvíla á syllum eða vegglægjum og festar við þær, en þær séu tryggilega festar við burðarveggi hússins eða efsta gólf, og skal frágangur slíkur, að útvegg húss geti ekki stafað hætta af útspyrnuátaki þaksins.

5. Utan á sperrur komi súð úr 2,5 cm þykkum borðum og þar utan á bikpappi, en síðan skal klæða með bárujárnri, ekki þynnra en nr. 24 BWG, eða öðru eldtraustu efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

6. Byggingarnefnd má leyfa að nota pappa í yztu þakklæðninguna á steinsteypt hús í sundurlausri byggð, enda gæti nefndin þess, að gerð pappans sé slík, að ekki stafi sérstök eldhætta af, og sé þyngd hans minnst 2 kg á fermetra. Enn fremur skulu þau skilyrði sett, að súð sé úr plægðum borðum, að þakhalli sé ekki meiri en 1:3 og að pappinn sé allur fastlímdur við súðina.

7. Ef íbúð er á þakhæð undir súð, skal setja þil milli sperra og skambbita um miðja hæð þeirra og síðan ganga frá þaki að innanverðu eins og frá útveggjum timburhúsa (sbr. 25. gr. 17. lið), en fylla bilið milli þilveggjarins og innri klæðningar með tróði, er byggingarfulltrúi tekur gilt.

8. Í samfelldri húsaröð má enginn kvistur vera nær lóðamörkum en 3,15 m.

9. Ónotað rúm milli efsta lofts og þaks skal hæfilega loftræst, svo ekki safnist

þar saggi, og sé íbúð undir súð, skal hitaainangra loftið eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa (sbr. 23. gr.).

10. Á öll þök húsa skal setja nægilega viðar og hallamiklar þakrennur og úr þeim veggrennur í sambandi við göturæsi eða afrennsliskerfi hússins.

11. Snjógrindur skal setja á þök og króka til festingar á stigum eða köðlum, er byggingarfulltrúi telur þess þörf og byggingarnefnd krefst þess.

X. KAFLI

Reykháfar og eldfæri.

27. gr.

1. Reykháfar í húsum skulu hlaðnir úr brenndum múrsteini eða gerðir úr steinsteypu og standa á fastri undirstöðu. Reykháfur má aldrei hvíla á timburgólfi.

2. Reykháfar mega ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga. Byggingarnefnd getur þó leyft meiri halla á reykháf, ef sérstaklega er um beðið, og fylgi séruppráttur og útreikningur.

3. Reykháfur skal að jafnaði vera ferstrendur, veggþykkt eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvorn veg. Skal reykháfurinn ekki ná minna en 75 cm upp fyrir húsmæni, og aldrei meira en 3 metra upp úr þakfleti. Af hæð reykháfs ofan efsta gólfs mega þó aldrei meira en $\frac{2}{5}$ hlutar vera ofan þakflatar, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í slíkan reykháf má leiða reyk frá allt að 8 lokuðum eldstæðum, en sé um miðstöðvarhitun að ræða, skal útreikningur skera úr um það, hvort stækka þurfi reykháfinn (sbr. 4. gr. 3. l.).

4. Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vidd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, skal leggja sérupprátt og útreikning fyrir byggingarnefnd, er ákveður gerð og hæð reykháfsins. Byggingarnefnd getur krafist þess, að slíkur reykháfur sé fóðraður með eldföstum steini.

5. Þar, sem reykháfur fer í gegnum timburgólf eða þak, skal gera vegg hans svo þykka að minnst 23 cm séu alls staðar frá innri brún hans að máttarviðum, og þar, sem timburveggur kemur að reykháf, skal svo frá ganga, að hvergi sé minna en 23 cm frá innri brún reykháfsins að máttarviðum.

6. Gólf, loftklæðningar og þil má ganga að reykháf, en ekki festa við hann á nokkurn hátt. Yfir rifuna má leggja lista, er festur sé við reykháfinn, en ekki má nota trétappa til festingar.

7. Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga, heldur eiga úthliðar reykháfs ætíð að vera sýnilegar og óþaktar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður.

8. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pappinn né hringurinn geti ýzt inn fyrir innra borð reykháfsins.

9. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg 23×23 cm við sótop, svo auðvelt sé að hreinsa vegg hans og ná sóti úr honum. Sótöpi skal loka með járnhurð í járnurgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem einnig segir fyrir um fjölda sótöpa á hverjum reykháf.

10. Í reykháf má ekki festa leiðslur, loftnet eða slíkt, nema gerður sé tryggilegur umbúnaður til festingar og reykháfurinn sé nógu traustur, og er þetta hvort tveggja háð áliti og leyfi byggingarfulltrúa.

28. gr.

1. Frá hverju eldstæði, þar sem kynnt er kolum eða öðrum föstum eða fljótandi efnum, skal leiða reyk í hlaðinn eða steyptan reykháf, annaðhvort múraðar eða steyptar reykþapur, eða um járnþapur, sem mega aldrei vera mjórri en 25 cm.

2. Frá innri brún reykanga og reykþípna skal ávallt vera minnst 23 cm bil að timbri eða viðarlíki, og reykþípur úr jární mega ekki vera lengri en 3 metrar, nema sérstakt leyfi komi til.

3. Ef ganga þarf undir reykþípu, skal vera minnst 1,90 m frá gólfi að henni, og reykþípa má aldrei fara gegnum gólf, heldur skal hún sett í reykháf á sömu hæð og eldstæðið er.

4. Ekkert eldstæði má standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 23 cm sé milli þess og ytri brúnar eldstæðisins, og á þetta við bæði vegg og gólf. Auk þess skal þekja timburgólf undir eldstæði og kringum það með eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir það, en 23 cm til hliða og aftur fyrir. Sé um límföfn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldhólið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málmí, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

5. Sérhvert opið eldstæði (kamína) skal vera í beinu sambandi við reykháf, sem ekki flytur reyk frá öðrum eldstæðum, og skal þess vandlega gætt, að ekki stafi eldhætta af.

6. Þess skal sérstaklega gætt, að svo vandlega sé gengið frá gerð lofthitunarofna, umbúnaði öllum og þípum frá þeim, að eldhætta stafi ekki af.

7. Miðstöðvarköttlum, sem hafa stærri hitaflöt en 1,3 fermetra, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, sem múruð eru eða sementshúðuð í hólf og gólf.

Sé ketill kynntur með fljótandi eldsneyti, skal þess sérstaklega gætt, að fyrir-komulag eldsneytisgeymslu sé slíkt, að eldhætta stafi ekki af.

8. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp brauðgerðarofna, brauðsluofna, gufukatla og önnur slíkt sérstæð eldstæði, og skal hún gæta þess, að hvorki eldhætta né óhollusta stafi af.

Skulu öll slíkt mannvirki auk þess fullnægja þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerðum og lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

9. Brennsluoft frá föstum eldstæðum, sem kynnt eru með gasi, skal leiða í reykháf um járnþípu og búa svo um, að ekki geti slegið úr reykháf niður í eldhól. Um slíkar þípur gilda sömu fyrirmæli og um reykþípur.

10. Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, þótt ekki séu hituð með eldi, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki.

XI. KAFLI

Stigar, lyftur og veggvalir.

29. gr.

1. Í öllum húsum, þar sem íbúð er á meira en einni hæð, skal vera að minnsta kosti einn stigi, og á hverri hæð frjáls og óhindraður aðgangur að honum úr hverri íbúð.

Séð skal um, að nægileg birta og loft komist að hverjum stiga og stigahúsi.

2. Einn stigi nægir í húsi, þar sem ekki eru meira en 4 íbúðir á hverri hæð, enda sé húsið ekki hærra en þrjúlf. Frá engum stað í húsinu má þó vera meira en 25 metra vegalengd að stiga, og sé greiðfært að honum.

3. Á öllum stigum skal vera handrið öðru megin, eða beggja megin, ef stiginn liggur ekki að vegg. Handrið sé minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 90 cm meðfram stigaopum.

Milli rimla í handriðum má eigi vera meira bil en 15 cm. Sömu reglur gilda um umbúnað veggvala, eftir því sem við á.

4. Í einbýlishúsum skal minnsta breidd stiga vera 80 cm, en í öðrum tvílyftum húsum 1,00 m og í þrílyftum húsum 1,10 metrar. Liggja stigi að vegg, skal telja breidd hans frá vegg að handriði, en sé handrið beggja megin, milli handriða.

5. Stigar niður í kjallara og upp á þakhæð mega vera mjórri en nú var sagt, enda sé þar engin íbúð.

Á föstum stigum skal þó alltaf vera handrið.

6. Ganghæð stiga má þó hvergi vera minni en 2,10 m og hvert skref 63 cm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Þrepsbreidd skal mæla í ganglínu, sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin, sem þrep er mjórri, og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvílyft, en 26 cm, sé hús hærra.

Á hverju þrepi, sem er ekki breiðara en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepsbreiddar í þessu sambandi.

Í stigum, sem liggja um fleiri hæðir, skal sem næst sama þrepsbreidd vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar.

7. Stigapallar og gangur meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stigunum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en $1\frac{1}{3}$ sinnum breidd stigans og gangurinn hvergi lengri en 2,20 metrar.

8. Í tvílyftum húsum, þar sem aðeins ein íbúð er á efri hæð, mega stigar vera úr tré, en skulu þá þiljaðir og sementshúðaðir að baki.

Í öðrum húsum skal gera stiga úr járnbentri steinsteypu.

9. Útíróppur skulu ávallt vera gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærrí en 1,50 m. Að öðru leyti gilda sömu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingarnefnd má leyfa að víkja frá þeim, ef ástæða þykir til (sbr. 14. gr. 1. og 2. lið).

30. gr.

1. Séu lyftur í húsi, skulu þær fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmíðjum og vélum.

2. Ákvæðin um stiga í íbúðarhúsum gilda jafnt, þótt einnig sé lyfta í húsinu.

XII. KAFLI

Íbúðir.

31. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk, eða hvorttveggja, en það er talin sérstök íbúð, ef eldhús fylgir, hvort heldur herbergin eru eitt eða fleiri.

2. Lofthæð íbúðarherbergis má ekki vera minna en 2,50 m, nema um loft- eða kvistherbergi sé að ræða. Í slíkum herbergjum nægir 2,20 m hæð, og sé herbergi undir súð, skal sú hæð vera yfir minnst hálfum gólfleti þess, og sé enginn veggur lægri en 85 cm.

3. Gólfflötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 metrar, og í hverri íbúð skal vera að minnsta kosti eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 fermetrar að gólfleti.

4. Á hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal vera gluggi á útvegg, sem má opna, og skal glerflötur í gluggum íbúðarherbergis vera ekki minna en $\frac{1}{10}$ af gólfleti þess.

5. Íbúðarherbergi má ekki gera á skammbitalofti.

6. Í kjallara má ekki gera íbúðarherbergi, ef gólf hans er undir yfirborði jarðvegs.

7. Frágangur veggja, lofts og gólfa í íbúðarherbergjum skal vera sem segir í 24.—26. gr. þessarar samþykktar, og skal svo til haga, að nægilegan hita megi hafa í hverju einstöku íbúðarherbergi.

8. Hverri íbúð skal fylgja forstofa, sem hafi óhindraðan aðgang að stigahúsi eða gangi að stigahúsi eða að útidyrum, og sé hún ekki mjórri en 1,30 m.

9. Hver íbúð skal hafa frjálsan aðgang að vatnssalerni, sem ekki má vera sam-
eiginlegt fyrir meira en tvær íbúðir og þá þannig fyrir komið, að ekki þurfi að fara um forstofu eða herbergi hinnar íbúðarinnar til þess að komast að því.

Vatnssalernisklefi skal vera minnst 0,85 fermetrar að gólfleti, og hafa nægilega loftræstingu.

Sé hús svo í sveit komið, að ekki náist til holræsis fyrir rennsli úr vatnssalerni, skal gera rotþró, gerð hennar og frárennsli skal háð samþykki byggingarnefndar.

10. Hverri íbúð skal fylgja hæfilega loftræst geymsla, er sé ekki minni að gólf-
fleti en $\frac{1}{20}$ af brúttóflatarmáli íbúðarinnar og manngeng.

11. Þvottahús, sem fylgja íbúðum, skulu hafa vatnsheld gólf með afrennsli, og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu.

12. Ef ekki er gluggi á hjörum í stigahúsi, þvottahúsi eða miðstöðvarherbergi, skal loftræsa þau á fullnægjandi hátt út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhláf.

13. Séu skarnpípur settar í hús, skal þess vandlega gætt, að svo sé um þær
búið, að ekki stafi óhollusta af. Skulu pípuop jafnan fara í fullri vídd upp úr þaki.

XIII. KAFLI

Hús til annarra afnota en íbúðar.

32. gr.

1. Hús, sem ætluð eru til annarra afnota en íbúðar, svo sem t. d. verksmiðjur, vinnustofur, skólahús, íþróttahús, verzlunarhús og geymsluhús, eru háð þeim kröf-
um um styrkleika, gerð og afstöðu, sem byggingarnefndin gerir í hvert skipti, að svo miklu leyti, sem ákvæði þessarar samþykktar ná ekki til þeirra.

2. Í skólahúsum, leikhúsum, kvikmyndahúsum og öðrum samkomuhúsum skulu allar hurðir opnast út.

3. Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers reksturs, sem hefur í för með sér óþrif eða óþef eða sérstök eldhætta stafar af, skal þess sérstaklega gætt, að fylgt sé fyrirmælum heilbrigðissamþykktar eða brunamálasamþykktar, svo engin hætta stafi af.

33. gr.

1. Skýli, önnur en bifreiðaskýli, sem leyfð kunna að verða samkvæmt 6. gr. 4. lið þessarar samþykktar inni á lóðum íbúðarhúsa, má byggingarnefnd heimila að byggja úr timbri, enda þótt að jafnaði sé krafizt, að byggingar séu gerðar úr eld-
traustu efni. Eldvarnarveggur skal þó ávallt vera að nágrannalóð, ef nær er en 3,15 m.

2. Byggingarnefnd getur og leyft að þekja slík smáhýsi með pappa (sbr. 26. gr. 6. lið).

3. Vinnuskúra, sem aðeins eru notaðir meðan á byggingu húss stendur, má byggingarfulltrúi leyfa með þeirri gerð, sem honum finnst hæfa í hvert sinn.

34. gr.

Minni háttar útihús, sem ekki eru byggð úr varanlegu efni, skulu ekki háð ákvæðum byggingarsamþykktar, enda brjóti þau ekki í bága við heilbrigðissamþykkt eða kröfur heilbrigðisnefndar.

XIV. KAFLI

Óþrif.

35. gr.

1. Sé ætlazt til að framkvæma gagngerða breytingu á húsi eða endurbæta það að verulegu leyti, og séu í því rottur eða mys eða önnur meindýr (veggjalýs, kakkalakkar), skal húseigandi láta eyða þeim áður en byrjað er á verkinu.

2. Eigi að rífa gamalt hús, skal gæta sömu varúðarreglna áður en niðurrífsverkið er hafið, enda má ekkert hús rífa, nema áður sé tilkynnt byggingarfulltrúa.

XV. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld.

36. gr.

1. Fyrir leyfi til að reisa hús eða stækka skal greiða í hreppssjóð 15 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins, og skal mæla hæðina frá kjallaragólfi að skurðlínu milli þaks og veggflatar, og sé rishalli á þaki eða hluta þess meiri en 45°, eða sé kvistur á þaki, skal bæta við húshæðina þeirri mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu, dregna með 45° halla frá skurðlínu þaks og veggflatar. Sé ekki kjallari undir húsinu, skal mæla hæð þess frá lægsta jarðvegi við húshlið.

Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 10 krónur.

2. Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð.

3. Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar, skal greiða 15 krónur í sveitarsjóð.

4. Byggingarleyfisgjöld verða aldrei endurgreidd, þótt leyfi falli úr gildi vegna þess, að það hafi ekki verið notað innan eins árs. Verði leyfi endurnýjað óbreytt, skal greiða fyrir það 10 krónur, en verði veitt leyfi fyrir breyttu húsi á sömu lóð, er komi í stað hins fyrra, skal greiða fullt gjald samkvæmt 1. lið, en draga frá gjaldinu upphæð þess gjalds, sem greitt var fyrra skiptið.

5. Byggingarfulltrúinn innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari samþykkt. En verði vanskil, má hann ekki gefa vottorð um mannvirkið samkvæmt 5. gr., og 8. lið, fyrr en gjöldin eru greidd.

6. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt verðlagsvísitölu.

Skal sveitarstjórn í upphafi hvers árs ákveða álagið fyrir það ár, og má það ekki fara fram úr meðalverðlagsvísitölu næsta árs á undan.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

37. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra nýrra húsbygginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrífs á því, sem verið er að gera.

2. Hún tekur einnig til hækkunar, stækkunar og höfuðbreytinga á eldri byggingum og mannvirkjum, svo og til annarra breytinga, að svo miklu leyti, sem við verður komið án verulegrar röskunar á því, sem fyrir er.

38. gr.

Byggingarnefnd skal þegar í stað kæra fyrir héraðsdómara, ef bygging er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða byggð er á annan hátt en leyfi stendur til.

Skal þá þegar kveðinn upp úrskurður um, hvort byggingin skuli bönnuð og rifin niður eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð sveitarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegar byggingar. Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd héraðsdómara á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni samkv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal oddvita kost á því fyrir hönd sveitarsjóðs að gera í refsímálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

Byggingarsamþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessa staðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir og lögum nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. auglýsingu nr. 183 5. nóvember 1962 um skipulag í Bessastaðahreppi, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR**um sumardvalarheimili barna.**

1. gr.

Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 5 börn eða fleiri til sumardvalar. Menntamálaráðuneytið veitir heimild til stofnunar eða rekstrar sumardvalarheimils, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og héraðslæknis og með samþykki Barnaverndarráðs Íslands.

2. gr.

Umsóknum á þar til gerðu eyðublaði um heimild til þess að reka sumardvalarheimili þurfa að fylgja í fyrsta sinni:

1. Greinargóð umsögn barnaverndar-(skóla)nefndar um heimilið, þar sem komi skýrt fram álit hennar á hæfni og aðstæðum heimilisins til þess að taka börn til sumardvalar.
2. Heilbrigðisvottorð heimilisfólks.

3. Umsögn héraðslæknis um:

- a) húsakynni, upphitun, hreinlætistæki, húsrými, m. a. til innileikja, þegar veður hamlar útivist, og annað í því sambandi, sem að dómi læknis skiptir máli,
- b) brunahættu og aðra slyshættu,
- c) hæfilegan fjölda sumardvalarbarna.

4. Sakavottorð.

Þeir, sem fengið hafa leyfi til að reka sumardvalarheimili, skulu síðan árlega senda þær upplýsingar, sem Barnaverndarráð ákveður, áður en starfsemi hefst á árinu.

3. gr.

Húsakynni skulu fullnægja eftirtöldum lágmarksskilyrðum:

- a) Drengir og stúlkur skulu vera sér um svefnherbergi.
- b) Hvert barn skal sofa sér í rúmi.
- c) Börnin mega ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks.
- d) Í svefnherbergjum mega ekki vera háarúm, nema hæð herbergisins sé 2.50 m eða meira, og þá því aðeins, að minnst 1.80 m fjarlægð (gólflötur) sé á milli rúmstokka. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi. Þar sem ekki eru háarúm, skulu vera minnst 0.90 m á milli rúmstokka.
- e) Ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börnin eða starfsfólk (heimilisfólk) nota sameiginlega.
- f) Möguleiki á að einangra sjúkt barn.
- g) Börnin skulu hafa aðgang að baði og vatnssalerni.

4. gr.

Þegar starfsemi sumardvalarheimilis er ráðin og tilskilið leyfi fengið, skal fara fram lækni- og starfsfólki, rétt áður en starfræksla þess hefst. Forstöðumaður skal og krefjast heilbrigðisvottorðs með hverju barni, sem hann tekur til sumardvalar. Ef heilbrigðisvottorð fylgir ekki barni, skal hann umsvifalaust fá héraðslækni til þess að athuga heilbrigði þess.

5. gr.

Barnaverndarnefndum ber að veita væntanlegu forstöðufólki sumardvalarheimila upplýsingar og leiðbeiningar.

Þær skulu fylgjast rækilega með rekstri barnaheimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst tvisvar á sumri og oftár, ef þörf gerist, til þess að kynna sér sem bezt aðbúð og líðan barnanna og beita sér fyrir því, að bætt sé þegar í stað úr ágöllum, ef í ljós kunna að koma.

Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri barnaheimilis, að nefndinni þyki orka tvímælis, hvort rétt sé, að það starfi áfram, skal hún tafarlaust gera Barnaverndarráði Íslands viðvart.

Kostnaður vegna eftirlits barnaverndarnefnda greiðist af hlutaðeigandi dvalarheimili, nema eftirlitið sé falið öðrum.

6. gr.

Forstöðumaður dvalarheimilis skal í lok starfstíma senda hlutaðeigandi barnaverndar-(skóla)nefnd og Barnaverndarráði Íslands árlega skýrslu um rekstur dvalarheimilis. Skulu þar m. a. tekin fram nöfn og heimili forstöðufólks og starfsfólks, tala barna, aldur þeirra, kyn og dvalartími. Þá skulu tilgreind dvalargjöld.

7. gr.

Fulltrúi frá Barnaverndarráði Íslands skal a. m. k. einu sinni á sumri koma á sumardvalarheimili, sem löggilt hafa verið, til leiðbeiningar og eftirlits. Skal hann

kynna sér allan aðbúnað barna á heimilunum og að fylgt sé í öllu ákvæðum laga og reglna um barnaheimili. Kostnaður vegna þess eftirlits greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með skirskotun til laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. febrúar 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

8. febrúar.

Nr. 32.

REGLUR

**um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra,
nr. 11 20. janúar 1953.**

1. gr.

Næst síðasta málsgrein 40. gr. reglnanna orðist þannig:

Í stað framangreindrar töflu má með samþykki skipaskoðunarstjóra nota reglur flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, enda er skipaskoðunarstjóra heimilt að gera strangari kröfur um lengd og gildleika akkerisfesta, ef ástæða þykir til.

2. gr.

1. mgr. 184. gr. orðist þannig:

Í hverjum svefnklefa skal vera ljóri, þar sem því verður við komið.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. febrúar.

Nr. 33.

AUGLÝSING

um skipulag í Kjalarneshreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að Kjalarneshreppur skuli hér eftir falla undir ákvæði laga nr. 55/1921.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Höfn í Bakkafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og í Bakkafjarðarhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefndinni til fjögurra ára í senn. Annast hún öll framkvæmdastörf, endurbætur, viðhald og umsjón með eignum vatnsveitunnar í samráði við hreppsnefnd.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegastæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

Tengigjald greiði húseigandi um leið og hann sækir um eða fær leyfi til að tengja við vatnsveitu hreppsins, og nemur tengigjaldið kr. 500.00 og 2% af fasteignamatsverði húsa.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu þorpsins, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur trygган.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa aðhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningar mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni, samkv. 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitum án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkv. mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæti sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum í Hafnarþorpi, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsi eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsveitu hreppsins. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

14. gr.

Af öllum húsum í Hafnarþorpi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 2% af fasteignamatsverði, þó skal lágmark skattsins vera kr. 400.00 fyrir hvert íbúðarhús. Auk þess skal greiða kr. 400.00 fyrir hverja íbúð, sem búið er í, umfram eina í hverju húsi.

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmíðjur, þvottahús, baðhús, frystihús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skulu greiða í vatnsskatt 2½% af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	0.75
2. — hverju síldarmáli	—	0.50
3. — hverri smálest innvegins nýs fiskjar	—	8.00
4. Fyrir vatn til saltfiskþvottar af skipi	—	0.50
5. — hverja frysta síldartunnu	—	0.50
6. — hvern kjötskrokk	—	0.25
7. — vatn á steypu af hverri sementstunnu	—	1.00
8. — hverja bifreið skrásetta í hreppnum	—	100.00

9.	Fyrir hvern krana utanhúss — árgjald	kr.	30.00
10.	— hvern stórgrip sem stendur inni	—	30.00
11.	— hverja 100 lítra lifrar teknar í bræðslu	—	0.50

17. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14., 15. og 16. gr., hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn. Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu, eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1.20 fyrir smálest af fyrstu 1000 smálestum og kr. 0.70 fyrir smálest af því, sem fram yfir er.

18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi, ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af sild og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

19. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 15.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 30.00 fyrir fiskiskip og kr. 50.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafskipabryggja Bakkafjarðar greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjum, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða, sem um ræðir í 16. gr.

20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskattur má innheimta með lögtaki á kostnað notenda.

21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkv. 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöln til útflutnings. Vatnsskattur samkvæmt 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá I.

Frá og með 1. marz n. k. gengur í gildi ný lyfjaverðskrá I, og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 1. september 1959, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Eliás Eliasson.

14. febrúar.

Nr. 36.

SAMÞYKKT

um breytingu á fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 15 18. febrúar 1958.

1. gr.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. h. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 að kveldi. Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á hylgjulengd 2308 kílórið.

3. gr.

3. grein samþykktarinnar orðist svo:

Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. Bátum þeim, sem róa austur í Meðallandsbúgt er heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðramerkis þar. Þeir, sem fara 30 sjómílnur vestur fyrir Eyjar, taka tímamerkið 20 sjómílnur frá Eyjum. En þar til róðramerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra sem hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með þrem gulum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau ber saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að tvö gul ljós ofarlega og vestarlega í bænum beri saman, og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarrey í Faxasker að norðan.

Þeir, sem eru austur við Dyrhólaey, mega ekki fara austar en Dyrhólaeyjarvitinn miðist í misvisandi NA og skulu þeir halda sér innan við 45 faðma dýpi.

Þeir, sem fara austur að Alviðruhamravita mega ekki fara austar en að Alviðruviti miðist í norður eftir kompás, og ekki dýpra en á 60 faðma dýpi.

Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálfsögðu að fara út fyrir línu til eftirlits.

Á leiðinni út og inn höfnina má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tímamerkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa tekið tímamerkið á Víkinni, og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

Bátar þeir, sem taka tímamerkið við Alviðruhamravita, skulu skyldir að fara minnst 15 sjómílar austur fyrir Alviðruhamravitann, áður en þeir byrja að leggja. Sömuleiðis mega þeir alls ekki leggja línu sína vestan áðurgreindra marka, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum í Meðallandsbugt, en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem róðið hafa frá Dyrhólaey eða af Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir byrja að leggja.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um sama efni, nr. 23 5. marz 1959.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162. 30. september 1941.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu.

1. gr.

a. Við 37. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Skylt er mönnum að hafa hunda sína í öruggri vörzlu.

Verði misbrestur á því, eiga eigendur enga bótakröfu, ef hundar þeirra verða fyrir meiðslum eða fjörtjóni.

- b. Í 2. mgr. 50. gr. á eftir orðunum „varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti“ komi: „svo og um hámarksfjölda samkomugesta á hverjum stað“.
- c. Í 50. gr. komi ný mgr., sem verður 6. mgr. svo hljóðandi:

Nú hefur einhver orðið með dómsrannsókn sannur að sök um brot á ákvæðum þessarar gr. og er þá forráðamönnum samkomustaða heimilt að fengnu samþykki lögreglunnar að meina honum aðgang að samkomum um tiltekinn tíma. Slíkt hið sama er þeim skylt að gera, ef lögreglan krefst þess.

Börnum undir 16 ára er bönnuð dvöl á almennum dansleikjum eftir klukkan 20.00.

- d. Aftan við fyrirsögn annars þáttar bætist:
„Egilsstaðakaupþúns, Djúpavogskaupþúns, Stöðvarfjarðarkaupþúns og Breiðdalsvíkurkaupþúns“, „og“ á undan „Búðakaupþúns“ falli niður.

- e. Framan við 69. gr. komi tvær mgr. svo hljóðandi:

Aldrei má aka bifreið eða öðru vélknúnu farartæki um götur kaupþúnanna með meiri hraða en 35 km. á klukkustund.

Heimilt er lögreglustjóra eftir samþykkt hreppsnefnda að ákveða lægri hámarkshraða á tilteknum götum eða gatnaköflum, ef umferð um þær telst sérstaklega hættuleg.

- f. 73. gr. orðist svo: Innan kaupþúnanna má eigi hafa alifugla nema í tveggja metra hárrí hæsnávírnetsgirðingu eða annari álíka girðingu, er lögreglan metur. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá látið slátra alifuglum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglan látið slátra þeim alifuglum, er hún telur eiga of illt eða eru til óþrifa.

Er eigendum skylt að endurgreiða slátrunarkostnaðinn.

- g. 74. gr. orðist svo: Búfénaður (sauðfé, nautgripir o. s. frv.) má ekki ganga laus í kaupþúnunum.

Það er á ábyrgð eigenda, að búfénaður þeirra geri engan óskunda eða skaða í kaupþúnunum, t. d. í löggirtum gördum eða túnunum enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en skýra skal hann tafarlaust lögreglunni frá því.

Allur sauðfénaður skal fluttur til beitar af verzlunarlóð kaupþúnanna þegar að loknum sauðburði.

Fjárhús og önnur hús fyrir búpening má aðeins hafa þar sem hreppsnefnd ákveður.

Heimilt er hreppsnefndum að banna algerlega sauðfjárhald á verzlunarlóðum kaupþúnanna. Ákvæði þessarar mgr. getur einnig átt við hrossahald.

Ef út af þessum ákvæðum er brugðið, varðar það eiganda sektum skv. XVII. kafla. Enn fremur skal eigandinn greiða allan kostnað við handsömun, varðveizlu og sölu fénaðarins. Selja má ágangsfénaðinn eða slátra honum til lúkníngar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki tafarlaust.

- h. 81. gr. orðist svo: Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börnum 12 ára og yngri er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20 og unglíngum 13–15 ára eftir kl. 22 á tímabilinu 1. okt. til 1. maí nema í fylgd með fullorðnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir eftirliti foreldra eða fulltrúa þeirra. Þeim er á sama tímabili óheimill aðgangur að kvöldsýningum kvíkmyndahúsa og annarra skemmtistaða nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni nema með leyfi foreldra eða forráðamanna. Lögreglan getur bannað börnum 12 ára og yngri, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki óheimilan aðgang. Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir innan félaga hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum sbr. 2. mgr.

Bönnuð er sala þeirra sælgætisvara, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar, geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á almennum samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar. Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn bera ábyrgð á, ef út af er brugðið.

Barnaverndarnefndum er heimilt að ákveða, að unglingum 12—16 ára skuli skylt að bera aldurskirteini.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

- i. Aftan við 87. gr. bætist: „Egilsstaðakaupþún, Djúpavogskaupþún, Stöðvarfjarðarkaupþún og Breiðdalsvíkurkaupþún“, orðið „og“ á undan „Búðakaupþún“ falli niður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

- Egilsbraut 5 og 7 Grænaborg, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Andrés Guðmundsson, Björn Björnsson og Jón Pálsson.
- 6 Nýi-Kastali, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Sigurbjörg Þorvarðardóttir, Sofus Gjoveraa, yngri, Sveinn Davíðsson og Sæsilfur hf.
- 14 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
- 16 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
- 18 Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
- 24 Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
- Eyrargata 6 Pakkhús, eigandi Þórshamar hf.

- Hafnarbraut 15 Sjóhús, eigandi Guðröður Jónsson.
 — 23 Pakkhús, eigandi Jón Karlsson.
 — 25 Pakkhús, eigandi Jón Karlsson.
 — 27 sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.
 — 29 Skúr, eigandi Jón Karlsson.
 — 31 Pakkhús, eigandi Jóhann Eyjólfsson.
 — 33 Skúr, eigandi Jón Þórðarson.
 — 35 Sjóhús, eigandi Ársæll Júlíusson.
 — 39 Sjóhús, eigandi Hafbjörg hf.
 — 51 Sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
 — 54 Gamla-Tröllanes, eigendur Hrafnkell hf. og Elías Kristjánsson.
- Nesgata 2 Sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
 — 8 Atlahús og Kornvöruhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
 — 8A Bryggjuhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
- Strandgata 3 Sjóhús, eigandi Ármann Magnússon.
 — 5 Glaðheimar, eigandi Ármann Magnússon.
 — 7 Skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
 — 13 Sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 — 15 Sjóhús, eigandi Ólafur Guðmundsson,
 — 17 Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason.
 — 21 Sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.
 — 35 Sjóhús, eigandi Jakob Jakobsson.
- Sverristún 1 Fjánhús og hlaða, eigandi Haraldur Brynjólfsson.
 — 3 Hlaða, eigandi Guðni Einarsson.
- Piljuvellir 3 Gripahús, eigandi Guðni Einarsson.
 Þórshólsgata 5 Laufás, eigendur Einar Bjarnason og Hermann Davíðsson.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta úr Sandgerði, Keflavík, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu, Hafnarfirði, Reykjavík og Akra-

nesi á mið sunnan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64° 17'8 n.br. og 23° 18'0 v.lg.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Sandgerði, Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 02.00
Í febrúar	— 01.00
Frá 1. marz til 15. marz	— 24.00
Frá 16. marz til 31. marz	— 23.00
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 22.00
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 21.00
Í maí	— 20.00

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin frá Sandgerðisvita 2.0 sjóm. út eftir hvíta ljósgeiranum og þaðan í norður í 64° 07'0 nr.br. og 22° 47'5 v.lg.

Þegar hinn tilsetti tími er kominn, skulu nefndarmenn, sem kjörnir eru samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar, annast um, að merki sé gefið.

3. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði á mið norðan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64° 17'8 n.br. og 23° 18'0 v.lgd.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma er hér segir:

Í janúar	kl. 01.05
Í febrúar	— 00.05
Frá 1. marz til 15. marz	— 23.05
Frá 16. marz til 31. marz	— 22.05
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 21.05
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 20.05

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9, sem lagt hefur verið eins og hér segir:

64° 14'5 n.b.
22° 18'1 v.lg.

Ljóseinkenni: Hvítur þríblossi á 25 sek. bili.

4. gr.

Allar tímaákvæðanir í reglugerð þessari miðast við íslenzkan meðaltíma.

5. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kjósa þrjá eða fimm bátaformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin, sbr. þó 6. gr., og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

6. gr.

Akurnesingar skulu gefa brottfararmerki í Norðurflóa.

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00. Þriðja brot varðar missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 20 13. febrúar 1953 um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, svo og reglugerð nr. 6 17. febrúar 1956, um breytingu á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

1. gr.

Skipum með 10 manna áhöfn skal óheimilt að eiga fleiri net í sjó en 90. Sé áhöfn 11 menn, skulu net ekki vera fleiri en 105.

2. gr.

Frá upphafi vetrarvertíðar til 20. marz ár hvert, skal óheimilt að leggja þorskanet á svæði, sem takmarkast af eftirgreindum línum:

1. Að suðaustan af línu, sem hugsast dregin misvísandi suðvestur að vestri frá Reykjanesvita.
2. Að norðaustan af línu, sem hugsast dregin misvísandi norðvestur að norðri frá Reykjanesvita.
3. Að norðvestan af línu, sem hugsast dregin misvísandi vestur að suðri frá Garðskagavita.
4. Til hafs takmarkast svæðið sjálfkrafa af 12 milna fiskveiðimörkunum.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt eða forleigurétt Reyðarfjarðarhrepps á lóð í Reyðarfjarðarhreppi.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Reyðarfjarðarhreppur áskilur sér forkaups- og/eða forleigurétt á lóð eins og hér greinir: Lóðin afmarkast af aðalbraut að norðan, landi ríkisins að vestan, leigulóð Bergs Lárussonar að austan og sjó að sunnan. Lóð þessi er eign eigenda Bakkagerðislands í Reyðarfirði.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá og með dagsetningardegi hennar og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

R E G L U G E R Ð**um breyting á reglugerð nr. 160 frá 21. ágúst 1959, um barnavernd í Siglufirði.****1. gr.**

Í stað orðanna „12—14“ í 2. mgr. 1. gr. komi: „innan 14 ára“.

2. gr.

2. gr. hljóði svo:

Bannað er að afhenda börnum og unglíngum innan 14 ára aldurs tóbak, nema fyrir liggja beiðni frá foreldrum eða öðrum vandamönnum.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Börnum og unglíngum innan 16 ára er óheimill aðgangur að knattborðsstofum og öldrykkjustofum. Innan sömu aldursmarka er unglíngum óheimill aðgangur að og þátttaka í töluspjaldahappdrætti („bingó“), nema í fylgd með foreldrum. Eftir kl. 20 er þeim þó óheimill aðgangur með öllu að þess háttar skemmtunum. Innan sömu aldursmarka er unglíngum (innan 16 ára) á tímabilinu 1. september til 1. maí óheimill aðgangur að almennum veitingahúsum, kaffihúsum, ís- og sælgætissölum, kvöldsölum („sjoppum“) og öðrum þess háttar stöðum, hverju nafni sem nefnast, eftir kl. 20. Sé dansað á viðkomandi stað, er þeim óheimill aðgangur á hvaða árstíma sem er og hvaða tíma dags sem er. Unglíngum innan 14 ára er óheimill aðgangur að öllum framangreindum stöðum eftir kl. 20, óháð árstíma.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur jafnframt úr gildi breyting á reglugerðinni, dags. 19. janúar 1963.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. febrúar 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

6. marz.

Nr. 43.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Akureyri.

1. gr.

Greiða skal til bæjarsjóðs Akureyrar fasteignaskatt af fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar eftir neðangreindum reglum.

2. gr.

Fasteignaskattur skal miðaður við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

- a. 4% af virðingarverði byggðra lóða.
- b. 2% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. 1% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lenda.

3. gr.

Skatt skal reikna af heilum þúsundum fasteignamats, en því sem umfram er, skal sleppa.

Nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 1000 kr., greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin landsafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigutaki skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 15. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn á skrifstofu bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari, eru allar fasteignir bæjarsjóðs Akureyrar, aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, eða rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldur fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað nr. 92/1943.

Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 18. marz 1961, fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 7. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af hlaupareikningi og hliðstæðum reikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

2. gr.

Við 4. málsg. 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Vélbókuð kvittun gjaldkera nægir þó, sé um vélabókhald að ræða.

3. gr.

Fyrri málslíður 1. málsg. 44. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að gjaldkeri hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar, sbr. þó 4. málsg. 15. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt var á aðalfundi bankans 6. apríl 1963, er sett samkvæmt lögum nr. 46/1960, um Verzlunarbanka Íslands hf., og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um fyrirmynd að byggingarsamþykktum nr. 97 18. ágúst 1948.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84/1943, um breytingar á þeim lögum, og lög nr. 55/1921, um skipulag kaupstaða og kauptúna, og síðari breytinga á þeim lögum, gerði ráðuneytið fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir kaupstaði og kauptún, sem prentuð var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 97/1948.

Leiðréttingar til samræmingar á ofangreindri fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir kaupstaði og kauptún hefur verið gerð og er hún birt hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Fylgiskjal.

Leiðréttingar til samræmingar á fyrirmynd að byggingarsamþykkt, sem prentuð er sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, í B-deild Stjórnartíðinda það ár.

I. kafli, 2. gr. 2. liður: Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir o. s. frv. Á að vera: Reglulega fundardaga ákveður nefndin sjálf með fundarsamþykkt.

I. kafli, 2. gr. úr 2. lið: Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu koma til byggingarfulltrúa fyrir hádegi þriðjudag næsta fyrir fundinn. Á að vera: Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu koma til byggingarfulltrúa a. m. k. tveim dögum fyrir byggingarnefndarfund.

II. kafli, 4. gr. úr 2. lið: Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdrætti sýna hluta af aðliggjandi húshliðum. Á að vera: Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdrætti sýna aðliggjandi húshliðar.

II. kafli, 4. gr. 8. liður: Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum, húsameisturum, verkfræðingum, iðnfræðingum eða öðrum o. s. frv. Á að vera: Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum, húsameisturum, verkfræðingum eða öðrum o. s. frv.

II. kafli, 5. gr. 1. liður: Hvenær járn verði lögð í járnbenta steypu. Á að vera: Hvenær járn verði lögð.

III. kafli, 6. gr. úr 4. lið: — að eftir sé óbyggður helmingur af flatarmáli allra bygginga á lóðinni. Á að vera: — að eftir sé óbyggður helmingur af flatarmáli lóðarinnar.

IV. kafli, 14. gr. 2. liður: Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulínu, enda sé óteppt af ganstétt 1.60 m. Á að vera: Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulínu, og gangstéttarbreidd frá þrepi minnst 1.60 m.

V. kafli, 17. gr. 1. liður: — í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli. Á að vera: — í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli eða þunga.

IX. kafli, 1. liður: — eftir formúlunni $b \times h^2 \leq 140 \times e \times l^2$, en $b \times h^2 \leq 155 \times e \times l^2$ o. s. frv. Á að vera: — eftir formúlunni $b \times h^2 \leq 140 \times e \times l^2$, en $b \times h^2 \leq 155 \times e \times l^2$ o. s. frv.

X. kafli, 28. gr. 10. liður: Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi. Á að vera: Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, þótt ekki séu hituð með eldi, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki.

XIII. kafli, 32. gr. 3. liður: Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers verknaðar að fylgt sé fyrirælum heilbrigðissamþykktar eða eftir atvikum brunamálasamþykktar o. s. frv. Á að vera: Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers reksturs að fylgt sé fyrirælum heilbrigðissamþykktar eða brunamálasamþykktar o. s. frv.

XIII. kafli, 33. gr. úr 1. lið: — enda þótt annars sé krafizt, o. s. frv. Á að vera: — enda þótt að jafnaði sé krafizt, o. s. frv.

XV. kafli, 36. gr. 2. liður: Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð og 10 krónur fyrir hvert annað leyfi til að reisa mannvirki eða breyta því. Á að vera: Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð.

XVI. kafli, 37. gr. 1. og 2. liður: breytist í einn lið þannig: Samþykkt þessi tekur til allra nýrra húsbýgginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kys sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Laun sveitarstjóra skuli vera kr. 7000.00 á mánuði, auk ferðakostnaðar í þarfir sveitarfélagsins.

3. gr.

Sveitarstjóri annast öll þau störf, sem oddvita eru falin samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður fyrir rafveitu hreppsins og sjúkrasamlag, svo og önnur þau fyrirtæki, sem hreppurinn þarf að veita forstöðu og annast bókhald fyrir, svo sem útgerðarfyrirtæki, sem hreppurinn á hluta í og aðrar framkvæmdir, er ráðist verður í á vegum hreppsins á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64 21. apríl 1948, sbr. reglugerðir nr. 121 27. september 1954 og nr. 194 16. nóvember 1960.

1. gr.

34. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum, af hverri sendingu sérstaklega; brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins.

Starfræki höfnin vogar- eða mælitæki, skal allt vörumagn, sem um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af og ekki er á farmskrá, vegið eða mælt á þeim, enda fullnægi tækin þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Ef ýmsar vörur eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur 60 aurum af hverjum 100 kg. Hafnarnefnd getur þó, án þess að leyfi ráðherra komi til, breytt upphæð vigtargjaldsins um allt að 25%, til lækkunar eða hækkunar, en auglýsa skal breytinguna í Lögbirtingablaði, með minnst mánaðar fyrirvara.

Gjald fyrir mælingu, ef fram fer, skal ákveða mað samkomulagi, þar til annað verður ákveðið.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendningarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfr Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Mosfellshreppi.

1. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að almennum dansleikjum auglýstum opinberlega. Aðra dansleiki er börnum yngri en 14 ára óheimilt að sækja, nema í fylgd forráðamanna sinna.

2. gr.

Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 21 frá 1. okt. til 1. apríl og eftir kl. 23 aðra mánuði ársins, nema í fylgd með fullorðnum.

3. gr.

Um brot á reglugerð þessari og viðurlög við þeim skal fara samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. marz 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

Nr. 49.

15. marz.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Sauðárkrókskaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum á einhvern hátt.

3. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með sjónleikjum og öðrum skemmtunum, sem börnum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, og skal henni gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, áður en skemmtunin er haldin. Getur barnaverndarnefnd lagt bann við slíkum skemmtunum fyrir börn, ef henni þykir ástæða til. Um kvikmyndir fer sem segir í 41. gr. laga nr. 29/1947.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 8 að kveldi, nema í fylgd með fullorðnum, sem beri ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við fram yfir það, sem leyfilegt er.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannaferi eftir kl. 8 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og eftir kl. 10 að kveldi á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum vandamönnum sínum.

Börn og unglingar 12—16 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 10 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og börn 12—14 ára ekki eftir kl. 11.30 að kveldi á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Unglingum 12—16 ára er þó heimilt á tímabilinu frá 1. október til 1. maí að sækja kvikmynda- og leiksýningar við sitt hæfi, sem standa eigi lengur en til kl. 11 að kveldi, einnig spilakvöld og lokaðar félagsskemmtanir, sem standa eigi lengur en til miðnættis.

Foreldrum barnanna og húsbændum sem og forráðamönnum umræddra skemmtana ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé fylgt.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum og um mál út af þeim fer sem um brot gegn þeim lögum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. marz 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

16. marz.

Nr. 50.

REGLUGERÐ**um barnavernd í Höfðakaupstað.**

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar (skólanefndar) Höfðakaupstúns er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri eftir klukkan 20 að kvöldi, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl, og eftir klukkan 22 frá 15. apríl til 15. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjá þeirra.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22 að kvöldi á tímabilinu 15. október til 1. apríl og ekki eftir klukkan 23 á tímabilinu 1. apríl til 15. október, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Bannað er börnum innan 12 ára aldurs að vera á bryggjum og í bátum, sem liggja við þær.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd forráðamanna.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, öldrykkju- og knattborðsstofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir klukkan 21, nema í fylgd foreldra eða fullorðinna, er falið hefur verið að sjá um þá.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra fyrirtækja ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við.

4. gr.

Engar kvikmyndasýningar, leiksýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd (skólanefnd) hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún að því athuguðu, hvort börnum eða unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

5. gr.

Bannað er að selja unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það um hönd. Sama gildir um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar fyrir börn.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. marz 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

Nr. 51.

16. marz.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 4 20. janúar 1962.

1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 350 auru hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um tvönnu kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn	350 auru á kwst.
— — — suðumælinn	90 — — —

Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 Amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárni o. þ. h.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu þannig reiknað:

a. Fastagjald af gólfleti íbúðar	75 aurar á m ² á mán.
b. Orkugjald	65 — — kwst.

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundar-

sakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 160 aura hverja kwst.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu	20000 kwst.	ársnotkun	93	aurar	á kwst.			
— næstu	30000	—	—	88	—	—	—	
—	50000	—	—	79	—	—	—	
—	100000	—	—	66	—	—	—	
— umfram	200000	—	—	56	—	—	—	

Verð þetta miðast við að útsöluverð á díselolíu á Siglufirði sé 155 aurar lítirinn heimkeyrt, en fyrir hver full 10%, sem olíuverðið lækkar eða hækkar frá því verði, lækkar eða hækkar verð orkunnar um 10%.

D. Hitun.

Um kwst.mæli (séræli fyrir hitalögnina) á:

1. 45 aura hverja kwst.
2. 40 aura hverja kwst. gegn því skilyrði, að straumurinn sé rofinn með klukkurofa í allt að 3 klukkustundum hvern sólarhring, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra. Notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald rofans. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til klukkurofa og kosti viðhald hans, og kostar þá notandinn tengingu rofans og greiðir leigu af honum samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
3. Rafveitunni er heimilt að selja raforku til hitunar yfir mánuðina maí—nóv., eða meðan vatn er yfirfljótanlegt á 25 aura kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Rafveitustjóri getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
3. Til lýsingar gatna, hafnar, skóla, sundlaugar, sjúkrahúsa og kirkna um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst.
4. Til fiskþurrkunarhúsa selst raforkan til hreyfla eftir gjaldskrárlið C 2, en fyrir hita til þurrkunar eftir D 2.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. í III. kafla komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ný lögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, nýrra loftlína eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 16. marz 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um háspennusæstrengi.

1. gr.

Háspennurafstrengir, sem lagðir eru í sjó, vötn eða ár, skulu vera sjálfvarðir gegn hnjaski og raka, þannig, að öruggt megi teljast, að þeir þoli eðlilega notkun við þær aðstæður, sem búast má við á hverjum stað. Slikir háspennustrengir verða hér á eftir nefndir háspennusæstrengir eða sæstrengir.

2. gr.

Eigi má leggja háspennusæstrengi né tengja þá við aðra hluta rafkerfis, nema áður hafi verið fengið samþykki Rafmagnseftirlits ríkisins til verksins. Ef um er að ræða lagningu slíkra strengja í sjó, þarf að jafnaði einnig samþykki vita- og hafnar-málastjóra til framkvæmdanna.

3. gr.

Þar, sem háspennusæstrengir koma á land, skal sérstaklega um þá búið til að verja þá hnjaski. Liggi háspennusæstrengir yfir siglingaleið eða veiðisvæði skipa, skal lega þeirra teiknuð á sjókort þau, sem íslenzku sjómælingarnar gefa út. Auk þess skulu sett stefnumerki, er sýni sem næst legu strengsins á siglingaleiðinni. Stefnumerki þessi, eða sæstrengsmerki, eru venjulega tvö við hvert landtak strengsins, og skal fjarlægð milli þeirra vera 50—100 m. Fremra merkið er ferhyrnt spjald, sem á er letrað „Skipalega bönnuð“, en yfir því er þríhyrnt jafnhliða spjald og snýr eitt hornið upp. Á spjaldi þessu er rautt örvarmerki. Aftara merkið er þríhyrnt jafnhliða spjald, af sömu stærð og spjaldið í fremra merkinu, en fest á hærri staur en það og snýr eitt hornið niður. Á því er einnig rautt örvarmerki. Öll eru spjöldin gul að lit. Merki þessi eru þannig staðsett, að þegar þau ber hvort í annað, er skipið sem næst því að vera yfir sæstrengnum.

Sé ljósum komið fyrir í sæstrengsmerkjunum, skal leitað samþykkis vitamálastjóra á gerð þeirra og fyrirkomulagi.

Lega háspennustrengja yfir vötn og ár skal einnig merkt á öruggan hátt og bannsvæði tilgreind á hverjum stað.

4. gr.

Öllum skipum er bannað að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni, eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum o. þ. l. á svæðum, þar sem sæstrengir liggja. Svæði þetta er að jafnaði 400 m breitt, eða 200 m belti hvoru megin sæstrengsins.

Á sama svæði er bönnuð sandtaka, grjótnám og hvers konar rót annað á fjör-
unum við landtök og á botninum, þar sem sæstrengurinn liggur.

Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri á svæði þessu.

5. gr.

Birta skal auglýsingu í Lögbirtingablaðinu um lög háspennusæstrengja ásamt
fírlitsmynd, er sýni legu þeirra.

6. gr.

Ef skip í nauð þarf að leggjast við akkeri á bannsvæði, sbr. 4. gr., eða rekur inn
á bannsvæði með akkeri eða veiðarfæri úti, skal sýna sérstaka varúð, þegar akkeri er
létt, eða veiðarfæri dregið inn. Verði þess vart, að akkerið eða veiðarfærið hafi
festzt á sæstreng, ber að slaka varlega út aftur, setja við dufl og losa akkeri eða
veiðarfæri frá skipinu.

Tilkynnt skal um þetta til eiganda strengsins eða fulltrúa hans eða næsta lög-
reglustjóra og gefa glögga skýrslu um öll málsatvik.

Aldrei má höggva háspennustreng, þar sem það er lífshættulegt þeim, er slíkt
gerir.

7. gr.

Hver, sem brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, skal sæta sektum allt að kr.
10000.00, enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sá, sem skemmir eða skaddar háspennusæstreng, ber fébótaábyrgð á því
tjóni, sem af hlýzt, eftir almennum reglum.

8. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins getur sett nánari reglur um búnað háspennusæ-
strengja og öryggisráðstafanir í sambandi við þá.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. raforkulaganna, nr. 12/1946
og öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 4 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti 15600000.00 miðað við smásöluverð.

2. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Verð ársmiða er kr. 600.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 50.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1963.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954., um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 9 14. febrúar 1962.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Emil Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 14.51 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verður lágmark bótanna á dag, svo sem hér segir:

Fyrir einhleypan mann kr. 30.00, fyrir kvæntan mann kr. 38.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 8.00. Hámark bóta á dag verður sem hér segir:

Fyrir einhleypan mann kr. 66.00, fyrir kvæntan mann kr. 76.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 10.00.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu á árinu 1962 og í janúar 1963, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 8 9. febrúar 1962, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

1. gr.

Í sveitarfélögum með 500 íbúa eða fleiri, skal hafa tvöfalt bókhald um fjárreiður sveitarfélagsins. Nú rekur sveitarfélagið fyrirtæki, og er þá sýslunefnd heimilt að ákveða, að sveitarfélagið skuli hafa tvöfalt bókhald, þó að íbúar þess séu færri en 500.

2. gr.

Sveitarfélög, sem hafa skulu tvöfalt bókhald, skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Dagbók (dálkadagbók, journal), þar sem skrá skal allar greiðslur í peningum, sem inn koma eða eru látnar af hendi, svo og öll önnur viðskipti, sem fram fara á vegum sveitarfélagsins. Rétt er að færa sérstaka sjóðbók, ef gjaldkera- og bók-arastörf eru aðskilin, eða ef henta þykir af öðrum ástæðum. Viðskipti skulu, eftir því, sem frekast er unnt, skráð í dagbók jafnóðum og þau fara fram, án tillits til þess, hvenær greiðsla á sér stað. Hver greiðsla eða hver viðskipti færast sérstaklega, en þó er heimilt að færa í einu lagi eftir hvern dag innborganir útsvara, innborganir fasteignagjalda og innborganir annarra skatta, enda séu þá slíkar innborganir færðar jafnóðum í sérstaka sjóðbók.
- Allar færslur í dagbók skulu greinilega dagsettar og fylgiskjal skal fylgja hverri færslu og númer þess skráð í dagbók. Fylgiskjöl skulu merkt í framhaldandi töluröð árið út og þau varðveitt í réttri röð.
- b. Gjaldendabók, þar sem hverjum gjaldanda tekjustofna sveitarfélaga (sbr. 1. og 2 gr. l. nr. 69/1962) er gefinn sérstakur reikningur og gjöld hans skráð, eins og þau eru á lögð, svo og greiðslur þær, sem hann innir af hendi. Einnig skal skrá á viðkomandi reikninga allar breytingar, hækkanir eða lækkunir, sem á gjöldunum verða.
- c. Viðskiptamannabók, þar sem skrá skal viðskipti við aðra aðila en gjaldendur, þar á meðal við önnur sveitarfélög.
- d. Aðalbók (höfuðbók), þar sem skrá skal niðurstöðutölur bókhaldsins. Niðurstöðutölur dagbókar skal færa í aðalbók eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
- e. Framfærslubók, þar sem skrá skal alla styrkþega og framfærslustyrk þeim veittan, svo og endurgreiðslur slíks styrks. Í framfærslubók skal koma ljóslega fram, hvers eðlis greiðsla er og hvort um endurkræfan eða óendurkræfan styrk er að ræða. Framfærslulán, þ. e. lán veitt framfærsluþurfa án sérstakrar tryggingar, skal skrá í framfærslubók.
- f. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársfjórðungslega reikningsjöfnuð sveitarfélagsins og árlegt efnahagsyfirlit, þ. e. rekstrar- og efnahagsreikninga sveitarsjóðsins og fyrirtækja hans, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og reikningsúrskurðum. Reikningar þessir skulu færðir í efnahagsbók eigi minna sundurliðaðir, en reikningsform það er, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera, sbr. 10. gr.
- g. Skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur gengið í.
- h. Aðrar þær bækur, sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 2. gr., í spjaldskrárformi eða sem lausblaðabækur, nema bækur þær, sem um getur í staflið d. og f. í nefndri gr.

4. gr.

Sveitarfélög, sem ekki er skylt að hafa tvöfalt bókhald samkvæmt 1. gr., skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Sjóðbók, sem rita skal í allar peningagreiðslur, sem sveitarsjóður fær eða geldur út. Peningagreiðslur merkja í þessu sambandi:
 1. Allar peningagreiðslur eða jafngildi þeirra, sem fara um hendur reikningshaldara og hafa þannig bein áhrif á þann sjóð, sem reikningshaldari liggur með.
 2. Allar greiðslur, sem fara fram með skuldajöfnun, millifærslum eða verðmætum öðrum en peningum, ýmist beint á milli sveitarsjóðs og viðskiptaaðila eða um hendur þriðja aðila. Slíkar greiðslur skulu ætíð tvíærðar, þ. e. bæði sem innborgun og útborgun, þannig, að mismunur allra innborgana og útborgana samkvæmt sjóðbók sýni jafnan sjóð (jákvæðan eða neikvæðan) í vörzlu reikningshaldara. Dæmi um slíkar greiðslur er t. d., ef gjaldandi greiðir í viðskiptareikning sveitarfélagsins í peningastofnun eða verzlun og afhendir síðan reikningshaldara kvittun fyrir innborgun til greiðslu á t. d. útsvari. Færir þá reikningshaldari tvær færslur í sjóðbók: annars vegar innborgað útsvar (debet færsla), hins vegar innborgun á viðskiptareikning í peningastofnun eða verzlun (kredit færsla).

Allar greiðslur skal, eftir því, sem frekast er unnt, færa í sjóðbók jafnóðum og þær eiga sér stað eða fylgiskjöl með þeim eru afhent reikningshaldara (sbr. lið 2 að framan). Allar færslur í sjóðbók skulu greinilega dagsettar og fylgiskjal skal fylgja hverri færslu og númer þess skráð í sjóðbók. Fylgiskjöl skulu merkt í framhaldandi töluröð árið út og síðan varðveitt í rétti röð.

- b. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársreikninga sveitarsjóðsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar. Í bók þessa skal og rita niðurjöfnunarskrá, sveitarfélagsins, eins og hún er lögð fram til sýnis, svo og allar þær breytingar, sem síðar kunna að verða á skránni. Þá skal rita í bókina skrá um þá, sem notið hafa framfærslustyrks og hve mikils og hvers eðlis hann er, einnig fleira, ef henta þykir, svo sem skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur tekizt á hendur.

Fylgiskjöl þurfa þó ekki að fylgja með innborgun útsvars, eða annarra skatta, enda sé nafn greiðanda og tegund greiðslu skráð í textadálk.

Ársreikningar sveitarsjóðs samkvæmt b.-lið þessarar greinar, eru reikningar yfir tekjur og gjöld, eignir og skuldir. Reikningar þessir skulu færðir í efnahagsbók eigi minna sundurliðaðir en reikningsform það er, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera, sbr. 10. gr.

5. gr.

Fyrirmæli í 2. og 4. gr. um bækur þær, sem sveitarfélögum er skylt að færa, eru lágmarkskröfur, og er færsla fleiri bóka heimil eftir því, sem henta þykir.

6. gr.

Nú hefur sveitarfélag tvöfalt bókhald, þótt því sé það ekki skylt samkvæmt 1. gr., og er það þá ekki bundið af fyrirmælum 4. gr. um færslu sjóðbókar og efnahagsbókar, enda láti endurskoðendur sveitarsjóðsins, sýslunefnd í té yfirlýsingu, sem hún tekur gilda, um að bókhaldið fullnægi til hlítar þeim lágmarkskröfum um gerð og frágang reikninga, sem felast í ákvæðum 4. gr. Efnahagsbók samkvæmt 4. gr. b., getur t. d. verði þrískipt, í efnahagsbók, gjaldendabók og framfærslubók.

7. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast um, að jafnan séu fáanlegar bækur, til færslu sjóðbókar og efnahagsbókar, samkvæmt 4. gr., en heimilt er sveitarfélögum að færa þessar bækur í öðru formi, enda sé fullnægt öllum ákvæðum þessarar reglugerðar um gerð og frágang reikninga þeirra sveitarfélaga, sem ekki eru skyld til að hafa tvöfalt bókhald.

8. gr.

Dagbækur og sjóðbækur skv. þessari reglugerð, sem ekki eru lausblaðabækur, og efnahagsbækur allar, skulu vera gegnumdregnar, tölusettar og löggiltar af hlut- aðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

9. gr.

Í lok hvers árs skal gera reikning um tekjur og gjöld sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra á umliðnu reikningsári svo og reikning um eignir og skuldir, miðað við 31. desember. Rekstrarafkoma og efnahagur fyrirtækjanna skal koma skýrt í ljós í reikningunum, annað hvort með því að færa reikninga þeirra sérstaklega, eða með því að skrá tekjur og gjöld, eignir og skuldir í ákveðna liði aðalreiknings.

Tekjur og gjöld skulu svo sem unnt er, færð í reikning þess árs, sem þau tilheyra, hvort sem greiðsla fer fram sama ár eða ekki. Í reikningum sveitarfélaga skulu eignabreytingar sýndar (þar með afskriftir á eigna- og skuldaliðum), þannig, að sambandið milli rekstrarreiknings og efnahagsreiknings komi greinilega fram.

10. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður, í samráði við Hagstofu Íslands, form fyrir ársreikningum sveitarfélaga og lætur gera reikningseyðublöð til afnota fyrir sveitarfélögin í samræmi við það. Hagstofan hefur eyðublöð þessi á takteinum handa sveitarfélögum.

Sveitarfélögin skulu láta Hagstofunni í té ársreikninga sína og fyrirtækja sinna á því reikningsformi, er um ræðir í fyrri málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Ársreikningar hreppa skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar. Sama gildir um ársreikninga fyrirtækja sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:

Gullauga (Helga).
Rauðar íslenzkar.
Möndlukartöflur.
Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

II. flokkur:

Rya.
Eiginheimer.
Alpha.
Dir. Johannson.
Ackersegen (Akurblessun).
Gular íslenzkar.
King Edward.
Júli.
Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í II. flokk fram til 20. september, en sem III. flokks kartöflur eftir þann tíma:

Skaan.
Saga.
Eva.
Pontiac.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talið er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattþórðstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gildi ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturro manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömu-leiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skot-

eldum, blysum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá, sem mannvirknið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Ekki má kveikja eld á húslöðum eða öðrum stöðum án leyfis lögreglustjóra.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður vel-sæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður, eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annars staðar svo nærri landi, eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur, síma, vatns- eða skolpleiðslur. Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki séu lægri en 500 krónur.

12. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, með þeim undanþágum, sem taldar eru í þessari grein.

Íslenzkar afurðir, aðrar en fisk, getur bæjarráð, að fengnu álitu heilbrigðisnefndar, heimilað að selja á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verzlunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða, og er því heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, er það telur nauðsynlegt vegna hreinlætis og annars. Um sölu á fiski eru settar sérstakar reglur.

Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrá, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 21 til kl. 8 að morgni (sbr. 3. gr.).

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það geti valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum; og mega menn ekki halda þar kyrru fyrir eða staðnæmast þar til langframa, svo að truflun valdi. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðamikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrifur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotið af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um það búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins, eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að opið veiti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðir, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lúandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

16. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar, reiðhjól og því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þess konar.

17. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar, svo sem ljósaauglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtaþotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götu, sé minnst 2.20 m.

18. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Gluggaþvott má ekki framkvæma síðar en kl. 10 árdegis og ekki nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu eða getur valdið truflun á umferð á annan hátt. Í götubrunna og göturæsi má ekki hella gólfskolpi né öðrum óhreininum, sem saurga götuna.

19. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja á höfninni, frá kl. 20—8 á tímabilinu 1. október til 1. maí kl. 22—8 á tímabilinu 1. maí til 1. október.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðstofum, öldrykkjustofum, opinberum dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum með dansi. Undanþegnar eru þó skólaskemmtanir og skemmtanir innanfélags hjá æskulýðsfélögum, enda séu þar kennarar eða forystumenn æskulýðsfélaga til eftirlits. Enn fremur sýningar eða skemmtanir, sem sérstaklega eru ætlaðar börnum og barnaverndarnefnd hefur samþykkt. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís- eða sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00 nema í fylgd með foreldrum, systkinum eða öðrum nánustu skyldmönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.

Barnaverndarnefnd er heimilt að kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Er þá viðkomandi aðila skylt að geta þess í auglýsingum á sinn kostnað.

Unglingum innan 14 ára er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum eða skemmtunum, er hefjast eftir kl. 20 á tímabilinu 1. október til 15. apríl, nema í fylgd með foreldrum, systkinum eða öðrum nánustu skyldmönnum.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl, nema í fylgd með fullorðnum.

Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl og ekki seinna en kl. 23 frá 15. apríl til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum.

Þegar sérstaklega stendur á, getur bæjarstjórn sett til bráðabirgða strangari reglur um útvist barna allt að 16 ára.

Bönnuð er sala á tóbaksvörum til barna innan 16 ára aldurs.

Bönnuð er sala á spýtubryjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

Unglingum 12—18 ára er skylt að bera aldursskirteini og sýna, ef þess er krafizt, dyravörðum eða umsjónarmönnum þeirra staða, er um getur í grein þessari.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um að framgreindum ákvæðum um aldursskirteini og útvist barna sé framfylgt.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár eftir að umbót er lokið og tekin gild af bæjarverkfræðingi. Fyrir leyfið greiðast 25 krónur í bæjarsjóð. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmni sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með

nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skulu hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir, ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rífið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda, eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið er við almannaferi, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannaferi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi hætta, óþrífnaður eða óþrýði af.

22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjóst-hæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað, að vörður standi við stiga meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

24. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannaferi, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

25. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannaferi og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr járni, eða öðru tryggilegu efni, beggja megin við þau, eigi lægra en 60 cm, og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi, unz hjart er að morgni.

Yfir birtugrófum, sem nú eru við stétt eða götur, skulu vera nægilega sterkar járnrindur eða annar jafntryggur umbúnaður jafnhátt stéttinni eða götunni. En yfir birtugrófir, sem gerðar kunna að verða framvegis, skal gera svo tryggilega, að enginn óþrifnaður komist ofan í grófina.

26. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum í göturæsin eða rennurnar, skal svo um húið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseiganda skylt að halda hvoru tveggja vel við.

III. KAFLI

Almennar umferðarreglur.

27. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

28. gr.

Við gangbrautir skulu bifreiðarstjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð fram undan ökutækinu eða á leið í veg fyrir það. Enn fremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi býður sýnilega færís að komast yfir götu, eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða, unz hinir fótgangandi vegfarendur eru komnir leiðar sinnar. Fótgangandi vegfarendur eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki, sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Allir vegfarendur skulu samstundis vikja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki.

29. gr.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbraut, nema nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

Heimilt er blindum mönnum að auðkenna sig með gulum borða með þremur svörtum deplum, bera þeir hann um hægri handlegg fyrir ofan olnboga.

Blindur maður réttir fram hægri handlegg, er hann æskir hjálpar vegfarenda, og er þeim þá skylt að veita honum hjálp.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.

30. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar

sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað akstur, reið eða hjólreiðar um einstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum, hvaða umferð er bönnuð.

31. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum farkosti, skulu halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún eða gangstétt, sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meir en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

32. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri handar. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót, skal farið hægt.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á hópögungum og líkfylgdum, eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli eða þess háttar.

Ekki má aka eða ríða um götur, þar sem fólk hefur safnast saman til að hlusta á hornablastur eða þess háttar.

34. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

35. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað (sbr. 15. gr.), og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stíga upp í farartæki og út úr því.

36. gr.

Bifreiðarstjórar skulu ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða til að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, með þar til gerðu tæki (sbr. 42. gr.), til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis skulu þeir gefa merki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar eða stöðva hana. Aðrir ökumenn, ríðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það.

37. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki, skal hann þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefur, ef þörf gerist.

38. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega; því skal vel fyrir komið og fest svo, að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörðu né ná langt út af ökutækinu. Með málmvarning skal svo fara, að ekki hljótist hávaði af.

Ökutæki, sem flutt er á mól, sandur, mold o. þ. h., skulu svo gerð, að ekki hrynji úr þeim, þar sem farið er um.

39. gr.

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið, svo að ekki marki þau yfirborð gatna.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og þeirra laga, sem sett eru eða kunna að verða sett um umferðina.

IV. KAFLI

Um bifreiðar.

40. gr.

Þegar talað er um bifreið í þessari samþykkt, er átt við ökutæki, sem samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma telst til bifreiða.

41. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða aðstæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömu leiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

42. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir þeim reglum og lögum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Akraness, skulu vera tæki, sem lögreglustjóri tekur gild og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðarstjóri ætlar sér að beygja, svo og um það, að hann dragi skyndilega úr ferð bifreiðar, eða stöðvi hana (sbr. 36. gr.). Horn þau, sem notuð eru til þess að gefa með hljóðmerki innanbæjar, skulu þannig gerð, að þau gefi þægilegt hljóð.

Ljós á bifreiðum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk, né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

43. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. sept. til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem í eftirfarandi töflu greinir:

7. jan.	frá kl. 15.20	til kl. 9.50	14. ágúst	frá kl. 21.25	til kl. 3.40
14. —	— — 15.40	— — 9.35	21. —	— — 21.00	— — 4.00
21. —	— — 16.00	— — 9.15	28. —	— — 20.35	— — 4,20
28. —	— — 16.25	— — 8.55	1. sept.	— — 20.10	— — 4.40
7. febr.	— — 17.00	— — 8.25	7. —	— — 19.50	— — 5.00
14. —	— — 17.20	— — 8.05	14. —	— — 19.25	— — 5.20
21. —	— — 17.45	— — 7.40	21. —	— — 19.00	— — 5.20
28. —	— — 18.05	— — 7.15	28. —	— — 18.35	— — 6.00
7. marz	— — 18.30	— — 6.50	7. okt.	— — 18.05	— — 6.25
14. —	— — 18.50	— — 6.25	14. —	— — 17.40	— — 6.50
21. —	— — 19.10	— — 6.00	21. —	— — 17.15	— — 7.10
28. —	— — 19.30	— — 5.35	28. —	— — 16.50	— — 7.30
7. apríl	— — 20.00	— — 5.00	7. nóv.	— — 16.20	— — 8.05
16. —	— — 20.40	— — 4.20	14. —	— — 15.55	— — 8.25
21. —	— — 20.55	— — 4.00	21. —	— — 15.35	— — 8.50
28. —	— — 21.15	— — 3.40	28. —	— — 15.20	— — 9.10
7. maí	— — 21.45	— — 3.05	7. des.	— — 15.00	— — 9.35
14. —	— — 22.25	— — 2.45	14. —	— — 14.55	— — 9.50
1. ágúst	— — 22.10	— — 2.55	21. —	— — 14.50	— — 10.00
7. —	— — 21.50	— — 3.15	28. —	— — 15.00	— — 10.00

44. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er í lögsagnarumdæminu, skal senda lög-reglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar, svo og um það, hvar bifreiðin verði geymd, þegar hún er ekki notuð. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda 2 merki með áletruðu E og tölumerki, og skal festa annað framan á, en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni eða hylja á nokkurn hátt meðan bifreiðin er notuð.

Verði eigendaskipti að bifreið, skal bæði hinn nýi og hinn fyrri eigandi bifreiðarinnar tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Bifreiðir, sem eru eign utanbæjarmanna, mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim séu greinilegt skrásetningarmarki þeirra.

45. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er, má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

46. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækisins, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir. Ökuhraði bifreiða á götum bæjarins má þó aldrei fara fram úr 35 km á klst., nema um sé að ræða sjúkrabifreiðir, lögreglubifreiðir eða slökkvibifreiðir.

Sérstök skylda hvílir á öikumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni, þegar skuggsýnt er, skyggni lélegt eða útsýn er takmörkuð að öðru leyti, í beygjum, við

vegamót, við biðstöðvar almenningsvagna, þar sem mikil umferð er eða börn eru á eða við veg, eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik, hálka er á vegi eða önnur hættu. Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að ekki slettist á aðra vegfarendur né hús.

47. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

48. gr.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

49. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hættu á skemmdum á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögum ástandi. Sérstaklega skal þess gætt, að stjórnun og hemlar verki vel og örugglega og að skráningarmerki og merkjataeki séu í lagi.

V. KAFLI

Um reiðhjól.

50. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess, sem hér segir:

- a. Á hjóli mega ekki í senn vera fleiri menn en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annarri hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverju hjóli skal vera hjalla, sem gefur hveltt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólreiðarmaður láta til hennar heyra, ef hættu er á árekstri.
- c. Ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sér, skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja. Ljós skal tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 43. gr. Aftan á hverju reiðhjóli skal vera glitauga.
- d. Ökumhraði á hjóli má ekki vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólreiðarmaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skytt er hjólreiðarmanni að nema staðar, ef hann veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Enginn má aka reiðhjóli, ef hann sakir áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé.
- g. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu, skuli skrásetja hjá lögreglustjóra, og merkja samkvæmt reglum, er bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Skal í þessum reglum ákveðið allt fyrirkomulag skrásetningarinnar og merkjanna og hvaða gjald eigandi (umráða-

maður) reiðhjóls skuli greiða fyrir skrásetningu þess og einkenni. Ákvörðun bæjarstjórnar og reglur þessar skal lögreglustjóri birta í Lögbirtingablaðinu.

Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun, með hans vitund og vilja. Enn fremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem eru yngri en 14 ára.

VI. KAFLI

Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

51. gr.

Á almannafæri má ekki riða eða aka hraðar en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má riða eða aka um gangstéttir bæjarins.

Ekki mega menn vera á hestbaki áberandi ölvaðir á götum bæjarins.

52. gr.

Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

53. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er flytja farangur á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhesta gildir hið sama, eftir því sem við á.

54. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er fyrirferðarmikið, svo að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

55. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir (sjá reglug. nr. 129 17. nóv. 1916) og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það.

56. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir. Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

57. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana, eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

58. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrast í hæfilegri fjarlægð.

VII. KAFLI

Um skepnuhöld, rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins o. fl.

59. gr.

Allt skepnuhald, hvort heldur er nautpeningur, hestar, svín, sauðfé eða aligæsir, er bannað í íbúðarhverfum bæjarins. Aðra alifugla má ekki hafa, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öryggri vörzlu, og ekki við götu.

60. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins, nema maður fylgi til að gæta þeirra eða þær séu í öruggri vörzlu. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eiganda sektum samkv. 96. gr. Enn fremur greiði hann allan kostnað við handsömun og varðveizlu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki.

Bannað er að flytja kindurnar bundnar í vögnum um bæinn.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

61. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema útflutningshross til skipa. Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sér eða fara hlaupandi um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra.

Um ábyrgð og kostnað fer eins og segir í 60. gr.

62. gr.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjóli, né fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

63. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávallt leiddir í bandi nægilega traustu, og skal næg gæzla höfð á. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

64. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

VIII. KAFLI

Um hunda.

65. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu AK og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur, sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni, er réttdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefur verið auglýstur.

Bæjarstjórn ákveður árlegan skatt vegna hundahalds.

66. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glefsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla tryggilega, að viðlagðri sekt, samkvæmt 96. gr.

67. gr.

Hundar mega ekki fara um kaupstaðarlóðina, nema fulltíða maður leiði þá í bandi.

Enginn má siga hundi á mann, né láta farast fyrir að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hann ræðst á mann. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi af hlotið. Það er og bannað að eigna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

68. gr.

Bannað er að hafa í bænum blóðhunda, eða aðra grimma hunda.

69. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju, samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð um lækning hunda af bandormum.

IX. KAFLI

Um friðun almenningsigna o. fl.

70. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, umferðarmerki, bekkir, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri.

71. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

72. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða

færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skeppnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

73. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórn setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða á svæðinu.

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

74. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað, og endurnýja, ef á þarf að halda.

75. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni eftir því sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

76. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

XI. KAFLI

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

77. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkja, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

78. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega

hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomu- stað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og vel- sæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 77. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

79. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka frá kl. 23.30 til kl. 6.00, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífylum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 77. og 78. gr. taka og til knattborðsstofa eftir því sem við á.

80. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglu- stjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borg- unarlaust, eða í góðgerðarskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, mynda- sýningar, töfrásýningar o. s. frv., eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

81. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn, og ákveður þá í sam- ráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður, hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð.

83. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að fram- an, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

84. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 80.—82. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

85. gr.

Við sérhvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

XII. KAFLI

Um almennt hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

86. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í innri né ytri höfnina né fjöruna, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjótt, mól, sand, sörp, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum fyrir umferðina eða óþrýði.

Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

87. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, mól, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningataekin séu þannig gerð, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

88. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji á meðan á flutningnum stendur.

89. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng, né annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

90. gr.

Á tún og lóðir, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

91. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar.

92. gr.

Skylt er hús- og lóðareigendum að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim vel við. Þeim er og skylt að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri byggðri lóð í kringum hús þeirra, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða verða þess valdur, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

93. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólp frá því og regnvatn af húsum og lóð, út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsi eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturennur, og sjá um, að afrennsli stiflist ekki.

XIII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

94. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, en skal því aðeins beitt utan kaupstaðarlóðarinnar, að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

95. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

96. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 5000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

97. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

98. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

99. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað 7. apríl 1945 og breyting á henni frá 1. október 1958, reglugerð um barnavernd í Ytri-Akranesskólahéraði í Borgarfjarðarsýslu nr. 15 frá 15. febrúar 1935, reglugerð um barnavernd á Akranesi nr. 171 frá 2. september 1947, reglugerð um breytingu á þeirri reglugerð nr. 24 frá 30. janúar 1950, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 1919, lög nr. 88 1938, og lög 111 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. marz 1963,

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fegrunarsjóð Skarðskirkjugarðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1963.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fegrunarsjóð Skarðskirkjugarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fegrunarsjóður Skarðskirkjugarðs og er hann stofnaður af Sigríði Einarsdóttur, húsfreyju í Skarði á Landi, til minningar um eiginmann hennar Kristin Guðnason hreppstjóra og bónda í Skarði, sem andaðist 6. september 1958.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra og prýða kirkjugarðinn í Skarði, meðal annars með þeim hætti, að hlúa að og bæta gróður í kirkjugarðinum og einnig að lagfæra og hirða legstaði, sem engir nánir aðstandendur eru til að sjá um.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 og má aldrei skerða þann höfuðstól. Sjóðurinn skal varðveitast í banka eða ríkistryggðum sparisjóði, einnig í ríkistryggðum skuldaþréfum. Tekjur sjóðsins skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það skal verja hálfum vöxtum samkvæmt 2. grein, en leggja afganginn af vöxtunum við sjóðinn, unz hann er orðinn kr. 20000.00. Eftir það skal verja öllum vöxtunum í fyrrgreindum tilgangi.

4. gr.

Aldrei má nota fé sjóðsins til þess að gera girðingu eða viðhalda girðingu utan um kirkjugarðinn eða til þess að stækka hann.

5. gr.

Tekjur sjóðsins auk vaxta, eru hvers kyns gjafir, áheit og annað það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, t. d. með sölu minningarspjalda.

6. gr.

Sóknarnefnd Skarðskirkjúsóknar hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins. Skal ársreikningur hans ætíð fylgja reikningi Skarðskirkjugarðs. Sjóðsstjórn er heimilt að leggja tekjur að nokkru eða öllu við höfuðstól, er geymast til framkvæmda

siðar, ef henta þykir. Skipulagsskránni má breyta, ef hún engan veginn nær tilgangi sínum, og skulu þá gera það formaður sóknarnefndar Skarðskirkjusóknar, sóknarprestur og prófastur Rangárvallaprófastsdæmis.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast staðfest af forseta Íslands og birt í B-deild Sjónartíðinda.

Skarði á Landi í marz 1963.

Í sóknarnefnd Skarðskirkjusóknar.

Guðni Kristinsson.

Gísli Kristjánsson.

Elsa D. Pálsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bláa Bandið í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. marz 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bláa Bandið í Reykjavík.

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að koma upp og reka hjúkrunarstöðvar og dvalarheimili fyrir drykkjusjúkt fólk, sem af eigin hvötum vill leita sér lækninga á drykkjuskap sínum. Ákveða skal með reglugerð, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, alla nánari rekstrartilhögun stofnunarinnar og hjálparstöðva þeirra, sem hún kemur á fót og starfrækir.

2. gr.

Stofnendur Bláa Bandsins hafa lagt fram í peningum 100 þúsund krónur sem óafturkræft stofnframlag og taka þeir ekki á sig neinar fjárhagsskuldbindingar vegna stofnunarinnar umfram það fé, sem þeir hafa lagt fram í stofnsjóð.

3. gr.

Í félaginu „Bláa Bandið“, sem annast rekstur stofnunarinnar og er styrktarfélag hennar, skulu ávallt vera, samkvæmt stofnsamningi þess 25 menn — hvorki fleiri né færri — og hefur hver þeirra eitt atkvæði á félagsfundi. Þegar félagsmaður deyr eða hverfur úr félaginu af öðrum ástæðum, skulu þeir, sem eftir eru, velja mann í hans stað á næsta félagsfundi og er sá valinn, sem hlýtur minnst 15 atkvæði, ef val er ekki ágreiningslaust.

4. gr.

Aðalfundur Bláa Bandsins skal haldinn í aprilmánuði ár hvert og er hann lögmætur, ef hann hefur verið boðaður með ábyrgðarbréfi til hvers félagsmanns og auglýsingu í dagblaði í Reykjavík eða í ríkisútvarpinu.

Á aðalfundi skal gefa skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, samþykkja endurskoðaða reikninga hennar, kjósa stofnuninni stjórn og afgreiða önnur nauðsynleg mál, er fyrir liggja og stofnunina varða.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn, kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin fer með allt vald í málefnum stofnunarinnar milli funda. Hún ræður framkvæmdastjóra og lækna, ákveður fjölda starfsfólks hverju sinni og hefur á hendi yfirstjórn fjármála stofnunarinnar.

Stjórn félagsins ber yfirleitt að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum, auka starfsemi hennar, er þörf krefur og kringumstæður leyfa, og sjá um, að hún gegni því hlutverki, sem henni er ætlað, svo vel sem kostur er á hverjum tíma.

6. gr.

Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, og skal annar útnefndur af heilbrigðismálaráðherra en hinn kosinn á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Heimilt skal stjórninni, með samþykki heilbrigðismálaráðherra, að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun reikninganna.

7. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar, fastar eða lausar, nema andvirðinu sé beinlínis varið til að reisa og reka aðrar og fullkomnari hjálparstöðvar fyrir drykkjusjúklinga í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

8. gr.

Komi einhverntíma að því, að stofnunarinnar verður ekki lengur þörf, rekstur hennar hættir eða félag „Bláa Bandið“ leysist upp eða verður óstarfhæft, skal gefa bæjarstjórn Reykjavíkur kost á að taka við stofnuninni og rekstri hennar, en hafni bæjarstjórn því boði, skal heilbrigðismálaráðherra ráðstafa stofnuninni og eignum hennar á þann veg, sem þá þykir mest í samræmi við upphaflegan tilgang hennar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með $\frac{4}{5}$ atkvæða á aðalfundi Bláa Bandsins, og þó aldrei ákvæðum 3. greinar, enda hljóti breytingin staðfestingu heilbrigðismálaráðherra.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Reykjavík, 22. ágúst 1962.

Stjórn Áfengisvarnafélagsins Bláa Bandið.

Jónas Guðmundsson.

Guðm. Jóhannson.

Jónas Thoroddsen.

Sig. Egilsson.

Vilhj. Heiðdal.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

28. marz.

Nr. 61.

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. marz.

Nr. 62.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.


Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur ráðuneytið hinn 6. marz 1963 staðfest meðfylgjandi skipulagsupprátt af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.


Hallgrímur Dalberg.




HVERFISGATA, AÐ SUNNAN




BANKASTRÆTI OG LAUGAVEGUR, AÐ NORÐAN




MÁLKVÆÐI 1:500






SMÍÐJÓSTÍGUR, AÐ VESTAN



INGÓLFBÆTRESTI, AÐ AUSTAN



SKURÐUR A-A

LÝSING

STÆÐ REITISINS ER NETTÓ 0.7200 MÍEN
HAF ER SAMANLAGT FLATAHMÁL LÖVA OG
TRÉARKOTSUNDE. EF HÉÐ ER TALINN
HEMINGUR AF BREDD AÐGÆÐANDI BATHA
ER STÆÐ HANS ÖRUTÓ 0.9700 M.
ÖRUNNFLÓTUR BYGGINGA, SEM FYRIR -
HÓÐAF ER AÐ STANDI Á REITNUM ER -
4.670 M² OG SAMANLAGDUR ÖLF -
FLÓTUR MEIRA 12.500 M². ÖRUGT ÖRVI
Á REITNUM ER MÍ 2000 M². NETTÓ
REITINS VERÐUR:

0 NETTÓ = 2200 = 170,6 BRÚTÓ = 1200 = 1,21.

BYGGINGAR Á REITNUM EÐU FYRIRHUGAÐ

UNDIR VERRLANE OG SKRIFSTOFUR. VÍÐ

INGÓLFBÆTRESTI ER FYRIRHUGUÐ KRAGGA

HAFNA BRUG, 14,5 M DJÚP OG ER NEBTA

HÉÐIN INNGEIN UM 3,5 M FYRIR ÖRNEBTI

TIL BRUKUNAR ÁGÓTUNNI. VÍÐ HVERFIS

ÖSTU ER FYRIRHUGUÐ KRAGGA HAFNA BYGGI

12 M DJÚP, ÖRNEIN INN 14,5 M FRA LÖVA

HÓSKUM, EN ÖSTIN ÖRNEIN A.Ö.M. KAFA

UM TRÉARKOTSUNÐ OG HÉÐ UNDRANNA

ÖM ÖRNEINUM Í 2,5 M FADLÖVA FRA ÖRVI

AUSTUR HÍÐ HÓFA VÍÐ INGÓLFBÆTRESTI.

ÖKAPAST HÉÐ, ÖRVI FYRIR Í BILASTAÐI.

VÍÐ SMÍÐJÓSTÍG ER ÖRNEIN ÖRNEINUM

ÖRNEIN HAFNA BYGGI, 11,5 M DJÚP OG FRA

Á ÖRVI VÍÐ ÖRNEIN HAFNA BYGGI Á

ÖRVI, ÖM ÖRVI ER UNDRANNA BILA-

STÆÐI. VÍÐ SMÍÐJÓSTÍG ER BYGGINGAR.

ÖRVI HÉÐ LÖVA ÖRNEINUM FANT ÖRVI OG

BILASTÆÐI. VÍÐ LAUGAVEG OG BANAÖRVI

ER FYRIRHUGUÐ ÖRNEINUM HÉÐ ÖRVI

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

ÖKAPAST VÍÐ HAF Á HÉÐ ÖRVI HÉÐ INN-

ÖRVI UM 4,0 M. ÖRVI INNHÖLVAÐ.

SKIPULAG REYKJAVÍKUR

SKIPULAGSUPPDÆTTUR REITS 1508, SVÆDIS
MILLI HVERFISGÖTU, SMÍÐJÓSTÍG, LAUGA-
VEG, BANAÖRVI OG INGÓLFBÆTRESTI.
UPPJÁLASEA ÖRNEIN Í DES. 1961 OG
AUGLÝSTUR EN FANNI ÖRNEINUM Í
ÖRNEINUM PANN 11. 9. 1962

Dalvein Pichley

SAMÞYKKTUR Í ÖRNEINUM REYKJAVÍKUR.
REYKJAVÍK PANN 9. 10. 1962

Einar Hallgrímsson

ÞESSI SKIPULAGSUPPDÆTTUR ER SAM-
ÞYKKTUR OG AÐGÆYDUR TIL ÖRNEINUM
ÖRNEINUM TIL STAÐFESTINGAR.
SKIPULAGSEFND ÖRNEINUM
REYKJAVÍK PANN 3. 3. 1963

Ólafur Bjarnason
Sveinbjörn Þorsteinsson
Róbertur Jóhannsson
Ólafur Pálsson

FÉLAGSAMÁLAKAÐUNEYTIÐ
6. 3. 1963

Ólafur Þorsteinsson

Ólafur Þorsteinsson

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 30. maí 1942, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni fulla 3 mánuði að loknu háskólanámi og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Nú hefur umsækjandi um skeið starfað sem kandidat í einhverju eftirtalinnna sjúkrahúsa: Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, Fjórðungssjúkrahúsi Norðfjarðar, Kristneshæli, Vífilstaðahæli, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Sjúkrahúsi Keflavíkur eða Sjúkrahúsi Akraness, og leggur fram skilríki fyrir því, og stýttist þá skylduþjónustutími sá, sem tilskilinn er í fyrri málsgrein, um þann tíma, sem hann hefur unnið í fyrrgreindum stofnunum.

Auglýsing nr. 155 22. sept. 1942 er úr gildi felld, svo og auglýsing nr. 98 11. júlí 1962, um breyting á þeirri auglýsingu.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. marz 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

Nr. 64.

29. marz.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps í hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og/eða forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Mjóeyri með íbúðarhúsi og útihúsum, eignum Kaupfélagsins Bjarkar á Hlíðar-enda: Sölubúðarhúsi, geymsluhúsum og sláturhúsi með lóð og bryggju, Randúlfs- húsi með lóð og bryggju, sjóhúsi dánarhús Karls Jónassonar með lóð og bryggju. Fiskþurrkunarstöð Spors hf. með lóð, frystihúsi og geymsluhúsum sama, með lóð og bryggju, Friðþjófs- sjóhúsi með lóð og bryggju, Hlíðar- enda 2 með lóð og bryggju, Tómasarhúsi (Bjarki II) með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. (áð- um geymsluhús Símonar Jónassonar), með lóð, gömlu Sjólyst með lóð, Reykholti I með lóð, Odda með lóð, Netagerðarstöð Jóhanns Klausen, með uppfyllingu og bryggju, geymsluhúsi Arnþórs Jensen með lóð, sjóhúsi Guðjóns Gíslasonar og Gunnars Hallgrímssonar með bryggju, Svanshúsi með lóð og bryggju, Nýborg með lóð, Trésmíðavinnustofu Kristins Guðmundssonar með lóð, sölubúðarhúsi Kaupfélagsins Bjarkar með lóð, Rafstöðvarhúsi með lóð, Framnesi með lóð, uppfyllingu og bryggju, eignir Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. í Útkaupstað: Hraðfrystihús með lóð, gamla Ungmennafélags- húsið með lóð, Langahúsið með lóð og bryggju, sildarverk- smíðjubyggingar með lóð, geymsluskálar og skreiðargeymsluhús með lóð, svo og

ibúðarhús með lóð, Gömlubúð með lóð, olíuhúsi hf. Skeljungs með lóð, uppfyllingu og bryggju. Kaupangi með lóð, uppfyllingu og bryggju. Vélaverkstæði Eskifjarðar og dráttarbraut með lóð. Í Framkaupstað: 4 geymsluhús og sjóhús neðan götu með lóð og bryggju, búðarhús í Framkaupstað og Framkaupstaðartún, verkstæðis-, geymslu- og skrifstofubygging Snæfells hf. með lóð og sjávarlóð Kristjáns Jónssonar í Skuld.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

2. apríl.

Nr. 65.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. apríl 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum og er stofnaður af foreldrum hans, Sigurgeiri Jónssyni og Þuríði Sigurðardóttur, hinn 17. júní 1911 með 700 króna stofnfé.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að hvetja menn til bætrar meðferðar á sauðfé og vinna að kynbótum á því. Að þessu skal unnið á þann hátt, að veita sérstök verðlaun fyrir beztu sauðkind, sem sýnd er á búfjársýningum, sem Búnaðarfélag Íslands heldur í Suður-Þingeyjarsýslu. Þó koma aðeins til greina þeir einstaklingar, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á afkvæmasýningum. Allar afhendingar verðlauna skulu gerðar samkvæmt úrskurði dómnefndar. Héraðinu skal skipt í tvö sýningarsvæði um Skjálfa- andafliót og geta einungis fjáreigendur á öðru svæðinu keppt um verðlaunin hverju sinni.

3. gr.

Sjóðnum skal varið eins og hér segir: Hann skal jafnan vera á vöxtum og skal helmingi vaxtanna frá ársbyrjun 1962, varið til verðlauna samkvæmt 2. grein.

Hann helmingur vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur 20 þúsund krónum.

Þegar höfuðstóllinn hefur náð þeirri fjárhæð, er sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu heimilt að endurskoða skipulagsskrána og gera breytingar á henni.

Þó skal sjóðurinn jafnan vinna að bætri meðferð sauðfjár og kynbótum.

B 20

4. gr.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu skal annast sjóðinn á þann hátt, sem hér greinir:

1. Að ávaxta hann í öruggum stað.
2. Að afhenda stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu í peningum þann hluta vaxta sjóðsins, sem verja skal til verðlauna, þegar verðlaun eru veitt samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar. Þau ár, sem verðlaun eru ekki veitt úr sjóðnum, skal sá hluti vaxtanna, sem til verðlauna er ætlaður, geymast og ávaxtast í sjóðnum, þar til kemur til úthlutunar úr sjóðnum næsta sinn.

Verðlaun skulu jafnan standa á heilum tug króna, og ekki nema hærri upphæð til sama aðila en 1000 krónum, meðan höfuðstóllinn hefur ekki náð 20 þúsund krónum.

3. Að leggja reikninga sjóðsins árlega fram á sýslunefndarfundum til samþykktar.

5. gr.

Sýslunefndin leiti staðfestingar á skipulagsskrá þessari, eins og hún nú er orðin. Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 82 frá 17. júní 1912.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu 1962.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 21. marz 1963.

Jóhann Skaftason.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Sauðárkróks.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingum til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.

3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
 4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins.
- Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs eða ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrri fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur 4 eða fleiri atkvæði. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð við tvennar óbundnar kosningar, skal kjósa bundinni kosningu um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo þeirra skuli kjósa. Verður þá rétt kjörinn sá, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega og þá á þriðjudögum, og skal fundur að jafnaði hefjast kr. 17.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda, skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 12 á hádegi daginn næstan fyrir auglýstan fund.

Bæjarstjóri skal sólarhring fyrir auglýstan fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyrandi hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið, að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að séu þannig rædd.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins og bæjarfyrirtækja, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og liða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða bæjarfulltrúi. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Þeir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi frammar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert undan falla, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmat forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorazt undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista, og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamann skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI Um bæjarráð.

25. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júní skulu kosnir þrjár bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kys sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku, á fimmtudögum kl. 4 e. h. Heimilt er þó bæjarráði að fækka fundum í júlí- og ágústmánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða einn bæjarráðsmaður óskar þess skriflega.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Sauðárkróks-kaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins, og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu er málefni, sem störf þeirra snerta og bæjarstjóri eða bæjarráð óskar, að þeir sitji fund.

V. KAFLI

Um nefndir o. fl.

29. gr.

Bæjarstjórn kys eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir eða samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

A. Til eins árs á fyrri fundi í júní ár hvert:

- 1) Bæjarráð: 3 bæjarfulltrúar og 3 til vara.
- 2) Bygginganefnd: 2 bæjarfulltrúar og 2 menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.
- 3) Framfærslunefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
- 4) Hafnarnefnd: 2 bæjarfulltrúar og 2 menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.
- 5) Rafveitustjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.

- 6) Hitaveitunefnd: 3 menn og 3 til vara.
- 7) Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara. (Kjörstjórn við alþingiskosningar, er jafnframt sé yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.)
- 8) Endurskoðendur bæjarreikninga: 2 aðalmenn og 2 til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

- 1) Sjúkrahússtjórn: 2 aðalmenn og 2 til vara.
- 2) Bókasafnsnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
- 3) Framtalsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
- 4) Heilbrigðisnefnd: 1 aðalmann og 1 til vara.
- 5) Landbúnaðarnefnd: 5 menn og 5 til vara.
- 6) Fræðsluráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
- 7) Iðnskólanefnd: 2 og 2 til vara.
- 8) Íþróttanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
- 9) Æskulýðsráð: 1 aðalmann samkv. tilnefningu og 1 til vara.
- 10) Sjúkrasamlagsstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
- 11) Endurskoðendur Sparisjóðs Sauðárkróks: 2 menn og 2 til vara.
- 12) Áfengisvarnarnefnd: 6 aðalmenn og 6 varamenn.
- 13) Barnaverndarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
- 14) Einn mann til eftirlits með Drangey.
- 15) Einn mann í stjórn Skagfirðingasjóðs.
- 16) Einn mann í stjórn Skógræktarsjóðs.
- 17) Einn mann til brunabótamats.

C. Til fjögurra ára:

- 1) Einn mann til að annast millimat og einn til vara.
- 2) 9 menn í sjó- og verzlunardóm og 9 til vara.
- 3) Tvo sáttamenn og 2 til vara.
- 4) Tvo menn á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og 2 til vara.

D. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða.

30. gr.

Um skipun nefnda, valdsvið þeirra og verksvið, fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

VI. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

31. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinna stofnana.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðin störf.

Bæjarstjórn getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins og sett þeim erindisbréf. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einkis af launum við þá breytingu.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í starf, á rétt á að halda starfinu, meðan hann rækir það þannig, að ekki verði að fundið.

Uppsagnarfræstur fastra starfsmanna bæjarins skal vera þrjú mánuðir.

VII. KAFLI

Um bæjarstjóra.

32. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skulu fram fara á ný.

33. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

34. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

35. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 27. gr.

36. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísí því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

37. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhöggud, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun.

Bæjargjaldkeri hefur með höndum daglega stjórn í fjármálum bæjarins undir yfirstjórn bæjarráðs, þar á meðal á innheimtu tekna bæjarins og umsjón með öllum skrifstofum hennar.

VIII. KAFLI

Um endurskoðendur.

38. gr.

Bæjarstjórn kys tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Sauðárkrókskaupstað nr. 54 11. marz 1950 og fundarskóp bæjarstjórnar Sauðárkróks frá 10. janúar 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 9. júní næstkomandi.

Samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrá við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 9. júní n. k., verði lagðar fram.

Samkvæmt 1. málsg. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrá fram eigi síðar en 9. apríl n. k.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1960.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1.	Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr. 706142.00
2.	Vaxtatekjur:	
	a. Af óþurrkalánnum 1955	kr. 371513.67
	b. — óþurrkalánnum 1958	— 86700.00
	c. — innstæðum séreignarsjóðs	— 375223.94
	d. — innstæðum sameignarsjóðs	— 132546.02
	e. — skuldabréfum	— 87388.05
	f. — keyptum skuldabréfum	— 5149.50
	g. — hlaupareikningi	— 14128.54
		— 1072649.72
3.	Húsaleigutekjur	— 118905.00
4.	Rekstrartap	— 112358.95
		Kr. 2010055.67

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr. 395049.77
2.	Eftirgefin lán:	
	a. Óþurrkalán 1955	kr. 839065.00
	b. Fóðurlán	— 209477.00
		— 1048542.00
3.	Eftirgefnir vextir	— 384941.15
4.	Endurgreiddir vextir af óþl. 1955	— 98396.50
5.	Endurgreidd 20% eftirgj. af óþl. 1955	— 38830.00
6.	Styrkir	— 8500.00
7.	Viðhald fasteignar	— 17529.75
8.	Lántöku- og stimpilgjöld	— 225.00
9.	Greiddir vextir	— 18041.50
		Kr. 2010055.67

Efnahagsreikningur.

Eignir:

1.	Séreignasjóður sveitarfélaga:	
	a. Innstæða frá fyrra ári	kr. 3997429.20
	b. Viðbót á árinu	— 558295.04
		kr. 4555724.24
2.	Sameignarsjóður:	
	a. Skuldabréfaeign	kr. 10898642.58
	b. Fasteign (Laugavegur 105)	— 2391585.15
	c. Innbú og lausafé	— 287092.14
	d. Bankainnstæður	— 2869948.61
	e. Hlaupareikningur	— 115349.46

f. Sjóðsreikningur	kr.	11370.93	
g. Ógreiddir vextir af ópl.	—	569032.64	
			kr. 17143021.51

Kr. 21698745.75

Skuldir:

Skuldabréf ríkissjóðs			kr. 1500000.00
Skuldlaus eign 1/1 1960	kr.	20311104.70	
Rekstrarhalli á árinu	—	112358.95	
			kr. 20198745.75

Kr. 21698745.75

Reykjavík, í febrúar 1961.

Jónas Guðmundsson.

Nr. 69.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1961.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr.	1629872.00	
2. Vaxtatekjur:			
a. Af óþurrkalánnum 1955	kr.	201977.30	
b. — óþurrkalánnum 1958 og 1961	—	88015.00	
c. — innstæðum séreignarsjóðs	—	375948.51	
d. — innstæðum sameignarsjóðs	—	278853.28	
e. — skuldabréfum	—	178031.85	
f. — hlaupareikningi	—	6971.16	
g. Vextir frá fyrra ári	—	1230.35	
			— 1131027.45
3. Húsaleigutekjur	—	91960.00	
4. Lántöku- og stimpilgjöld	—	5034.00	

Kr. 2857893.45

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur	kr.	351403.51	
2. Eftirgefin lán:			
a. 20% eftirgjafir ópl. 1955	kr.	309719.00	
b. Samkv. stjórnarsamþykkt	—	460901.25	
c. Fóðurlán og A-lán	—	622604.80	
			— 1393225.05
3. Eftirgefnir vextir af ópl. 1955	—	387328.25	
4. Endurgreiddir vextir af ópl. 1955	—	85399.00	
5. Endurgreiðslur (20% af ópl. 1955)	—	24640.00	
6. Styrkir	—	30000.00	

7. Viðhald fasteignar	kr.	35721.80
8. Greiddir vextir	—	6956.58
9. Rekstrarhagnaður	—	543219.26
		<hr/>
	Kr.	2857893.45

Efnahagsreikningur 1961.

Eignir:

1. Séreignarsjóður sveitarfélaga:			
a. Innstæða frá fyrra ári	kr.	4555724.24	
b. Viðbót á árinu	—	740884.51	
		<hr/>	kr. 5296608.75
2. Sameignarsjóður:			
a. Skuldabréfaeign	kr.	9794374.31	
b. Fasteignarreikningur	—	2403788.61	
c. Innbú og lausafé	—	325052.14	
d. Bankainnstæður	—	3881337.05	
e. Hlaupareikningur	—	141941.86	
f. Bráðabirgðalán (Laugav. 105 hf.)	—	12437.06	
g. Sjóðsreikningur	—	93.54	
h. Ógreiddir vextir af óþl. í árslok	—	383285.69	
i. Sjóðsmismunur	—	3046.00	
		<hr/>	— 16945356.26
			<hr/>
	Kr.		22241965.01

Skuldir:

1. Skuldabréf ríkissjóðs	kr.	1500000.00
2. Höfuðstólsreikningur 1/1 1961	kr.	20198745.75
Rekstrarhagnaður	—	543219.26
		<hr/>
		— 20741965.01
		<hr/>
	Kr.	22241965.01

Reykjavík, í janúar 1962.

Jónas Guðmundsson.

Nr. 70.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1962.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr.	1649285.00
2. Vaxtatekjur:		
a. Af óþurrkalánum	kr.	85309.00
b. — innstæðum séreignarsjóðs	—	434008.44
c. — innstæðum sameignarsjóðs	—	282196.78
d. — skuldabréfum	—	227047.26

e. Af hlaupareikningi	kr. 7792.32	
f. Aðrir vextir	— 8610.83	
g. Ógreiddir vextir í árslok	— 35543.33	
		kr. 1080507.96
3. Húsaleigutekjur	— 87862.50	
4. Lántöku og stimpilgjöld	— 400.00	
		Kr. 2818055.46

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur	kr. 410176.78	
2. Eftirgefin lán:		
a. 20% eftirgjafir ópl. 1955	kr. 193066.00	
b. Samkvæmt stjórnarsamþykkt	— 22100.00	
c. Fóðurlán	— 204400.00	
		— 419566.00
3. Eftirgefnir vextir af ópl. 1955	— 186465.16	
4. Endurgreiddir vextir af ópl. 1955	— 9595.00	
5. Endurgreiðslur:		
a. Fóðurlánasjóður	kr. 3171.60	
b. Endurgreidd 20% eftirgjöf	— 2000.00	
		— 5171.60
6. Styrkir	— 91500.00	
7. Viðhald fasteignar	— 101799.04	
8. Greiddir vextir	— 2927.35	
9. Rekstrarhagnaður	— 1590854.53	
		Kr. 2818055.46

Efnahagsreikningur 1962.

Eignir:

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:		
a. Innstæða frá fyrra ári	kr. 5296608.75	
b. Viðbót á árinu	— 808650.94	
		kr. 6105259.69
2. Sameignarsjóður:		
a. Skuldabréfaeign	kr. 10900762.98	
b. Fasteignareikningur	— 2403788.61	
c. Innbú og lausafé	— 298102.14	
d. Bankainnstæður	— 3718456.33	
e. Hlaupareikningur	— 170971.87	
f. Sjóðsreikningur	— 93.06	
g. Ógreiddir vextir í árslok	— 232338.86	
h. Sjóðsmismunur frá 1961	— 3046.00	
		— 17727559.85
		Kr. 23832819.54

Skuldir:

1. Skuldabréf ríkissjóðs	kr. 1500000.00
2. Höfuðstólsreikningur 1/1 1962	kr. 20741965.01
Rekstrarhagnaður	— 1590854.53
	<hr/>
	— 22332819.54
	<hr/>
	Kr. 23832819.54

Reykjavík, í janúar 1963.

Jónas Guðmundsson.

Nr. 71.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 1962.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af söluskatti	kr. 83307930.00
3. Landsútsvör (Oliufélög)	— 11787477.00
3. Vextir	— 140528.69
	<hr/>
	Kr. 95235935.69

Gjöld:

1. Framlög til sveitarfélaga:	
a. Af söluskatti	kr. 82508762.00
b. — landsútsvörum ($\frac{3}{4}$)	— 8881766.00
	<hr/>
	kr. 91390528.00
2. Landsútsvör sveitarfélaga (ca. $\frac{1}{4}$)	— 2905711.00
3. Styrkur til sveitarf. (Seyðisf.)	— 455000.00
4. Kostnaður	— 40.00
5. Tekjuafgangur	— 484656.69
	<hr/>
	Kr. 95235935.69

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

1. Bankar:	
a. Seðlabankinn	kr. 1627630.51
b. Sparisjóður (L. Í. 3365)	— 71661.07
	<hr/>
	kr. 1699291.58
2. Skuldir sveitarfélaga	— 1986.00
3. Skuldabréf	— 31000.00
4. Lán Kaldrananeshrepps	— 25000.00
5. Bækur	— 26575.57
	<hr/>
	Kr. 1783853.15

Skuldir:

1. Óúthlutað af söluskatti t. n. á.	kr.	92070.00
2. Höfuðstóll:		
a. Frá fyrra ári	kr.	1207126.46
b. Tekjuafgangur 1962	—	484656.69
		<u>— 1691783.15</u>
		Kr. 1783853.15

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda árið 1961.

Tekjur:

1. Sjóður i ársbyrjun (Stj.tið. 1961, B., bls. 426):		
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00
b. Innstæða i Söfnunarsjóði	—	12935.39
c. Bankainnstæða	—	24304.33
		<u>kr. 45839.72</u>
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini	kr.	1878.03
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	—	945.68
c. Bankainnstæða	—	1651.03
		<u>— 4474.74</u>
		Kr. 50314.46

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00
b. Innstæða i Söfnunarsjóði	—	13221.07
c. Bankainnstæða	—	28493.39
		<u>kr. 50314.46</u>
		Kr. 50314.46

Í atvinnumálaráðuneytinu, 24. maí 1962.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 127 frá 1937, um skemmtanaskatt.

1. gr.

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. og 2. flokks 2. gr. skemmtanaskattslaganna, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu eftir kl. 19.00 föstudaga og laugardaga og eftir kl. 20.30 aðra vikudaga. 10% álag á skemmtanaskatt, er rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er innifalið í 8 kr. gjaldinu.

Sérstakir aðgöngumiðar skulu gerðir í þessu skyni undir umsjón tollstjórans í Reykjavík, er hefur miðana til sölu fyrir veitingamenn og til dreifingar til bæjarfógeta, sem annast sölu þeirra á sama hátt hver í sinu umdæmi.

Á miðunum skal tilgreind fjárhæð skemmtanaskattsins og menningarsjóðsgjaldsins og að álag það, sem veitingamanni er heimilt að leggja á miðana, megi ekki vera hærra en kr. 5.00. Álag þetta er undanþegið skemmtanaskatti.

Tollstjóri ræður gerð aðgöngumiða og ákveður, hvaða umbúnað veitingamenn skuli leggja til í sambandi við sölu þeirra.

Veitingamenn greiði aðgöngumiðana, kr. 10.00 fyrir hvern miða, við afhendingu hjá tollstjóra eða bæjarfógeta, að viðbættum prentunarkostnaði. Miðarnir skulu prentaðir og seldir í rúllum.

Veitingamenn skulu annast sölu aðgöngumiða, og skulu miðarnir seldir samkomugestum um leið og þeir fá aðgang að samkomu- eða veitingahúsinu, og verða seldir miðar ógildir, ef þeir eru ekki notaðir þá þegar.

Nú er vínveitingahús jafnframt gísthús og skal gjaldið þá ekki heimt þar af föstum dvalargestum þess, enda sýni þeir gísthúsirteini, ef krafizt er.

2. gr.

Dansleikir, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldri eiga einir aðgang að og standa ekki lengur en til kl. 0.30, skulu undanþegnir öllum skemmtanaskatti, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er lögreglustjóri telur rétt að setja.

3. gr.

Undanþiggja má skemmtanaskatti dansskemmtanir með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á skemmtunum. Undanþágan tekur ekki til skemmtana, sem haldnar eru í danshúsum, en í þessu sambandi teljast danshús samkomu- eða veitingahús, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti, eða þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, enda sé í hvorugu tilvikinu um að ræða veitingahús, sem venjulega greiða skatt samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar af daglegum rekstri sínum.

Eigendur og umráðamenn samkomu- eða veitingahúsa, sem óska eftir að njóta undanþágunnar fyrir hús sín, skulu senda um það skriflega umsókn til menntamálaráðherra, þar sem gerð er grein fyrir rekstri húsanna að undanfögnu og fyrirætlunum um reksturinn framvegis. Umsókn skulu fylgja vottorð heilbrigðisyfirvalda um, að hreinlæti og hollustuháttum í húsinu sé ekki ábótavant og vottorð lögreglustjóra um, að góðrar reglu hafi verið gætt í húsinu að undanfögnu. Sams konar ákvæði gilda um matsölhúsnæði og annað húsnæði, ef skemmtanir eru haldnar þar.

Að athuguðum þessum gögnum, ákveður ráðherra, hvort veita skuli undanþáguna og þá með eða án frekari skilyrða en lögin og reglugerð þessi segja til um. Séu sett skilyrði fyrir undanþágunni brotin, fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Nú er stærð eða rekstri samkomu- eða veitingahúss, sem undanþága hefur verið fengin fyrir, breytt svo að í bága fari við sett skilyrði, og skulu eigandi þess og umráðamaður þá tilkynna ráðuneytinu þegar í stað um breytinguna. Láti þeir það hjá líða, skulu þeir bera solidaríska ábyrgð á greiðslu skemmtanaskatts og menningarsjóðsgjalds af öllum skemmtunum, sem fram hafa farið í húsinu eftir breytinguna og gjaldskyldar hefðu verið, og má innheimtumaður áætla gjöldin, ef ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir þeim. Sama gildir, ef brotið er á annan hátt í bága við þau skilyrði, sem sett hafa verið fyrir undanþágunni. Bæjarfógetum (í Reykjavík lögreglustjóra og tollstjóra) skal gerð grein fyrir, hve oft dans fer fram í húsum, sem undanþágu fá.

Aðili, sem halda vill gjaldfrjálsa dansskemmtun í húsi, sem undanþágu hefur fengið samkvæmt ákvæðum hér að framan, skal sækja um skemmtanaleyfi með venjulegum hætti, lýsa því jafnframt yfir, að vín verði ekki haft um hönd á skemmtuninni og greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er að dómi lögreglustjóra. Sé þessa ekki gætt, er skemmtunin skattskyld. Komi síðar í ljós, að neyzla áfengis hafi viðgengizt á skemmtuninni, skal greiddur af henni skemmtanaskattur miðaður við aðgangseyri, svo og menningarsjóðsgjald, og má hlutaðeigandi innheimtumaður áætla gjöldin, ef þörf gerist.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 24 frá 1963, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. maí 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1963.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar, undirskrifað af forsetanum 18. janúar 1963, nr. 1.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1963, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1963, nr. 2.

Lög um landsdóm, undirskrifuð af forsetanum 19. febrúar 1963, nr. 3.

Lög um ráðherraábyrgð, undirskrifuð af forsetanum 19. febrúar 1963, nr. 4.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 2. apríl 1963, nr. 5.

Lög um breytingu á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1963, nr. 6.

Lög um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum 21. marz 1963, nr. 8.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1963, nr. 9.

Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1963, nr. 10.

Lög um breyting á sjómannaögum, nr. 41 19. maí 1930, undirskrifuð af forsetanum 19. apríl 1963, nr. 11.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 12.

Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurborg og Njarðvíkurhreppi, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1963, nr. 13.

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 14.

Lög um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 15.

Lög um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðseturskipta, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 16.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógsahreppi, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1963, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 18.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipun innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 20.

Lög um kirkjugarða, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1963, nr. 21.

Lög um almenningsbókasöfn, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 22.

- Lög um Kennaraskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 23.
- Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 24.
- Lög um Tækniskóla Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 25.
- Lög um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskirteini á íslenskum skipum*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 26.
- Lög um þátttöku Sildarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 27.
- Lög um fasteignamat og fasteignaskráningu*, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 28.
- Lög um Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 29.
- Lyfsölulög*, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 30.
- Lög um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f*, nr. 113 29. desember 1951, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1963, nr. 31.
- Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholti*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 32.
- Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í hér- aði*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 33.
- Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 34.
- Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1963, nr. 35.
- Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 36.
- Forsetabréf um þinglausnir*, undirskrifað af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 37.
- Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963*, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1963, nr. 38.
- Lög um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1963, nr. 39.
- Lög um almannatryggingar*, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1963, nr. 40.
- Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupþún vegna landakaupa*, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1963, nr. 41.
- Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1963, nr. 42.
- Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga*, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1963, nr. 43.
- Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga*, undirskrifuð af forsetanum 3. apríl 1963, nr. 44.
- Lög um Iðnlánasjóð*, undirskrifuð af forsetanum 3. apríl 1963, nr. 45.
- Lög um hámarkspóknun fyrir verkfræðistörf*, undirskrifuð af forsetanum 13. apríl 1963, nr. 46.
- Lög um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum*, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1963, nr. 47.
- Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum*, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1963, nr. 48.
- Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks*, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 49.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1963, nr. 50.

Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 51.

Lög um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 52.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 53.

Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 54.

Lög um bændaskóla, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 55.

Lög um lögreglumenn, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1963, nr. 56.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1963, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1963, nr. 58.

Lög um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1963, nr. 59.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1963, nr. 60.

Lög um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Ripurhreppi í Skagafjarðarsýslu, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1963, nr. 61.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1963, nr. 62.

5. júlí.

Nr. 74.

AUGLÝSING

um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslur o. fl. samkvæmt dómi Kjaradóms 3. júlí 1963.

I.

Laun.

Málsaðilar hafa með samkomulagi skipað ríkisstarfsmönnum í launaflokka þannig:

1. flokkur.

Nýliðar á skrifstofum (reynslutími), nýliðar við ljósprentun og ljósmyndun, nýliðar á teiknistofum.

2. flokkur.

Ósérhæfðir starfsmenn í iðnaði og iðju (reynslutími), nýliðar við lyfjagerð o. fl. störf.

3. flokkur.

Aðstoðarmenn við ljósprentun og ljósmyndun, afgreiðslumenn á skrifstofum (afgreiðslustörf, aðstoð við bókhald og spjaldskrár o. fl.).

4. flokkur.

Aðstoðarmenn við miðasölu í Þjóðleikhúsi, aðstoðarmenn við lyfjaafgreiðslu, aðstoðarmenn II við lyfjagerð, starfsmenn við iðjustörf, ritarar III.

5. flokkur.

Aðstoðarmenn við ljósmyndaframköllun (Landmælingar Íslands), aðstoðarmenn í vörugæmslum, dyraverðir, eftirlitsmenn útvarpsnota, húsverðir II, ræstingamaður Þjóðleikhúss, saumakonur Þjóðleikhúss, starfsmenn við erfið eða óhreinleg störf í iðju og á rannsóknarstofum (t. d. tóbaksgerð, flöskubvottur, dauðhreinsum á umhúðum og áhöldum o. fl.), talsímakonur (-menn) II, vinnumenn á ríkisbúum.

6. flokkur.

Aðalátappari ÁTVR, aðstoðarmenn I við lyfjagerð, bílstjórar II (sendiferðabílar), blöndunarmaður ÁTVR, bréfberar II (ekki lengur en eitt ár), dyraverðir Þjóðleikhúss, innheimtumenn, næturverðir, ritarar II, sendimenn II.

7. flokkur.

Bréfberar I, flokkstjórar verkamanna, aðstoðarmenn á sjúkrahúsum og fávita-hælum, húsverðir I (t. d. Stjórnarráð, Háskóli, Kennaraskóli, Menntaskóli, Sjómannaskóli, Tryggingastofnun ríkisins, Landssími Íslands, Þjóðleikhús), sendimenn I, talsímakonur (-menn) I (miðskólapróf eða hliðstætt próf), teiknarar II, tækja-gæzlumenn lóranstöðvar, Reynisfjalli, þvottamenn ríkisspítala.

8. flokkur.

Aðstoðarmenn radióvirkja (flugmálastjórn), aðstoðarþvottaráðskonur Landspítala, bílstjórar I (mannflutningar, þungavöruflutningar, langferðir, áfengis-, tóbaks- og lyfjaflutningar, póstflutningar og bílstjórar ríkisspítala), bókarar II, eftirlitsmenn II á Löggingingarstofu, eftirlitsmaður vinnuvéla hjá flugmálastjórn, hljómplötuverðir (útvarp), línumenn L. Í., póstafræðslumenn II, talsímakonur við eftirlit með langlínaafgreiðslu, umsjónarmaður hjá Ríkisútvarpi, vélaverðir rafveitna, vélaverðir ríkisspítala, yfirbréfberar, yfirsendimenn L. Í., þvottaráðskona, Kristnesi.

9. flokkur.

Aðstoðarflugumferðarstjórar, aðstoðarmenn á Landsbóka-, Þjóðminja-, Þjóðskjala- og Náttúrugripasafni (skrifstofustörf), fjarritarar, flokksstjórar línumanna, gjaldkerar III, hárgreiðslumeistari Þjóðleikhúss, ráðskona í matsal Landspítala, ritarar I, sjúkortasölumaður (vitamálastjórn), skeytaskrásetjarar, sölumaður með fjárvörzlu, Viðtækjaverzlun ríkisins, solumenn ÁTVR, talsímakonur við utanlandsafgreiðslu, tengingamenn L. Í. (línumenn með sérþekkingu), umsjónarmaður köfunartækja (vitamálastjórn), varðstjórar langlínumiðstöð, verkstjórar II (verkamanna).

10. flokkur.

Aðstoðarmenn á Veðurstofu, Atvinnudeild og rannsóknarstofum, afgreiðslumenn ÁTVR, afgreiðslumenn Frihafnar, afgreiðslumenn minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, bílstjórar forsetaseturs og stjórnarráðs, birgðaverðir, eftirlitsmenn I á Löggingingarstofum (iðnlærðir), iðnaðarmenn (sveinspróf), leiktjaldasmiðir og leiksviðsmenn Þjóðleikhúss, ljósmyndari (Landmælingar Íslands), næturverðir L. Í., (talsímaafgreiðsla), röntgenmyndarar, stöðvarstjórar III (Rafmagnsveitur ríkisins), stöðvarstjórar póst og síma VIII, teiknarar I, tækjaviðgerðarmenn L. Í. (með prófi í einni af aðalgreinum símverkunar), vélaviðgerðarmaður lóranstöðvar, Reynisfjalli, viðgerðarmaður Veðurstofu.

11. flokkur.

Birgðaverðir L. Í. með sérþekkingu, bókarar I, dóm- og skjalaverðir Hæstaréttar, háloftaathugunarmenn, loftskeytamenn, radióvirkjar flugmálastjórnar, sakaskrár-

ritari II, skjala- og bókaverðir á skrifstofum (með sérhæfingu), slökkviliðsmenn, stöðvarstjórar póst og síma VII, stöðvarverðir endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðvarverðir, Vatnsenda (útvarp), stöðvarstjóri II (Rafmagnsveitur ríkisins), tollritarar, varðstjórar Frihafnar, verðgæzlumenn (eftirlitsmenn), Þjóðgarðsvörður.

12. flokkur.

Barnakennarar án kennararéttinda, bifreiðaeftirlitsmenn, fangaverðir og gæzlumenn á vinnuhælum, flokksstjórar iðnaðarmanna, fulltrúar IV, gjaldkerar II, gæzlusystur á fávitahælum (með prófi), hárkollumeistari Þjóðleikhúss, iðnaðarmenn (sjálfstæð störf), línuverkstjórar L. Í. og Rafmagnsveitna ríkisins, ljósmæður, lögregluþjónar, magnaraverðir, póstafgreiðslumenn I, radióvirkjar flugmálastjórnar með símverkjaprófi eða hliðstæðu prófi, sérhæfðir aðstoðarmenn II á Atvinnudeild, rannsóknarstofum og við lyfjagerð, sérhæfðir aðstoðarmenn á Veðurstofu, símritarar, símverkjar, sjókortagerðarmaður II, sjómælingamaður III, skattendurskoðendur II (endurskoðun almennra framtala), skipaeftirlitsmenn, stöðvarstjórar póst og síma VI, sölustjórar minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, tollverðir, tóþógraf (Landmælingar Íslands), umsjónarmenn ríkissjúkrahúsum, útlendingaeftirlitsmenn, verkstjórar I (sem hafa ábyrgð á launagreiðslum og efni), yfirsamakona í Þjóðleikhúsi, yfirvarðstjórar langlínumiðstöð.

13. flokkur.

Aðstoðarslökkviliðsstjóri á Reykjavíkurlflugvelli, bifreiðaumsjónarmaður L. Í. (verkstjóri), flokksstjórar radióvirkja flugmálastjórnar, flokksstjórar símverkja (aðstoðarverkstjórar), forstöðukona Elliðahvammí, hjúkrunarkonur (-menn), húsmæðrakennarar án kennararéttinda, lögregluþjónar með viðbótarprófi úr lögregluskóla, sem dómsmálaráðherra metur gilt, mælitækjaprófari (Rafmagnsveitur ríkisins), ráðskonur, Breiðuvík og Gunnarsholti, rafveitustjórar III (rafgæzlumenn), skógarverðir, stöðvarstjórar póst og síma V, tollverðir með verzlunarskólaprófi eða hliðstæðri menntun, umsjónarmaður vita, umsjónarmenn lóranstöðvar, Gufuskálum, varðstjórar háloftaathugunarmanna, varðstjórar loftskeytamanna á Veðurstofu, varðstjórar símritara, varðstjórar slökkviliðs, yfirteiknarar.

14. flokkur.

Aðalverkstjórar raforkumála, flugmála, ÁTVR, skipaútgerðar, vitamála og sementsverksmiðju, bókavörður og blaðafulltrúi Þjóðleikhúss, byggingaeftirlitsmaður L. Í., efnisvörður Vitamálaskrifstofu, endurskoðendur hjá vegamálastjóra, flugumferðarstjórar II, V. F. R. (að lokinni 6 ára þjálfun og tilskildum prófum), fulltrúar III, gjaldkerar I, hafnarmælingamaður, hamskeri í Náttúrugripasafni, hljómlistar-menn útvarps (áður fiðlu- og píanóleikari), innkaupastjóri Skipaútgerðar ríkisins, laborantar Landspítala, miðasölustjóri Þjóðleikhúss, rafmagnseftirlitsmenn (rafmagnsdeild Vélskóla), rafvirkjar (rafmagnsdeild Vélskóla), sakaskráritari I, sérhæfir aðstoðarmenn I á Atvinnudeild, rannsóknarstofum og við lyfjagerð, símverkja-verkstjórar, sjókortagerðarmaður I, sjómælingamaður II, skattendurskoðendur I (endurskoðun fyrirtækja), stöðvarstjórar endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðvarstjórar póst og síma IV, sýklarannsóknarmenn, sýningarstjóri Þjóðleikhúss, sýsluskrifarar, umdæmisfulltrúar bifreiðaeftirlits, umsjónarmaður Landspítala, umsjónarmaður línuframkvæmda og bifreiðaverkstæðis L. Í., umsjónarmenn í radiódeild L. Í., umsjónarmenn með skýrslusöfnun og spjaldagötun (Hagstofan), umsjónarmenn símritunar í Reykjavík og Gufunesi, varðstjórar í talsambandi við útlönd, vatnamælingamaður (raforkumál), vefjarannsóknarmenn, verk-

stjórar iðnaðarmanna, verzlunarstjóri minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, yfirlínuverkstjórar L. Í., yfirvarðstjóri háloftaathugunarmanna.

15. flokkur.

Aðstoðaryfirljósmóðir á Fæðingardeild Landspítala, barnakennarar, bústjórar á ríkisbúum, eftirlitsmaður dieselstöðva (Rafmagnsveitur ríkisins), forstöðukona þvottahúss Landspítala, leiktjaldamálarar Þjóðleikhúss, ljósameistari Þjóðleikhúss, röntgenvélaviðgerðarmaður Landspítala, sérlærðar hjúkrunarkonur (framhaldsnám eitt ár), sjúkrahjálfarar, slökkviliðsstjóri á Reykjavíkurflogvelli, sjúkrakennarar við ríkisspítala, stöðvarstjórar pósts og síma III, stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvar L. Í., Vatnsenda, tækja- og áhaldasmiður Atvinnudeildar, tækja- og áhaldasmiður Veðurstofu, útsölustjórar ÁTVR utan Reykjavíkur, varðstjórar lögreglu, varðstjórar tollvarða (staðgenglar yfirtollvarða og sérstakir eftirlitsmenn, formaður á tollbát), vélaeftirlitsmaður (Skipaskoðun ríkisins), vélstjórar (rafmagnsdeild Vélskóla), yfirfangavörður hegningarlúsinu í Reykjavík, yfirgæzlumaður á Litla-Hrauni, yfirumsjónarmaður í birgðageymslu pósts og síma, yfirumsjónarmaður L. Í. á Akureyri, yfirumsjónarmenn með línuáætlunum og framkvæmdum L. Í., yfirumsjónarmenn pósts á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, þulir, öryggis- skoðunarmenn.

16. flokkur.

Aðstoðarmatráðskonur Landspítala og Kleppi, barnakennarar heimavistarskóla, barnakennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla, er fræðslumálastjórn tekur gilt, blindrakennarar, búnaðarskólakennarar, byggingaeftirlitsmenn hjá húsameistara ríkisins, dagskrárstarfsmenn (áður fréttamenn og fulltrúar í tónlistardeild og dagskrárskrifstofu), deildarhjúkrunarkonur, deildarstjóri loftskeyta- deildar Veðurstofu, deildarstjóri radióverkstæðis flugmála, flugumferðarstjórar I. I. F. R. (að lokinni 6 ára þjálfun og tilskildum prófum), forstöðukona holds- veikraspítala, garðyrkjuskólakennarar, héraðsdýralæknar V, húsmæðrakennarar, kennarar við gagnfræðaskóla og iðnskóla, kennarar heyrnleysingjaskóla, kennarar Stýrimannaskóla og Vélskóla, kennarar Matsveina- og veitingaþjónaskóla, kennarar við hjúkrunarskóla, leiksviðsstjórar Þjóðleikhúss, matráðskona Kristnesi, mjólkur- eftirlitsmaður, póstvarðstjórar, rafveitustjórar II (innanbæjarkerfi og/eða sveita- veitur), sjóðskoðunarfulltrúi pósts og síma, skrifstofustjórar III, stöðvarstjórar I (Rafmagnsveitur ríkisins), stöðvarstjórar pósts og síma, II. stigs, stöðvarstjóri loft- skeytastöðvar, Reykjavík, stöðvarstjóri Vatnsenda (útvarp), talkennarar, umdæmis- verkstjórar Vegagerðar (aðalverkstjórar), yfirfiskmatsmenn, yfirmatsmaður garð- ávaxta, yfirumsjónarmaður talsambands við útlönd og langlínumiðstöðvar, yfirsím- virkjaverkstjórar, yfirtollverðir, yfirumsjónarmenn símritara í Reykjavík og Gufu- nesi, yfirverkstjóri hafnargerða, yfirvarðstjóri lögreglu, Keflavíkurflogvelli.

17. flokkur.

Aðalþókarar og aðalgjaldkerar, aðalendurskoðandi vegamálastjórnar, auglýs- ingastjóri útvarps, birgðastjóri vegagerðar, forstöðumaður hlustendapjónustu ríkis- útvarps, forstöðumaður löggildingarstofu, forstöðumaður vistheimilis, Gunnarsholti, fulltrúar II, kennarar við gagnfræðaskóla, iðnskóla og aðra framhaldsskóla, sem nú eru fastir kennarar, með BA-prófi frá H. Í. eða sambærilegt nám að dómi fræðslumálastjórnar, héraðsdýralæknar IV, héraðslæknar V, innheimtustjóri útvarps, landmælingamaður vegagerðar, læknakandidatar (námskandidatar), matráðskonur Vífilstöðum og fávitahæli Kópavogi, ráðsmaður Kristneshæli (reikningshaldari), radióeftirlitsmaður L. Í., sendiráðsritarar II og vararæðismenn, skólastjórar barna- skóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjóri lóranstöðvar, Reynisfjalli, stöðvarstjóri

Rjúpnahæð, vanvitaskólakennari, veiðistjóri, vélaumsjónarmaður vegagerðar, yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski, yfirhjúkrunarkonur á sérdeildum (röntgen, skurðstofu, blóðbanka o. fl.), yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli, yfirljósmóðir fæðingardeild Landspítalans, yfirmaður áhaldahúss vitamála.

18. flokkur.

Aðstoðarforstöðukonur stærstu sjúkrahúsa (200 rúm eða fleiri), birgðastjóri aðalfrímerkjavörzlu, dagskrárfulltrúi útvarps, deildarstjórar bögglaþóststofu, tollþóststofu, bréfaþóststofu í Reykjavík og söludeildar fyrir frímerkjasafnara, deildarstjórar L. Í. (radiótæknideild, símatæknideild, bæjarsími, hagdeild og rekstrardeild), deildarstjórar tollstjóraembættis, deildarstjóri tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli, deildarstjóri umferðarmáladeildar pósts og síma, eftirlitsmaður með skólabyggingum, forstöðumaður bifreiðaeftirlits, forstöðumaður Breiðuvíkurhælis, forstöðumaður vinnuhælis á Litla-Hrauni, héraðsdýralæknar III, héraðslæknar IV, húsameistarar II (byggingafræðingar), húsmæðrakennaraskólakennarar, innheimtugjaldkeri L. Í., íþróttakennarar menntaskóla, Kennaraskóla og Háskóla, íþróttakennaraskólakennarar við handavinnudeild Kennaraskóla, kennarar við listiðnaðardeild Handiðaskólans, kennarar við kennaradeild Tónlistarskólans, kennarar við gagnfræðaskóla, iðnskóla og aðra framhaldsskóla með BA-prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi, hvort tveggja að viðbættu prófi í uppeldisfræðum, síldarmatsstjóri, símatæknifræðingar (3—4 ára tækninám), skólastjórar barnaskóla, (2—5 kennarar), stöðvarstjórar pósts og síma I, stöðvarstjóri lóranstöðvar, Gufuskálum, tónlistarfulltrúar útvarps, tæknifræðingar (3—4 ára tækninám), varðstjórar í aðflugsstjórn.

19. flokkur.

Áfengisvarnaráðunautur ríkisins, birgðastjóri pósts og síma, búnaðar- og garðyrkjuskólakennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugrein, deildartæknifræðingar (t. d. Rafmagnsv. ríkisins), forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) á sjúkrahúsum (innan við 200 rúm), forstöðumaður byggingaeftirlits, forstöðumaður tæknideildar útvarps (stúdíóstjóri), forstöðumaður fræðslumyndasafns, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna, frihafnarstjóri, héraðsdýralæknar II, héraðslæknar III, kennarar við gagnfræðaskóla, iðnskóla og aðra framhaldsskóla með cand. mag. prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugrein, matráðskonur Landspítalanum og Kleppi, póstmeistari, Akureyri, skólastjórar heimavistarbarnaskóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjóri pósts og síma, Hafnarfirði, umsjónarmaður sjálfvirkra stöðva L. Í. (tæknifræðingur), útsölustjórar ÁTVR í Reykjavík, varðstjórar í flugstjórnarmiðstöð, yfirdeildarstjórar í radiótæknideild L. Í., símatæknideild og bæjarsíma Reykjavíkur, æviskrárritari.

20. flokkur.

Aðstoðarlæknar II, bókafulltrúi, bókaverðir Landsbókasafns (hafi háskólaþróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), deildarstjóri I. C. A. O. (flugmálastjórni), héraðsdýralæknar I, héraðslæknar II, kennaraskólakennarar, menntaskólakennarar, minjaverðir Þjóðminjasafns (hafi háskólaþróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), rafveitustjórar I, sendiráðsritarar I og ræðismenn, sjómælingamaður I, skjalaverðir Þjóðskjalasafns (hafi háskólamenntun og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), skólastjórar barnaskóla (6—10 kennarar), skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (1—5 kennarar), skólastjórar heimavistarbarnaskóla (2 kennarar eða fleiri), skólastjórar húsmæðraskóla, skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans, skrifstofustjórar II, undirdeildarstjórar raforkumála, yfirflugumferðarstjóri, Keflavík (aðflugsstjórn).

21. flokkur.

Aðal bókarar póstis og síma, Tryggingastofnunar og tollstjóraembættis, aðalgjaldkerar póstis og síma, Tryggingastofnunar og tollstjóraembættis, aðalfulltrúi skipaskoðunarstjóra (tæknimenntaður), forstöðumaður fávitahælis, Kópavogi, forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) sjúkrahúsa (200 rúm eða fleiri), fulltrúar I (háskólamenntaðir fulltrúar í stjórnarráði, hjá héraðsdómurum, saksóknara ríkisins o. fl.), héraðslæknar I, húsameistarar I (arkitektar), leiklistarstjóri útvarps, sérfræðingar Handritastofnunar, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (6—10 kennarar), sóknarprestar, stöðvarstjóri póstis og síma, Vestmannaeyjum, stöðvarstjóri, Gufunesi, söngmálastjóri, tilraunastjórar í landbúnaði (háskólapróf), tónlistarstjóri útvarps, umdæmisstjórar L. Í. á Akureyri, Brú, Ísafirði, Seyðisfirði og Siglufirði, yfirflugumferðarstjóri, Reykjavík (flugstjórnarmiðstöð), yfirkennarar menntaskóla og Kennaraskóla, æskulýðsfulltrúi þjóðkirkju.

22. flokkur.

Aðalendurskoðandi póstis og síma, aðstoðarlæknar I, biskupsritari, flugvallarstjórar í Reykjavík og Keflavík, forstöðumaður Landmælinga Íslands, framkvæmdastjóri flugvalla utan Reykjavíkur, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits, íþróttafulltrúi, námsstjórar, náttúrufræðingar og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar hjá Atvinnudeild, Skógrækt, Náttúrugripasafni, Veðurstofu o. fl., póstmálafulltrúi, prófastar, skólastjórar barnaskóla (11—18 kennarar), skólastjóri Handíðaskólans (listiðnaðardeild), skólastjóri Heyrnleysingjaskólans, skólastjóri Hjúkrunarskólans, skólastjórar Húsmæðrakennaraskólans og Íþróttakennaraskólans, skólastjóri Tónlistarskólans (kennaradeild), verkfræðingar hjá vita- og hafnarmálastjóra (2 menn), yfirmaður skýrslu- og starfsmannadeildar póstis og síma, öryggisefirlitsmaður (með háskólaprófi).

23. flokkur.

Aðalfulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík og bæjarfógetanna á Akureyri, í Hafnarfirði, Kópavogi og Vestmannaeyjum (einn við hvert embætti), dagskrárstjóri útvarps, deildarstjórar Náttúrugripasafns, deildarstjórar rekstrar- og byggingadeilda Rafmagnsveitna ríkisins, deildarstjórar skattstofu, deildarstjórar Tryggingastofnunar, deildarstjórar Veðurstofu, forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins, framkvæmdastjóri flugöryggisþjónustu, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, framkvæmdastjóri Ríkisútgáfu námsbóka, fréttastjóri útvarps, póstmestari, Reykjavík, ritsímastjóri, Reykjavík, skólastjórar barnaskóla (19 kennarar og fleiri), skólastjórar búnaðarskóla og garðyrkjuskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (11—18 kennarar), skólastjórar Stýrimannaskóla og Vélskóla, skrifstofustjórar I, skrifstofu- og sölustjóri ÁTVR, verðlagsstjóri, vígslubiskupar.

24. flokkur.

Aðstoðarlæknir berklavarna, aðstoðarlæknir tryggingayfirlæknis, bæjarsíma- stjóri í Reykjavík, deildarlæknar, deildarstjórar í stjórnarráði, deildarverkfræðingur hjá Rafmagnsveitum ríkisins, dósent í lyfjafraði lyfsala, forsetaritari, forstjóri Ferðaskrifstofu, forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, forstöðumaður almanna- varna, forstöðumaður Listasafns ríkisins, Háskólaritari, landlæknisfulltrúi (læknir), ríkisféhirðir, sandgræðslustjóri, sendiráðunautar, sérmenntaður dýralæknir að Keldum, sérmenntaðir læknar á rannsóknarstofum, skattstjórar utan Reykjavíkur, skóla- stjórar héraðsgagnfræðaskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (19 kennarar og fleiri), skrifstofustjórar skattstjórans í Reykjavík, raforkumálaskrifstofu og tollstjóraskrifstofu, tryggingafræðingur Tryggingastofnunar ríkisins.

25. flokkur.

Aðalfulltrúi saksóknara, aðstoðaryfirlæknar ríkisspítala og Rannsóknarstofu Háskólans, eftirlitsmaður með fjármálum skóla, fiskmatsstjóri, framkvæmdastjóri ríkisspítala, hæstaréttarritari, landnámsstjóri, rafmagnseftirlitsstjóri, skrifstofustjóri Tryggingastofnunar ríkisins og ríkisskattstjóra, sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, tollgæzlustjóri, veiðimálastjóri, yfirverkfræðingur brúargerða.

26. flokkur.

Berklyfirlæknir, borgardómarar, borgarfógetar, forstjórar rekstrardeildar og hagdeildar pósts og síma, forstjórar tæknideilda pósts og síma, forstjóri ÁTVR, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri landhelgisgæzlu, forstjóri Landsmiðju, forstjóri Sementsverksmiðju, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, forstöðumaður tilraunastöðvar á Keldum, framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs, forstöðumaður blóðbanka, forstöðumaður Handritastofnunar, forstöðumaður Náttúrugripasafns, forstöðumenn húnaðardeildar, fiskideildar og iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans, Háskólabókavörður, héraðslæknir, Akureyri, landsbókavörður, lyfsölustjóri, prófessorar, rafmagnsveitustjóri, rannsóknarlæknir að Keldum, rektorar og skólameistarar menntaskóla, ríkisbókari, sakadómarar, skattstjóri í Reykjavík, skipaskoðunar- og skipaskráningarstjóri, skógræktarstjóri, skólastjóri Kennaraskóla, skólayfirlæknir, tryggingayfirlæknir, yfirdýralæknir, yfirlæknir ríkisspítala og Rannsóknarstofu Háskólans, yfirlæknir fávitahælis, Kópavogi, þjóðminjavörður, þjóðskjalavörður, öryggismálastjóri.

27. flokkur.

Flugmálastjóri, forstjóri Tryggingastofnunar, fræðslumálastjóri, húsameistari ríkisins, raforkumálastjóri, ríkisskattstjóri, tollstjórinn í Reykjavík, skipulagsstjóri ríkisins, útvarpsstjóri, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, yfirborgarfógeti, þjóðleikhússtjóri.

28. flokkur.

Biskup, hagstofustjóri, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og síma- málastjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskólans, ríkisendurskoðandi, sendiherrar, yfirborgardómari, yfirsakadómari.

Skólastjórar barnaskóla, sem hafa jafnframt gagnfræðadeildir, skulu taka sömu laun og skólastjórar gagnfræðaskóla miðað við samanlagðan kennarafjölda.

Mánaðarlaun í hverjum launaflokki skulu vera þessi:

		Laun eftir				
	Byrjunarlaun	1 ár	3 ár	6 ár	10 ár	15 ár
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. launaflokkur	4800	—	—	—	—	—
2. —	5000	—	—	—	—	—
3. —	5220	5510	5730	5960	6200	6450
4. —	5430	5730	5960	6200	6450	6710
5. —	5650	5960	6200	6450	6710	6970
6. —	5880	6200	6450	6710	6970	7250
7. —	6110	6450	6710	6970	7250	7540
8. —	6360	6610	6870	7150	7430	7730
9. —	6610	6870	7150	7430	7730	8040

	Byrjunarlaun kr.	Laun eftir				
		1 ár kr.	3 ár kr.	6 ár kr.	10 ár kr.	15 ár kr.
10. launaflokkur	6870	7150	7430	7730	8040	8360
11. —	7150	7430	7730	8040	8360	8700
12. —	7430	7730	8040	8360	8700	9040
13. —	7730	8040	8360	8700	9040	9410
14. —	8040	8360	8700	9040	9410	9780
15. —	8360	8700	9040	9410	9780	10170
16. —	8700	9040	9410	9780	10170	10580
17. —	9040	9410	9780	10170	10580	11000
18. —	9410	9780	10170	10580	11000	11440
19. —	9930	10470	11050	11660	12300	—
20. —	10470	11050	11660	12300	12980	—
21. —	11050	11660	12300	12980	13690	—
22. —	12300	12980	13690	—	14440	—
23. —	13690	—	14440	—	15240	—
24. —	14440	—	15240	—	16070	—
25. —	15240	—	16070	—	16960	—
26. —	16960	—	—	—	17890	—
27. —	18870	—	—	—	—	—
28. —	19910	—	—	—	—	—

II.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um vinnutíma ríkisstarfsmanna, yfirvinnu, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli:

1. gr.

Vikulegur starfstími starfsmanna ríkisins, sem hin föstu laun eru greidd fyrir, skal vera sem hér segir:

A. 48 stundir.

Verkstjórar og verkamenn við hvers konar útvinnu, starfsmenn á ríkisbúum, ráðsmenn og ráðskonur, fólk við eldhússtörf, bifreiðastjórar og þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum og ekki eru taldir annars staðar.

B. 44 stundir.

Lögreglumenn, fangaverðir, tollverðir, slökkviliðsmenn, hjúkrunarfólk, aðstoðar- fólk við hjúkrun, starfsmenn á verkstæðum, við birgðavörzlu, vöruafgreiðslu, iðnað og iðjustörf, vélgæzlu og önnur hliðstæð störf.

C. 38 stundir.

Starfsmenn á skrifstofum, teiknistofum, rannsóknarstofum, eftirlitsstofnunum, söfnum og aðrir, sem hliðstæð störf stunda.

D. 36 stundir.

Sjúkrahúslæknar, sjúkráþjálfarar, starfsfólk við röntgen eða geislavirk efni. Enn fremur eftirtaldir starfsmenn, er vinna á reglubundnum vinnuvökum: Talsíma- menn, símritarar, loftskeytamenn, veðurfræðingar, flugumferðarstjórar og aðrir, er hliðstæð störf stunda.

E. Kennarar.

1. Barnaskólakennarar: allt að 36 kennslustundir, er fækki í 30 stundir á því skólaári, sem kennari verður 55 ára, og í 24 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd hvorrar kennslustundar skal vera 40 mínútur.

2. Gagnfræðaskólakennarar, húsmæðraskólakennarar, iðnskólakennarar: allt að 30 kennslustundir, er fækki í 25 stundir, er kennari verður 55 ára, og 20 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd kennslustundar skal vera 45 mínútur.

3. Stýrimanna- og vélskólakennarar: allt að 27 kennslustundir vikulega, er fækki í 22 stundir, er kennari verður 55 ára, og 17 stundir, er kennari verður sextugur. Lengd kennslustundar skal vera 45 mínútur.

4. Menntaskólakennarar, kennaraskólakennarar og kennarar sérgreinaskóla fyrir kennaraefni: 24–27 kennslustundir, er fækki í 22 stundir, er kennari verður 55 ára, og 17 stundir, er kennari verður sextugur. Lengd hvorrar kennslustundar skal vera 45 mínútur.

Kennsluskylda söngkennara í barnaskólum og gagnfræðaskólum og kennara afbrigðilegra barna skal vera $\frac{1}{3}$ af kennsluskyldu almennra kennara.

Kennsluskylda annarra kennara, svo og skólastjóra, haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Sé hver kennslustund lengri eða skemmri en hér er fram tekið, skal vikuleg kennsluskylda breytast í hlutfalli við það.

Kennurum er skylt að hafa umsjón með nemendum í stundahléum eftir nánari ákvörðun skólastjóra og kennarafundar.

2. gr.

Um daglegan vinnutíma skulu gilda þessi ákvæði:

1. 48 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 18.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

2. 44 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

3. 38 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 9.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 9.00 til kl. 12.00.

4. 36 stunda vinnuvika og skemmri skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

Um það, hvenær starfstími hefjist, skal ákveðið í samráði við starfsmennina með samþykki viðkomandi starfsmannafélags.

Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en að framan greinir, ef aðilar eru um það sammála.

Á tímabilinu frá 1. júní til 30. september ár hvert er heimilt, með samkomulagi forstöðumanna hlutaðeigandi stofnana og starfsmanna, að fella niður vinnu á laugardögum, enda lengist dagvinnutími aðra daga vikunnar, svo að full vinnuvika náist á 5 dögum.

3. gr.

Eigi skulu ákvæði þau, er að framan getur, valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því, sem nú er.

Þær starfsstéttir og starfsmenn, sem ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til, skulu halda þeim vinnutíma, sem verið hefur hingað til.

4. gr.

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því, sem við verður komið vegna eðlis starfsins. Verði eyða í daglegum, samfelldum starfstíma kennara, skal

greiða fyrir hverja kennslustund í slíkri eyðu laun, er nemi $\frac{1}{4}$ hluta dagvinnukaups samkvæmt 8. gr.

Breytingar og frávik frá þeim vinnutíma, sem hér er ákveðinn, skulu því aðeins gerð, að samþykki viðkomandi starfsmannafélags liggja fyrir.

5. gr.

Matartímar skulu, eftir því sem við verður komið, vera frá kl. 12.00 til kl. 13.00, kl. 19.00 til kl. 20.00 og kl. 3.00 til kl. 4.00, og teljast þeir eigi til venjulegs vinnutíma.

Kaffitímar teljast til venjulegs vinnutíma, og skulu þeir hjá þeim, er hafa 48 og 44 stunda vinnuviku vera tvisvar á dag miðað við venjulegan vinnutíma, 20 mínútur í hvert sinn, þó eigi nema einu sinni á laugardögum.

Hjá þeim, er skemmri vinnuviku hafa, er á hinum fasta daglega vinnutíma einn kaffitími, 20 mínútur, þó ekki á laugardögum.

Í næturvinnu og helgidagavinnu skulu kaffitímar vera í sama hlutfalli og á hinum daglega vinnutíma. Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu ekki fá sérstaklega matar- eða kaffitíma, nema tíðkæpt hafi til þessa.

Heimilt er að fella niður kaffitíma og stytta matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanns viðkomandi stofnunar og starfsmanna, enda sé slíkt samþykkt af viðkomandi starfsmannafélagi.

6. gr.

Fridagar eru allir helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti og 17. júní. Enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársgangur frá kl. 13.00, beri þá upp á virkan dag, svo og eftirtaldir dagar með sama hætti og tíðkæpt hefur: 1. maí, fyrsti mánudagur í ágúst, 1. desember og laugardagur fyrir páska.

7. gr.

Yfirvinna telst hver sú vinna, sem fer fram yfir hinn venjulega daglega vinnutíma. Skiptist hún í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu.

Til eftirvinnu teljast tvær fyrstu klukkustundirnar, eftir að tilskildum dagvinnutíma eða vökuvíma lýkur, þó ekki á tímabilinu frá kl. 19.00 til kl. 8.00, og auk þess vinna, sem innt er af hendi á dagvinnutíma umfram vikulega vinnutímaskyldu.

Næturvinna telst frá kl. 19.00 eða frá lokum eftirvinnutímabils, ef fyrir er, til byrjunar næsta dagvinnutímabils.

Helgidagavinna telst sú vinna, sem unnin er frá kl. 13.00 á laugardegi til kl. 8.00 á mánudagsmorgni og á öllum fridögum, sem um hefur verið getið hér að framan, sbr. 6. gr.

8. gr.

Yfirvinnu skal greiða með álagi á venjulegt dagvinnutímakaup.

Eftirvinnu, svo og matartíma, á tímabilinu frá kl. 8.00 til kl. 19.00, ef unnir eru, skal greiða með 60% álagi miðað við dagvinnukaup, en unnir nætur- og helgidagatímar með 100% álagi miðað við dagvinnukaup.

Dagvinnutímakaup hvers starfsmanns skal fundið með því að deila með tölunni 150 í föst mánaðarlaun viðkomandi launaflokks miðað við 6 ára starfsaldur.

Öll yfirvinna skal greidd eftir á í einu lagi fyrir hvern mánuð.

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup í að minnsta kosti tvær klukkustundir, nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klukkustunda frá því hann fór til vinnu.

Hafi maður unnið að minnsta kosti 6 klukkustundir í næturvinnu, og haldið áfram vinnu á föstum venjulegum vinnutíma sínum, ber honum næturvinnuálag fyrir þann tíma.

9. gr.

Skylt er starfsmanni að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, öðrum en þeim, sem gegnir öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af tilskildum, vikulegum vinnutíma. Yfirvinnuskylda póstmanna haldizt þó óbreytt frá því, sem nú er.

10. gr.

Þar, sem unnið er á reglubundnum vinnuvökum, skal varðskrá, er sýni vinnutíma hvers starfsmanns, samin fyrir fram fyrir a. m. k. einn mánuð í senn.

Við samningu varðskrár skal þess gætt, að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.

11. gr.

Hámarkslengd hvernar vinnuvöku skal vera 9 klukkustundir, og skulu þá líða minnst 9 klukkustundir til næstu vinnuvöku. Núgildandi sérreglur um vinnuvökur skulu haldast óbreyttar.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma. Við útreikning á álagi þessu skal miða við föst mánaðarlaun í viðkomandi launaflokki miðað við 6 ára starfsaldur og deila í mánaðarlaunin með 150 til að finna dagvinnutímakaupið.

Þeir, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, eiga rétt á leyfi í sömu viku, þannig að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn eða eigi minna en 36 klukkustundir samfleytt.

Fyrir vinnuvöku á almennum frídögum, öðrum en sunnudögum, komi jafnmargir frídagar, og er heimilt að veita þá á öðrum árstíma en hinum venjulega orlofstíma. Njóti starfsmenn nú betri kjara haldast þau.

12. gr.

Fyrir hverjar þrjár klukkustundir á gæzluvakt komi einnar klukkustundar frí eða greiðsla, er þeim tíma nemur, miðað við dagvinnukaup.

Sé starfsmaður á gæzluvakt kallaður til starfa, fær hann greitt yfirvinnukaup fyrir þann tíma.

13. gr.

Árslaun kennara skulu miðuð við 9 mánaða kennslutíma minnst, en lækka um $\frac{1}{2}$ heildarárslauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Laun skólustjóra og kennara við gagnfræðaskóla og aðra framhaldsskóla og skólustjóra barnaskóla, sem starfa í

8 mánuði, skal miða við 9 mánaða starf,

7 mánuði, skal miða við 8 mánaða starf, og

6 mánuði, skal miða við 7 mánaða starf.

Eigi skal þessi lenging tímans, sem laun eru miðuð við, hafa áhrif á daglega eða vikulega kennsluskyldu kennara frá því, sem nú er, en tilkall á skólinn til starfa kennara fyrir og eftir hinn árlega, reglulega kennslutíma, sem þessari lengingu tímans nemur, ef þörf krefur.

Sé árlegur starfstími skóla styttri en 6 mánuðir, skulu laun vera hlutfallsleg miðuð við 6 mánaða skóla.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við fjármálaráðuneytið og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sérstaka þóknun þeim skólustjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum.

15. gr.

Ríkisstarfsmenn, aðrir en þeir, sem um getur í 2. málsgrein, eiga rétt til greiðslu þóknunar fyrir yfirvinnu, hafi hlutaðeigandi yfirmaður sérstaklega óskað þess, að sú vinna yrði af hendi leyst.

Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu samkvæmt 1. málsgrein. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður fjármálaráðuneytið með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

16. gr.

Þegar aldurshækkanir eru ákveðnar, skal taka tillit til starfsaldurs hlutaðeigandi starfsmanns við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1963.

Nr. 75.

29. apríl.

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
01.01.00—	
01.06.20	Lifandi dýr.
02.01.10—	
02.01.50	Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.01	
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.
02.05.00	Svínaflita án kjöts og óbrædd og ópressuð alifuglafita, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10	
02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00—	
04.05.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg.
07.01.10	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09.01.11—	

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

- 09.01.20 Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt, kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem inniheldur kaffi.
- 11.01.25
- 11.01.26 Rúgmjöl, þó ekki hálfsgítmjöl.
- 11.07.00 Malt, óbrennt eða brennt.
- 11.08.01 Kartöflusterkja.
- 11.08.02
- 12.05.00 Sikoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar.
- 12.06.00 Humall og humalmjöl (lúpúlin).
- 15.01.00 Feiti af svinum og fuglum, brædd eða pressuð.
- 15.02.00 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitfé, hrá eða brædd (þar með talin „premier jus“).
- 15.03.00 Svínaféitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutólg), svínaféitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
- 15.04.00 Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð.
- 15.06.00 Önnur feiti og olía úr jurtaríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangfeiti).
- 15.13.00 Smjörlíki, tilbúin svínaféiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.
- 15.14.00 Spermacet (hvalraf), hrátt pressað eða hreinsað, einnig litað.
- 16.01.00 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum og dýrablóði.
- 16.02.00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
- 16.04.00 Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þó ekki fiskhrogn.
- 16.05.00 Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin.
- 17.01.21
- 17.01.22 Molasykur.
- 17.01.23
- 17.01.24 Strásykur.
- 17.01.27 Steinsykur (kandís).
- 17.02.01 Drúfesykur (glúkósi).
- 17.04.01—
- 17.04.09 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í.
- 18.06.01
- 18.06.09 Súkkulaði, og aðrar neytluvörur, sem í er kakaó, þó ekki kakaómalt.
- 19.07.00 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta.
- 19.08.00 Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri hökunarvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti.
- 20.03.00 Ávextir frystir með sykri.
- 20.04.00 Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkat.
- 20.06.01 Ávaxtapulpa, ósykruð, í 50 kg umbúðum eða stærri.
- 20.07.01 Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri.
- 21.01.00 Brenndar sikoríurætur og annað brennt kaffilíki, einnig ekstraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum.

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

- 22.02.00 Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur.
- 22.03.00 Öl gert úr malti.
- 22.04.00 Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
- 23.01.00 Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæft til manneldis; hamsar.
- 23.02.00 Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta.
- 25.20.01 Gips, anhydrit, brennt gips, einnig litað eða litils háttar bætt mykingar-efnum (þó ekki gips til tannlækninga).
- 25.23.00 Portlandssement, alumíníumatsement, slagsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.
- 27.01.10 Steinkol.
- 27.04.00 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó.
- 27.05.00 Gaskoks.
- 27.09.00 Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar.
- 27.10.10 Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
- 27.10.29 Annað benzín en flugvélabenzín.
- 27.10.40 Gasolía (distillate fuel).
- 27.10.50 Brennsuolía (residual fuel).
- 34.06.00 Sterín-, paraffín-, og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum.
- 36.06.00 Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur).
- 40.08.02 Annað svampgúmmi, þó ekki bönd, stengur og þræðir.
- 40.06.00
- 40.08.03 Gólf dúkur.
- 42.02.00 Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatöskur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæratöskur o. þ. h., úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum eða þynnum pappa eða vefjatrefjum.
- 42.03.02 Hanzkar úr leðri og leðurlíki.
- 42.03.09 Annar fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum tilheyrir, þó ekki belti.
- 43.03.00 Vörur úr loðskinnum.
- 44.05.19 Annar trjáviður úr barrtrjám, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt.
- 44.13.19 Annar trjáviður úr barrtrjám, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt.
- 44.15.00 Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri).
- 44.16.00 Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum.
- 44.18.00 Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpíx, gerviharpíx eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar.
- 44.22.00 Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, samsettar.
- 44.23.01 Hurðir, gluggar og karmar til þeirra.
- 44.23.02 Tilhöggvin hús.

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

- 46.03.09 Körfugerðarvörur og aðrar vörur, gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01—46.02; vörur úr lúffuknippum.
- 48.01.20 Prent- og skrifpappír.
- 48.01.53 Veggpappi og gólfpappi.
- 48.03.09 Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar og pergamyn, í rúllum eða örkum, þó ekki smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m².
- 48.05.00 Bylgjupappír og bylgjupappi, einnig með álíndu sléttu lagi, einnig krep-aður, felldur, mynstraður og gataður, í rúllum og örkum.
- 48.07.10 Prent- og skrifpappír.
- 48.07.23 Þakpappi.
- 48.09.00 Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum.
- 48.12.00 Gólfpappír og gólfpappi, með eða án linóleumhúðar, einnig tilskorið.
- 48.14.01—
- 48.14.09 Skrifpappír, blokkir, umslög, bréfkort, póstkort (án mynda), öskjur, möppur o. þ. h., sem aðeins innihalda bréfsefni, umslög og annað af því tagi til bréfaskrifa.
- 48.15.03 Skrifpappír, óáprentaður.
- 48.16.01 Pappakassar og öskjur.
- 48.17.00 Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa til notkunar í skrifstofum, verzlunum o. þ. h.
- 48.18.00 Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bóka-bindi, skrifmökkur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnis-hornaalbúm og önnur albúm og bókaflífar úr pappír og pappa.
- 55.07.10
- 55.07.20 Snúðofin efni úr baðmull.
- 55.08.10
- 55.08.20 Handklæðafrottéefni og svipuð frottéefni úr baðmull.
- 55.09.13—
- 55.09.19
- 55.09.23
- 55.09.29 Annar vefnaður úr baðmull, þó ekki segl- og pressenningsdúkur.
- 58.01.00 Gólfteppi (þar með taldir gólfreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrágengin.
- 58.02.00 Önnur gólfteppi en hnýtt (þar með taldir gólfreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð.
- 58.03.00 Handofin veggteppi (góbelín, flandern, ambusson, beauvais og önnur þess konar teppi) og handútsaumuð veggteppi (með góbelínsaumi, krosssaumi o. s. frv.).
- 58.04.11 Molskinn úr baðmull.
- 58.04.19 Annar flauels-, flos- og chenillevefnaður úr baðmull.
- 59.02.01 Flóki.
- 59.04.01 Færi og línur til fiskveiða.
- 59.04.02 Kaðlar, þó ekki grastóg.
- 59.07.01

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

- 59.08.02 Bókbandsléreft.
59.08.09 Leðurlíkisdúkur.
59.09.09 Vaxdúkur.
59.10.00 Línoleum með undirlagi úr spunaefni til hvers konar nota, einnig í tilskornum stykkjum; gólfdukur gerður úr spunaefni að undirlagi og það þakið öðru efni en því, sem í línoleum er notað, einnig í tilskornum stykkjum.
- 60.02.01 Hanzkar, vettlingar og belgvettlingar, prjónaðir eða heklaðir úr ull, ekki teygjanlegir eða gúmmibornir.
60.02.02 Hanzkar og vettlingar úr baðmull.
60.03.01 Heilsokkar kvenna úr silki eða gervisilki.
60.03.02 Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gervipráðum.
60.03.04 Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, eingöngu úr baðmull.
60.04.01 Manchettskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð.
60.04.02 Nærfatnaður, prjónaður úr baðmull eingöngu, ekki teygjanlegur eða gúmmiborinn.
60.05.00 Ytri fatnaður og aðrar vörur, prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmibornar, þó ekki úr silki, gervipráðum eða ull.
- 61.03.01—
61.03.09 Nærfatnaður handa karlmönnum og drengjum (þar með taldir flibbar, skyrtur og ermalín), úr baðmull.
61.04.01 Nærfatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum úr vefnaði eingöngu úr baðmull.
- 62.01.10—
62.01.30 Ferðaábreiður og önnur svipuð teppi.
62.02.00 Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur, gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna.
- 62.04.02
62.04.09 Sóltjöld, utanhússgluggatjöld, tjöld og viðleguútbúnaður.
64.01.09 Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmí, eða plasti, þó ekki sjóstígvél og hliðstæð vaðstígvél, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
- 64.02.01—
64.02.09 Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmí, þó ekki með yfirhluta úr leðri eða skinni.
- 68.06.00 Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt.
- 68.07.00 Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum.
68.08.00 Vörur úr asfalti og öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki og koltjörubiki).
68.09.00 Plötur, flisar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu.
- 68.11.01
68.11.09 Vörur úr sementi (þar með talið gjallsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari, bundinn saman með sementi), einnig styrkt, þó ekki valtarar.
- 68.12.01

Tollskrá
Kafli Nr.

Vörutegund

- 68.12.09 Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h.
- 68.13.09 Unnið asbest og vörur úr því (t. d. asbestplötur), einnig styrkt, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.14; blöndur að meginstofni úr asbesti og magnesíumkarbónati og vörur úr þessum blöndum, þó ekki vélaþéttingar og vefnaður og þráður.
- 68.16.01—
- 68.16.09 Vörur úr steini eða jarðefnum (þar með taldar vörur úr mó) ót. a.
- 69.06.00 Pípur og rennur (þar með talin horn, beygjur o. þ. h. pípuhlutar („fittings“)).
- 69.11.00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulíni (þar með talið biscuit og parían).
- 69.12.00 Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr annars konar leir en postulíni.
- 69.14.00 Aðrar vörur úr leir, ót. a.
- 70.03.00 Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið.
- 70.04.00 Óunnið steipt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með réttþyrningslögum, einnig mynstrað.
- 70.05.00 Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna), með réttþyrningslögum.
- 70.06.00 Steipt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með réttþyrningslögum og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið.
- 70.07.00 Steipt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögum en réttþyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyphtar rúður og þess háttar.
- 70.09.00 Glerspeglar, einnig í umgerð eða með baki, þó ekki bifreiðaspeglar.
- 70.10.01—
- 70.10.09 Ámur, flöskur, krukkur, byttur og sívöl ílát úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og pökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri.
- 70.11.00 Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeindalampa o. þ. h.
- 70.13.00 Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld o. þ. h. úr gleri, þó ekki skrautmunir.
- 70.21.09 Aðrar vörur úr gleri, þó ekki netjakúlur.
- 73.10.11—
- 73.10.22
- 73.15.67—
- 73.15.71 Stál í stöngum (einnig vírstengur) úr járn eða stáli, stállegeringum eða kolefnisríku stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar.
- 73.11.10—
- 73.11.20
- 73.15.72—
- 73.15.75 Prófiljárn og -stál, heitvalsað, þrykkt eða kaldunnið, þilstál með boruðum eða slegnum götum eða án gata, einnig samsett.
- 73.13.10
- 73.15.76
- 73.15.77 Þynnur og plötur, yfir 4.75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar.

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

- 73.13.20
73.15.78
73.15.79
73.13.30
73.13.40
73.13.59
73.14.00
73.15.81
73.15.82
73.15.83
73.15.84
73.15.87
73.15.88
73.17.00
73.18.29—
73.18.30
73.20.00
73.21.01—
73.21.09
73.22.00
73.23.01
73.26.00
73.27.01
73.31.01
73.31.09
73.35.00
73.37.01—
73.37.09
73.40.43
73.40.47
73.40.49
76.02.09
84.43.00
- Dýnnur og plötur 3—4.75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar.
- Dýnnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar og ekki ryð- og sýruheldar krómstálplötur.
- Aðrar þýnnur og plötur minna en 3 mm, plettaðar, húðaðar eða klæddar.
- Járn- eða stálvír, einnig húðaður, en ekki einangraður, þó ekki raf- og logsuðuvír.
- Pípur úr steypujárni, þó ekki nikkel- og krómhúðaðar, og vatnslásar.
- Pípur úr járni (nema steypujárni) eða stáli, þó ekki rafmagnspípur.
- Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli.
- Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurða-grindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófiljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli.
- Geymar, ker og önnur slík stór ílát úr járni eða stáli með yfir 300 lítra rúmtaki, þó ekki vatnsgeymar fyrir miðstöðvar.
- Tunnur úr járn- eða stálþýnnum eða plötum.
- Gaddavír úr járni eða stáli; snúnar gjarðir eða flatur vír, með eða án gadda, laussnúinn tvöfaldur vír til girðinga, úr járni eða stáli.
- Steypustyrktar- og múrhúðunarnet.
- Galvanhúðaður saumur.
- Aðrir naglar og stifti, þó ekki hóffjaðrir, járnsaumur til skósmíða, lykkjur, kengir, kassakrækjur, bólunaglar og teiknibólur.
- Húsgagnafjaðrir úr járni eða stáli.
- Miðstöðvakatlar (þó ekki gufukatlar, er teljast til nr. 84.10), lofthitarar, miðstöðvarofnar og önnur tæki til miðstöðvarhitunar, þó ekki fyrir rafmagn, og hlutar til þessara tækja, úr járni eða stáli.
- Girðingarstaurar úr járni eða stáli.
- Drykkjarker fyrir skepnur úr járni eða stáli.
- Þakrennur, loftventlar, ristar fyrir holræsi og brunnkarmar úr járni eða stáli.
- Vír, ekki einangraður, og gaddavír úr alumíni.
- Málmbraedsluofnar (converters), braedslusleifar (ladles), hrájárnssteypu-mót (ingot moulds) og steypuvélar, þeirra tegunda, sem notaðar eru í málmvinnsluðnaði og við málmsteypu.

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

84.44.00	Völsunarvélar til að valsa málma, einnig valsar til þeirra.
84.45.00	Vélar til smíða úr málmum og málmkarbídum (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49 og 84.50).
84.47.01	Trésmíðavélar.
84.48.00	Hlutar og hjálpartæki til járn- og trésmíðavéla.
84.51.00	Ritvélar, þó ekki rafmagnsritvélar.
85.01.00	Spennar (transformatorar).
85.04.00	Rafgeymar.
85.23.01	Jarð- og sæstrengir.
87.02.12—	
87.02.32	
87.02.35—	
87.02.39	Notaðar bifreiðar, að burðarmagni minna en 3 tonn.
93.01.00—	
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur.
94.01.00	
94.03.00	
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki húsgögn fyrir læknisaðgerðir (nr. 94.02.00).
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
96.02.01—	
96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur.
96.04.00	Fjaðrasópar.
97.01.00—	
97.03.00	Leikföng og smálíkön til leikja og skemmtunar.
97.04.01	
97.04.09	Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billiardborð), spilaborð (rouletborð) og borðtennisútbúnaður), þó ekki spil.
97.05.00	Grimuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.).
97.06.02	Skautar (þar með hjólaskautar).
97.08.00	Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús.
98.05.00	Blyantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrit, grifflar, teiknikol, pastel- og teiknikrit; klæðskera og billiardkrit.
99.01.00—	
99.06.00	Listaverk, safnmunir og forngripir.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleysi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frilistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Viðskiptabönkunum er heimilt að binda kaup einstakra vörutegunda við opinber vörukaupalán, ef þær eru fánlegar samkvæmt slíkum lánnum. Á þetta einnig við um vörur, sem ætlaðar eru til sams konar nota og vörur, sem kaupa má samkvæmt slíkum lánnum.

5. gr.

Aðrar vörur en þær, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, skal tollafgreiða án innflutningsleyfis, en til tollafgreiðslu annarra vara þarf innflutningsleyfi.

6. gr.

Heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárn., sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 3000 kr. verðmæti í hverri ferð.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast gildi 1. maí 1963. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 78 27. maí 1960 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

19. júní.

193

Nr. 76.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 75 29. apríl, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

a. Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrá:

Kafl. Nr.

Vörutegund:

73.38.29 Önnur hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra, þó ekki emalleraðir eldhúsvaskar.

b. Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli:

27.10.70

Aðrar jarð- eða skifuoliur.

59.08.09

Leðurlíkisdúkur.

60.04.01

Mannhettskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð.

c. Eftirtaldir liðir í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

42.02.00

Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatöskur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæratöskur o. þ. h. úr leðri, leðurlíki og pappa, en ekki úr vulkanfiber, plastplötum eða þynnum eða vefjarefnum.

46.03.09

Körfugerðarvörur og aðrar vörur gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01—46.02, þó ekki körfur; vörur úr lúffuknippum.

60.03.01

Heilsokkar kvenna úr silki eða gervipráðum.

69.14.00

Aðrar vörur úr leir, þó ekki óskreyttir blómsturpottar og vatnsskálar og vatnsbrúsar á miðstöðvarofna.

73.18.29

73.18.30

Pípur úr járni (nema steypujárn) eða stáli, þó ekki rafmagnspípur og nikkelhúðaðar eða krómaðar pípur.

85.01.00

Rafhreyflar og spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorenscentljós.

94.01.00

94.03.00

94.04.00

Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki húsgögn fyrir læknaaðgerðir (nr. 94.02.00) og skjalaskápar úr járni og stáli.

B 25

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjalddeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. júní 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 77.

18. apríl.

AUGLÝSING

um skipulag í Fellahreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Fellahrepps í Norður-Múlasýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að ákvæði laga nr. 55/1921 skuli framvegis taka til byggðar við Lagarfljótsbrú vestanverða.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 78.

24. apríl.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þorlákshöfn, nr. 83 15. apríl 1952.

1. gr.

20. grein orðist þannig:

- a. Skip, 12 rúmlesta brúttó og stærri, sem eru skrásett í Þorlákshöfn og gerð þaðan og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 12 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest.
- b. Önnur innlend fiskiskip greiði 3 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar og hafa samband við land, þó ekki yfir 12 kr. af rúmlest á ári.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi), skulu greiða kr. 1.80 í lestagjald af hverri nettó rúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar og hafa samband við land. Strandferðaskip ríkissjóðs greiði þó aðeins 90 aura lestagjald.
- d. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísendalegra rannsókna, skip, er sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda um borð.

2. gr.

21. grein orðist þannig:

Öll skip, og bátar, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15 maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um ræðir í 20. gr. a., greiði kr. 300.00 á ári.
- b. Skip, sem um ræðir í 20. gr. b., greiði 15 krónur í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 30 aura fyrir hverja nettó rúmlest, þó aldrei meira en 75 krónur í hvert skipti.

3. gr.

22. grein orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bryggju hafnarinnar, eða að skipi, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en broti sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip, 12 rúmlestir brúttó og stærri, sem skrásett eru í Þorlákshöfn og gerð þaðan út, greiði 8 krónur af hverri brúttó rúmlest á ári.
- b. Öll aðkomuskip greiði 32 aura af hverri nettó rúmlest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 20 krónur í hvert sinn.

Liggi þau skip utan á öðru skipi, greiði þau hálf gjald.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsóltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðilja.

4. gr.

28. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, sódi, þakpappi, þakplötur, járn, og járnvörur alls konar, stál og stálvörur, kaðlar, kítí, leir og steinn, tilbúinn áburður.
2. flokkur. Gjald kr. 300 fyrir hver 100 kg:
Áburðarolía, brennsluolía, baðlyf, benzín, bækur, feiti, fernisolía, fiskilínur, grænsápa, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, alls konar, fóðurbætir, leður, linoleum, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, steinolía, tjara, vaxdúkur, þvottaefni, þvottasápa.
3. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Ávextir, brauðvörur, jurtafeiti, kaffi, mjólkurduft, smjör, smjörliki, sykur, te.
4. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni.
Tómar tunnur 25—50 aurar fyrir hverja, eftir stærð.
6. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brottluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, ísvarinn, hraðfrystur, nýr, slægður og óslægður, saltur, óverk-
aður og verkaður, þurr, harðfiskur, fiskimjöl, lýsi, gærur, gærur salt-
aðar í búntum eða þökkum, ís, síld.
2. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Hrogn, kjöt (alls konar), mör, tólg.
3. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Allar aðrar vörur en taldar eru hér.
4. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir.
5. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir kind:
Sauðfé.

Þótt vörur, flokkaðar undir brottfluttar vörur, flytjist til staðarins eða vörur, flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vöru-
gjaldið.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er 1 króna.

Allir bátar eða skip, sem leggja upp afla sinn í Þorlákshöfn, greiði 1% af söluverði afla upp úr sjó, sem landað er á hafnarsvæðinu, að síld undanskilinni.

Af síld skulu sömu bátur og skip greiða kr. 3.00 af hverri tunnu, sem landað er á hafnarsvæðinu.

Gjald þetta skal kræft þegar eftir löndun aflans.

5. gr.

29. gr. orðist þannig:

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald, miðað við brúttóstærð, sem hér segir: Allt að 5 rúmlestum 50 krónur, 6—12 rúmlesta 125 krónur, 13—50 rúmlesta 250 krónur, stærri skipa 500 krónur.

6. gr.

32. grein orðist þannig:

Utanbæjarbátar — minni en 12 rúmlestir brúttó — greiða hafnargjöld, bryggju-
gjald og ljósagjald 50 krónur í hvert skipti, sem þeir koma til hafnar, eða 250 kórur
í eitt skipti fyrir öll á ári.

Bátar, sem eiga heima í Þorlákshöfn, greiða 150 króna árlegt gjald.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilis-
barfa.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast gildi nú þegar, og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- I. Einstefnuakstur á eftirtöldum götum:
 1. Sjafnargötu frá Njarðargötu.
 2. Nýlendugötu frá vestri til austurs.
- II. Bifreiðastöður bannaðar á eftirtöldum götum:
 1. Laufásvegi, vestanmegin götunnar, frá Skothúsvegi að Hringbraut.
 2. Týsgötu, vestanmegin götunnar.
 3. Skúlagötu frá Geirsgötu að Skúlatorgi.
 4. Laugavegi frá Klapparstíg að Smiðjustíg.
 5. Vonarstræti, norðanmegin, frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu.
- III. Biðskylda:
 1. Á Bjarnarstíg við Skólavörðustíg.
 2. Á Vesturbrún við Brúnaveg.
 3. Á Bjarkargötu við Skothúsveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. maí 1963.

Sigurjón Sigurðsson.

10. maí.

Nr. 80.

S A M Þ Y K K T

fyrir Eyjafjarðarsýslu um eyðingu svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Eyjafjarðarsýslu skal svartbakur vera réttdræpur hverjum sem er og skal honum útrýmt með skotum. Þar sem æðarvarp er, eða í grennd við það, má þó ekki skjóta nema með leyfi og í samráði við jarðarabúanda.

2. gr.

Skylt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum og ungum á landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir, eins og kostur er. Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með, að menn geri skyldu sína í þessu efni og sé um vanrækslu að ræða, lætur hún framkvæma eyðinguna á kostnað þess, er hana vanrækti.

3. gr.

Sérhverri hreppsnefnd sýslunnar er skylt að hlutast til um eyðingu svartbaks í hreppnum og ráða þær í því skyni skotmenn eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hvern skotinn svartbak greiðir oddviti úr sveitarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar fyrir því, að hann hafi drepit fuglinn, en oddviti brennir eða eyðileggur vængina þegar er hann hefur greitt skotmannslaun.

5. gr.

Oddviti sendir sýslumanni tvírtaða skrá um áramót, um tölu þeirra fugla, er skotlaun hafa verið greidd fyrir, en sýslumaður endurgreiðir hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum og innheimtir þann hluta, sem greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sveitarsjóðs samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. l. nr. 14 31. marz 1962.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, sbr. lög nr. 14 31. marz 1962, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. maí 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 81.

16. maí.

SAMÞYKKT**um stjórn Neskaupstaðar.**

I. KAFLI

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber að gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

A. Hún fer með yfirstjórn í fjárreiðum kaupstaðarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingum til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B.-lið Enn fremur skal tekið fram, hvernig áætlaðar tekjur greinast.
2. Hún hefur á hendi yfirumsjón með fjárstjórn kaupstaðarins og gætir þess, að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir kaupstaðarins séu tryggilega varðveittar.
4. Hún kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn. Þó er bæjarstjóra heimilt að taka rekstrarlán til skamms tíma án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
5. Hún kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og nægilega örugg trygging að baki að dómi bæjarráðs.
6. Hún skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

- B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda kaupstaðarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, svo og um einstök verk, eftir því, sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs eða ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í samþykkt þessari, eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur bæjarreikninga. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjarfyrirtækja, eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar, skal bæjarstjórn kjósa sér forseta og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar, nema bæjarstjórn ákveði styttri kjörtíma, er kosning fer fram.

Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti úrslitum. Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz forseti hefur verið kjörinn.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan forseta í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum, áður en hans kjörtími er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnarinnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar, er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa á þeim fundi bæjarstjórnar, er kýs forseta. Kjörtími þeirra er hinn sami og forseta. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samræði við forseta, eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar. Bæjarstjórn ákveður þóknun til fundarritara.

Í gerðabók skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Fundargerð hvers fundar skal lesa upp í fundarlok og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver bæjarfulltrúi, sem ekki er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans sé ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi einu sinni í mánuði, nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundir, skulu að jafnaði haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði, og skulu þeir hefjast kl. 16.

Aukafund skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef þrír bæjarfulltrúar hið minnsta krefjast þess.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar. Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessarar, sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en tveim sólarhringum fyrir fund. Heimilt skal þó bæjarstjóra að verða við ósk um, að mál sé tekið á dagskrá þó síðar berist, enda hafi ósk um það borizt áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi einum sólarhring fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá hans. Aukafundir skulu að jafnaði boðaðir með dagskrá með sama fyrirvara. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir. Þó er forseta heimilt að víkja frá röð mála á dagskrá, enda fallist bæjarstjórnin á breytinguna. Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt þess sé ekki getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar, skal auglýsa fundi hennar með a. m. k. sólarhrings fyrirvara. Einnig skulu fundir auglýstir með blaða- eða götueglýsingu, með sama fyrirvara.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er, vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum. Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Raski áheyrandi á bæjarstjórnarfundi fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu þær vera skriflegar, nema forseti telji þess ekki þörf.

Veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi ef þörf krefur. Þó skulu breytingartillögur við afgreiðslu mála, sem samkvæmt þess-

ari samþykkt þarf tvær umræður um, hafa verið tilgreindar í dagskrá og afhentar bæjarstjóra skriflega, sem um sérstaka tillögu væri að ræða, sbr. 8. gr. Þó er heimilt að veita afbrigði í þessum efnum, með meiri hluta atkvæða.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar, eða með því að fresta því.

Forseti ákveður hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur verður hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun kaupstaðarins og fyrirtækja hans, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal viðhaft, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða bæjarfulltrúi. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn um varafulltrúa skal bæta inn á skrána í rétttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru.

Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi fyrir undanfærslu sinni rök, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að vika frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þegar hann talar, nema forseti ákveði annað. Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt er honum að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður, má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli, eða gera stutta athugasemd um fundarsköp. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki eru á dagskrá, skal hann hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu væri að ræða. Þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundum, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ekki má lesa prentað mál, nema með leyfi forseta.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers einstaks fulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðu sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til, að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta samkv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að hlíta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum, eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundinum, skal gera hlé um stundarsakir, eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setur í bæjarráði eða öðrum nefndum, skrifarastörf o. s. frv. Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorazt undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl kaupstaðarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Þóknun ákveðst í desember ár hvert.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kjörinn. Hafi hann engan tilgreint, fer um varamann samkv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá starfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

24. gr.

Að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu kosnir hlutfallskosningu þrjár bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Þó mega varamenn vera úr hópi fyrstu varabæjarfulltrúa.

Kjörtími bæjarráðs er eitt ár og fer kosning fram í júnímánuði. Bæjarráð kys sér formann og ritara. Kjósa má bæjarstjóra formann, þó hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Kveðja skal bæjarráð saman til aukafunda, ef bæjarstjóri telur ástæðu til, eða einhver bæjarráðsmaður óskar.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og sér um, að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum með að minnsta kosti sex stunda fyrirvara. Formaður sér um að allt fari löglega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarsköpum.

Í gerðabók skal greint frá því hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn, eftir því sem þær geta átt við.

25. gr.

Bæjarráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé ekki ágreiningur í bæjarráði, né við bæjarstjórn um afgreiðsluna.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn kaupstaðarins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um, að ársreikningar séu samdir.

Undir bæjarráð heyra málefni vatnsveitu, vegamál, holræsamál, fasteignamál, barnaheimili, brunamál, skipulagsmál, sundlaug og öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykkt þessari, eða ályktunum bæjarstjórnar.

27. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, er störf þeirra snerta, og þess er óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar.

Honum er rétt að sækja fundi í nefndum bæjarstjórnar og stjórnnum stofnana bæjarins, og skylt er honum að sækja slíka fundi, sé þess óskað af viðkomandi nefndarformanni eða forstöðumanni stofnunar.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, bæjaráðsmaður eða nefndarmaður. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, án þess að gera jafnframt fullnægjandi ráðstafanir til að afla fjár til að standast þennan kostnað, og getur bæjarstjóri þá felld slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar, ályktunum bæjarráðs, sbr. 24. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri eða staðgengill hans ávísi því til greiðslu.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhöggud, nema bæjarráð eða bæjarstjórn geri aðra skipan.

Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Endurskoðun skal lokið ekki síðar en 30. júní ár hvert. Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Um kosningu, skipan og starfssvið nefnda.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál-fni, eftir því, sem lög mæla fyrir eða samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

A. Til eins árs:

1. Bæjarráð: 3 bæjarfulltrúa og 3 til vara.
2. Byggingarnefnd: Tvo bæjarfulltrúa og tvo menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir fyrir þá, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
3. Hafnarnefnd: 3 bæjarfulltrúa og tvo menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir fyrir þá, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
4. Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 varamenn.
5. Endurskoðendur bæjarreikninga: 2 aðalmenn og 2 varamenn.
6. Fjallskilanefnd: 3 menn.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. Framfærslunefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
2. Sjúkrahússtjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.
3. Framtalsnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
4. Heilbrigðisnefnd: 1 aðalmaður og 1 til vara.
5. Fræðsluráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
6. Iðnskólanefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
7. Æskulýðsráð: 7 aðalmenn og 3 til vara.
8. Sjúkrasamlagsstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
9. Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar: 2 aðalmenn og 2 til vara.
10. Náttúruverndarnefnd: 2 aðalmenn og 2 til vara.
11. Áfengisvarnarnefnd: 6 aðalmenn og 6 til vara.
12. Barnaverndarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
13. Bókasafnsnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
14. Kjörskrárnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
15. Einn mann til að annast forðagæzlu og einn til vara.
16. Einn mann til að annast millimat og einn til vara.
17. Fimmtán menn í sjó- og verzlunardóm.
18. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
19. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
20. Fulltrúa og varafulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þess.

36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarinnar falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

37. gr.

Nú andast maður, sem kosinn hefur verið í nefnd, flyzt á brott eða forfallast varanlega á annan hátt, og skal þá kjósa annan mann í hans stað það sem eftir er kjörtímans. Skylt er að gefa þeim flokki eða flokkum, sem kusu hinn forfallaða mann af lista við hlutfallskosningar, kost á að tilnefna eftirmanninn.

Þetta á þó ekki við um bæjarfulltrúa, þegar varabæjarfulltrúa ber að taka sæti hans.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

38. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum, eða á annan hátt mælt fyrir um sérmál tiltekinna stofnana. Fastir starfsmenn bæjarins teljast þeir einir, sem skipaðir eru í störf skv. 1. mgr. og taka laun samkv. launasamþykkt bæjarins eða launasamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Bæjarstjórn ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöðu hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarstjórn getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöðu hjá bænum, svo og sérskilyrði, sem gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlita breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fundarskóp fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar, nr. 20/1956 og samþykkt um stjórn bæjarmála í Neskaupstað, nr. 23/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 27. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Stöðvarhrepps í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Stöðvarhrepps í Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING**um vinnumiðlun í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52/9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

25. maí.

Nr. 84.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Mosvallahreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt í V.-Ísafjarðarsýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

25. maí.

Nr. 85.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.**

Fasteignaskatt í Aðaldælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 147 30. desember 1955,
um tekjuskatt og eignarskatt.**

1. gr.

Fjórði töluliður B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr 87.

27. maí.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Sauðárkróki og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Sauðárkróki a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 130.00 og auk þess kr. 37.50 á hverja brúttórúmllest.

Dilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 260.00 og auk þess kr. 37.50 á hverja brúttórúmllest. Fari þessi skip millilandaferðir, verða þau gjaldskyld undir d-lið þessarar greinar og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið.

- b. Innland fiskiskip greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest, í hvert skipti, er þau koma til hafnar.

- c. Strandferðaskip, sem að staðaldri eru í strandferðum, eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun, greiða kr. 0.80 fyrir hverja nettórúmllest.

- d. Öll önnur skip greiði kr. 1.50 á hverja nettórúmllest, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegrar rannsóknar og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, svo og vitaskip ríkissjóðs.

2. gr.

30. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

- Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og um getur í 29. gr., skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem um getur í a-lið 29. gr., greiði árlega kr. 75.00.
- b. Skip, sem um getur í c-lið 29. gr., skulu greiða í ljósagjald kr. 0.25 fyrir hverja nettórúmlest.
- c. Önnur skip, hvort sem þau greiða lestagjald skv. 29. gr. eða eru undanþegin því, skulu greiða í ljósagjald kr. 0.25 fyrir hverja brúttórúmlest, þó aldrei lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

3. gr.

31. gr. hafnarreglugerðarinnar falli niður og töluröð síðari greina breytist því til samræmis.

4. gr.

38. gr., sem verður 37. gr., orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks og salt.
2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvara og fódurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir í sekkjum (s. s. kartöflur, rófur og laukur), sement og kalk.
3. flokkur. Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín, byggingarefni óunnið (s. s. þakjárn, þakhellur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólflísar), veiðarfæri, ótalin annars staðar, fiskumbúðir og saltfiskur.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur, sjávarafurðir, ótaldar annars staðar, gætur, húðir og garnir.
5. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Járn óunnið, smíðajárn, miðstöðvar- og vatnsleiðslurör (s. s. rör, ofnar, katlar, kranar og annar „fittings“), rör og pípur (s. s. raflagnarör, olíuleiðslur, rör ótalin annars staðar), jarðstrengur, vír óeinangraður, girðingarefni annað en tréstaumar, vélar og tæki (þyngri en 100 kg, s. s. vinnuvélar, mótórar, rafalar, spennar), háspennueinangrarar, bifreiðar, vélar og tæki til landbúnaðar, önnur en handverkfæri, olíur í heilum fötum, aðrar en brennsluolíur (s. s. smurolíur og smjörlikisolíur), trjáviður og þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd, skreið.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Olíur í litlum pakkningum, ílátum og dósnum, rafknúin heimilistæki, raflagnaefni, ótalið annars staðar, eldavélar, ofnar, kynditæki, hreinlætistæki, s. s. úr postulíni og málmum, málningarvörur ýmiss konar, sementsmálning, húðunarefni, ótalin annars staðar, terrasso, gólfdúkar og plötur til gólflagna, korkur, unninn og óunninn, rúðugler í kistum, sykur, kaffi, einangrunarvír, kaffibætir, brauðvörur alls konar, ávextir, grænmeti, matvara í stórum pakkningum og dósnum og glösum, fullunnar efnagerðarvörur, ótaldar annars staðar, kjötvörur og fiskvörur í dósnum og smápakkningum, handverkfæri, vélar og tæki undir 100 kg, varahlutir ýmiss konar (s. s. saumur, skrúfur, boltar, skrár, lamir o. fl. þess konar úr málmum og gerviefnum), barnavagnar, hjól-

hestar, mótorhjól, smávélar (s. s. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, aldinsafar, öl og gosdrykkjavörur, búsaðhöld ýmiss konar, burstavörur, siglingatæki, gúmmívörur, bækur, pappírsvörur, kennslutæki, vefnaðarvörur, garn (ull og gerviefni).

8. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:

Leðurvörur, skófatnaður, glervörur, ótaldar annars staðar, lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki, ótalin annars staðar, smáhljóðfæri, viðtæki, upptökutæki, grammofónar, spólur og hljómplötur, mælítæki, s. s. mælar, klukkur, úr og önnur mælítæki ótalin, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, ilmvötn, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og eru ótaldar annars staðar.

9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki:

Tómar tunnur, föt og umbúðir.

10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:

Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.

11. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hvert teningsfet:

Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar o. fl., allar aðrar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.

12. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hvert stykki:

Stórgripir og lifandi sauðfé.

13. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hverja tunnu:

Saltsíld í tunnum.

14. flokkur. Gjald $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti sjávarafla, lögðum á land á Sauðárkróki til vinnslu og verunar, sem innleggjandi greiðir. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi, innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir því til hafnar-sjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

5. gr.

41. grein hafnarreglugerðarinnar falli niður.

6. gr.

46. grein, sem verður 44. grein, orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, af brúttórúmllest:

- Fyrir leiðsögn til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 rúmllestir brúttó, og 30 aurar fyrir hverja rúmllest þar yfir.
- Fyrir leiðsögn frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, allt að 300 rúmllestir brúttó og 15 aurar fyrir hverja rúmllest þar yfir.
- Fyrir leiðsögn um höfnina greiðist hálf gjald skv. a-lið.

7. gr.

47. grein, sem verður 45. grein, orðist þannig:

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppt.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- Bátar og skip, 30 rúmllestir að stærð og þar yfir, skv. 29. gr. a-lið, greiði kr. 6.00 af hverri brúttórúmllest árlega.
- Bátar og skip, sem um getur í b-lið 29. gr., greiði fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring kr. 0.45 af hverri brúttórúmllest.

- c. Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 29. gr., greiði kr. 0.45 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 af hverri brúttórúmlest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring. Bryggjuggjald skv. b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi 1.—2. og 4.—6. gr. reglugerðar nr. 49 20. marz 1953 og reglugerð nr. 23 20. febrúar 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Grafningshreppi, Árnessýslu.

Fasteignaskatt í Grafningshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri, skal á hverjum tíma takmörkuð við íbúatölu Akureyrar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 225 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaaptúnum, nr. 40 29. maí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. júní 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 90.

5. júní.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu nr. 4 14. janúar 1949.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

I. Staðarhreppur.

1. Óspaksstaðavegur, af Norðurlandsvegi austan Hrútafjarðarar að Óspaksstöðum.
2. Síkárvegur, af Norðurlandsvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossseli.
3. Staðarvegur, af Norðurlandsvegi neðan við Stað að Stað.
4. Hrútafjarðarhálsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Brandagili yfir Hrútafjarðarháls, á Vesturárdalsveg norðan Húks (3 km austast í Fremri-Torfustaðahreppi).
5. Hrútafjarðarvegur, af Norðurlandsvegi ofan Reykjastapa um Mýrar og Bessastaði, að Bálkastöðum (Norðan Mýra er 1.1 km í Ytri-Torfustaðahreppi).
6. Eyjanesvegur, af Hrútafjarðarvegi að Eyjanesi.

II. Fremri-Torfustaðahreppur.

7. Skeggjastaðavegur, af Miðfjarðarvegi í Núpsdal, um Torfustaði og Skeggjastaði, á Vesturárdalsveg hjá Kollafossi.
8. Dalgeirsstaðavegur, af Skeggjastaðavegi við brú á Vesturá hjá Kollafossi fram dal að Dalgeirsstöðum.
9. Núpsdalsvegur, frá Miðfjarðarvegi hjá Efranúpi um Þverá að Fosskoti.
10. Núpsvegur, frá Núpsdalsvegi framan Efranúps yfir Austurárdalsháls á Aðalbólsvæg norðan Bjargarstaða.
11. Aðalbólsvægur, frá Austurárdalsvegi (sunnan ár) hjá Hnausakoti, yfir Austurá á vantanlega brú, að Aðalbóli.
12. Skárastaðavegur, af Austurárdalsvegi, yfir Austurá að Skárastöðum.
13. Barkarstaðavegur, af Austursíðuvegi um Barkarstaði að Barkarstaðasel.
14. Uppsalvegur, af Austursíðuvegi að Uppsölum.
15. Litlahvammisvegur, af Miðfjarðarvegi að Litlahvammi.
16. Fremri-Fitjavegur, frá Fitjavegi hjá Fremri-Fitjum, vestur yfir háls á Austursíðuveg hjá Bjargi.
17. Finnmerkurvegur, frá Fitjavegi hjá Fremri-Fitjum að Finnmörk.

III. *Ytri-Torfustaðahreppur:*

18. Heggstaðavegur, af Heggstaðanesvegi hjá Söndum, að Heggsslöðum.
19. Svertingsstaðavegur, af Norðurlandsvegi hjá Melstað, um Neðri-Svertingsstaði að Efri-Svertingsstöðum.
20. Búrfellsvegur, af Miðfjarðarvegi að Búrfelli.
21. Tjarnarkotsvegur, af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi að Tjarnarkoti.
22. Reynhólavegur, af Norðurlandsvegi á Hrútafjarðarhálsi að Reynhólum.
23. Staðarbakkavegur, af Miðfjarðarvegi að Staðarbakka.
24. Melstaðarvegur, af Norðurlandsvegi fyrir ofan Melstað að Melstað.
25. Svarðbælisvegur, af Svertingasstaðavegi, að Svarðbæli.
26. Huppahlíðarvegur, af Vesturárdalsvegi, neðan Huppahlíðar að Huppahlíð.

IV. *Kirkjuhvammshreppur:*

27. Þóreyjarnúpsvegur, af Vesturhópsvegi, neðan Þóreyjarnúps að Þóreyjarnúpi.
28. Múlavegur, af Norðurlandsvegi, neðan Múla að Múla.
29. Efríhvammavegur, af Vatnsnesvegi neðan Lyngholts að Kothvammi.
30. Hlíðardalsvegur, af Hlíðardalsvegi (þjv.) hjá Hlíð, yfir Guðdalsá að Tungukoti.
31. Dalabæjarvegur frá Þorgrímsstaðadalsvegi, hjá Tungu um Ásbjarnarstaði að Þorgrímsstöðum.

V. *Þverárhreppur:*

32. Tjarnarvegur, af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að prestssetrinu á Tjörn.
33. Katadalsvegur, af Þorgrímsstaðadalsvegi norðan Tungu um Egilsstaði að Katadal.
34. Vesturhópshólavegur, af Vesturhópsvegi við Hólabrú, vestan ár að Vesturhópshólum.
35. Breiðabólsstaðarvegur, af Vesturhópsvegi, neðan Breiðabólsstaðar að Breiðabólsstað.
36. Þverárvegur, af Vesturhópsvegi hjá Syðri-Þverá yfir brú á Þverá að Efri-Þverá.
37. Grundarvegur, af Vesturhópsvegi neðan Grundar að Grund.
38. Böðvarshólavegur, af Vesturhópsvegi neðan Böðvarshóla að Böðvarshólum.
39. Urðarbaksvegur, af Vesturhópsvegi á móts við Urðarbak, að Urðarbaki.
40. Bjarghúsavegur, af Vesturhópsvegi á móts við Bjarghús, um Bjarghús, á Borgarveg á Síðutagli.

VI. *Þorkelshólshreppur:*

41. Borgarvegur, af Norðurlandsvegi sunnan við Enniskot um Refsteinsstaði og brú á Víðidalsá á Borgarveg (þjv.) norðan Stóruborgar. (1.6 km vestan Víðidalsár er í Þverárhreppi).
42. Laufásvegur, af Norðurlandsvegi á Þvermel að Laufási.
43. Jörfavegur, af Norðurlandsvegi á Þvermel að Jörfa.
44. Árnesvegur, af Norðurlandsvegi norðan Dalsár að Árnesi.
45. Melrakkadalsvegur, af Norðurlandsvegi sunnan Dalsár að Melrakkadal.
46. Nýpukotsvegur, af Norðurlandsvegi á Langamel að Nýpukoti.
47. Sporðsvegur, af Vesturhópsvegi vestan við Sporð að Sporði.
48. Neðri-Fitjavegur, af Fitjavegi yfir Fitjá að Neðri-Fitjum.
49. Króksvegur, af Fitjavegi sunnan Hrísa, um Valdarás, Kambshól að Króki.
50. Víðidalstunguvegur, af Víðidalsvegi (vestri), vestan Víðidalstungu að Víðidalstungu.

51. Víðidalsvegur (eystri) frá Víðidalsárbrú (fremri) hjá Hvarfi að Hrappstöðum.
52. Hlíðarvegur, af Víðidalsvegi nálægt Kolugili, um brú á Víðidalsá um Bakka að Litluhlíð.
53. Ásgeirsárvegur (Víðidalsvegur eystri), af Norðurlandsvegi hjá Lækjar-mótum, um Ásgeirsá á Víðidalsveg (eystri) hjá Hvarfi.

Vegir, sem eru heim á einstaka bæi, skulu þó ekki teljast sýsluvegir, lengra en svo, að eftir séu 300 metrar að bæ. Undantekningar eru þó kirkjustaðir og prestsetur.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykkt nr. 11 27. janúar 1954 og samþykkt nr. 52 31. maí 1958, um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 4 19. janúar 1949.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 94 31. maí 1951, sbr. samþykkt nr. 51 31. maí 1958, um breytingu á þeirri samþykkt og samþykkt nr. 90 30. júní 1962, um sama efni.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

- a. Í I. fl., aftan við 11. tölulið, bætist við:
Grafarvegur, af Úthéraðsvegi að Gröf.
Finnsstaðavegur, af Úthéraðsvegi að Finnsstöðum.
- b. Í II. fl., aftan við 5. tölulið, bætist við:
Höfðahúsavegur, af Þjóðvegi að Höfðahúsum.
- c. Í I. fl., aftan við 8. tölulið, bætist við:
Uppsálavegur, af Þjóðvegi að Uppsölum.
Fossgerðisvegur, af Þjóðvegi að Fossgerði.
- d. Í II. fl., aftan við 10. tölulið, bætist við:
Þingmúlavegur, af Þjóðvegi að Þingmúla.
- e. Úr 8. tölulið II. fl. fellur niður:
Grafarvegur, af Úthéraðsvegi að Gröf.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum.

„Fundarmenn“ tekur í fundarsköpum þessum til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra.

Auk bæjarfulltrúa á bæjarstjóri sæti á fundum bæjarstjórnarinnar með mál-trelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórnarfundir eru lögmætir, ef löglega er til þeirra boðað samkvæmt fundarsköpum og mættir eru 5 bæjarfulltrúar.

2. gr.

Í júnímánuði kýs bæjarstjórn á fyrsta reglulegum fundi eftir bæjarstjórnar-kosningar sér forseta og tvo varaforseta, alla úr hópi bæjarfulltrúa.

Sá er réttkjörinn forseti, sem fær meiri hluta atkvæða þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru. Nú fær enginn svo mörg atkvæði, og skal þá kjósa að nýju óbundinni kosningu. Ef enginn fær þá næga atkvæðatölu, skal kjósa um þá tvo, er flest atkvæði fengu, og ef tveir eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafn-mörg atkvæði, þá skal varpa hlutkesti um hverja skuli kjósa. Ef enn fær hvorugur þeirra meiri hluta, þá skal sá vera forseti, er fleiri atkvæði fær, en ef þeir fá jafn mörg atkvæði, ræður hlutkesti, hvor skuli vera forseti. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Þeir skulu gegna forsetastörfum, ef forseti forfallast eða hans missir við, unz kosinn er nýr forseti. Varaforsetarnir tveir skulu kosnir hlutbundinni kosningu, ef tveir bæjarfulltrúar óska þess.

3. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um, að allt fari reglulega fram, og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlíta úrskurðum hans um allt, er varðar fundarsköp. Úrskurði forseta má þó skjóta til úrlausnar bæjar-stjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

Ef enginn kjörinna forseta er mættur til bæjarstjórnarfundar, skal aldurs-forseti viðstaddra bæjarfulltrúa setja fund og stjórna honum, eða kosningu sér-staks fundarstjóra fyrir þann fund.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr sínum hópi á sama fundi, sem forsetakosning fer fram. Skrifara skal kjósa hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þegar atkvæðagreiðsla fer fram og þegar kjósa skal nefndir

eða menn til annarra starfa. Bæjarstjórn ræður og sérstakan fundarskrifara utan bæjarstjórnar, sem skal halda gerðabók undir eftirliti forseta bæjarstjórnar. Í lok fundar skal forseti og bæjarfulltrúar undirrita gerðabók bæjarstjórnar. Fundarmenn eiga heimting á því, að bókaðar verði athugasemdir þeirra í gerðabók, ef þeim þykir þar eitthvað rangt bókað eða ónákvæmt, svo og stuttlega um ágreinings- atkvæði sín, enda skal það lagt fram skriflega áður en fundi er slitið.

5. gr.

Nefndir til þess að starfa að einstökum málum, hvort sem þær eru fastanefndir, eða nefndir til þess að fjalla um einstök mál, skal kjósa hluthbundnum kosningum, eftir aðferð þeirri, sem kennd er við de Hondt, nema bæjarstjórn sé öll sammála um annað kosningafyrirkomulag.

Í fastanefndir bæjarstjórnar skal kjósa í júnímánuði á fyrsta reglulegum fundi eftir bæjarstjórnarkosningar.

Sérhver bæjarfulltrúi er skyldur að taka sæti í hverri þeirri nefnd, sem hann er löglega kosinn í. Sá, sem er fyrstur kosinn á lista, kallar nefnd saman og lætur kjósa formann og ritara hennar, nema formaður sé kosinn á annan hátt. Um leið og nefnd lýkur störfum, getur hún, eða ef hún er klofin, hvor hluti hennar kosið sér framsögumann.

6. gr.

Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu haldnir í hverjum mánuði, nema í júlí og ágúst. Fundirnir skulu hefjast kl. 17 og standa svo lengi, sem þörf þykir, þó ekki lengur en til miðnættis.

Aukafundi skal halda, þegar bæjarstjóri eða 3 bæjarfulltrúar óska þess. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundahalds, nema annað sé ákveðið.

7. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Hvert það bæjarmál, sem nefnd eða bæjarfulltrúi krefst að tekið sé á dagskrá, er skylt að taka á hana. En bæjarstjóri má því aðeins taka mál á dagskrá reglulegs bæjarstjórnarfundar, að beiðni um það sé komin honum í hendur kl. 5 e. h. tveim dögum áður en fundur skal haldinn.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum dagskrá reglulegs bæjarstjórnarfundar, síðasta lagi fyrir kl. 5 e. h., daginn áður en fundur skal haldinn. Eigi að taka fundargerðir nefnda til umræðu og samþykktar á bæjarstjórnarfundum, þá skal eftirrit fundargerðar fylgja dagskránni. Önnur mál en þau, sem talin eru á dagskrá, má ekki taka til umræðu á fundum bæjarstjórnarinnar.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, er dagskrá segir til, nema meiri hluti bæjarstjórnar óski annars.

8. gr.

Bæjarstjóri á, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á fundum bæjarstjórnar og má taka þar til máls, svo oft sem hann vill, en gæta skal hann þó fundarskapa. Ekki á bæjarstjóri atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

9. gr.

Sérhver maður getur borið fram breytingartillögur og viðaukatillögur við hvert það málefni, sem til umræðu er. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja þær. Forseti sker úr því, hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu um tillögur.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum. Skytt er þó að ræða fyrir luktum dyrum mál, sem varða einkalíf manna. Auk þess getur einn fundarmanna krafizt þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker þá bæjarstjórn úr um það umræðulaust. Enginn má skýra frá umræðum í málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum.

11. gr.

Til þess að bæjarstjórnarfundur sé ályktunarfær, þarf meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði verða jafnmörg með og móti tillögu, telst hún fallin, en ef um kosningar er að ræða, skal varpa hlutkesti.

Um kosningu bæjarstjóra og stöður þær, er bæjarstjórn veitir, fer sem um kosningu forseta bæjarstjórnar.

12. gr.

Fundarmaður, sem vill taka til máls, skal snúa sér til forseta. Hann leyfir mönnum venjulega að taka til máls í þeirri röð, er þeir hafa kvatt sér hljóðs. Þó má breyta út af því, þegar bæjarstjóri eða framsögumaður á í hlut, svo og til þess, að ræður skiptist jafnt með og móti málefnum. Þá getur forseti leyft bæjarfulltrúa að gera stutta athugasemd eða leiðréttingu, er varðar sjálfan hann. Ef vafi leikur á í hvaða röð fundarmenn kveðja sér hljóðs, sker forseti úr.

Ef enginn fundarmanna hefur hvatt sér hljóðs, skal forseti bjóða fundarmönnum tvisvar að taka til máls, en hafi þá enginn óskað eftir að taka til máls, skal umræðum slitið og dagskrármálið tekið til afgreiðslu.

13. gr.

Flutningsmaður máls eða framsögumaður mega tala þrisvar við afgreiðslu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Nær ákvæði þetta einnig til forseta. Forseti getur þó leyft bæjarfulltrúa að tala oftari, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Þegar forseti tekur til máls sem bæjarfulltrúi, skal hann víkja úr forsetastóli. Ræðumaður skal standa við sæti sitt meðan hann flytur ræðu sína.

14. gr.

Ræðumaður skal ávallt beina máli sínu til fundarins. Hann má ekki lesa prentað mál, nema með leyfi forseta.

Fundarmönnum er skylt að ávarpa hvern annan kurteislega og viðhafa ekki ósæmilegt orðbragð. Nú ber fundarmaður aðra menn brigslyrðum, lætur sér ósæmilegt orð um munn fara eða víkur verulega frá umtalsefninu, og skal þá forseti víta hann fyrir það og nefna þau orð, er hann vítir. Nú hefur fundarmaður verið tvisvar víttur á sama fundi, en lætur sér þó ekki skipast, og getur þá forseti svipt hann málfrelsi á þeim fundi. Ef fundarmaður hlýðnast ekki úrskurði forseta eða ef almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti fresta fundi um stundarsakir, eða slíta, ef honum þykir nauðsyn til bera.

15. gr.

Ef áheyrendur eru ekki kyrrir og hljóðir, eða trufla fund, getur forseti vísað þeim út og ef þörf gerist látið ryðja áheyrendasalinn.

16. gr.

Sérhver fundarmaður getur borið fram tillögu um að slíta umræðum þegar í stað, er honum finnast umræðurnar dragast úr hófi fram, og skal þá sú tillaga borin upp umræðulaust.

17. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Nafnakall skal þó hafa, ef forseti telur þess þörf eða einn fundarmanna óskar þess. Bæjarfulltrúa er skylt að greiða atkvæði við nafnakall, nema hann leiði rök að undanfærslu sinni, er forseti tekur gild, enda á bæjarfulltrúi rétt á að skjóta úrskurði forseta til fundarins, sem sker þá umræðulaust úr máli. Þegar um kosningar er að ræða, skulu þær vera skriflegar og leynilegar, nema allir fundarmenn séu sammála um annað. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá, þar sem nöfn þeirra eru í staf-rófsröð og skal hlutkesti ráða á hverjum skal byrja.

18. gr.

Ekki er leyfilegt að bregða frá ákvæðum þessara fundarskapa, nema 6 bæjarfulltrúar hið fæsta séu því samþykkir.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numin fundarsköp fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar frá 14. desember 1938.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T**um stjórn bæjarmála í Siglufjarðarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er skipuð níu kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni kaupstaðarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

Kosningar nefnda.

2. gr.

Einstökum málum kaupstaðarins stjórnar bæjarráð og aðrar fastar nefndir, er bæjarstjórn kýs með þeim takmörkunum er síðar greinir.

Þessar nefndir eru kosnar til fjögurra ára:

1. Bæjarráð.
2. Hafnarnefnd.
3. Rafveitunefnd.
4. Fræðsluráð.
5. Hólsbúsnefnd.

6. Framtalsnefnd.
7. Heilbrigðisnefnd.
8. Fasteignamatsnefnd.
9. Kjörskrárnefnd.
10. Verðlagsskrárnefnd.
11. Áfengisvarnanefnd.
12. Íþróttamálanefnd.
13. Barnaverndarnefnd.
14. Stjórn Rauðku.
15. — Bókasafns Siglufjarðar.
16. — Byggðasafns Siglufjarðar.
17. — Sjúkrasamlags Siglufjarðar.
18. — Sparisjóðs Siglufjarðar.
19. — Lífeyrissjóðs Siglufjarðar.
20. Náttúruverndarnefnd.
21. Matsmenn brunatjóna.
22. Fóðurbirgðastjórn.
23. Fjallskilastjórn (fjallskilastj., réttarstj., gangnastj.).

Enn fremur bæjarstjórn til eins árs:

- 2 endurskoðendur bæjarreikninga og 2 til vara.
- 2 — Rauðku og 2 til vara.
- 2 — Sparisjóðs og 2 til vara.
- 3 — Bæjarútgerðar og 3 til vara.
- 7 menn í þjóðhátiðarnefnd og 7 til vara.
- 4 — - vetrarhjálp og 4 til vara.
- 3 — - kjörstjórn og 3 til vara.

3. gr.

Bæjarráð og aðrar fastar nefndir og stjórnir, sem eigi eru kosnar eftir sérstökum lögum, skulu kosnar til fjögurra ára í senn. Aðrar nefndarkosningar skulu fram fara í júnímánuði ár hvert.

Bæjarstjórn getur, þegar henni býður svo við að horfa, tekið mál til meðferðar og úrskurðar, þó falið sé fastri nefnd, og er það þá fallið undan þeirri nefnd. Þetta er þó með þeim takmörkunum, sem leiða af lagafyrirmælum um einstakar nefndir. Bæjarstjórn getur kosið sérstakar nefndir til að fjalla um einstök mál, þegar henta þykir, eða falið einstökum fulltrúa eða bæjarstjóra rannsókn máls eða framkvæmd.

4. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði og öllum öðrum fastanefndum bæjarstjórnarinnar, sem aukamaður, sé hann ekki jafnframt bæjarfulltrúi. Bæjarstjóri er formaður bæjarráðs og hafnarnefndar, en auk þess er heimilt að kjósa bæjarstjóra formann annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

5. gr.

Kjörgengnir í fastar nefndir bæjarstjórnar eru bæjarfulltrúar, og ef um er að ræða menn utan bæjarstjórnar, þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnar. Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundum fastra nefnda bæjarstjórnar, ef þess er óskað af viðkomandi nefnd eða nefndarformanni.

Eigi má kjósa bæjarfulltrúa né fasta starfsmenn bæjarins sem endurskoðendur bæjarreikninganna eða reikninga fyrirtækja í eign bæjarins.

6. gr.

Fundir í fastanefndum bæjarstjórnarinnar eru lögmætir, ef meiri hluti atkvæðisbærra nefndarmanna eru á fundi. Ef nefndarmaður er forfallaður, tekur varamaður hans sæti. Hver einstakur nefndarmaður hefur rétt til þess að krefjast þess, að fundur sé haldinn í nefndum bæjarstjórnarinnar, og er þá formanni viðkomandi nefndar skylt að hafa fund eins fljótt og hann telur tiltækilegt.

Starfssvið nefnda.

7. gr.

1. Bæjarráð skal skipað 3 bæjarfulltrúum. Bæjarráð heldur fundi eins oft og því þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en vikulega. Bæjarráð hefur með höndum eftirtalin mál bæjarins, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar, svo gild séu.

a. Fjárstjórn:

Til þess heyrir umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins og eftirlit með fjármálum allra fyrirtækja bæjarfélagsins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, till. til úrskurðar á reikningum bæjarins og eftirlit með bókhaldi bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja og með innheimtu gjalda. Bæjarráð skal ávísá öllum greiðslum úr bæjarsjóði, hafnarsjóði og vatnsveitu.

b. Fasteignamál:

Bæjarráð hefur umsjón með öllum fasteignum bæjarins, svo sem: húseignum, lóðum, jarðeignum og bryggjum. Það gerir tillögur um ráðstöfun þessara eigna og annast viðhald þeirra.

c. Sjúkrahúsmál:

Til þess telst stjórn og rekstur sjúkrahúss bæjarins, í samráði við ráðskonu eða ráðsmenn sjúkrahússins og sjúkrahússlækni. Þegar bæjarráð tekur til meðferðar sjúkrahúsmál, skal það jafnan kveðja á fund sinn sjúkrahússlækni og ráðskonu eða ráðsmann, ef þörf þykir.

d. Framfærslumál:

Bæjarráð hefur á hendi stjórn allra framfærslumála í Siglufjarðarkaupstað. Bæjarráð stjórnar og elliheimili og barnaheimili bæjarins, ef slík fyrirtæki verða sett á stofn.

Bæjarstjóri er jafnframt framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

e. Brunamál.

Til þess telst framkvæmd á öllum brunamálum bæjarins, samkv. lögum og reglugerðum um brunamál og eftirlit með slökkviliði bæjarins.

f. Byggingarmál.

Bæjarráð annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkv. gildandi lögum og byggingarsamþykkt. Byggingarfulltrúa er skylt að mæta á fundum bæjarráðs um byggingarmál.

g. Vegamál.

Bæjarráð hefur á hendi umsjón með vegamálum kaupstaðarins, annast viðhald gatna og holrása og hefur umsjón með rekstri grjótmulningsvélarinnar og öðrum vinnuvélum bæjarins.

h. Vatnsveitumál.

Bæjarráð fer með vatnsveitumál, hefur eftirlit og umsjón með vatnsveitukerfi kaupstaðarins, sér um viðhald og gerir tillögur um endurbætur og aukningu á vatnsveitunni, hefur eftirlit með innheimtu og gjöldum vatnsveitunnar og reikningshaldi vatnsveitusjóðs, og skal að öðru leyti starfa samkv. fyrirmælum vatnsveitureglugerðar kaupstaðarins.

i. Önnur mál:

Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum þessum, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnarinnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum, sem henni sýnist, til bæjarráðs, þó að þau heyri ekki sérstaklega undir það samkvæmt framanskráðu.

1. Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyra.

Starfsmenn hinna einstöku fyrirtækja bæjarins skulu ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum bæjarráðs, nema lög og reglugerðir mæli öðruvísi fyrir.

2. Hafnarnefnd er kosin til fjögurra ára í senn, og eiga sæti í henni 5 menn, 3 úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 utan bæjarstjórnar. Jafnframt kosningu hafnarnefndarmanna skulu kosnir 5 varamenn. Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og hefur á hendi eftirlit með höfninni, gerir tillögur fyrir bæjarstjórn um ráðningu starfsmanna hafnarinnar, hefur eftirlit með innheimtu hafnargjalda og reikningsfærslu hafnarsjóðs og gerir tillögur um samþykkt á reikningum hans.

3. Rafveitunefnd skal skipuð 3 mönnum kosnum til 4 ára. Kjósa skal 3 menn og 3 til vara. Starfssvið nefndarinnar er samkvæmt sérstakri reglugerð samþykktri af bæjarstjórn.

4. Fræðsluráð skal skipað 5 mönnum kosnum til 4 ára í senn. Kjósa skal 5 varamenn. Fræðsluráð starfar samkvæmt fræðslulögum.

5. Hólsbúsnefnd skal skipuð 3 mönnum úr hópi bæjarfulltrúa og 2 mönnum utan bæjarstjórnar kosnum til 4 ára. Kjósa skal jafnmarga varamenn utan og innan bæjarstjórnar. Nefndin annast rekstur búsins í samráði við bæjarstjórn og bæjarráð, ef um stærri fjárhagsleg mál er að ræða. Nefndin skal hafa umsjón með daglegum rekstri búsins og hafa eftirlit með reikningsfærslu þess. Reikninga búsins skal leggja fyrir bæjarstjórn, svo sem aðra reikninga bæjarfyrirtækja.

6. Framtalsnefnd skipa 5 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 5 varamenn. Starfssvið nefndarinnar er samkvæmt lögum.

7. Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 3 varamenn. Starfssvið nefndarinnar er samkv. lögum og heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins.

8. Fasteignamatsnefnd skipa 2 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 2 til vara. Verksvið nefndarinnar er innan bæjarfélagsins að meta nýbyggingar, viðbætur og endurbætur til peningaverðs og skila um það skýrslu til bæjarstjórnar jafnóðum.

9. Kjörskrárnefnd skipa 3 menn kosnir til 4 ára. Kjósa skal 3 til vara. Nefndin yfirfer kjörskár í samráði við bæjarstjórn í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

10. Verðlagsskrárnefnd: 1 maður kosinn af bæjarstjórn til 4 ára og 1 til vara.

11. Áfengisvarnarnefnd skipa 6 menn kosnir til 4 ára. Kjósa skal 6 menn til vara. Verksvið og störf nefndarinnar fer að lögum um áfengisvarnir.

12. Íþróttamálanefnd skipa 5 menn kosnir til 4 ára. Kjósa skal 5 til vara. Nefndin er ráðgefandi nefnd fyrir bæjarstjórn um íþróttamál og fjárveitingar í því skyni.

13. Barnaverndarnefnd skipa 5 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 5 menn til vara. Nefndin starfar samkv. reglugerð um barnavernd.

14. Stjórn Rauðku skipa 5 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 5 menn til vara. Stjórnin starfar samkvæmt sérstakri reglugerð samþykktari af bæjarstjórn. Reikningar Rauðkuverksmiðjunnar skulu lagðir fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

15. Stjórn Bókasafns Siglufjarðar skipa 5 menn kosnir til 4 ára í senn. Kjósa skal 5 menn til vara. Stjórnin annast allan rekstur bókasafnsins og reikningsfærslu. Reikningar bókasafnsins skulu lagðir fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

16. Stjórn Byggðasafns Siglufjarðar skipa 5 menn. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn í stjórnina, en bæjarstjórn kys 4 menn til 4 ára. Kjósa skal 4 menn til vara. Stjórnin annast allan rekstur byggðasafnsins og reikningsfærslu. Reikningar safnsins skulu lagðir fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

17. Stjórn Sjúkrasamlags Siglufjargar skipa 4 menn kosnir af bæjarstjórn til 4 ára í senn. Kjósa skal 4 menn til vara. Stjórnin starfar samkv. lögum, en skal þó gefa bæjarstjórn árlega skýrslu um störf sín.

18. Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar skipa 2 menn kosnir af bæjarstjórn til 4 ára í senn. Kjósa skal 2 menn til vara. Stjórnin starfar samkvæmt lögum og reglugerð Sparisjóðs Siglufjarðar.

19. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Siglufjarðarkaupstaðar skal skipuð 5 mönnum. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn formaður sjóðsstjórnar. 2 menn skulu kosnir af bæjarstjórn til 4 ára og 2 menn af sjóðfélögum. Kjósa skal 4 menn til vara á sama hátt. Stjórnin starfar samkv. sérstakri reglugerð sjóðsins staðfestri af bæjarstjórn og sjóðfélögum.

20. Náttúruverndarnefnd skipa 2 menn kosnir til fjögurra ára og jafnmargir til vara. Nefndin starfar samkvæmt gildandi lögum.

21. Kjósa skal einn matsmann brunabótaverðs og einn til vara til fjögurra ára. Starf hans er að meta fasteignir innan bæjarfélagsins til brunabótaverðs.

22. Kjósa skal einn fóðurbirgðastjóra og einn til vara, til fjögurra ára, er starfar samkvæmt reglugerð.

23. Kjósa skal þrjú menn í fjallskilastjórn (fjallskilastjóra, réttarstjóra og gangnastjóra) til fjögurra ára, er starfa skulu samkvæmt fjallskilareglugerð Siglufjarðarumdæmis.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður alla starsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, nema hún feli einstökum nefndum það með samþykkt eða reglugerðum, eða heimili í erindisbréfi einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmenn.

Allir starfsmenn skulu haga sér eftir reglum þeim, sem settar eru í samþykktum bæjarins og erindisbréfum þeirra.

9. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ráðstöfunum, sem eigi eru öðrum falin, og allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar.

10. gr.

Til þess að breyta samþykktum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála í Siglufjarðar-
kaupstað frá 13. marz 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

18. júní.

Nr. 94.

REGLUGERÐ

um hina almennu deild bátaflotans við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem veiðar stunda með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót. Reglugerð þessi nær ekki til síldveiða.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
- III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
- IV. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með línu og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
 - a) Skip yfir 100 rúml.
 - b) — 50—100 —
 - c) — 25— 50 —
 - d) — 12— 25 —
 - e) — undir 12 rúml., þiljuð.
- V. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með netjum og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
 - a) Skip yfir 100 rúml.
 - b) — 50—100 —
 - c) — 25— 50 —
 - d) — 12— 25 —
 - e) — undir 12 rúml., þiljuð.
- VI. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með línu og netjum og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
 - a) Skip yfir 100 rúml.
 - b) — 50—100 —
 - c) — 25— 50 —
 - d) — 12— 25 —
 - e) — undir 12 rúml., þiljuð.
- VII. flokkur: Opnir vélbátar, sem veiðar stunda með línu, netjum eða handfærum.

VIII. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með handfærum.

- a) Skip yfir 25 rúml.
- b) — 12— 25 —
- c) — undir 12 rúml., þiljuð.

IX. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með dragnót.

- a) Skip yfir 25 rúml.
- b) — 12— 25 —

X. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með botnvörpu.

- a) Skip 200—300 rúml.
- b) — 100—200 —
- c) — 50—100 —

Við skiptingu veiðiskipa í stærðarflokka skal farið hverju sinni eftir skipa-
skrá Sjómannaalmanaksins.

3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a) Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. fl.
- b) Fyrir skip í IV. fl. a. og b., VI. fl. a. og b.
 - 1. svæði: Vestmannaeyjar
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
 - 1. janúar—15. maí.
 - 3. svæði: Þorlákshöfn
 - 1. janúar—15. maí.
 - 4. svæði: Grindavík
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 5. svæði: Hafnir og Sandgerði
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 7. svæði: Hafnarfjörður
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 8. svæði: Reykjavík
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 9. svæði: Akranes
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 10. svæði: Rif og Ólafsvík
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.
 - 11. svæði: Grundarfjörður
 - 1. janúar—15. maí
 - 1. september—20. desember.

12. svæði: Stykkishólmur
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
13. svæði: Flatey
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
16. svæði: Dýrafjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
17. svæði: Öundurarfjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
18. svæði: Súgandafjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
19. svæði: Bolungavík
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
20. svæði: Hnifsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður
1. janúar—15. maí
1. október—20. desember.
21. svæði: Steingrímsfjörður
1. janúar—10. júní
1. september—20. desember.
22. svæði: Höfðakaupstaður
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
23. svæði: Skagafjörður
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
24. svæði: Siglufjörður
1. janúar—20. júní
1. október—20. desember.
25. svæði: Ólafsfjörður
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
27. svæði: Akureyri
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
28. svæði: Flatey og Húsavík
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.

29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
 30. svæði: Vopnafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 31. svæði: Seyðisfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 32. svæði: Neskaupstaður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 36. svæði: Djúpvogur
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 37. svæði: Hornafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
- c) Fyrir skip í IV. fl. c., d., e. og VI. fl. c., d., e.
1. svæði: Vestmannaeyjar
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 3. svæði: Þorlákshöfn
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 4. svæði: Grindavík
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 5. svæði: Hafnir og Sandgerði
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 7. svæði: Hafnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
 8. svæði: Reykjavík
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.

9. svæði: Akranes
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
11. svæði: Grundarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
12. svæði: Stykkishólmur
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
13. svæði: Flatey
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
16. svæði: Dýrafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
17. svæði: Önundarfjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
18. svæði: Súgandafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
19. svæði: Bolungavík
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
20. svæði: Hnifsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður
1. janúar—15. maí
1. september—20. desember.
21. svæði: Steingrímsfjörður
1. janúar—10. júní
1. september—20. desember.
22. svæði: Höfðakaupstaður
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
23. svæði: Skagafjörður
1. janúar—31. maí
1. september—20. desember.
24. svæði: Siglufjörður
1. janúar—20. júní
1. október—20. desember.
25. svæði: Ólafsfjörður
15. janúar—15. júní
1. september—20. desember.

26. svæði: Dalvík, Hrisey, Árskógsströnd og Grenivík
15. janúar—15. júní
16. júní—20. desember.
27. svæði: Akureyri
15. janúar—15. júní
16. júní—20. desember.
28. svæði: Flatey og Húsavík
15. janúar—15. maí
16. júní—20. desember.
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn
15. janúar—15. júní
16. júní—20. desember.
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní—30. nóvember
31. svæði: Seyðisfjörður
1. maí—31. október.
32. svæði: Neskaupstaður
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.
33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.
36. svæði: Djúpipvogur
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.
37. svæði: Hornafjörður
1. janúar—31. maí
1. júní—20. nóvember.

d) Fyrir öll skip í V. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar
1. marz—11. maí.
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
1. marz—11. maí.
3. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí
4. svæði: Grindavík
1. marz—11. maí.
5. svæði: Hafnir og Sandgerði
15. febrúar—11. maí.
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar—11. maí.
7. svæði: Hafnarfjörður
15. febrúar—11. maí.
8. svæði: Reykjavík
15. febrúar—11. maí.

9. svæði: Akranes
15. febrúar—11. maí.
10. svæði: Rif og Ólafsvík
15. febrúar—11. maí.
11. svæði: Grundarfjörður
15. febrúar—11. maí.
12. svæði: Stykkishólmur
15. febrúar—11. maí.
13. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
15. febrúar—11. maí.
14. svæði: Arnarfjörður
15. febrúar—11. maí.
15. svæði: Dýrafjörður
15. febrúar—11. maí.
16. svæði: Önundarfjörður
15. febrúar—11. maí.
17. svæði: Súgandafjörður
15. febrúar—11. maí.
18. svæði: Bolungavík
15. febrúar—11. maí.
19. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður
15. febrúar—11. maí.
20. svæði: Steingrímsfjörður
15. febrúar—11. maí.
21. svæði: Hornafjörður
15. febrúar—11. maí.

e) Fyrir skip í VII. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar
15. maí—15. september.
2. svæði: Grindavík
1. maí—30. september
3. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður
1. maí—30. september.
4. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. marz—15. maí
1. september—20. desember.
5. svæði: Hafnarfjörður
15. maí—30. september.
6. svæði: Reykjavík
15. maí—30. september.
7. svæði: Akranes
15. maí—15. ágúst.
8. svæði: Rif—Ólafsvík
1. maí—30. júní
1. september—15. desember.
9. svæði: Stykkishólmur
1. maí—30. júní
1. september—15. desember.
10. svæði: Arnarfjörður
1. maí—31. júlí.
1. september—30. nóvember.

11. svæði: Súgandafjörður
1. maí—31. október.
 12. svæði: Bolungavík
1. maí—31. ágúst.
 13. svæði: Ísafjarðarkaupstaður
1. maí—15. október.
 14. svæði: Álftafjörður
15. maí—30. september.
 15. svæði: Steingrímsfjörður
1. febrúar—31. maí
1. júní—30. nóvember.
 16. svæði: Höfðakaupstaður
15. maí—30. nóvember.
 17. svæði: Sauðárkrókur
1. apríl—31. október.
 18. svæði: Hofsós
1. apríl—31. október.
 19. svæði: Siglufjörður
1. apríl—31. október.
 20. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl—31. október.
 21. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík, Hjalteyri og Akureyri
1. apríl—31. október.
 22. svæði: Húsavík
1. apríl—15. nóvember
 23. svæði: Raufarhöfn
15. maí—15. október.
 24. svæði: Þórshöfn
15. maí—15. október.
 25. svæði: Bakkafjörður
15. maí—30. september.
 26. svæði: Vopnafjörður
1. júní—15. október.
 27. svæði: Borgarfjörður
15. maí—20. september
 28. svæði: Seyðisfjörður
1. júní—15. október
 29. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður
1. maí—15. okt.
 30. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður
15. apríl—30. september
 31. svæði: Vattarnes:
1. maí—30. september.
 32. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. maí—15. nóvember.
 33. svæði: Stöðvarfjörður
1. maí—31. október.
 34. svæði: Djúpivogur
1. apríl—31. október.
- f) Fyrir skip í VIII. fl.
1. svæði: Langanes—Ingólfshöfði
1. marz—20. júní.

2. svæði: Dyrhólaey—Reykjanes
1. marz—31. maí.
3. svæði: Reykjanes—Látrabjarg
1. marz—31. maí.
4. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. júní—30. september.
5. svæði: Látrabjarg—Horn
1. júní—30. sept.
6. svæði: Horn—Langanes
1. júní—30. sept.

g) Fyrir skip í IX. fl.

1. svæði: Bjarnarey—Hornafjörður
15. júní—31. október.
2. svæði: Dyrhólaey—Reykjanes
15. júní—31. október.
3. svæði: Reykjanes—Látrabjarg
15. júní—31. október.
4. svæði: Látrabjarg—Horn
15. júní—31. október.

h) Fyrir skip í X. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar—Snæfellsnes
1. febr.—15. júní
16. júní—30. nóvember.
2. svæði: Snæfellsnes—Horn
1. febr.—15. júní
16. júní—30. nóvember.
3. svæði: Horn—Langanes
15. janúar—15. júní
16. júní—20. desember.
4. svæði: Langanes—Hornafjörður
1. febr.—15. júní
16. júní—30. nóvember.

- i) Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðstjórnin ákveða hverju sinni til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skulu teljast.

4. gr.

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnarinnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands ísl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasambands Íslands, og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið og skal það lagt til grundvallar bóta-útreikningum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikninga bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast eigi innan hálfis mánaðar frá því að hennar hefur verið leitað, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar í hlutaðeigandi verstöð, skýrslu um útgerð og aflabrögð veiðiskips síns á bótatímabili í því formi, er stjórnin ákveður, og eigi síðar en einum mánuði eftir að veiðitímabili lýkur. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um útgerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalflí skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr.

7. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skips þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar	45% af meðalafla,	fær	40% bætur af því,	sem á vantar	meðaltal.
—	46%	—	39%	—	—
—	47%	—	38%	—	—
—	48%	—	37%	—	—
—	49%	—	36%	—	—
—	50%	—	35%	—	—
—	51%	—	34%	—	—
—	52%	—	33%	—	—
—	53%	—	32%	—	—
—	54%	—	31%	—	—
—	55%	—	30%	—	—
—	56%	—	29%	—	—
—	57%	—	28%	—	—
—	58%	—	27%	—	—
—	59%	—	26%	—	—
—	60%	—	25%	—	—
—	61%	—	24%	—	—
—	62%	—	23%	—	—
—	63%	—	22%	—	—
—	64%	—	21%	—	—
—	65%	—	20%	—	—
—	66%	—	19%	—	—
—	67%	—	18%	—	—
—	68%	—	17%	—	—
—	69%	—	16%	—	—
—	70%	—	15%	—	—
—	71%	—	14%	—	—
—	72%	—	13%	—	—
—	73%	—	12%	—	—
—	74%	—	11%	—	—
—	75%	—	10%	—	—
—	76%	—	9%	—	—
—	77%	—	8%	—	—

Skip, sem aflar	78% af meðalaflla, fær	40% bætur af því, sem á vantar meðaltal.
— — —	79%	— — — — — — — — — —
— — —	80%	— — — — — — — — — —
— — —	81%	— — — — — — — — — —
— — —	82%	— — — — — — — — — —
— — —	83%	— — — — — — — — — —
— — —	84%	— — — — — — — — — —
— — —	85%	— — — — — — — — — —

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur til veiða, sem stundaðar eru í tilraunaskyni.

8. gr.

Rétt til bóta hafa eingöngu þeir, sem stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu.

9. gr.
Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 2% — tvo af hundruði — og kr. 240.00 gjald af hverri íbúð, þó skal lágmarksvatnsskattur vera kr. 400.00.

2. gr.

14. gr. um gróðurhús, orðist svo:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 3.00 fyrir hvern fermetra. Aftan við 14. gr. skal bætast við:

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

16. grein orðist svo:

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% — fimmtíu af hundruði —.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 213 31. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

31. júlí.

Nr. 144.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.80 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 15.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.30 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- | | |
|---|-----------------|
| a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 8.00 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun | — 0.85 — — |
| c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð | — 8.00 — — |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli þannig:

- | | |
|---|------------------|
| 1. a. Fyrir fyrstu 3000 kwst. ársnotkun | kr. 2.75 á kwst. |
| b. — næstu 4000 — — | — 2.05 — — |
| c. — — 8000 — — | — 1.35 — — |
| d. Umfram 15000 — — | — 1.10 — — |
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli.
- Á 76 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - Á 110 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
3. Um afl- og orkumæli þannig reiknað:
- Aflgjald af notuðu afli
 - Orkugjald af allri notkun

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram um hver mánaðamót

D. Hitun.

Um kwst.mæli á 32 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 90 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á kr. 2.75 hverja kwst.

3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22 eða um tvgjaldsmæli á 25 aura hverja kwst. frá kl. 20 til 8.30 og kr. 2.05 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Raforku til götu- og hafnarljósingar á 110 aura hverja kwst.
5. Raforku til ljósa í beituskúrum og gripahúsum má selja án mælis á kr. 3000.00 árskw., enda sé spennan þá 32 volt og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.

Söluskattur 3% er innifalinn í orkusölunni.

II. MÆLALALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 3.00 á mán.
2. — þrífasa — 50 — —	— 5.00 — —
3. — — — 50—200 amp.	— 10.00 — —
4. — — — yfir 200 —	— 13.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga.

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald:
Frá 0 allt að 100	kr. 700.00	
— 100 — — 150	— 805.00	
— 150 — — 200	— 910.00	
— 200 — — 250	— 1050.00	
— 250 — — 300	— 1120.00	
— 300 — — 350	— 1260.00	
— 350 — — 400	— 1400.00	
— 400 — — 450	— 1540.00	
— 450 — — 500	— 1680.00	
— 500 — — 550	— 1820.00	
— 550 — — 600	— 1960.00	
— 600 — — 650	— 2100.00	
— 650 — — 700	— 2240.00	
— 700 — — 750	— 2380.00	
— 750 — — 800	— 2520.00	
— 800 — — 850	— 2660.00	
— 850 — — 900	— 2800.00	
— 900 — — 1000	— 3080.00	
— 1000 — — 1100	— 3360.00	
— 1100 — — 1200	— 3640.00	
— 1200 — — 1500	— 4200.00	
— 1500 — — 1750	— 4900.00	
— 1750 — — 2000	— 5600.00	
— 2000 — — 2250	— 6300.00	
2250 og yfir	— 7000.00	

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 mm² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimplaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3×70 mm² eða lengri en 25 metrar. Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimplaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimplaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimplaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimplaug í húsið. Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarlinuheimplaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal gjald fyrir enduroppnun vera kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 101 8. ágúst 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. júlí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 145.

1. ágúst.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga á Seyðisfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Seyðisfirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Seyðisfjarðarkaupstaðar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 50 íbúa, sem lögheimili eiga í Seyðisfjarðarkaupstað, samkvæmt nýjstu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 50 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 15. júlí 1963 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Seyðisfirði, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bif-

reiðastjórafélagsins Valar, Seyðisfirði, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðastjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Seyðisfirði, nema hann hafi öðlazt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Seyðisfirði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta fleirum en einu atvinnuleyfi, nema Þorbirni Arnoddssyni. Skal hann fá tvö atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem ákveðin er með reglugerð þessari. Er honum óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á hans nafn, fyrir aðrar bifreiðar en þær, sem eru hans eign.

Sem atvinnurekandi skal Þorbjörn Arnoddsson ekki skyldur að gerast félagi í Bifreiðastjórafélaginu Veli, og skal honum heimilt að ráða bifreiðastjóra á leigubifreiðar sínar, þótt þeir hafi eigi atvinnuleyfi önnur en þau, er Þorbjörn Arnoddsson hefur fyrir bifreiðum þessum.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Seyðisfirði, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórafélagsins Valar. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Seyðisfirði um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Valar, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ár í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Valar skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiðar til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Seyðisfirði, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjórn hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlu stöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Veli flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Valar, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreiðastöð samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Bifreiðastjórfélagsins Valar, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Valar samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlum félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bifreiðastjórafélagsins Valar samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Valar atvinnuleyfi, sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirfarandi tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 11. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Valar, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Völur á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Valar. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjórafélaginu Veli er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bif-

reiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagans, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið Völur skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skál skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggvi við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauplúnum, nr. 40 29. maí 1957, sbr. l. nr. 29 14. maí 1958, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatlar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 15.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 7.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiddast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólfplatnar, í rúmi því, er lýsa skal.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
 - a. Grunn gjald 1020.00 kr. á ári.
 - b. Aflgjald af notuðu afli 1020.00 — — kw. á ári.
 - c. Orkugjald 30 aura hverja kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

Mælisleiga er innifalin í grunn gjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
 - a. Grunn gjald 1020.00 kr. á ári.
 - b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla 780.00 — — —
 - c. Orkugjald 30 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunn gjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá 22 til 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dísilolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hvert kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða á 80 aura hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 1.90 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukalla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst. Í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum kl. 22 til 9 og 80 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni | kr. 6.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni | — 10.00 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum 50 til 100 A | — 18.00 — — |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A | — 24.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 8 10. janúar 1960.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Dorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fertmetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

Mælisteiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisteiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málaun véla. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólf-
flatar, í rúmi því, er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunnjald	1020.00 kr. á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	1020.00 — — —
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Mælisleiga er innifalin í grunn-
gjaldinu.

3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunnjald	1020.00 kr. á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málaun véla	780.00 — — —
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á disilolíu í Hveragerði, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutonna, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á líð D1 og 0.6 eyri hver kwst. á líð D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutonnað hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar notandinn þá tenginu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengindir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 90 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartækin fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum A1 eða A2.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 2.00 kr. hverja kwst.
3. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9, eða um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og á 90 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 130 hverja kwst., annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir rafmagnsnotkun um heimtaug skal vera kr. 1200.00 á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur í fyrsta mánuði næsta árs.

II MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni	kr. 6.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni	— 10.00 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum 50 til 100 A	— 18.00 — —
4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A	— 24.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 700.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 1400.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir, enn fremur kr. 1.00 af hverjum fermetra lóðar viðkomandi húss.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

7. ágúst.

Nr. 148.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fertmetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólf-flatar, í rúmi því, er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunn gjald	1020.00 kr. á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	1020.00 — - kw. á ári.
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Mælisleigan er innifalin í grunn gjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunn gjald	1020.00 kr. á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	780.00 — - —
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunn gjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur hannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.
Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dísilolíu á Stokkseyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutoni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutonið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar notandinn þá tenginu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengndir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 90 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 2.00 kr. hverja kwst.
3. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9, eða um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og á 90 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 130 hverja kwst., annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni | kr. 6.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni | — 10.00 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum 50 til 100 A | — 18.00 — — |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A | — 24.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar nr. 15 21. janúar 1961.

Atvinnumálaráðuneytið 7. ágúst 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

1. **Einstefnuakstur.**

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á Kirkjuvegi frá húsinu nr. 5 að Hellisgötu. Jafnframt er afnuminn einstefnuakstur á götunni frá Reykjavíkurvegi að húsinu nr. 5, sbr. auglýsingu nr. 163 frá 1960.

2. **Bifreiðastöður.**

Bifreiðastöður eru bannaðar á eftirtöldum stöðum:

- a. Meðfram húsi Mjólkurbús Hafnarfjarðar við Lækjargötu.
- b. Á Vesturgötu við húsin nr. 2 og 4.

3. **Aðalbrautir.**

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á gatnamótum Lækjargötu og Öldugötu, þannig að umferð vestur Lækjargötu hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Öldugötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 8. ágúst 1963.

Björn Sveinbjörnsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Mosfellshrepp.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Mosfellshrepps.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá, enda mæli heilbrigðisnefnd með því.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar. Ef héraðslæknir er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans. Þriðja nefndarmann kýs hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir. Er skylt að kveðja nefndina til fundar, ef nefndarmaður æskir þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, er nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd eftirrit af hverri fundargerð.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal þá málinu skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra

7. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Hreppsnefnd ræður heilbrigðisfulltrúa eftir tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúi starfar samkv. erindisbréfi, er heilbrigðisnefnd setur honum. Hann skal sitja fundi heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan, í samráði við heilbrigðisnefnd, veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda. Að öðru leyti skal ávallt leita samþykkis hreppsnefndar áður en hafnar eru framkvæmdir, er hafa útgjöld í för með sér.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu-hætti á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað er að þrifnaði og hollustu-háttum lýtur, utan húss og innan.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á stofn neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri, svo og við eigendaskipti.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XV. kafla þessarar samþykktar, skal sanna með læknisvottorði, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endra-nær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrti-stofum, skal klæðast sérstökum hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytlu-vörubúðum skulu hafa hreina kappu á höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu að dómi heilbrigðisnefndar fullnægja þessum almennum skilyrðum: vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmi-legur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfduík eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfi-lega mörgum salernum, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírþurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til af-nota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem

einhvers konar starfsemi samkv. VIII.—XVI. kafla fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjarhreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári. Ekki má hleypa hundum, köttum eða húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

16. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

17. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, í höfn innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

Ekki má hengja eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

18. gr.

Öll flutningatæki, er fara um götur í umdæmi hreppsins, skulu þannig gerð, að flutningur valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutninginn, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

19. gr.

Bannað er með öllu að bera salernisáburð á tún eða garða, hvort heldur er um að ræða matjurta- eða skrudgarða. Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir mega ekki vera á þéttbyggðum svæðum í hreppnum.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

20. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu hreppsins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa.

21. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd og héraðslækni til ráða, ef vatnsveita er lögð. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun vatnsbóla.

22. gr.

Lagningu allra skolpræsa (holræsa) á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

23. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrir mæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

24. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

25. gr.

Þar sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

IV. KAFLI

Um salerni og meðferð sorps.

26. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni, þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

27. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Öllum matarleifum og öðrum lifrænum úrgangi skal komið fyrir í lokuðum plastpokum, áður en því er fleygt í sorpílát. Ílátin skulu jafnar tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

28. gr.

Hreppsnefnd lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Sorpsvæði skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til manabyggða. Við sorpflutninginn má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

V. KAFLI

Um veggjalýs, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

29. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða hvers konar reksturs.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýrs verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum.

Skyllt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

VI. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

30. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllumur), svo og eftir byggingarsamþykkt hreppsins.

31. gr.

Lofthæð íbúðarherbergis má almennt ekki vera minni en 2.5 m. Í loft- og kvistherbergjum má hún ekki vera minni en 2.2 m. Í herbergjum undir súð skal meðal- lofthæð vera yfir a. m. k. hálfum gólfleti þess, enda sé enginn veggur lægri en 85 cm.

Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 m², og í hverri íbúð skal vera a. m. k. eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 m² að gólfleti.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 4.3 m² af gólfleti og a. m. k. 10 m³ af loftrými komi á hvern íbúa, enda séu eingöngu talin sjálf íbúðarherbergin.

32. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við.

33. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

34. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála, svo oft sem þurfa þykir.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar og verkafólks.

35. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildir um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941.)

36. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

37. gr.

Húsnaði, sem notað er í þessu skyni, má ekki vera lægra undir loft en 2.5 m og gólfplötur aldrei minni en 3 m² á hvern verkamann. Þó skal loftrými aldrei minna en 10 m³ á mann. Loftræsting skal vera nægileg og vélknúin, ef nauðsynlegt þykir. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur, verzlunarbúðir og vöruskemmur, sem ekki láta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

38. gr.

Lofthæð á skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m³.

Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

39. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

Vöruskemmur skulu vera rakalausar og rottuheldar.

IX. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

40. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnalaga nr. 66 30. desember 1939 og 11. gr. farsóttalaga nr. 10 19. marz 1958.)

41. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m, og a. m. k. 1.4 m² gólfatar á hvern nemanda. Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. $\frac{1}{6}$ gólfatar.

42. gr.

Kennsluborð og sæti skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin og auðvelt skal að halda þeim hreinum.

43. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

44. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjar-útbúnaður vera þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

45. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

46. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttar og leikiðkana.

47. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

48. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrífnaði nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólum fyrir mælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

49. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrífum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

X. KAFLI

Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

50. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög nr. 93 31. desember 1953, og reglugerðir samkvæmt þeim.)

XI. KAFLI

Um dagvistarheimili barna.

51. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslu.

52. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

53. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og hann láti heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

54. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru. Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna það héraðslækni þegar í stað.

XII. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

55. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera hreinn, heill og laus við ólykt. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur. Gestir skulu hafa greiðan aðgang að baði og salerni.

56. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

57. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 0.90—1.15 m² gólfplöt, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisnefndar hverju sinni. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

Í veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvotta og sóttþreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C. hita unz þeirra er neytt.

58. gr.

Ekki má bera gestum óhrein, skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarílát og matreiðslu- og uppþvottartæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sóttþreinsa í hæfilega virkum sóttþreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar, ber að þvo svo oft sem þurfa þykir.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

XIII. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

59. gr.

Ekki má vera beinn inngangur milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

60. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sóttþreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóls skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

61. gr.

Ekki má veita þjónustufólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Ef uppvíst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hafi verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrir mæla héraðslæknis um sóttþreinsun á þeim tækjum, er við hann hafa verið notuð.

62. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

XIV. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

63. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

XV. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

64. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkv. þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febrúar 1939; reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949 um kjötmat o. fl.)

A. Almenn ákvæði.

65. gr.

- a. Ekki má vera beinn inngangur milli matvinnslustaða, neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2,5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- c. Búðir og matvinnslustaði skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skal ætíð afgreiða með spaða, skeið, gafl eða töng, en aldrei snerta það með berum höndum.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

B. Um mjólk og mjólkurvöru.

66. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

67. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 64. gr. Aldrei má þó mjólk, sem er seld á þennan hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar.

Ekki má selja mjólk á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

C. Um rjómaís og mjólkurís.

68. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í hreppnum, má ekki vera minna en 12% og mjólkuríss ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

69. gr.

Sala á rjómaís og öðru ísfrauði skal aðeins leyfð frá mjólkur- og brauðbúðum. Á viðurkenndum veitingastöðum má þó einnig selja slíkt til neyzlu þar á staðnum.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum og með þeim skilyrðum, er henni þykir hlýða.

D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

70. gr.

Lofthæð brauðgerðarhúsa skal vera a. m. k. 3 m. Ljósflötur glugga, sé a. m. k. $\frac{1}{10}$ gólfflatar. Aldrei má gólfhlötur vera minni en 4 m² á hvern starfsmann.

71. gr.

Vöru- og geymsluklefar skulu vera bjartir, loftgóðir og rakalausir.

72. gr.

Gólf skal vera vatnshelt, lagt flisum eða gert úr öðru vatnsheldu efni, er heilbrigðisnefnd tekur gilt. Vatnsrenna skal vera niður úr gólfinu, ef heilbrigðisnefnd telur það nauðsynlegt. Veggir skulu glerjaðir, eða á annan hátt þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Vinnuborð skulu laus frá vegg, færanleg og skúffulaus. Stór trog og önnur ílát skulu vera á hjólum.

73. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum, skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

74. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

75. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

76. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

77. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og sölustaða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

78. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum, og þar sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, síld, niðursuðuvörur, feitmeti, álag, osta, egg, grænmeti svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúða skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.

- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðunum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu án frekari matreiðslu, skal geymd í luktum gler-skápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð, einnig frystihólf, ef heilbrigðisnefnd ákveður.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

79. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 78. gr. og 80. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðvöru, sjó-fugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzó eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Vinnslu- og geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk úr ryðfríum málmum og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera úr ryðfríum málmum.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

80. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á landingarstað eða á götu á tilteknum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Við götusölu skal nota hreinlega vagna, og segir heilbrigðisnefnd til um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

81. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem ekki hefur verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn, frá því að hann var deyddur.

82. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfínanlegur.

83. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gæta fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óumbúinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til hreppsins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að honum.

C. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

84. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari, og vegin eru og mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

XVI. KAFLI**A. Um baðstaði.**

85. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

86. gr.

Rannsaka skal baðvatn nægilega oft og leyfa því aðeins notkun baðstaða, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi, að dómi heilbrigðisnefndar.

87. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þriflega um baðstað og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Ef uppvist verður, að sundgestur hafi næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi (áberandi kvef), niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum um aðgang að baðstað.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum um aðgang nema læknisvottorð komi til.

88. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annazt eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa björg-unartæki.

B. Um íþróttahús.

89. gr.

Gluggar skulu vera nægilegir og ljósflötur þeirra ekki minni en $\frac{1}{6}$ gólfplatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Gera skal dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni í sig sem minnstu ryki.

90. gr.

Hverjum fimleikasal skal fylgja eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypuböðum, salernum og áhaldaherbergi og skápur fyrir ræstingartæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengið sé í leikfimisal úr búningsklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

91. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hrein-gerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 47. gr.

C. Um íþróttavelli.

92. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja nægilega mörg salerni, þvagstæði, búningsklefar og böð.

D. Um útileikvelli barna.

93. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

XVII. KAFLI**Um peningshús, búrekstur og skepnuhald.**

94. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

95. gr.

Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m. Um fjarlægð þeirra frá vatnsbóli fer eftir ákvæðum heilbrigðisnefndar hverju sinni.

96. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrifin viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða óðaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

97. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

98. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu utan heimalanda eigandans eða afréttar hreppsins og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi.

XVIII. KAFLI**Lokaákvæði.**

99. gr.

Hreppsnefnd skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

100. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað

hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki, ef þörf gerist.

101. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði þessarar samþykktar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarfé í sveitarsjóð.

Enn fremur er hreppstjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

102. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

103. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Mosfellshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Elias Eliasson.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun, og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um, að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. ágúst.

Nr. 153.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatlar.
Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.
Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólfplatlar, í rúmi því, er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunnjald	1020.00 kr. á ári
b. Aflgjald af notuðu afli	1020.00 kr. á kw. á ári.
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunnjald	1020.00 kr. á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla	780.00 — —
c. Orkugjald	30 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fassviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0,8, sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegisdag og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dísilolíu á Eyrarbakka, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutónni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0,6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 75.00 kr., sem oliutónnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

- Að vélaafl, linur og spennur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annara slíkra staða á 90 aura hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.

3. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9, eða um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 90 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni | kr. 6.00 á mán. |
| 2. — þrífasa kwst.mælum 50 A og minni | — 10.00 — — |
| 3. — þrífasa kwst.mælum 50 til 100 A | — 18.00 — — |
| 4. — þrífasa kwst.mælum yfir 100 A | — 24.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna, leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug	kr. 1400.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug	— 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 40.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbyggðar hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbyggðar nr. 18 23. janúar 1961.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. ágúst 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu álitni biskupsins yfir Íslandi er Reykjavíkurprófastsdæmi hér með fyrst um sinn skipt í sóknir og prestaköll og takmörk þeirra ákveðin sem hér segir:

1—2. **Nesprestakall** (I og II): Nessókn.

Takmörk að norðan og austan hin sömu og verið hafa (sbr. auglýsingu kirkjumálaráðuneytisins 17. júlí 1952).

3. **Seltjarnarnesprestakall**: Seltjarnarnessókn. Nær yfir Seltjarnarnes vestan marka Nesprestakalls.

Fylgir fyrst um sinn Nesprestakalli.

4—5. **Dómkirkjuprestakall** (I og II): Dómkirkjusókn. Takmörk hin sömu og áður (sbr. fyrrnefnda ráðuneytisauglýsingu).

6—7. **Hallgrímsprestakall** (I og II): Hallgrímssókn. Takmörk hin sömu og áður (sbr. fyrrnefnda ráðuneytisauglýsingu).

8—9. **Háteigsprestakall** (I og II): Háteigssókn. Takmarkast af Hallgrímssókn að vestan, Reykjanesbraut að sunnan til Kringlumýrarbrautar, síðan ræður Kringlumýrarbraut að Suðurlandsbraut, þá Suðurlandsbraut að Nóatúni og Nóatún í sjó.

10. **Laugarnesprestakall**: Laugarnessókn. Nær frá mörkum Háteigssóknar um Nóatún og Suðurlandsbraut að Múlavegi til Dalbrautar, síðan ræður Dalbraut norður til sjávar austan Köllunarkletts.

11. **Ásprestakall**: Ássókn. Takmarkast að vestan af Laugarnesprestakalli, að sunnan af Suðurlandsbraut að Holtavegi, þá ræður Holtavegur norður til sjávar í Kleppsvík.

12—13. **Langholtsprestakall** (I og II): Langholtssókn. Nær frá mörkum Ássóknar að vestan, að Elliðaám og Suðurlandsbraut að austan og sunnan.

14. **Háaleitisprestakall:** Háaleitissókn. Nær að Háteigsprestakalli að vestan, Suðurlandsbraut og Miklubraut að norðan og sunnan, unz þær götur skerast.

Fylgir fyrst um sinn Háteigssókn.

15. **Grensásprestakall:** Grensásókn. Takmarkast af Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðavegi og Grensásvegi.

16. **Bústaðaprestakall:** Bústaðasókn. Takmarkast af Miklubraut og Suðurlandsbraut, Elliðaám, Bústaðavegi og Grensásvegi.

17. **Fossvogsprestakall:** Fossvogssókn. Nær að Bústaða- og Grensásóknum að norðan, Hallgrímssókn að vestan, Kópavogssókn að sunnan og austan.

Fylgir fyrst um sinn Bústaða- og Grensásóknum og verði skiptin um framhald Grensásvegar suður að mörkum Kópavogssóknar.

18. **Kópavogsprestakall:** Kópavogssókn.

Prestaköll þau, sem ráðgerð eru hér að framan sem nr. 3 (Seltjarnarnesprestakall), nr. 14 (Háaleitisprestakall) og nr. 17 (Fossvogsprestakall), skulu, þar til þau verða auglýst laus til umsóknar, að fenginni heimild kirkjumálaráðherra, teljast óskiptur hluti þeirra prestakalla, sem þeim samkvæmt því, er að framan segir, er þangað til ætlað að fylgja.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

22. ágúst.

Nr. 155.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er í Kaldrananesi, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bjarnarfjarðará, Goðdalsá og Sunndalsá, en þær eru Goðdalur, Sunndalur, Skarð, Svarrshóll, Oddi, Hvammur, Bakki, Klúka, Ásmundarnes og Kaldrananes.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í júnimánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er gildi 5 ár í senn. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll um þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Miðfirðinga, Húnavatnssýslu.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 3. júlí 1962.

Litli-Ós	50	einingar
Stóri-Ós	148	—
Saurar	30	—
Ytri-Reykir	27	—
Syðri-Reykir	27	—
Efri-Torfustaðir	10	—
Neðri-Torfustaðir	20	—
Urriðaá	7	—
Bjarg	53	—
Bjargshóll	12	—
Uppsalar	13	—
Litli-Bakki	14	—
Barkarstaðir og Sel	61	—
Skárastaðir	10	—
Núpsdalstunga	76	—
Efri-Núpur	30	—
Þverá	7	—

Fosskot	8 einingar
Neðri-Núpur (syðri)	6 —
Neðri-Núpur (ytri)	25 —
Torfastaðir	6 —
Haugur	12 —
Litli-Hvammur	21 —
Litla-Tunga	84 —
Giljaland	7 —
Skeggjastaðir	25 —
Dalgeirsstaðir	17 —
Lækjarbær	6 —
Afréttarlandið Húsheiði	1 —
Húkur	19 —
Kollufoss	26 —
Huppahlíð	22 —
Brekkuhlækur	137 —
Króksstaðir	52 —
Staðarbakki	48 —
Melstaður	50 —
Barð	43 —
Sandar	60 —

Samtals 1270 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskiræktarfélag Langár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélag Langár. Heimili þess og varnarþing er Mýrasýsla.

2. gr.

Verkefni félagsins eru að vinna að fiskirækt með þeim ráðum, sem tiltæk eru á hverjum tíma.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaá í Mýrasýslu, en þær eru þessar, sem eiga land að Langá: Grenjar, Hvítsstaðir, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, og Lambastaðir í Álftaneshreppi, Rauðanes, Ánabrekka, (ásamt Laufási og Álfgerðarholti), Jarðlangstaðir, Stangarholt og Litlafjall í Borgarhreppi og afréttarlönd frá Álftaneshreppi og Borgarhreppi, lönd að Urriðaá auk sumra fyrr-

greindra jarða: Smiðjuhóll, Urriðaa, Valshamar, Árbær, Álftártungukot og Grímsstaðir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, er skal kosinn sér og tveir meðstjórnendur og skulu þeir allir kosnir án tilnefningar. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Allar framkvæmdir skal bera undir félagsfund.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári, svo og um áætluð útgjöld. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá og bréf.

8. gr.

Framkvæmdir hvorrar árinna fyrir sig skal vera þeirra sérmál, án ihlutunar hinna jarðeigenda.

9. gr.

Kostnaði af starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 185 9. nóv. 1962.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans 10 milljónir króna, en heimilt er lög-
mætum hluthafafundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

2. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo og bankaráð, sem kosið er á
aðalfundi hans. Bankaráðið ræður bankastjóra, einn eða fleiri. Séu fleiri en einn
bankastjóri starfandi við bankann, eiga ákvæði reglugerðarinnar, sem varða banka-
stjóra, við þá sameiginlega.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði.
Aukafundi skal halða, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri
telur þess þörf. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn sækja
fund. Sé fundur eigi fullskipaður, þarf atkvæði þriggja til gildrar ályktunar. Afl
atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum eða öðrum
lögmætum fyrir mælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það,
sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem
rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir
hans og ágreiningsálit.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 25. maí 1963.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Sveinn B. Valfells. Sveinn Guðmundsson. Magnús Ástmarsson.

Einar Gíslason. Vigfús Sigurðsson.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um stofnun og rekstur
Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 29. desember 1951.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 30. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykktum fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 186 9. nóv. 1962.

1. gr.

4. gr. samþykktanna orðist þannig:

Hlutafé Iðnaðarbankans er 10 milljónir króna, en lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka. Hlutaféð er allt jafnrétt hátt.

2. gr.

13. gr. samþykktanna orðist þannig:

Bankinn skal ávallt eiga hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem greiðast eiga á skömmum tíma. Skal eign bankans í ríkis-tryggðum verðbréfum, öðrum auðseldum verðbréfum og innstæðum í öðrum hönkum vera að minnsta kosti 15% af innlánsfé í sparisjóðsbókum.

3. gr.

14. gr. samþykktanna orðist þannig:

Iðnaðarbankinn hefur á hendi, samkvæmt sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

4. gr.

C-liður 15. gr. samþykktanna orðist þannig:

Bankastjóri (bankastjórar).

5. gr.

18. gr. samþykktanna orðist þannig:

Á hluthafafundi fylgir 1 atkvæði hverjum 250 krónum í hlutafé. Engar takmarkanir eru á atkvæðisrétti hlutafjár ríkissjóðs, aðrar en þær, að því fylgir eigi atkvæðisréttur við kosningu bankaráðs.

6. gr.

25. gr. samþykktanna orðist þannig:

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara.

Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo aðalmenn og varamenn fyrir hvorn þeirra, til eins árs í senn.

Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu þrjá menn og jafnmarga til vara, sem kosnir skulu sérstaklega með sama hætti og aðalmenn. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast. Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð, en ekki þurfa þeir að vera hluthafar. Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

7. gr.

26. gr. samþykktanna orðist þannig:

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. — Formaður kallar saman fundi bankaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri telur þess þörf. — Fundi bankaráðs skal halda í Reykjavík. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þeir bankaráðsmenn sækja fund. Sé fundur ekki fullskipaður, þarf atkvæði þriggja til gildirar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrir mælum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

8. gr.

1. tl. 27. gr. samþykktanna orðist þannig:

Að ráða bankastjóra, ákveða tölu þeirra og ráðningarkjör, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.

9. gr.

1. mgr. 30. gr. samþykktanna orðist þannig:

Bankastjóri hefur á hendi daglega stjórn Iðnaðarbankans, samkvæmt reglum þeim, sem honum eru eða verða settar af bankaráðinu samkvæmt samþykktum þessum.

10. gr.

36. gr. samþykktanna falli niður og greinatala samþykktanna breytist því til samræmis.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 25. maí 1963.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Sveinn B. Valfells. Sveinn Guðmundsson. Magnús Ástmarsson.

Einar Gíslason. Vigfús Sigurðsson.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með, samkvæmt lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 29. desember 1951.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 30. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun.

3. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirætlum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegastæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín algjörlega á sinn kostnað og annast viðhald þeirra. Skyllt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

4. gr.

Hreppsnefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Enn fremur er hreppsnefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í van-skilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

5. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

6. gr.

Af öllum húsum í Ólafsvíkurhreppi, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 1½% af fasteignamati húsa, þó aldrei minna en kr. 400.00 — fjögur hundruð — fyrir hvert hús. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni.

Af húsum sem tengd eru við vatnsveituna skal greiða tengigjald kr. 500.00 — fimm hundruð — fyrir hvert hús.

7. gr.

Af húsum þeim er nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem: verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús, fisk-
verkunarhús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 2% af fasteignamati húsanna,
ef vatn er ekki selt eftir vatnsmæli samkvæmt 9. gr.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir: Af hverri smálest
af innvegnum nýjum fiski krónur 1.00 pr. smálest.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim notendum, sem um
er getið í 7. gr., og skal þá greiða kr. 0.50, fyrir hvern teningsmetra vatns, auk
þess vatnsskatt, sem um er getið í 6. gr. Hreppsnefnd sér um útvegum mælanna
og uppsetningu þeirra, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að upphæð
kr. 200.00 — tvö hundruð —.

10. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um
allt að 50% — fimmtíu af hundruði —, bæði einstaka liði og í heild, án stað-
festingar ráðuneytisins.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti eða sveitar-
stjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. júlí ár
hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Húseigandi ber ábyrgð á
greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði
í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar
sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2000.00 — tvö þúsund —,
nema þyngrri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur í vatnsveitusjóð.

Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja
óvilhallra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps,
staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93
5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Efnahagsreikningur 31. desember 1961.

Eignir:

1. Lán gegn veði í skipum	kr. 434853625.50
2. Fasteignalán útvegsmanna (þar af gegn ríkisábyrgð kr. 14320960.00)	— 38274455.00
3. Lán vegna skipa í smíðum	— 9600000.00
4. Vaxtabréf Skuldaskilasjóðs	— 428900.00
5. Önnur verðbréf	— 1132960.00
6. Gengisreikningur	— 7000000.00
7. Bankainnstæða	— 11072070.40

Kr. 502362010.90

Skuldir:

1. Ríkissjóður (ICA lán)	kr. 27000000.00
2. Framkvæmdabanki § 1303565.28 á 43/06	— 56131520.95
3. Framkvæmdabanki DM. 1276649.50 á 1080/30	— 13792225.47
4. Landsbanki Nkr. 1378590.00 á 602/50	— 8306004.75
5. Innstæður lántakenda	— 132365707.39
6. Viðskiptamenn	— 527246.03
7. Stofnsjóður	— 250000000.00
8. Afskriftareikningur	— 14000000.00
9. Yfirfært til næsta árs	— 239306.31

Kr. 502362010.90

Reykjavík, 2. janúar 1962.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Elíasson.

F. R. Valdimarsson.

Elías Halldórsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 3. apríl 1962.

Einar Bjarnason.

Sverrir Júlíusson.

2. september.

337

Nr. 162.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. september 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Sigurðardóttur skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Helga Sigurðardóttir, f. 17. ágúst 1904, d. 26. ágúst 1962, hafði forgöngu um stofnun Húsmæðrakennaraskóla Íslands og var skólastjóri hans frá því hann tók til starfa haustið 1942 til 1. september 1961, að hún sagði starfinu lausu vegna heilsubrests. Stjórn Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands gekkst fyrir stofnun þessa minningarsjóðs með sölu minningarspjalda við andlát frk. Helgu Sigurðardóttur skólastjóra í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjandastarf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Sigurðardóttur, skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn var hinn 1. nóvember 1962 kr. 20 056.50.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, þá sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu þriggja manna sjóðstjórnar. Hana skipa skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem er formaður, formaður Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands og einhver af nánustu ættingjum Helgu Sigurðardóttur, tilnefndur af þeim.

Fyrstu sjóðstjórnina skipa frk. Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri H.K.Í., formaður, frú Auður Jónasdóttir, húsmæðrakennari, formaður N.S.H.K.Í., og frú Ragna Sigurðardóttir, Þórustöðum, systir hinnar látnu.

4. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í tryggum verðbréfum, er ábyrgð ríkissjóðs fylgir, eða í sparisjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðstjóri árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af tveimur endurskoðendum, tilnefndum af stjórn N.S.H.K.Í.,

í B-deild Stjórnartíðinda og í skýrslum Húsmæðrakennaraskólans, þegar þær eru gefnar út.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helming vaxta skal leggja við höfuðstólinn, þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 50 000.00, þá $\frac{1}{3}$ vaxta, þangað til sjóðurinn nemur kr. 75 000.00, úr því $\frac{1}{4}$ vaxta, þangað til höfuðstóllinn er orðinn kr. 100 000.00. Eftir það skal leggja $\frac{1}{10}$ vaxta við höfuðstólinn, og má þá úthlutunarnefnd færa út starfssvið sjóðsins, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður. Komi það fyrir eitthvert ár, að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára. Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki á að leggja við höfuðstól, skal varið til að styrkja nemendur, skv. 2. gr.

6. gr.

Styrkinn skal auglýsa í skólanum í janúar ár hvert. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram fyrir marzlok ár hvert. Sjóðstjórn sér um úthlutun styrkja í samráði við kennara skólans. Nú sækir enginn nemenda um styrk, og hefur þá skólastjóri heimild til í samráði við sjóðstjórn og fasta kennara skólans að úthluta þeim nemenda eða nemendum, er hann telur helzt þurfa styrksins við.

7. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og með öðrum ráðum, er sjóðstjórn telur heppileg. Þó má aldrei krefja nemendur skólans um framlag í sjóðinn.

8. gr.

Starfi Húsmæðrakennaraskóli Íslands ekki um stundarsakir, skal ávaxta höfuðstól sjóðsins samkvæmt 4. gr., þangað til skólinn tekur aftur til starfa, og skal sjóðstjórnin annast þá ávöxtun.

Verði Húsmæðrakennaraskóli Íslands lagður niður, getur stjórn sjóðsins ákveðið, hvernig sjóðnum skuli varið.

Ráðstöfun sjóðsins skal þó jafnan við það miðuð, að hann stuðli að því að efla húsmæðrafræðsluna í landinu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með bannað að aka fram úr ökutækjum á ferð á Reykjanesbraut á svæðinu milli norðanverðra gatnamóta Reykjanesbrautar og Nýbýlavegar og sunnanverðra gatnamóta Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 4. sept. 1963.

Sigurgeir Jónsson.

10. september

Nr. 164.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Grímsneshreppi í Árnessýslu.

Samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 hefur ráðuneytið ákveðið, að hámarkshraði ökutækja á Sogsvegi milli Syðri-Brúarár sunnan við Írafoss og Heiðarár norðan við Ljósafoss, skuli vera 45 km á klukkustund.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

16. september.

Nr. 165.

REGLUGERÐ

um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

1. gr.

Umsækjandi skal, áður en vottorð um sjón- og heyrnarhæfni hans er gefið út, sanna með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt, að hann sé sá, er hann segist vera.

2. gr.

Skipstjórar og stýrimenn á skipum, sem eru 6 rúm. að stærð eða stærri, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi að minnsta kosti þá sjónskerpu, sem hér segir:

6/8 á betra auga og 6/24 á lakara auga
 eða 6/9 - — — — 6/18 - — — ,
 það er 0.75 - — — — 0.25 - — —
 eða 0.67 - — — — 0.33 - — — , sé reiknað í tugabrotum.

Þá skulu þeir og sanna, að þeir hafi óskert sjónsvið og fullkomið litskyggni. Sjónsvið er nægilegt að prófa með hendi eða svonefndri „konfrontationsaðferð“.

Litskyggni skal prófað með viðurkenndum litatöflum (Stillings, Ishiharas eða öðrum jafngildum pseudoisochromatiskum töflum). Það má og beita svonefndri „lanternuprófun“, eins og gert er í Bretlandi.

3. gr.

Við ofangreint sjónpróf er ekki heimilt að nota neins konar sjóngler. Þá skal og gæta þess, að sá, sem prófaður er, þíri ekki augum meðan á prófi stendur.

4. gr.

Sé sá, sem prófa skal, 40 ára eða eldri, og sanni hann með sjóferðabók eða á annan tryggilegan hátt, að hann hafi í 10 ár eða lengur gegnt skipstjóra- eða stýrimannsstöðu, og að hann hafi í byrjun starfstíma síns fullnægt kröfum 2. gr. reglugerðar þessarar, er heimilt að nota gleraugu við prófið. Skal þá ekki varða réttindamissi, sé sjónstyrkur ekki undir 6/24 án gleraugna, bæði augu prófuð í einu í 6 m fjarlægð, eða 0.25, ef tugabrotareikningur er notaður.

Með gleraugum skal hann hið minnsta hafa sjónstyrkleika:

6/9 eða 0.67 á betra auga
og 6/24 — 0.25 — lakara auga.

Sjónsvið skal hann hafa óskert og litskyggni fullkomið, samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Læknir sá, sem prófar, skal spyrja þann, sem prófaður er, um hæfileika hans til að greina hluti í dímму. Komi við rannsókn eithvað í ljós, er bendi til óeðlilegrar náttblindu umsækjanda, skal gert náttblindupróf (adaptationpróf), og þess getið á sjónvottorðinu. Getur mikil náttblindu valdið réttindamissi um stundarsakir eða að fullu, ef ólæknandi reynist.

6. gr.

Heyrarpróf skal framkvæma í kyrrlátu herbergi, og skal umsækjandi greina mælt mál í 8 metra fjarlægð eða hvísl í 4 metra fjarlægð.

7. gr.

Umsókn um inntöku í stýrimannaskóla eða á námskeið, sem veita réttindi til skipstjóra- eða stýrimannsstöðu á skipum, sem reglugerð þessi tekur til, skal fylgja vottorð um sjónstyrkleika, litskyggni, sjónsvið og heyrn umsækjanda. Skilyrði fyrir inntöku skulu vera, að umsækjandi fullnægi kröfum 2. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Vottorð samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin af augnlækni, þar sem þess er kostur. Skal svo ávallt vera um vottorð vegna umsóknar um skólavist í stýrimannaskóla. Séu námskeið í stýrimannafræðum haldin, þar sem ekki næst til augnlæknis, getur héraðslæknir gefið vottorðin, hafi hann tilskilin tæki til prófunarinnar.

Vottorð skal endurnýja á minnst 10 ára fresti, eða ef skipstjórnarmaður hefur orðið fyrir slysi eða veikindum, er sjóntruflunum hafa valdið.

Vottorðin skulu rituð á eyðublöð, er samgöngumálaráðuneytið lætur vottorðsgjafa í té.

9. gr.

Rísi ágreiningur um hæfni vottorðsþiggjanda, hefur hann rétt til að ganga undir prófið á ný að viku liðinni eða síðar. Skal það ávallt gert hjá augnlækni. Sker þá nefnd, er ráðherra skipar og í eru tveir siglingafróðir menn og einn augnlæknir, úr um hæfni vottorðsþiggjanda. Úrskurður nefndar þessarar er bindandi.

10. gr.

Missi skipstjórnarmaður atvinnuréttindi sin samkvæmt reglugerð þessari, getur ráðherra veitt undanþágu frá henni. Þó skulu meðmæli nefndar þeirrar, er um getur í 9. gr., koma til. Aldrei má veita slíka undanþágu, sé sjónstyrkur án gleraugna undir 6/9 eða 0.67 og óskert sjónsvið á betra auga eða því auga, sem eftir er, hafi annað auga ónýtt að fullu. Undanþágu má fyrst veita 6 mánuðum eftir slys eða sjúkdóm þann, er sjóntapinu olli. Undanþágu má ekki veita öðrum en vönnum skipstjórnarmönnum, og skal í slíkum tilfellum endurnýja augnvottorð á 5 ára fresti.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, nr. 66 17. júlí 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 19 7. apríl 1937, um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1963.

Emil Jónsson.

Brynjölfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan línu, sem hugsast dregin frá strönd Noregs eftir 66° n.br., að 10° v.lgd., þaðan suður að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd., skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr bómull, mjúktrefjahampi eða gervi-efnum (polyamide, polyester), skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr öðrum efnum, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 120 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Á öðrum hafsvæðum en um getur í 1. gr. og alþjóðasamningurinn frá 5. apríl 1946 um möskvastærð fiskinetja tekur til, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr tvöföldu garni og innihalda hvorki manila né sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 75 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr manila eða sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þó skal eigi teljast ólögmaett:
 - a. Að festa segldúk, net eða annað efni undir poka botnvörpunets í því skyni að forða eða draga úr sliti.
 - b. Til 1. júní 1965 að festa ferhyrndan netbút á efri hluta botnvörpupoka í því skyni að draga úr eða hindra skemmdir, að því tilskildu, að netbúturinn hafi ekki minni möskva en áskilið er um botnvörpuna sjálfa og að netbúturinn sé festur aðeins að framan og á hliðum, og sé þannig festur, að hann nái ekki lengra fram en fjóra möskva fram fyrir poka-gjörðina og ekki lengra aftur en fjórum möskvum fyrir framan endamöskvann. Sé gjörð ekki notuð, má netbúturinn ekki ná yfir meira en einn þriðja botnvörpupokans, mælt frá fjórum möskvum fyrir framan pokalínumöskvann.
 - c. Tala möskva í breidd netbútsins skal vera a. m. k. einum og hálfum sinnum tala möskva í þeim hluta pokans, sem þakinn er, og skal breiddin talin þvert á langlínu pokans.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt úthyrðis.

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (<i>Gadus callarias</i>)	34 cm
Ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>)	31 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	25 —
Langlúra (<i>Glyptocephalus cynoglossus</i>)	28 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	25 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Scophthalmus rhombus</i>)	30 —
Stórkjaftha (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	25 —
Lýsa (<i>Gadus merlangus</i>)	23 —
Sandkoli (<i>Pleuronectes limanda</i>)	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1963 og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 156 13. nóvember 1954 um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

Bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar, að því er tekur til hafsvæðisins norðan línu, sem hugsast dregin frá 66° n.br. og 10° v.lgd. að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd. (Íslandsmið og Austur-Grænlandsmið) taka eigi gildi fyrr en 1. júní 1964 og eru þangað til í gildi ákvæði um botnvörpunet í a-lið 1. gr. reglugerðar um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda nr. 156 13. nóvember 1954.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959 um fiskveiðar í norð-austurhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. lög nr. 18 3. marz 1954.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið 13. september 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu,
nr. 83 11. maí 1953.**

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip, stærri en 12 rúmlestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjald (lestagjald) í hvert sinn, er þau leggjast við festar á Fáskrúðsfjarðarhöfn, hvort sem þau varpa akkeri eða leggjast við bryggju eða aðrar festar á höfninni. Einnig skulu þau skip, sem ferma eða afferma vörur eða taka eða skila farþegum á höfninni, greiða hafnargjald eins fyrir það, þó að þau leggist ekki við neinar festar.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist hafnargjald af nettóstærð skipanna, reiknað í heilum tölum en brotum sleppt.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða gerð út þaðan og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, kr. 5.00, af brúttórúmllest af skipum yfir 40 brúttórúmllestir, þó ekki minna en kr. 300.00 á ári.

Vélbátar, 5 til 40 rúmlesta, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði í hafnargjald kr. 150.00 á ári.

- b. Innlend strandferðaskip, sem ekki stunda millilandasiglingar, en ganga aðeins milli hafna innanlands, skulu, þá er þau koma í fyrsta sinn á Fáskrúðsfjarðar-

höfn á ári hverju, greiða kr. 2.50 af rúmlest í hafnargjald, en ekkert frekar, þó að þau komi oftár á höfnina á sama ári.

- c. Öll önnur skip, erlend og innlend, sem til hafnar koma, skulu greiða kr. 0.80 af hverri rúmlest í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á hverju ári, en síðan kr. 0.50 af hverri rúmlest í hvert sinn, er þau koma á höfnina á því sama ári.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjald skal vera eins og hér segir:

- a. Hvert skip, sem leggst við hafnarmannvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, kr. 0.40 af hverri rúmlest, þó aldrei minna en kr. 25.00 í hvert sinn. Minni skip en 12 rúmlestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en skylt er þeim að víkja frá bryggju, hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.
- b. Bryggjueigendur greiða ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Búðakauptúni og leggja upp á bryggjur þeirra. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, sem leggja að annarri bryggju en bryggju hafnarsjóðs, greiði hálf bryggjugjald í hafnarsjóð.
- c. Hafnarnefnd skal heimilt að semja sérstaklega um bryggjugjald í einstökum tilfellum, þá er þykir ástæða til að víkja frá gjaldskrá þessari.
- d. Skip þau, sem samkvæmt 2. mgr. 8. gr. eru undanþegin hafnargjaldi, eru einnig undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjald greiðist þannig:

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, olíur, kornvara, sykur og járnvörur.
2. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Alls konar vefnaðarvörur, skófatnaður, glysvarningur, ávextir, vínföng og lyfjavörur.
3. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu.
Tómar tunnur, uppsettar eða óuppsettar.
5. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hverja smálest:
Sild til vinnslu.
7. flokkur. Gjald 1000 aurar fyrir hverja smálest:
Annar fiskur en sild til vinnslu.

B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
ULL, dúnn, hert og söltuð skinn.
2. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Fiskur, lýsi, sild, hrogn, þurrkuð bein, kjöt, gærur og aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hvert teningsfet:
Aðrar afurðir, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald er þó 200 aurar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

16. september.

Nr. 168

AUGLÝSING

um erlend lán og innflutning með greiðslufresti.

Í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 79 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur viðskiptamálaráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Heimilt skal að flytja inn allar aðrar vörur en hér eru taldar á eftir með allt að þriggja mánaða greiðslufresti, enda hafi innflytjendur áður samið við Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands um greiðslufyrirkomulag vörunnar:

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

84.15.30	Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin.
84.18.21	Þeytivélar til þurrkunar á þvotti, einkum til heimilisnotkunar.
84.19.01	Uppþvottavélar, einkum til heimilisþarfa.
84.40.12	Strokvélar, einkum til heimilisnotkunar.
84.40.20	Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar.
85.06.01	Ryksugur.
85.06.02	Hrærivélar.
85.06.03	Aðrar rafknúnar eldhúsvélar.
85.06.09	Önnur rafknúin búsaðhöld.
85.07.02	Rakvélar með innbyggðum rafmagnshreyfli.
85.12.01—	
85.12.03	
85.12.05	
85.12.09	Rafmagnseldavélar, rafmagnsofnar, rafmagnshellur, rafmagnshársnyrtitæki og önnur rafmagnshitunartæki.
85.15.10	Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón og/eða útvarpsviðtæki.
85.15.20	Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón.
87.02.11—	
87.02.12	Nýjar og notaðar fólksbifreiðir til annarra en atvinnubifreiðastjóra.
87.02.36	Sendiferðabifreiðir til annarra en atvinnubifreiðastjóra.
87.02.37	Bifreiðir í jeppaflokki.
87.02.39	
87.09.00	Bifhjól og reiðhjól með hjálparvél, einnig með hliðarvagni; hliðarvagnar til bifhjóla og reiðhjóla.
92.11.01	Grammófónar og plötuspilarar.
92.11.02	Hljóðupptökutæki og bandspilarar.

2. Ekki er heimilt að flytja inn vörur með þriggja til 12 mánaða greiðslufresti, nema sérstakt samþykki komi til, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands geta veitt samkvæmt nánari ákvörðun viðskiptamálaráðuneytisins. Þeir, sem hyggjast flytja inn vörur með slíkum fresti, skulu því leita samþykkis þessara banka áður en varan er send frá útlöndum.

3. Við innflutning með allt að 12 mánaða greiðslufresti er óheimilt, að greiðslufrestur hefjist seinna en á komudegi vörunnar til landsins.

4. Ekki er heimilt að taka lán eða semja um greiðslufrest til allt að 12 mánaða vegna annars en vörukaupa, nema með sérstöku leyfi, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands geta veitt samkvæmt nánari ákvörðun viðskiptamálaráðuneytisins.

5. Greiðslufyrirkomulag, sem er andstætt auglýsingu þessari, en innflytjendur hafa samnanlega samið um fyrir gildistöku hennar samkvæmt þágildandi reglum og gerir ráð fyrir allt að 12 mánaða greiðslufresti, skal halda gildi sínu, enda verði hlutaðeigandi vörur tollafgreiddar fyrir 20. október 1963, og greiðslufresturinn hefjist eigi seinna en á komudegi vörunnar til landsins.

6. Ekki er heimilt að taka lán erlendis eða fá greiðslufrest til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Þeir, sem hyggjast taka slík lán eða fá slíkan greiðslufrest, skulu afhenda umsóknir um það til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing viðskiptamálaráðuneytisins um sama efni frá 31. maí 1960.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. september 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímamann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 2800.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1000.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 400.00
4. — tengil (með rafvökum)	— 400.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrirfram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar **samtímis** eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjöld á ársfjórðungi (í kr.)

I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar Afgreiðslutími símtala á virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	300	240	180
4 —	400	320	240
6 —	450	360	270
8 —	500	400	300
10 —	540	420	320
12 —	560	440	340
14 —	580	460	360
16 —	600	480	400
24 —	640	500	400

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætast við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, upphæð sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka, fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

II. Fyrir aukabúnað.

1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð kr. 150.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi — 200.00
3. — — — — í öðru húsi, verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
4. — hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi — 30.00
5. — hvern tengil (með rafvökum) — 40.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Almenn ákvæði.

Ofan nefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símtjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki við stöðvar með afgreiðslutíma undir 8 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af árs-

fjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma, er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatakjum .

1. Milli húsa við sömu sírstöð, fyrir hvert talfæri með línu kr. 1400.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð — 300.00
 - b. Annars staðar í sama húsi — 500.00

Ofanefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1000.00.

Um flutning á síma milli sírstöðva, sjá síðustu málsgrein í I. kafla A. (stofngjöld).

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 300.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalld á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatakja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri	kr. 3500.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) —	900.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 1300.00
4. — venjulega aukabjöllu	— 400.00
5. — tengil	— 400.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur, — greiðist fyrirfram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar **samtímis** eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrirfram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma, er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalafjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:
 - a. Fyrir heimilissíma kr. 640.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 110 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.
 - b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 900.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 110 aurar fyrir hvert samtal þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö

eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 80.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 200.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
— 1 tengil	— 20.00
— venjulega aukabjöllu	— 25.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalfjöldi samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 70.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 160.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 180.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert venjulegt talfæri kr. 1750.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 300.00
 - b. Annars staðar í sama húsi — 500.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftár en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1000.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1400.00, ef 6—12 mánuðir liða á milli.

Um flutning á síma milli símstöðva, sjá síðustu málsgrein í I. kafla A. (stofngjöld).

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 300.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímataekja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 2000.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

Stöðvar		
Afgreiðslutími		
á virkum dögum		
2	std.	kr. 140.00
4	—	— 190.00
6	—	— 230.00
8	—	— 260.00
10	—	— 280.00
12	—	— 290.00
14	—	— 300.00
16	—	— 310.00
24	—	— 340.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.

4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssím-inn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símataekja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í sam-band. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasam-bandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbú-stöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnun-um í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan ís-lenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftir-litsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvar-vörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi

- sendistöðvar aukaskoðunar einhverra ástæðna vegna ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, í samræmi við IV. kafla A. 12.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskammtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
 5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrir mælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.
 6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
 7. Reikningar, vegna viðgerða, skulu greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að verkið var framkvæmt.
 8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um kerfi póst- og símamálastjórnarinnar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.
 9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
 10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglið gjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsigliunar, ber leyfishafi.
 11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
 12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir:

a. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 300.00
b. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 150.00
c. Leyfisbréf, önnur radiótæki en sendar	— 50.00
d. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 700.00
e. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 400.00
f. Eftirlitsgjald árlega, fyrir hvern sendi umfram einn	— 25.00
g. Eftirlitsgjald árlega, fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns	— 200.00
h. Innsiglið gjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 400.00
i. Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 400.00
 13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

B. Radiótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftskammtastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin

eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lög्न frá honum að rafgeymum.

2. Póst- og símamálastjórnin annast viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transístora, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhírðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.
3. Óski leigutaki, að viðgerð sé flýtt sérstaklega, ber honum að greiða ferðakostnað og annan aukakostnað, er af því hlýzt. Sömuleiðis ber leigutaki kostnað af því, ef viðgerð er framkvæmd, eftir hans ósk, utan venjulegs dagvinnutíma.
4. Öll radiótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera váttryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til váttryggingarfjárins. ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
5. Stofngjald fyrir radiótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og váttryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrirfram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir loftskreytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrirfram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því víkið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímamann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
8. Sé ársleiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin:
 - a. Innsiglað senditækin, þó þannig að nota megí tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsíglun, tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.

b. Tekið tækin í sína vörzlu, án undangenginnar innsíglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar eftir að viðgerð fór fram.

Fyrir enduropnun innsíglis greiðist innsíglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsíglis greiði leigutaki, auk innsíglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð aftur á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðskipta við eigin skip eða báta. Lætur þá póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækjunum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftir, mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.
10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími 2 vikur, annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var, er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömuleiðis ber leigutaka að sjá um váttryggingu tækjanna á sinn kostnað.
11. Póst- og símamálastjórnin gefur út sérstaka gjaldskrá yfir leigukjör radíótækja o. fl. Leigukjör fyrir radíótæki, sem ekki er getið um í þeirri gjaldskrá, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveita-síma.

Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

- A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
- B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutiðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er beinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

- a. veðurfréttir og ástand vega,
- b. tilkynningar um komu- og brottfarartíma,

- c. tilkynningar um bilanir eða breytingar á áætlun,
- d. tilkynningar um viðgerðir, áriðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
- e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar landsímans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skirteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skýlt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skýlt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti milli bifreiða (og annarra landfarstöðva) og framangreindra stöðva eru innifalin í leigu senditækja bifreiðanna (landfarstöðvanna), séu þau í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Sé sendistöð bifreiðarinnar (landfarstöðvarinnar) eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

Gjöld fyrir viðskipti um fjarskiptastöðvar póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig innifalin í leigunni ef þau eru innan sama innanbæjarsímakerfis og viðkomandi fjarskiptastöð, og efnislega samkvæmt 3. gr. þessara regla.

Gjöld fyrir viðskipti út fyrir þetta innanbæjarsímakerfi greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hver 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 10 km	linulengd	kr.	7.00
—	10— 25	—	—	11.00
—	25—100	—	—	16.00
—	100—225	—	—	21.00
—	225—350	—	—	25.00
	Yfir 350	—	—	30.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála- stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofan nefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 3.00.
5. Boðsending: kr. 10.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símstöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma- málstjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands, samanlagt fyrir hvert viðtalsbil:

- a. Landlínugjald kr. 10.00.
 - b. Strandargjald kr. 20.00, ef skipið er ekki meira en 150 sjómilur frá landi, en annars kr. 40.00.
 - c. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.
- Gjöld fyrir símtöl við erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: kr. 2.00 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 20.00.
 2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.20 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 12.00.
 3. Bláðaskeyti: 40 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 12.00.
 4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 40.00.
 5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
 6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 25.00 án tillits til orðafjölda.
 7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka- gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 12.00 til kr. 18.00 eftir gerð.
- Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 25.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 20.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalasjóðs.
 9. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenskar strand- arstöðvar við íslensk skip er samanlagt:
 - a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.

- b. Strandargjald, kr. 1.50 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem getur verið mismunandi fyrir hvert skip. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

Fyrir loftskeyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skeyti.

10. Afhending símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 4.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 2.00, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru yfirleitt send ókeypís allt að 1 kílómetra frá símsstöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 10.90 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkeðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkeðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 6.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.50 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkeðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

Ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver þyrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst skólarhrings fyrirvara. Óskir um niðurstætt símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

I. Stofngjald.

A. Fjarritvélar.

- a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu kr. 10 000.00
- b. Tengigjald við telexstöð — 4 000.00

- II. Afnotagjald á ársfjórðungi (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir en ekki pappír) kr. 3 500.00
- III. Tengingjald við telexstöð á ársfjórðungi — 1 800.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blað fjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald fyrir síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir línur til fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir flutninga greiðist sama gjald og fyrir talfæri.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

- | | |
|--|-------------------|
| 1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm | kr. 250.00 pr. km |
| 2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm | — 350.00 — — |
| 3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm | — 450.00 — — |
| 4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er | — 400.00 — — |

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 250.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 50.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 50.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 110.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazzt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símanotandi eftir að hafa símanúmer óskráð (sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03), getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 100.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlut-
aðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 90.00
2. Aukanafn í skrá	— 110.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 50.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 110.00+90.00	— 200.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 110.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypisskrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 40.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 60.00. Auglýsingalína kostar kr. 50.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt tæki, sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra símstöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataekjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma-
búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaupþúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofn-

gjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.

5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símataeki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu slitni svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.
- Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálf-sögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, eða missi símans, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímamann annast sóttþreinsun talfæra.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að verða í símskeytum og loftskæptum.
8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitnið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 1 ár eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði.
10. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitnið, svo og að viðbættum kr. 40.00 fyrir lokun og enduroppnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlöð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungsmót með 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. okt. 1963. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. okt. 1963 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 18. des. 1962.

Póst- og símamálaráðherra, 17. september 1963.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

REGLUGERÐ

um notkun pósts.

I. ALMENN ÁKVÆÐI**A. Póststöðvarnar og starfssvið þeirra.****1. gr.**

Flokkun póststöðva.

1. Póststöðvum landsins er skipt í eftirfarandi flokka:
 - a. Póststofur.
 - b. Póstafgreiðslur.
 - c. Póstútibú.
 - d. Bréfhirðingar.
2. Póststofur og póstafrgreiðslur hafa með höndum öll póststörf og heyra reikningslega undir aðaldeildir pósts og síma í Reykjavík.
3. Póstútibú og bréfhirðingar hafa með höndum öll almenn póststörf, þó með vissum undantekningum, einkum að því er varðar viðskipti við útlönd, eftir því sem við á og henta þykir á hverjum stað. Póstútibú og bréfhirðingar heyra reikningslega undir póststofur og póstafrgreiðslur.
4. Póststöðvar eru kenndar við staði þá, þar sem þær eru, og skal jafnan rita heiti þeirra eins og þau eru skráð í ritum póst- og símamálastjórnarinnar (símaskrá, áætlunarbókum, bæjatali, skrá um póst- og símastöðvar).

2. gr.

Afgreiðslutími fyrir almenning.

1. Póst- og símamálastjórnin ákveður hver vera skuli afgreiðslutími á hverri pósthöð og skal auglýsing um hann birt á staðnum.
2. Á pósthöfum, póstaafgreiðslum og pósthúsum öllum, skal sá hluti húsrúmsins, sem ætlaður er til afgreiðslu póstsins, vera aðgreindur frá þeim hluta, sem almenningi er ætlaður, með skilrími, diskum eða á annan hátt, þannig, að öruggt sé, að óviðkomandi menn hafi þar ekki frjálstan aðgang.

3. gr.

Hvenær póstsendingum skal skilað.

1. Póstsendingum er veitt viðtaka allan þann tíma, sem pósthöð er opin, en æski sendandi þess, að sendingar fari með ákveðinni pósthöð, verður að skila þeim svo löngu á undan burtfarartíma póstsins, sem þörf krefur að dómi viðkomandi pósthöðvar.
2. Bréfastofur á pósthöðvum skal ætíð tæma stuttu áður en póstur leggur af stað frá pósthöðinni.
3. Á pósthöðvunum skal að jafnaði auglýsa á áberandi stað, almenningi til leiðbeiningar, hvenær megi seinast afhenda sendingar, svo að þær komist með fyrsta pósti, svo og hvenær bréfastofur séu tæmdir.

B. Flutningur póstsendinga.

4. gr.

Flutningur póstsendinga innanlands.

1. Póstur er fluttur milli pósthöðva, sem hér segir:
 - a. *Með sérleyfisbifreiðum*, allar tegundir póstsendinga.
 - b. *Með skipum* í föstum áætlunarferðum, allar tegundir póstsendinga.
 - c. *Með flugvélum* í föstum áætlunarferðum, bréf svo og aðrar sendingar eftir því sem um semst við flytjendur.
 - d. *Með landpóstum*, sem pósthöður kostar, allar tegundir póstsendinga.
 - e. *Með mjólkurflutningabifreiðum*, bréfastofur o. fl., eftir því sem um semst.
 - f. *Með tækifærisherðum*, þ. e. a. s. farartækjum, sem hafa ekki fastar áætlunarferðir, að jafnaði aðeins bréfastofur.
2. Póst- og símamálastjórnin gefur út áætlun um ferðir sérleyfisbifreiða (leiðabók) og sér um, að pósthöðvarnar auglýsi almenningi tækifærisherða og hvað þá sé tekið til flutnings. Þegar farartími sérleyfisbifreiða er auglýstur, er ætíð átt við þann tíma, er þær mega leggja af stað í fyrsta lagi.
3. Þegar venjulegar leiðir lokast vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem hafisa, snjóá og þess háttar, skal leitast við að koma bréfum áfram einu sinni í viku, en heimilt er að geyma flutning á öðrum sendingum, þar til úr rætist.
4. Sendendur póstsendinga innanlands, sem óska þess, að sendingar þeirra séu fluttar með sérstökum ferðum, skulu rita áteiknun um það á sendingarnar og verður þá farið að óskum þeirra í því efni, nema svo standi á, að það baki póstinum aukakostnað við flutning sendinganna, eða tefji almenna afgreiðslu á pósthöðvunum.

C. Afstaða póstmanna til almennings.

5. gr.

Viðskipti við almenning.

1. Póstmönnum ber að sýna almenningi lipurð og kurteisi og veita fúslega allar nauðsynlegar upplýsingar um burðargjöld, útbúnað póstsendinga, útfyllingu eyðublaða, póstgöngur o. fl.
2. Þá ber og póstmönnum að veita almenningi upplýsingar um póstsendingar, ferðir o. s. frv., eftir því, sem þeim er fært og að svo miklu leyti, sem það brýtur ekki í bága við þagnarskyldu þeirra.

6. gr.

Eyðublöð til afnota fyrir almenning m. m.

1. Eyðublöð þau, sem almenningur þarf að nota til útfyllingar, skulu jafnan vera fyrirbyggjandi á póststöðvunum. Póst- og símamálastjórnin ákveður verð eyðublaðanna, svo og hvort þau skuli látin í té ókeypis.
2. Á póststofum og póstafgreiðslum skal að jafnaði liggja frammi, almenningi til afnota, eitt eintak af póstlögum, reglugerð um notkun pósts, póststöðvaskrá, burðargjaldstöxtum, áætlunarbókum póst- og símamálastjórnarinnar fyrir sérleyfisbifreiðar. Forstöðumönnum þessara póststöðva ber að sjá um, að bækur þessar séu jafnan leiðréttar í samræmi við tilkynningu póst- og símamálastjórnarinnar á hverjum tíma.

II. ÝMSAR TEGUNDIR SENDINGA OG ÚTBÚNAÐUR ÞEIRRA

A. Skilgreining sendinga með tilliti til póstmeðferðar.

7. gr.

Nöfn sendinga.

1. Sending, sem flutt er í pósti, nefnist *póstsending*.
2. Verðsendingar og ábyrgðarsendingar kallast einu nafni *verðpóstsendingar* eða *ábyrgðarsendingar*. Aðrar sendingar kallast *almennar sendingar*.
3. Bréfaþóstsending með póstkröfu nefnist *bréfaþóstkrafa* og böggull með póstkröfu *bögglaþóstkrafa*.
4. Með *gjaldfrjálsri sendingu* er átt við sendingu, sem samkvæmt 14. gr. póstlaganna nýtur frigengis í pósthjónustunni.
5. Vanborgaðar eða óborgaðar sendingar, sem burðargjald hvílir á, nefnast *innlausnarsendingar*.
6. Með staðarsendingu er átt við sendingu, sem skilað er til viðtöku á póststöð og sem hvorki er flutt landveg, sjóveg eða loftleiðis með fargögnum póstsins eða á hans kostnað, heldur afhent viðtakanda á sömu póststöð eða flutt til hans með bréfbera, svo og sending, sem aðeins hefur sætt póstmeðferð innan takmarkaðs svæðis samkvæmt 2. gr. a, 2. málsgrein póstlaganna.

B. Bréfapóstsendingar.

8. gr.

Bréf og spjaldbréf.

1. Til þess að verða tekin til póstmæðferðar sem bréf, verður sending að uppfylla skilyrði alþjóðapóstsamningsins um umbúnað, innihald, stærð og lögun.
2. Á almenn bréf má hvorki skrifa verð eða að aðrir munir fylgi þeim. Munir þeir, sem fullnægja ekki framangreindum skilyrðum, skulu þó fluttir, ef á annað borð má flytja þá með póstum, eftir þeim reglum, sem gilda um þær sendingar, sem þeir eftir eðli sínu verða að teljast til, þótt þeim hafi verið skilað til flutnings sem almennum bréfum.
3. Um spjaldbréf gilda sömu reglur og um bréf, að öðru leyti en því, að þau fást ekki send sem verðbréf. Spjaldbréf í ábyrgð mega ekki innihalda peningaseðla eða önnur verðmæti.

9. gr.

Loftréf.

1. Loftréf er pappirsörk, tilhlýðilega brotin saman og límd aftur, og skal þá stærð þess vera hin sama og bréfspjalds. Framhlið arkarinnar þannig samanbrottinnar er ætluð fyrir utanáskrift og skal þar einnig standa orðið „Aérogramme“.
2. Loftréf má senda flugleiðis til allra landa gegn einföldu burðargjaldi fyrir bréf, en ekki má það innihalda neinn hlut. Ef slíkt ber við, skal strika yfir athugasemdina „Aérogramme“ og senda bréfið sjóleiðis og landveg.
3. Póst- og símamálastjórnin gefur út loftréf og selur á póststöðvunum. Einstaklingum er og heimilt að gefa út loftréf, en samþykki póst- og símamálastjórnar þarf til um gerð þeirra og útlit og skal áteiknun um það vera prentuð á loftréfin.

10. gr.

Bréfspjöld.

Bréfspjöld eru einföld og tvöföld (með fyrirframgreiddu svari). Þau eru send opin, þ. e. a. s. án umbúða. Stærð þeirra, útlit, gerð og lögun skal vera í samræmi við ákvæði alþjóðapóstsamningsins.

11. gr.

Prentað mál, verzlunarskjöl og vörusýnishorn. Almenn ákvæði.

1. Í prentsendingum, verzlunarskjalasendingum og sýnishornasendingum má ekki vera neitt bréf, orðsending eða skjal, sem talizt getur hrein persónuleg bréfasending. Sendingin skal þannig útbúin, að auðvelt sé að rannsaka innihaldið. Að öðru leyti gilda ákvæði alþjóðapóstsamningsins um umbúnað þeirra, lögun, innihald, stærð og þyngd.
2. Prent, sýnishorn eða verzlunarskjöl, sem látin eru í póst, en fullnægja ekki skilyrðum þeim, er um slíkar sendingar eru gerð, skal farið með sem bréf eða bréfspjald, eftir því sem við á, nema hægt sé að skila sendanda henni aftur. Sé ekki hægt að taka slíka sendingu sem bréf eða bréfspjald, skal ekki flytja hana í pósti.
3. Sé í þessum sendingum falið bréf eða önnur skrifleg orðsending, sem ekki er leyfð eftir burðargjaldi þeirra eða séu slíkar orðsendingar ritaðar á sjálfa sendinguna, þannig, að auðsætt þykir, að tilgangurinn sé að draga þær undan athygli póstmanna, skal sendandi sæta sektum. Slíkar sendingar má aldrei flytja í pósti.

12. gr.

Prent. Blindraprent.

1. Að svo miklu leyti, sem ekki er annað tekið fram í þessari grein, gilda ákvæði alþjóðapóstsamningsins um prentsendingar og blindraprent.
2. Afritum af rituðu máli með penna eða ritvél, sem gerð eru vélrænt, að undanteknum afritum, gerðum á ritvél með kalkeringu, verður að skila á pósthönd og ekki færri en 20 samhljóða eintökum til þess að þau njóti sama burðargjalds og prent. Á afrit þessi má gera sams konar athugasemdir og leyfðar eru við prent.
3. Þá er og heimilt:
 - a) á boðsbréfum og fundarboðum:
 - að tilgreina nafn þess, sem boðinn er, stað og stund.
 - b) að setja tölur inn í texta slíkra bréfa eða fundarboða á þann stað, sem eyða er ætluð fyrir þær.
4. Sending, sem á að flytjast gegn burðargjaldi undir prent, skal bera áletrunina „Prent“ eða „Prentað mál“, ef ekki er augljóst af ytra útliti sendingarinnar, að um prent sé að ræða. Sé eingöngu um blindraletur að ræða, skal orðið „Blindraprent“ einnig standa utan á sendingunni.

13. gr.

Verzlunarskjöl.

Til verzlunarskjala teljast yfirleitt öll skjöl, rituð eða teiknuð að öllu eða nokkru leyti, sem ekki geta talizt hreinar persónulegar bréfaskriftir, svo sem nánar er ákveðið í alþjóðapóstsamningnum.

14. gr.

Vörusýnishorn.

Sýnishornasendingar mega ekki hafa verzlunargildi eða vera ætlaðar til sölu. Um þær gilda að öðru leyti ákvæði alþjóðapóstsamningsins. Ekki mega aðrir en framleiðendur eða seljendur viðkomandi vara senda þær sem vörusýnishorn.

15. gr.

Sendingar með mismunandi innihaldi.

Prent, verzlunarskjöl og sýnishorn af vöru má setja saman í eina sendingu, enda sé ekki í henni blindraprent né aðrar prentsendingar, er njóta sérstaks burðargjalds. Um slíkar sendingar gilda þau skilyrði, sem sett eru í alþjóðapóstsamningnum.

16. gr.

Bréfasendingar án utanáskriftar.

1. Pósthöndvarnar geta skv. sérstöku samkomulagi tekið á móti til útbýtingar innan umdæmis síns, þ. e. a. s. innan umdæmis viðtökupósthöndvarinnar, bréfasendingum, þótt eigi hafi þær utanáskrift til neins ákveðins viðtakanda. Slíkar sendingar verða að vera allmargar í einu og allar til íbúðarhúsa eða verzlana í umdæmi viðtökupósthöndvarinnar skv. sérstöku samkomulagi.
2. Utan á sendingunum skal sjást til hvaða flokka viðtakanda þær eigi að fara, en frá því má gera undantekningar, þegar sérstaklega stendur á. Sendingarnar verða að vera þannig lagaðar, að hægt sé að setja þær í bréfastöð.
3. Þegar senda á slíkar sendingar til útbýtingar, skal leita samninga við pósthöndina þar um. Burðargjald undir þessar sendingar er venjulegt staðarburðargjald eftir tegund sendinganna, þó að frádregnum 10% ef um fleiri en 500 sendingar er að ræða. Sendingarnar sjálfar eru ekki frímerktar, en sendandi fær

kvittun með álimdum frimerkjum fyrir burðargjaldinu í heild. Sé sendandi eigi búsettur innan umdæmis útbýtingarpóststöðvarinar, getur hann sent því sendingarnar í fullfrimerktum böggli eða bréfi, og skal þá burðargjaldið fylgja, t. d. í póstaðvísun.

4. Eintök, sem fram yfir eru, skulu eigi sendursend sendanda, en honum skýrt frá tölu þeirra og gefinn kostur á að láta sækja þau innan 14 daga. Hafi þau eigi verið sótt áður en tími er liðinn, skal ónýta þau.

C. Póstbögglar.

17. gr.

Þyngd, stærð og innihald böggla.

1. Sendingar þær, sem að einhverju leyti fara út yfir takmörk þau, sem sett eru um stærð og þyngd bréfaþóstsendinga, teljast bögglasendingar. Þyngd þeirra og stærð skal vera samkvæmt því sem ákveðið er í gjaldskrá um póstburðargjöld á hverjum tíma.
2. Í böggla má ekki láta lokuð bréf eða innsiglið, né neina aðra sendingu með áritun til annars en viðtakanda sjálfs. Hafi póstmaður grun um, að í böggli sé bréf eða orðsending í lokuðu umslagi eða sending til annars en viðtakanda böggulsins, skal skorað á sendanda eða viðtakanda að opna böggulinn til rannsóknar á póststöðinni. Leiði slík rannsókn í ljós, að í bögglinum séu aðrar sendingar, skal borga undir þær sérstaklega eftir burðargjaldstaxta þeim, sem þær heyra undir, ef rannsókn fer fram við viðtöku, en tvöfalt hið vantandi burðargjald, ef rannsókn fer fram við afhendingu. Neiti viðtakandi að greiða gjaldið, skulu sendingarnar endursendar sem óskilasendingar.

18. gr.

Umbúðir.

1. Um allar bögglasendingar, að undanteknum þeim, sem nefndar eru í 2. lið þessarar greinar, skal vera vel og vandlega búið, og verða umbúðirnar að loka tryggilega um innihald sendingarinnar. Þær verða að eiga vel við eðli þess hlutar, sem sendur er og laga sig eftir innihaldi sendingarinnar, þyngd, stærð, árstíma, vegalengd og flutningsleið. Auk þess skal þess gætt, að um sendingarnar sé bundið fast og rammlega, nema þær séu mjög litlar eða léttar. Venjulega skal til umbúða nota sterkan pappír, vaxdúk, léreft, eða, sé um böggla með brothættu innihaldi að ræða, öskju úr bårupappa eða öðrum pappa jafnsterkum, tré eða málm. Skemmist böggull í flutningi vegna ónógra umbúða, á sendandi á hættu að missa rétt til skaðabóta. Skemmist sending í flutningi af innihaldi annarrar sendingar, vegna ónógra umbúða hennar, skal sendandi þeirrar sendingar, sem skaðanum veldur, bæta allt tjón, sem af hefur hlotizt. Ef ekki er ástæða til að ætla, að nein hætta sé búin öðrum sendingum, þótt sending sé eigi umbúin samkvæmt ofansögðu, má sem undantekningu taka við henni til póstflutnings. Skal þá sendandi, þegar svo stendur á, rita bæði á böggul og fylgibréf orðin „Á ábyrgð sendanda“ og nafn sitt undir.
2. Án umbúða má senda tré- eða járnvöru og slíka hluti, ef eigi er hætt við, að munir þessir skaddist eða skemmi aðrar sendingar í póstinum. Séu á slíkum munum hvöss horn eða oddar, verða þau undir öllum kringumstæðum að vera vafin dúk, pappa eða leðri, og þannig frá umbúnaði gengið, að öruggt sé, að hann haldi.
3. Um böggla, er hafa að innihaldi brothætta muni, fljótandi efni, feiti og vörur,

sem auðveldlega geta bráðnað, kramizt eða skemmzt, litarefni, fjárskot, áfengi, peningaseðla, slegna mynt eða hluti úr dýrum málmum eða steinum og kvikmyndir, gilda eftirfarandi ákvæði um umbúnað, og skal innihald slíkra böggla tilgreint utan á bögglinum sjálfum og fylgibréfi hans:

- a) Munir úr gleri, postulíni eða öðru brothættu efni, skulu sendir í kössum úr tré, pjátri eða líku efni. Slíkir bögglar skulu bera áritun „Varlega“ eða „Brot-hætt, varlega“. Séu bögglar með slíku innihaldi ekki tryggilega umbúnir að dómi viðtökupóststjóðvarinnar, skal því aðeins veita þeim viðtöku, að á þá og fylgibréf þeirra sé letrað „Á ábyrgð sendanda“ og með nafni sendanda undir.
- b) Lagarkenndar vörur og litarefni, þurr eða fljótandi, skal senda í loftþéttum málm- eða glerhylkjum. Þau skulu síðan sett í önnur hylki úr málmí eða tré, vel sterku, og svo rúmu, að troða megi á allar hliðar og að endum svo miklu af hnökraull, úrsælding eða öðru slíku efni, að nægjanlegt sé til þess að að drekka í sig allt innihaldið, ef hylkið brotnar. Síðan skal hylkið vafið sterkum umbúðapappír, og vandlega reyrt seglgarni. Séu bögglar með slíku innihaldi ekki viðunanlega umbúnir að dómi viðtökupóststjóðvar, skal eigi taka þá til flutnings, nema úr sé hætt.
- c) Smjör og aðrar feitivörur, svo og egg og her og aðra viðkvæma ávexti, sem skemmast fljótlega (epli, perur, bananar, o. s. frv.) skal senda í pjáturkössum eða glerkrukkum. Skulu kassarinnar og krukurnar vera þannig lokuð, að engin hætta sé á, að lokið geti hrokkið af. Milli kassans eða krukkunnar og ytri umbúða skal vera stoppað með sagi, úrsældingi eða öðru slíku efni nægilega miklu til þess að hindra það að væta sigi í gegnum umbúðirnar, ef innra ilátið skyldi bila. Eggjakassa skal aðeins taka til pósthlutnings, að á þá og fylgibréf þeirra sé ritað „Á ábyrgð sendanda“ og staðfest með undirskrift sendanda. Á slíka böggla skal viðtökupóststöðin rita greinilega á áberandi stað orðin „Egg, varlega“, hafi það eigi þegar verið gert af sendanda.
- d) Kjöt, fisk, dauða fugla og yfir höfuð fæðutegundir, sem gefa frá sér safu eða vætu, skal vefja í vaxdúk eða pergament og síðan láta í þéttan kassa úr tré eða pjátri. Kassann skal síðan fari á sterkan umbúðapappír og reyra seglgarni.
- e) Sýklagróður, lífræna hluti til rannsóknar, (lungnaparta, innyfli o. s. frv.) bólu efni og því um líkt, frá eða til opinberra rannsóknarstofnana, skal aðeins taka til flutnings, að um sé búíð eftir fyrirmælum þessara stofnana og flutningurinn fari fram að þeirra tilhlutan.
- f) Vörur úr celluloid skal búíð um sem hér segir: Kvikmyndir skulu vera í sterkum kössum eða dósam úr zinki eða tré, minnst 6 mm þykkum með 2 cm þykkum köntum. Lokið skal vera skrúfað á og falla þétt að. Sé kassinn úr tré, skal hann klæddur zinki að utan og sömuleiðis lok. Þó þarf trékassinn ekki að vera málmhúðaður utan, ef innri umbúðir eru úr pjátri með fastskrúfuðu loki með álímdu einangrunarbandi um samskeytin. Milli innihalds og kassahliða skal troðið fílti, pappa eða öðru líku efni, nægilega miklu til þess að fastskorða innihaldið. Aðrar celluloid vörur má senda í tréöskjum, minnst 2 cm þykkum, enda séu vörurnar þá umbúnar í vel lokuðum pappaöskjum. Á öllum slíkum sendingum skal vera greinileg áritun „Varlega, Celluloid. Eldfimt. Geymist fjarri eldi eða hitunartækjum.“
- g) Fjárskot má senda í bögglaþósti með þeim umbúnaði, sem hér segir: Fyrst skal vafið utan um þau 2 mm þykkum pappa, svo þétt, að skothylkin geti ekki runnið til. Þar utan um skal vafið 2 cm þykkum lagi af tréull eða öðru samskonar efni, þá skal aftur koma þykkt pappalag svo þétt vafið að innhaldinu, að það hristist ekki eða skrölti innan í, en yzt skal notaður sterkur umbúða-

pappír. Böggullinn skal krossreyrður með sterku snæri eða seglgarni. Á bögglinum skal vera greinileg áletrun „Fjárskot. Varlega“.

- h) Peningaseðla, mótaða peninga eða muni úr dýrum málmum eða steinum, skal búa um sem hér segir: Um peningaseðla skal sveipa sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið. Síðan skal láta utan um sterkan umbúðapappír, og brjóta þannig, að pappírinn leggist saman aftan á bögglinum. Böggullinn skal síðan reyra með sterku snæri eða seglgarni, óhnýttu, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum, fyrst utanáskriftarmegin og síðan aftan á bögglinum. Endana skal hafa svo langa að innsigli verði sett á þá og skulu innsiglin vera minnst tvö, alveg eins útlítandi og þannig sett á, að þau festi bandið, sem reyrtr er utan um böggulinn, endana á því og brotið á pappírsumbúðunum við umbúðirnar sjálfar. Þyki viðtökupóststöð rétt, að fleiri innsigli séu sett á, skal það gert, en innsiglin verða öll að vera eins. Sé krafizt tölningar í bögglinum, skal að auki setja tvö póstinnsigli á sendinguna, þannig að bandið og endar þess séu með þeim festir við það, sem brotið er upp á af pappírsumbúðunum á bakhliðinni. Mótaða peninga eða gull og silfur í stöngum, skal senda í bögglum, ströngum eða pokum. Mótuðum peningum skal hlaða saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. Umbúðirnar um böggla að utan skulu vera úr leðri, skinni, vaxdúk eða sterku lérefti, er að minnsta kosti sé vafið tvisvar um. Skal brotið saman við endana og alls staðar saumað fyrir. Auk þess skal sendingin reyrð snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal því að minnsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross. Snærisendana skal festa með innsigli sendanda við böggulinn, þar sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef póstmaður telur í sendingunni um leið og henni er veitt viðtaka, skal einnig láta tvö póstinnsigli á sendinguna. Ef notaðir eru pokar undir myntsendingar, skulu þeir vera úr leðri, skinni eða tvöföldu lérefti, eða hafðir tveir pokar hver utan um annan, á þann hátt, að saumarnir á þeim liggi ekki saman og snúi ætíð inn. Fyrir pokana skal fast bundið, rétt fyrir ofan innihaldið með sterku ósamhnýttu snæri og skal festa endana rétt hjá hnútnum við sjálfan pokann með innsigli sendanda. Sé talið í pokanum við viðtöku, skal einnig láta eitt póstinnsigli á snærisendana. Það sama gildir um peningaböggla og aðrar verðsendingar, að lakk það, sem notað er, á að vera haldgott og sömuleiðis skal nota reglulegt innsigli (signet) en ekki peninga, hnappa eða því um líkt.

19. gr.

Fylgibréf og önnur skilríki með bögglum.

1. Böggli, sem skilað er til póstflutnings, skal fylgja eitt fylgibréf á eyðublaði, sem póst- og símamálastjórnin gefur út, og fæst á póststöðvunum. Þrjá almenna böggla frá sama sendanda til sama viðtakanda má senda með einu fylgibréfi inn-
anlands.
2. Sendandi skal fylla út fylgibréfið eins og hið prentaða mál þess segir til um. Allar innfærslur á fylgibréfi skulu vera gerðar með bleki eða ritvél.
3. Afklippingi fylgibréfs má viðtakandi halda eftir og getur sendandi ritað á hann orðsendingu varðandi sendinguna.

20. gr.

Ákvæði um böggla, sem ekki verður komið til skila.

Þegar böggull er látinn á póst, getur sendandi mælt fyrir, hvornig með hann skuli farið, ef ekki er hægt að koma honum til skila eftir utanáskriftinni, t. d. að hann sé afhentur öðrum en utanáskriftin segir til um eða sé seldur eða eyðilagður. Fyrirmæli

sín um ráðstafanir bögguls, sem eigi er hægt að koma til skila eftir utanáskriftinni, skal sendandi rita bæði á böggul og fylgibréf. Sé slíkt eigi gert er böggullinn endursendur til sendanda og afhentur honum gegn greiðslu sendingarkostnaðar.

D. Verðsendingar og ábyrgðarsendingar.

21. gr.

Verðsendingar. Verðupphæð.


1. Í innanlandsviðskiptum eru engin takmörk fyrir upphæð tilgreinds verðs á sendingu, bréfi eða böggli.
2. Ekki er leyfilegt að tilgreina herra verð á sendingunni en sem svarar til hins raunverulega innihalds.
3. Þyki póstmanni, sem tekur við verðsendingu til póstflutnings, grunur leika á, að hið tilgreinda verð sé herra en vera beri eftir innihaldi, má hann krefjast þess, að sendingin sé opnuð í viðurvist sendanda. Sé því neitað, skal ekki tekið við sendingunni til flutnings. Sé aftur á móti sendingin opnuð og komi í ljós, að innihaldið sé verulega minna virði en utaná sendinguna hefur verið sett, skal hún því aðeins tekin til flutnings, að hið tilgreinda verð sé fært til samræmis. Þegar sending er gerð afturreka af þessum ástæðum, á sendandi rétt til að fá ókeypis skriflega yfirlýsingu póstmanns um, hvers vegna henni hafi verið neitað.
4. Verðupphæðin á sendingum innanlands skal tilgreind í íslenskum krónum efst utanáskriftarmegin og að auki á fylgibréfi, þegar um böggla er að ræða, þannig: Innlagðar krónur Þegar um er að ræða sendingar, sem hafa eingöngu peninga að innihaldi, eða: Tilgreint verð krónur Þegar um er að ræða annað verðmæti en peninga eingöngu eða peninga og verðskjöl saman. Krónutalan skal tilgreind bæði í tölustöfum og bókstöfum og aurar sem brot úr 100 og alltaf með tveim tölustöfum, t. d. Tilgreint verð kr. 5.862,05 — fimm þúsund átta hundruð sextíu og tvær krónur 05/100. Verðupphæð má ekki breyta eða strika í, nema hún sé alveg strikuð út og endurtekin að nýju staðfest með undirskrift sendanda. Þegar send er verðsending, sem bæði er í útlend og innlend mynt, skal útlenda myntin talin til verðs eftir lögskráðu bankagengi. Útlenda mynt, sem ekki er lögskráð, er ekki hægt að senda með tilgreindu verði.
5. Allar færslur á verðsendingar skal gera með bleki, ritvél eða annan varanlegan hátt, en ekki ritblýi, blekblýanti eða þess háttar.

22. gr.


Umbúðir og innsiglan.

1. Umslög um bréf með tilgreindu verði skulu vera úr einu heilu efni úr sterkum pappír, þannig gerðum, að innsiglan geti átt sér stað. Rendur umslagsins mega ekki vera litaðar, og gagnsæ umslög og umslög með rúðu eru ekki leyfð.
2. Áður en innihaldið er látið í umslagið skal það vandlega sveipað í umbúðapappír eða annan pappír jafn haldgóðan og skal það gert þannig, að það haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það færast eigi til í umslaginu undir flutningnum. Einkum skal þess gætt, að mótaðir peningar skrölti ekki lausir í umslaginu og er því ráðlegt, þegar mynt er send, að lakka eða líma innri umbúðirnar.
3. Sending með tilgreindu verði skal vera innsiglið með lakkinnsiglum úr haldgóðu lakki, og skal nota reglulegt signet, en mótaða peninga, hnappa og því um líkt má ekki nota. Innsigli skulu vera minnst tvö á sendingu og verða þau að vera nákvæmlega eins. Sé krafizt talningar í verðbréfi eða staðfestingar

á innihaldi, skal pósthöð sú, er framkvæmir talninguna, eða staðfestir innihaldið, einnig setja sitt innsigli á umslagið, eitt þegar umslag er þannig gert, að ekki þurfi nema tvö innsigli, en tvö ef þau eru fleiri. Verðbréfasendingar skulu inusiglaðar eins og myndirnar I og II sýna:



Mynd I.



Mynd II.

Séu umslög stór, verða innsiglin að vera því fleiri, og skulu þau sett með hæfilegu millibili. Yfir höfuð skal umbúnaður verðsendinga vera þannig, að útilokað sé, að hægt sé að komast að innihaldinu, án þess að umslag eða innsigli beri þess greinilegan vott.

4. Um verðböggla skal búð eins og fyrir er mælt í 18. gr. 3. lið, staflíð h hér á undan.
5. Frímerki skulu sett þannig á verðsendingar, að ætíð sé nokkurt bil á milli þeirra og undir engum kringumstæðum er leyfilegt að beygja frímerki yfir rönd umslagsins. Á verðsendingar má ekki líma aðra miða en þá, er koma pósthjónustunni við.

23. gr.

Ábyrgðarsendingar.

1. Á sendingar, sem ábyrgð óskast á, skal neðst í vinstra horni utanáskriftarmegin setja bókstafinn Á eða R.
2. Ábyrgðarsendingar, verðsendingar og póströfusendingar, eiga að vera fullborgaðar fyrirfram. Hafi slík sending verið tekin til flutnings án þess að vera nægilega frímerkt fyrir burðargjaldinu, skal pósthöðin, er veitir þessu eftirtekt, rauðkríta sendinguna fyrir því, sem á vantar, er síðan skal innheimt um leið og sendingin er afhent. Jafnframt skal senda viðtökupósthöðinni leiðréttingarskýrslu um mistökin.

E. Póstávisanir, póströfur, póstinneimtur.

24. gr.

Póstávisanir. Hámarksupphæð.

Hámarksupphæð, sem pósthávisun innanlands má hljóða á, er ákveðin í gjaldskrá, sem ráðherra setur.

25. gr.

Útbúnaður pósthávisana.

1. Undir pósthávisanir má eingöngu nota eyðublöð, sem póst- og símamálastjórnin gefur út og fást þau á pósthöðvunum. Á bréfhirðingastöðum fæst þó eigi nema eitt og eitt eyðublað í einu, nema beðið sé um þau fyrirfram. Eyðublaðið skal sendandi fylla út eins og hið prentaða mál gefur leiðbeiningar um, og skal það gert með bleki eða ritvél, en ekki ritblýi eða þess háttar. Útþurrkun eða yfirstríkun hins prentaða eða ritaða máls á eyðublaðinu má ekki eiga sér stað.
2. Á afklipping eyðublaðsins er ætlað til, að sendandi geri þær athugasemdir, sem hið prentaða mál segir til um, og verður sérstaklega að gæta þess, að upphæðin sé samhljóða upphæð hávisunarinnar sjálfrar. Á bakhlið afklippingsins

mega sendendur rita orðsendingu til viðtakanda. Á almennum póstaðvísunum skal upphæðin rituð á íslensku bæði með tölum og bókstöfum.

3. Símapóstávisanir má senda eins og almennar póstaðvísanir og skal stíla þær t. d. þannig: „..... Greiðið 200 — tvö hundruð krónur — til N.N.“ (staða eða titill, heimilisfang, götunafn og númer og bæjarnafn). Sendandi N.N. (staða, titill, heimilisfang). Á símapóstávisun má sendandi bæta við orðsendingu til viðtakanda gegn venjulegu símskeytagjaldi.
4. Á póstaðvísunum innanlands skal smámynt (aurar) ávallt færð með tveim tölustöfum, þannig að 0 standi á undan tölum upp að 10, 01, 02 o. s. frv.

26. gr.

Póstkröfur. Hámarksupphæð.

1. Hámark póstkröfuupphæðar má vera hið sama og póstaðvísana. Innheimtur á póstkröfum annast allar póststöðvar. Póstkröfur mega fylgja öllum sendingum, og þær má einnig innheimta eftir póstkröfublaði einu saman. Þegar póstkrafa er lögð á sendingu, sem flutt er samkvæmt 1. gr. h póstlaganna, verður sendingin að afhendast sérstaklega á póst.

27. gr.

Útbúnaður póstkröfusendinga.

1. Efst á framhlið sendingar, sem send er gegn póstkröfu, skal sendandi rita orðin „Póstkrafa kr.“ og þar næst upphæðina í tölum og síðan endurtekna í bókstöfum. Auratala undir 10 skal tilgreind með tveim tölustöfum þannig að 0 sé sett á undan tölunni, t. d. 07. Útstrikanir og breytingar má ekki gera á upphæðinni.
2. Hverri póstkröfu skal fylgja póstkröfueyðublað, sem póst- og símamálastjórnin gefur út, og fá má á póststöðvunum. Önnur eyðublöð má ekki nota. Eyðublaðið skal útfyllt eins og hið prentaða mál segir til, og verður að gæta þess, að póstkröfuupphæðin sé nákvæmlega samhljóða við árituðu upphæðina á sendingunni, svo og á afklippingi eyðublaðsins. Upphæðirnar skulu ritaðar bæði með tölum og bókstöfum, og mega engar útstrikanir vera í þeim né leiðréttingar.
3. Á meðan póstkröfusending er í vörzlu pósthjónustunnar og hefur ekki verið innheimt, er sendanda heimilt að breyta póstkröfuupphæðinni, hækka hana eða lækka, eða fella hana niður að öllu leyti.
4. Póstkröfur skulu innleystar innan hálfis mánaðar frá þeim degi að telja, er þær koma á ákvörðunarpóststöðina. Þó getur sendandi ákveðið lengri innlausnarfrést, allt að 30 dögum, en þá skal þess getið sérstaklega á greinilegan hátt á eyðublaðinu. Sé póstkröfusending ætluð til geymslu á ákvörðunarpóststöð, sem þó getur aldrei orðið yfir einn mánuð, skal áritun um það standa á póstkröfueyðublaðinu, t. d. „poste restante“ eða „verður sótt“.
5. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, má eigi líma frímerki á póstkröfueyðublaðið. Slíkt má aðeins gera þegar póstkrafan fylgir póstkröfueyðublaðinu einu. Aftari helming póstkröfublaðsins má sendandi póstkröfusendingar nota eins og afklipping póstaðvísanaeyðublaðs, og er hann klipptur frá og afhentur viðtakanda sendingarinar, þegar póstkrafan er leyst inn.
6. Póstkröfusendingar skal afhenda til flutnings á póststöð, en finnist póstkröfusending í bréfakassa og sé hún löglega útbúin, verður hún tekin til afgreiðslu, en pósturinn ber eigi ábyrgð á, að henni verði veitt eftirtekt og þá ekki heldur á því, sem leiða kann af, að hún vegna þess verði afhent viðtakanda án innheimtu póstkröfuupphæðar. Hafi bréfhirðing tekið við póstkröfusendingu, sem eigi er löglega útbúin af hálfu sendanda, má gera hana afturreka.

28. gr.

Sérstakar tegundir póstkrafna.

1. Þegar um innlendar póströfur er að ræða, sem engin sending fylgir og skilað er til flutnings að minnsta kosti 5000 póströfum með samhljóða upphæðum, getur póst- og símamálastjórnin heimilað, að á póströfunni séu tilgreindar tvær mismunandi upphæðir, lægri upphæð, sem er miðuð við greiðslu innan eins mánaðar en hærri, ef greiðslan fer fram í næsta mánuði þar á eftir.
2. Hafi greiðslan ekki farið fram innan þessara tveggja mánaða, skal póstkrafan strax endursend.
3. Kröfur, sem neitað er, svo og kröfur á menn, sem fluttir eru úr póstumdæminu, skal þó endursenda strax, en á þær síðartöldu skulu póststöðvarnar, eftir því, sem mögulegt er, rita hið nýja heimilisfang, áður en þau endursenda þær.
4. Slikar tveggja upphæða póströfur skal rita á sérstök eyðublað, sem póst- og símamálastjórnin gefur út, en sendandi ber allan kostnað af útgáfu eyðublaðanna.
5. Burðargjald fyrir slikar póströfur skal miðast við hærri upphæðina.

29. gr.

Póstinnheimtur. Hámarksupphæð m. m.

1. Pósturinn tekur á móti til innheimtu innanlands alls konar kröfum, sem eiga að greiðast án kostnaðar, svo sem kvittunum, vörureikningum, víxlum, tékkum, vaxtamiðum, arðmiðum o. s. frv. og kemur fénu til eigenda. Póststofur og póstafrageiðslur annast þessi störf.
2. Pósturinn annast ekki afsagnir á kröfum, er eigi eru greiddar, eða nauðsynlega málsókn, en afhendir skjölin öðrum manni, t. d. málafærslumanni sé þess óskað.
3. Hámark póstinnheimtuupphæðar má vera hið sama og fyrir póstávisanir.
4. Verðskjöl, sem send eru til póstinnheimtu, skulu vera kvittuð af sendanda. Stimpilskyld skjöl skulu og vera stimpluð.
5. Póstinnheimtu mega fylgja skjöl (farmskirteini og því um líkt), sem varða kröfuna og eiga að afhendast skuldunaut við greiðslu, en aftur á móti hvorki bréf eða orðsendingar, er komið geta í stað bréfavíðskipta milli sendanda og skuldunauts. Séu fylgiskjöl með kröfunni, skulu þau heft við hana.

30. gr.

Póstinnheimtur. Umbúnaður.

1. Innheimtukröfur skulu færðar á skrá, og notað til þess eyðublað, sem póst- og símamálastjórnin gefur út og fæst á póststofum og póstafrageiðslum.
2. Á sama eyðublað má setja allt að fimm kröfur frá sama sendanda til sama skuldunauts, eða sem eiga að innheimtast á sama stað hjá mismunandi skuldunautum. Kröfurnar eiga að vera fallnar í gjalddaga eða falla í gjalddaga sama daginn. Upphæð þeirra samanlögð má ekki nema meiru en hámarksupphæð póstávisana.
3. Óski sendandi póstinnheimtu, að krafa, sem ekki fæst innheimt hjá skuldunaut, sé afhent öðrum manni á staðnum, skal það tilgreint á innheimtuskránni í at-
hugasemdadálki.
4. Hver krafa skal greidd að fullu, en póstmaður má eigi taka á móti afborgun á henni.
5. Innheimtuskrá og tilheyrandi kröfur skal láta í umslag og ritað utaná til póststöðvar þeirrar, sem annast innheimtuna. Utan á umslagið skal skrifa greinilega orðið „Póstinnheimta“ og aftan á umslagið nafn og heimilisfang sendanda. Séu

póstinnheimtubréf sett í bréfastakassa, og ekki greitt undir þau að einhverju leyti, skulu þau eigi flutt með pósti, heldur afhent sendanda.

31. gr.

Póstinnheimtur. Greiðslur.

1. Undir póstinnheimtubréf skal greiða sama gjald og fyrir ábyrgðarbréf sömu þyngdar til sama ákvörðunarstaðar.
2. Þegar krafan eða kröfurnar eru greiddar, skal fjárhæðin send kröfuhafa í póst-ávisun að frádregnum kostnaði.
3. Efst á hverja ávisun, sem send er fyrir póstinnheimtufé, skal póstaftgreiðandi rita orðið „póstinnheimta“ og festa við hana aftari helming innheimtuskrárinnar, þegar allar kröfur hafa verið greiddar, en séu kröfur endursendar óinnheimtar, skal þessi hluti innheimtuskrárinnar fylgja þeim og afhendast sendanda með kröfunum gegn kvittun.
4. Póstinnheimtur skulu afgreiddar af ákvörðunarpóststöð innan 14 daga að telja frá næsta degi eftir komudag þeirra þangað.

F. Gjaldfrjálsar sendingar.

32. gr.

Póstmálasendingar.

1. Burðargjald greiðist ekki undir póstmálasendingar og símamálasendingar. Sem póst- og símamálasending telst sérhver sending, sem send er innanlands milli deilda póst- og símamálastjórnarinnar og póst- og símstöðvanna innbyrðis, varðandi póst- og símaþjónustuna og þau störf, sem pósti og síma kunna að vera falin samkvæmt lögum, reglugerðum, samningum eða tilskipunum. Um póst- og símamálasendingar gilda ekki ákvæði þau um hámarksþyngd og hámarksstærð, sem sett eru um sendingar almennt.
2. Póstsendingar þessar skulu auðkenndar með orðinu „Póstmál“, „Símamál“ eða „Póst- og símamál“, eftir því sem við á.

33. gr.

Aðrar gjaldfrjálsar sendingar.

Sendingar með upphleyptu letri fyrir blinda menn, þar með talin blindrabréf, sem afhent eru opin til flutnings, eru undanþegin burðargjaldi sem og sérstökum gjöldum fyrir ábyrgð, hraðboðaflutning, fyrirspurnir og póstkröfur.

III. GREIÐSLUR PÓSTGJALDA. FRÍMERKI**A. Greiðslur póstgjalda.**

34. gr.

Frimerkingarskylda.

1. Að því undanteknu, er segir í kaflanum „Gjaldfrjálsar sendingar“ (32. og 33. gr.) hér á undan, skulu allar tegundir sendinga vera borgaðar fyrirfram að fullu. Almenn bréf og bréfspjöld má þó senda óborguð eða vanborguð en hið vangreidda gjald er þá tekið tvöfalt af viðtakanda.

35. gr.

Meðferð ófrimerktra eða vanfrimerktra sendinga.

1. Komi bréfastöðsending, sem greiða ber undir fyrirfram, ófrimerkt eða vanfrimerkt úr póstbréfastöð, skal láta sendanda vita, svo hann geti greitt það er á vantar.

Sé slíkt ekki hægt, skulu slíkar sendingar sendar áfram og afhentar viðtakanda gegn innlausnargreiðslu.

36. gr.

Gjöld fyrir vanborgaðar sendingar.

1. Til þess að fá afhent bréf, sem eigi er greitt undir að fullu fyrirfram, skal móttakandi greiða hið vartandi burðargjald tvöfalt.
2. Undir vissum kringumstæðum má semja við viðtakendur um, að þeir fái sendar til sín vanborgaðar og óborgaðar bréfastöðsendingar og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að greiða burðargjaldið eftir á. Skal þá standa á sendingunni „Má láta ófrimerkt í póst“ og mega póstmenn þá ekki reikna gjöld af þeim eins og segir í 1. lið þessarar greinar, né neita flutningi, heldur skal frimerkja þau við afhendingu, samkvæmt töxtum og taka greiðsluna af viðtakanda um leið.
3. Þegar bréf hefur verið frimerkt fyrir staðartaxta, en á að fara út fyrir svæði það, er sú frimerking nægir fyrir, skal aðeins krafizt viðbótargjalds þess er á vantar, að bréfið sé fullfrimerkt fyrir hina lengri leið. Hafi bréfið verið ófrimerkt eða ekki nægilega frimerkt yfir hið fyrsta svæði, skal taka gjaldið eftir ákvæðum 1. liðs þessarar greinar.
4. Ákvæðinu í 13. gr. póstlaganna um, að bréf, sem eitthvað er ritað utan á, svo að móttakandi geti ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, skal beitt þannig, að sérhver áritun fram yfir titil, nafn, heimilisfang viðtakanda og sendanda á almennum bréfum skal talin rituð svo, að viðtakandi geti ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda.
5. Aukagjald það, sem 13. gr. póstlaganna tiltekur um verðsendingar og böggla, skal taka:
 - a) Þegar sendingar þessara tegunda eru endursendar, af því að þeim verður ekki komið til skila.
 - b) Þegar sendingarnar eru endursendar eða áframsendar lengri veg, af því sendandi leggur svo fyrir.
 - c) Þegar sendingarnar eru sendar lengri veg, af því að hlutaðeigendur á hinum fyrsta ákvörðunarstað óska þess og bæta við áritunina nafni á annarri póststöð.
 - d) Þegar sendingarnar, eftir að hafa verið endursendar, en áður en þær eru fengnar sendanda í hendur, eru sendar að nýju, samkvæmt ósk hans.

Aukaburðargjaldið skal innheimta í hvert sinn, sem verðbréfastöðsending eða böggull eru endursend, eða send lengri veg, og leggst það á sendingar þessar, þegar breyting á utanáskriftinni er einungis í því fölginn, að önnur póststöð er gerð að ákvörðunarpóststöð. Aftur á móti er eigi hægt að senda þessar sendingar með aukaburðargjaldi, þegar breytt er um viðtakanda, og verður þá að greiða undir sendingarnar fullt burðargjald að nýju.
6. Bréfastöðsendingar, sem endursendast eða afgreiðast til annars staðar, eru eigi aukaburðargjaldi undirorpnar, en til þess að geta notið þeirra hlunninda, verður að skila sendingum þessum á ný í hendur póstmanns, en ekki láta þær í póstbréfastöð. Sé það gert, skoðast þær sem settar á póst að nýju og ber þá að greiða burðargjald af þeim eftir ákvæðum 1. liðs í þessari grein.
7. Skyldan til þess að greiða eftirá ógöldið póstfé, er um getur í 13. gr. póstlaganna,

næstsiðustu málsgrein, hvílir á öllum öðrum en ríkisforseta og stjórnarvöldum. Skylda þessi kemur til greina, þegar sendingin hefur eigi komið til skila, er óskemmd að utanverðu og sendanda er gefinn kostur á, að taka við henni aftur.

Sendandi getur ekki komið hjá greiðsluskyldu með því að breyta áritun á sendingunni, og póst- og símamálastjórnin er heldur ekki skyldug til þess að selja sendinguna til að taka greiðslu af andvirðinu.

8. Við endur- eða áframsendingu sendinga, sem aukaburðargjaldi eru undirorpnar, skal eigi reikna tryggingargjald, ábyrgðargjald, póstkröfu- eða póstávisunargjald. Hraðboðagjald reiknast heldur ekki að nýju, ef hraðboðasending er áframsend yfir lengra svæði, án þess að tilraun hafi verið gerð til að skila sendingunni með hraðboða á hinum upprunalega ákvörðunarstað.
9. Á endursendar eða áframsendar gjaldfrjálsar sendingar leggst ekkert gjald við afhendingu.

37. gr.

Hvernig greiða skal póstgjöld.

1. Greiðsla póstgjalda fer fram með þrennu móti:
 - a) Með því að líma frímerki á sendinguna fyrir gjöldum þeim, sem hún er undirorpin.
 - b) Með ástimplun á sendingar með frímerkingarvélum.
 - c) Með því að greiða í reiðu fé.
2. Almenn bréfaþótsending, sem sendandi greiðir burðargjald undir, skal vera með álímdum frímerkjum, er nemi burðargjaldinu, eða ástimplun frímerkingarvélar.

Sendingar, sem ekki má flytja ófrímerktar og þar af leiðandi verður að skila til flutnings við disk, svo sem ábyrgðarsendingar, verðsendingar, póstávisanir, póstkröfur og böggjar, skulu vera frímerktar fyrir burðargjaldinu, og ber sendendum sjálfum að líma frímerkin á sendingarnar. Frímerki má þó aldrei líma á póstkröfueyðublöð, ef sending fylgir, heldur ber að setja þau á sendinguna sjálfa, nema böggla, þá límast þau á fylgibréfið.
3. Gjaldfrjálsar sendingar sendast ófrímerktar. Innrituð blöð og tímarit og bréfasendingar án utanáskriftar, skal greiða undir með peningum. Önnur gjöld, svo sem tryggingargjöld, ábyrgðargjöld, gjöld undir póstávisanir og póstkröfur, hraðboðagjöld og gjald fyrir móttökukvittun, má ýmist greiða í reiðu fé eða með frímerkjum eða ástimplunum frímerkingarvéla.
3. Til þess að nota frímerkingarvél, þarf leyfi póst- og símamálastjórnarinnar, og má ekki taka neina vél í notkun fyrir en það leyfi er fengið, og vélin athuguð af póstmanni. Fé það, sem nota á til póstgjalda, greiðist fyrirfram. Nánari reglur setur póst- og símamálastjórnin.
4. Póststöðvarnar taka ekki við frímerkjum, sem greiðslum öðruvísi en álímdum á sendingar fyrir burðargjaldi þeirra.
5. Póstávisanir, póstkröfur og póstinnheimtur, skulu jafnan greiðast í reiðufé til póststöðvanna, en það telst íslensk mynt slegin og gjaldgeng, svo og banka-seðlar þjóðbankans og ávisanir útgefnar af ríkissjóði Íslands.

Um kaup póststöðva á tékkum og ávisunum gilda þessi fyrirmæli:

- a) Tékkar, útgefnir af ríkisstofnunum og opinberum embættum, viðurkenndum bönkum (ekki sparisjóðum), Reykjavíkurborg og stofnunum hennar, séu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá.
- b) Aðrir tékkar:

Tékkar, sem afhentir eru til greiðslu á því, sem póststöðvar eiga að taka á móti í viðskiptum, skulu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar

fyrir þann starfsmann, sem við þeim tekur, *ef þeir eru innan við þá hámarksupphæð*, sem póst- og símamálastjórnin ákveður á hverjum tíma. Ef þeir eru hærrí að fjárhæð, skal spyrjast fyrir um innstæðu í bankanum áður en þeir eru innlestir.

Tékkarnir skulu stílaðir á viðkomandi póststöð.

Þeir mega ekki vera hærrí en andvirði viðskiptanna.

Tékkum, sem ekki eru til greiðslu á viðskiptum við póststöðina, skal vísað frá.

Frá þessu má þó gera undantekningu á þeim stöðum, sem bankar eru ekki eða bankaviðskipti, en þá á að kynna sér fyrst, hvort innstæða er fyrir hendi á reikningi þeim, sem vísað er á. Ef innstæða er ekki fyrir hendi, á skilyrðislaust að synja innlausn á tékkum.

Alla tékka, sem ekki er hægt að innleysa á staðnum, skal senda aðalgjaldkera pósts og síma, Reykjavík, með fyrstu póstferð sem fellur.

B. Frímerki og frímerkingarvélar.

38. gr.

Ýmsar tegundir frímerkja.

Til burðargjaldsgreiðslu skal auk ástimplana frímerkingarvéla, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt, nota frímerki þau, sem hún gefur út, bæði sérstök og áprentuð á spjaldbréf, loftbréf og bréfspjöld.

39. gr.

Frímerki fyrir almenning.

1. Frímerki, spjaldbréf, loftbréf, bréfspjöld og svarmerki eru á boðstólum fyrir almenning á öllum póststöðvum. Á bréfhirðingum eru þó aðeins til sölu algengustu frímerki.
2. Fyrir frímerki greiðist hið áprentaða verð þeirra, en fyrir spjaldbréf, loftbréf og bréfspjöld (einföld og tvöföld) nokkru hærra en áprentað er.

40. gr.

Gildi frímerkja.

1. Frímerki eða frímerkingarstimpil á umslagi, sem þegar hafa verið notuð til póstþarfa, má ekki nota á ný í sama tilgangi. Heldur ekki má nota frímerki, sem sett eru saman úr öðrum frímerkjum, eða eru yfirstrikuð eða óhrein, svo að þau líta út eins og þau hafi verið notuð áður. Frímerki, sem gengin eru úr gildi, samkvæmt auglýsingu póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig ógild sem burðareyrir undir póstsendingar.

Aftur á móti má klippa gildandi frímerki út úr ónotuðum spjaldbréfum og nota eins og önnur frímerki.

Póst- og símamálastjórnin greiðir ekkert endurgjald fyrir frímerki, sem um of eru límd á sendingu, en sé tekið eftir því, eru þau ekki stimpluð.

2. Afstimplun frímerkingarvélar á öðru en umbúðum hlutaðeigandi sendingar, er ekki hægt að nota til burðargjalds.
3. Heimilt er að merkja frímerki með gegnumstungu (upphafsstöfum eða því um líku), en það skal vera gert á þann hátt, að auðsætt sé á frímerkinu, að það sé ekta og hafi eigi verið áður notað til póstþarfa.

41. gr.

Skipti á frimerkjum og endurgreiðsla ástimplana frimerkingarvéla.

1. Það, sem galdið hefur verið fyrir frimerki, endurgreiðir pósturinn ekki, þótt frimerkjunum sé skilað aftur, en séu frimerkin ónotuð og ósködduð og alveg hrein má krefjast skipta á þeim við aðrar frimerkjategundir að sömu verðupphæð, og gilda um það þessar reglur:
 - a) Frimerki, sem póst- og símamálastjórnin auglýsir að falli úr gildi frá tiltekn-um degi að telja, fæst skipt gegn gildandi frimerkjum að kostnaðarlausu, sé það gert innan þess tíma, er þau ganga úr gildi.
 - b) Um skipti á ógildum frimerkjum við gildandi, verður að sækja um til póst- og símamálastjórnarinnar í hvert sinn, en póstaftgreiðendum er óheimilt að annast slík skipti. Sama gildir og um ónotuð merki, gild eða ógild, sem einhverra hluta vegna hafa skemmt eða óhreinkast, og óskað er skipta á.
 - c) Gildandi frimerkjum geta menn fengið skipt á póststofum og póstaftgreiðslum gegn 1% gjaldi af verði þeirra.
2. Þegar stimplazt hefur skakkt í frimerkingarvél, getur notandi hennar fengið hið skakkt stimplaða en ónotaða burðargjald endurgreitt hjá viðkomandi póststöð.

42. gr.

Hvernig frimerkjum skal komið fyrir.

1. Þegar bréfaþóstsending er frimerkt, skal jafnan, þegar því verður við komið, setja frimerkið í efra hægra horn utanáskriftarmegin á sendingunni. Frimerki, sem sett eru á bakhlið bréfa, bréfspjalda eða prentspjalda, teljast ekki burðargjald. Á prent, sýnishorn og verzlunarskjöl skal setja frimerkið á umbúðirnar en ekki á innihaldið, hvorki að nokkru leyti né öllu.
2. Frimerki á bréf skal sett á umslagið. Frimerkið má ekki ná út yfir rönd bréfsins, né vera beygt um hana. Verðbréf eða ábyrgðarbréf þannig frimerkt, verða ekki tekin til póstflutnings. Á póstávisanir og fylgibréf skal frimerkið sett á hinn til þess ætlaða reit.
3. Séu fleiri frimerki en eitt notuð á verðbréf eða ábyrgðarbréf, sem hafa að innihaldi peninga eða verðskjöl, skulu þau sett á með millibili innbyrðis, er nemi minnst hálfri breidd frimerkis.
4. Frimerki fyrir burðargjaldi böggla límast á fylgibréf böggulsins.
5. Þegar póstsending er frimerkt, ber að gæta þess að nota hagkvæm verðgildi svo að frimerkin verði sem fæst á sendingunni.
6. Það sem segir í þessari grein um frimerkingu á einnig við um ástimplanir frimerkingarvéla.

43. gr.

Bann við að taka frimerki af sendingu.

Viðtakanda póstávisunar og fylgibréfs með böggli er óheimilt að taka frimerkin af þessum eyðublöðum og það enda þótt önnur frimerki að sömu upphæð séu sett á þau í staðinn.

Póstmanni er með öllu óheimilt að taka frimerki af sendingu, póstávisun eða fylgibréfi.

IV. AFHENDING SENDINGA Á PÓST

A. Áritun á sendingar m. m.

44. gr.

Hvernig utanáskrift skal hagað.

1. Sending, sem látin er á póst, skal bera greinilega og fullkomna utanáskrift. Að því undanteknu er segir hér á eftir, skal utanáskrift sendingar tilgreina hið rétta nafn viðtakanda svo og ákvörðunarpóststöðvar. Viðtakanda skal tilgreina með nafni, stöðu eða titli.

Firmanafn skal tilgreina að fullu, hvort heldur um er að ræða einstaklingsrekstur eða félag.

2. Þegar almenn innlend bréfaþóstsending, sem ekki hvílir póstkrafa á, á að sækjast á ákvörðunarpóststöðina, má tilgreina viðtakanda öðruvísi en með nafni sínu, þó ekki með öðru mannsnafni. Má í því skyni nota bókstafi, tölur, orð eða merki, er ekki geta leitt til misskilnings.
3. Á allar innanlandssendingar má setja stytta utanáskrift eða utanáskrift eins og greint er í 2. lið, ef jafnframt er á sendingunni tilgreint fullt nafn manns eða firma, sem sér um afhendingu sendingarinnar til hlutaðeiganda. Sá maður eða firma telst þá viðtakandi sendingarinnar að því er til pósthöfundar tekur.
4. Í kaupstöðum og kaupþúnum, þar sem bréfaburði hefur verið komið á fót, skal í utanáskrift tilgreina götu og húsnúmer eða nafn hússins, og ef svo ber undir, hæð í húsi, „bakhús“ o. s. frv.
5. Búi viðtakandi ekki á þeim stað, sem ákvörðunarpóststöðin er, ber að setja nafn á bústaðnum í utanáskriftina.
6. Hafi viðtakandi pósthólf, ber að geta þess í utanáskriftinni, ef hægt er, t. d. „Pósthólf nr.125“.

Sendingar, sem sækjast eiga á pósthöfund af viðtakanda, skal merkja „Verður sótt“ eða „Poste restante“.

45. gr.

Hvar utanáskrift á að vera.

1. Á verðbréfum eða ábyrgðarbréfum, er hafa peninga eða annað verðmæti að innihaldi, skal utanáskriftin og aðrar áritanir sendanda (svo sem tilgreining verðsins o. fl.) vera á umslaginu sjálfu.

Á verðböggjum, er hafa að innihaldi peninga, verðbréf, gull, silfur eða aðra dýrmæta muni, skal utanáskriftin sett á sjálfar umbúðirnar, eða þá á merkiseðil úr lérefti eða haldgóðum pappa með málmkóssa og skal þar í gegn þræða seglgarnið, sem böggullinn er reyður með.

2. Utanáskriftina skal jafnan setja á sendingu eftir lengd hennar. Nafn ákvörðunarpóststöðvarinnar skal setja í hægra horn utanáskriftarmegin á sendingunni eða merkiseðlinum. Á framhlið ber að skilja eftir nægilegt autt rúm til frímerkningar og stimplunar á sendingunni, svo og til þess að koma fyrir nauðsynlegum áritunum og merkimiðum varðandi sjálfa pósthöfunduna.
3. Utanáskriftin og aðrar áteiknanir á sendinguna skulu gerðar þannig, að auðvelt sé að lesa þær. Umslög, umbúðir og merkimiðar sendinga mega því ekki vera með litum er gerir lesturinn örðugan. Þá má heldur ekki setja auglýsingar, prentaðar eða myndaðar þannig á framhlið sendingar, að utanáskriftin verði ógreinileg þeirra vegna.

Bréfaþóstsendingar, hverju nafni sem nefnast, verða ekki teknar til pósthöfundu-

ings, ef utanáskriftarfletinum er skipt í reiti, einn eða fleiri undir áframhaldandi utanáskriftir.

4. Á verðsendingum, ábyrgðarsendingum, póstaðvísunum og póströfueyðublöðum, mega hvorki utanáskrift né aðrar áteiknanir vera gerðar með ritblýi, litblýanti eða anilínpena.
5. Allar utanáskriftir og áletranir, sem nefndar eru í þessari grein, skulu gerðar með þeirri letur- og tölugerð, sem tíðkast á Íslandi.

46. gr.

Rúðuumslæg.

1. Utan um ábyrgðarsendingu, sem ekki hefur peninga að innihaldi, svo og almenn bréf með eða án póströfu, er leyfilegt að nota svonefnd rúðuumslæg (þ. e. umslag með opi, þar sem hægt er að sjá í gegnum utanáskriftina á sjálfu innihaldinu) með þeim skilyrðum, sem hér greinir: Rúða umslagsins skal liggja eftir lengd þess og þannig komið fyrir, að utanáskriftin komi í ljós í sömu stefnu, og að hægt sé að setja á það dagstimpil. Hún skal vera svo stór, að auðvelt sé að lesa utanáskriftina, eins í tilbúnu ljósi, og þannig gerð, að hægt sé að rita á hana, ef með þarf. Aðeins utanáskriftin má sjást í gegn og skal innihaldið þannig brotið saman, að það geti ekki runnið til í umslaginu og og hulið utanáskriftina að neinu leyti. Utanáskriftin skal vera vel læsileg og gerð með bleki eða ritvél.

Sendingar í öðrum rúðuumslægum en þeim, sem hér er lýst, svo og sendingar í algerlega gagnsæju umslagi verða ekki teknar til flutnings.

47. gr.

Upplýsingar um sendanda. Merki.

1. Á böggla, póströfusendingar, póstinnheimtubríf, fylgibréf og símapóstávisanir, skal ávallt setja nafn sendanda og heimilisfang, svo og á aðrar sendingar, þegar krafizt er móttökukvittunar fyrir þeim.
Þetta skal sett þannig á sendingarnar, að eigi verið ruglazt á því og utanáskrift viðtakanda, og að nóg autt rúm sé skilið eftir á efri framhlið til frímerkningar, stimplunar og fyrir áteiknanir og merki varðandi pósthjónustuna sjálfa.
2. Á framhlið ábyrgðarsendinga og verðsendinga má ekki líma nein merki eða miða, sem pósthjónustunni eru óviðkomandi. Á almennar sendingar má því aðeins líma slík merki á framhliðina, að þau líkist ekki frímerkjum eða ástimplunum frímerkjarvéla, og þer þá að setja slík merki í neðra vinstra horn á framhlið sendingarinnar.

Á póstaðvísanir má aðeins líma slík merki á afklippinginn.

B. Hvenær og hvernig setja skal sendingar á póst.

48. gr.

Hverjum skila skal sendingum til flutnings.

1. Póstsendingum má skila til flutnings annaðhvort beint til póststöðvar, eða setja þær í bréfastassa eða skipsbréfastassa, eða fá þær í hendur póstum og bifreiðastjórum sérleyfisbifreiða.

49. gr.

Sendingar afhentar á póststöðvum.

1. Öllum sendingum má skila til flutnings í póststöðvum meðan þær eru opnar, en til þess að sendingarnar fari með ákveðnum póstum, verður að skila þeim innan þess tíma, sem tiltekinn er af viðkomandi póststöð.
2. Eftirgreindum tegundum póstsendinga er ekki hægt að skila til flutnings nema í póststöð:

Verðsendingum, ábyrgðarsendingum, böggjum, póstávisunum, póströfu-sendingum, blöðum og tímaritum, sem send eru samkvæmt 1. gr. h. póstlaganna.

50. gr.

Viðtökukvittanir.

1. Sendandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, póstávisunar og bögguls með eða án póströfu fær kvittun póststöðvarinnar fyrir viðtökunni.
2. Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á póst samtímis, má póstmaður nota sömu kvittun fyrir þær allar.

Óski sendandi hins vegar að fá sérstaka viðtökukvittun fyrir hverja sendingu eða nokkrar þeirra, skal það gert.

3. Viðtökukvittanir má einnig láta í té í sérstakar póstkvittunarbækur, sem póst- og símamálastjórnin býr til og eru til sölu á póststöðvunum. Skal sendandi sjálfur rita sendingarnar í bókina eins og hinar prentuðu fyrirsagnir benda til og kvittar póstmaður síðan fyrir. Sendingarnar skulu jafnan liggja í sömu röð og þær eru innfærðar í bókina.

Sömu kvittanabók má aðeins nota af einum og sama sendanda, og ekki má nota hana við afhendingu sendinga á póst, nema við eina og sömu póststöð, nema með sérstöku leyfi póst- og símamálastjórnarinnar.

4. Nú er sendandi sendingar, sem kvittað er fyrir, sjálfur í þjónustu póstsins, og má hann þá ekki sjálfur rita sér kvittun fyrir viðtöku sendingarinnar á póst, heldur verður annar póstmaður að gera það.
5. Séu meir en 20 sendingar, sem kvittað er fyrir, settar á póst samtímis af sama sendanda, svo að ritun fullkominna viðtökukvittana þegar í stað mundi tefja afgreiðslu annarra til muna, eða valda truflun á störfum póststöðvarinnar, er heimilt að búa út bráðabirgðakvittun fyrir allar sendingar í einu.

Á slíka kvittun er þá aðeins sett tala sendinga af hverri tegund, og samantölögð upphæð póstávisana.

Jafnskjótt og hægt er, fær sendandi fullkomnar viðtökukvittanir í skiptum fyrir bráðabirgðakvittunina.

6. Viðtökukvittanir þessar eru ókeypis, og eru því aðeins gildar, að þær séu gefnar á eyðublaði póst- og símamálastjórnarinnar eða í póstkvittunarbók.

51. gr.

Sendingar settar í bréfastakassa.

1. Í öllum kaupþunum landsins lætur póst- og símamálastjórnin koma fyrir bréfastakössum á eða við póststöðvarnar og í stærri bæjum víðar eftir því sem henta þykir, enn fremur í farþegaskipum þeim, sem hafa fastar áætlunarferðir og á afgreiðslum helztu sérleyfisbifreiðastöðva. Í kassa þessa má aðeins láta almenn bréf, spjaldbréf, loftbréf, bréfsþjöld, prent, sýnishorn og verzlunarskjöl. Ekki má þó láta í kassana sendingar, sem eru svo stórar, að hætta sé á, að þær festist eða, sem yfir höfuð þarf að þvinga í kassana á einhvern hátt.
2. Burðargjald fyrir sendingar, sem látnar eru í bréfastakassa, má ekki fylgja í peningum, heldur skulu sendingarnar vera frímerktar. Ófrímerkt lokuð bréf er þó

heimilt að setja í kassa, en viðtakandi er þá krafinn um tvöfalt það burðargjald, sem á þær vantar.

3. Bréfakassar eru tæmdir á þeim tímum, er póst- og símamálastjórninni þykir bezt henta á hverjum stað.

52. gr.

Sendingar afhentar landpóstum eða bifreiðastjórum, sem flytja póst.

1. Almennar bréfastösendingar má afhenda landpóstum og bifreiðastjórum, sem flytja póst til póstagninga á næstu póststöð, og skal þá burðargjaldið fylgja í peningum, ef sendingarnar eru eigi frímerktar. Þegar svo stendur á, að bifreiðastjóri sérleyfisbifreiðar flytur slíkar sendingar til ákvörðunarstaðar, án þess að þær sæti póstmæðferð á fyrstu póststöð, má ekki greiða fyrir þær staðarburðargjald, heldur skulu þær frímerktar með ríkisburðargjaldi.

C. Hraðboðasendingar. Móttökukvittun.

53. gr.

Hraðboðasendingar.

1. Í þeim kaupstöðum, þar sem daglegum útburði bréfastösendinga hefur verið komið á fót, fást sendingar eða tilkynningar um komu þeirra bornar út til viðtakanda með sérstökum hraðboða, þegar er þær eru komnir til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Fyrir slíkan útburð greiðir sendandi sérstakt gjald, sem ákveðið er í gjaldskrá um póstburðargjöld.

Hraðboðagjald er ekki hægt að greiða fyrir blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt 1. gr. h. póstaganna né utanáskriftarlausar sendingar.

2. Hraðboðasendingu skal merkja greinilega með orðinu „Exprès“ eða „Hraðboði“ og skal það ritað á sendinguna við nafn ákvörðunarpóststöðvarinnar. Þegar um er að ræða böggulsendingar, skal einnig rita það á fylgibréfin.

54. gr.

Móttökukvittun.

1. Sendandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, póstávisunar eða bögguls getur fengið kvittun fyrir því, að sendingin hafi verið afhent réttum aðila. Kvittunin undirritast af þeim, sem kvittar fyrir sendingunni. Sé kvittun undirrituð af umboðsmanni viðtakanda, skal undirskriftin vottuð af póstmanni. Náist ekki til viðtakanda eða umboðsmanns, ritar póstmaður á afhendingarpóststöðinni undir kvittunina og vottar um leið, hver kvittað hafi fyrir sendingunni í póstbókunum.

Fyrir móttökukvittun skal sendandi greiða sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá um póstburðargjöld.

Þegar beðið er um móttökukvittun fyrir sendingu annarri en símapóstávisun, skal sendandi fylla úr sérstakt eyðublað, sem póststöðin lætur í té. Eyðublað þetta skal festa við sendinguna, með pappírsklemmu eða á annan líkan hátt, en ekki skal telja það með þyngd sendingarinnar, þegar hún er vegin. Á sendinguna sjálfa skal rita stafina AR. Þegar sendandi símapóstávisunar óskar móttökukvittun skal setja stafina AP í skeytið, og annast þá útborgunarpóststöð ávisunarinnar um, að sendandi fái móttökukvittun póstleiðis til baka.

V. SKIL SENDINGA TIL VIÐTAKENDA

A. Afhending sendinga almennt.

55. gr.

Hvernig afhenda má sendingar.

1. Sendingar má afhenda viðtakendum með eftirfarandi hætti:
 - a) Á póststöðinni sjálfri, er þær eru sóttar.
 - b) Með útburði af póstsins hálfu á heimili viðtakenda.
 - c) Með því að láta þær í pósthólf, er viðtakendur leigja á póststöðvunum. Viðtakandi sendingar getur, ef svo ber undir, fengið sendingu afhenta á annarri póststöð en ákvörðunarpóststöðinni, ef hann óskar þess, og hægt er að verða við beiðni hans án sérstakra óþæginda eða tafa á afgreiðslu póstsins.
2. Sending, sem á er ritað „Sækist“, „Poste restante“, eða því um líkt afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð.
3. Ef vísað er á sendingu til margra, má skila henni, hverjum þeirra, sem vera skal.
4. Almenn bréfaþótsending, sem viðtakandi er tilgreindur öðruvísi á en með réttu nafni, er afhent þeim, sem sýr um hana og getur skýrt nákvæmlega frá, hvernig utanáskriftinni sé hagað.
Ef margir gera kröfu til slíkrar sendingar og geta skýrt nákvæmlega frá utanáskriftinni, er sendingin ekki afhent, heldur með hana farið sem óskila-sendingu.
5. Hafi maður orðið gjaldþrota, og bú hans tekið til skiptameðferðar, má afhenda skiptaráðendum, eftir beiðni þeirra, allar lokaðar bréfa- og höggla-sendingar, svo og póst- og póstkröfuávisanir, nema almenn bréf, sem árituð eru „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.
6. Verði hlutafélag, verzlunarfélag, kaupfélag og hvers konar félagsstofnun, sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár gjaldþrota og tekið til skiptameðferðar, skal eftir kröfu skiptaráðenda skila þeim, er skiptin annast, öllum póstsendingum.
7. Sendingar til manna, sem sitja í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir eða þá rannsóknardómaranum.
8. Sendingar, sem dómara eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstöku- um lögum hafa öðlzt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðinum.
9. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.
10. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til með- ferðar, nema sending beri það með sér með áritun eða á annan hátt, að hún hafi átt að afhendast viðtakanda persónulega, og er hún þá endursend, með við- eigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

56. gr.

Útburður póstsendinga.

1. Í kaupstöðum, þar sem bréfaútburði hefur verið komið á fót, eru almennar bréfa- þótsendingar, pósta-rituð blöð og tilkynningar um ábyrgðar- og verðsendingar, pósta-ávisanir og böggla bornar út til viðtakanda.
2. Almennar bréfaþótsendingar teljast löglega afhentar, er bréfberi hefur fengið

viðtakanda þær í hendur sjálfum, eða einhverjum á heimili hans, eða látið þær í gegnum þar til ætlað op á hurð að íbúð viðtakanda eða bréfastassa.

Ólögleg telst aftur afhending sendingar, ef bréfberi skilur hana eftir í annarri íbúð, þótt í sama húsi sé eða hiður einhvern fyrir hana, sem ekki er heimilismaður sama heimilis og viðtakandi.

3. Séu ekki sérstakar ástæður fyrir hendi, skilar bréfberinn póstsendingum af sér í sömu röð og bústaðir viðtakenda liggja í leið hans.
4. Geti bréfberi ekki skilað sendingum, er gerð tilraun til afhendingar með næsta útburði á eftir.

Beri sú tilraun ekki árangur, er farið með sendingarnar sem óskilasendingar.

57. gr.

Uppsetning einkapóstkassa.

1. Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram, getur forstöðumaður pófstöðvar sett það skilyrði fyrir útburði póstsendinga í hús á útburðarsvæði pófstöðvarinnar, að húseigandi setji upp póstkassa undir þann póst, sem í húsið á að fara. Þó má setja bréfarifur í hurðir íbúða í stað póstkassa, þegar forstöðumaður pófstöðvarinnar fellst á það.
2. Gerð slíkra póstkassa eða bréfarifa, svo og staðsetning þeirra, er háð samþykki forstöðumanns hlutaðeigandi pófstöðvar.
3. Þess má krefjast, að póstkassar séu settir upp á neðstu hæð stórhýsis fyrir alla íbúa þess, eða við hlið eða girðingu húsa, sem ekki liggja að umferðarvegi, eða við veg, vegamót o. þ. l. í útjöðrum bæja eða utanbæjar.
4. Fyrirmæli um uppsetningu póstkassa eða bréfarifa skulu tilkynnt í ábyrgðarbréfi, og tiltekinn frestur til uppsetningar.
5. Nú hlýðir húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, án þess að hafa fært fram gildar ástæður, og tekur póst- og símamálastjórnin þá ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum samkv. 22. gr. póstlaga skuli beitt.

58. gr.

Afhending sendinga á pófstöðvum.

1. Á vissum pófstöðvum geta menn fengið leigð sérstök hólfi, sem bréfastótsendingum þess, er leigir, er raðað í, og teljast sendingarnar þar með afhentar og á ábyrgð viðtakanda.
2. Bréfa- og blaðasendingum og tilkynningum um ábyrgðarsendingar, verðsendingar, póstávísanir og böggla er raðað í hólfi svo fljótt sem unnt er eftir aðgreiningu aðkomins pósts.

Þær sendingar, sem hólfnum stendur á, eru að jafnaði látnar í hólf, en leigutaki getur ekki krafizt, að sendingar, sem ekkert hólfnum er á, verði látnar í hólfi. Það er þó gert, sem aðalregla, en pófstöðin á staðnum ábyrgist ekki að svo verði gert.
3. Innanbæjarsendingar til pósthólfsleigjanda eru settar í pósthólf hans á sama hátt og aðrar sendingar, nema
 - a) leigutaki hafi skriflega æskt þess við forstöðumann hlutaðeigandi pófstöðvar, að innanbæjarsendingar til hans séu bornar út með bréfberum, enda standi þá pósthólfsnúmerið ekki á þeim, eða
 - b) að á innanbæjarsendingar til pósthólfsleigjanda standi orðin „Berist út“ eða önnur svipuð áritun frá sendanda um, að bréfið skuli ekki sett í pósthólf.
4. Í pósthólf er ekki raðað hraðboðasendingum, símapóstávísunum eða flugpóstsendingum, nema alveg öruggt sé, að þær með því móti komist viðtakanda fyrr í hendur en með útburði, sérstökum eða almennum.

5. Leigutaki pósthólfs getur ekki krafizt þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf, og póstmönnum er ekki skylt, nema samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns sé áður fengið, að raða bréfum til annarra en leigutaka sjálfs í hólf hans, enda þótt númer pósthólfsins sé ritað á bréfin. Raðist slíkt bréf samt sem áður í hólf, án þess eftir sé tekið, ber póststöðin eða póst- og símamálastjórnin enga ábyrgð á afleiðingunum, sem það kynni að hafa í för með sér.
6. Á meðan leigutaki hefur pósthólf á leigu, fær hann til afnota ókeypis einn lykil að hólfinu, sem skila ber á póststöðina, þegar leigu er lokið. Vilji leigjandi fá fleiri lykla, verður hann að greiða fyrir þá.
Tapi leigutaki lykli, verður hann að kaupa nýjan, og að auki kosta þá breytingu á læsingunni, sem nauðsynleg er til þess að ekki verði komizt í hólfíð með hinum fyrri lykli, ef leigutaki óskar eftir slíkri lagfæringu. *Pósthólf fást ekki opnuð af póstmönnum til afhendingar á pósti úr þeim, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Börnum er alls ekki afhentur póstur úr hólfunum.*
7. Leigutími pósthólfs er eitt ár í senn. Leigugjaldið er mismunandi eftir stærð hólfa, og ákveður póst- og símamálastjórnin hversu hátt það skal vera. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og fæst ekki endurgreitt, þótt leigutaki hætti að nota hólfíð áður en leigutími er útrunninn. Leigutaka er óheimilt að framselja pósthólf til annarra, nema með leyfi hlutaðeigandi forstöðumanns og þá aðeins fyrir þann tíma, sem leiga er greidd fyrir.

59. gr.

Afhending sendinga í bréfastakassa.

1. Á leiðum innansveitarpósta geta menn, sem húa fjarri póstleiðinni eða eiga langt að sækja til póststöðvar, í samráði við hlutaðeigandi póststöðvar og með samþykki póst- og símamálastjórnarinnar fengið almennar bréfastakassur og tilkynningar um aðrar sendingar settar í sérstaka kassa, er komið sé upp meðfram póstleiðinni. Kassar þessar skulu vera af þeirri gerð, er póst- og símamálastjórnin samþykkir og festir þannig niður, að ekki sé hægt að nema þá burtu, án þess að ummerki sjáist.
Séu fleiri býli saman um slíkan kassa, skal einhver einn hafa lykлавöld og bera ábyrgð gagnvart öðrum viðtakendum á sendingum þeim, er hann tekur úr kassanum. Greiðsla eða þóknun fyrir slíkt starf er póst- og símamálastjórninni óviðkomandi og um sendingar, er póstur lætur í slíka kassa og þangað eiga að fara, gildir hið sama og um sendingar, sem raðað er í pósthólf, að þeim telst réttilega skilað á þennan hátt, og ber póst- og símamálastjórnin enga ábyrgð á þeim eftir það.

60. gr.

Afhending póstsendinga.

1. Póstur, sem kemur til ákvörðunarpóststöðvar, skal vera tilbúinn til afhendingar viðtakendum eins fljótt og auðið er.
Bréfastakassur (þar með talin póstarituð blöð) gengur ávallt fyrir prenti, sýnishornum, verzlunarskjölum og böggjum og mega þessar sendingar jafnvel, þegar svo ber undir, bíða til næsta dags, ef ekki hefur áður unnizt tími til þess að ganga frá bréfa- og blaðapósti.
2. Sé ekki hægt að koma póstarituðum blöðum í fyrsta útburð, án þess að tefja eða seinka útburði bréfa, fer afhending blaða fram í næsta útburði á eftir.
3. Hraðboðasending, eða tilkynning um slíka sendingu, er afhent viðtakanda eins

fljótt og unnt er, og er slík sending ekki látin biða hins almenna útburðar póstsendinga úr sömu ferð.

Á þeim stöðum, þar sem bréfaútburði hefur verið komið á fót, fást þó slíkar sendingar eða tilkynningar ekki afhentar, nema á tímabilinu kl. 8—20 dag hvern.

4. Hraðboðasending, eða tilkynning um slíka sendingu, er aðeins borin út einu sinni, og takist þá ekki að afhenda hana, telst sendingin ekki lengur hraðboðasending, og fer þá um afhendingu hennar eins og annarra póstsendinga. Hraðboðagjald endurgreiðist ekki.
5. Sendendur póstsendinga geta ekki krafizt þess, að sendingum sé komið til skila á tilteknum dögum eða tíma, þótt þeir riti slík fyrirmæli á sendingar sínar.

B. Sérstök ákvæði um afhendingu verðsendinga m. m.

61. gr.

Tilkynningar um komu.

1. Viðtakandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögguls, póströfu, póstávisunar og innlausnarsendingar fær tilkynningu um, að sendingin sé komin á póststöðina, nema útburði þessara sendinga hafi verið komið á fót í viðkomandi umdæmi.

Enn fremur er viðtakanda send tilkynning um almenna bréfaþóstsendingu, ef hún er þannig á sig komin, að hún samlagast ekki öðrum sendingum í útburði eða ekki er hægt að raða henni í pósthólf, ef svo ber undir, vegna stærðar.

2. Fylgibréf almennra böggla og póstávisanir má nota í stað tilkynninga um þessar sendingar.

Séu margar sendingar til sama viðtakanda, er heimilt að tilkynna þær allar á sama tilkynningareyðublaði.

3. Tilkynningar þær, sem hér um ræðir, sendast viðtakendum sem fullgreiddar almennar bréfaþóstsendingar.
4. Fyrir tilkynningarnar er ekkert gjald tekið.

62. gr.

Afhending gegn kvittun.

1. Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, almennir bögglar, póströfusendingar og póstávisanir (þar með taldar póströfuávisanir og símapóstávisanir) fást aðeins afhentar eða útborgaðar (ávisanir) gegn löglegri kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans.

Hafi sendandi gert athugasemd á sendingu um, að hún afhendist eingöngu viðtakanda sjálfum, ber honum að kvitta fyrir sendingunni og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.

2. Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt gildandi reglum þeirrar stofnunar, sem í hlut á.
3. Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutafélags, kaupfélags, verzlunarfélags, banka, sjúkrasamlags og þvítíkra stofnana, skal kvitta af þeim, sem á hverjum tíma samkvæmt skriflegri tilkynningu frá forráðamönnum stofnananna til hlutaðeigandi póststöðvar, er veitt heimild til þess að taka við sendingunum eða fjármuninum í nafni stofnunarinnar.

Sendingar til félaga, sem ekki eru tilkynningarskyld eru afhentar þeim, sem félagsstjórn hefur tilkynnt póststöðinni, að megi kvitta eða á annan hátt getur sýnt fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann megi taka við sendingunum.

4. Sendingar þær, sem nefndar eru í 1. lið og fara eiga til manns eða félags, sem orðið er gjaldþrota, afhendist samkvæmt ákvæðum 6. og 7. liðs 55. greinar.

5. Sendingar þær, sem nefndar eru í 1. lið og fara eiga til manns, sem látinn er, skal afhenda forráðamönnum dánarbúsins eða skiptaráðanda nema sendandi hafi óskar utanáskriftarbreytingar.
Skorist forráðamenn dánarbúsins eða skiptaráðandi undan því að taka við sendingunni, telst hún í óskilum og endursendist til upprunastaðar.
6. Sendingar þær, sem nefndar eru í 1. lið, og fara eiga til manna, sem liggja á sjúkrahúsum eða eru í sóttkví, og geta þess vegna ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrahússins eða sóttvarnarstöðvarinnar, sem þá kvitta fyrir þeim í umboði sjúklingsins, nema þeir hafi gert aðrar ráðstafanir gagnvart póststöðinni um afhendingu slíkra sendinga til sín.

63. gr.

Skilríki um persónusönnun.

1. Sé verðsending, ábyrgðarsending, póstávísun eða almenn bögglassending sótt af viðtakanda sjálfum, er honum skylt að færa sönnur á, að hann sé sá, sem hann segist vera, ef póstmaður sá, er afhendir, ber eigi kennsl á hann né kannast við undirskrift hans. Þetta má gera með því, að viðtakandi sýni vegabréf eða nafnspjald, ökuskirteini, eða póstskilríkisspjald, eða vottorð manna, sem póstmaður þekkir.
2. Séu sendingar sóttar af sendimanni, og póstmaður sá, sem afhendir, kannast ekki við undirskriftina, ber viðtakanda að hafa hana vottfasta á kvittunarblaðinu (póstávísun eða fylgibréfi) eða láta sendimann sýna vottfasta yfirlýsingu um, að hann megi taka við sendingunum og kvitta fyrir þeim í bækur póststöðvarinnar. Slíkri yfirlýsingu heldur póststöðin eftir.
3. Til undirskriftar á kvittun má ekki nota firmastimpil eingöngu eða einkennisbókstafi.
4. Þegar maður vottar undirskrift, skal hann auk nafns síns einnig rita stöðu og heimilisfang. Sé sá, sem vottar, leigjandi að pósthólfi, er þó nægilegt að setja númer pósthólfisins í stað heimilisfangsins.

64. gr.

Póstskilríkisspjald.

1. Skilríkisspjald er fullgild heimild til þess að fá afhentar póstsendingar á póststöð. Skilríkisspjald getur hver maður fengið á póststofum og póstafgreiðslum en til þess þarf póstmaður sá, er lætur það af hendi, að þekkja manninn eða fá fulla tryggingu fyrir, að hann sé sá, sem hann segist vera.
2. Sá, er æskir skilríkisspjalds, skal afhenda ljósmynd af sér til þess að líma á skilríkisspjaldið, fæðingarvottorð og rita þar að auki nafn sitt á spjaldið. Gildistími skilríkisspjalda er samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

65. gr.

Umboð.

1. Umboð til þess að taka við og kvitta fyrir bókfærðum póstsendingum í nafni viðtakanda sjálfs, skal vera skriflegt, hljóða á nafn ákveðins manns, vera dagsett og undirritað af viðtakanda sjálfum.
Í hinu skriflega umboði skal taka fram, hvort það nái til allra tegunda bókfærðra sendinga, eða aðeins nokkurra þeirra.
2. Umboð til þess að taka á móti og kvitta fyrir sendingum til opinberrar stofnunar, skal gefið af hlutaðeigandi forráðamönnum í embættisnafni, samkvæmt þeim fyrirmælum, er um stofnunina gilda.

3. Umboð má einnig gefa símleiðis. Í skeytinu skal þá, auk umboðsins sjálfs, standa vottorð hlutaðeigandi símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskriftin staðfest af útgefanda sjálfum eða með vottum. Enn fremur skal skeytið bera áritun þess símamanns, er við því tók, um að það hafi verið samanborið.
4. Frumrit umboðsins geymist hjá pósthöðinni. Vilji viðtakandi póstsendinga afturkalla gefið umboð, skal það gert skriflega til þeirrar pósthöðvar, er geymir umboðið. Eftir beiðni gefur pósthöðin þá ókeypis viðurkenningu fyrir því, að umboðið sé afturkallað.
5. Séu vandkvæði á fyrir hlutaðeigandi að láta frumrit umboðs af hendi við pósthöðina, t. d. vegna þess að það gildi einnig um viðskipti við aðrar stofnanir, má pósthöðin láta sér nægja staðfest afrit af frumritinu, en skyldur er þá umboðsmaður til að sýna frumritið, þegar þess er krafizt. Þegar frumrit þannig umboðs er sýnt, ritar pósthöðin dagsetninguna á afritið, og þegar afriti er skilað til geymslu, skal pósthöðin staðfesta það með því að geta þess á frumritinu.

66. gr.

Útborgun pósthávisana, innlausn á póströfum og pósthéimtum og ýmsar greiðslur.

1. Pósthávisanir borgast út á ákvörðunarpósthöðinni. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi, má fresta útborgun þar til það er fengið.
2. Póströfusendingar eru ekki afhentar viðtakendum, nema þeir greiði um leið upphæð þá, sem hvílir á sendingunni.
Hafi sendandi póströfusendingar þó gefið fyrirmæli, meðan sendingin er í vörzlu pósthjónustunnar, um að afhenda hana án innhéimtu póströfuupphæðar, eða með annarri upphæð en á henni stendur, er það gert.
3. Pósthéimtu skal innleysa að fullu. Óski skuldunautur aðeins að greiða upp í hana, skal innhéimta teljast óinnleyst og endursendast.
Séu margar innhéimtur í sömu pósthéimtusendingu, er skuldunaut heimilt að innleysa þær, sem hann vill, sé það gert að fullu, en láta aðrar óinnleystar. Þetta á þó aðeins við um sjálfstæða reikninga, en ekki fylgiskjöl eða nótur við reikning, sem á að innhéimta.
4. Innlausnargjald fyrir vanfrimerktar eða ófrimerktar sendingar greiðist með frimerkjum, sem limast á sendinguna og ónýttast með dagstimpli.

67. gr.

Athugun á aðkomnum póstsendingum.

1. Komi verðsending eða ábyrgðarsending til ákvörðunarpósthöðvarinnar öðruvísi útbúin en fyrir er mælt í reglugerð þessari, ber að gera viðtakanda aðvart um það á tilkynningunni um sendinguna. Sama gildir og, ef umbúðir eru skaddaðar til muna, eða innsigli skaddað eða rofið.
2. Óski viðtakandi þess, að sending sé athuguð samkvæmt því, sem segir í 1. lið, er pósthöðin sá, er afhendir sendinguna, skyldur til að vera viðstaddur, meðan verið er að rannsaka hið ytra ásigkomulag hennar. Séu umbúðir skaddaðar, eða beri merki þess, að innihaldið hafi skaddast, getur viðtakandi krafizt þess, að pósthöðin sé viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gerast á pósthöðinni um leið og sendingin er afhent.
3. Þegar um er að ræða verðsendingu, sem á er ritað, að talið hafi verið í viðtöku, getur viðtakandi krafizt, að pósthöðin sá, er afhendir sendinguna, sé viðstaddur, meðan talið er í henni, enda sé það gert á pósthöðinni samstundis og afhendingin fer fram.

4. Sjáist engar skemmdir á sendingu, eða sé um að ræða verðsendingu, sem ekki hefur verið talið í af póstmanni við viðtöku, mega póstmenn ekki vera viðstaddir, þegar innihaldið er rannsakað.

C. Geymslutími sendinga á ákvörðunarpóststöðvum o. fl.

68. gr.

Geymslutími sendinga.

1. Geti ákvörðunarpóststöð ekki afhent sendingu vegna skakkrar eða ófullnægjandi utanáskriftar eða af öðrum ástæðum, t. d. vegna þess, að viðtakandi neitar að taka við henni, er dáinn eða fluttur burtu án þess að vitað sé, hvar hann er niður kominn, skal sendingin ekki geymd á póststöðinni lengri tíma en með þarf, til þess að ganga úr skugga um, að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein, skal sending, sem þannig er ástatt um, að jafnaði ekki geymd lengur en mánuð, að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.
2. Sending, sem á er ritað, að skuli geymast þar til hennar verði vitjað, skal geymd viðtakanda allt að 3 mánuðum, að telja frá deginum eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.
3. Póstkröfur eru geymdar viðtakanda til innlausnar í 14 daga að telja, frá næsta degi eftir komu sendingarinnar til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Sé póstkrofu-sending árituð „Poste restante“ má hún geymast allt að 30 daga og sömuleiðis, ef sendandi hefur með áritun á sendinguna, sett þennan geymslufrest.
Hafi sendandi póstkrofusendingar óskað breytingar á póstkrofuupphæðinni, reiknast geymslutími að nýju, jafnlangur, að telja frá næsta degi eftir að ákvörðunarpóststöðin hefur fengið beiðnina um breytinguna.
4. Sendandi póstsendinga getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendingu en hér er tiltekið, og ber honum þá að rita það á sendinguna. Skal það gert á áberandi stað utanáskriftarmegin á sendingunni, og sömuleiðis á fylgibréfið, þegar um þess konar er að ræða.
5. Þegar sending er áframsend, telst geymslutími hennar frá þeim degi, er hún kemur til hinnar nýju ákvörðunarpóststöðvar. Sé um að ræða áframsendingu milli póststöðva á sama staðnum, reiknast þó enginn geymslutími að nýju.
6. Sending, sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan hins tiltekna geymslutíma, telst óskilasending.

69. gr.

Útborgunargildi póstávisana.

1. Póstávisun (almenn, síma-, póstkrofu- og póstinnheimtuávisun) gildir til loka annars mánaðar á eftir þeim, sem hún er gefin út í.
Ávisun getur því gilt lengst í þrjá mánuði og stytzt í tvo mánuði.
2. Þegar útborgunargildi ávisunar er runnið út, má ekki borga hana út hvorki viðtakanda né sendanda.
Sendandi eða viðtakandi slíkrar ávisunar skal sækja um framlengingu á gildi hennar til póst- og símamálastjórnarinnar.

70. gr.

Frestur fyrir póstinnheimtur.

1. Póstinnheimtu skal sýna skuldunaut eins fljótt og auðið er, eftir komu sendingarinnar til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Sé krafan eða krofurnar þá eigi

- greiddar, skal skuldunaut gefinn kostur á að greiða þær innan 14 daga að telja frá næsta degi eftir að þær voru sýndar í fyrsta sinn. Fáí ákvörðunarpóststöðin áreiðanlegar upplýsingar um, að ekki sé hægt að ná til skuldunauts, eða neiti hann greiðslunni ákveðið við fyrstu sýningu, skal endursenda kröfuhafa innheimtuna án frekari aðgerða. Hafi sendandi lagt svo fyrir, að krafa skuli afhent öðrum en skuldunaut, eða endursend þegar í stað eftir fyrstu sýningu, skal það gert.
2. Standi svo á, að ekki hafi verið hægt að koma því við að sýna skuldunaut kröfu, skal senda honum tilkynningu um komu hennar, og telst það jafngilt sýningu.

D. Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar. Breyting póströfuupphæðar.

Áframsending. Fyrirspurn um sendingu.

71. gr.

Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar.

1. Meðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörzlu pósthjónustunnar, getur sendandi gert breytingar á því, sem hann hefur ákveðið um hana áður, látið breyta utanáskriftinni eða afturkallað hana úr póstinum.
2. Beiðni um afturköllun sendingar eða utanáskriftarbreytingu á henni, skal senda viðtökupóststöðinni, og skal hún gerð skriflega á eyðublað, sem ætlað er til þessa, og fæst á póststöðvunum.

Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar samtímis á póst á sömu póststöð, frá sama sendanda til sama viðtakanda.

Þegar um bréf er að ræða, skal fylgja beiðninni fullkomin líking af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar. Sé beiðnin varðandi póstávísun er líking af utanáskriftinni ásamt öllum atriðum, er til greina koma, rituð á venjulegan pappír.

Sé sá, sem beiðnina sendir, ekki kunnur póstmönnum á póststöðinni, skal hann færa sönnur á hver hann sé, á sama hátt og krafizt er við afhendingu verðsendinga og ábyrgðarsendinga.

3. Þegar beðið er um utanáskriftarbreytingu á sendingu, sem ekki er farin af stað frá póststöðinni, skal breytingin framkvæmd þar, og helzt af sendanda sjálfum.
4. Beiðni um breytingu utanáskriftar eða afturköllunar sendingar, sem farin er af stað frá viðtökupóststöðinni, eða ekki er hægt að ná út úr póstflutningnum áður en hann fer af stað, má senda póstleiðis eða símleiðis eftir ósk sendanda. Símleiðis skal jafnan senda beiðnina til ákvörðunarpóststöðvarinnar, þegar fullvíst þykir, að beiðnin nái ekki í tæka tíð að öðrum kosti.
5. Kjósi sendandi, að slík beiðni sé send póstleiðis, skal hann greiða fyrir hverja beiðni sama gjald og undir einfalt ábyrgðarbréf.

Eigi beiðnir að sendast símleiðis, greiðir sendandi símskeytagjaldið. Varði beiðnin breytingu á utanáskrift bögguls eða afturköllun hans, er sendandi skyldur til að ábyrgjast greiðslu á hinu nýja flutningsgjaldi hans.

6. Þegar afhenda á sendingu, sem hefur verið afturkölluð, verður sendandi, sem tekur við henni, að sanna heimild sína til hennar, á sama hátt og þegar um er að ræða afhendingu ábyrgðarsendinga, nema nafn sendanda standi á sendingunni eða hann geti sýnt kvittun póststöðvarinnar fyrir því, að hann hafi skilað sendingunni til flutnings. Þegar svo ber undir, skal sendandi kvitta fyrir móttöku sendingarinnar á venjulegan hátt.
7. Þegar innanríkissending er afturkölluð, er sendanda ekki endurgreitt burðar-

gjaldið, nema þegar svo sérstaklega stendur á, að sendingin er ekki farin af stað frá ákvörðunarpóststöðinni. Þá skal endurgreiða sendanda burðargjaldið sjálfst en ekki önnur gjöld, sem á sendingunni hafa hvílt.

8. Þegar um einfalda leiðréttingu á utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda), getur sendandi sent beiðni sína beint til ákvörðunarpóststöðvarinnar, og koma þá fyrirmæli þessarar greinar ekki til greina.
9. Hvenær og hvernig aukaburðargjald skuli reiknað undir sendingar, sem vegna beiðni um utanáskriftarbreytingu eða afturköllun flytjast innanlands frá einni pósthöð til annarrar, er að finna í 36. gr. þessarar reglugerðar 3.—8. lið.
Aukaburðargjald leggst því aðeins á almenn bréf, að þau séu frimerkt eftir staðartaxta.
10. Sendandi pósthéimtu getur beið um breytta utanáskrift sendingarinnar til annarrar pósthöðvar en ákveðið var í fyrstu, eða afturkallað hana úr pósti. Enn fremur getur hann beið um að gera lagfæringar á innheimtuskránni, en þá skal ný skrá fylgja beiðninni. Að öðru leyti gilda um þessar sendingar sömu ákvæði og sett eru í þessari grein um sendingar, sem beiðst er utanáskriftarbreytingar á eða afturköllunar. Sé leiðrétting á innheimtuskrá send simleiðis, skal auk símaskeytagjaldsins einnig greiða pósthaldið.
Breyting eða leiðrétting á sjálfum innheimtunum er ekki leyfð.

72. gr.

Breyting póströfuupphæðar.

1. Meðan póströfusending er í vörzlu pósthjónustunnar getur sendandi beið um, að sendingin sé afhent viðtakanda án greiðslu póströfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hærri eða lægri) en á sendingunni stendur.
Fundarritari heldur gerðabók hreppsnefndar, undir umsjón oddvita, sem sér um, að hún sé rétt og skipulega færð. Þeir fundarmenn, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðina í fundarlok. Hver fundarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

3. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundir, á þeim stað og stund, er hann ákveður.

Fundir hreppsnefndar eru tvenns konar, reglulegir fundir og aukafundir. Reglulega fundir skal halda tvisvar í mánuði hverjum, fyrsta og þriðja mánudag hvers mánaðar. Fundirnir skulu að jafnaði hefjast klukkan 20 og eigi standa lengur en til klukkan 24, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra. Í mánuðunum júlí og ágúst skal þó einungis halda einn reglulegan fund í hvorum mánuði, hinn fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Farist reglulegur fundur fyrir vegna helgi umræddan dag, eða af öðrum ástæðum, skal hann haldinn einhvern næsta virkan dag þar á eftir.

Aukafundi skal halda svo oft sem sveitarstjóra þykir þörf vera á. Þá skal og jafnan boða til aukafunda, ef oddviti eða þrír hreppsnefndarmenn æskja þess.

Aukafundi skal eigi boða með styttri fyrirvara en þrem klukkustundum.

4. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrá fundanna, í samráði við oddvita. Röð mála á henni getur hreppsnefnd breytt með ályktun sinni, svo og fellt mál af dagskránni. Einnig getur hún ákveðið með samþykki allra hreppsnefndarmanna, að mál, sem eigi er á dagskrá, verði tekið á hana.

Sveitarstjóri má ekki taka neitt erindi á dagskrá reglulegs fundar, nema að það sé komið til hans á hádegi næsta fimmtudag fyrir fund. Skal hann í síðasta lagi klukkan 16 daginn eftir senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá, er greini erindi þau, sem fyrir fundinn eiga að koma.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega, og með þeim fyrirvara sem fyrr greinir.

Þegar lagðar eru fram gerðir fastra nefnda, er starfa á vegum hreppsins, skal útdráttur úr fundargerð þeirra fylgja dagskránni.

5. gr.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun hreppsins.
- b. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra, eða sýslunefndar.
- d. Beiðnir um aðstoð til handa hreppnum.

Rétt er við síðari umræðu fjárhagsáætlunarinnar, að hún sé rædd lið fyrir lið og greidd atkvæði um hana þannig, og síðan áætlunina í heild.

Fundir hreppsnefndar um mál þau, er grein þessi tekur til, skulu ávallt haldnir í heyranda hljóði.

6. gr.

Fundir hreppsnefndar skulu haldnir í heyranda hljóði, ef þrír hreppsnefndarmenn krefjast þess í tæka tíð. Dagskrá slíkra funda skal boðuð með uppfestum aug-

lýsingum, með sama fyrirvara og gildir um dagskráartilkyningar til hreppsnefndarmanna.

Áheyrendur á slíkum fundum eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega ekki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun, um það, sem á fundi gerist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út úr fundarsalnum, og ef þörf gerist látið ryðja salinn.

Sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður getur óskað þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker hreppsnefnd úr um það, með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Hvorki sveitarstjóri né hreppsnefndarmenn mega skýra óviðkomandi aðilum frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, er rædd eru þannig fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann venjulega fundarmönnum að taka til máls í þeirri röð, er þeir æskja. Þó má hann breyta út af því, er til framsögumanns eða flutningsmanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess, að fundarmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir hann sjálfan.

Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður oddviti í hverri röð fundarmaður skuli taka til máls.

8. gr.

Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi á fundum, en gæta skal hann fundarskapa. Flutningsmaður máls má ekki tala oftari en þrisvar við hverja umræðu máls, og aðrir hreppsnefndarmenn ekki oftari en tvisvar. Þó er fundarmanni heimilt að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu, eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður standi við sæti sitt meðan hann flytur mál sitt.

9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við það mál, sem til umræðu er. Hann skal varast að meiða menn eða hafa ósæmileg orð. Ef hann bregður út af þessu, skal oddviti víta það og nefna ummælin. Nú er fundarmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá oddviti, með samþykki hreppsnefndarmanna, svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

10. gr.

Sveitarstjóri og sérhver hreppsnefndarmaður hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingartillögur við það mál, sem til umræðu er. Tillögur skulu vera skriflegar og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær

11. gr.

Ef umræður um eitt mál dragast um skör fram, getur fundarmaður óskað eftir að þeim verði hætt og sker hreppsnefnd úr um það umræðulaust

12. gr.

Ekki má hreppsnefnd gera ályktun um nokkurt mál, nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna séu á fundi og greiði atkvæði um það.

13. gr.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

14. gr.

Oddviti ræður því, hvornig atkvæðagreiðslu er skipt í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur hreppsnefnd, ef meiri hluti hennar krefst þess, breytt ákvörðun oddvita. Krefjast má, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

15. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði jöfn atkvæði telst ályktun fallin, en um kosningar ræður hlutkesti. Skyllt er hverjum hreppsnefndarmanni að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni, nema hann hafi lögmat forföll, hafi hann verið á fundi, þegar ályktunin var rædd.

16. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðslan fer venjulega fram þannig, að hver hreppsnefndarmaður réttir upp aðra hönd sína. — Nafnakall skal viðhafa, ef einn hreppsnefndarmanna óskar þess áður en til atkvæðagreiðslu kemur, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

17. gr.

Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er. Fer um kosningu slíkra nefnda eins og fastra nefnda, eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, eins og segir í 2. gr fundarskapa þessara.

18. gr.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar nefnda, um einstök mál, áður en hún endanlega afgreiðir þau.

19. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Ef eigi er sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, sem flest fékk atkvæði við nefndarkosninguna.

Á fyrsta fundi hveftrar nefndar skal hún kjósa sér formann og ritara.

Formenn nefnda kalla þær síðan saman og hafa þeir á hendi stjórn á fundum þeirra.

Ritarar nefnda rita fundargerðir þeirra, og er þeim skylt að skila til hreppsnefndar útdrætti úr þeim.

Um leið og nefnd lýkur starfi, kýs hún sér úr hópi nefndarmanna framsögumann. Minni hlutar nefnda hafa framsögurétt.

20. gr.

Skrá yfir fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar.

21. gr.

Sveitarstjóri sér um afgreiðslu og framkvæmd allra mála, sem hreppsnefnd eða fastar nefndir gera ályktun um, nema að þau séu af hreppsnefnd falin einstökum mönnum.

22. gr.

Ef vafi leikur á, um hvornig beri að skilja fundarsköp, sker hreppsnefnd úr um það.

23. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir bera til, ef meiri hluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

24. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem samin eru og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. október

Nr. 186.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir björgunar- og hjálparsjóð Dýraverndunarfélags Skagafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. október 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir björgunar- og hjálparsjóð Dýraverndunarfélags Skagafjarðar, skammstafað D.v.s.

1. gr.

Sjóðurinn heitir björgunar- og hjálparsjóður D.v.s., og nær umdæmi hans yfir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, og er félagið eigandi hans.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita aðstoð, þegar bjarga skal dýrum frá bráðum voða eða slysum og skal stjórn sjóðsins ákveða og meta hverju sinni, hve brýn nauðsyn þykir til hjálpar og fjárstyrks í þessu skyni.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður af fjárframlögum frá einstaklingum, eða opinberum aðilum, sem styrkja vilja málstað og tilgang sjóðsins. Stofnfé sjóðsins frá þessum aðilum er nú að upphæð kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur.

4. gr.

Dýraverndunarfélag Skagafjarðar skal árlega leggja í sjóðinn 25% af árstekjum sínum.

Aðrar tekjur sjóðsins eru framlög frá öðrum aðilum, og vaxtatekjur.

5. gr.

Eigi skal veita fé úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn að upphæð kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Aldrei má skerða höfuðstól hans. Þegar veita skal fé úr honum, má það ár hvert nema árlegum vöxtum hans, en að auki þeim

fjárframlögum, sem kunna að berast sjóðnum það ár, sem þau eru látin af hendi, og telst sjóðurinn hafa ráðstöfunarrétt á þeim á því ári.

6. gr.

Sjóðurinn skal geymdur á banka, í sparisjóði, eða innlánsdeild samvinnufélaga, og ávaxtast þar sem annað innlánsfé.

7. gr.

Stjórn Dýraverndunarfélags Skagafjarðar skal jafnframt vera stjórn sjóðsins og ákveður fjárveitingar hverju sinni, og ber ábyrgð á honum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal árlega gera reikninga sjóðsins fyrir liðið almanaksár, svo tímanlega, að endurskoðun þeirra sé lokið fyrir aðalfund Dýraverndunarfélags Skagafjarðar.

Aðalfundur úrskurðar reikningana. Endurskoðendur skulu vera þeir sömu og endurskoðendur reikninga félagsins.

8. gr.

Leggi D.v.s. niður starfsemi sína, óskast stjóðurinn varðveittur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, en yrði sýslunefndin ekki við þeim óskum, þá af sambandi Dýraverndunarfélaga Íslands, þar til félag með sama tilgangi og starfssviði ris aftur upp á félagssvæði stofnanda sjóðsins, og veitir honum viðtöku á ný, til fullra umræða.

Hafi hins vegar ekki risið upp félag með sama tilgangi í Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkróksskaupstað innan 25 ára, skal stjóðurinn renna óskertur til Sambands Dýraverndunarfélaga Íslands til fullrar eignar.

Sauðárkróki, 29. marz 1962.

Í skipulagsskrárnefnd.

Ingimar Bogason.

Árni Hansen.

Jón Magnússon.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 140 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn. Gjald það, sem fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, innheimtist með framangreindri gjaldhæð.

Hafi bifreið eða bifhljól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 35 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað. Er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 202 8. sept. 1950, um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Mariú Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. nóvember 1963. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Mariú Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Mariú Jónsdóttur, flugfreyju (fædd 1. nóv. 1932, dáið 14. apríl 1963).

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15000.00 og er gefið af foreldrum Mariú, Jóni Vigfús-syni og Sigurlaugu Guðmundsdóttur, Hringbraut 47, og starfssystur Mariú.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheit, gjafir og hagnaður af sölu minningarkorta.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

Formaður og gjaldkeri Flugfreyjufélags Íslands og einn aðili, tilnefndur af ættingjum Mariú.

Formaður flugfreyjufélagsins er formaður sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja flugfreyjur eða börn þeirra, hafi flugfreyja orðið fyrir slysi eða erfiðleikum vegna langvarandi veikinda.

Falli flugfreyja frá, sem séð hefur barni eða börnum sínum farborða, skulu þau ganga fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

6. gr.

Heimilt er að verja allt að $\frac{1}{10}$ hlutum af árlegum vaxtatekjum sjóðsins til styrkveitinga.

Þau ár, sem heimiluð upphæð verður ekki notuð til styrkveitinga, skal hún lögð við höfuðstól.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hafi verið samþykktar með $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða stjórnarmeðlima Flugfreyjufélags Íslands og samþykktar af fulltrúa ættingja Mariú í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Ábendingar eða umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda sjóðsstjórn fyrir 1. nóv. ár hvert.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp með reikningum Flugfreyjufélags Íslands og endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.
Skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 189.

4. nóvember.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann eigi jafnframt sæti í hreppsnefnd.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd fyrir eftir sömu reglu og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiddast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um störfellða og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt er við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944, sbr. reglugerð nr. 141 21. desember 1955.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 5 krónur af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en 40 krónur. Auk þess greiða þau skip, er stunda millilandasiglingar, 60 aura af hverri nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglinu.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, greiða 60 aura af hverri nettórúmllest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 100 aura af hverri nettórúmllest.

2. gr.

28. gr., stafliðir A og B orðist þannig:

- A. Af öllum aðkomuskipum greiðist 60 aura af nettórúmllest fyrir fyrsta sólarhring og 40 aura á rúmllest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir eru.
- B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, skulu greiða 5 krónur af hverri brúttórúmllest á ári.

3. gr.

Í 29. gr. reglugerðarinnar komi í stað „5 aurar“ og „15 krónur“ 10 aurar og 25 krónur.

4. gr.

35. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

- 1. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt sement, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur, alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þakhellur, garðávextir, verkaður saltfiskur, steinsteyptar vörur, freðsild, eldavélar og tilheyrandi, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör og tólg.

2. flokkur. Gjald 240 aurar fyrir hver 100 kg:
Fuelolía, bárujárn, kjöt, gufuvélar, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskubúðir, tvistur, skreið.
3. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Brennsluolíur (aðrar en fuelolía), benzín, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hrogn, strigapokar.
4. flokkur. Gjald 330 aurar fyrir hver 100 kg:
Útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net og nætur, kitti, gærur, garnir, gashylki, jurtafeiti, smurningsolíur, ull, ullarballar, akkeri, blý, plötuviður, smjör, sjörlíki, skyr, ostar, mjólk, rjómi, vír og vírnet.
5. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 100 kg:
Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur, brauðvörur, kex, línoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, skinn (hörð), svo og allar vörur ótalðar annars staðar.
6. flokkur. Gjald 65 aurar fyrir hver 10 kg:
Veggfóður, hráefni til iðnaðar svo sem essensar, sýrur, brennisteinn o. þ. h., gúmmí og gúmmívörur, siglingateki, svo sem áttavitar, dýptarmælar og hraðamælar, niðursuðuvörur, tin, zink, olíuofnar, verkfæri svo sem smíðatól, rekur og hakar, emalleraðar vörur, leirvörur algengar, smávélar svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur svo sem þvottaefni, sápur, sóði, gólf-, skó- og húsgagnaáburður og gólfklútar, glervörur algengar, eldhúsáhöld, járnkeðjur, meðalalýsi, kjötvörur svo sem pylsur.
7. flokkur. Gjald 90 aurar fyrir hver 10 kg:
Baðlyf, ljósaefni svo sem vax, karbid o. þ. h., maccaroni, blikkvörur, bökunarvörur svo sem dropar og gerduft, vörur úr eir, messing, bronce, o. þ. h., barnavagnar, dývanar og efni í þá, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir, öl- og gosdrykkjavörur.
8. flokkur. Gjald 105 aurar fyrir hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta, kvikmyndafilmur, efnagerðarvörur.
9. flokkur. Gjald 180 aurar fyrir hver 10 kg:
Smáhljóðfæri, tónvélaflötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, klukkur, mælar, símaþvörur, súkkulaði, kakaóduft, leikföng, sýnishorn o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður (ekki gúmmí).
10. flokkur. Gjald 375 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spíritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmvötn, dúnn, fiður.
11. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald 100 aurar hvert stykki:
Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald 125 aurar fyrir hvert stykki.
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
14. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsíld.

15. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 100 kg:

Sild, sem lögð er á land til bræðslu, söltunar eða frystingar, nýr fiskur, ísvarinn og saltaður, lagður á landi úr fiskiskipum.

Fiskkaupandi eða verkandi afli er ábyrgur fyrir gjaldinu.
Minnsta gjald, sem reiknað er af sendingu er 200 aurar.

5. gr.

36. gr. stafliður A, B og C orðist þannig:

- A. Skip, sem um getur í 26. gr. A, skulu greiða 75 aura fyrir hverja brúttórúmllest á ári, þó ekki minna en 15 krónur árlega.
- B. Skip, sem um getur í 26. gr. B, skulu greiða 15 aura fyrir hverja nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 75 krónur í hvert skipti. Inn-
lend fiskiskip skulu þó ekki greiða ljósagjald oftár en tvisvar í mánuði.
- C. Skip, sem um getur í 26. gr. C, skulu greiða 30 aura fyrir hverja nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 115 krónur hverju sinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 118 15. september 1958.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. nóvember 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 191.

ALÞINGISMENN

kosnir í júní 1963.

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Vesturlandskjördæmi:

Ásgeir Bjarnason, bóndi.
Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður.
Halldór E. Sigurðsson, sveitarstjóri.
Jón Árnason, framkvæmdastjóri.
Benedikt Gröndal, ritstjóri.

— Vestfjarðakjördæmi:

Hermann Jónasson, hæstaréttarlögmaður.
Sigurður Bjarnason, ritstjóri.
Sigurvin Einarsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frkvstj.
Hannibal Valdimarsson, forseti A. S. Í.

— Norðurlandskjördæmi vestra:

Skúli Guðmundsson, bóndi.
Gunnar Gíslason, sóknarprestur.
Ólafur Jóhannesson, prófessor.
Einar Ingimundarson, bæjarfógeti.
Björn Pálsson, bóndi.

- Fyrir Austurlandskjördæmi:
- Eysteinn Jónsson, fyrrv. ráðherra.
Halldór Ásgrímsson, bankaútibússtjóri.
Jónas Pétursson.
Páll Þorsteinsson, bóndi.
Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra.
- Reykjaneskjördæmi:
- Ólafur Thors, forsætisráðherra.
Emil Jónsson, ráðherra.
Matthías Á. Mathiesen, sparisjósstjóri.
Jón Skaftason, hæstaréttarlögmaður.
Gils Guðmundsson, rithöfundur.
- Norðurlandskjördæmi eystra:
- Karl Kristjánsson, sparisjósstjóri.
Jónas G. Rafnar, héraðsdómslögmaður.
Gísli Guðmundsson, fyrrv. ritstjóri.
Björn Jónsson, verkamaður.
Ingvar Gíslason, héraðsdómslögmaður.
Magnús Jónsson, bankastjóri.
- Suðurlandskjördæmi:
- Ingólfur Jónsson, ráðherra.
Ágúst Þorvaldsson, bóndi.
Guðlaugur Gíslason, bæjarstjóri.
Björn Fr. Björnsson, sýslumaður.
Sigurður Óli Ólafsson, kaupmaður.
Helgi Bergs, framkvæmdastjóri.
- Reykjavík:
- Bjarni Benediktsson, ráðherra.
Auður Auðuns, frú.
Einar Olgeirsson, ritstjóri.
Jóhann Hafstein, bankastjóri.
Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri.
Gylfi Þ. Gíslason, ráðherra.
Gunnar Thoroddsen, ráðherra.
Pétur Sigurðsson, stýrimaður.
Alfreð Gíslason, læknir.
Ólafur Björnsson, prófessor.
Einar Ágústsson, sparisjósstjóri.
Eggert G. Þorsteinsson, múrari.

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis.

- Fyrir Alþýðuflokkinn:
- Framsóknarflokkinn: Pétur Pétursson, forstjóri.
Daniel Ágústínusson, gjaldkeri.
Gunnar Guðbjartsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn: Ásgeir Pétursson, sýslumaður.
Þráinn Bjarnason, bóndi.

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis.

- Fyrir Alþýðubandalagið:
- Framsóknarflokkinn: Steingrímur Pálsson, umdæmisstjóri.
Bjarni Guðbjörnsson, bankaútibússtjóri.
Halldór Kristjánsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn: Ari Kristinsson, sýslumaður.
Kristján Jónsson, kennari.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jón Kjartansson, forstjóri. Magnús H. Gíslason, bóndi. Guðmundur Jónasson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Hermann Þórarinnsson, bankaútibússtjóri. Óskar E. Levý, bóndi.

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Ásmundur Sigurðsson, bankamaður.
— Framsóknarflokkinn:	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi. Björn Stefánsson, kaupfélagsstjóri. Páll Metúsalemsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Sverrir Hermannsson, viðskiptafr.

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Karl Sigurbergsson, skipstjóri.
— Alþýðuflokkinn:	Ragnar Guðleifsson, kennari.
— Framsóknarflokkinn:	Valtýr Guðjónsson, framkvæmdastjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Axel Jónsson, fulltrúi. Oddur Andrésen, bóndi.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Arnór Sigurjónsson, ritstjóri.
— Framsóknarflokkinn:	Hjörtur E. Þórarinnsson, bóndi. Björn Stefánsson, skólastjóri. Sigurður Jóhannesson, skrifstofumaður.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Gisli Jónsson, menntaskólakennari. Björn Þórarinnsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Óskar Jónsson, fulltrúi. Matthías Ingibergsson, apótekari. Sigurður Tómasson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri. Sigfús Johnsen, kennari. Steinþór Gestsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Bergur Sigurbjörnsson, viðskiptafr. Magnús Kjartansson, ritstjóri.
— Alþýðuflokkinn:	Katrín Smári, húsfrú. Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir.
— Framsóknarflokkinn:	Kristján Thorlacius, deildarstjóri. Kristján Benediktsson, kennari.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur. Geir Hallgrímsson, borgarstjóri. Guðrún Helgadóttir, skólastjóri. Eyjólfur Konráð Jónsson, ritstjóri. Guðmundur H. Garðarsson, viðskiptafr. Sveinbjörn Hannesson, verkstjóri.

B. Landskjörnir þingmenn.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, S = Sjálfstæðisflokkur.)

1. landskjörinn þingmaður:	Sigurður Ingimundarson, efnافر. A.
2. — — —	Birgir Finnsson, forstjóri. A.
3. — — —	Eðvarð Sigurðsson, form. Verkamanna- félagsins Dagsbrúnar. Ab.
4. — — —	Guðmundur Í. Guðmundsson, ráðherra. A.
5. — — —	Ragnar Arnalds, stud. jur. Ab.
6. — — —	Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri. S.
7. — — —	Sverrir Júlíusson, útgerðarmaður. S.
8. — — —	Bjartmar Guðmundsson, bóndi. S.
9. — — —	Jón Þorsteinsson, héraðsdómslög. A.
10. — — —	Geir Gunnarsson. Ab.
11. — — —	Matthías Bjarnason, framkvæmdastj. S.

Varamenn landskjörinna þingmanna.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Ingi R. Helgason, héraðsdómslögmaður. Karl Guðjónsson, kennari.
— Alþýðuflokkinn:	Ásmundur Sigurðsson, bankamaður. Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti. Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur. Pétur Pétursson, forstjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Hilmar S. Hálfánarson, verðgæzlum. Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri. Hermann Þórarinnsson, bankaútibússtjóri. Ásgeir Pétursson, sýslumaður. Sverrir Hermannsson, viðskiptafræðingur.

Nr. 192.

8. nóvember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Önnu Sigurjónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. nóv. 1963.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Önnu Sigurjónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Önnu Sigurjónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Önnu Sigurjónsdóttur frá Hróarsdal í Hegrnesi, sem fæddist 10. ágúst 1926 að Nautabúi í Hjaltadal og andaðist 29. okt. 1958.

Stofnendur sjóðsins eru:

Kristniðboðsflokkurinn Frækornið, eiginmaður Önnu Sigurjónsdóttur, Þórarinn Jónasson í Hróarsdal, og nokkrir vinir og ættingjar Önnu.

Stofnfé sjóðsins er kr. 14047.00.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Vextir af peningum og arður af eignum sjóðsins, gjafir, áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstól með þeim takmörkunum, er segir í 6. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjú menn. Samband ísl. kristniboðsfélaga skal tilnefna einn mann, Kristniboðsflokkurinn Frækornið einn mann. Þriðji maðurinn er Þórarinn Jónasson, meðan hans nýtur við, en að honum látnum einn af afkomendum Önnu Sigurjónsdóttur, en að þeim frágengnum einn af nánustu skyldmönnum hennar. Fari svo, að Kristniboðsflokkurinn Frækornið hætti störfum, skulu hinir tveir stjórnarmeðlimir sjóðsins kjósa þriðja mann í stjórn hans. Stjórnarmeðlimir skulu kosnir til eins árs.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja krisniboðsstarfið í Konsó á meðan það starfar, og síðan aðra íslenska kristniboðsstöð, sem kann að verða starfrækt.

6. gr.

Vextir og arður af sjóðnum skulu leggjast óskipt við höfuðstól hans, þar til hann er orðinn kr. 100000.00. Frá þeim tíma má verja allt að hálfum ársvöxtum og arði samkvæmt skipulagsskrá þessari. Sé leyfð úthlutun ekki notuð til fulls, leggst afgangurinn við höfuðstól. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í ríkistryggðum bönkum, sparisjóðum eða verðbréfum, sem stjórn sjóðsins telur fullkomlega trygg. Heimilt skal þó að festa sjóðinn í eigin framkvæmdum Sambands ísl. kristniboðsfélaga, en tryggja skal þá, að sjóðurinn njóti hæstu vaxta.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðarbók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá og alla þá, er styrk fá úr sjóðnum. Einnig skal færa í hana samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig ber sjóðsstjórninni að halda bókhald yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa ársreikninga sjóðsins og skulu þeir þá undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum. Loks skal árlega senda stjórn Sambands ísl. kristniboðsfélaga skýrslu um tekjur sjóðsins, gjöld og eignir. Skal skýrsla þessi birt í málgagni Sambands ísl. kristniboðsfélaga.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næstan á eftir. Skulu þeir síðan endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Sambands ísl. kristniboðsfélaga.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, er tímar líða, ef brýnar ástæður liggja til. Þó verður stjórn sjóðsins ásamt stjórn Kristniboðsflokksins Frækornsins og Samband ísl. kristniboðsfélaga að samþykkja breytingarnar. Aldrei má þó breyta nafni sjóðsins, né aðaltilgangi hans, sem um getur í 5. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að vera á henni. Samkvæmt ákvæðum 9. gr. óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þórarinn Jónasson,
Hróarsdal.

F. h. Kristniboðsflokksins Frækorn

Lilja Sigurðardóttir,
form., Hróarsdal.

Nr. 193.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1962.

(Bráðafúadeild.)

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1962.

Gjöld:	
Uppgerð tjón á árinu	kr. 6912509.37
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	— 15897568.00
	Kr. 22810077.37
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	— 10500000.00
	kr. 12310077.37
Rekstrarkostnaður	— 572753.22
Afskrifað af áhöldum 8% af kr. 23545.30	— 1883.62
	Kr. 12884714.21
Tekjur:	
Iðgjöld ..	kr. 12594959.49
Vaxtatekjur	— 221161.80
Rekstrarhalli	— 68592.92
	Kr. 12884714.21

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1962.

Eignir:	
Sjóður	kr. 28154.29
Innstæða í sparisjóðsbókum	— 2000365.31
Innstæða í hlaupareikningi	— 154002.65
	kr. 2182522.25
Víxlaeign	— 15000.00
Útistandandi skuldir	— 16774439.66
Fúavarnaefni	— 17044.40

Skrifstofuáhöld	kr.	23545.30	
÷ afskrifað pr. 31. des. 1962	—	2683.62	
			kr. 20861.68
			<hr/>
			Kr. 19009867.99
Skuldir:			
Skuldheimtumenn	kr.	2247735.39	
Ógreiddur söluskattur	—	669608.58	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	kr.	15897568.00	
Greitt upp í óuppgerð tjón	—	9411129.77	
			— 6486438.23
Höfuðstóll 31. des. 1961	kr.	9674678.71	
Rekstrarhalli 1962	—	68592.92	
			— 9606085.79
			<hr/>
			Kr. 19009867.99

Reykjavík, 23. október 1963.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. desember 1962 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað. Sjóðseign og banka-
innstæður hafa verið sannreynðar.

Reykjavík, 23. október 1963.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Kristján Sigtryggsson.

Nr. 194.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskípum fyrir árið 1962.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1962.

Gjöld:

I. Vélbátaflotinn:			
Tjón	kr.	34728676.51	
÷ hluti endurtryggjenda	—	33068566.94	
			—
			Kr. 1660109.57
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum	kr.	28257907.11	
÷ hluti endurtryggjenda ...	—	18607584.18	
			— 9650322.93
			<hr/>
			kr. 11310432.50

II. Skip Landhelgisgæzlunnar:			
Tjón	kr.	12284.39	
Yfirfært til næsta árs til vara			
fyrir tjónum	kr.	493316.00	
÷ hluti endurtryggjenda	—	484535.00	
		<u>8781.00</u>	
			kr. 21065.39
III. Strandferðaskip ríkisins:			
Tjón	kr.	30000.00	
Yfirfært til næsta árs til vara			
fyrir tjónum	—	200000.00	
÷ hluti endurtryggjenda ...	—	190000.00	
		<u>10000.00</u>	
			— 40000.00
IV. Rekstrarkostnaður		kr.	1678882.98
÷ þátttaka Bráðafúadeildar	—	251832.44	
		<u>1427050.54</u>	
V. Afskriftir:			
Skrifstofuáhöld 8% af	kr.	285931.65	
		<u>22874.53</u>	
Björgunaráhöld 20% af	kr.	311455.63	
		<u>62291.13</u>	
			— 85165.66
VI. Tekjuafgangur			— 10588126.11
			<u>Kr. 23471840.20</u>

Tekjur:

I. Vélbátaflotinn:			
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum ..	kr.	23485878.51	
÷ hluti endurtryggjenda	—	19818211.51	
		<u>Kr. 3667667.00</u>	
Iðjöld ÷			
ristorno 1961	kr.	43466823.36	
÷ hluti endurtryggjenda ...	—	26055542.56	
		<u>17411280.80</u>	
			Kr. 21078947.80
Yfirfært til vara fyrir ristorno			
1962	kr.	7170000.00	
÷ hluti endurtryggjenda ...	—	4320000.00	
		<u>2850000.00</u>	
			kr. 18228947.80
Umboðslaun			— 4539058.85
II. Skip Landhelgisgæzlunnar:			
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr.	493316.00	
÷ hluti endurtryggjenda	—	484535.00	
		<u>Kr. 8781.00</u>	

Iðgjöld	kr.	3389438.80	
÷ hluti endurtryggjenda ...	—	3348693.77	
		<hr/>	kr. 40745.03
Umboðslaun			kr. 49526.03
			— 337468.75
III. Strandferðaskip ríkisins:			
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr.	200000.00	
÷ hluti endurtryggjenda	—	190000.00	
		<hr/>	— 10000.00
Vaxtatekjur			— 264838.77
Leiga á björgunarárhöldum			— 42000.00
		<hr/>	Kr. 23471840.20

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1962.

Eignir:

I. Sjóður	kr.	20128.81	
Innstæða í hlaupareikningum	—	989222.42	
Sparisjóðsinnstæður	—	807698.58	
		<hr/>	kr. 1817049.81
II. Útistandandi skuldir			— 66082038.30
III. Verðbréfaeign			— 300000.00
IV. Fyrirfram greidd húsaleiga			— 51310.08
V. Skrifstofuáhöld	kr.	285931.65	
÷ Afskrifað pr. 31. des. 1962	—	165471.12	
		<hr/>	— 120460.53
VI. Björgunaráhöld	kr.	311455.63	
÷ Afskrifað 31. des. 1962	—	114579.69	
		<hr/>	— 196875.94
			Kr. 68567734.66

Skuldir:

I. Stofnfé ríkissjóðs	kr.	2000000.00	
II. Skuldheimtumenn	—	28750963.06	
III. Ógreiddur söluskattur	—	310291.27	
IV. Til vara fyrir tjónum og ristorno:			
Vélbátaflotinn	kr.	35427907.11	
Skip Landhelgisgæzlunnar	—	493316.00	
Strandferðaskip ríkissjóðs	—	200000.00	
		<hr/>	Kr. 36121223.11
÷ hluti endurtryggjenda	—	23602119.18	
		<hr/>	— 12519103.93
V. Höfuðstóll 31 jan. 1961	kr.	14399250.29	
Tekjuafgangur 1962	—	10588126.11	
		<hr/>	— 24987376.40
			Kr. 68567734.66

Reykjavík, 22. ágúst 1963.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1962, er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað. Sjóðseign, sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður og verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 22. ágúst 1963.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Kristján Sigtryggsson.

Nr. 195.

HLUTATRYGGINGASJÓÐUR BÁTAÚTVEGSINS SÍLDVEIÐEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1958.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests	kr. 6090597.00	
Greiddar bætur útflutningssjóðs	— 1663056.00	
		kr. 7753653.00
Kostnaður skv. sundurliðun		— 42346.64
		<hr/>
		Kr. 7795999.64

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjöld 1958	kr. 1379364.36	
÷ Innheimtulaun ríkissjóðs	— 3448.41	
		kr. 1375915.95
Framlag ríkissjóðs	— 1379364.36	
Greiðslur frá útflutningssjóði	— 1663056.00	
Vaxtatekjur	— 150634.70	
Tap	— 3227028.63	
		<hr/>
		Kr. 7795999.64

Efnahagsreikningur 31. desember 1958.

Eignir:

Ríkissjóður, ógreidd innh. útflutningsgjöld		kr. 754655.31
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1958	kr. 5054826.15	
+ Tap skv. rekstrarreikningi	— 3227028.63	
		— 8281854.78
		<hr/>
		Kr. 9036510.09

Skuldir:

Bankareikningar	kr. 211165.11	
Ógreidd endurskoðun	— 1600.00	

Útvegsbanki Íslands	kr. 524747.00	
Almenna fiskideildin	— 5798997.98	
		kr. 6323744.98
Stofnfé		— 2500000.00
		<hr/>
		Kr. 9036510.09

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. Ingvar Vilhjálmsson. Tryggvi Helgason.
Sígfús Bjarnason. Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Sildveiðideildar, fyrir árið 1958, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðir bankareikningar eru réttir.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

ALMENNA FISKIDEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1958.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests	kr. 3225958.00
Kostnaður skv. sundurliðun	— 73039.31
Hreinar tekjur	— 2096168.13
	<hr/>
	Kr. 5395165.44

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjöld 1958	kr. 2375460.38
÷ Innheimtulaun ríkissjóðs	— 5938.65
	<hr/>
	kr. 2369521.73
Framlag ríkissjóðs	— 2375460.38
Vextir af láni Sildveiðideildar gr. af ríkissjóði	— 289827.02
Aðrar vaxtatekjur	— 360356.31
	<hr/>
	Kr. 5395165.44

Efnahagsreikningur 31. desember 1958.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 6502751.11
Ríkissjóður Íslands, ógreitt innheimt útflutningsgjald	— 4745607.11
Sildveiðideildin	— 5798997.98
	<hr/>
	Kr. 17047356.20

Skuldir:

Ógreidd endurskoðun	kr.	6000.00
Stofnfé	—	2500000.00
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1958	kr	12445188.07
Tekjur skv. rekstrarreikningi	—	2096168.13
		<hr/>
		— 14541356.20
		<hr/>
		Kr. 17047356.20

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. Ingvar Vilhjálmsson. Tryggvi Helgason.
 Sigfús Bjarnason. Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Almennu fiskideildarinnar, fyrir árið 1958, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðar bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

Kostnaður deildanna árið 1958.

Laun stjórnar og önnur vinna	kr.	109496.05
Símakostnaður o. fl.	—	2308.70
Auglýsingar	—	3581.20
		<hr/>
		Kr. 115385.95
Hlutur Síldveiðideildar	kr.	42346.64
— Almennu deildar	—	73039.31
		<hr/>
		— 115385.95

HLUTATRYGGINGASJÓÐUR BÁTAÚTVEGSINS SÍLDVEIÐEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1959.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests	kr.	506059.00
Kostnaður skv. sundurliðun	—	50778.50
Hreinar tekjur	—	1655411.92
		<hr/>
		Kr. 2212249.42

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjöld 1959	kr. 1089724.93	
÷ Innheimtulaun ríkissjóðs	— 2724.30	
		kr. 1087000.63
Framlag ríkissjóðs	— 1089724.93	
Vaxtatekjur	— 35523.86	
		Kr. 2212249.42

Efnahagsreikningur 31. desember 1959.

Eignir:

Ríkissjóður, ógreidd innheimt útflutningsgjöld	kr. 2176100.56
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1959	kr. 8281854.78
÷ Tekjur skv. rekstrarreikningi	— 1655411.92
	— 6626442.86
	Kr. 8802543.42

Skuldir:

Bankareikningar	kr. 4561.67
Ógreidd endurskoðun	— 1600.00
Útvegsbanki Íslands	kr. 524747.00
Almenna fiskideildin	— 5771634.75
	— 6296381.75
Stofnfé	— 2500000.00
	Kr. 8802543.42

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson.

Ingvar Vilhjálmsson.

Tryggvi Helgason.

Sigfús Bjarnason.

Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Síldveiðideildar, fyrir árið 1959, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðir bankareikningar eru réttir.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

ALMENNA FISKIDEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1959.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests	kr. 1783953.00
Kostnaður skv. sundurliðun	— 113553.23
Hreinar tekjur	— 3742376.77
	<hr/>
	Kr. 5639883.00

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjöld 1959	kr. 2434277.72
÷ Innheimtulaun	— 6085.70
	<hr/>
	kr. 2428192.02
Framlag ríkissjóðs	— 2434277.72
Vextir af láni Síldveiðideildar greitt af ríkissjóði	— 289827.02
Aðrar vaxtatekjur	— 487586.24
	<hr/>
	Kr. 5639883.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1959.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 9865176.46
Ríkissjóður Íslands, ógreidd innheimt útflutningsgjöld	— 5152921.76
Síldveiðideild	— 5771634.75
	<hr/>
	Kr. 20789732.97

Skuldir:

Ógreidd endurskoðun	kr. 6000.00
Stofnfé	— 2500000.00
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1959	kr. 14541356.20
Tekjur skv. rekstrarreikningi	— 3742376.77
	<hr/>
	— 18283732.97
	<hr/>
	Kr. 20789732.97

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. Ingvar Vilhjálmsson. Tryggvi Helgason.
 Sigfús Bjarnason. Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Amennu fiskideildarinnar, fyrir árið 1959, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðar bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

Kostnaður deildanna árið 1959.

Laun stjórnar og önnur vinna	kr. 147532.89
Símakostnaður o. fl.	— 2917.04
Auglýsingar	— 9881.80
Ferðakostnaður	— 4000.00
	<hr/>
	Kr. 164331.73
Hlutur Síldveiðideildar	kr. 50778.50
— Almennu deildar	— 113553.23
	<hr/>
	— 164331.73

Nr. 197.

HLUTATRYGGINGASJÓÐUR BÁTAÚTVEGSINS

SÍLDVEIÐEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1960.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests	kr. 15254314.00
Kostnaður skv. sundurliðun	— 76670.43
	<hr/>
	Kr. 15330984.43

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjöld 1960	kr. 2548637.82
÷ Innheimtulaun ríkissjóðs	— 6371.58
	<hr/>
	kr. 2542266.24
Framlag ríkissjóðs	— 2548637.82
Vaxtatekjur	— 130020.00
Tap	— 10110060.37
	<hr/>
	Kr. 15330984.43

Efnahagsreikningur 31. desember 1960.

Eignir:

Skrifstofuáhöld	kr. 13333.34
Ríkissjóður, ógreidd innheimt útflutningsgjöld	— 90279.06
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1960	kr. 6626442.86
+ Tap skv. rekstrarreikningi	— 10110060.37
	<hr/>
	— 16736503.23
	<hr/>
	Kr. 16840115.63

Skuldir:

Bankareikningar		kr. 4059379.05
Útvegsbanki Íslands	kr. 524747.00	
Almenna fiskideildin	— 9755989.58	
		— 10280736.58
Stofnfé		— 2500000.00
		<hr/>
		Kr. 16840115.63

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. Ingvar Vilhjálmsson. Tryggvi Helgason.
Sígfús Bjarnason. Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Síldveiðideildar, fyrir árið 1960, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðir bankareikningar eru réttir.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

ALMENNA FISKIDEILDIN

Rekstrarreikningur fyrir árið 1960.

Gjöld:

Greiddar bætur vegna aflabrests		kr. 1843574.00
Kostnaður skv. sundurliðun		— 161436.49
Hreinar tekjur		— 10243572.99
		<hr/>
		Kr. 12248583.48

Tekjur:

Innheimt útflutningsgjald 1960	kr. 5368969.95	
÷ Innheimtulaun rikissjóðs	— 13422.42	
		kr. 5355547.53
Framlag rikissjóðs		— 5368969.95
Vextir af láni Síldveiðideildar gr. af rikissjóði		— 351467.02
Aðrar vaxtatekjur		— 1172598.98
		<hr/>
		Kr. 12248583.48

Efnahagsreikningur 31. desember 1960.

Eignir:

Skrifstofuáhöld		kr. 27496.66
Bankainnstæður		— 10518677.24

Ríkissjóður Íslands, ógreidd innheimt útflutningsgjöld	kr. 10725142.48
Síldveiðideildin	— 9755989.58

Kr. 31027305.96

Skuldir:

Stofnfé	kr. 250000.00
Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1960	kr. 18283732.97
Tekjur skv. rekstrarreikningi	— 10243572.99

Kr. 31027305.96

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. **Ingvar Vilhjálmsson.** **Tryggvi Helgason.**
Sigfús Bjarnason. **Ágúst Flygenring.**

Arnór Guðmundsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur Almennu fiskideildarinnar, fyrir árið 1960, er samhljóða bókum sjóðsins, sem við höfum endurskoðað. Við höfum fullvissað okkur um, að tilfærðar bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 28. maí 1963.

Björn Steffensen & Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarskrifstofa.

Ari Ó. Thorlacius.

Kostnaður deildanna árið 1960.

Laun stjórnar og önnur vinna	kr. 223842.67
Símakostnaður o. fl.	— 2056.45
Auglýsingar	— 6206.80
Ferðakostnaður	— 2201.00
Endurskoðun	— 3800.00

Kr. 238106.92

Hlutur Síldveiðideildar	kr. 76670.43
— Almennu deildar	— 161436.49

— 238106.92

TOGARADEILD

Reikningur togaradeildar fyrir árið 1960.

Bætur greiddar með skuldabréfum	kr. 29984000.00
---------------------------------------	-----------------

Kr. 29984000.00

Skuldabréf:

Litra A.	kr. 15000000.00
— B.	— 8000000.00

Litra C.	kr. 5150000.00	
— D.	— 1320000.00	
— E.	— 370000.00	
— F.	— 144000.00	
		kr. 29984000.00
		Kr. 29984000.00

Reykjavík í maí 1963.

Davíð Ólafsson. Ingvar Vilhjálmsson. Tryggvi Helgason.
 Sigfús Bjarnason. Ágúst Flygenring.

Arnór Guðmundsson.

Nr. 198.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Rekstrarreikningur ársins 1962.

Gjöld:

Rekstrarkostnaður bankans	kr. 6677266.09
Greiddir vextir	— 16871953.46
Afskriftir:	
Fasteignir	kr. 300000.00
Áhöld og innréttingar	— 836517.33
Lagt í varasjóð	— 1136517.33
	— 1999302.43
	Kr. 26685039.31

Tekjur:

Forvextir af vixlum	kr. 18287852.24
Vextir af bankainnstæðum og verðbréfum	— 2375070.57
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings	— 3096881.58
Áfallnir ógreiddir vextir	— 936206.03
Aðrar tekjur	— 1989028.89
	Kr. 26685039.31

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1962.

Eignir:

Fasteignir	kr. 5900000.00
Áhöld og innanstokksmunir	— 4907330.71
Ógreitt hlutfé	— 3601500.00
Verðbréf	— 16730054.16
Víxlar	— 212906753.88
Skuld í hlaupareikningi	— 42438453.09
Ógreiddir vextir	— 936206.03
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	— 1606000.00
Ýmsir skuldunautar	— 1802461.23

Innstæða í Seðlab. á bundnum reikningi	kr.	42200275.50
Innstæður í bönkum	—	4270867.72
Sjóður	—	3770864.08
	Kr.	341070766.40

Skuldir:

Hlutafé	kr.	12200000.00
Varasjóður	—	4164143.40
Veðskuld vegna fasteignar	—	279490.40
Innstæður í sparisjóði	—	266752577.56
Innstæður í hlaupareikningi	—	52556904.88
Fyrirfram greiddir vextir	—	2869134.12
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	1606000.00
Ýmsir kröfuhafar	—	642516.04

Kr. 341070766.40

Reykjavík, 17. janúar 1963.

Höskuldur Ólafsson. Lárus Lárusson.

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1962 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans.

Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir bankans af víxlum, svo og verðbréf og aðrar eignir hans eru fyrir hendi.

Reykjavík, 6. febrúar 1963.

Jón Helgason. Pétur Pétursson. Sveinn Björnsson.

Framanskráða endurskoðaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1962 hefur bankaráðið samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 8. febrúar 1963.

P. Guðmundsson. Egill Guttormsson. Magnús J. Brynjólfsson.

Nr. 199.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Efnahagur 30. júní 1963.

Eignir:

Fasteignir	kr.	5900000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	6130144.75
Verðbréf	—	20546776.22
Ógreitt hlutafé	—	3207500.00
Víxlar	—	223906289.02
Skuld í hlaupareikningi	—	50054469.86
Ógreiddir vextir	—	936206.03
Ýmsir skuldunautar	—	2574397.14
Rekstrarkostnaður	—	4158015.00

Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	kr.	1606000.00
Innstæða í Seðlabankanum á bundnum reikningi	—	52721275.50
Innstæður í bönkum	—	3330891.44
Sjóður	—	12182283.66
		<hr/>
	Kr.	387254248.62

Skuldir:

Hlutfé	kr.	12200000.00
Varasjóður	—	4164143.40
Veðskuld vegna fasteigna	—	279490.40
Innstæður í sparisjóði	—	299201064.88
Innstæður í hlaupareikningi	—	52491184.72
Fyrirfram greiddir vextir	—	2869143.12
Forvextir af víxlum	—	10157015.59
Vextir af yfirdrætti í hlaupareikningi	—	2376894.41
Aðrar vaxtatekjur	—	527651.38
Ýmsar tekjur	—	1201057.35
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	1606000.00
Ýmsir kröfuhafar	—	180612.37
		<hr/>
	Kr.	387254248.62

Nr. 200.

REIKNINGAR TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Efnahagsreikningur Erfðafjár sjóðs 31. des. 1962.

Eignir:

I. Sjóður	kr.	8108643.57
II. Erfðafjárskattur greiddur 1962	—	3660799.05
III. Ógreiddir vextir	—	481764.50
IV. Verðbréf	—	6000833.35
		<hr/>

Kr. 18252040.47

Skuldir:

I. Höfuðstólsreikningur:		
1. Hrein eign frá fyrra ári	kr.	14317434.22
2. Viðbót á árinu	—	3934606.25
		<hr/>

Kr. 18252040.47

Reykjavík, 1. júlí 1963.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Erfðafjárskatts árið 1962.

Gjöld:

I. Styrkur til S.Í.B.S. vegna æfingardeildar	kr. 625000.00
II. Tekjur umfram gjöld	— 3934606.25
	<hr/>
	Kr. 4559606.25

Tekjur:

I. Erfðafjárskattur	kr. 3660799.05
II. Vextir	— 898807.20
	<hr/>
	Kr. 4559606.25

Reykjavík, 1. júlí 1963.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Slysatryggingar ríkisins 31. des. 1962.

Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður	kr. 49319626.02
II. Ýmsir skuldunautar:	
1. Óinnheimt iðgjöld skyldutrygginga	kr. 2732683.20
2. — — frjálsra slysatrygginga —	34114.86
3. Endurtryggjendur	— 270189.77
	<hr/>
	— 3036987.83
III. Ógreiddir vextir	— 1081518.06
IV. Verðbréf	— 20360771.82
V. Áhættufé í Íslenskum endurtryggingum	— 60000.00
	<hr/>
	Kr. 73858903.73

Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:	
1. Ríkissjóður vegna iðgjaldaskatts	kr. 44799.31
2. Aðrir	— 62660.60
	<hr/>
	kr. 107459.91
II. Ógreiddar bætur:	
1. Skyldutryggingar	kr. 8174192.64
2. Frjálsar slysatryggingar	— 101000.00
	<hr/>
	— 8275192.64
III. Ógreitt áhættufé í Íslenskum endurtryggingum	— 60000.00
IV. Iðgjaldasjóður frjálsra slysatrygginga	— 49625.06
V. Afskriftasjóður	— 3241418.99
VI. Höfuðstólsandvirði slysalífeyris	— 25317447.63
VII. Varasjóður frjálsra slysatrygginga:	
1. Frá fyrra ári	kr. 2984551.06
2. Vextir 1962	— 208918.57
3. Tekjuafgangur	— 483919.92
	<hr/>
	— 3677389.55

VIII. Varsjóður skyldutrygginga:

1. Frá fyrra ári	kr. 32780312.69	
2. Vextir	— 3184563.94	
		Kr. 35964876.63
3. Rekstrarhalli	— 2834506.68	
		kr. 33130369.95
		Kr. 73858903.73

Reykjavík, 1. júlí 1963.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Slysatryggingar árið 1962.

G j ö l d :

I. Bætur skyldutrygginga:		
1. Dánarbætur	— 7524472.76	
2. Örorkubætur	— 4075884.53	
3. Dagpeningar	— 4185504.79	
4. Kaup og aflahlutur lögskráðra sjómanna	— 436222.29	
5. Sjúkrakostnaður	— 1476140.90	
		kr. 17698225.27
II. Styrkur til slysavarnastarfsemi	— 40000.00	
III. Bætur frjálsra slysatrygginga	— 74868.36	
IV. Iðgjaldahluti endurtryggjenda	— 2323800.99	
V. Kostnaður	— 1715891.78	
VI. Vextir:		
1. Til höfuðstóls lífeyris	kr. 1788709.04	
2. — varasjóðs frjálsra slysatrygginga ..	— 208918.57	
3. — — skyldutrygginga	— 3184563.94	
		— 5182191.55
VII. Tekjuafgangur frjálsra slysatrygginga	— 483919.92	
		Kr. 27518897.87

T e k j u r :

I. Iðgjöld skyldutrygginga álögð samkv. 43. gr.	kr. 16840545.94	
Til afskriftasjóðs	— 842027.30	
		Kr. 15998518.64
Úr afskriftasjóði 1958	— 621091.73	
		kr. 16619610.37
II. Iðgjöld frjálsra slysatrygginga	— 2441749.54	
III. Þóknun og umboðslaun frjálsra slysatrygginga	— 405021.58	
IV. Tjónahluti endurtryggjenda	— 35818.15	

IV. Afskrift fasteignar	kr.	130345.00	
V. Stofnkostnaðarsjóður	—	9929157.29	
VI. Vörzlufé:			
1. Ellistyrktarsjóðir	kr.	4538866.89	
2. Vegna Sjúkrasamlags Reykjavíkur ...	—	891297.13	
3. — Örorkubóta	—	4444209.49	
4. — sjúkrabóta	—	13581494.16	
5. — heilsugæzlu	—	1248075.00	
6. — sjúkraflutn. og læknisvitjana .	—	1818240.32	
			— 26522182.99
VII. Umboðs- og innheimtumenn:			
1. Ógreiddar bætur	kr.	3167811.72	
2. Inneignir sveitarfélaga	—	2703977.85	
3. Ógr. kostnaður og umboðslaun	—	1000645.84	
4. Ýmislegt	—	3430112.33	
			— 10302547.74
VIII. Til næsta árs:			
1. Iðgjöld atvinnurek.: inneign f. f. ári	kr.	1315184.25	
Tekjuhalli 1962	—	1168916.99	
			— 146267.26
2. Hinir tryggðu, skuld frá fyrra ári ..	kr.	1076583.32	
Tekjuafgangur 1962	—	1694707.03	
			— 618123.71
IX. Varsjóður:			
1. Frá fyrra ári	kr.	144625998.53	
2. Vextir á árinu	—	6464293.21	
3. Tillag á árinu	—	9801866.58	
			— 160892158.32
			Kr. 256249120.53

Reykjavík, 1. júlí 1963.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Lífeyrstrygginga árið 1962.

Gjöld:

I. Greiddar bætur:			
1. Ellilífeyrir	kr.	196796996.85	
2. Örorkulífeyrir	—	53052489.00	
3. Örorkustyrkur	—	5863093.00	
4. Makabætur	—	1001259.00	
5. Fjölskyldubætur	—	177085959.27	
6. Barnalífeyrir	—	50392024.06	
7. Mæðralaun	—	12795297.80	
8. Fæðingarstyrkur	—	11718389.60	
9. Ekkjubætur og lífeyrir	—	4142847.00	
10. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega ...	—	7650073.86	
			kr. 520498429.44

II. Til opinberra rannsóknarst.	kr.	541318.28	
III. — læknisvitjana og sjúkraflutninga	—	593618.90	
IV. Sjúkrakostnaður vegna milliríkjasamninga	—	2257.45	
V. Til Öryrkjabandalags Íslands	—	50000.00	
VI. Tillag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga	—	68323125.39	
VII. Kostnaður	—	9060050.27	
VIII. Vextir til sérstakra sjóða:			
1. Til ellistyrktarsjóða	kr.	318879.15	
2. — vörzlufjár Sjúkrasaml. Reykjavíkur	—	66022.00	
3. — vörzlufjár v. heilsugæzlu	—	87075.00	
4. — stofnkostnaðarsjóðs	—	692731.90	
5. — varasjóðs	—	6464293.21	
			— 7629001.26
IX. Tillag til varasjóðs	—		9801866.58
X. Tekjuafgangur á árinu:			
1. Ríkissjóður, framlag	kr.	294585324.88	
Útgjaldahluti	—	293297284.30	
			— 1288040.58
2. Hinir tryggðu, iðgjöld	kr.	104993662.61	
Útgjaldahluti	—	103298955.58	
			— 1694707.03
			Kr. 619482415.18

T e k j u r :

I. Framlag ríkissjóðs skv. 24. gr.	kr.	294585324.88	
II. Iðgjöld hinna tryggðu skv. 27. gr.	kr.	109239806.01	
Til afskriftasjóðs	—	5461990.30	
			Kr. 103777815.71
Úr afskriftasjóði 1958	—	1215846.90	
			— 104993662.61
III. Framlög bæjar- og sveitarfélaga			57200000.00
IV. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 29. gr.	kr.	45214973.15	
Til afskriftasjóðs	—	2260748.66	
			Kr. 42954224.49
Úr afskriftasjóði 1958	—	1070151.59	
			— 44024376.08
V. Framl. sveitarsjóða til lífeyrisuppb.	—		5864384.99
VI. Endurkræfur lífeyrir:			
1. Samkvæmt bótaskrá	kr.	31179492.46	
2. Frá slysatryggingu	—	3458468.00	
			— 34637960.46
VII. Vextir	—		7629001.26
VIII. Ríkissjóðsstyrkur sbr. gjaldalið III	—		150000.00
IX. Framl. ríkissjóðs til sjúkrasamlaga	—		68323125.39
X. Tekjuhalli á árinu:			
1. Framlag sveitarsjóða	kr.	57200000.00	
Útgjaldahluti	—	58105662.52	
			— 905662.52

2. Iðgjöld atvinnurekenda	kr. 44024376.08	
Útgjaldahluti	— 45193293.07	
		kr. 1168916.99

Kr. 619482415.18

Reykjavík, 1. júlí 1963.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

Þórhallur Hermannsson.

Nr. 201.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna
í Reykjavík 1962.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. ári	kr. 240278.02
2. Árgjöld frá félögum	— 14657.00
3. Styrkur úr borgarsjóði	— 20000.00
4. Styrkur úr ríkissjóði	— 10000.00
5. Vextir á árinu	— 12450.43

Kr. 297385.45

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu	kr. 51700.00
2. Ýmis gjöld	— 293.80
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Hitveitu	kr. 3000.00
b. — Byggingarsjóðs verkamanna	— 26000.00
c. — H-B vísitölubréf	— 58000.00
d. — Alpýðuhúss Reykjavíkur hf.	— 23500.00
e. — — —	— 50000.00
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	— 1962.01
g. — í Landsb. Íslands og í vörzlu gjaldk. —	82929.64

— 245391.65

Kr. 297385.45

Reykjavík, 25. febrúar 1963.

Hilmar Jónsson.

Hannes M. Stephensen.

Jóna Guðjónsdóttir.

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 3. apríl 1963.

*Alfreð Guðmundsson.**Magnús Ástmarsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðarlandseta
í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., bls. 240):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 46048.86
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 3683.91
	<hr/>
	Kr. 49732.77

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 49732.77
	<hr/>
	Kr. 49732.77

Í atvinnumálaráðuneytinu, 22. maí 1963.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 203.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsted
og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsted, árið 1962

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., bls. 240)	kr. 11400.22
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 1205.21
3. Vextir árið 1962 af aðalsjóðnum	— 912.02
4. Vextir árið 1962 af sparissjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	— 84.21
	<hr/>
	Kr. 13601.66

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:	
1. Í Söfnunarsjóði	kr. 12312.24
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfhljótsvatnskirkjugarðs	— 339.01
b. — Þingvallakirkjugarðs	— 333.15
c. — Hlíðar í Grafningi	— 315.46
d. — Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	301.80
	<hr/>
	Kr. 13601.66

Í atvinnumálaráðuneytinu, 22. maí 1963.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., bls. 239):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 15663.18
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1253.05
	<hr/>
	Kr. 16916.23

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 1127.70
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða	— 15788.53
	<hr/>
	Kr. 16916.23

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 22. maí 1963.***Gunnlaugur E. Briem.**

Nr. 205.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., bls. 239):	
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 22572.24
b. Í Landsbankanum	— 4377.46
	<hr/>
	kr. 26949.70
2. Vextir:	
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 1805.78
b. — bankainnstæðu	— 275.53
	<hr/>
	— 2081.31
	<hr/>
	Kr. 29031.01

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 23174.18
b. Í Landsbankanum	— 5856.83
	<hr/>
	kr. 29031.01
	<hr/>
	Kr. 29031.01

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 22. maí 1963.***Gunnlaugur E. Briem.**

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur ljósmóður frá Kóngsbakka árið 1962.

Tekjur:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands í árslok 1961	kr. 23561.44
2. Vextir 1962	— 1879.67
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	— 70.48
	<hr/>
	Kr. 25511.59

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði í árslok	kr. 25511.59
	<hr/>
	Kr. 25511.59

Kóngsbakka ytri, 13. okt. 1963.

Haukur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

Nr. 207.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs V. Giga's árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963 B., bls. 286):	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 37219.77
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	— 2977.58
	<hr/>
	Kr. 40197.35

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 40197.35
	<hr/>
	Kr. 40197.35

Í atvinnuáráðuneytinu, 22. maí 1963.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda árið 1962.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1963 B., bls. 168):			
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	13221.07	
c. Bankainnstæða	—	28493.39	
			kr. 50314.46
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	1878.69	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1066.07	
c. — bankainnstæðu	—	2037.81	
			-- 4982.57
			Kr. 55297.03

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	13553.55	
c. Bankainnstæða	—	33143.48	
			Kr. 55297.03

*Í atvinnuáráðuneytinu, 22. maí 1963.***Gunnlaugur E. Briem.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1963.

Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963, undirskrifuð af forsetanum 11. júlí 1963, nr. 63.

Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga, undirskrifuð af forsetanum 17. ágúst 1963, nr. 64.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 17. ágúst 1963, nr. 65.

Siglingalög, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1963, nr. 66.

Sjómannaölög, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1963, nr. 67.

Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 14. nóvember 1963, nr. 68.

Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl., undirskrifuð af forsetanum 12. desember 1963, nr. 69.

Fjárlög fyrir árið 1964, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 70.

Vegalög, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 71.

Lög um hækkun á bótum almannaþrygginganna, undirskrifuð af forsetanum 9. desember 1963, nr. 72.

Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupún vegna landakaupa, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 74.

Lög um breyting á siglingalögum nr. 56 30. nóvember 1914, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 75.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 11. október 1963, nr. 76.

Lög um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1963, nr. 77.

Fjáraukalög fyrir árið 1962, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 78.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962, undirskrifað af forsetanum 30. desember 1963, nr. 79.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra, 5. september 1963, nr. 80.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963, undirskrifuð af forsetanum 16. september 1963, nr. 81.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 6. nóvember 1963, nr. 82.

Auglýsing um meðferð forsetabalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 18. nóvember 1963, nr. 83.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 3. desember 1963, nr. 84.

Lög um Lífeyrissjóð barnakennara, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1963, nr. 85.

Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1963, nr. 86.

Nr. 209.

27. desember.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 9. des. 1963 og innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b) Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c) Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 210.

31. október.

AUGLÝSING

um umferð í Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar hafa eftirfarandi reglur verið settar um umferð í Akureyrarkaupstað samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958 og hafa viðeigandi merki samkvæmt reglugerð frá 24. marz 1959 verið sett.

1. Gatnamót, er njóta aðalbrautarréttar:

1. Umferð um Eyjafjarðarbraut nýtur forréttar fyrir umferð frá flugvallar-afleggjara.
2. Umferð úr Skipagötu nýtur forréttar fyrir umferð frá höfninni.
3. Umferð um Glerárgötu og Norðurgötu nýtur forréttar fyrir umferð um Gránu-félagsgötu.

4. Umferð um Gránufélagsgötu nýtur forréttar fyrir umferð úr Hólabraut og Laxagötu.
5. Umferð á Þingvallastræti nýtur forréttar fyrir umferð úr Helgamagrastræti.
6. Umferð um Hrafnagilsstræti nýtur forréttar fyrir umferð úr Möðruvallastræti, Laugargötu, Skólastíg, Austurbyggð.
7. Stöðvunarskylda er á Gránufélagsgötu við Geislagötu.

II. Bifreiðastöður bannaðar:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Brekkugötu sunnan Oddeyrargötu og fellur niður 15 mín. staða, sem þar er nú.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Aðalstræti frá Hafnarstræti (nr. 3) og suður úr.

III. Um 15 mín. stöður:

15 mín. stöðuleyfi er á Hafnarstræti frá Verzl. Eyjafirði suður fyrir timburhús K.E.A.

IV. Gjaldmælar fyrir bifreiðar hafa verið settir í Hafnarstræti milli Kaupvangsstrætis og Ráðhústorgs.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 31. okt. 1963.

Friðjón Skarphéðinsson.

7. nóvember.

Nr. 211.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 1 á Lyfjaverðskrá II. frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 18. nóvember 1963 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Elias Eliasson.

14. nóvember.

Nr. 212.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið: Að bifreiðastöður verði bannaðar á Eskihlíð.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. nóvember 1963.

Sigurjón Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Eiðahverfis í Eiðahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Eiðahverfis. Heimili þess og varnarþing er í Eiðahreppi í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá Eiðhverfinu fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru Alþýðuskólinn að Eiðum, Barnaskólinn að Eiðum, Endurvarpsstöðin að Eiðum, Þórarinn Sveinsson og Björn Magnússon vegna eigin íbúðarhúsa, sóknarprestur, vegna prestseturshúss og skólastjóri Eiðaskóla vegna Eiðabúsins og íbúðarhúss á Garði.

Kostnaður og eignarhluti einstakra aðila vatnsveitunnar miðast við áætlaða neyzlubörf, þannig: Ein eining reiknast hvert heimili, hverjir 7 nemendur, hverjir 7 starfsmenn, einstakir, hverjir 14 nautgripir. Samkvæmt því reiknast þátttökueiningar Alþýðuskólans, skólans vegna, Eiðabús og íbúðarhúss á Garði samtals 27, Barnaskólans 6, Endurvarpsstöðvarinnar 2, prestseturs 1, Þórarins Sveinssonar 2, Björns Magnússonar 1, eða alls 39 einingar.

Hver stofnandi greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald fyrir hverja einingu kostnaðar og eignarhluta í vatnsveitunni og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en stofngjaldið er greitt.

4. gr.

Félagið sér um byggingu mannvirkja við vatnsból og lagningu vatnsveitu í dreifipunkt við endurvarpsstöð. Hver einstakur félagsmaður annast á sinn kostnað vatnslögn frá dreifipunkti á neyzlustað.

5. gr.

Eigendur væntanlegra nýrra húsa á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmeats aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

6. gr.

Stofnkostnað af mannvirkjum vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hverja einingu samkv. 3. gr. Skal hann greiddur með stofngjöldum félagsmanna þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum félagsaðila í hlutfalli við eign hans í vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar mannvirkja veitunnar, reksturs og viðhalds.

Gjöld samkv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkv. ákvæðum þessarar samþykktar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið sannanlega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og afl atkvæða ræður úrslitum. Ákvarðanir, sem hafa í för með sér kostnað fyrir félagið umfram eðlilegan reksturskostnað þurfa þó að hafa að baki sér meiri hluta félagsseininga samkv. 3. gr. til að teljast samþykktar. Skylt er félagsstjórn að boða til félagsfundar ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn hans er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatsnveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast hver félagsmaður hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi fyrirhugaðra breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatsnveitufélagi Eiðahverfis í Eiðahreppi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um niðurfærslu tolla.

Með heimild í 6. lið 3. gr. tollskrárlaga nr. 7/1963 og með vísun til auglýsingar nr. 73/1943, um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkjanna Ameríku, hefur ráðuneytið ákveðið að færa niður tolla á eftirgreindum vörum þannig, að tollar þessir breytist frá því, sem þeir eru nú í tollskrárlögnum, og þeir verði eins og að neðan greinir:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	
08.04.21	Rúsínur	25%
08.06.10	Epli	15%
08.06.20	Perur og kveður	15%
08.12.01	Sveskjur	25%
15.07.81	Sojabaunaolía	10%
15.07.82	Baðmullarfræsolía	10%
19.05.00	Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „cornflakes“ eða þess konar vörur ..	50%
20.07.09	Ávaxtasafi o. s. frv., annar	60%

Tollabreytingar þessar gilda frá og með 2. desember 1963.

Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 215.

27. nóvember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. nóvember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara,
og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara, og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frá Elínu Sigríði Halldórsdóttur, ekkju Jóns Þ. Ólafssonar, til minningar um þá bræður Jón Þorkel og Rögnvald, samkv. erfðaskrá,

dags. 13. ágúst 1958, með eftirlátnum eignum þeirra hjóna. Frú Elín Sigríður andaðist 15. febrúar 1962.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 487917.89. Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt eftir ráðstöfun sjóðsstjórnarinnar. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 4 manna nefnd og skipa hana: Bæjarfógetinn, sóknarpresturinn, bæjarstjórinn á Ísafirði og Guðmundur G. Kristjánsson, skrifstofustjóri, Aðalstræti 42, Ísafirði, en að honum látnum einhver niðja hans eftir samkomulagi þeirra á milli.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu bæjarfógeta og er hann reikningshaldari hans. Reikningar sjóðsins skulu árlega lagðir fyrir sjóðsstjórnina, endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarsjóðs og lagðir fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins og ályktanir sjóðsstjórnar.

5. gr.

Markmið sjóðsins skal vera til styrktar menningarmálum, svo sem kirkjumálum og því er lýtur að listrænni fegurð Ísafjarðarkaupstaðar. Höfuðverkefni sjóðsins skal vera að koma á fót Listasafni Ísafjarðar með kaupum á listaverkum, málverkum og höggmyndum, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

6. gr.

9/10 hlutum af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 5. greinar, en 1/10 hluta skal leggja við höfuðstólinn, unz hann nemur 1 milljón króna. Síðan skal verja öllum vöxtum sjóðsins og öðrum tekjum eins og að framan greinir.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn minningarsjóðsins.

Ísafirði, 12. febrúar 1963.

Jóhann Gunnar Ólafsson.

Guðm. G. Kristjánsson.

Jón Guðjónsson.

Sig. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikifaraldurs í nálægum löndum.

Vegna þess, að gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í nálægum löndum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi:

1. Engar undanþágur verða veittar um innflutning spendýra og fugla, svo og þeirra vara, sem um ræðir í 2. gr. laganna, t. d. hálmur, notaðir þokar, fiður, burstar o. s. frv.
2. Aiveg er bannaður innflutningur á hráum og litt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, þar með taldir alifuglar.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsinga, sem settar eru samkvæmt þeim, verða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. desember 1963.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 217.

7. desember.

REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

- I. 1. desember.
- II. Jólaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með 19. desember til og með 6. janúar.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
- III. Öskudagur.
- IV. Páskaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með mánudegi eftir pálmásunnudag til og með þriðja í páskum.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með miðvikudegi fyrir skirdag til og með þriðja í páskum.
- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er að veita eins dags leyfi í mánuði („mánaðarfrí“), ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. desember 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

Með tilvísun til 2. gr laga nr. 35/1953, hefur ráðuneytið ákveðið, í samræmi við tillögu örnefnanefndar, að hin nýja eyja, sem myndast hefur við eldgos, er fyrst varð vart 14. nóvember s. l. suðvestur af Geirfuglaskeri, skuli heita *Surtsey*, en gígurinn *Surtur*.

Samkvæmt mælingum landhelgisgæzlu og sjómælinga ríkisins hinn 22. f. m. eru yztu mörk *Surtseyjar* að sunnan 63° 17.8 n.br., að norðan 63° 18.2 n.br., að austan 20° 36.1 v.lg. og að vestan 20° 36.9 v.lg.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi
nr. 63 29. marz 1963.

Önnur málsgrein auglýsingar nr. 63 29. marz 1963 er hér með úr gildi felld. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás Eliasson.

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11 20. janúar 1950.

1. gr.

Aftan við 7. tl. 79. gr. samþykktarinnar komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Í nýlenduvarubúðum og öðrum sölustöðum, þar sem neytluvörur eru seldar, getur heilbrigðisnefnd bannað neytlu varanna á staðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, er borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögum landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 221.

11. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Föndur- og leikfangasjóð Skálatúnsheimilisins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. desember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**Föndur- og leikfangasjóðs Skálatúnsheimilisins.**

Stofnaður í tilefni 10 ára afmælis Efnalaugarinnar Björg. Sjóðurinn er gefinn Skálatúni á 5 ára afmæli Jóninu Magnúsdóttur, 28. nóv. 1963, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Föndur- og leikfangasjóður Skálatúnsheimilisins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að kaupum á föndurefni, leikföngum, leik-tækjum og öðru, sem getur orðið börnunum til þroska og ánægju, að dómi sjóðs-stjórnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Einn úr stjórn Skálatúnsheimilisins, forstöðukona Skálatúns og einn af ættingjum Jóninu, sem skal vera formaður sjóðsstjórnar.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur arðvænlegast hverju sinni. Peningar og önnur verðmæti sjóðsins skulu vera geymd í viðurkenndri peningastofnun. Sjóðinn skal efla:

- a. Með árlegum vöxtum hans sjálfs.
- b. Með gjöfum og áheitu.
- c. Með ýmsum tekjum.

5. gr.

Eigi má skerða upphaflegan höfuðstól sjóðsins.

6. gr.

Afmælisdagur gefandans (28. nóv.) skal vera „Dagur sjóðsins“. Skal þá veita úr honum, eftir tillögum sjóðsstjórnar. Einnig er æskilegt, að hann sé öðrum dögum fremri til tekna fyrir sjóðinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa, sem og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Endurskoðendur sjóðsins eru þeir sömu og Skálatúnsheimilisins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjóðsstjórn sé því samþykkt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 28. nóvember 1963.

Efnalaugin Björg.

Magnús Kristinsson.

Ragnheiður Guðmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

79. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérretta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 6.00 til kl. 23.30, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar og þar fari ekki fram sala sælgætis. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kr. 23.30, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann

tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar, svo og 77. og 78. gr., taka til knattborðs-stofa eftir því sem við á.

Um lokunartíma veitingastaða, þar sem sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga er ekki meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar, fer eftir samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Árnassýslu, nr. 134 10. júlí 1939.

1. gr.

80. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Börn 12 til 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með forráðamönnum.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum veitingastöðum, dansstöðum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20, nema í fylgd með forráðamönnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

Lögreglan getur bannað börnum og unglingum umferð og veru á tilteknum svæðum, þegar hún telur til þess ástæðu, til öryggis.

Foreldrar eða forráðamönnum barna bera á byrgð á því, að fyrirmælum þessarar greinar sé framfylgt og hlýtt, að viðlögðum sektum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnæssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 69 12. desember 1963, um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

Ákveðið hefur verið samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 69 12. desember 1963, um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl., að þau lög skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hinn 1. janúar 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Snæfjallahrepps er fyrirtæki, sem Snæfjallahreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um Snæfjallahrepp, og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Snæfjallahrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Rafveita Snæfjallahrepps, og skal hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkusvæði.

Rafveita Snæfjallahrepps vinnur raforku í orkuveri sínu við Mýrará, svo og öðrum orkuverum, sem hún kann að reisa í sama tilgangi, eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Snæfjallahreppur, eða sá hluti hans, sem hreppsnefnd kann að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Snæfjallahrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Snæfjallahrepps er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir. Hreppsnefnd Snæfjallahrepps setur honum erindisbréf.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast allar framkvæmdir allra raforkumála fyrirtækisins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur og eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

Fela má rafveitunefnd hreppsins framkvæmdir samkvæmt þessari grein eftir því, sem þörf krefur eða henta þykir.

6. gr.

Reikningshald og ráðstafanir tekna.

Rafveita Snæfjallahrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til þess að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tækjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Raflagningarreglur.

Öll tæknistörf, sem unnin eru við rafveituna, skulu framkvæmd í samræmi við þær kröfur, sem rafmagnseftirlit ríkisins gerir um framkvæmd slíkra starfa, og reglur, sem það setur um þau.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Snæfjallahrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er seld sem einfasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af hús-eiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal hús-eigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal hús-eigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd hús-eiganda eða notanda, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum um raflagningar á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á, og loks hinn löggilla rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tenginu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksárgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri hefur eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, og reglugerðum Rafveitu Snæfjallahrepps.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Notandi leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Rafveitunni er þó að sjálfsögðu heimilt að hafa eftirlit með tækjum þessum hverju sinni, og þarf samþykki hennar til þess, að skipt sé um tæki eða ný sett, enda reiknað með því, að rafveitan annist útvegum mælitækja fyrir notendur.

Gerist hins vegar rafveitan eigandi mælitækjanna, færast endurnýjunar- og viðhaldsskyldan yfir á hana. Verði þá mælitæki notanda fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess og endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en þrjá mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil, og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna strauunotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til þess að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalds, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfur, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörðun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til þess að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir því, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun skv. 14. gr.

18. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem síðar segir um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tíma, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann, að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitunefnd leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á. Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandinn hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á skrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitunefndar og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. desember 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUR**um Félagsheimili Kópavogs.**

1. gr.

Eigendur félagsheimilisins eru: Kópavogskaupstaður, Leikfélag Kópavogs, Skátafélagið Kópar, Kvenfélag Kópavogs, Framfarafélag Kópavogs, Slysavarnafélag Kópavogs og Ungmennafélagið Breiðablik.

2. gr.

Hlutverk félagsheimilisins er:

- a) að stuðla að og efla hvers konar félags- og menningarstarfsemi Kópavogsbúa;
- b) að auðvelda hverja þá starfsemi, er miðar að bættu tómstunda- og skemmtanaliði barna og unglinga í Kópavogi.

3. gr.

Stjórn félagsheimilisins skipa 13 menn og jafnmargir til vara — einn frá hverju ofangreindra félagi og 7 fulltrúar frá Kópavogskaupstað. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði. Eigendum er heimilt að skipta um fulltrúa samkvæmt reglum viðkomandi félagsheildar.

Svo oft sem nauðsyn krefur, skal stjórnin koma saman til fundar um málefni félagsheimilisins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Alla fundi skal boða bréflega með nægum fyrirvara. Fundur er lögmaður, ef til hans er löglega boðað.

4. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin kjósa úr sínum hópi húsnefnd, er skipuð sé 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Húsnefnd skal þannig kosin, að 7 fulltrúar kaupstaðarins kjósa úr sínum hópi 3 menn í nefndina auk varamanna og fulltrúar félaganna kjósa 2 menn úr sínum hópi og tvo til vara. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún sér um allan daglegan rekstur og framkvæmir ákvarðanir stjórnar félagsheimilisins. Húsnefnd skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Hætti félagsheimilið störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

5. gr.

Húsnefnd skal halda fundi, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef tveir nefndarmenn æskja. Félagshemilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

Fyrir 31. desember ár hvert skal húsnefnd leggja fyrir stjórnina áætlun um tekjur og gjöld á komandi ári. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykki stjórnarinnar komi til og gildir það jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Á aðalfundi ár hvert skal húsnefnd leggja fyrir stjórnina rekstrar- og efnahagsreikning fyrir næstliðið ár, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði stjórnar félagsheimilisins. Afrit af ársreikningi skal senda félagsheimilasljóði.

6. gr.

Öllum hagnaði af rekstri félagsheimilisins skal stjórn þess verja sem hér segir í samráði við bæjarráð:

- a) til að ljúka byggingu félagsheimilisins,
- b) til að fegra félagsheimilið og síðan önnur opinber svæði eða byggingar í bænnum með listaverkum,
- c) að lokinni byggingu félagsheimilisins til að styrkja félags- og menningarstarfsemi í Kópavogi,
- d) til að styrkja byggingu fullkomins íþróttasvæðis og sundlaugar og efla heilbrigða íþróttastarfsemi í Kópavogi,
- e) til að styrkja byggingu og/eða rekstur elli- og hjúkrunarheimilis í Kópavogi.

7. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a) að ráða nauðsynlegt starfslið,
- b) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra,
- c) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins,
- d) að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda,
- e) að sjá um bíórekstur, ef ákveðinn verður,
- f) að sjá um, að löggæzla sé á samkomum í félagsheimilinu, eða á annan hátt sjá um, að þar sé ekki brotið gegn ákvæðum lögreglusamþykktar Kópavogskaupstaðar.

8. gr.

Húsnefnd er heimilt að ráða framkvæmdarstjóra, er annast um daglegan rekstur félagsheimilisins, eftir nánari ákvörðun nefndarinnar og undir hennar eftirliti.

Húsnefnd skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdarstjórn, þar sem m. a. skal ákveðið starfssvið hans og hvað af verkefnum skv. 5. gr. hann skuli annast. Ekki getur framkvæmdarstjóri félagsheimilisins átt sæti í stjórn þess.

9. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77 frá 1947, svo og breyt-

ingum á þeim lögum frá 29. maí 1957, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort önnur félög eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr, en úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

11. gr.

Þess skal gætt, að húseign, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

12. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllunum valda.

13. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta almennum ákvæðum gildandi áfengislaga á hverjum tíma.

14. gr.

Á nokkrum stöðum í húsinu skulu vera innrammaðar reglur um umgengni manna og hegðun í húsinu.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 8. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. desember 1963.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavíkurkaupstað.

Með heimild í 55. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að á einstefnuakstursgötum í Keflavíkurkaupstað skuli bifreiðum lagt við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 30. desember 1963.

Hákon H. Kristjánsson, ftr.

REGLUR

um iðgjöld sjóðfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skulu greiða í iðgjöld til sjóðsins hundraðshluta af launum sínum, er nemi frá 2.25% til 4.25%, stighækkandi eftir launum sem hér segir:

Af árslaunum kr.:	Af mánaðarlaunum kr.:	Iðgjöld %
Undir 67 579.92	Undir 5 631.66	2.25
Frá 67 579.92 til 69 457.84	Frá 5 631.66 til 5 788.15	2.35
— 69 457.85 — 71 443.15	— 5 788.16 — 5 953.59	2.45
— 71 443.16 — 73 545.32	— 5 953.60 — 6 128.77	2.55
— 73 545.33 — 75 774.97	— 6 128.78 — 6 314.58	2.65
— 75 774.98 — 78 144.08	— 6 314.59 — 6 512.00	2.75
— 78 144.09 — 80 666.14	— 6 512.01 — 6 722.17	2.85
— 80 666.15 — 83 356.48	— 6 722.18 — 6 946.37	2.95
— 83 356.49 — 86 232.53	— 6 946.38 — 7 186.04	3.05
— 86 232.54 — 89 314.39	— 7 186.05 — 7 442.86	3.15
— 89 314.40 — 92 624.35	— 7 442.87 — 7 718.69	3.25
— 92 624.36 — 96 189.42	— 7 718.70 — 8 015.78	3.35
— 96 189.43 — 100 040.02	— 8 015.79 — 8 336.66	3.45
— 100 040.03 — 104 211.90	— 8 336.67 — 8 684.32	3.55
— 104 211.91 — 108 747.04	— 8 684.33 — 9 062.25	3.65
— 108 747.05 — 113 695.09	— 9 062.26 — 9 474.59	3.75
— 113 695.10 — 119 115.14	— 9 474.60 — 9 926.26	3.85
— 119 115.15 — 125 078.17	— 9 926.27 — 10 423.18	3.95
— 125 078.18 — 131 670.13	— 10 423.19 — 10 972.51	4.05
— 131 670.14 — 138 996.14	— 10 972.52 — 11 583.01	4.15
— 138 996.15 og hærra	— 11 583.02 og hærra	4.25

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 10. gr. l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1964.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

S A M Þ Y K K T

um bæjarráð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarráð fer með störf þau, er hingað til hafa verið falin eftirtöldum nefndum: Fjárhagsnefnd, fasteignanefnd, framfærslunefnd, veganefnd, sjúkrahússnefnd atvinnumálanefnd, rafveitunefnd, brunamálanefnd, sundlaugarnefnd og bókasafnanefnd.

2. gr.

Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar, kosnir til eins árs í senn, með hlutfallskosningu. Bæjarstjórn kýs 3 varamenn úr sínum hóp með sama hætti sem aðalmenn. Forfallist bæjarráðsmaður eða hans missi við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður, sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið fulltrúa sína eða varafulltrúa mæta í stað þeirra.

Bæjarstjórn getur með einfaldri ályktun ákveðið aðra tölu bæjarráðsmanna.

3. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð.

Bæjarráð kýs sér formann og ritara. Sá er rétt kjörinn, sem fær meiri hluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

4. gr.

Bæjarráð heldur fundi einu sinni í viku, og þar að auki ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Fundir eru lögmætir ef tveir bæjarráðsmenn mæta.

5. gr.

Bæjarráð og bæjarstjóri framkvæma ákvarðanir bæjarstjórnar.

6. gr.

Bæjarráð hefur eftirtalin störf með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði. Þó er bæjarráði heimil fullnaðarákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir:

- a) *Fjárhagsmál*: Til þeirra teljast umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, eftirlit og fyrirkomulag á bókhaldi og innheimtu gjalda
- b) *Vegamál*: Bæjarráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulyfningum, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.
- c) *Fasteignamál*: Til þeirra teljast umsjón með fasteignum bæjarins svo sem lóðum, húseignum, jörðum, mótaki, grjótnámi, slægjum, túnleigum, fjallskilum, sandnámi o. fl, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- d) *Sjúkrahúsmál*: Til þeirra teljast stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins í samráði við sjúkrahúslækni, er ávallt skal kveðja á fundi er rædd eru mál-efni sjúkrahússins, en eigi hefur hann atkvæðisrétt.

- e) *Brunamál*: Til þeirra teljast framkvæmdir á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið. Slökkviliðsstjóri eða varamaður hans skulu sitja fundi, ef rædd eru brunamál, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.
- f) *Framfærslumál*: Bæjarráð hefur á hendi stjórn allra framfærslumála Seyðisfjarðarkaupstaðar, undir það heyra elliheimili, barnleikvöllur og barnaheimili, ef slík fyrirtæki eru á staðnum
Bæjarstjóri er framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.
- g) *Atvinnumál*: Bæjarráð skal hafa eftirlit og umsjón með þeim atvinnutækjum er bærinn á eða rekur, einnig gera tillögur til bæjarstjórnar um atvinnuaukningu, þegar þurfa þykir.
- h) *Önnur mál*: Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum, sem henni sýnist til bæjarráðs, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það aukningu, þegar þurfa þykir.

7. gr.

Bæjarráð setur starfsmönnum bæjarins erindisbréf, nema það sé af bæjarstjórn sérstaklega falið öðrum.

8. gr.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyrir samkvæmt framanskráðu.

9. gr.

Bæjarstjórn ákveður þóknun fyrir störf bæjarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20 desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 3.80 hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.
auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
 - a) Fyrir verzlunir, vinnustofur og skrifstofur kr. 1.20 á ferm. á mánuði.
 - b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þl. kr. 0.60 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu 3000 kwst. ársnotkun kr. 2.75 hverja kwst.

— næstu 5000 — — — 2.00 — —

— umfram 8000 — — — 1.10 — —

32. Til matvælaíðnaðar ef uppsett vélaafll fasttengdra véla er yfir 20 kwst.:

a) á 74 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

b) á 105 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

c) Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:

Aflgjald af notuðu afli kr. 1000 á kwst. á ári.

Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.35 á kwst.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst.

42. Til húshitunar um kwst.mæli á 24 aura kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegi og síðdegis.

43. Til húshitunar um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á dag á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

44. Til húshitunar um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

45. Til fasttengdra bókunarfna og gufukatta í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8 og 105 aura á hverja kwst. á tímanum frá kl. 8 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

A. Að vélaafll, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.

C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 1.70 hver kwst.

2. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 475.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforkuna eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr. 5.00 á mánuði.
2. — þrífasa — 50 — —	— 10.00 — —
3. — — — 50 til 100 A.	— 15.00 — —
4. — mestaafli mælum 100 A. og minni	— 35.00 — —
5. — — — yfir 100 A.	— 75.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkv. töflu, sem hér fer á eftir:

Málstraumur stofnvara.

60 amp. 1 fasa	kr. 3700.00
100 — 1 —	— 4900.00
60 — 3 —	— 4900.00
100 — 3 —	— 6600.00
200 — 3 —	— 13200.00
350 — 3 —	— 23100.00
150 Kwa.	— 26500.00
300 —	— 53000.00
500 —	— 88500.00

Fari jarðstrengsheimtaug fram úr 20 m skal húseigandi greiða yfirlengdargjald. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Heimtaugargjald skal greiða við umsóknir.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og beitingaskúra greiðist eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 25 á skrifstofu rafveitunnar.

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 102 8. ágúst 1958.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 231.

24. desember.

AUGLÝSING

fyrir Sundlaugarnar í Reykjavík.

1. Einstakir aðgöngumiðar:			
Fullorðnir	kr.	8.00
Börn	—	2.50
2. Afsláttarmiðar:			
Fullorðnir	10 miðar	— 60.00
—	20 —	— 105.00
Börn	10 —	— 20.00
—	20 —	— 35.00
3. Sundnámskeið — 20 skipti:			
Fullorðnir	—	200.00
Börn	—	120.00
4. Leiga:			
Sundskýla	—	7.00
Sundbolur	—	8.00
Handklæði	—	7.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er gjaldskrá fyrir Sundlaugarnar í Reykjavík nr. 202 frá 11. desember 1961 úr gildi felld.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Reykjavíkur.

1. Einstakir aðgöngumiðar:			
Fullorðnir	—	klefar kr. 11.00
—	—	skápar — 9.00
Börn		— 3.00
2. Afsláttarmiðar:			
Fullorðnir	—	klefar 10 miðar — 75.00
—	—	— 20 — — 140.00
—	—	skápar 10 — — 70.00
—	—	— 20 — — 120.00
Börn	—	10 — — 25.00
—	—	20 — — 42.00
3. Sundnámskeið 20 skipti:			
Fullorðnir		— 200.00
Börn		— 120.00
4. Leiga:			
Sundskýla		— 7.00
Sundbolur		— 8.00
Handklæði		— 7.00
Geymsluhólf (þvottur á sundfötum og handklæðum)		— 75.00
5. Íþróttafélög:			
Félagar 16 ára og eldri, hver æfing		— 5.00
— yngri en 16 ára, hver æfing		— 2.00

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur, nr. 198 29. nóv. 1961, felld úr gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Sundlaug Vesturbæjar.

1. Einstakir aðgöngumiðar:			
Fullorðnir	kr.	9.00
Börn	—	3.00
2. Afsláttarmiðar:			
Fullorðnir	10 miðar	— 70.00
—	20 —	— 120.00
Börn	10 —	— 25.00
—	20 —	— 42.00
3. Sundnámskeið 20 skipti:			
Fullorðnir	—	200.00
Börn	—	120.00
4. Leiga:			
Sundskýla	—	7.00
Sundbolur	—	8.00
Handklæði	—	7.00
5. Íþróttafélög:			
Félagar	16 ára og eldri, hver æfing	— 5.00
—	yngrri en 16 ára, hver æfing	— 2.00
6. Gufuböð:			
Einstök skipti,	60 mín.	— 25.00
Fastur baðtími,	6 í hóp, hvert skipti 60 mín.	— 15.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er auglýsing um gjaldskrá fyrir Sundlaug Vesturbæjar nr. 175 frá 27. nóvember 1961 úr gildi felld.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Hvolhreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað kl. 18.00 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8.00 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undan-
teknningar frá þessu er hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00, nema þegar aðfangadagur og gamlársdagur eru mánudagar, þá má hafa opið til kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag, skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13.00 á laugardögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal loka eigi síðar en kl. 12.00 á laugardögum.

Þó er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00 og annan laugardag í desember til kl. 18.00. Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19.00 á föstudögum.

3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum, og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 8.00 árdegis til kl. 12.00 á hádegi. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. september skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða né félagsheimilis Hvolhrepps, afgreiðslu og starfrækslu þess þann tíma, sem veitingahús og skemmtistaðir mega hafa opið.

4. gr.

Olíuafgreiðslum og sælgætisbúðum má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, sælgætis, öls, gosdrykkja og tóbaksvara sem hér segir:

Frá kl. 9.00 að morgni til kl. 23.00 að kvöldi sumarmánuði, en til kl. 22.30 vetrarmánuði. Þó skal þessum búðum lokað alveg nýjársdag og jóladag, en aðfangadag og gamlársdag lokað eigi síðar en kl. 16.00. Þeim aðiljum, sem velja sér það verzlunarform, sem um getur í þessari grein, ber að greiða í sveitarsjóð Hvolhrepps árlega kr. 5000.00, og sé gjalddagi þessa gjalds 2. janúar ár hvert.

Sé hins vegar fleiri vörur en upp eru taldar í grein þessari svo sem: almennar matvörur, fatnaður, vefnaðarvörur og ýmiss konar önnur vara, seldar í þessum sælgætisbúðum, ber að greiða umfram í sveitarsjóð á sama gjalddaga kr. 10000.00.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Þeir farandsalar, sem vilja selja varning sinn í félagsheimili hreppsins eða annars staðar innan sveitarfélagsins, skulu fá til þess sérstakt leyfi hreppsnefndar í hvert sinn, og greiða gjald fyrir sem hreppsnefnd ákveður.

Heimilt er hreppsnefnd að neita alveg um leyfið.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 200.00—500.00 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hvolhrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um sama efni, dags. 24. maí 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164 2. október 1962.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 4.77“ í 3. gr. komi: kr. 5.34.

2. gr.

9. gr. falli burt, og breytist greinatala skv. því.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í hinni nýju gjaldskrá hitaveitunnar, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 4% álagi.

2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 8% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár, og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurreppur skuli sameinaður Snæfjallahreppi.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Snæfjallahrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurreppur verði sameinaður Snæfjallahreppi, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Grunnavíkurrepp skal sameina Snæfjallahreppi í eitt hreppsfélag, er nefnist Snæfjallahreppur.
2. Snæfjallahreppur hinn nýi skal taka yfir allt land Grunnavíkurrepps og Snæfjallahrepps hinna fornu, og skulu mörk Snæfjallahrepps hins nýja vera hin sömu og mörk þeirra hreppa voru fyrir sameininguna gagnvart Nauteyrarhreppi, Sléttuhreppi og Árneshreppi.
3. Hreppssjóði Grunnavíkurrepps, sem nú er í vörzlum sýslumanns Ísafjarðarsýslu að fjárhæð kr. 41815.33, skal varið til að standa straum af framfærslu styrkþega Grunnavíkurrepps, sem voru þegar hreppurinn lagðist niður, þar til hann þrýtur, en að honum þrotnum tekur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að sér að greiða þann hluta framfærslu nefndra styrkþega, sem Grunnavíkurreppi hefði ella borið að greiða.

Að öðru leyti annast Snæfjallahreppur hinn nýi þá framfærslu, sem á hann kann að falla lögum samkvæmt.

4. Eftir sameiningu umræddra hreppa hvíla allar þær aðrar skyldur, sem lögum samkvæmt hvíldu á báðum hreppunum, á Snæfjallahreppi hinum nýja, enda nýtur hann allra þeirra réttinda, sem þeim hreppum bar að lögum fyrir sameininguna.
5. Bækur og skjöl Grunnavíkurrepps hins forna skulu varðveitt í héraðsskjalasafni Norður-Ísafjarðarsýslu, en hreppsnefnd Snæfjallahrepps skal eiga aðgang að þeim, þegar hún þarfnast.
6. Sameining Grunnavíkurrepps og Snæfjallahrepps, hinna fornu, skal miða við 1. janúar 1964.

Verði ágreiningur út af ofangreindri sameiningu skal úr honum skorið af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

Heimtaugargjöld.

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Liður nr.	Málstraumur málaun	Jarðstrengur	Jarðstrengur		Loftlína	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
1	25 A	1-fasa			2400	2800
2	60 A	—	3700	240	2800	3200
3	100 A	—	4900	290	3600	4000
4	25 A	3-fasa			2800	3200
5	60 A	—	4900	290	3600	4000
6	100 A	—	6600	330	4800	5000
7	200 A	—	13200	500	9600	6000
8	350 A	—	23100	750		
9	150 kVA	—	26500			
10	300 kVA	—	53000			
11	500 kVA	—	88500			

Málstraumur, A, merkir ampére. Málaun kVA, merkir kilóvoltampere (sérspennistöð).

3. gr.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu leið að varkassa.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda.

4. gr.

Sá nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI

Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 amp. kr.	35—50 amp. kr.	55—100 amp. kr.	Yfir 100 amp. kr.
Einfasa, kwst.mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér	36			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	78	132	153	252
Tvígjaldsmælar, mestumælar	132	153	240	384

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis eftir nánari ákvörðun rafmagnsstjóra.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 1. ml. 2. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI

Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið svo sem hér segir:

1. Kr. 4.00 hvert kwst., sem seld er um kwst.mæli.
2. Kr. 550.00 hvert árshektóvatt, sem selt er um hemil eða hemilmæli, enda standi hemilstillingin ávallt á heilu hw og sé bil milli tveggja stillinga eigi minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld skv. 1. tl. Heimilt er að selja raforku til útlýsingar skv. þessum lið, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og rafmagn til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki viðhaldskostnað að fullu.
3. Kr. 1.06 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 550.00 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfplatarmáls rýmis þess, er lýsa skal og kr. 17.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal fermetragjaldið vera þriðjungur af framangreindu fastagjaldi.
4. Kr. 114.00 hvert árshw., og öll notkun kr. 1.06 kwst., ef um meira en 2.5 kw.afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 600 klst. Verði aflmælingu, skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfplatarmáls 15 wött á kr. 69.00 árshw.

Nú er notuð lýsing með flúrlömpum, og er þá heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við volampére í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

1. Raforka til ljósa um sérmæli, skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld kr. 1.00 kwst., og er heimilt að selja til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum, raforku skv. þessum lið, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Kr. 0.87 hvert kwst., sem seld er um kwst.mæli og auk þess fastagjald kr. 84.00 á ári af hverju íbúðarherbergi. Heimilt skal að selja til notkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum raforku til suðu, skv. þessum lið, enda sé þá selt um sérmæli, en herbergjagjald ekki reiknað. Sama gildir um sölu á raforku til súgþurrkunar á heyi.
3. Kr. 2972.00 hvert árskw., sem selt er um hemilmæla og auk þess kr. 0.82 hver kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö. Heimilt skal að selja skrifstofum, verzlunum og verkstæðum raforku skv. þessum lið, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla. Stilling hemils skal þá miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins, en ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, þá 2. tl. 7. gr.
4. Kr. 0.75 hver kwst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélareksturs skal ákveðið svo sem hér segir:

1. Kr. 2.00 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli. Lágmarksárgjald skal þó vera kr. 1350.00, en þó aldrei lægra en kr. 460.00 á ári fyrir hvert uppsett kw. í málraun véla. Heimilt er að selja orku eftir þessum lið með fastagjaldi fyrir vélar og reikna kr. 860.00 á uppsett árs kw., en auk þess skal greiða kr. 1.00 fyrir hverja kwst.
2. Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:

Kr. 670.00	á	árskw.	fyrir	fyrstu	50	kw.
— 560.00	—	—	—	næstu	50	—
— 450.00	—	—	—	100	—	og meira.

Auk þess skal greiða gjald sem hér segir:

Fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun á kr. 0.34 hver kwst. Umfram 200 000 kwst. ársnotkun á kr. 0.25 hver kwst.

3. Kr. 2170.00 fyrir hvert árskw., sem selt er um hemilmæli, og kr. 1.06 hver kwst., sem umfram er.

Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

4. Kr. 2.10 fyrir hverja kwst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

1. Kr. 0.43 hvert kwst., seld um kwst.mæli, enda sé lágmarksnotkun 10000 kwst. á ári.

2. Kr. 0.37 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumur er rofinn kl. 10.45—12.00 og kl. 18.30—19.45.

Heimilt er jafnhliða þessu ákvæði að selja raforkuna, skv. 2. tl. 8. gr., enda skal þá fastagjald vera kr. 834.00 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 384.00 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 2370.00 á ári.

Selja má raforku skv. 1. mgr. þessa liðar án klukkurofa, þar sem raforkan er notuð til hitunar á neytluvatni, stórra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

3. Kr. 0.27 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, kl. 10.00—12.00 og 2 klst. á tímanum kl. 17.00—21.00.
4. Kr. 0.17 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9.00—21.00, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem stærra er en 2000 rúmm. eða aðra hliðstæða notkun á afl, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.
5. Kr. 0.23 hver kwst., sem seld er um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 0.87 hver kwst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

Heimilt er að selja raforku til vélareksturs skv. þessum lið, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða og árlegur notkunartími meira en 500 klst., en rjúfa þar þá strauminn með klukkurofa á tímabilinu kl. 10.45—12.00.

11. gr.

Rafmagnsstjóri má, með samþykki borgarráðs, selja raforkuna eftir sérstökum samningi.

Rafmagnsstjóra er heimilt að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígrípa-notkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar þar sem hann telur þess þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds.

Rafmagnsstjóra er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl. hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á kaupgjaldsvísitölu eftir 1. marz 1959 eða grunnkaupi, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 4%. Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlíð allt að 10-földu verði. Í út-reikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 25.00, fyrir að setja á straum að nýju.

15. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til rafmagnsveitunnar.

16. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar, skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukku-rofa og búnaði öllum sé hagað, skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

17. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m², skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

18. gr.

Söluskattur er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

19. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

20. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í gjaldskrá þessari, skal framkvæmd samkv. eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd eftir eldri gjaldskrá með

4.0%	álagi á taxa	skv. A-lið
2.0%	— — — —	B-lið
4.5%	— — — —	C-lið
3.0%	— — — —	D- og E-liðum.

2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með

8.0%	álagi á taxa	skv. A-lið
4.0%	— — — —	B-lið
9.0%	— — — —	C-lið
6.0%	— — — —	D- og E-liðum.

3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar, og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 210 30. nóvember 1960, ásamt síðari breytingum.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun skipa o. fl.

1. gr.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir opinn bát	kr.	200
— — — með vél	—	300
— þilfarsskip minna en 15 rúml.	—	800
— — 15 rúml. allt að 30 rúml.	—	1200
— — 30 — — 50 —	—	1600
— — 50 — — 100 —	—	2000
— — 100 — — 200 —	—	2800
— — 200 — — 300 —	—	3400
— — 300 — — 400 —	—	4000
— — 400 — — 800 —	—	4800
— — 800 — — 1200 —	—	5000
— — 1200 — — 2000 —	—	6000
— — 2000 — — 5000 —	—	7000
— — 5000 — og stærri	—	8000

Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 brl., skal greitt hálf gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.

Fyrir sérstaka aukaskoðun skal greiða samkvæmt reikningi eftirlits eða skoðunarmanns, að viðbættum 30%.

3. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðra stálskipa, sem smíðuð eru innanlands, skal greiða fjórfallt gjald samkvæmt 1. gr.
2. Fyrir eftirlit með smíði skipa erlendis skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni samkvæmt reikningi, að viðbættum 30% til Skipaskoðunar ríkisins. Þó skal skipaskoðunarstjóra heimilt að fella 30% álagið niður af ferðakostnaði þar sem hann ekki skiptist á minnst fimm skip. Sama gildir um viðgerðir eða breytingar skipa ytra.

Skipaskoðun ríkisins skal heimilt að innheimta kr. 10000.00 vegna eftirlitsins, þegar gengið hefur verið frá samningi um smíði skips erlendis. Við fyrstu skoðun skal þá eftirlitskostnaður gerður upp.

3. Fyrir eftirlit með breytingum og viðgerðum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greiða gjald samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli skal greiða:

Skip með vél minni en 400 hestöfl	kr. 1200
— — — frá 400 til 800 hestöfl	— 1500
— — — 800 hestöfl og þar yfir	— 2500

5. gr.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu hleðslumerkjaskírteinis samkvæmt þeim, ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 rúml.	kr. 2500
— — 100 rúml. allt að 500 rúml.	— 3500
— — 500 — — 1000 —	— 4500
— — 1000 — — 2000 —	— 6000
— — 2000 — — 5000 —	— 8000

sem skipið er umfram 5000 rúml.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 1000.00.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar hleðslumerkjaskírteinis og útgáfu þess, kr. 1500.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða kr. 500, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Fyrir endurskoðun smíðauppdráttar skal greiða:

Fyrir opinn bát	kr. 600
— þilfarsbát minni en 15 rúml.	— 1000
— skip 15 rúml. allt að 30 rúml.	— 1600
— — 30 — — 50 —	— 2400
— — 50 — — 100 —	— 3200
— — 100 — — 300 —	— 5000
— — 300 — — 1000 —	— 6000
— — 1000 — — 3000 —	— 7000
— — 3000 — og stærri	— 8000

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins.

Fyrir endurskoðun uppdráttar vegna breytinga á skipi eða viðgerða, skal greitt samkvæmt reikningi skipaskoðunarinnar.

7. gr.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, sem ekki er sérstaklega getið í reglugerð þessari, skal greitt samkvæmt reikningi, eftir því sem skipaskoðunarstjóri ákveður.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. skulu innheimt af bæjarfógetum og sýslumönnum (í Reykjavík af tollstjóra) eftir reikningum, er þessir aðilar gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Framangreindir innheimtumenn skulu greiða skoðunarmönnum Skipaskoðunar ríkisins laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi í tvíriti. Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

9. gr.

Gjöld samkvæmt 2.—7. gr. skulu innheimt af sömu aðilum og um getur í 8. gr., eftir reikningum, sem Skipaskoðun ríkisins gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta þessi gjöld á skrifstofu skipaskoðunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

10. gr.

Innheimtumenn, sbr. 9. gr., skulu nota tölusettar frumbækur (gerð I) í fjórriti við innheimtuna.

Skal frumrit afhent sem kvittun til skipseiganda, eitt afrit sent samgöngumálaráðuneytinu, annað Skipaskoðun ríkisins og því þriðja heldur innheimtumaður eftir. Þó er tollstjóranum í Reykjavík heimilt, þar sem ekki er um að ræða sérstaka þóknun til skoðunarmanna, að innheimta gjöld samkvæmt 1. gr. eftir skrá, er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann samgöngumálaráðuneytinu og skipaskoðuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja síðan samgöngumálaráðuneytið um þóknun skoðunarmanna samkvæmt afritum reikninga þeirra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50. gr. laga, um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa o. fl., nr. 7 15. janúar 1960.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1964 samkvæmt eftirfarandi lista.

Listinn skiptist í tvo kafla. Í I. kafla eru taldar vörur, sem úthlutað verður þrisvar sinnum á árinu, í janúar/febrúar, júní og október. Í II. kafla eru vörur, sem bankarnir skulu úthluta á árinu 1964 á þeim tíma, sem þeir telja nauðsynlegt.

Tollskrá Kafli nr.	I. KAFLI Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
19.07.00		
19.08.00	Brauðvörur, ót. a., þó ekki súkkulaðikex	kr. 3 300 000
20.06.01		
20.07.01	Ávaxtapulpa, ósykruð, og ávaxta- og grænmetissafi, ógerja- aður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri	— 3 500 000
25.23.00	Portlandssement, alúminatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sementsgjall	— 1 200 000
42.02.00	Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatösk- ur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæra- töskur o. þ. h. úr leðri, leðurlíki og pappa, en ekki úr vulkanfiber, plastplötum eða þynnum eða vefjatrefjum	— 300 000
42.03.02		
42.03.09	Hanzkar og annar fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum tilheyrir, þó ekki belti	— 1 200 000
43.03.00	Vörur úr loðskinnum	— 500 000
44.05.19		
44.13.19	Annar trjáviður úr barrtrjám, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meira en 5 mm á þykkt; annar trjáviður úr barrtrjám, hefl- aður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt	— 30 000 000
44.15.00		
44.16.00		
44.18.00	Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri); holplötur (lamelplöt- ur), einnig lagðar ódýrum málum; gervitrjáviður úr spónum o. s. frv.	— 9 000 000
48.09.00	Byggingaplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpax, gerviharpax eða öðrum þess háttar bindiefnum	— 6 000 000
48.01.20		
48.07.10		
48.14.01—		
48.14.09		
48.15.03	Prentpappír, skrifpappír og aðrar vörur til bréfaskrifta ..	— 12 000 000

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
48.17.00		
48.18.00	Ýmsar pappírsvörur	kr. 2 000 000
55.07.10		
55.07.20		
55.08.10		
55.08.20		
55.09.13—		
55.09.19		
55.09.23		
55.09.29		
58.04.11		
58.04.19	Baðmullarvefnaður, þó ekki segl- og pressenningsdúkur ..	— 34 000 000
59.02.01		
59.07.01		
59.08.02		
59.09.09	Flóki, bókbandsléreft, vaxdúkur	— 800 000
59.10.00	Línoleum með undirlagi úr spunaefni til hvers konar nota, einnig í tilskornum stykkjum; gólfdukur gerður úr spunaefni að undirlagi og það þakið öðru efni en því, sem í línoleum er notað, einnig í tilskornum stykkjum	— 5 000 000
60.02.01		
60.02.02	Hanzkar, vettlingar og belgvettlingar, þrjónaðir eða hekl- aðir úr ull eða baðmull, ekki teygjanlegir eða gúmmi- bornir	— 200 000
60.03.01		
60.03.02	Heilsokkar kvenna og aðrir sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum	— 10 000 000
60.05.00	Ytri fatnaður og aðrar vörur, þrjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmibornar, þó ekki úr silki, gervi- þráðum eða ull	— 400 000
64.01.09	Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmii eða plasti, þó ekki sjóstigvél og hliðstæð vaðstígvél, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	} — 4 500 000
64.02.01		
64.02.09	Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmii, þó ekki með yfir- hluta úr leðri eða skinni	
68.06.00		
68.08.00		
68.09.00		
68.11.01		
68.11.09		
68.12.01		
68.12.09		
68.13.09		
68.16.01—		
68.16.09	Vörur úr steini, asfalti, gipsi, sementi, asbestsementi og öðrum slíkum efnum, þó ekki valtarar og vélapéttingar, vefnaður og þráður úr asbesti	— 2 000 000

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
69.11.00		
69.12.00	Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulini (þar með talið biscuit og parían) og leir	
69.14.00	Aðrar vörur úr leir, ót. a., þó ekki óskreyttir blómsturpottar og vatnsbrúsar á miðstöðvarofna	} kr. 3 000 000
70.03.00		
70.04.00		
70.05.00		
70.06.00		
70.07.00		
70.09.00		
70.10.01—		
70.10.09	Gler, glerspeglar, þó ekki bifreiðaspeglar; ámur, flöskur, krukkur o. s. frv. úr gleri	— 13 500 000
73.10.11—		
73.10.22		
73.15.67—		
73.15.71		
73.11.10—		
73.11.20		
73.15.72—		
73.15.75		
73.13.10		
73.15.76		
73.15.77		
73.13.20		
73.15.78		
73.15.79		
73.13.30		
73.13.40		
73.13.59		
73.15.81		
73.15.82		
73.15.83		
73.15.84		
73.14.00		
73.15.87		
73.15.88		
73.17.00		
73.18.29—		
73.18.30		
73.20.00	Járn og stál í stöngum, prófiljárn, járn og stál í plötum og þynnum, þó ekki ryð- og sýruheldar krómstálpötur; járn- eða stálvír, þó ekki raf- og logsuðuvír; járn- og stálpípur og pípuhlutar (fittings)	— 55 000 000
73.21.01—		
73.21.09		
73.22.00		

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
73.23.01		
73.26.00		
73.27.01		
73.31.01		
73.31.09		
73.35.00		
73.37.01—		
73.37.09		
73.38.29		
73.40.43		
73.40.47		
73.40.49	Aðrar vörur úr járni og stáli, sem teljast til þessara toll- númera og ekki er frjáls innflutningur á	kr. 12 500 000
85.01.00	Rafhreyflar og spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorescentljós	— 7 000 000
85.04.00	Rafgeymar og efni til þeirra	— 3 000 000
85.23.01	Jarð- og sæstrengir	— 10 000 000
98.05.00	Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý, litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít, klæðskera- og billiardkrít	— 800 000
		Kr. 230 700 000

II. KAFLI

01.01.00—		
01.06.20	Lifandi dýr	kr. 10 000
04.01.00—		
04.05.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg	— 100 000
07.01.10	Kartöflur, nýjar	— 2 000 000
11.07.00	Malt, óbrennt eða brennt	— 150 000
15.01.00—		
15.04.00		
15.06.00	Feiti og olía úr dýraríkinu, þó ekki ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanolin)	— 250 000
17.01.21—		
17.01.24	Molasykur og strásykur	— 25 000 000
17.01.27		
17.02.01		
17.04.01—		
17.04.09	Steinsykur (kandís), drúfusykur (glúkósi) og sykurvörur, sem ekki er kakaó í	— 250 000
25.20.01—		
25.20.09	Gips, anhydrit, brennt gips, einnig litað eða lítils háttar bætt mýkingarefnum (þó ekki gips til tannlækninga)	— 100 000
27.01.10	Steinkol	— 700 000
27.04.00	Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó ...	— 300 000
34.06.00	Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum	— 25 000
40.08.02	Annað svampgúmmi, þó ekki bönd, stengur og þræðir ..	— 200 000
40.06.00		
40.08.03	Gólfdukar úr gúmmi	— 150 000

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
44.23.01		
44.23.02	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra; tilhöggvin hús	kr. 500 000
46.03.09	Körfugerðarvörur	— 50 000
48.01.53		
48.03.09		
48.05.00		
48.07.23		
48.12.00	Veggpappi, gólfpappi, pergamentpappir, bylgjupappir og bylgjupappi, þakpappi, gólfpappir	} — 2 000 000
48.16.01	Pappakassar og öskjur	
58.01.00		
58.02.00		
58.03.00	Gólfteppi (þar með taldir gólfreglar og mottur); handofin og handsaumuð veggteppi	— 1 200 000
60.03.04		
60.04.02	Sokkar, leistar, sokkahlifar og annað þess háttar úr baðmull, nærfatnaður, þrjónaður úr baðmull, ekki teygjanlegur eða gúmmiborinn	} — 1 500 000
61.03.01—		
61.03.09		
61.04.01		
62.01.10—		
62.01.30		
62.02.00		
62.04.02	Fatnaður og vörur úr vefnaði	
62.04.09		
70.11.00		
70.13.00		
70.21.09	Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeinda- lampa o. þ. h., borðbúnaður, snyrtiáhöld o. s. frv., þó ekki skrautmunir úr gleri, aðrar vörur úr gleri, ót. a.	— 900 000
76.02.09	Vir, ekki einangraður, og gaddavír úr alumínium	— 500 000
84.48.00	Hlutar og hjálpartæki til járn- og trésmíðavéla	— 4 000 000
93.01.00—		
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	— 2 000 000
94.01.00		
94.03.00		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki húsgögn fyrir lækniáðgerðir (nr. 94.02.00) og skjalaskápar úr járn og stáli	— 800 000
96.01.00		
96.02.01—		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vél- um, málningarrúllur, gúmmiþvögur og skaftþvögur ..	— 1 000 000

Tollskrá	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1964
Kaffli nr.		
97.01.00—		
97.03.00		
97.04.01		
97.04.09		
97.05.00	Leikföng og smálíkön til leikja og skemmtunar; samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna, þó ekki spil, grímuballsvörur, skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o.þ.h.: jólatrésskraut og annað jólaskraut	kr. 1 500 000
99.01.00—		
99.06.00	Listaverk, safnmunir og forngripir	— 500 000
	Vörur, sem falla undir önnur tollnúmer og ekki er frjáls innflutningur á	— 500 000
		Kr. 46 185 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	300 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg	600 —

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en jafnkeypslöndum (Austur-Þýzkalandi, Brazíliu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi).

Umsóknir um fyrstu úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 20. janúar 1964.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. desember 1963.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverzlana í Reykjavík þ. á m. sölu- turna, svo og einnig til brauð- og mjólkurbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkæzt hafa í hverri grein.

Borgarstjórn getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa þein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmynda- stofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og benzínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, merkja- sölu og annars slíks.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar

borgarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 13.00 á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, en til kl. 16.00 á tímabilinu 1. október til 30. apríl.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlunir opnar til kl. 24.00.

Borgarráð getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrir en segir í grein þessari.

3. gr.

Borgarráð getur heimilað tilteknum fjölda verzlana að hafa opið til kl. 22.00 alla daga, nema þá, sem um getur í A-lið 7. gr., sbr. og C-lið sömu greinar.

Fjöldi slíkra verzlana og nánari tilhögun alla ákveður borgarráð að fengnum tillögum stjórnar Kaupmannasamtaka Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Að því skal stefnt, að íbúar í skipulögðum íbúðarhverfum borgarinnar geti náð til verzlunar, þar sem á boðstólum er sæmilegt úrval helztu nauðsynjavara, enda sé verzlunin ekki óhæfilega langt frá heimilum þeirra. Við það skal miðað, að verzlunir í borginni hafi sem jafnastan rétt til þessarar verzlunarþjónustu, þó innan þeirra marka, sem heildarskipan þessara mála setur.

Áður en borgarráð tekur endanlega ákvörðun um tillögur þær, sem um ræðir í 2. mgr., skal gefa Húsmæðrafélagi Reykjavíkur, Neytendasamtökunum og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur kost á að láta í ljós álit sitt um þær.

4. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00 virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 7. gr., skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Borgarráð getur, að fengnum tillögum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna eða sambærilega sölustaði, og fer þá um afgreiðslutíma þeirra, svo sem segir í 3. gr., 1. mgr., þó þannig að borgarráð getur heimilað, að þeir verði opnir til kl. 23.30.

Sölustaðir þeir, er um getur í 1. mgr., skulu algerlega aðgreindir frá verzlun eða birgðageymslu verzlunar, og má sala þar einungis fara fram um söluop.

Þar skal heimilt að selja kort, frímerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, handsápu, tannkrem, rafhlöður, ragmagnsperur, spil, skyndiplástur og annað slíkt. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað selja megi á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað. Á hverjum sölustað skal komið fyrir á stað, þar sem viðskiptamenn geta greinilega séð, skrá um, hvað selja má á staðnum, og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni nefndarinnar.

Borgarráð getur og heimilað, að söluturnar með biðskýli, er starfa samkvæmt sérstöku samkomulagi við borgarráð, megi vera opnir til kl. 23.30 alla daga

nema þá, er um getur í A-lið 7. gr., sbr. og C-lið. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvaða vörur þar megi hafa til sölu, sbr. 3. mgr., og setur nánari skilyrði um umbúnað allan.

6. gr.

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, heimilað, að verzlani, sem eingöngu selja smurt brauð, öl, gosdrykki og mjólk, megi vera opnar með þeim hætti, er um getur í 1. mgr. 3. gr.

Enn fremur getur borgarráð með sama hætti heimilað, að fyrirtæki, er selja um söluop og hafa eingöngu á boðstólum heitar pylsur, smurt brauð, annan tilbúinn mat innpakkaðan, mjólk og heita drykki, megi vera opnar til kl. 23.30. Að fengnum meðmælum lögreglustjóra getur borgarráð leyft að sala fari þar fram eftir kl. 23.30, en þá skal jafnframt ákveðið, hvenær lokað skuli.

7. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði í 3.—6. gr.
- C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00.

8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripí eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

9. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verzlunaryfji þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verzlun eða sölustað, þegar lokað er.

10. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

Borgarráð getur og leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum að vori til og sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði, svo og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

11. gr.

Fyrir leyfi, skv. 5. gr., skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 10000.00 á ári, er greiðist fyrirfram fyrir hálf t. ári í senn. Ef leyfishafi er ekki jafnframt eigandi þess húsnæðis, sem sala fer fram í, getur borgarráð sett það skilyrði fyrir veitingu leyfis, að eigandinn ábyrgist jafnframt greiðslu gjaldsins.

Borgarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má borgarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1500 kr. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast gildi 1. febrúar 1964, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, ásamt breytingum, er á henni hafa verið gerðar, þ. e. samþykktum nr. 20 12. febrúar 1947, nr. 155 13. nóv. 1948 og nr. 90 28. maí 1957.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til kvöldsölu, sem nú eru í gildi, skulu halda gildi sínu til og með 31. janúar 1964.

Nú hefur aðili lagt í verulegan kostnað við að breyta sölustað, þar sem hann rekur nú kvöldsölu, til samræmis við ákvæði samþykktar þessarar, og getur borgarráð fellt niður leyfisgjald hans árið 1964 að nokkru eða öllu leyti.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

S A M Þ Y K K T

um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupþúni.

1. gr.

Sölubúðum í Dalvíkurkaupþúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18 og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðasta laugardag fyrir jól, eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.

Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

Á tímabilinu 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en klukkan 13 á laugardögum, en á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar, samanber þó 4. og 5. gr.

Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegis, ef þá daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Sveitarstjórn getur leyft að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða þannig, að heimilt sé að selja í gegnum söluop eins og hér segir:

Á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl til kl. 22, og á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept. til kl. 23.30.

Má í verzlunarstöðum þessum selja þann varning, sem heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag háð samþykkt heilbrigðisnefndar. Í verzlunarstöðum þessum má sala fara fram á virkum og helgum dögum. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag, aðfangadag jóla og gamlársdag samkvæmt því, sem segir í 2. gr.

Fyrir leyfi til verzlunarreksturs, samkvæmt þessari grein, skal leyfishafi greiða árlegt gjald til sveitarsjóðs. Sveitarstjórn ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lög taki.

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs samkvæmt þessari grein m. a., að leyfið sé afturkallanlegt, hvenær sem er, ef leyfis-skilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru veitingastaðir, er selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi heilbrigðisnefndar. Skal þeim heimilt að hafa opið frá kl. 8 árdegis til kl. 23.30 síðdegis.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Varðandi farandsala, er vilja selja vörur sínar í Dalvíkurhreppi, komi til leyfi sveitarstjórnar gegn ákveðnu gjaldi.

Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol og salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti vörum í geymsluhúsum verzlana.

7. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki hreppsnefndar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 200.00–500.00 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 20 17. febrúar 1954, um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupúni.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUR**um hleðslu síldveiðiskipa á vetrarsíldveiðum.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um öll fiskiskip, er stunda vetrarsíldveiðar, mánuðina október til apríl.

2. gr.

Útbúnaður á síldveiðiskipum skal vera samkvæmt 39. gr. reglna um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

Þó skal leyft að nota lestarborð úr aluminium, enda uppfylli þau kröfur Skipaskoðunar ríkisins um styrkleika.

Séu hillur notaðar í lestum, skal skipstjóri sjá svo um, að alltaf verði fyllt neðst í lest, undir hillum, áður eða um leið og síld er sett á hillur. Óheimilt er að skilja eftir ófyllt rúm neðarlega í lest.

3. gr.

Lestarlúkurlur skulu lokaðar vatnspétt (skálkaðar), þegar síldarfarmi hefur verið komið fyrir í lest.

4. gr.

Eigi má lesta skip dýpra en að efri brún þilfars við skipshlið.

5. gr.

Austuropp skulu ávallt höfð opin, nema þar sem síldarfarmur hindrar, og séð skal svo um, að allur sjór geti runnið viðstöðulaust af þilfari fyrir borð. Eigi skal höfð meiri stíuuppstilling á þilfari en brún þörf krefur vegna farms.

Stærð austuroppa skal vera í samræmi við íslenskar reglur og reglur flokkunarfélags, og skal gerð þeirra viðurkennd af Skipaskoðun ríkisins.

6. gr.

Sé sildarnót höfð á bátapalli, ber, ef aðstæður leyfa og þörf krefur, að setja hana niður á aðalþilfar eða niður í lest á siglingu.

7. gr.

Frárennsli frá nótakassa á bátapalli skal vera riflegt, þannig að sem minnstur sjór bindist þar.

8. gr.

Skipstjóra ber að sjá svo um, að á siglingu í slæmum veðrum séu allar hurðir á aðalþilfari hafðar vel lokaðar.

9. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1964.

Árið 1964 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 2750.00
b. Karlar	— 2500.00
c. Konur	— 1875.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 25.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1964 skal greiða upp í iðgjald samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 1400.00
b. Konur	— 1000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Keflavíkurkaupstað.

Samkvæmt áður gerðum samþykktum bæjarstjórnar Keflavíkur eru eftirfarandi umferðartakmarkanir í Keflavíkurkaupstað í gildi:

Aðalbrautir eru:

Faxabraut milli Hafnargötu og Hringbrautar. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni, nema Suðurgötu, en þar er stöðvunarskylda. Biðskylda er á Faxabraut gagnvart umferð um Hringbraut og stöðvunarskylda gagnvart umferð um Hafnargötu.

Hafnargata. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni. Stöðvunarskylda er þó við Faxabraut, Víkurbraut, Vatnsnesveg, Tjarnargötu, Vesturgötu og Duusgötu gagnvart umferð um Hafnargötu.

Hringbraut. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að henni.

Vatnsnesvegur. Biðskylda er við allar götur, sem að honum liggja.

Tjarnargata milli Hafnargötu og Hringbrautar. Biðskylda er við allar götur, sem að henni liggja.

Vesturbraut. Biðskylda er við allar götur, sem að henni liggja. Stöðvunarskylda er þó við Duusgötu, þannig að umferð um hana vikur fyrir umferð um Vesturbraut. Biðskylda er á Vesturbraut gagnvart umferð um Hringbraut.

Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Hafnargötu austan götunnar á móts við húsin nr. 59, 77 og 79 og vestan götunnar á móts við húsin nr. 78 og 80, þó er heimilt að stöðva sérleyfishifreiðir á þessum stöðum. Enn fremur eru bifreiðastöður bannaðar vestan götunnar á móts við húsin nr. 30—38.

Einstefnuakstursgötur eru:

Aðalgata ekin í vestur frá Túngötu að Kirkjuvegi.

Klapparstigur ekin í austur.

Þá er og einstefnuakstur á athafnasvæði Sérleyfishifreiða Keflavíkur við Hafnargötu, þannig að ekið er inn á svæðið að norðan og út af því að sunnan.

Hámarks hraði ökutækja í umdæminu er 35 km.

Umferðarmerkjum hefur verið komið fyrir í samræmi við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 30. desember 1963.

Alfreð Gíslason.

REGLUGERÐ um tekjuskatt og eignarskatt.

I. KAFLI Um skattskyldu.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglugerð þessari, að greiða skatt í ríkissjóð af öllum tekjum sínum og eignum, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru.

Heimilisfastur hér á landi skal í þessu sambandi teljast:

- a. Íslenskur ríkisborgari, sem hér á lögheimili, sbr. lög nr. 35/1960.
- b. Íslenskur ríkisborgari, sem flutt hefur hingað til þess að setjast hér að, þótt hann sé ekki búinn að fá hér lögheimili.
- c. Erlendur ríkisborgari, sem hér hefur dvalið eigi skemur en í 6 mánuði.
- d. Ríkisfangslaus maður, sem hér á lögheimili.

Maður, sem hingað flytur, til þess að eiga hér heimili framvegis, skal talinn hér heimilisfastur frá lokum flutningadags og ber hann þaðan í frá ótakmarkaða skattskyldu hér, þ. e. hann er skyldur til að greiða hér skatt af öllum tekum sínum, sem aflað er eftir flutningadag og eignum sínum eins og þær eru við næstu áramót eftir flutningadag, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru. Erlendir ríkisborgarar, ríkisfangslausir menn og aðrir, sem hér hafa dvalið í 6 mánuði eða lengur, skulu taldir bera hér ótakmarkaða skattskyldu frá því að dvalartíminn hófst.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann hefði dvalizt kyrr á landinu. Það skiptir eigi máli, hversu löng dvölin er erlendis (t. d. vegna kaupsýsluferðar, námsdvalar, skemmtiferðar o. s. frv.) ef maðurinn verður eigi talinn hafa brugðið heimilisfangi sínu.

Sérstök ákvæði skv. lögum nr. 22/1956 gilda um álagningu og innheimtu tekjuskatts útlendinga, sem hér hafa fengið landvistar- og atvinnuleyfi og þeirra íslenskra ríkisborgara, sem eru á förum úr landi.

2. gr.

Eftirtalin innlend félög, sjóðir og stofnanir, svo og innlend dánarbú og þrotabú, eru skyld til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglugerð þessari, að greiða skatt í ríkissjóð af öllum tekjum sínum og eignum, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru:

1. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem ekki eru talin í 2. tl. hér á eftir, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa, sbr. 2. tl. 6. gr.

2. Gagnkvæm ábyrgðarfélag, kaupfélag og önnur samvinnufélag.
3. Sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

Sameignarfélag, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki skatt af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og skattlagðar eru hjá þeim.

Nú eru ekki fleiri en þrjú félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er þá skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur ber að telja fram. Að því er varðar skattákvæðanir á árinu 1964 er þó nægilegt, að slík tilmæli komi fram á skattframtali það ár. Nægilegt er, að félag, sem stofnuð eru á skattárinu, komi fram með slík tilmæli á fyrsta skattframtali sínu.

4. Sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 7. og 8. gr.

Félag telst vera innlent, þ. e. hérlendis heimilisfast, ef það er skrásett hér á landi sem hérlent félag. Sé félagið ekki skrásett hér, þá skal það talið heimilisfast hér á landi, ef yfirstjórn þess hefur hér aðsetur sitt. Sama gildir um sjóði og stofnanir.

Dánarbú og þrotabú teljast heimilisföst hér á landi, ef hinn látni var heimilisfastur hér við dánardægur, og gjaldþroti, þegar gjaldþrotaurskurður er upp kveðinn.

3. gr.

Menn, sem ekki er heimilisfastir hér á landi, svo og erlend félög, sjóðir og stofnanir og erlend dánarbú og þrotabú, verða skattskyldir hér á landi, ef þeir hafa hér eða héðan tekjur eða eiga eignir sem að neðan greinir:

A. Tekjur:

1. Tekjur af fasteignum, sem slíkir aðilar eiga hér á landi.
2. Tekjur af atvinnurekstri, sem hér eða héðan er rekinn. Skatturinn leggst einungis á þá atvinnu, sem er rekin hér eða héðan, en önnur atvinna skiptir ekki máli.

Sama er, hvort atvinnan er rekin af erlendis búsettum aðilum eingöngu eða í félagi eða í sambandi við innlendan mann eða fyrirtæki, hvort fyrirtækið er sjálfstætt firma eða útibú, eða hvort umboðsaðili hérlendis er heimilisfastur hér eða erlendis.

Félög eða einstaklingar, sem heima eiga erlendis, en reka hér siglingar að staðaldri og hafa hér umboðsmann, verða skattskyld af þeirri atvinnu.

3. Arður af hlutafélagi í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfélagi í öðrum innlendum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, sbr. 2. gr. (Ef einstakir menn reka fyrirtæki, þá er það í þessu sambandi innlent, ef það er hér eða héðan rekið, sbr. 2. tl. þessarar gr.). Með arði ber að telja ágóðahlut til stjórnenda eða fulltrúa, og hvers konar aðra arðsúthlutun, sem félög eða fyrirtæki kunna að greiða hluthöfum sínum eða meðlimum.
4. Laun, biðlaun eða styrkur úr ríkissjóði, eða tekjur frá opinberri stofnun innlendri. Eftir þessu ákvæði skal gjalda skatt af öllum embættislaunum eða sýslunum, eftirlaunum, biðlaunum, styrkjum til námsmanna og listamanna, sem greiddir eru til erlendis heimilisfastra manna, sbr. þó 16. gr. B. 2. d. og 35. gr. A- og B-lið.

Opinberar innlendar stofnanir eru sveitarfélag og stofnanir og sjóðir þeirra, stofnanir, sjóðir og félög, sem eru undir stjórn ríkisvaldsins, eða teljast mega almennings eign.

5. Starfslaun eða kaup, annað en talið er undir 4. tl., þar með talin biðlaun og eftirlaun, þó eigi venjuleg umboðslaun greidd út úr landinu. Eigi skiptir máli, hvort starfið er leyst af hendi hér á landi eða annars staðar, eða hvort það er við atvinnurekstur eða aðra starfsemi, eða þótt fyrirtækið eða launagreiðandinn sé erlendis heimilisfastur, ef hann er hér skattskyldur.
6. Um skattgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl. gilda ákvæði laga nr. 22/1956.
7. Erlendis heimilisfastir sjómenn, sem vinna á íslenskum skipum, verða þó því aðeins skattskyldir hér af sjómannstekjum sínum, að þeir greiði ekki skatt af þeim annars staðar. En skatt skal leggja á þá, nema þeir færi sönnur á það, að þeir greiði skatt af þeim í öðru ríki.

Um aðra atvinnu skiptir eigi máli, þótt launin séu skattlögð erlendis, sbr. þó 4. gr.

- B. Eignir. Skattskyldan nær til allra þeirra aðila, sem um ræðir í A. 1.—7. hér að framan, og skattskyldar verða allar þær eignir, er gefa af sér tekjur þær, sem greinir í A. 1., 2. og 3. tl., eða við þá tekjuöflun eru bundnar, það er:

1. Fasteignir.
2. Eign eða eignahlutdeild í atvinnufyrirtæki eða einhverjar eignir, sem bundnar eru við atvinnurekstur, sem hér eða héðan er rekinn.
3. Hlutfé í innlendu hlutafélagi eða stofnfé eða framlag í innlendu félagi. Skiptir eigi máli, hvort hlutabréfin eru geymd hér á landi eða annars staðar.

Það sem að framan er sagt um skattskyldu tekna af þessum eignum, gildir einnig um eignarskatt, að því leyti sem við á.

Aðrar tekjur og eignir erlendis heimilisfastra manna en að ofan eru taldar, skipta eigi máli. Verða þeir því eigi skattskyldir af neinum tekjum, sem þeir hafa erlendis frá eða þótt þeir eigi t. d. innstæður í lánsstofnunum hér eða inneignir hjá innlendum fyrirtækjum, ríkisskuldabréf, bankavaxtabréf eða önnur skuldabréf, og hafi vaxtatekjur af þeim o. s. frv., nema eignir þessar séu bundnar við atvinnurekstur, sbr. 2. tl. B-liðar þessarar gr. Sama gildir um annað lausafé.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekjuskatti og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra skattadilja. sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki. Ákvæði þessarar reglugerðar gilda því aðeins, að þau brjóti eigi í bága við slíka samninga.

5. gr.

Eftirtaldir menn eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti:

1. Forseti Íslands.
2. Handhafar valds Forseta Íslands eru undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir það starf.
3. Þeir, sem starfa erlendis í þjónustu íslenzka ríkisins, eru undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir slík störf. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi, sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá útsendum ræðismönnum, eða eru fastir fulltrúar Íslands við alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að.
4. Embættismenn, fulltrúar og aðrir, sem erlendis starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, eru undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, sem þeir fá fyrir slík störf skv. því, sem ákveðið er í samningum þeim, sem Ísland er aðili að.
5. Erlendir þjóðhöfðingjar og erlendir starfsmenn þeirra.

6. Sendiherrar erlendra ríkja, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð erlendra ríkja. Sendiherra tekur hér til allra sendimanna annarra ríkja, sem eftir reglum þjóðaréttar teljast til diplomata. Starfsmennirnir verða að vera í fastri þjónustu sendiráðanna og hafa starfið að einkastarfi. Íslenzkir starfsmenn sendiráðanna njóta engra ívilnana í skatti skv. þessari gr.
7. Konsúlar annarra ríkja, sem ekki eru íslenzkir þegnar. Ef konsúllinn er íslenzkur þegn, hvort sem hann er sendikonsúll eða heimakonsúll, þá nýtur hann eigi skattfrelsis. Sama er um konsúla, sem að vísu eru ekki íslenzkir þegnar, en eru þó ekki sendikonsúlar (consules missi), heldur eiga hér heimili af öðrum ástæðum, t. d. sem kaupskýslumenn, forstjórar stofnana eða fyrirtækja o. s. frv., þeir verða skattskyldir hér.
8. Menn úr liði Bandaríkjanna, sem dvelja hér á landi skv. varnarsamningi frá 5. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951, skyldulið slíkra manna eða starfsmenn, sem ekki eru íslenzkir þegnar en ráðnir hafa verið til starfa vegna framkvæmda skv. samningnum.

Þeir, sem taldir eru í 3.—8. tl. þessarar gr., skulu þó gjalda hér skatt, ef þeir hafa hér tekjur skv. 3. gr. A. 1.—5. tl. eða eignir skv. 3. gr. B. 1.—3. tl., það er, þeir hafa sams konar skattskyldu sem erlendis heimilisfastir aðilar, greiða skatt af sömu tekjum og eignum, að undanteknum tekjum af embætti sínu eða starfi, sem þeir fá frá viðkomandi erlendri ríkisstjórn eða stofnun, er þeir starfa fyrir hér á landi. Þó gildir það sérákvæði hér, að því er snertir 3. gr. A. 1, að nægilegt er, að aðili hafi tekjur af fasteign, t. d. af framleigu sem ítakshafi o. s. frv., enda þótt hann eigi enga fasteign. Að öðru leyti gildir hér það, sem sagt er í 3. gr. um framangreinda liði, og skattur greiðist eingöngu af þar greindum tekjum og eignum, en engum öðrum.

6. gr.

Eftirtalin félög eru undanþegin tekjuskatti og eignarskatti:

1. Félög, sem enga atvinnu reka, sbr. 12. gr., og verja þeim tekjum, er þau afla sér, til almennings þarfa, en eigi til hagsbóta meðlimum sínum. svo sem vísindafélög, hjúkrunar- og líknarfélög, bókmennta- og fræðslufélög, stjórnmalafélög, dýraverndunarfélög og búnaðarfélög. Ef slík félög reka atvinnu, eru þau skattskyld af tekjum af slíkri starfsemi.
2. Félög með takmarkaðri ábyrgð, þótt þau reki atvinnu, ef öllum tekjum þeirra er varið til almanna þarfa. Hins vegar verða slík félög skattskyld af öllum tekjum sínum, þótt þau verji einhverjum hluta tekna sinna til menningar- eða mannúðarmála.
3. Félög, sem eru undanþegin skattgjaldi með sérstökum lögum.

7. gr.

Þessir sjóðir eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti:

1. Sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar.
2. Íslenzkir kirkjusjóðir, hver sem kirkjueigandi er, (ríkissjóður, bóndi, söfnuður). Kirkjusjóður telst íslenzkur, ef hann er eign innlends safnaðar, enda hafi söfnuðurinn hlotið staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins.
3. Sjóðir í eigu sýslu- og sveitarfélaga.
4. Sparisjóðir, sem engan arð gefa stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum.
5. Sjóðir, sem undanþegnir eru skattgjaldi með sérstökum lögum.
6. Sjóðir, sem ekki reka atvinnu, sbr. 12. gr.

8. gr.

Þessar stofnanir eru undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti:

1. Stofnanir og fyrirtæki ríkis, sýslu- og sveitarfélaga.

2. Stofnanir, sem eru undanþegnar skattgjaldi með sérstökum lögum, þar með taldar alþjóðastofnanir og ríkjasamtök skv. því, sem ákveðið er í samningum þeim, sem Ísland er aðili að.
3. Stofnanir, sem ekki reka atvinnu, sbr. 12. gr.

9. gr.

Tekjur og eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu taldar saman til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Telja ber hjón samvistum, þótt þau búi eigi saman, nema þau séu skilin lagaskilnaði eða að borði og sæng, eða vænta megi að skilnaður þeirra sé undirbúningur undir lögskilnað eða þau muni ekki aftur flytja saman.

Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Ef gift kona, sem er samvistum við mann sinn, vinnur fyrir skattskyldum tekjum, þá eiga hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra, þ. e. börn yngri en 21 árs, eiga eða reka að verulegu leyti.

Ef hjónin telja sér hagfelldara, að launatekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, þá geta þau krafizt þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi. Hjónafrádráttur, sbr. 41. gr., og ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona gengur til verka að atvinnurekstri með manni sínum og atvinnureksturinn er að verulegu leyti eign þeirra, annars hvors eða beggja, eða ófjárráða barna þeirra, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. Aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en kr. 15 000.00.

Ef til hjónabands hefur verið stofnað á skattárinu og konan haft tekjur fyrir giftingu, þá má skattleggja þær tekjur sérstaklega, sbr. 37. gr.

Ef eftirlifandi maki situr í óskiptu búi, skulu tekjur og eignir hans og búsins skattlagðar saman, með sama hætti og um tekjur og eignir einstaklings væri að ræða.

10. gr.

Börn innan 16 ára aldurs eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Ef árstekjur þeirra nema meira en kr. 10.000.00, er þó heimilt að ákveða þeim skatt sem sjálfstæðum skattþegnum, enda komi fram tilmæli um það. Komi slík tilmæli ekki fram, eða ef ekki er fallizt á slík tilmæli, svo og ef tekjurnar nema ekki meira en kr. 10 000.00, þá skulu tekjur barnsins taldar með tekjum foreldra.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilistöður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans. Slíkt framfæri telst og ekki heldur með, enda þótt börnin séu ekki sjálfstæðir skattgreiðendur.

Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra (stjúpforeldra, kjörforeldra og fósturforeldra). Heimilt er þó að ákveða börnum sérstaklega eignarskatt, ef tilmæli koma fram um það.

Enda þótt tilmæli hafi komið fram um, að barni sé ákveðinn tekjuskattur sem sjálfstæðum skattþegn, skal eigi ákveða því eignarskatt, nema þess hafi einnig verið

óskað sérstaklega. Sama gildir, ef tilmæli koma fram um, að barni sé ákveðinn eignarskattur, þá skal því ekki ákveðinn tekjuskattur, nema þess hafi einnig verið sérstaklega óskað.

II. KAFLI

Um tekjur.

11. gr.

Skatti skal svara af öllum tekjum, sem skattskyldur aðili aflar, hvers kyns sem tekjurnar eru, og hvar og hvernig sem þeirra er aflað, hvers konar arði, launum eða gróða, sem gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, nema sérstakar undanþágur séu gerðar í reglugerð þessari.

Eigi skiptir máli til hvers tekjunum er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, eða hann ver tekjunum til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

Tekjur skulu taldar fram í heild sinni, sbr. 12.—19. gr. en frádráttur gerður skv. ákvæðum III., IV. og V. kafla. Í 20. gr. er upptalið, hvað ekki telst til tekna.

12. gr.

Skattskyldar eru tekjur af hvers konar atvinnurekstri og sjálfstæðu starfi, svo sem af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, flutningastarfsemi á landi eða í lofti, verzlun, námurekstri, iðju, iðnaði, hvort sem um er að ræða handiðn eða verksmiðjuiðnað, málfærslu, endurskoðun, fasteigna- eða verðbréfasölu, upplýsingaþjónustu, veitinga- og skemmtistarfsemi, vísinda-, lista- og bókmenntastarfsemi og sérhverjum öðrum atvinnurekstri eða sjálfstæðu starfi, hvort sem atvinnureksturinn er fólgin í framleiðslu- eða þjónustustarfsemi.

Heildartekjur af atvinnurekstri, þar með talið ógreitt andvirði seldrar vöru, vinnu og þjónustu, skal telja fram sundurliðað, eftir því hvort um er að ræða eigin úttekt eða sölu til annarra, og eftir því hvort salan er söluskattskyld eða ekki.

Umboðssali, sem tekið hefur vöru til vinnslu og/eða sölu í eigin nafni og tekur á móti greiðslu fyrir vöruna, skal telja fram á umboðssölureikningi heildarandvirði slíkrar vöru, sem hann hefur selt, þar með talið ógreitt andvirði vörunnar, og sundurliða heildarandvirðið með sama hætti og annarrar seldrar vöru, sbr. næstu mgr. á undan. Sama gildir, eftir því sem við á, um þann, sem kaupir vöru í eigin nafni fyrir annan aðila og greiðir andvirði hennar.

13. gr.

- A. Til launa teljast allar greiðslur eða tekjur, sem launþegi fær fyrir að leysa eitthvert starf af hendi í annars þágu eða honum hlotnast í sambandi við starf, sem hann er eða hefur verið ráðinn til. Sama er, hverju nafni laun kallast eða í hvaða formi þau eru.

Falla hér undir m. a.:

1. Föst laun og aukatekjur, þar með talin öll hlunnindi, hverju nafni sem nefnast.
2. Öll önnur starfslaun eða kaup, hvort sem það er miðað við vinnu ákveðinn tíma (árskaup, mánaðarlaun, vikukaup, daglaun, tímavinna o. s. frv.), tiltekið starf (ákvæðisvinna, nefndarstarf, eftirlit o. þ. h.), hlutdeild í framleiðslumagni, innkomnum tekjum eða greiðslum (hlutakaup, innheimtulaun o. fl.), eða á hvern hátt, sem laun eru ákveðin.

3. Launauppbætur og þóknanir, svo sem aflaverðlaun eða hlutaruppbót (premia), björgunarlaun sjómanna, sbr. þó 39. gr. C., eða sérstakar þóknanir fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, staðaruppbætur, orlofsfé eða greiðsla fyrir ónotað sumarfrí o. þ. h. Hér telst og til ágóðaþóknun, nema raunverulega sé um arðs-úthlutun að ræða. Enn fremur risnu- og skrifstofufé, bifreiðastyrkir o. þ. h., sbr. 32. gr. A. og B.
4. Biðlaun, eftirlaun, lífeyrir, þar með taldar bótagreiðslur skv. lögum um almannatryggingar nr. 40/1963, nema sérstaklega séu undanþegnar, sbr. 20. gr. Enn fremur greiðslur fyrir áður unnin störf, þar með taldar launauppbætur frá fyrri árum.
5. Skaðabætur eða uppbót fyrir atvinnutap eða launamissi.
6. Gjafir, sem telja má kaupauka (t. d. jólagjafir til starfsfólks) og eftirgjöf lána, sem telja má að komi í launa stað.

Sama er, hvaðan laun koma eða fyrir hvað þau eru greidd. Eigi skiptir máli, hvort menn taka laun hjá einum launaveitanda eða fleirum.

Laun teljast að fullu til tekna, þótt hluti af þeim sé greiddur í lífeyris-, eftirlauna- eða sjúkrasjóði, eða haldið sé eftir af þeim til greiðslu á opinberum gjöldum, félagsgjöldum o. þ. h.

- B. Það skiptir eigi máli, í hverju laun eða endurgjald fyrir unnið verk er fólgið, ef það verður metið til peninga. Til launatekna teljast því hvers konar hlunnindi, veitt í launa skyni, og önnur form fyrir greiðslu, svo sem fæði, húsnæði, ljós og hiti, bifreiðaafnot, einkennisbúningur og annar fatnaður, einnig fatnaður, plögg, þjónusta og önnur aðhlyningur vinnufólks í sveitum, skepnufóðrun, engjatak, heimatekjur presta (prestsmata o. s. frv.), greiðslur í vörum úr verzlunum eða afurðum úr framleiðslufyrirtæki, og greiðsla í sérhverjum öðrum verðmætum eða eignum, t. d. hlutafjareign í hlutafélagi, innstæða í félagi eða fyrirtæki, hlutdeild í skipi eða húseign o. s. frv.

Laun greidd í hlunnindum skulu talin til tekna eftir gangverði á hverjum stað og tíma. Ríkisskattanefnd skal, að fengnum tillögum skattstjóra, meta til tekna fæði, húsnæði, fatnað og annað, sem nauðsynlegt er, til þess að samræmis sé gætt. Á sumum aukatekjum eða hlunnindum er lögskipað mat, svo sem á heimatekjum presta, og ber þá að fylgja því.

14. gr.

Tekjur af eignum eru m. a. þessar:

- A. Tekjur af fasteignum, svo sem landskuld af jörðum, leiga eftir hús, lóðir og aðrar lendur, arður af alls konar ítökum og hlunnindum, svo sem beit, skógarhögg, reki, veiði, upprekstrargjald o. s. frv.

Leigutekjur eru tvenns konar:

1. Leiga frá öðrum, í hverju sem greidd er. Telja skal leigufjárhæðina að fullu til tekna, eins þótt óvíst sé um greiðslu eða frádráttur verði á annan hátt. Sé leiga töpuð, ber að færa það á móti til frádráttar, og því aðeins að fullvíst sé, að eigi verði greidd. Sé t. d. húsnæði leigt út með ljósi og hita, kemur sá kostnaður til gjalda, en húsaleigan fullu verði til tekna. Frádrátt vegna ljóss og hita í þarfir húseiganda sjálfs má þó eigi færa, nema til atvinnurekstrar sé.

Sé leigan greidd í einu lagi fyrir afnot eignar fyrir lengra tímabil en eitt ár má skipta leigufjárhæðinni milli ára. Sama gildir, ef maður t. d. leyfir, að reist sé hús eða mannvirki á landi hans eða lóð, gegn því að eignin falli í hlut hans endurgjaldslaust eftir ákveðinn tíma, eða t. d. ef settir eru auglýsingakassar á hús með svipuðum skilyrðum, og að ofan greinir.

2. Ef maður notar fasteign sína sjálfur að einhverju leyti eða öllu, þá skal meta til tekna leigu eða afgjald eftir hana, þar með talda nýtingu jarðhita og hvers konar hlunninda. Sé eignin notuð til atvinnurekstrar, kemur þó leigufjárhæðin jafnframt til frádráttar. Þannig er um bújörð bónda, búð eða verzlunarhús kaupmanns o. s. frv. Sem hluti af einkahúsnæði manna telst það húsrúm, sem þeir láta í té skyldfólki sínu, venzlafólki eða vandamönnum, endurgjaldslaust eða með lægri leigu en vera myndi að réttu lagi. Skal það metið á sama hátt sem eigin íbúð. En þá er mögulegt, að frádráttur verði veittur skv. 49. gr.

Leigutekjur eftir eigin íbúð skal meta eins og ætla má, að hún yrði leigð fyrir, miðað við leigu á hverjum stað og tíma, gæði íbúðarinnar og stærð, þægindi sem henni fylgja o. s. frv. Séu leigðar út í sama húsi svipaðar íbúðir og sú, sem húseigandi notar, skal miðað við það, og yfirleitt kappkosta að hafa samanburð við leiguíbúðir. Sé hús í smíðum, þannig að eigandi flytji í það áður en fullgengið er frá því, ber að taka tillit til þess. Rétt er ríkisskattanevnd að setja nánari reglur um mat á eigin húsaleigu.

- B. Tekjur af lausafé. Til tekna af lausafé teljast leigutekjur frá öðrum af hvers konar lausafé, sem selt er á leigu.

Ef eigandi notar lausafé sitt sjálfur að einhverju eða öllu leyti til atvinnurekstrar, þá skal ekki reikna lausafjárleiguna sérstaklega, heldur teljast tekjur af lausafénu með öðrum tekjum af atvinnurekstrinum.

- C. Vextir og arður. Þar til telst:

1. Vextir og afföll af hvers konar innlendum og erlendum verðbréfum, úti-standandi skuldum og öðrum fjárkröfum á hendur öðrum, enda þótt bréf sé ekki fyrir, þó ekki hlutabréfum, sbr. 3. tl. þessarar gr. Afföll skal færa til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert, eftir árafjölda afborgunartímans, þó eigi á lengri tíma en 5 árum, og í fyrsta sinn á því ári, þegar afföllin voru tekin, eða lán var veitt. Séu eigi gefnar fullnægjandi upplýsingar um afföll, skal færa þau til tekna í einu lagi. Þó vextir séu ógreiddir, ber að telja þá til tekna, ef telja má líklegt um greiðslu.

Undanskildir eru þó vextir af þeim verðbréfum, sem skattfrjáls eru skv. ákvæðum 55. og 56. gr.

2. Vextir af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu hjá innlendum og erlendum lánsstofnunum og allar aðrar beinar og óbeinar leigur eftir fé, í hverju sem þær eru goldnar. Hér teljast til útborgaðir vextir af hinni ævinlegu erfðarentu við Söfnunarsjóð Íslands.

Undanskildir eru þó vextir af því sparifé, sem skattfrjálst er skv. ákvæðum 55. og 56. gr.

3. Arður af hlutabréfum. Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðsútborgunar, sérhver afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu.

EKKI telst þó til arðs úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem ekki hefir í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki til skattskyldra tekna hluthafans, enda sé útgáfa bréfanna byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, er verið hafa í eigu þess minnst þrjú ár og sé samantlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, ekki hærra en svarar til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár.

Almenn verðhækkun í sambandi við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal miðuð við þær breytingar, sem orðið hafa á verði vöru og þjónustu, með

hliðsjón af breytingum á launum og verði fastafjármuna, frá þeim tíma, sem hlutafélag var stofnað eða hlutafé innborgað og til þess tíma, er útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin. Ríkisskattstjóri skal reikna út vísitölu þessa fyrir hvert ár. Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu þess árs, sem hlutafélag var stofnað eða hlutafé innborgað, en hins vegar við vísitölu ársins áður en útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Hlutafélag getur gefið út jöfnunarhlutabréf svo oft sem framangreindra ákvæða er gætt.

Nú ákveður hlutafélag að gefa út jöfnunarhlutabréf skv. 2.—4. mgr. og getur þá félagið leitað álits ríkisskattstjóra, um hvort framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Beiðni um slíkt álit skulu fylgja nauðsynleg gögn.

Til arðs telst úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, og skiptir því ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt.

Arður af eigin hlutabréfum félags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

15. gr.

Ágóði af sölu fasteigna og lausafjár (þar með verðbréf og kröfur) skal talinn til tekna, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur aðila, sbr. 12. gr., ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlzt hana á annan hátt (t. d. í makaskiptum) í því skyni að selja hana aftur með ágóða, en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefur þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefur þurft að taka eignina upp í skuld, eða hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni o. s. frv.

1. Ágóði af sölu á fasteign er alltaf skattskyldur, ef fasteign hefur verið skemur í eigu gjaldanda en 5 ár, nema hann hafi eignast hana við arftöku, sbr. 20. gr. 3, eða ef hann kaupir aðra fasteign innan árs, eða byggir annað hús innan þriggja ára frá söluþegi að telja, enda sé hin keypta fasteign eða hið nýreista hús eigi lægra að fasteignamati en hið selda. Sé það hins vegar lægra, er sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega. Þessi síðarnefnda undantekning gildir þó því aðeins, að salan falli eigi undir atvinnurekstur skv. 12. gr. eða 1. mgr. þessarar gr. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum um skattgreiðslur, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú hefur seljandi eignast fasteign með fyrirframgreiðslu upp í arf, og reiknast þá 5 ára frestur, sbr. næstu mgr. á undan, frá þeim degi, er arfleifandi eignaðist hið selda.

2. Um sölu lausafjár gildir hið sama og sölu fasteigna, að ef salan getur að einhverju leyti talizt til atvinnurekstrar seljandans, er allur ágóði af sölu skattskyldur.

Enn fremur allur ágóði af sölu lausafjár, sem hefur verið skemur en 3 ár í eigu seljandans, hvort sem sú sala telst til atvinnurekstrar eða ekki.

Hafi fyrning af kostnaðarverði hins selda verið færð til frádráttar tekjum til skatts, sbr. 28. gr., reiknast sölugróði miðað við kostnaðarverð að frádrögnum fyrningum.

Sölugróði er skattskyldur það ár, sem afsal er gefið fyrir hinni seldu eign.

Frá sölugróða má draga tap, sem orðið hefur á sams konar sölu á skattárinu. Sams konar er salan aðeins, ef svo er ástatt sem í 1. og 2. tl. að framan segir. Frá skattskyldum sölugróða má enn fremur draga þann kostnað, sem salan hefur haft í för með sér fyrir seljanda, sölulaun o. þ. h., enn fremur útlagðan kostnað við endurbætur, sem kunna að hafa verið gerðar á eigninni, enda verði endurbæturnar eigi taldar til venjulegs viðhalds. Um viðhaldskostnað, greidd gjöld og fyrningu af keyptum og seldum eignum, fer eftir ákvæðum 25. gr., 27. gr. B. og 28. gr.

Um sölu á viðskiptavild („goodwill“) gildir sama og um sölu annars lausafjár. Telst söluverð eigi til tekna, ef seljandi hefur rekið fyrirtækið í 3 ár eða lengur. Þess skal þó jafnan gætt, að í viðskiptavild séu ekki innifaldar tekjur af rekstri, t. d. með því að meta vörubirgðir, vélar og áhöld og útistandandi skuldir óeðlilega lágu verði, en viðskiptavild þeim mun hærri.

16. gr.

Tekjur af öðrum atvikum eru þessar helztar:

- A. Gjafir. Til skattskyldra tekna teljast fyrst og fremst gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, og beinar gjafir í peningum eða öðru, sem meta má til peninga, ef það nemur nokkru verulegu. Þetta nær þó eigi til dánargjafa eða fyrirframgreiðslu upp í arf, enda sé greiddur af þeim erfðafjárskattur. Tækifærisgjafir teljast og eigi sem tekjur í þessu sambandi, nema því aðeins að um arðberandi eignir sé að ræða, eða tæki til atvinnurekstrar. Gjafir, sem ekki eru í peningum, skal skattstjóri meta til peningaverðs. Það telst einnig til gjafa, ef menn afhenda einhverjar eignir í hendur ættingja sinna, tengdamanna eða annarra, án þess að greiðsla komi í staðinn, eða ástæða sé til að ætla, að endurgreiðslan sé aðeins fyrir nokkrum hluta eignarinnar. Skal þá færa til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar seldu eignar. Sé um eignaskipti að ræða, verður að meta hvora tveggja eignina.
- B. Styrktarfé. Til þess telst:
1. Styrkur veittur úr ríkissjóði, svo sem eftirlaun umfram lögboðin eftirlaun og lífeyri, styrkur skálda, listamanna og fræðimanna, styrkur til verklegra framkvæmda, og allir aðrir styrkir, sem ríkið veitir til eignar. Þó skal styrkur, sem veittur er úr ríkissjóði til greiðslu á stofnkostnaði eða hluta hans, eigi talinn til tekna. Sé um ferðastyrk að ræða, skal leyfa til frádráttar á móti hæfilegan ferðakostnað, þó eigi meira en styrknum nemur.
 2. Styrkir frá öðrum stofnunum, frá einstökum mönnum eða félögum. Eigi skiptir máli, í hverju styrkur er fólgin, ef til peninga verður metið, og að meginreglunni til skiptir eigi heldur máli, í hverju skyni styrkur er veittur, hver styrkþegi er eða hver styrkveitandi er eða hvernig samband er þeirra á milli. Frá þessu eru þó þessar undantekningar:
 - a. Börn í foreldrahúsum, hvort sem þau sjálf eru skattgreiðendur eða eigi, greiða engan skatt af því framfæri, sem þau fá hjá heimilisföður. Sama er um aðra skylduómaga manns. Framansagt gildir þó því aðeins, að framfæri sé ekki veitt sem endurgjald fyrir vinnu eða aðra þjónustu.
 - b. Framfærslustyrkur, veittur úr sveitarjóðum, telst eigi til skattskyldra tekna, hvort sem styrkþegi hefur tekjur jafnframt honum eða ekki.
 - c. Framfærslueyri manns til eiginkonu eða konu til manns, sem ekki eru samvistum, telst eigi til tekna þess hjóna, er styrk fær, og ekki til frádráttar tekjum hjá greiðanda. Sama gildir um framfærslueyri, sem maður greiðir eftir lögskilnað til fyrrverandi eiginkonu eða kona til fyrrverandi eiginmanns.
 - d. Námsstyrkur, veittur úr ríkissjóði og öðrum opinberum sjóðum, telst ekki til tekna, sbr. þó 35. gr. A- og B-lið.
 - e. Styrkir og samskotafé vegna veikinda eða slysa telst ekki heldur til tekna.
- C. Vinningar í veðmálum, happdrættum, þar með taldar getraunir, hlutaveltur og því um líkt, nema undanþegnir séu tekjuskattsskyldu með sérstökum lögum.
- D. Skaðabætur fyrir samningsrof og önnur slík viðurlög eða bætur, þó ekki fyrir fjármunatjón, sbr. 20. gr. 4. tl. Einnig teljast til tekna skaðabætur fyrir atvinnu-

róg og ærumeiðingar. Hafi tjónið valdið tekjurýrnun, kemur það hins vegar fram á öðrum liðum.

E. Dagpeningar vegna slysa eða veikinda, svo og árlegur eða mánaðarlegur örorku- styrkur eða lifeyrir. Hins vegar eru ekki skattskyldar slysa- eða örorkubætur, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll.

F. Fjölskyldubætur skv. lögum um almannatryggingar.

G. Ef vinnuveitandi endurgreiðir starfsmanni ferðakostnað á þann hátt, að greiða honum ákveðna fjárhæð fyrir hvern dag, teljast slíkir dagpeningar til skatt- skyldra tekna starfsmannsins, en til frádráttar skal leyfður beinn kostnaður vegna ferðarinnar, sbr. þó 20. gr. 7. tl. um störf í almenningsþarfir.

17. gr.

Þeir, sem landbúnað stunda, skulu fylla út sérstaka skýrslu um tekjur sínar af landbúnaði, landbúnaðar-framtalsskýrslu, og þar með skýrslu um bústofn sinn í byrjun og lok hvers skattárs, sbr. eftirfarandi:

A. Til tekna af landbúnaði telst m. a.:

1. Búfjárafurðir allar, bæði seldar og notaðar heima, þar með talið andvirði búfjár, sem selt er lifandi og matsverð þess búfjár, sem alið er upp til bústofnsauka, sbr. 3. tl. B-liðar hér á eftir.

Heimanotaður búfjáraburður til búrekstrar (ekki nýræktar) telst þó ekki til tekna, enda kemur hann ekki til frádráttar tekjunum.

2. Jarðargróði allur, bæði seldur og notaður heima, svo sem hey, korn, garð- ávextir og gróðurhúsaframleiðsla.

Heimanotaður heyfengur, korn og annar jarðargróði til búfjárfóðurs telst þó ekki til tekna, enda kemur það ekki til frádráttar tekjunum.

3. Afrakstur af hvers konar hlunnindum, bæði seldur og notaður heima, svo sem af dúntekju, eggvarpi, fuglatekju, laxveiði, silungsveiði, hrognkelsaveiði, útræði, selveiði, reka, mótaki, skógarhöggi, berjatekju, sand-, malar- og/eða grjótnámi o. s. frv.

4. Greiðslur frá öðrum fyrir hvers konar jarðarafnot, svo sem greiðslur fyrir slægnalán, hagagöngu, veiðileyfi, berjaleyfi, leyfi til mótaks og skógarhöggs og til sands-, malar- og/eða grjótnáms, enn fremur lóðargjald, húsmennskugjald, gjald fyrir uppsátur o. s. frv. Hér með taldar greiðslur fyrir afnot af ítökum í landi annarra manna. Ef ítakshafi notar ítakið sjálfur, þá telst afrakstur þar af undir 1.—3. tl. hér að framan, eftir því sem við á.

5. Endurgjald fyrir fóðrun og hirðingu búfjár, þar með talin fóður tekin í jarðarafgjald, auk þess sem tekið er af hjúum og öðrum.

6. Heimilisiðnaður, svo sem smíði, tóvinna, fatasaumur o. fl.

7. Seld vinna (vegavinna, útróður o. fl.), hestlán, leiga fyrir verkfæri, áhöld eða vélar, sem lánað hefur verið (vélavinna) o. fl.

8. Vinna við jarðabætur o. fl.

Ef fastamenn, árhjú eða aðrir, sem vinna fyrir kaup, sem fært er til frádráttar tekjum af landbúnaði, vinna einnig við jarðabætur eða endurbætur á húsum eða öðrum mannvirkjum jarðarinnar, þá skal telja þá vinnu til tekna, svo að vegi upp á móti því kaup, sem til gjalda er fært vegna nefndra starfa.

9. Allar aðrar tekjur af landbúnaði, sem tilfalla, svo sem verðlaun gripa á sýn- ingu, uppbætur á áður talið andvirði seldra afurða, hagnaður af gripum keyptum og seldum aftur á sama árinu o. s. frv.

Til tekna skal þó ekki telja:

- a. Styrk, sem veittur er úr ríkissjóði, til greiðslu á stofnkostnaði eða hluta hans, sbr. 16. gr. B. 1. og 28. gr. A.
 - b. Skaðabætur fyrir eignatjón eða spell á fjármunum, sbr. 20. gr. 4. tl.
 - c. Jarðræktarframlag ríkisins, sbr. 20. gr. 11. tl.
- B. Skattmat tekna af landbúnaði skal ákveðið þannig:
1. Allt, sem selt er frá búí, skal talið með því verði, sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu, ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi vörur, vinnu eða þjónustu, sem seldar eru á hverjum stað og tíma.
Verðuppbætur á búsafurðir teljast til tekna, þegar þær eru greiddar eða færðar framleiðanda til tekna í reikning hans.
 2. Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, jarðargróði, hlunnindaafrakstur) svo og heimilisiðnað skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi afurðir, sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Verði ekki við markaðsverð miðað, t. d. í þeim hreppum, þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal skattstjóri meta verðmæti þeirra til tekna með hliðsjón af notagildi.
Ef svo er ástatt, að söluverð frá framleiðanda er hærra en útsöluverð til neytenda, vegna niðurgreiðslu á afurðaverði, þá skulu þó þær heimanotaðar afurðir, sem svo er ástatt um, taldar til tekna miðað við útsöluverð til neytenda.
Mjólk, sem notuð er til búfjárfóðurs, skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fóðurbæti miðað við fóðureiningar.
Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar, skal áætla heimanotað mjólkurmagn.
 3. Bústofnsauka eða eftir atvikum bústofnsskerðingur skal finna þannig:
Bústofn allan í ársbyrjun og árslok skal fara á bústofnsskýrslu og reikna til verðs, hvort um sig með sama verði og hann er metinn til eignarskatts af ríkisskattanefnd í lok skattársins. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færirst til tekna eða gjalda eftir atvikum.
Þó skal eigi telja til tekna þá bústofnsaukningu, sem stafa kann af því, að keyptur hafi verið búfénaður á árinu. Skulu þeir gripir, sem keyptir hafa verið á árinu og taldir með bústofni í árslok, einnig færðir á bústofnsskýrsluna, sem viðbót við bústofn í byrjun skattárs, taldir með matsverði ríkisskattaneftindar í lok skattársins.
Á landbúnaðar-framtalsskýrslu sé tilfærð tala alls þess búfjár, sem selt hefur verið eða fargað og tilgreind tala vanhaldaþjár (fjöldi og tegund gripanna, þótt engar nýtjar hafi gefið).
Séu gripir keyptir og seldir aftur á sama árinu, skal hagnaður þar af talinn fram sérstaklega á landbúnaðar-framtalsskýrslu.
- C. Um frádrátt frá tekjum af landbúnaði gilda yfirleitt sömu reglur og um frádrátt frá tekjum af öðrum atvinnurekstri, eftir því sem við á, sbr. III. kafla.

18. gr.

Um tekjuákvörðun félaga, sjóða eða stofnana, bæði innlendra og erlendra (sjá 2. og 3. gr.) gilda almennt sömu reglur sem um ákvörðun á tekjum einstaklinga. Tekjurnar verða yfirleitt skattskyldar, hvernig sem þeim er varið. Til skattskyldra tekna félaga, sjóða og stofnana reiknast því, með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 46. og 47. gr., þær tekjur, sem ráðstafað er með einhverjum neðangreindum hætti:

1. Úthlutað til félagsmanna eða hluthafa sem vextir eða arður af innborguðu fé

(hlutafé, stofnfé, sameignarfé eða öðru innskotsfé). Nær þetta jafnt til félaga með takmarkaðri og ótakmarkaðri ábyrgð. Einu gildir, hvort arður eða vextir eru útborgaðir eða er bætt við hlut eða séreignarinnstæðu (t. d. jöfnunar- eða frihlutabréf í hlutafélagi, stofnfjárukning í samlagsfélagi). Hér fellur og undir ágóðahluti (tantieme) greiddur stjórn, framkvæmdastjóra, fulltrúum eða öðrum hluthöfum af hreinum tekjum félags, ef telja má, að raunverulega sé um arðsúthlutun að ræða.

Hagnaður (tekjuafgangur), sem lagður hefur verið í stofnsjóð samvinnufélaga, reiknast ekki sem stofnfé í sambandi við það, sem sagt er í síðustu mgr., sbr. 44. gr.

Félög öll skulu gefa skattstjórum skýrslu um arðsúthlutun og aðrar vaxta-greiðslur af stofnfé og öðru innskotsfé.

2. Varið til að lækka matsverð eigna eða til annarra óvenjulegra fyrninga umfram löglegar afskriftir til skatts, sem telja má til rekstrarkostnaðar.
3. Varið til myndunar eða aukningar sameignarsjóða (varasjóða, tryggingarsjóða o. s. frv.), þó með þeim takmörkunum, sem um getur í 47. gr.
4. Yfirfært óráðstafað til næsta árs, hvort sem sú yfirfærsla kemur fram í auknum eignum eða lækkuðum skuldum eða hvoru tveggja.

Skattskyldar tekjur erlendra váttryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, teljast sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess bæði hér og erlendis.

19. gr.

Ef félag, sem hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs skv. framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
2. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
3. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattyfirvalda. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, sbr. 47. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í 1.—3. tl. og fellur það þá til skattgreiðslu skv. ákvæðum fyrstu mgr. þessarar gr., þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu skv. reglugerð þessari, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðsjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóði.

20. gr.

Til skattskyldra tekna telst ekki:

1. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði.

- Hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt fjármunir lækki í verði.
2. Tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda, að meðtöldum verðbréfum, nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða að hún falli undir ákvæði í 15. gr. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið af sams konar sölu á árinu.
 3. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi gjaldandi lagt fram skilríki fyrir því, að erfðafjárskattur hafi verið greiddur. Sama gildir um eignauka, sem stafar af stofnun hjúskapar, kaupmála, útborgun lífsábyrgðar og örorkubóta (nema að um sé að ræða árlegar eða mánaðarlegar greiðslur), brunabóta og annarrar greiðslu váttrygginga yfirleitt, enn fremur endurgreiðslu úr lífeyrissjóðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., ef þeir, sem endurgreiðsluna fá láta af starfi án eftirlauna. Hér telst og til próventukaup og fúlga með ómaga, sem ekki er skylduómagi aðila, nema fúlgan nemi meira en framfærinu. Ekki telst heldur til tekna bætur skv. lögum nr. 40/1963 um almannatryggingar, séu bæturnar greiddar í eitt skipti fyrir öll, þar með telst fæðingarstyrkur.
 4. Eignarauki, sem stafar af greiðslu skaðabóta fyrir eignatjón og spell á fjármunum, sbr. 16. gr. D.
 5. Lántaka eða eyðsla höfuðstóls.
 6. Eftirgjöf skulda, sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf telst þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
 7. Endurgreiðsla, sem gjaldþegn fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir. Þetta nær fyrst og fremst til ferðakostnaðar, sem er endurgreiddur. Sé skattgreiðanda greiddir dagpeningar eða önnur slík þóknun fyrir störf sín, telst það sem tekjur, en heimilt er þó að færa til gjalda á móti þann kostnað, sem skattþegn verður að greiða vegna fjarveru frá heimili sínu. Fjarvist í þessu sambandi merkir þá fjarvist, er sviptir aðila getu til þess að annast sjálfur skyldustörf sín eða atvinnu.
 8. Vextir af eignarskattsfrjálssu sparifé og bankavaxtabréfum skv. lögum nr. 42/1957, sbr. 55. og 56. gr. þessarar reglugerðar.
 9. Happdrættisvinningar, sem undanþegnir eru með sérstökum lögum, sbr. 16. gr. C.
 10. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Um þá, sem fara fram á skattfrelsi af eigin vinnu, kemur til athugunar, að viðkomandi hafi unnið fullan vinnutíma við hið eiginlega eða fasta starf sitt eða skili eðlilegum árstekjum af því, nema um veikindi sé að ræða. Aðeins sú aukavinna, sem er umfram eðlilegar árstekjur framteljanda eða í eðlilegu hlutfalli við þær, getur talizt til hinnar skattfrjálssu aukavinnu.

Þegar búið er að ákveða, hve há upphæð teljist til aukavinnu við húsið, skal reikna út, hve mikill hluti hússins eða húshlutans, sem aðili á, muni notaður til íbúðar fyrir hann sjálfan og hve mikill hluti til útleigu eða sölu, og finna hlutfallið milli þess hvoru tveggja, eftir stærð og notagildi hvors um sig. Eftir þessu hlutfalli ákveðst, hve mikill hluti aukavinnunnar er skattfrjálss.

Framteljandi skal láta fylgja framtali sínu upplýsingar um fjölda vinnustunda, sem hann hefur varið til byggingar eigin íbúðar á árinu og glögga lýsingu á húsnæði því, sem í smíðum er, svo að séð verði, hve mikill hluti af hinu bygðaða er einkaíbúð.

Séu þessar upplýsingar með framtalinu ekki fullnægjandi, skal áætla um þessi atriði.

Nú á maður íbúð og byggir sér aðra stærri til eigin nota. Skal þá telja þann hluta eigin aukavinnu hans við nýju íbúðina skattfrjálsan, sem svarar til stærð-armunarins, miðað við rúmmetrafjölda. Eigi maður íbúð, sem hann notar til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, og byggir viðbót við þá sömu íbúð til eigin afnota, skal öll eigin aukavinna við stækkunina vera skattfrjáls.

Enginn skal njóta slíkrar ívilnunar nema einu sinni. Þó eru frá þeirri reglu þessar undantekningar:

- a. Hafi maður byggt sér íbúð til eigin afnota og notið ívilnunar, en byggir viðbót til eigin nota við þá sömu íbúð, skal öll eigin aukavinna við stækkunina teljast skattfrjáls.
- b. Selji maður íbúð, sem hann hefur átt í 5 ár eða lengur og skattfrjáls eigin aukavinna við íbúðina fæst endurgreidd við sölu, skal, ef hann byggir sér aðra íbúð stærri til eigin afnota, telja eigin aukavinnu vegna stækkunarinnar skattfrjálsa eftir sömu reglum og greinir í upphafi næstu mgr. hér á undan.
- c. Nú selur maður íbúð, sem hann hefur átt skemur en 5 ár og skattfrjáls vinna fæst endurgreidd við sölu. Skal hann þá, ef hann byggir sér nýja íbúð til eigin afnota, njóta skattfrelsis af allri eigin aukavinnu við nýju íbúðina. Í öllum þeim tilvikum, sem greind eru í þessari mgr. og þeirri næstu hér á undan, er skattfrelsi eigin aukavinnu bundið öllum þeim sömu skilyrðum og reglum, sem greinir í 1.—5. mgr. þessa tl.

Ef sá, sem notið hefur skattfrelsis vegna vinnu við eigin íbúð, selur íbúðina innan 5 ára og fær vinnu sína að einhverju eða öllu leyti endurgreidda í söluverðinu, skal hin skattfrjálsa vinna talin til skattskyldra tekna á því ári, sem sala fer fram, án tillits til þess, hvort keypt eða byggð er önnur íbúð í staðinn eða ekki. Undanþáguákvæði í 1. tl. 15. gr. um skattfrjálsa sölu fasteigna, ef önnur fasteign er keypt eða byggð í staðinn, ná því ekki til skattfrjálsrar vinnu við eigin íbúð.

Nú óskar gjaldandi eftir því, að sú skattfrjálsa vinna, sem hann fær endurgreidda í söluverði skv. framansögðu, verði ekki skattlögð á söluárinu, heldur verði hún skattlögð á þeim skattárum, þegar hún var lögð fram, og má þá umreikna skattinn fyrir þau ár, enda hafi gjaldandi gert fullnægjandi grein fyrir þessari vinnu á framtölum sínum fyrir viðkomandi skattár.

11. Jarðræktarframlag ríkisins skv. 2. kafla jarðræktarlaganna, nr. 45, 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29/1955.
12. Fæði sjómans, er hann fær hjá atvinnurekanda.
13. Laun, sem gjaldþegn fær fyrir störf í þágu þeirra alþjóðastofnana og ríkjasamtaka, sem um ræðir í 5. gr. 4. tl. enda njóti starfsmenn hlutaðeigandi stofnana skattfrelsis af launum sínum hjá öðrum aðildarríkjum fyrir hliðstæð störf.

Hér er einungis átt við beinar launagreiðslur frá hlutaðeigandi stofnun, en ekki þóknun eða styrk, sem greiddur kann að vera af fé stofnunarinnar fyrir milligöngu íslenska ríkisins eða ríkisstofnana, né heldur þótt íslenskur aðili fái endurgreidd útgjöld sín að einhverju eða öllu leyti frá slíkum stofnunum.

Þetta á heldur ekki við um laun, sem greidd kunna að vera af íslenska ríkinu sem hluti af framlagi til viðkomandi stofnana eða samtaka.

Nú setur alþjóðastofnun eða ríkjasamtök, sem um ræðir í 5. gr. 4. tl., upp sjálfstæða skrifstofu eða útibú hér á landi og getur þá fjármálaráðherra ákveðið skattaðstöðu starfsmanna þeirra hverju sinni.

III. KAFLI

Um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri.

21. gr.

Þeir, sem atvinnu reka, mega draga frá tekjum sínum:

- A. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, eftir því sem nánar er ákveðið í 22.—27. gr.

Til rekstrarkostnaðar á skattárinu teljast ekki aðeins þau útgjöld, sem greidd hafa verið á árinu, heldur einnig sérhver sá kostnaður, sem áfallið hefur vegna öflunar teknanna, t. d. ógreidd vinnulaun, ógreidd húsaleiga o. s. frv. Hinn áfallni ógreiddi kostnaður skal talinn til útgjalda á skattárinu og til skulda í árslok.

- B. Fyrningu eða afskrift þeirra eigna, sem notaðar hafa verið til öflunar teknanna, þar með talin afskrift af stofnkostnaði, sbr. 28. gr.

- C. Töpuð útlán, sbr. 29. gr.

- D. Töp frá fyrri árum, sbr. 30. gr.

Atvinnurekendur njóta einnig hinna almennu frádráttar skv. IV. kafla, eftir því sem við á.

Loks njóta félög og stofnanir þess frádráttar, sem ákveðinn er í 44.—47. gr.

22. gr.

Frá tekjum skal draga kostnaðarverð vöru, sem seld hefur verið á árinu, og skal það fundið þannig: Vörubirgðir í ársbyrjun + (plús) kostnaðarverð aðkeyptrar vöru á árinu eða beinn framleiðslukostnaður vöru á árinu ÷ (mínus) vörubirgðir í árslok = kostnaðarverð seldrar vöru.

Vörubirgðir í ársbyrjun og árslok skal telja á því verði, sem þær eru metnar til eignarskatts sbr. 57. gr. D.

Kostnaðarverð aðkeyptrar vöru telst kaupverð hennar, að viðbættum tollum, flutningsgjöldum og öðrum kostnaði, sem á vöruna fellur, unz hún er komin á sölu- stað eða í verksmiðju (á verkstæði) til úrvinnslu eða sölu.

Kostnaðarverð vöru sem skattþegn hefur unnið að eða framleitt, telst beinn framleiðslukostnaður svo sem efniskostnaður og vinnulaun og skal kostnaðurinn sundurliðaður á framleiðslureikningi.

Umboðssali, sem tekið hefur vöru til vinnslu og/eða sölu í eigin nafni og tekur á móti greiðslu fyrir vöruna, skal færa til gjalda það, sem hann hefur greitt og/eða fært umbjóðanda sínum til tekna í viðskiptareikning á árinu, að viðbættum útlögðum kostnaði vegna slíkrar vöru og skal kostnaðurinn sundurliðaður með sama hætti og annar hliðstæður kostnaður. Hafi umboðssali á fyrra ári lagt út fyrir kostnaði eða greitt umbjóðanda sínum upp í andvirði slíkrar vöru, sem seld var á árinu kemur það til viðbótar því, sem greitt var á árinu, en til frádráttar kemur það, sem útlagt var eða fyrirfram greitt á árinu vegna slíkrar vöru, sem óseld var í árslok. Sama gildir, eftir því sem við á, um þann, sem kaupir vöru í eigin nafni fyrir annan aðila og greiðir andvirði hennar.

23. gr.

Kaupgreiðslur í peningum eða hlunnindum vegna mannahalds til öflunar teknanna skulu frádregnar. Framteljandi má þó ekki reikna sjálfum sér kaup eða skylduliði sínu, né heldur draga frá tekjum neitt það, er hann notar sjálfur eða skylduliði hans til eigin þarfa, nema því aðeins að sá, er vann, telji fram tekjur sér í lagi tilsvarendi við frádráttinn, enda skal þá sannanlegt, að hið reiknaða kaup sé ekki hærra en nauðsynlegt hefði verið að greiða öðrum fyrir jafn mikla aðstoð við öflun

teknanna. Skyldulið eru allir þeir, sem framteljanda er að lögum skylt að framfæra, en þeir eru: maki, foreldrar og börn, þar með talin kjörbörn, stjúpborn og fósturbörn.

Sé kaup goldið í fæði, þá skal draga frá sem kostnaðarverði þess nemur. Vinnu framteljanda og skylduliðs hans má þó ekki reikna með í kostnaðarverði fæðisins, nema talin sé til tekna á móti og ekki má heldur reikna með vinnu hjúa, sem starfa við innanhússtörf í þágu búrekstrar eða við hliðstæðar aðstæður. Kaup hjúanna kemur til frádráttar sem slíkt og má því ekki reikna vinnu þeirra til frádráttar í annað sinn sem hluta af kostnaðarverði fæðisins. Búsafurðir eða aðrar framleiðsluvörur framteljanda, t. d. kjöt, mjólk, kartöflur, fiskur o. s. frv. skulu hins vegar taldar með í kostnaðarverði fæðisins, enda skal framteljandi jafnframt telja sér þær til tekna ásamt annarri framleiðslu.

Hjá bændum og öðrum, sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað starfsfólks, skal meta fæðið til frádráttar. Af því sem segir í síðustu mgr. leiðir að miða ber við efnis-, eldsneytis- og áhaldakostnað, en sleppa vinnukostnaði við fæðið. Með hliðsjón þar af skal rikisskattanevnd meta fæði til frádráttar að fengnum tilögum skattstjóra. Hins vegar skal meta fæðið að meðtöldum vinnukostnaði til tekna hjá starfsfólki, sbr. 13. gr. B.

Draga skal frá, ef atvinnurekandi greiðir húsnæði vegna starfsfólks og einnig má reikna til frádráttar húsnæði, sem atvinnurekandi lætur starfsfólki í té í húsi, sem hann á sjálfur, en þá skal hann jafnframt reikna sér tilsvarendi tekjur af húsinu. Í báðum tilvikum skal húsnæðið metið til tekna hjá starfsfólkinu.

Sé kaup greitt í einhverskonar öðrum hlunnindum, svo sem bifreiðastyrk, fatnaði o. s. frv., þá skal það dregið frá, þó ekki hærra en kostnaðarverði nemur. Ef um er að ræða búsafurðir eða aðrar framleiðsluvörur atvinnurekanda sjálfs, þá skulu þær vörur, jafnframt því að vera taldar til frádráttar sem greitt kaup, vera taldar sem tekjur af atvinnurekstri hans.

Gjafir og styrki til starfsfólks má því aðeins leyfa til frádráttar, að þær séu gefnar upp með öðrum kaupgreiðslum og að um beinan kaupauka sé að ræða — ekki tækifærisgjafir.

Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum, hvort sem hún er greidd í reiðufé eða hlutabréfum eða öðrum innistæðum hjá fyrirtækinu.

Ekki má draga frá:

1. Kaup vegna starfa í einkaþágu framteljanda.
2. Kaup vegna nýbygginga, húsa eða skipa, jarðabóta eða annarra aukninga eða endurbóta á eignum gjaldanda.

24. gr.

Greiddar leigur vegna öflunar teknanna skal draga frá tekjum, þar á meðal húsaleigu, ásamt ljósi og hita og ræstingu vegna atvinnurekstrar. Ef aðili notar sama húsnæði bæði til eigin íbúðar og atvinnurekstrar, verður að áætla, hve mikið af kostnaðinum tilheyrir rekstrarkostnaði. Sé aðili sjálfur eigandi húsnæðis þess, sem hann notar til atvinnurekstrar, skal meta leiguna til gjalda við atvinnureksturinn og til tekna af húseigninni.

Draga skal frá landskuld af leigujörðum og leigur eftir kúgildi eða annað lausafé, sem búrekstri tilheyrir.

Draga skal enn fremur frá skipaleigu, bifreiðaleigu eða leigu eftir hverjar þær eignir, sem á leigu hafa verið teknar til öflunar teknanna.

Sé leiga greidd fyrirfram, þá skal hún dregin frá tekjum hlutfallslega ár hvert miðað við leigutíma, en eftirstöðvarnar taldar til eignar.

25. gr.

Viðhald á arðberandi eignum eða öðrum eignum, sem notaðar eru við atvinnureksturinn, skal draga frá tekjum. Viðhald telst það, sem gera þarf til þess að halda eignunum eða einstökum hlutum þeirra í svipuðu ástandi og þær voru í, þegar aðili eignaðist þær, hvort heldur þær voru þá gamlar eða nýjar.

Þó að eign gangi úr sér fyrir aldurs sakir, þ. e. fyrnist, þá skal hún samt talin í svipuðu ástandi að því er viðhald varðar. Fyrning hennar kemur hins vegar til frádráttar skv. 28. gr.

Ef aðili lætur endurbæta eign, sem hann hefur keypt, ellegar er orðin úr sér gengin fyrir aldurs sakir, stækka eign, eða breyta henni, þá skal það ekki talið til viðhalds.

Til viðhalds skal aftur á móti telja, að halda eigninni í svipuðu ástandi og hún varð að stækkun, breytingu eða endurbót lokinni.

Sé annars vegar viðhald og hins vegar breytingar, endurbætur og/eða stækkun framkvæmd í einu lagi, verður að meta, hvað telst til hvors um sig.

Ef eigendaskipti verða að húsi eða öðrum eignum, má eigi leyfa til frádráttar hærrí fjárhæðir til viðhalds en teljast mega eðlilegar og venjulegar, hvorki hjá seljanda né kaupanda. Það, sem í slíkum tilfellum er umfram venjulegt viðhald, skal talið endurgoldið með söluverði eignarinnar ellegar hluti af kaupverði, þ. e. kostnaðarverði hennar.

Ef eigandi vinnur sjálfur að viðhaldi eignar sinnar, þá skal sú vinna ekki talin til frádráttar, nema hún sé talin til tekna á móti, að öðrum kosti skal aðeins aðkeypt vinna og efni talin til frádráttar.

Ef endurnýjuð er eign, sem eyðzt hefur vegna slysa eða af öðrum ástæðum, t. d. skip farizt, bryggja ónýtt, hús brunnið eða fokið o. s. frv., þá telst það ekki til viðhalds, en heimilt getur þá verið að veita lækkun á tekjuskatti skv. 49. gr., ef fyrning var ekki leyfð skv. 28. gr. A. eða tjónið bætt, sbr. 20. gr. 3. og 4. tl.

Þegar um er að ræða flokkunarviðgerðir skipa og hliðstæðar viðgerðir flugvéla, er ríkisskattanevnd heimilt að leyfa útgerðar- og flugrekstrarfyrirtækjum, sem þess óska, að dreifa greiddum kostnaði af slíkum viðgerðum til frádráttar tekjum það ár, sem viðgerðin var framkvæmd og næstu ár þar á eftir, þó ekki á lengri tíma en viðurkennt flokkunartímabil.

26. gr.

Frá tekjum skal draga vexti af öllum skuldum aðila föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir af lánum og einnig sköttum og útsvörum. Enn fremur lántökukostnað og framlengingar- og/eða stimpilgjald af vixlum, sem teknir eru í sambandi við atvinnureksturinn.

Afföll af lánum skal draga frá. Skulu þau færð til gjalda skv. reglum í 14. gr. C. 1. tl.

Draga má vextina frá, enda þótt þeir verði ekki beinlinis heimfærðir undir tilkostnað við öflun teknanna (rekstrarkostnað), þ. e. vexti af skuldum má draga frá, eins þótt skuldari hafi hvorki tekjur af eignum eða sjálfstæðum atvinnurekstri. Til gjalda má þó eigi færa:

- Vexti af ábyrgðarskuldum, sem áfallnir eru áður en lánið fellur á aðila.
- Ógreidda vexti, þótt fallnir séu í gjalddaga, ef efnahagur og aðrar ástæður skuldara eru þannig, að fullkominn vafi geti leikið á því, hvort hann muni greiða vextina. Skal um það hafa til hliðsjónar, hvort skuldareigandi telur sér vextina til tekna.
- Vexti af því fé, sem aðili hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Félög og stofnanir (sjá 2. gr.) mega ekki heldur draga frá vexti af hlutafé, stofnfé eða

tryggingarfé, nema skv. ákvæðum 46. gr. Vextir af stofnsjóðum samvinnufélaga teljast þó ekki hér með, sbr. 18. og 44. gr.

27. gr.

Frá tekjum skal draga:

- A. Keyptar vörur og orku til notkunar við reksturinn, svo sem kol, olíu, salt, veiðarfæri og beitu til útgerðar, áburð, fræ, fóðurefni o. fl. til landbúnaðar, raforku, eldsneyti, endingarlítil smáverkfæri, umbúðir o. fl. til framleiðslu iðnvarnings.
- Um slíkar eyðslu- og neytluvörur gildir hið sama og segir um sölu- og iðnaðarvörur í 22. gr. Til gjalda telst aðeins það, sem notað hefur verið á árinu, en það sem óeytt er, færast til eignar í árslok á kostnaðarverði.
- Áburð, fræ, girðingarefni, vélavinnu o. þ. h. til nýræktar eða jarðabóta, skal ekki telja til rekstrarkostnaðar, sama er um aðrar áður taldar vörur, ef þær eru notaðar til endurbóta eða aukningar á eignum aðila.
- B. Tolla, skatta og skyldutryggingar, sem bundnar eru við sérstaka tegund atvinnu eða atvinnurekstrar ellegar sérstaklega ákveðnar eignir. Þar til telst meðal annars: Framleiðslutollur, útflutningsgjöld, skemmtanaskattur o. s. frv., fasteignagjöld, fasteignaskattur og brunabótagjöld af fasteignum, váttryggingariðgjöld skipa, bifreiðaskattur, bifreiðatryggingar o. fl.
- Gjöld af fasteignum má ekki draga frá, nema eignirnar séu arðberandi, t. d. ekki gjöld af sumarbústöðum, nema útleigðir séu, enda skulu einkaafnot af þeim ekki reiknuð til tekna. Ekki má heldur draga frá skatt af bifreiðum, sem notaðar eru í einkaþágu. Sama er um gjöld af öðrum eignum, sem ekki eru notaðar til öflunar teknanna.
- Stimpilgjöld og þinglestrargjöld í sambandi við eignaskipti (kaupsamning og afsal), má eigi heldur draga frá nema um skattskyldan söluhagnað sé að ræða, sbr. 15. gr.
- C. Iðgjöld af ólögboðnum tryggingum arðbærra eigna eða atvinnurekstrar, sem greidd eru til þess að tryggja eignirnar og halda þeim við.
- D. Félagsgjöld til atvinnurekendafélaga, þó ekki umfram 5% — fimm af þúsundi — af veltu fyrirtækjanna. Enn fremur iðgjöld atvinnurekenda til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysistryggingasjóða, sem atvinnurekendum er skylt að greiða skv. heildarkjarasamningum eða lögum, þar með taldar iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda skv. 28. og 40. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar og iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda skv. lögum nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar.
- E. Málskostnað og lögfræðilega aðstoð við öflun tekna. Lögfræðilega aðstoð við kaup og sölur fasteigna eða annarra eigna má þó ekki draga frá, nema um skattskyldan söluhagnað sé að ræða í því sambandi, sbr. 15. gr. Ekki má heldur draga frá lögfræðilega aðstoð við stofnun fyrirtækis. Slík aðstoð telst til stofnkostnaðar, sem heimilt er að afskrifa skv. 28. gr. D.
- Sektir má ekki draga frá. Lögtafskostnaður er ekki heldur frádráttarbær. Hafi ólöglegur ágóði verið sannanlega talinn til tekna, en síðar gerður upp-tækur, má draga hann frá tekjum þess skattárs, er hann var framtalinn.
- F. Ferðakostnað í þágu atvinnurekstrar. Ekki má þó draga frá herra en raunverulegum ferðakostnaði nemur. Ef herra er greitt, þá ber að skoða það sem kaupauka og er hann óheimill til frádráttar, nema að upp sé gefinn með greiddum launum, sbr. 23. gr. (gjafir og kaupauki).
- G. Veittan afslátt og greiddar verðuppbætur á vörur eða þjónustu skv. almennum viðskiptavenjum, enda sé fullnægjandi grein gerð fyrir því, að ekki sé verið að

úthluta neinum viðskiptamanni ágóða af viðskiptum við þriðja mann eða úthluta arði, sbr. 14. gr. C. 3.

Þeir, sem afslátt fá eða uppbætur, skulu telja sér slíkar greiðslur til tekna, ef þær eru viðkomandi tekjuöflun þeirra, enda sé um að ræða áður ótaldar tekjur eða afslátt af áður gjaldfærðum frádráttarbærum útgjöldum.

- H. Póstgjöld, símakostnað, auglýsingar, pappír, ritföng og/eða annan skrifstofukostnað vegna atvinnurekstrar. Þá má og draga frá risnu vegna atvinnurekstrar eftir mati skattstjóra, enda verði hún talin sem skyldukvöð eða óhjákvæmileg til öflunar teknanna.
- I. Bústofnsskerðingu, sbr. 17. gr. B. 3.
- J. Aðstöðugjald skv. III. kafla laga nr. 69/1962.
- K. Landsútsvar skv. IV. kafla laga nr. 69/1962.

28. gr.

- A. Frá tekjum skal draga fyrningu þeirra eigna, sem notaðar eru við öflun teknanna. Sömu reglum um fyrningu eigna skal fylgja frá ári til árs. Heildarfyrning eignar skal nema kostnaðarverði hennar, að frádegnu niðurlagsverði. Árleg fyrning skal reiknast kostnaðarverð eignarinnar, að frádegnu niðurlagsverði hennar, deilt með áætluðum endingartíma.

Kostnaðarverð eignar í þessu sambandi telst kaupverð eða framleiðsluverð hennar að viðbættum tollum, flutningsgjöldum, niðursetningarkostnaði og öðrum áföllnum kostnaði, þó eigi vöxtum, þar til eignin er nothæf til tekjuöflunar, en að fráregnum óafturkræfum styrkjum til kaupa eignarinnar, sbr. 16. gr. B, afslætti, eftirgjöf skulda eða skaðabótum, sem til falla í sambandi við kaup eignarinnar. Til kostnaðarverðs telst einnig kostnaður við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu eignarinnar.

Niðurlagsverð eignar skal talið 10% af kostnaðarverði hennar, nema annað sé sannað.

Áætlaður endingartími eignar, er sá árafjöldi, sem ætla má að eignin haldi notagildi sínu, efnislega og tæknilega. Fyrning húsa, annarra en verksmiðju- og vörugemymslúhúsa, gróðurhúsa, svo og gistihúsa, meðan á starfstíma stendur, skal þó reiknuð af fasteignamati. Um önnur frávik vísast til B. og C-liðar þessarar greinar.

Hámarksfyrning, miðuð við áætlaðan lágmarksendingartíma eftirtalinna eigna, skal vera sem hér segir:

1. Bifreiðir:

Leigubifreiðir	20%
Læknabifreiðir	15%
Strætisvagnar og áætlunarbifreiðir til langferða	25%
Vörubifreiðir	20%

2. Byggingar og önnur mannvirki:

Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	10%
Bryggjur úr timbri	10%
Dráttarbrautir	18%
Gistihús, meðan á starfstíma stendur	4%
Gróðurhús	10%
Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar	15%
Rafstöðvar (ðísil- og gufuknúnar)	8%
Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar)	4%
Síldarsöltunarbryggjur (plön)	10%

Stálgeymar (tankar)	4%
Steinsteyptir geymar (tankar)	3%
Steinhús (af fasteignamati)	4%
Timburhús (af fasteignamati)	6%
Torfhús (af fasteignamati)	8%
Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugeymsluhús	4%
Verksmiðjuhús, sem notuð eru til vinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða	10%
3. Flugvélar og flugtæki:	
Flugvélar	20%
Hreyflar	20%
Siglingatæki	20%
Önnur tæki	20%
4. Iðnaðarvélar og tæki (verkfæri):	
a. Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður:	
Brauð og kexgerð	9%
Fiskiðnaður	20%
Fóðurlöndun	12%
Frysting	20%
Kaffibrennsla og kaffibætisgerð	12%
Kjötiðnaður	12%
Kornmölun	12%
Mjólkuriðnaður	12%
Niðursuða	12%
Pökkun	9%
Smjörlikisiðnaður	12%
Sælgætisgerð	9%
Ól- og gosdrykkjaiðnaður	12%
Annar matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	9%
b. Vefjariðnaður:	
Prjónlesiðnaður	15%
Ullariðnaður	18%
Veidarfæraiðnaður	15%
Annar vefjariðnaður	15%
c. Fata- og vefnaðarvöruiðnaður:	
Skóiðnaður	15%
Annar fata- og vefnaðarvöruiðnaður	15%
d. Timbur- og korkiðnaður:	
Tunnusmiði	12%
Annar timbur- og korkiðnaður	15%
e. Pappírs- og pappaiðnaður:	
Umbúðaiðnaður	15%
Annar pappírs- og pappaiðnaður	12%
f. Prentun, bókbænd og prentmyndagerð:	
Bókbænd	12%
Prentletur	20%
Prentmyndagerð	15%
Setning og prentun	15%
Önnur áhöld og tæki til prentunar, bókbands og prentmyndagerðar	10%
g. Skinna- og leðuriðnaður (annar en fataiðnaður):	
Sútun	18%
Töskugerð	15%

	Annar skinna- og leðuriðnaður	15%
h.	<i>Gúmiðnaður</i>	12%
i.	<i>Efnaiðnaður (kemiskur iðnaður):</i>	
	Hreinlætisvöruiðnaður	9%
	Hvalvinnsla	18%
	Lifrarbræðsla	18%
	Lýsishreinsun og lýsisherzla	18%
	Málningar- og lakkiðnaður	9%
	Síldar- og fiskimjölsvinnsla	18%
	Annar efnaiðnaður	9%
j.	<i>Steinefnaíðnaður:</i>	
	Bræðsluofnar	18%
	Gleriðnaður	10%
	Grjót-, malar- og sandnám	12%
	Leirsmíði og postulínsiðnaður	10%
	Námugróftur	18%
	Pípu-, steina- og hellugerð	12%
	Steinsteypuframleiðsla	18%
	Annar steinefnaíðnaður	10%
k.	<i>Málmiðnaður:</i>	
	Blikksmíði	12%
	Umbúðaiðnaður	15%
	Annar málmiðnaður	15%
l.	<i>Ýmis iðnaður:</i>	
	Plastiðnaður	12%
	Skartgripa- og góðmálmaiðnaður	12%
m.	<i>Aðrar iðnaðarvélar og tæki (verkfæri) ót. a.</i>	9%
5.	Jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki:	
	Dráttarvélar (á hjólum)	20%
	Skurðgröfur	20%
	Aðrar jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki	15%
6.	Mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki:	
	Beltadráttarvélar (jarðýtur)	25%
	Farandloftþjökkur	20%
	Loftþjökkur	15%
	Uppskipunar- og byggingakranar	15%
	Vélskóflur	20%
	Vörulyftur	8%
	Önnur mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki	15%
7.	Skip og skipsbúnaður:	
	Farþegaskip úr stáli með vél	8%
	Fiskiskip úr stáli með vél	12%
	Mótorvélar í fiskiskip	20%
	Opnir bátar	15%
	Skip úr eik án vélar	12%
	Skip úr furu án vélar	15%
	Tankskip með vél	10%
	Vöruflutningaskip úr stáli með vél	8%
	Önnur skip úr stáli með vél	12%
	Kraftblokkir	20%
	Siglinga- og fiskileitartæki	20%

8. Ýmsar vélar og tæki:

Fjölritarar og áhöld til fjölritunar	12%
Fólkslyftur	6%
Hárgreiðslu- og rakarastofutæki	15%
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	10%
Kvikmyndasýningarvélar	10%
Ljósmyndatæki	15%
Lækningatæki og rannsóknartæki lækna	10%
Rannsóknartæki og vélar	15%
Skrifstofuvélar og áhöld	12%
Skýrslugerðarvélar	15%
Þvottahúsa- og efnalaugavélar	12%

Hafi fyrnanleg eign verið aðeins hluti af ári í eigu gjaldanda, skal reikna ársfyrningu hlutfallslega frá þeim tíma, sem eignin var tekin í notkun.

Nú er fyrnanleg eign seld eða hún ferst, og skal þá reikna ársfyrningu til gjalda hlutfallslega miðað við sölundag eða tjóndag, þó má fyrna niður í söluverð eða tjónbætur, sé það lægra en kostnaðarverð að frádrægnum fyrningum.

Sé söluverð eignar hins vegar hærra en kostnaðarverð að frádrægnum fyrningum, skal mismunurinn teljast skattskyldar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr.

Nú verður eign ónothæf áður en fyrningu hennar er lokið og skal þá færa fyrnanlegar eftirstöðvar til gjalda á því ári, þó að frádrægnum tjónbótum. Niðurlagsverð eignar skal færa til gjalda á því ári, sem hún hverfur úr eigu skattþegns, þó að frádrægnum tjónbótum eða söluandvirði, ef eitthvað er. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja til hækkunar frá hámarksársfyrningu, og sker ríkisskattanefnd úr um réttmæti þeirra undantekninga.

Ef eignarréttur til einhverrar eignar er takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan ákveðins tíma, endurgjaldslaust, má miða fyrningu eignarinnar við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda, í stað áætlaðs endingartíma. Verði eignin látin af hendi endurgjaldslaust, reiknast ekkert niðurlagsverð, en komi bætur fyrir reiknast þær niðurlagsverð.

Skip, sem eru í notkun aðeins 2—3 mánuði á ári hverju, skulu fyrnd með 90% af venjulegri ársfyrningu. Ef skipi er lagt upp, þannig að það sé ónotað árlangt eða lengur, skal það fyrnt með 75% af venjulegri ársfyrningu.

Fyrning skal því aðeins leyfð til frádráttar tekjum, að fært sé svo fullnægjandi bókhald, að séð verði, hvernig hún er reiknuð og bókfærð, þannig að á hverjum tíma sé auðvelt að sannprófa hana.

Ef skattstjóri telur eignir, sem fallið geta undir ýmsa fyrningarflokka, eigi nægilega aðgreindar í bókhaldi, skal hann reikna fyrningarhundraðshlutann svo sem allar eignirnar kæmu í þann fyrningarflokk, sem lægstan hefur fyrningarhundraðshlutann.

Fyrning á eignum skal reiknuð árlega og talin til frádráttar. án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

- B. Eftirtaldir eignir má í stað venjulegra fyrninga fyrna um 20% á ári í 3 ár, frá því er þær eru teknar í notkun: Fiskiskip og önnur veiðiskip, flutningaskip, flugvélar, til farþega- og vöruflutninga, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Þó skulu þau fyrirtæki, er njóta styrks úr ríkissjóði, ekki njóta þessarar sérstöku fyrningar, svo fremi að styrkurinn sé jafnhár eða hærri en fyrningum þessum nemur. Sé

styrkurinn hins vegar lægri, má fyrna eignir þessar þannig, að styrkurinn að viðbættum fyrningum nemi 20% á ári í 3 ár.

Þegar fyrning er í fyrsta sinn ákveðin skv. 1. mgr. skulu skattyfirvöld ákveða heildarfyrningarupphæð hverrar eignar.

Nú gengur eign kaupum og sölum, og skal þá hinn síðari eigandi aldrei njóta hærri fyrninga en hinn fyrsti hefði notið.

Tap það, sem kann að orsakast af aukafyrningum þessum, má flytja milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz því hefur verið náð upp.

Eftir að lokið er fyrningum skv. ákvæðum þessum, skal haldið áfram að fyrna, skv. ákvæðum A-liðs þessarar gr., það sem eftir stendur af leyfðri heildarfyrningarupphæð eignarinnar.

- C. Af þeim fastafjármunum atvinnufyrirtækja, sem keyptir hafa verið fyrir 1. janúar 1962, skal reikna fyrningu með ákveðnum hundraðshluta af matsverði, að frádregnu niðurlagsverði, sbr. K-lið 57. gr., miðað við þann árafjöld, sem eftir er af áætluðum endingartíma, enda hafi mat farið fram skv. ákvæðum K-liðar 57. gr.

Niðurlagsverð í þessu sambandi skal talið 10% af endurkaupsverði, nema annað sé sannað.

- D. Frá tekjum skal draga afskrift af stofnkostnaði. Hámarksafskrift, sem leyfa má, er 20% á ári hverju, þannig að stofnkostnaðurinn verði að fullu afskrifaður á 5 árum.

Til stofnkostnaðar telst t. d. stofngjald af síma, stimplun hlutabréfa, skráning fyrirtækja, svo og sérhverjar aðrar greiðslur, sem greiða þarf í eitt skipti fyrir öll, vegna stofnunar eða undirbúnings að starfrækslu fyrirtækis, þó ekki greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

- E. Til frádráttar tekjum má eigi fyrna:

1. Eignir sem tilheyra ekki atvinnurekstri. Sé eign notuð bæði í þágu atvinnurekstrar og í einkaþágu atvinnurekanda sjálfs, verður að meta hve mikið af notkuninni tilheyrir rekstrinum og miða frádráttarbæra fyrningu við það.
2. Lönd og lóðir eða aðrar slíkar eignir, sem eigi rýrna eða ganga úr sér við notkun. Rýrnun á bústofni kemur fram í bústofnsskerðingu (sjá 27. gr. I) og rýrnun vörubirgða kemur fram í mati þeirra, og verður þá fyrning eigi reiknuð á annan hátt.
3. Viðskiptavild („goodwill“). Hún telst hluti af kaupverði því, sem fyrir fyrirtæki er gefið.

- F. Til frádráttar tekjum má ekki færa:

1. Verðlækkun fjármuna.
2. Eignatjón vegna atvika, sem eigi má sjá fyrir, svo sem eldsvoða, flóða, jarðskjálfta o. þ. h., nema sérstaklega sé leyft t. d. sem bústofnsskerðing eða fyrning, en heimilt getur þá verið að veita lækkun á tekjuskatti skv. 49. gr.

29. gr.

Töpuð útlán, þ. e. tapaðar útistandandi skuldir, skulu dregnar frá tekjum, enda sé eftirgreindum skilyrðum fullnægt:

- A. Að skuldin stafi beinlínis af atvinnurekstri aðila. Hér koma því eigi til greina töp á hlutabréfum eða öðrum slíkum framlögum til félaga, töp vegna ábyrgða o. þ. h. Þótt atvinnurekandi hafi gengið í ábyrgð, veitt peningalán eða veitt einhverja slíka aðstoð til stofnunar eða rekstrar fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi, teljast þau töp, sem þannig kunna að vera

tilkomin, eigi frádráttarbær. Eigi heldur þótt t. d. tvö fyrirtæki hafi gengið í ábyrgð hvort fyrir annað.

Til frádráttar koma eigi heldur afskriftir, sem telja má gjöf þótt upphaflega sé veitt sem lán að forminu til en síðan afskrifuð.

Þjófnaðartöp, sem ekki fást bætt, eru frádráttarbær, enn fremur sjóðþurrðir hjá gjaldkera fyrirtækis, enda sannað við réttarrannsókn.

B. Að sönnur séu fyrir því, að fjárhæð skuldarinnar hafi áður verið talin til tekna hjá aðila.

C. Að vitanlegt sé, að skuldin sé töpuð og að það hafi orðið vitanlegt á því ári, sem frádrátturinn kemur á. Skuld telst vitanlega töpuð:

1. Ef skuld er fyrnd eða sannast á fullnægjandi hátt, að eignir séu eigi til fyrir henni eða hún verði eigi greidd, svo sem við gjaldþrot, nauðasamninga, árangurslaust fjárnám o. þ. h.

2. Ef telja má fullvíst, að skuldin fáist eigi greidd, enda þótt atvik þau, sem um ræðir í 1. tl. séu eigi fyrir hendi. Líkur einar eru þó eigi nægar, heldur verða öll rök að liggja til þess, að skuldin sé að fullu töpuð. Að það hafi sýnt sig við ítrekaðar innheimtutilraunir, að skuldari sé ófær til greiðslu, að hvorki fáist af skuldinni afborganir og vextir né veð fyrir henni, og efna-hagur skuldara og afkoma sé þannig, að greiðslu verði ekki að vænta, enda sé eigi um gagnkröfu að ræða af hans hendi.

Nú tapast hluti af skuld, t. d. við gjaldþrot eða samninga um eftirgjöf, eða veð fæst aðeins fyrir nokkrum hluta skuldar, ellegar á annan hátt fengin vissa fyrir því, að hluti af skuldinni fáist eigi greiddur, og er þá leyfilegt að afskrifa þann hluta, enda hafi skuldareigandi fullnægjandi reikningshald.

Ef skuld er afskrifuð, er skuldara eigi leyfilegt að telja hana til skuldar, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, er skattstjóri tekur gildar.

Sé eitthvað innborgað af skuld, sem afskrifuð hefur verið, telst það til tekna það ár, sem greiðsla átti sér stað.

Senda ber skattstjóra sundurliðaða skrá yfir þær skuldir, sem taldar eru tapaðar, með tilgreindu nafni og heimilisfangi hvers einstaks skuldara ásamt skuldafjárhæð og þeim upplýsingum, sem þurfa þykir. Enn fremur lista yfir innborganir af áður afskrifuðum skuldum, ef einhverjar eru.

30. gr.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklings, má flytja milli ára um fimm áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð. Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftirgefið fyrir ráðstafanir hins opinbera.

Þeir skattgreiðendur, sem hafa orðið fyrir tapi vegna atvinnurekstrar síns árið 1956 og síðan, fram að gildistöku laga nr. 70/1962 og hafa ekki unnið upp tapið, skulu njóta frádráttar skv. 1. mgr. þessarar gr., eins og ákvæðið hefði verið í gildi, þegar tapið varð.

Tap, sem myndast hefur vegna sérstakra afskrifta, sjá 28. gr. B. þessarar reglugerðar (sbr. lög nr. 59/1946, nr. 15/1949, nr. 103/1950, nr. 44/1954, nr. 90/1957 og nr. 33/1960) má færa milli ára og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt og er því millifærsla slíks taps ekki bundin við fimm áramót.

IV. KAFLI

Um almennan frádrátt frá tekjum.

31. gr.

- A. Allir skattskyldir aðilar, sem heimilisfastir eru hér á landi, mega draga frá vexti af skuldum skv. þeim reglum, er segir í 26. gr.
- B. Hver sá, er hérlendis á arðberandi húseign eða aðra fasteign, má draga frá tekjum af eigninni viðhald skv. 25. gr., fasteignagjöld skv. 27. gr. B. og fyrningu skv. 28. gr.
- C. Allir skattskyldir aðilar, sem heimilisfastir eru hér á landi, mega draga frá tekjum sínum tap, sem orðið hefur á atvinnurekstri og einnig flytja tapið milli ára um fimm áramót skv. þeim reglum, er segir í 30. gr.

32. gr.

- A. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla. Kostnaður, sem leiðir af frávöllum embættismanns frá embættisstörfum, telst ekki til embættiskostnaðar í þessu sambandi, nema sé vegna starfa í almennings þágu. Flutningskostnaður milli embætta, þ. e. þegar embættismaður flytur alfarinn til þess að taka við öðru embætti, er eigi heldur frádráttarbær eða annar slíkur kostnaður, sem eigi snertir beinlínis embættisreksturinn sjálfan.
- B. Þeir, sem fá greidda bifreiðastyrki, risnu, skrifstofufé og þess háttar, sbr. 3. tl. A-liðar 13. gr., en hafa hins vegar sannanlegan kostnað vegna þessa, mega draga kostnaðinn frá þessum tekjum sínum.
- C. Þeir, sem langferðir fara vegna atvinnu sinnar, mega draga ferðakostnaðinn frá tekjum sínum, enda sé ferðakostnaðurinn ekki endurgreiddur af atvinnuveitanda.

Það telst því aðeins langferð, að ferðakostnaður milli heimilis og atvinnustaðar nemi að minnsta kosti kr. 250.00 fram og til baka, enda sé miðað við venjuleg og óhjákvæmileg útgjöld. Auk fargjalds má taka tillit til fæðis á ferðalaginu og gistingarkostnaðar. Framteljanda ber að gera fulla grein fyrir kostnaðinum og skal þess gætt, að engum sé veittur hærri frádráttur en skattstjóri telur að nauðsynlegur hafi verið vegna ferðarinnar. Frádráttur hjá hverjum skattgreiðanda kemur að jafnaði til greina aðeins vegna einnar slíkrar langferðar á ári.

Kostnað vegna búferlaflutninga má ekki draga frá.

33. gr.

Launþegar mega draga frá tekjum sínum iðgjöld til stéttarféлага, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, enda sé félagsskapurinn myndaður um þá starfsgrein, sem viðkomandi hefur tekjur af. Tillög til annarra féлага má ekki draga frá.

Frádráttur launþega skv. þessari gr. má ekki vera umfram 5% — fimm af hundraði — af launatekjum.

34. gr.

- A. Draga skal frá öll iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum skv. að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu, þar með talið iðgjald skv. 26. gr. laga nr. 40/1963 um almannastryggingar og enn fremur sjúkrasamlagsgjald skv. IV. kafla síðast nefndra laga.
- B. Frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, skal draga iðgjöld af slíkum lífeyri, ef greidd eru, enda hafi iðgjöldin sannanlega verið greidd á skattárinu. Draga má frá allt

að 10% af launum eða nettó tekjum aðila. Þó ekki hærri upphæð en kr. 10 000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarbæru iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrarútgjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, enda minnkar þá réttur launþega til frádráttar sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár.

Nú greiðir atvinnufyrirtæki stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma og getur þá ráðherra veitt leyfi til, að stofnframlag komi til frádráttar skattskyldum tekjum fyrirtækisins, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á minnst 5 ár. Ekki má frádráttarhæft stofnframlag vera svo hátt í heild, að það veiti meiri lífeyrisréttindi vegna liðins starfstíma en árleg frádráttarhæf iðgjöld veita starfsmönnum fyrirtækisins vegna síðari starfstíma. Heimild þessi verður þó því aðeins veitt, að fullnægt sé öllum sömu reglum og gilda um tryggingar annarra aðila og uppfyllt þau skilyrði, sem í reglugerð þessari eru sett varðandi skattfrádrátt vegna iðgjalda af ólögboðnum lífeyristryggingum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld af ólögboðnum lífeyristryggingum megi draga frá tekjum, eru, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, váttryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir.

Fé sjóðanna skal ávaxta á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941, svo og í innlánsdeildum skv. lögum um samvinnufélög.
4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið fyrir 15. febrúar ár hvert, að sjóðirnir verji allt að 50% af tekjum sínum á því almanaksári, þar með taldir vextir og afborganir af útistandandi skuldum, til kaupa á tilteknum skuldabréfum þeirra tegunda, sem nefnd eru í 1. og 2. tl. næstu mgr. hér á undan.

Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda, sem fjármálaráðherra tilnefni.

- C. Draga skal enn fremur frá iðgjöld af lífsábyrgð gjaldanda sjálfs og konu hans, en ekki barna þeirra, nema dregið sé frá tekjum barnanna sjálfra. Frádráttur skv. þessum lið má þó ekki nema meiru en kr. 4000.00 fyrir hvern einstakan og ekki heldur samanlagt fyrir hjón. Fyrir þá, sem ekki eru aðilar að lífeyrissjóðum, sbr. A- og B-lið þessarar gr., má þó frádráttur nema allt að kr. 6000.00.

35. gr.

- A. Frá tekjum þeirra, sem stunda nám í framhaldsskólum, skal draga námskostnað eftir mati ríkisskattanefndar að fengnum tillögum skattstjóra. Skal í því sambandi höfð hliðsjón af því, hve löng skólagangan er, hve dýrt skólanámið er og hve miklu nemandinn kostar til þess sjálfur, sbr. 16. gr. B. 2. mgr. d. og 49. gr. A. 2.
- B. Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má draga frá tekjum næstu 5 ár eftir að námi er lokið, enda geri nemandi árlega, meðan nám

stendur yfir, fullnægjandi grein fyrir námskostnaðinum og þar með hvernig fjár var aflað til greiðslu hans og annarra útgjalda, með sama hætti og öðrum framteljendum ber að gera grein fyrir fjáröflun til útgjalda sinna. Leggja skal fram vottorð frá viðkomandi skólum og önnur nauðsynleg sönnunargögn, eftir því sem við á.

Skattþegn, sem óskar að njóta frádráttar skv. þessum lið, skal enn fremur, með fyrsta framtali sínu eftir að námi er lokið, senda sundurliðað heildaryfirlit yfir námskostnaðinn og fjáröflun til greiðslu hans og annarra útgjalda á námsárunum svo og gera grein fyrir námsferli sínum, hvaða nám stundað, við hvaða skóla, hvenær og hve lengi og hvaða prófi lokið. Skattstjóri úrskurðar síðan heildarupphæð frádráttar og má þá hafa hliðsjón af almennum námsfrádrætti skv. A-lið þessarar gr., sem leyfður var við hliðstætt nám á sama stað og tíma.

Frá heildarupphæð frádráttar skv. þessum stafl. skal draga þann námsfrádrátt, sem færður hefur verið til frádráttar á framtölum skattþegns skv. A-lið og honum hefur að gagni komið til skattlækkunar og enn fremur þann frádrátt, sem foreldri hefur notið skv. 49. gr. A. 2. Það, sem þá verður eftir, má skattþegn draga frá tekjum næstu 5 ár, þó aldrei meira en $\frac{1}{5}$ hluta hvert ár.

- C. Heimilt er skattþegni að draga frá tekjum kostnað vegna kaupa á bókum, tímaritum og áhöldum til vísindalegra og sérfræðilegra starfa sinna.

Til þess að slíkur frádráttur fái st, verður skattþegn að leggja fram kvittanir fyrir greiðslu. Á kvittunum skal koma fram nafn skattþegns (þ. e. kaupanda), dagsetning, sem sýnir, hvenær kaupin eru gerð, enn fremur nafn seljanda, svo og magn og tegundarheiti þess, sem keypt er.

Sé skattþegn fastur áskrifandi að vísindalegum eða sérfræðilegum bókum eða tímaritum, sem ná til starfa hans, er nægilegt að kvittun fyrir áskriftargjaldi fylgi.

Frádráttur þessi nær eingöngu til þeirra, sem hafa sjálfstæðar tekjur af vísindalegum eða sérfræðilegum störfum, svo og þeirra, sem atvinnu sinnar vegna verða að fylgjast með nýungum starfi sínu viðkomandi, og ekki fá kostnaðinn greiddan frá öðrum, t. d. vinnuveitanda.

36. gr.

Frá tekjum skal draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir kr. 300.00.

Skilyrði fyrir frádrætti umræddra gjafa er, að skattþegn leggi fram móttökukvittun frá stofnun, sjóði eða félagi, sem ríkisskattstjóri hefur veitt viðurkenningu fyrir að hafa á gjafaárinu heimild til að þiggja gjafir með þeim afleiðingum, að gefandi öðlist rétt til frádráttar skv. 1. mgr.

Málaflokkar þeir, sem til greina koma skv. þessari grein eru:

- Hvers konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritautgáfa og fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufrýrbrigða, skógræðsla, sandgræðsla o. fl., sem til menningarmála heyrir.
- Hvers konar vísindaleg rannsóknarstarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda.
- Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m. a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, hæla fyrir drykkju-

sjúklinga og lamaða og fatlaða og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og í lofti.

- d. Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðurkenndra trúarfélaga, er söfnuði hafa hér á landi, starfsemi deilda innan slíkra safnaða, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.

Tilmæli um viðurkenningu skv. 2. mgr. skal þiggjandi árlega senda ríkisskattstjóra fyrir 31. okt. næsta árs á undan því ári, sem viðurkenningin skal gilda fyrir, ásamt greinargerð um starfsemi stofnunarinnar og reikningum hennar fyrir næstliðið ár.

Tilmæli um viðurkenningu fyrir árið 1964 þurfa þó ekki að hafa horizt fyrr en 31. marz 1964. Viðurkenning, sem veitt er skv. þessari mgr., skal einnig gilda varðandi gjafir gefnar á árunum 1961, 1962 og 1963.

Nýstofnuð félög, sjóðir og stofnanir skulu senda umrædd tilmæli innan mánaðar frá stofnun og síðan árlega fyrir 31. okt., sbr. 4. mgr. þessarar gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá tímamörkum 4., 5. og 6. mgr. þessarar gr., ef sérstaklega stendur á.

37. gr.

Frá tekjum hjóna, sem gengið hafa í lögmaett hjónaband á árinu, skal draga kr. 20 000.00 vegna kostnaðar við stofnun heimilis.

Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

Hafi konan haft tekjur á skattárinu áður en hún giftist, má skattleggja þær tekjur sérstaklega og skipta persónufrádrætti konunnar hlutfallslega miðað við tíma. Umræddur frádráttur vegna heimilisstofnunar skal þá dreginn frá tekjum á sameiginlegu framtali hjónanna.

38. gr.

Þegar skattur er lagður á tekjur, er renna til aðila, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, má draga frá tekjum þau útgjöld, sem beinlínis koma við þessum tekjum.

39. gr.

- A. Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, skulu fá frádrátt vegna hlífðarfatakostnaðar kr. 500.00 á mánuði, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Sömu aðilar skulu fá sérstakan frádrátt kr. 3000.00 á mánuði, ef vikufjöldinn, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda, nær 6 mánuðum eða lengri tíma af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar skv. 1. og 2. mgr. þessa stafl., þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

- B. Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Ríkisskattanefnd skal meta fjárhæð þessa kostnaðar að fengnum tillögum skattstjóra.

Frádráttur þessi skal veittur öllum sjómönnum á fiskiskipum, hvert sem starf þeirra á skipinu er. Á skipum undir 12 rúmlestir skal miðað við róðrardagafjölda, en á stærri skipum við þann dagafjölda, sem lögskráð er.

C. Draga skal frá helming af björgunarlaunum, sem kynnu að hafa fallið í hlut skipverja skv. X. kafla siglingalaganna nr. 56/1914.

Undanþága þessi gildir þó ekki fyrir skipverja á skipum, sem eingöngu teljast björgunarskip. Undanþágan nær ekki heldur til hluta skipseigenda af björgunarlaunum.

D. Frá tekjum skal enn fremur draga fé það, sem einstaklingum á aldrinum 16—25 ára er skylt að spara skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1957.

40. gr.

Draga skal frá eignarskatt og eignarútsvar, sem greitt hefur verið á skattárinu.

Hins vegar er tekjuskattur og tekjuútsvar ekki frádráttarbært, og ekki heldur kirkju- og kirkjugarðsgjald.

V. KAFLI

Um fjölskyldufrádrátt, félagafrádrátt o. fl.

41. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi skal draga:

1. Fyrir hvern einstakling, sem er sjálfstæður skattþegn kr. 50 000.00. Telji hjón, sem samvistum eru, fram sitt í hvoru lagi, þó aðeins kr. 35 000.00 hjá hvoru. Hjón, sem slitið hafa samvistum, skulu ekki heldur fá nema kr. 35 000.00 hvort, nema þau hafi fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða vænta megi að samvistaslitin séu undirbúningur að lögskilnaði eða þau muni ekki flytja saman aftur.
2. Fyrir hjón, sem telja fram sameiginlega, kr. 70 000.00.
3. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á kr. 10 000.00. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna, sem þau eiga saman, skiptast til helminga milli þeirra.

Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla, þar með talinn barnalífeyrir skv. 79. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, skal ekki talinn til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Barnalífeyrir skv. 16. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, vegna þess að faðir barnsins er látinn, skal ekki heldur talinn til tekna hjá þeim, sem við honum tekur, enda skal þá aðeins leyfður helmingur frádráttar skv. 3. tl. 1. mgr. þessarar gr.

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum sínum auk frádráttar skv. 1. mgr. þessarar gr. upphæð, er nemur kr. 10 000.00 að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

Fjölskyldufrádráttur skal ætíð miðaður við fjölskyldustærð í árslok. Kvæntur maður fær því fullan frádrátt fyrir eiginkonu, þótt hann hafi ekki kvænst fyrr en í lok skattársins, sbr. þó síðustu mgr. 37. gr., og einnig fyrir barn, þótt ekki sé fætt fyrr en rétt fyrir árslok.

Um frádrátt vegna þeirra, sem látizt hafa á skattárinu, sjá 42. gr.

42. gr.

Dánarbú fær ekki fjölskyldufrádrátt vegna hins látna, heldur aðeins þeirra ómaga, sem búið hefur haft á framfæri og lífs eru í árslok.

Vegna þeirra er látizt hafa á árinu má hins vegar veita frádrátt skv. 49. gr.

43. gr.

Frá heildartekjum þeirra útlendinga, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa hér á landi um tiltekinn tíma, dvelja hér um stundarsakir eða eru á förum af landi brott, skal draga beinan kostnað við öflun teknanna eftir sömu reglum og um aðra gjaldendur.

Útlendingar þeir, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar gr., njóta frádráttar skv. 41. gr. sem íslenzkir ríkisborgarar, en sé fjölskylda búsett erlendis, skal því aðeins veittur frádráttur hennar vegna, að sönnur séu færðar á, að gjaldandi hafi annazt framfærslu hennar.

Útlendir listamenn, sem afla sér hér tekna með list sinni, hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum, skulu fá frádraginn $\frac{1}{3}$ hluta af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum, eftir því sem við á, við ákvörðun tekjuskatts og útsvars, enda njóti þeir ekki frádráttar skv. 1. og 2. mgr. þessarar gr.

44. gr.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði skv. lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu og enn fremur vexti af stofnsjóði, allt að $1\frac{1}{2}\%$ hærri en innlánsvextir í bönkum, sbr. 7 tl. 3. gr. nefndra laga nr. 46/1937, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.

Á sama hátt mega félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Vexti af stofnsjóði skulu stofnfjáreigendur telja sér til tekna og enn fremur skulu þeir, sem fá greiðslur þær, séreignarfærslur í stofnsjóði og úthlutanir, sem um ræðir í þessari grein, telja þær sér til tekna, ef þær eru viðkomandi tekjuöflun þeirra, þ. e. uppbætur á seldar afurðir eða afslættir af frádráttarbærum útgjöldum.

Þeir, sem greiða, skulu draga umræddar endurgreiðslur og stofnsjóðsvexti frá á því ári, sem viðskiptin urðu, sem við er miðað eða þær tekjur til falla, sem greiðslurnar byggjast á, enda séu þær ákveðnar, þegar upp eru gerðir reikningar þess árs og þær greiddar á sama ári og ákveðið er að greiða þær.

Þeir, sem greiðslurnar fá, skulu hins vegar ekki telja þær sér til tekna fyrr en á því ári, sem greiðslurnar fara fram eða þær færðar á viðskipta- eða stofnsjóðsreikning viðkomandi.

Meðan umræddar greiðslur hafa ekki enn farið fram eða þær verið færðar á viðskipta- eða stofnsjóðsreikning skulu greiðendur telja þær sér til eignar.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldur tekjur.

45. gr.

Innlend váttryggingarfélög (ábyrgðarfélög) hafa heimild til að draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til tryggingar skuldbindingum sínum við

þá, sem hjá þeim eru tryggðir. Þetta gildir einungis um skuldbindingar, sem fallnar eru á félagið.

46. gr.

Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, sem talin eru í 2. gr. 1. tl., mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af hlutafé eða stofnfé.

47. gr.

Ef nokkuð af ársarði innlendra félaga, sjóða og stofnana, svo og dánarbúa og þrotabúa, sem um ræðir í 2. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærrí fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ af hreinum tekjum áður en tekjuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Hreinar tekjur í þessu sambandi, teljast tekjur skv. 11.—18. gr. að frádrætti gerðum skv. 21.—46. gr. eftir því sem við á.

48. gr.

Tekjuskatt ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan ákvörðun skattsins. Kallast það skattár, en hitt gjaldár, þegar fram er talið og skattur á lagður.

Skattstjóri getur þó veitt skattþegni heimild til að miða skattár við annan tíma en almanaksárið, enda sé annað veijulegt rekstrarár í atvinnugrein skattþegns eða hann sýnir, er hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár en hið venjulega og að honum séu mikil óþægindi gerð með því að hverfa frá þeirri tilhögun.

Þegar notað er annað reikningsár en almanaksárið, þá verður að miða við tekjur þess reikningsárs, sem síðast endaði fyrir ákvörðun skattsins. Ef síðar er breytt um og almanaksárið tekið, þá verður í fyrsta sinn eftir breytinguna að miða við tekjurnar frá lokum þess reikningsárs, sem síðast var miðað við, til loka almanaksársins, sem byrjaði næst á eftir að reikningsárinu lauk.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

Þegar allur lögleyfður frádráttur skv. 21.—47. gr. hefur verið dreginn frá tekjum, eftir því sem við á, skal fjárhæð sú, sem þá verður eftir, lækkuð, ef með þarf, svo að hún standi á næsta heilu hundraði, en því sleppt, sem umfram verður. Af þeirri upphæð, sem þá verður eftir, reiknast skattgjaldið skv. því, sem ákveðið er í VII. kafla.

49. gr.

A. Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef veikindi, slys, mannlát eða skuldatöp hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.

Með slysum er átt við meiðsli og óhöpp á mönnum og enn fremur eyðingu eða óvenjulegar skemmdir fjármuna.

Skattlækkun af þessum ástæðum kemur því aðeins til greina, að um sé að ræða verulega skerðingu á gjaldþoli skattþegns.

Er þar til hliðsjónar eftirfarandi:

a. Kostnaður sá, sem veikindi, slys á mönnum eða mannlát hafa haft í för með sér fyrir skattþegn sjálfan, maka hans og börn, hjú eða nem-

endur, sem honum er skylt að kosta að lögum. Skattlækkun vegna þessa kostnaðar kemur þó því aðeins til greina, að kostnaðurinn hafi ekki verið eða fáið endurgreiddur af öðrum.

- b. Afleiðingar þær, sem kunna að verða af veikindum, slysum eða mannsláti auk hins útlagða kostnaðar, svo sem ef skattþegn missir atvinnu sína eða laun eða verður eigi fullfær til starfs vegna veikinda eða slysa, heimilisfaðir eða fyrirvinna fellur frá eða aflahæfi skattþegns eða fjölskyldu hans rýrnar á annan hátt. Við ákvörðun um skattlækkun vegna þessa skal jafnframt haft til hliðsjónar, ef skattþegn af sömu ástæðum fær styrki eða bætur, útborgaða líftryggingu, eftirlaun, arf eða þess háttar.
- c. Eignatjón, þ. e. eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis eða skipskaða. Við ákvörðun um skattlækkun vegna eignatjóns ber m. a. að hafa í huga, hve mikið tjónið er, hvort það eða hluti þar af kemur beint til frádráttar tekjum t. d. sem bústofnsskerðing eða fyrning og hvort eða hver áhrif það muni hafa á gjaldþol skattþegns eða möguleika hans til tekjuöflunar, svo og hvort skattþegn hefur fengið tjónið bætt að nokkru leyti eða öllu.
- d. Skattlækkun vegna skuldatapa kemur til greina það ár eitt, sem skuldatap hefur sannanlegt orðið, og þá því aðeins að sennilegt megi telja, að skattþegn hafi upphaflega gert sér vonir um að lán yrði endurgreitt eða ábyrgð félli ekki á hann, og enn fremur því aðeins að um sé að ræða skuldatap, sem ekki er viðkomandi atvinnurekstri aðila.

Skattlækkun kemur því ekki til greina, þótt um sé að ræða töp á útlánum eða ábyrgðum, þegar ætla má að um gjafir eða styrki hafi verið að ræða, þótt upphaflega væri veitt í formi útlána eða ábyrgða.

Ekki skal heldur veitt skattlækkun vegna tapa á hlutabréfum eða öðrum stofnframlögum til félaga eða atvinnurekstrar, veittum peningalánum, ábyrgðum eða einhverri slíkri aðstoð til stofnunar eða rekstrar fyrirtækis, gegn því að verða vissra viðskiptakjara aðnjótandi.

Töp á útlánum, sem beinlínis stafa af atvinnurekstri, má draga frá tekjum skv. 29. gr. og kemur því frekari skattlækkun þeirra vegna skv. þessari grein ekki til álita.

Sá, sem óskar skattlækkunar vegna skuldatapa, skal láta fylgja með framtali sínu allar nauðsynlegar upplýsingar og sönnunargögn, svo sem hvenær lán var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum, gögn fyrir því að útlán sé tapað, sbr. C-lið 29. gr., eða ábyrgð á fallin, án möguleika til endurkröfu og aðrar þær upplýsingar og gögn, sem nauðsynlegar verða að teljast í hverju einstöku tilfelli.

2. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna, eldri en 16 ára, er skattstjóra heimilt að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts af þeirri ástæðu, enda sendi skattþegn upplýsingar um útgjöldin (hve mikil og í hverju fólgin) og nafn og nám barnsins (hvaða nám stundað, við hvaða skóla, hvenær og hve lengi).

Skattlækkun skv. þessum tl. má aldrei vera meiri en sem svarar til þess, að útgjöld skattþegns eða frádráttur sá, sem barnið sjálft ætti rétt á skv. 35. gr. A, hvort sem lægra er, væri dregið frá tekjum skattþegns. Hafi barnið sjálft tekjur, þá skerðist sú skattlækkun, sem veita mætti skv. þegar sögðu, a. m. k. tilsvarendi við lækkaðan frádrátt hjá skattþegni um kr. 1000.00 fyrir hverjar fullar kr. 3000.00, sem barnið hefur í tekjur. Skatt-

lækkun kemur ekki til greina, ef barnið hafði tekjur svo háar, sem nauðsyn krafði til menningar þess og framfæris að álitu skattstjóra.

Ef um er að ræða barn eldra en 20 ára, þá skerðist sá frádráttur, sem barnið kynni síðar að eiga rétt á skv. 35. gr. B, tilsvarendi við þann frádrátt, sem foreldri er veittur skv. þessum tl.

3. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað, þá skal hann eiga rétt á tvöföldum barnafrádrætti vegna þessara barna, sbr. 41. gr., ef framfærandi sendir rökstudda umsókn ásamt vottorðum um réttmæti þessa frádráttar og skattstjóri fellst á.
 4. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn, auk þeirra barna, sem honum ber frádráttur fyrir skv. 41. gr., sannanlega á framfæri sínu, má skattstjóri veita fyrir þá sama frádrátt og fyrir börn. Frádrátt þennan má veita m. a. fyrir systkini, afa og ömmu, fósturforeldra og tengdafólk auk foreldra og kjörforeldra. Hafi vandamenn þessir tekjur eða vinna fyrir sér á einhvern annan hátt, t. d. við heimilisstörf, eða fái skattþegn styrk með þeim annars staðar frá, kemur það til lækkunar frádrætti vegna þeirra. Þegar um er að ræða hjón, sem raunverulega hafa slitið samvistum eða eru skilin að borði og sæng, þá er og skattstjóra heimilt að veita því hjóna, sem greiðir hinu framfærslueyri, sama frádrátt og fyrir barn, þó ekki hærri en greiddum framfærslueyri nemur.
- B. Skattstjóri getur af eigin hvötum veitt lækkun á tekjuskatti skv. A-lið þessarar gr., enda liggja fyrir upplýsingar, sem gefa til kynna, að hann hefði talið rétt að veita lækkunina, ef umsókn hefði verið send.

50. gr.

Skattlækkun skv. 49. gr. skal skattstjóri veita ekki síðar en hann lýkur úrskurðum sínum á skattkærum.

Ríkisskattstjóri skal fylgjast sérstaklega með lækkunum skv. 49. gr. og sjá til þess, að samræmis sé gætt.

VI. KAFLI

Um eignir og skuldir.

51. gr.

Til skattskyldra eigna teljast meðal annars:

1. Fasteignir, svo sem jarðir, löðir, lendur og hús ásamt þeim ítökum og hlunnindum, sem þeim fylgja, og mannvirkjum og endurbótum, sem á þeim hafa verið gerðar. Enn fremur ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, rúmuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum.
2. Skip og bátar.
3. Flugvélar.
4. Búpeningur, þar með talin leigukúgildi.
5. Vélar, verkfæri og önnur áhöld.
6. Veiðarfæri hvers konar.
7. Bifreiðir og önnur flutningatæki á landi.
8. Vörubirgðir, jafnt verzlana sem framleiðslufyrirtækja, þar með taldar vörur látnar í umboðssölu. Enn fremur birgðir atvinnufyrirtækja af óeyddum efni-vörum og vörum til notkunar við rekstur.
9. Hvers konar verðbréf, skuldabréf og hlutabréf innlend og erlend, sbr. þó 55.

- og 56. gr. Ean fremur hvers konar séreignarinnstæður eða stofnfé í innlendum og erlendum félögum og fyrirtækjum.
10. Útistandandi skuldir, þar með taldar ýmsar fyrirframgreiðslur, svo sem fyrirfram greidd húsaleiga, fyrirfram greiddir vextir o. s. frv.
 11. Inneignir í bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum og peningar, sbr. þó 55. og 56. gr.
 12. Skrifstofuhúsgögn, hótél-innbú o. þ. h., sem notað er við atvinnurekstur og sjálfstæða starfsemi.
 13. Ólíkamleg verðmæti, sem metin verða til fjár, svo sem almenn kröfuréttindi og yfir höfuð allar eignir og eignarréttindi, sem metin verða til peninga og eigi eru sérstaklega undanskilin. Til skattskyldra eignaréttinda í þessu sambandi teljast m. a. réttindi til stöðugra tekna, sem skipt geta um eiganda, svo sem einkaréttur, einkaleyfi og hugverkaréttur seldur á leigu þannig, að eigandi eða sá, er í hans stað kemur, fái umsamda fjárgreiðslu fyrir afnotin, miðað við tiltekið tímabil, framleiðslumagn eða notkunareiningu.

52. gr.

Allar skattskyldar eignir skal telja fram og skuldir ef einhverjar eru, enda þótt eignirnar séu ekki svo miklar, að af þeim beri að greiða eignarskatt, og einnig þótt skuldirnar séu meiri en eignirnar.

Eignir skal jafnan telja með fullu verði til skatts og skuldir á móti, en ekki aðeins mismuninn.

Eignir eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

Tekjur manna á skattári teljast ekki til eignar, nema það, sem óeytt kann að vera af þeim í lok skattárs.

53. gr.

Til frádráttar eignum skal telja allar skuldir, er á gjaldanda hvíla, veðskuldir og aðrar skuldir við lánsstofnanir, fyrirtæki og einstaka menn, innanlands og utan, sbr. þó 59. gr. Skuldir skal telja eins og þær eru í lok hvers skattárs. Séu vextir ógreiddir, bætast þeir við skuldina, svo frammarlega sem þess er að vænta, að þeir verði greiddir.

Ítök og kvaðir á jörð eða annarri fasteign metast eigi til skuldar, heldur er jörðin sjálf metin sem heild, með itakinu eða kvöðinni, sem rýra verðmæti hennar. Með sama hætti auka ítök o. s. frv. verðmæti þeirra fasteigna, er þau fylgja. Til skulda telst eigi aðeins það, er svara skal í peningum, heldur einnig það, sem greiða ber eða greiða má í öðrum munum. En þá verður að meta það til peninga. Skuld telst einungis einhliða greiðsluskylda, en eigi t. d. skylda skv. verksamningi, þar sem háðir eiga ófnt.

Þótt veðleyfi sé gefið í eign fyrir skuld annars manns, telst hún eigi til skuldar þess, sem veðleyfið gefur. Ábyrgð á skuldum annarra verður og eigi talin til skuldar ábyrgðarmanns, fyrr en hann hefur verið dæmdur eða hefur undirgengið að borga þær, eða aðalskuldari er orðinn gjaldþrota. Ef fleiri eru ábyrgðarmenn, skal skuld skipt að jöfnu með þeim, nema öðruvísi sé um samið. Ef sumir mega teljast ófærir að greiða, þá skiptist skuld á hina að jöfnu, nema sýnt sé, að því sé öðruvísi hagað.

Nú eru menn samskuldarar, og skal þá skipta skuld jafnt milli þeirra, nema samningar séu um annað. Eigi má maður telja skuld við konu sína eða kona við mann sinn, nema tilsvarendi eignaliðir komi á móti, enda skal telja fram sameiginlega eignir hjóna, enda þótt kona eigi séreign. Séu taldar fram skuldir við

ófjárráða börn framteljanda, skal telja þær þeim til eigna, enda sé gerð full grein fyrir, hvernig sú eign barna er tilkomin.

Eigi skulu taldar til skuldar fjárhæðir, sem telja má nokkurn veginn víst eða sennilegt, að aldrei verði greiddar. Fyrndar skuldir má eigi telja, né skuldir eftirgefnar við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan hátt. Nú hefur skuldareiganda verið leyft að afskrifa skuld, og má þá eigi leyfa hana til frádráttar eignum hjá skuldara. Framteljendum ber að gera fulla grein fyrir því, hverjum þeir skulda. Skal tilgreina nöfn og heimili eigenda og fjárhæð hverrar skuldar, ásamt vaxtakjörum. Þeir, sem senda efnahagsreikning með framtali sínu, skulu láta fylgja skuldalista.

Þegar lagður er skattur á eignir þeirra, sem takmarkaða skattskyldu hafa, má aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattskyldar eru, sbr. 59. gr.

54. gr.

Til skattskyldra eigna telst ekki:

1. Skilorðsbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem eigi er fallið til útborgunar. Hér undir verður einungis að telja ófengin eða ótekin skilorðsbundin fjárréttindi, en eigi þau, sem fengin eru og sleppa verður aftur, þegar tiltekinn tími er kominn eða tiltekið atvik ber að höndum, t. d. verðbréf, er maður skal eiga og njóta vaxta af, meðan hann er ógiftur. Síðast nefnd réttindi verða talin til eignar þess, er þeirra nýtur, sbr. 51. gr. 13. tl.
2. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn. Réttur til eftirlauna eða lífeyris, þar með talin próventa, verður aldrei skattskyld eign, þó byrjað sé að borga út eftirlaun eða lífeyri. Hér telst einnig til hin ævinlega erfingjarenta í Söfnunarsjóði Íslands. Það skilyrði er sett, að rétturinn sé bundinn við einstakan mann, þ. e. að aðrir geti eigi notið hans, hvort sem framsal hans er lögbannað eða aðrir geta eigi notið réttarins eftir eðli hans.
3. Réttur til leigulauss bústaðar eða önnur afnotaréttindi. Framsal á afnotarétti, sem gefur árlegar tekur, er þó skattskyld eign, sbr. 51. gr. 13. tl. Ítaksréttur og afgjaldskvöð, sem maður á persónulega, telst einnig til skattskyldrar eignar.
4. Fóðurvörubirgðir hjá bændum, matvæli og eldsneyti til heimilisþarfa.
5. Bækur og fatnaður til einkaafnota, húsgögn, aðrir húsmunir og munir, sem hafa sérstætt persónulegt gildi.
6. Ýmis réttindi, sem bundin eru við eiganda sjálfan og ekki falla undir 1. og 2. tl., en hann hefur enn ekki komið í verð. Þar tilheyrir handrit, sem ekki er gefið út, listaverk, sem enn er eign höfundar, vörumerki, firma, viðskiptavild („goodwill“), ónotuð uppgötvun og óseldur einkaréttur að henni og önnur réttindi, sem bundin eru við eiganda, en óvíst er, hvort verði notuð.

55. gr.

Innstæður í hönkum, sparisjóðum, sbr. lög nr. 69/1941, og löglegum innlánsdeildum félaga, sbr. 28. gr. laga nr. 46/1937, svo og í Söfnunarsjóði Íslands, sbr. lög nr. 2/1888, eru undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti, svo sem hér segir, sbr. þó 56. gr.:

A. Allar innstæður allra skattgreiðenda, sem ekkert skulda.

B. Sá hluti af innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir, sbr. 53. gr.

Innborgað hlutafé og stofnfé telst einnig til skulda félaga í þessu sambandi.

Séu heildarskuldir skv. framansögðu jafnháar eða hærri en innstæðum nemur, þá eru innstæðurnar allar framtals- og skattskyldar, sbr. þó C- og D-lið

þessarar gr. Séu innstæðurnar hins vegar hærri en skuldirnar, er það, sem umfram er, undanþegið framtalsskyldu og eignarskatti.

- C. Sé skattgreiðandi einstaklingur eða dánarbúi, þ. e. ekki félag, sjóður eða stofnun, eru þá innstæður hans undanþegnar, ef hann skuldar ekki meira en kr. 200 000.00 samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær.

Umrædd fasteignaveðlán verða að hafa verið tekin upphaflega til 10 ára eða lengri tíma, eða síðar breytt í minnsta kosti 10 ára lán. Skiptir því ekki máli, þótt lánin séu nú að eftirstöðvum til skemmri tíma en 10 ára. Kaupi maður eða yfirtaki fasteign með áhvílandi veðlánnum og skemmra en 10 ár er eftir af lánstímanum, nýtur hann skattfrelsisins eigi að síður, ef lánið hefur upphaflega verið tekið til 10 ára eða lengri tíma. Sé hins vegar láni breytt og lánstími stýttur í skemmri tíma en 10 ár, nýtur lántakandi ekki lengur skattfrelsisins.

Sé fasteignaveðlán skv. framansögðu hærra en kr. 200 000.00, þá skerðir það, sem umfram er, skattfrjálsa innstæðu eftir sömu reglum og skuldir almennt, sbr. B-lið þessarar gr.

Fasteignaveðlán tekin til skemmri tíma en 10 ára skerða einnig skattfrjálsa innstæðu eftir sömu reglum og skuldir almennt, sbr. B-lið.

Þótt eignum sameignarfélaga sé skipt við skattálagningu milli einstakra félagsmanna, njóta slík félög ekki skattfrelsis fremur en önnur félög, sjóðir eða stofnanir, ef skuldir eru á móti innstæðu, hvort sem skuldirnar eru fasteignaveðlán eða ekki.

- D. Fé það, sem lagt er til hliðar skv. 9. og 10. gr. laga nr. 42/1957, um húsnæðismálastjórn o. fl., er skattfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt, án tillits til þess, hvort skattgreiðandi skuldar eða ekki.

Bankavaxtabréf skv. 4. gr. laga nr. 42/1957, um húsnæðismálastjórn o. fl., eru skattfrjáls og undanþegin framtalsskyldu með sama hætti og innstæður þær, sem um ræðir í þessari gr., eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, sem greindar eru í A—C-liðum hér að framan, sbr. þó 56. gr.

Vextir af eignarskattfrjálsri innstæðu og bankavaxtabréfum skv. framansögðu eru undanþegnir framtalsskyldu og teljast þeir ekki til skattskyldra tekna, sbr. 56. gr.

56. gr.

Bókhaldsskyldir aðilar, sem undanþágu njóta skv. 55. gr., skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og bankavaxtabréf ásamt vöxtum af þeim, í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós í framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða eða bankavaxtabréf hefur ekki verið fram talin vegna framangreindrar undanþágu í 55. gr., ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar og bankavaxtabréf á tímabili því, sem um er að ræða. Einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

57. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- A. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, sbr. lög nr. 28/1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu. Sé ræktun og mannvirki á leigulóð, leigulandi eða erfðafestulandi metin í einu lagi með lóðinni eða landinu, þá skal eigandi telja sér lóðina eða landið til eignar á verði, sem svarar til fimmtán-

faldrar leigunnar á skattárinu, þó aldrei hærra en sem fasteignamatinu nemur. Sé fasteignamatið hærra en ársleigan fimmtánföld, telst það, sem umfram er, eign leigjanda.

Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi á lóð eða fullbyggðu mannvirki, skal skattstjóri áætla matsverð með hliðsjón af kostnaðar- eða kaupverði. Mannvirki, sem enn eru í byggingu og ófullgerð, skal telja á kostnaðarverði.

Hafi hluti af jörð eða lóðareign verið seldur, skal þó telja eignina til skatts með fullu fasteignamatsverði, þar til nýtt mat hefur farið fram, nema svo mikill hluti hafi verið seldur, að eignarverðmæti geti orðið skipt á tvo eigendur eða fleiri, enda séu sýnd næg gögn fyrir því, hvernig skipta skuli verðinu.

- B. Verðlag á skipum, flugvélum og öðru lausafé, þar sem ekki er nánar fyrir mælt hér að neðan, skal miðað við kostnaðarverð eða endurkaupsverð, sbr. K-lið þessarar gr., að frádregnum fyrningum, sbr. 28. gr.
- C. Búpening skal telja til eignar svo sem hann væri fram genginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattanevnd ákveður til eins árs í senn, eigi síðar en í desember ár hvert. Á árinu 1962 skal höfð hliðsjón af matsverði til skatts í árslok 1961.

- D. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

Kostnaðarverð vöru telst kaupverð hennar, að viðbættum tollum, flutningsgjöldum og öðrum kostnaði, sem á vöruna fellur, unz hún er komin á sölustað eða í verksmiðju (á verkstæði) til úrvinnslu eða sölu.

Kostnaðarverð vöru, sem skattþegn hefur unnið að eða framleitt, telst beinn framleiðslukostnaður, svo sem efni og vinnulaun, að viðbættum öðrum áföllnum kostnaði, sem venja er að reikna með við verðlagningu vörunnar, þó ekki vöxtum af eigin fé.

Heimilt er þó að telja aflabirgðir með áætluðu söluverði, að frádregnum þeim kostnaði, sem ætla má að eigi eftir að falla á vöruna til söludags, ef verðið þannig ákveðið er lægra en kostnaðarverð skv. framansögðu.

Birgðir af vörum, sem ætlaðar eru til notkunar við atvinnurekstur, skal telja til eignar með kostnaðarverði.

Umboðssali, sem tekið hefur vöru til vinnslu og/eða sölu í eigin nafni og tekur á móti greiðslu fyrir vöruna, skal telja birgðir af slíkri vöru sem eign á umboðssölureikningi á áætluðu útsöluverði, að frádregnum umboðslaunum og þeim kostnaði, sem fallið hefur á og/eða ætla má að á vöruna falli til söludags, en til skuldar á móti skal færa verð vörunnar þannig reiknað sundurliðað á nöfn eigenda. Sama gildir, eftir því sem við á, um þann, sem kaupir vöru í eigin nafni fyrir annan aðila og greiðir andvirði hennar. Eigandi slíkrar vöru skal hins vegar meta sér vöruna til eignar eftir þeim reglum, sem settar eru hér á undan í þessum staflið, ef hann er bókhaldsskyldur skv. lögum nr. 62/1938.

- E. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði, ef hlutafé er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð miðað við upphaflegt hlutafé og jöfnunarhlutafé, sbr. 14. gr. C. 3.
- F. Veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera skulu metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað, en annars skulu þau talin á nafnverði.

Erlend ríkisskuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja með nafnverði, nema vitað sé um verðskráningu í heimalandi þeirra.

- G. Önnur verðbréf og skuldabréf, innlend og erlend, skal telja með nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau séu ótrygg. Ef ógreiddir eru vextir af

skuldabréfi, skal enn fremur telja þá til eignar, svo framarlega sem þess má vænta, að þeir fáiast greiddir.

- H. Útistandandi skuldir, aðrar en G-liður tekur til, skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, enn fremur vextir, sem ógreiddir kunna að vera, nema óvissir séu. Ef kröfu á að greiða í öðru en peningum, skal krafan metin til peningaverðs.

Ef skuld er umþráttuð eða torséð þykir, hvort lögskytt er að greiða skuld, skal telja hluta hennar til eignar eða sleppa að fullu eftir atvikum.

Sé vitanlegt, að skuld greiðist eigi að fullu, eða skuld sé töpuð að einhverju leyti, skal færa hana niður eftir ástæðum, í samráði við skattstjóra og sleppa, ef skuld telst með öllu töpuð.

Umboðssali, sem tekið hefur vöru til vinnslu og/eða sölu í eigin nafni og tekur á móti greiðslu fyrir vöruna, skal telja til eignar það, sem ógreitt er af andvirði slíkrar vöru, sem hann hefur selt. Hafi umboðssali lagt út fyrir kostnaði eða greitt umbjóðanda sínum fyrirfram upp í andvirði slíkrar vöru, sem óseld var í árslok, þá skal umboðssalinn telja sér slíkar greiðslur til eignar. Sama gildir, eftir því sem við á, um þann, sem kaupir vöru í eigin nafni fyrir annan aðila og greiðir andvirði hennar. Sá, sem látið hefur vöru til vinnslu og/eða sölu, skal telja sér til eignar eftirstöðvar af andvirði slíkrar vöru, sem seld hefur verið, nema óvist sé um greiðslu, ef hann er bókhaldsskyldur skv. lögum nr. 62/1938.

Um mat á útistandandi skuldum atvinnufyrirtækis skal að öðru leyti farið eftir því, sem segir um skuldaafskriftir í 29. gr.

- I. Innstæður í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum skulu taldar eins og þær eru 31. desember ár hvert og alltaf að viðbættum vöxtum á árinu, enda hafi þeir ekki verið útteknir fyrir 31. desember.

Innstæður geta þó verið að nokkru eða öllu leyti undanþegnar framtalskyldu og eignarskatti, sbr. 55. og 56. gr.

- J. Réttindi til stöðugra tekna, sem ekki eru undanþegin eignarskatti skv. 54. gr., skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er álagður. Séu eigi gögn til annars, skulu réttindin metin þannig, að margfalda ársgreiðsluna með 10 og telst útkoman verðmæti réttindanna.

- K. Á árunum 1962—1963 er atvinnufyrirtækjum heimilt að láta meta, miðað við árslok 1961, áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna, þ. e. mannvirki, skip, flugvélar og lausafé, sem fyrnanlegt er af kostnaðarverði, sbr. 28. gr. A., og voru í eigu þeirra í árslok 1961, og breyta bókfærðu verði á þessum eignum sínum samkvæmt því, enda telst verðhækkunin ekki til skattskyldra tekna skattþegns. Eignirnar skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum þeim eignarhluta á nýja matsverðinu, er svarar til þess árafjöldi, sem liðinn er af áætluðum endingartíma þeirra, og skal matið miðað við, að niðurlagsverð sé talið 10% af endurkaupsverði, nema annað sé sannað, sbr. C-lið 28. gr. Þau atvinnufyrirtæki, sem láta meta endurkaupsverð fastafjármuna sinna, skulu senda matið ríkisskattstjóra til samþykktar fyrir 1. júní 1964, ásamt nákvæmri lýsingu, eftir því sem við á, á þeim fjármunum, sem þeir hafa látið meta, og upplýsingum um grundvöll matsins, svo sem kostnaðarverð sambærilegra eigna í árslok 1961, aldur eignanna, hvenær þær voru keyptar, hvert kostnaðarverð þeirra var og hve mikið áður fyrnt.

Fallist ríkisskattstjóri ekki á matsverð skattþegns, skal hann ákveða matsverðið og tilkynna skattþegn ákvörðun sína í ábyrgðarbréfi. Nú vill skattþegn ekki una ákvörðun ríkisskattstjóra og getur hann þá, innan 30 daga frá því að tilkynning um ákvörðunina var pósthöfð, skotið ákvörðuninni til matsnefndar sérfróðra manna. Í matsnefnd skulu eiga sæti 3 menn, einn nefndur

af Hæstarétti, og er hann formaður nefndarinnar, einn nefndur af skattþegni og einn af fjármálaráðherra. Mat matsnefndar er bindandi fyrir báða aðila.

Matsnefnd skal ákveða hvor aðila, skattþegn eða rikissjóður, skuli greiða kostnað af mati.

58. gr.

Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignarupphæðinni, áður en skattur er á lagður. Telst hlutafé og hluti í stofnfé og stofnsjóðum til eignar hjá einstökum hluthöfum og félagsmönnum.

Þessi frádráttarheimild nær þó eigi til erlendra félaga, og ekki heldur til sjóða eða stofnana.

59. gr.

Erlendis heimilisfastir aðilar, sjá 3. gr., sbr. síðustu mgr. 5. gr., skulu greiða eignarskatt af þeim eignum sínum, sem um ræðir í B-lið 3. gr. Þessir aðilar mega aðeins draga frá þær skuldir, er hvíla á þeim eignum, sem skattskyldar eru.

60. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem hafa annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar eins og þær eru í lok þess reikningsárs, sem næst er á undan skattálagningunni.

Ef maður hefur fardagaárið að reikningsári, þá telur hann fram í janúar eða febrúar 1964 eignir þær, sem hann átti í fardögum (síðasta fardag) 1963. Ef framteljandi breytir um reikningsár, þá miðast eign hans í næsta framtali og næst, þegar eign hans er ákveðin, við lok hins nýja reikningsárs, sbr. 48. gr.

Fjárhæð sú, sem eignarskattur greiðist af, skal vera deilanleg með 1000 og afgangi sleppt

VII. KAFLI

Um skattstiga.

61. gr.

Tekjuskatt þeirra manna, sem um ræðir í 1.—4. mgr. 1. gr., sbr. 9. gr. og 10. gr., svo og þeirra manna, sem um ræðir í 3. gr., sbr. 3.—8. tl. 1. mgr. 5. gr., annarra en þeirra, sem um ræðir í 6. tl. A-liðar 3. gr., skal reikna þannig:

Af fyrstu 10000 kr. skattgjaldstekna greiðist	5%
— 10000—30000 — greiðast 500 kr. af 10000 kr. og 10% af afgangi	
— 30000—50000 — — 2500 — — 30000 — — 15% — —	
— 50000—70000 — — 5500 — — 50000 — — 20% — —	
— 70000—90000 — — 9500 — — 70000 — — 25% — —	
— 90000 kr. og þar yfir 14500 — — 90000 — — 30% — —	

62. gr.

Tekjuskatt þeirra, sem hér hafa dvalið aðeins hluta úr ári, þ. e. útlendinga, annarra en útlendra listamanna, sem fengið hafa landvistar- og atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, dvalið hér um stundarsakir, eða eru á förum af landi brott, sbr. 6. tl. A-liðar 3. gr. svo og þeirra innlendu einstaklinga, sem ætla af landi brott alfarnir eða til langdvalar erlendis, að því er ætla má að dómi skattayfirvalda, sbr. 5. mgr. 1. gr., skal reikna þannig:

- a. Hreinum tekjum gjaldanda skal deilt með fjölda dvalarvikna hans hér á landi, margfalda þá útkomu með 52 og draga síðan frá fjölskyldufrádrátt skv. 41. gr., sbr. 43. gr.

Dvalarvikur telst sá tími, talinn í vikum, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á landi á viðkomandi gjald- eða skattári, að viðbættum 20 af hundraði. Viðbót þessi skal þó aldrei vera minni en ein vika og aldrei meiri en fjórar vikur, **og hálf vika eða meir** telst heil, en minna broti skal sleppa. Þeir einir skulu þó njóta þessarar viðbótar, sem hafa komið hingað í atvinnuskyni og eigi dvalið hér næsta ár á undan brottför sinni úr landi.

- b. Af skattgjaldstekjum, eins og þær eru ákvarðaðar skv. a-lið þessarar greinar, skal síðan reikna tekjuskatt skv. skattstiganum í 61. gr. margfalda hann með fjölda dvalarvika og deila í þá útkomu með 52. Sú fjárhæð er tekjuskattur sá, sem gjaldanda ber að greiða.

63. gr.

Tekjuskatt útlendra listamanna skal reikna með sama hætti og tekjuskatt þeirra, sem 62. gr. ræðir um að öðru leyti en því, að útlendir listamenn njóta hvorki fjölskyldufrádráttar né fá fráðreginn beinan kostnað við öflun teknanna, en fá þess í stað fráðreginn $\frac{1}{3}$ hluta af skattgjaldstekjum eða hreinum tekjum, eftir því sem við á.

64. gr.

Skattgjald þeirra félaga, sjóða og stofnana, dánarbúa og þrotabúa, sem um ræðir í 2. gr. og 3. gr., skal vera 20% af skattskyldum tekjum.

65. gr.

Tekjuskatt, sem nær ekki kr. 100.00, skal fella niður við álagningu.

66. gr.

Skattur af eignum þeirra manna, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 9. gr. og 10. gr., svo og þeirra manna, sem um ræðir í 3. gr., sbr. 3.—8. tl. 1. mgr. 5. gr., reiknast þannig:

Af fyrstu kr. 100 000.00 skattgjaldseign greiðist enginn skattur.

Af því, sem þar er umfram greiðist:

Af fyrstu kr. 500 000.00 skattgjaldseign greiðist 5% — fimm af þúsundi —.

Af kr. 500 000.00 til kr. 1 000 000.00 skattgjaldseign greiðist kr. 2500.00 af kr. 500 000.00 og 9% — níu af þúsundi — af afgangi.

Af kr. 1 000 000.00 skattgjaldseign og þar yfir greiðist kr. 7000.00 af kr. 1 000 000.00 og 12% — tólf af þúsundi — af afgangi.

67. gr.

Skattur af eignum þeirra félaga, sjóða og stofnana, dánarbúa og þrotabúa, sem um ræðir í 2. gr. og 3. gr. reiknast 7% — sjö af þúsundi —.

68. gr.

Eignarskatt, sem nær ekki kr. 100.00, skal fella niður við álagningu.

VIII. KAFLI

Um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanevnd o. fl.

69. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur skv. lögum nr. 70 28. apríl 1962 og reglugerð þessari, skal ákveðinn af skattstjórum, sbr. þó 96. gr. 7. tl.

Einn skattstjóri skal vera í hverju skattumdæmi, sbr. 70. gr.

70. gr.

Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavík. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Reykjavík.
2. Vesturlandsumdæmi, sem nær yfir Akraneskaupstað, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Akraneskaupstaður.
3. Vestfjarðaumdæmi, sem nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað svo og Strandasýslu. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Ísafjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi vestra, sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Siglufjarðarkaupstaður.
5. Norðurlandsumdæmi eystra, sem nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsvíkarkaupstað. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Akureyrarkaupstaður.
6. Austurlandsumdæmi, sem nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Egilsstaðakaupþún, Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.
7. Suðurlandsumdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnassýslu. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Hella, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
8. Vestmannaeyjakaupstaður. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Vestmannaeyjakaupstaður.
9. Reykjanesumdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkarkaupstað og Keflavíkurflugvöll. Aðsetursstaður skattstjóra skal vera Hafnarfjarðarkaupstaður.

71. gr.

Fjármálaráðherra skipar skattstjóra í hverju skattumdæmi.

Engan má skipa skattstjóra, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga,
2. sé lögráða og hafi forræði fjár síns,
3. sé íslenzkur ríkisborgari,
4. hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, sé löggiltur endurskoðandi eða hafi aflað sér sérmenntunar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Víkja má þó frá þessu, ef maður hefur áður gengt skattstjórastarfi.

72. gr.

Skattstjóri hefur umboðsmann í sveitarfélögum í skattumdæmi sínu, sem eru utan aðseturs hans, sbr. 70. gr.

Í hreppum eru hreppstjórar umboðsmenn skattstjóra. Nú forfallast hreppstjóri eða skorast undan þessum starfa, og skipar þá fjármálaráðherra annan umboðsmann í hans stað.

Í bæjarfélögum skipar fjármálaráðherra umboðsmann skattstjóra til 6 ára í senn.

73. gr.

Störf umboðsmanna skattstjóra skulu m. a. vera þessi:

1. Útsending framtalseyðublaða og annarra eyðublaða, sem nauðsynleg eru að áliti skattstjóra.

2. Aðstoð við þá framteljendur, sem eru sjálfir ófærir að rita framtalsskýrslu sína, sbr. 87. gr.
3. Veiting framtalsfresta, ef þörf krefur, sbr. 87. gr.
4. Móttaka framtala og annarra skattgagna, sbr. 87. gr.
5. Að afla þeirra upplýsinga og gera þær athugasemdir um framtöl, sem skattstjóri telur sér nauðsynlegar til skattálagningar.
6. Framlagning skattskrár og auglýsing hennar, sbr. 91. gr.
7. Móttaka skattkæra, sbr. 92. gr.
8. Gerð skýrslna um búnaðarástand í sveitarfélaginu ár hvert, í því formi, sem Hagstofa Íslands ákveður, sbr. 80. gr.

74. gr.

Umboðsmenn skattstjóra skulu halda bréfabók í því formi, sem skattstjóri ákveður. Í bréfabók skal ætíð geta móttöku dags bréfa, framtala og annarra gagna, sem umboðsmanni berast.

Umboðsmenn skattstjóra skulu undirrita drengskaparheit, um að rækja störf sín eftir beztu þekkingu og samvizku og að gæta lögmæltrar þagnarskyldu sinnar, hafi þeir eigi áður undirritað slíkt heit. Heitið skal innfært og undirritað í gerðabók skattstjóra eða það geymt hjá skattstjóra og þess getið í gerðabók hans, hvenær heitið var undirritað, sbr. 78. og 79. gr.

Þóknun til umboðsmanna skattstjóra ákveðst af fjármálaráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

75. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra, er hefur aðsetur í Reykjavík.

Engan má skipa í það embætti, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 71. gr. um embættisgengi skattstjóra.

Þá skipar og fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra. Fullnægja skal hann hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

76. gr.

Fjármálaráðherra skipar 2 menn í ríkisskattanefnd og jafn marga varamenn til 6 ára í senn. Ríkisskattstjóri á einnig sæti í nefndinni, og er hann formaður hennar. Vararíkisskattstjóri tekur sæti í nefndinni í forföllum ríkisskattstjóra eða þegar hann getur ekki tekið þátt í úrlausn máls skv. 77. gr. Sama gildir um varamenn annarra ríkisskattanefndarmanna.

Ályktunarfær er ríkisskattanefnd aðeins, ef allir þrír nefndarmenn eru á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda er þeim öllum skylt að greiða atkvæði. Í nefndinni ræður afl atkvæða. Komi fram þrjú mismunandi atkvæði, ræður atkvæði formanns.

Þóknun til ríkisskattanefndarmanna og varamanna þeirra ákveðst af fjármálaráðherra og greiðist úr ríkissjóði.

Ríkisskattanefnd skal hafa aðsetur í Reykjavík.

77. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef það mál varðar hann sjálfan, konu hans, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini, fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti eigi litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í ríkisskattanefnd skv. kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

Nú má skattstjóri eigi með mál fara skv. 1. mgr. þessarar gr., og skipar þá fjármálaráðherra annan hæfan mann í hans stað til þess að fara með það mál.

Nú forfallast skattstjóri um stundarsakir og setur fjármálaráðherra þá mann í hans stað, sem uppfylla skal skilyrði 1.—3. tl. 2. mgr. 71. gr.

78. gr.

Skattstjórar og ríkisskattaneftarmenn, svo og starfsmenn og aðstoðarmenn skattstjóra, ríkisskattaneftar og ríkisskattstjóra, sem eigi hafa áður undirritað heit embættis- eða sýslunarmanna, skulu, um leið og þeir taka við starfi, undirrita drengskaparheit svohljóðandi:

„Ég N. N. skattstjóri í N-umdæmi (ríkisskattaneftarmaður, starfsmaður skattstjórans í N-umdæmi, starfsmaður ríkisskattaneftar o. s. frv.) lofa því hér með og legg við drengskap minn og heiður, að ég skal gegna starfi mínu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta lögmæltrar þagnarskyldu minnar um öll þau atriði, er varða hagi gjaldþegna og ég kemst að vegna starfs míns.“

Heitið skal innfært og undirritað í gerðabók viðkomandi skattstjóra eða eftir atvikum í gerðabók ríkisskattaneftar, sbr. 79. gr.

79. gr.

Skattstjórar og ríkisskattaneft skulu halda gerðabækur. Í þær skal færa m. a.:

1. Nöfn allra starfsmanna viðkomandi embættis í ársbyrjun.
2. Nöfn starfsmanna, sem bætast við á árinu og hvenær þeir taka til starfa, svo og drengskaparheit þeirra, sbr. 78. gr., hafi þeir eigi unnið slíkt heit áður.
3. Nöfn þeirra, sem hætta störfum á árinu og hvenær þeir hætta störfum.
4. Hvenær hin einstöku verk voru unnin, t. d. hvenær eyðublöð (skattframtöl, launamiðar o. fl.) voru útsend, og upplýsingar um, hvernig skil voru gerð, hvenær endurskoðun var hafin og hvenær lokið, hvenær skattskrá var framlögð, álagningu söluskatts, útsvars og aðstöðugjalds var lokið, hvenær kærufrestur var auglýstur og hvenær útrunninn, hvenær lokið úrskurði á kærum o. s. frv.
5. Heildarupphæð álagðra gjalda, sundurliðað eftir gjaldflokkum (tekjuskattur, eignarskattur, tekjuútsvar, eignarútsvar, aðstöðugjald, almannatryggingagjald o. s. frv.) og eftir því, hvort um var að ræða einstaklinga eða félög, gjaldenda-fjölda í hverjum gjaldflokki og hve margir framtalsskyldir aðilar (einstaklingar, félög) voru á skrá í umdæminu. Skattstjórar utan Reykjavíkur og Vestmanna-eyjakaupstaðar skulu og sundurliða gjöldin með tilliti til þess, hve mikið var álagt í hverju sveitarfélagi.

Enn fremur heildarupphæð og fjölda þeirra breytinga, sem gerðar eru:

- a. í tilefni af kæru,
- b. af öðrum ástæðum,

hvort tveggja sundurliðað með sama hætti og álagningin.

6. Úrskurði ríkisskattaneftar og skattstjóra. Úrskurði skattstjóra um frávik frá framtali og kærur út af þeim má þó færa á framtalið sjálfst eða á sérblað með því og þarf ekki að færa í gerðabók, nema sérstakar ástæður séu til.
7. Annað, sem telja má nauðsynlegt, til þess að jafnan séu fyrir hendi nauðsynlegar upplýsingar um álagningu skattanna og framkvæmd þessarar reglugerðar. Fjármálaráðuneytið lætur gera bækur þessar á kostnað ríkissjóðs og löggildir þær.

Skattstjórum og ríkisskattaneft ber að geyma vandlega og halda í reglu öllum skjölum og bréfum, sem þeim berast, svo og eftirritum eða uppköstum af þeim bréfum, sem þeir láta frá sér fara.

80. gr.

Skattstjórar og umboðsmenn þeirra skulu gefa Hagstofu Íslands skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um framtaldar eignir og tekjur, álagða skatta og önnur atriði, sem tilgreind eru í framtölum.

IX. KAFLI

Um skattlagningarstað, gagnaskyldu, upplýsingaskyldu, rannsóknarheimildir, framtöl, endurskoðun og ákvörðun tekna og eigna.

81. gr.

Hver gjaldandi skal skattlagður aðeins á einum stað og ber honum að greiða þar skatt af öllum tekjum sínum og eignum, sem skattskyldar eru hér á landi, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru:

1. Menn, sem telja ber heimilisfasta hér á landi, sbr. 1. gr., skal skattleggja, þar sem þeir eiga lögheimili skv. þjóðskrá hinn 1. desember á skattárinu, sbr. lög nr. 31/1956.
2. Nú er maður, sem telja ber heimilisfastan hérlendis, á förum úr landi og honum ber að greiða skatt skv. lögum nr. 22/1956 af tekjum, sem aflað var á brottfararárinu, þá skal hann skattlagður, þar sem hann á lögheimili við brottfarardag, enda liggi fyrir sérstakt vottorð frá þjóðskránni um lögheimilið, ef það er annað en hinn 1. desember næstan á undan.
3. Innlend félög, sjóðir og stofnanir, svo og innlend dánarbú og þrotabú, sbr. 2. gr., skulu skattlögð, þar sem þau eiga heimili hinn 31. des. á skattárinu. Dánarbú og þrotabú teljast eiga heimili, þar sem hinn látni var heimilisfastur við dánardagur og gjaldþroti, þegar gjaldþrotáurskurður var uppkveðinn.
4. Erlendis heimilisfastir menn, sem þarlendis dvelja og ber að greiða hér skatt, sbr. 3. gr., skulu skattlagðir, þar sem aðaleign þeirra er eða þeir hafa aðallega tekjur hér á landi. Séu aðaltekjur þeirra laun eða styrktarfé úr rikissjóði eða öðrum sjóðum, sem ríkið á, þá skulu þeir skattlagðir í Reykjavík. Ef þeir fá styrk úr öðrum sjóðum, eða stofnunum eða laun eða tekjur úr öðrum fyrirtækjum, þá skulu þeir skattlagðir, þar sem sá sjóður, stofnun eða fyrirtæki er, enda hafi þeir eigi meiri tekjur í öðru sveitarfélagi hér á landi.
5. Erlendis heimilisfastir menn, sem hérlendis dvelja og skylt er að eiga hér lögheimili, sbr. lög nr. 35/1960, vegna þess að þeir stunda hér atvinnu eða af öðrum ástæðum, skulu skattlagðir, þar sem þeir eiga lögheimili skv. þjóðskrá hinn 1. desember á skattárinu. Ef slíkur maður er á förum úr landi, þá skal hann skattlagður af tekjum, sem aflað var á brottfararárinu, þar sem hann á lögheimili við brottfarardag, enda liggi fyrir sérstakt vottorð frá þjóðskránni um lögheimilið, ef það er annað en hinn 1. desember næstan á undan.
6. Erlend félög, sjóðir og stofnanir, svo og erlend dánarbú og þrotabú, sem hér ber að greiða skatt, sbr. 3. gr., skulu skattlögð, þar sem aðalumboðsmaður þeirra á heimili hér á landi. Ef enginn er aðalumboðsmaður, þá skulu þau skattlögð, þar sem aðaleign þeirra er eða þau hafa aðallega tekjur hér á landi. Ríkisskattstjóri sker úr öllum vafaatriðum og ágreiningi um það, hvar gjaldandi (innlendir eða útlendir, einstakur maður eða félag) skuli skattlagður.

82. gr.

Skylda til að telja fram tekjur og eignir hvílir á:

1. Hverjum einstökum skattþegni fyrir sjálfan sig, hjónum sameiginlega, ef samvistum eru, og maka, er situr í óskiptu búi.

2. Fjárhaldsmönnum fyrir þá, sem þeir hafa fjárráð fyrir. Foreldri fyrir börn sín, kjörbörn og fósturbörn.
3. Skiptaráðendum, skiptaforstjórum eða skiptanefnd fyrir bú (dánarbú, þrotabú), sem eru undir opinberum skiptum. Ef erfingjar skipta sjálfir, þá hvílir skyldan á þeim. Enn fremur skal skýrsla gefin um tekjur og eignir bús, þegar uppgjöri er lokið, enda nemi fjármunir þess meira en kr. 10 000.00, sbr. 114. gr.
4. Stjórn félags, sjóðs eða stofnunar.
5. Ef erlendis heimilisfastur aðili á hér skattskyldar eignir, rekur hér atvinnu (verzlun, verksmiðju, útgerð, flutninga o. s. frv.) eða hefur hér eða héðan skattskyldar tekjur, sbr. 3. gr., þá hvílir skyldan á þeim, sem veitir atvinnufyrirtæki forstöðu, varðveitir eignirnar eða hefur tekjurnar undir höndum eða greiðir þær, nema aðili dveljist hér sjálfur eða hafi hér annan umboðsmann, sem annist framtal hans.

83. gr.

Sérhver framtalsskyldur aðili skal gæta þess, að fyrir hendi séu upplýsingar og gögn, er leggja megi til grundvallar framtali hans og sannprófunar þess, ef skattyfirvöld krefjast. Aðilar, sem taldir eru í 1.—13. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938, eru skyldir til að færa tvöfalt bókhald. Læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók skv. sömu gr. nefndra laga. Aðilar, sem reka sölu-skattsskylda starfsemi en ekki eru skyldir til að færa tvöfalt bókhald, eru skyldir til að færa sjóðbók, aðalbók með efnahagsreikningi og viðskiptamannabók eða eingöngu sjóðbók, ef heildarvelta er minni en kr. 100 000.00 á ári, sbr. B. og C.-liði 11. gr. reglugerðar nr. 15/1960. Þeir, sem eigi eru bókhaldsskyldir skv. framan-sögðu, skulu geyma reikninga og kvittanir fyrir útborgunum, svo og launaseðla (launagreiðsluumslög) innleggsnótur o. þ. h., en séu slík gögn fyrir innborgunum ekki látin í té, þá að skrá hjá sér allar innborganir fyrir seldar vörur, vinnu eða þjónustu svo og aðrar innborganir þann dag, sem greiðsla er móttækin. Þá ber og hverjum framtalsskyldum aðila að geyma samninga, bréf og önnur gögn, sem framtal hans varða.

84. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningssparfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, þar með talin frihlutabréf og annað, sem til arðgreiðslu getur talizt, um vaxtabréf í bönkum, sparisjóðum og öðrum lánsstofnunum, um úthlutaðan tekjuafgang, innstæður í stofnsjóðum og vexti af þeim, um greiðslur fyrir innlendar afurðir, um dánarbú og þrotabú, arfgreiðslur og fyrirframgreiðslur upp í arf, úthlutanir úr þrotabúum, þinglestur og skráningu á afsölum, skuldabréfum, kaupmálum og alls konar samningum. Enn fremur matsgerðir, eftirrit af uppkveðnum dómum og úrskurðum, breytingar á firmaskrá, bifreiðaskrá og skipaskrá, seld verzlunarleyfi og iðnleyfi, skrár á launamiðum í tvíriti yfir lögskráningartíma sjómanna og vikufjöldu slýsatrygginga sjómanna á bátum undir 12 rúmlestir bruttó, sbr. 39. gr. A. fyrstu mgr., um greiddan skatt og útsvör, skemmtanaskatt og framleiðslutoll, um breytingar á fasteignamati, um jarðabætur og jarðræktarframlag, um innflutning o. s. frv. Hlutaðeigandi embættismenn og aðrir fyrst nefndir aðilar skulu hver fyrir sig, eftir því sem við á um hvert atriði, láta í té umræddar skýrslur og upplýsingar, bæði almennt og um nafngreinda einstaka gjaldendur, eftir því sem nauðsynlegt verður

talið. Beini skattstjóri slíkum fyrirspurnum til aðila utan skattumdæmis síns, er þó nauðsynlegt, að upplýsinga sé krafizt varðandi nafngreinda gjaldendur.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir til, hvort sem þeir reka atvinnu eða ekki, að skýra frá því, ókeypis og í umbeðnu formi, hvert kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, endurskoðunarlaun, ágóðabókun, gjafir, dagpeningar, bifreiðastyrkir, risnufé o. þ. h., enn fremur öll hlunnindi, svo sem fæði, húsnæði, fatnaður, o. þ. h. Skyllt er að gefa skýrslu um kaup starfsmanna, þótt í beiðni um hana sé ekki sundurliðað um hverja starfsmann sé spurt. Nú eru laun greidd fyrir milligöngu annars manns og vinnuveitandi því eigi fær um að láta framangreindar upplýsingar í té, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Fjármálaráðherra úrskurðar ágreining um skyldu manna til að láta af hendi skýrslur þær og upplýsingar, sem um ræðir í þessari grein. Skattfyrirvöldum ber því að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef þeim er neitað um þær, eða dregið er um þörf fram að láta þær í té, sbr. 115. gr. A.

Hvenær sem skattstjóri eða umboðsmaður hans telur þess þörf, getur hann krafizt þess, að framteljendur leggi fram bókhaldsgögn sín og/eða önnur gögn, sem framtal var samið eftir, sbr. 83. gr., til athugunar, er framtal er sannreynt eða endurskoðað. Ríkisskattstjóri hefur og ætíð aðgang að bókum banka, sparisjóða og annarra peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hann felur að rannsaka skuldir, inneignir, verðbréfaeign og annað, sem lýtur að efnahag gjaldþegns.

85. gr.

Eignir, skuldir, tekjur og frádrátt skal telja fram sundurliðað, þannig að séð verði m. a.:

1. Hvaða eignir aðili á, þ. e. hvaða fasteignir, hvaða skip, hvaða flugvélar, hvaða búpening, hvaða vélar o. s. frv., sbr. 51. gr., og hvernig eignirnar eru metnar til eignarskatts, sbr. 57. gr.
2. Hverjum aðili skuldar, sbr. 53. gr., og hvers konar skuldir er um að ræða, sbr. t. d. 55. gr.
3. Hvaða tekjur aðili hafði, þ. e. tekjur af hvaða atvinnurekstri, hvaða sjálfstæðri starfsemi, hvaða eignum, hvaða einstökum verknaði eða öðrum atvikum, launatekjur o. s. frv., sbr. II. kafla. Tekjuupphæðir tilgreinist skv. því, sem greitt er í peningum eða skv. skattmati, eftir því sem við á. Einnig skal tilgreint frá hverjum tekjurnar voru, ef eyðublöð bera með sér, að svo skuli gert.
4. Hvaða frádráttarliði er um að ræða, sbr. III., IV. og V. kafla. Upphæðir skulu tilgreindar skv. því, sem greitt er í peningum eða skv. skattmati, eftir því sem við á. Vinnulaun, greiðslur fyrir innlendar afurðir og annað, sem skyllt er að gefa sérstakar upplýsingar um, sbr. 84. gr., skal talið fram, þannig að unnt sé að bera saman við það, sem uppgafið er.

Þá skal og gefa upplýsingar um eignakaup og eignasölur, byggingakostnað, arfgreiðslur, eignir og tekjur barna yngri en 16 ára, greidda húsaleigu og heimilis-aðstoð, fjölskyldustærð og sérhverjar aðrar upplýsingar, er máli skipta, til ákvörðunar tekna og eigna og álagningar skattanna.

Framtal skal gert á þar til gerðu skattframtalseyðublaði, sem skattstjórar og/eða umboðsmenn þeirra láta í té, sbr. 86. gr., og á fylgiskjölum með því, svo sem efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, landbúnaðarskýrslu, húsbýggingarskýrslu o. s. frv., eftir því sem við á í hverju tilfelli.

Þeir, sem skyldir eru til þess að færa tvöfalt bókhald skv. lögum nr. 62/1938, skulu láta fylgja framtali sínu nákvæman rekstrar- og efnahagsreikning skv. bókhaldi sínu. Sama gildir um aðra, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starf-

semi, þeir skulu og gera fulla grein fyrir heildartekjum og sundurliða rekstrar-útgjöld, svo og eignir og skuldir, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. þessarar gr. Þeir, sem senda efnahagsreikning, skulu láta fylgja skrár um inneignir, verðbréf, útlán, útistandandi skuldir o. s. frv., svo og skuldalista. Þegar um er að ræða útistandandi skuldir fyrir seldar vörur, er þó þeim, sem færa tvöfalt bókhald, ekki skylt að tilgreina nöfn skuldara að slíkum skuldum undir kr. 3000.00. Þeir, sem landbúnað stunda, skulu útfylla landbúnaðar-framtalsskýrslu. Ef aðili rekur fjölþætta starfsemi, þá skal hann senda sérstakan rekstrarreikning fyrir hvern þátt starfseminnar.

Ef á rekstrar- og/eða efnahagsreikningi skattþegns eða öðrum fylgiskjölum með framtali eru einhverjar upphæðir, sem ekki eru í samræmi við ákvæði skattalaganna og þessarar reglugerðar, t. d. fasteignir færðar á kostnaðarverði en ekki fasteignamati, tekjuskattur og tekjuútsvar fært til frádráttar o. s. frv., þá skal úr því bætt með áritun á reikningana eða fylgiskjölin eða sérblað með þeim. Lokatölur reikninganna eða annarra fylgiskjala með framtali, þ. e. hreinar tekjur eða tap, hreinar eignir eða eignahalla, þannig leiðréttar, skal síðan færa á skattframtalseyðublaðið sjálft. Þó skulu tekjur skv. 19. gr. (ráðstöfun varasjóðs) og frádráttur skv. 47. gr. (varasjóðstillag) færðar sérstaklega á framtalseyðublaðið og leiðrétting á lokatölum við það miðuð. Frádrátt skv. 41., 42. og 43. gr. 2. mgr. (fjölskyldufrádrátt) skal framteljandi ekki færa sjálfur á skattframtalseyðublaðið, heldur aðeins upplýsingar um fjölskyldustærð.

Skattstjóra ber að skora á hvern einstakan framteljanda að láta í té nánari sundurliðanir eða aðrar skýringar, ef skattstjóri telur þess þörf, og er framteljanda skylt að verða við þeirri áskorun, sbr. 89. gr.

86. gr.

Fjármálaráðherra lætur gera skattframtalseyðublöð og önnur eyðublöð, er til þurfa. Ríkisskattstjóri sendir þau til skattstjóra og/eða umboðsmanna þeirra.

Skattstjórar og/eða umboðsmenn þeirra skulu láta framteljendum, er þess óska, í té skattframtalseyðublöð og önnur eyðublöð, er þeir þurfa til framtals, frá 1. janúar ár hvert. Skattframtalseyðublöð árituð með nafni framteljanda og heimili skulu skattstjórar og/eða umboðsmenn þeirra senda til allra þeirra, sem ætla má, að skattskyldir séu í umdæminu og skal útsendingu lokið í janúar ár hvert það snemma, að framteljendum megi telja unnt að skila eyðublöðunum útfylltum fyrir janúarlök. Eyðublöð til erlendis búsettra manna, ófjárráða manna, barna eða unglinga, dánar- og þrotabúa, skal senda þeim, sem skylt er að telja fram fyrir þessa aðila, sbr. 82. gr. Þeim, sem landbúnað stunda, skal send landbúnaðarskýrsla, húsbýggingarskýrsla til þeirra, sem eiga hús í smíðum o. s. frv.

Skattstjórar og/eða umboðsmenn þeirra skulu, við hver áramót, senda öllum atvinnurekendum í umdæminu og öðrum, sem laun greiða, eyðublöð til útfyllingar um kaupgreiðslur þeirra á árinu, jafnt til innan- og utansveitarmanna. Einnig skal senda öllum hlutafélögum eyðublöð til útfyllingar um hlutabréfaeign og arðsúthlutun á árinu. Samvinnufélögum skal senda eyðublöð til útfyllingar um úthlutaðan tekjuafgang og um stofnsjóðsinnstæður og vexti af þeim. Enn fremur önnur þau eyðublöð og beiðnir um upplýsingar, sem með þarf, og mælt kann að vera fyrir um, svo sem aðrar þær upplýsingar, sem krafizt er skv. 84. gr.

Sá, sem eigi fær send eyðublöð á tilsettum tíma eða glatar þeim, skal sjálfur afla sér eyðublaða hjá skattstjóra eða umboðsmanni hans, enda leysir það ekki aðila undan þeirri skyldu að telja fram eða gefa aðrar þær skýrslur, sem honum má vera vitanlegt að lögskilylt sé að gefa, þótt honum hafi eigi horizt eyðublöð innan tilsetts tíma.

87. gr.

Hver sá, sem framtalsskyldur er, sbr. 82. gr., skal fylla út skattframtalseyðublað og viðeigandi fylgiskjöl eftir beztu vitund og skrá þar á tekjur sínar síðastliðið ár (sbr. 11.—20. gr.), frádrátt (sbr. 21.—48. gr.), eignir og skuldir (sbr. 51.—60. gr.) og aðrar þær upplýsingar, er máli skipta, sbr. 85. gr. Staðfestir hann síðan framtalið með undirskrift sinni (dagsetningu, óskammstafað nafn og heimilisfang) og vottar að viðlögðum drengskap, að skýrslan sé gerð eftir beztu vitund. Fylgi framtali rekstrar- og efnahagsreikningar, skulu þeir staðfestir af framteljanda eða þeim, sem reikningana hefur samið. Reikningar félags skulu og staðfestir af stjórn þess og kjörnum endurskoðendum.

Framtalsskýrslur, ásamt tilheyrandi reikningum, landbúnaðarskýrslum, húsbyggingarskýrslum og öðrum fylgiskjöllum, sbr. 85. gr., skulu komnar til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Þeir, sem hafa atvinnurekstur með höndum, þurfa þó eigi að hafa skilað framtalsskýrslu fyrir en fyrir lok febrúarmánaðar. Ef sérstaklega stendur á, getur skattstjóri eða umboðsmaður hans veitt frest til framtals til 28. febrúar. Þeim, sem stunda atvinnurekstur, má þó veita frest til 31. marz. Vátryggingarfélag þurfa eigi að skila framtali fyrir en 31. maí.

Nú er framteljandi sjálfur ófær að rita framtalsskýrslu, og er þá skattstjóri eða umboðsmaður hans skyldur að veita honum aðstoð til þess, en skylt er framteljanda að láta í té allar upplýsingar og gögn, til þess að framtalið verði rétt. Eigi er þó skattstjóra eða umboðsmanni hans skylt að aðstoða við framtöl til skatts eftir að framtalsfrestur er liðinn.

88. gr.

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri hefja endurskoðun framtala þegar í stað. Skal hann þá hafa aflað sér nauðsynlegra gagna og undirbúið þau til notkunar. Útsending fyrirspurna skv. 84. gr. og tilheyrandi eyðublaða, sbr. 86. gr., skal við það miðuð og svarfrestir settir með hliðsjón af því. Gögn, sem varða einstök framtöl, skulu að jafnaði geymd með því, en gögn varðandi marga framteljendur skulu geymd í skjalasafni skattstjóra í aðgengilegri röð.

Skattstjóra ber að athuga, hvort á framtali séu þær upplýsingar, sem fyrir er mælt í 85. gr., bera þær saman við önnur gögn, einnig gera samanburð á framtölum gjaldanda frá ári til árs og þar með athuga sérstaklega, hvort samræmi er milli efnahags skattþegns í ársbyrjun og árslok skv. framtölum miðað við framtaldar hreinar tekjur eða tap og sennilega eigin eyðslu, svo og gera sérhverjar aðrar athuganir, er máli skipta.

Enda þótt fyrirtæki sé rekið með tapi eða framtaldar eignir og tekjur nái ekki skatti, ber skattstjóra eigi að síður að athuga framtalið og úrskurða það.

89. gr.

Skattstjóri skal leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á gjaldanda skv. framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reiknings skekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur er skattstjóra heimilt að leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té skýringar eða gögn, er á skortir, innan ákveðins tíma, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Ef skattstjóri fær fullnægjandi svar, leggur hann skatt á skv. framtali og framkomnum skýringum.

Fáist eigi fullnægjandi svar, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns, eftir beztu vitund og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun. Niðurstöðu skal jafnan tilkynna skattþegni skriflega. Enn fremur skal skattstjóri láta fylgja greinargerð um málið, er hann sendir rikisskattstjóra framtal skattþegns þess, er í hlut á. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri, ef svo er ástatt sem í 3. másl. þessarar mgr. segir, áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun rétttri.

Hafi skattstjóri grun um, að stórfelld skattsvik hafi verið framin, skal hann hefja rannsókn þegar í stað og tilkynna rikisskattstjóra jafnframt um rannsóknina.

Ef skattstjóri telur, að einhverjar leiðréttingar eða breytingar á framtali skv. 1. mgr. þessarar gr. stafi af því, að framteljandi hafi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrt rangt frá, sbr. 112. gr., þá skal skattstjóri, jafnframt því að gera umræddar leiðréttingar eða breytingar á framtalinu, tilkynna rikisskattstjóra það, sbr. 113. gr.

90. gr.

Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Ef um var að ræða brot þau, sem um getur í 112. gr., skal gjaldandi enn fremur sæta viðurlögum skv. þeirri gr., sbr. 113. gr.

Nú hefur skattþegn eigi talið fram til skatts og skattar því áætlaðir, en síðar kemur í ljós, að áætlun hefur verið of lág, svo og ef skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, og skal þá reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 4 ár. Sama gildir, ef skattþegn vantar á skrá, nema um sé að ræða brot þau, sem um ræðir í 112. gr., en þá skal reikna skatt hans að nýju eins og í 1. mgr. þessarar gr. segir.

Þegar skattur er reiknaður að nýju skv. þessari gr., skal gæta ákvæða 89. gr., eftir því sem við á.

Skatt álagðan skv. þessari gr. skal tilkynna gjaldanda í ábyrgðarbréfi og innheimtumanni samtímis, og telst skatturinn í gjalddaga fallinn 10 dögum eftir að bréfið til gjaldanda var póstlagt. Jafnframt skal gefa gjaldanda kost á að kæra álagninguna. Um kærufresti fer skv. ákvæðum 92. og 94. gr. Kæra frestar þó ekki eindaga skattsins, sbr. 98. gr.

Að kæruiðurskurði loknum skal skattstjóri tilkynna kæranda úrslitin í ábyrgðarbréfi og innheimtumanni breytingu á upphæð skattsins, ef um var að ræða.

Skatthækkanir skv. þessari gr. skulu því aðeins gerðar, að hin undandregna eða vanreiknaða upphæð tekjuskatts eða eignarskatts nemi minnst kr. 100.00 hvert einstakt ár.

Skattstjóri skal tilkynna rikisskattstjóra um skattálagningu skv. þessari gr. og taka sérstaklega fram, ef hann telur að um sé að ræða brot þau, sem um getur í 112. gr., sbr. 113. gr. Þá skal skattstjóri einnig tilkynna rikisendurskoðanda um skattálagningu þessa.

X. KAFLI

Um skattskrár, kærur, úrskurði, störf ríkisskattanevndar og ríkisskattstjóra og eftirlit fjármálaráðuneytisins.

91. gr.

Fyrir lok maímánaðar skulu skattstjórar hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda. Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. júní. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð, hvar skattskrá liggur frammi.

92. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til skattstjóra eða umboðsmanns skattstjóra, í Reykjavík innan 15 daga, en í öðrum skattumdæmum innan 30 daga, frá því er skattskrá er lögð fram. Heimilt er þó skattstjóra að taka til greina munnlegar kærur, ef um augljósar reikningssekkjur eða þess konar er að ræða.

93. gr.

Innan mánaðar frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur skv. 92. gr. og leiðrétt skattskrá skv. úrskurðum þeim, er hann hefur fellt, og tilkynnt kærendum úrslitin. Að því búnu sendir hann skrána til ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal enn fremur, er hann hefur úrskurðað kærur, senda hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, er gjalda eiga tekju- og eignarskatt í því lög-sagnarumdæmi, og ríkisendurskoðanda eftirrit af þeirri skrá.

Komi í ljós innan tveggja ára frá því, að skattskrá var framlögð, að þær heimildir, sem skattstjóri hefur farið eftir við leiðréttingu framtals, sbr. 89. gr., eru rangar, skal hann leiðrétta það af sjálfsdáðum eða við kæru, þótt hún komi eigi fram fyrir en kærufrestur er liðinn. Skattlækkanir skv. þessari mgr. skulu þó því aðeins gerðar, að lækkun tekjuskatts eða eignarskatts nemi minnst kr. 100.00 hvert einstakt ár. Tilkynningu um slíkar breytingar skal skattstjóri senda gjaldanda, innheimtumanni, ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

94. gr.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanevndar. Kærufrestur til ríkisskattanevndar skal vera í Reykjavík 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, en í öðrum skattumdæmum 30 dagar.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanevndar án tillits til kærufrests.

Kærur skulu vera bréflegar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Skattþegni eða umboðsmanni hans er heimilt að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanevnd á þeim tíma, er nefndin tekur til, áður en úrskurður gengur um kærutíðni. Heimilt er ríkisskattanevnd að leyfa, að málflutningur skuli vera munnlegur.

95. gr.

Úrskurðir ríkisskattanevndar á kærum skv. 94. gr. skulu vera rökstuddir.

Nefndin skal leggja úrskurð á kærur fyrir októberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslit tafarlaust. Breytingar á sköttum skal og tilkynna ríkisendurskoðanda.

Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður.

Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

96. gr.

Ríkisskattanefnd skal m. a.:

1. Meta til tekna fæði, húsnæði o. fl., sbr. 13. gr. B.
2. Setja reglur um mat á eigin húsaleigu, sbr. 14. gr. A. 2.
3. Meta fæði starfsfólks til frádráttar hjá bændum o. fl., sbr. 23. gr.
4. Meta námskostnað til frádráttar, sbr. 35. gr. A.
5. Meta fæðiskostnað sjómanna á íslenskum fiskiskipum til frádráttar, sbr. 39. gr. B.
6. Ákveða verð á búpeningi, sbr. 57. gr. C.
7. Taka til meðferðar mál, sem fyrir hana eru lögð af ríkisskattstjóra, sbr. síðustu mgr. 97. gr.

97. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem bezt samræmi sé í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að skattákvörðun og skattframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, sem framkvæmd reglugerðar þessarar varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 84. gr. greinir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera gjaldþegni skatt að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært.

98. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans. En ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða niður felldur, skal endurgreiðsla þegar fara fram. Víkja má frá ákvæði 1. máls., ef sérstaklega stendur á, skv. ákvörðun ríkisskattstjóra.

99. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattstjórar og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa ríkisskattanefndar og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

XI. KAFLI

Um ábyrgð og innheimtu.

100. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962) skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

Í þeim umdæmum, sem það þykir henta að dómi ráðherra, skal þó heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt á þann hátt, er hér segir:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá

hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að helmingi skatta, sem honum bar að greiða næst liðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á greiðslum skv. þessum t.l. Skattstjóri ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögdum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörzlum innheimtumanns.

2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greitt hefur verið skv. 1. t.l., ber gjaldanda þá að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari gr. veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Nú er skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtunni fyrir gjalddaga skv. 1. mgr. þessarar gr., sbr. 90. gr., eða í tilefni af kæru til ríkisskattanefndar, sbr., 94. og 95. gr., ellegar vegna þess, að ríkisskattstjóri hafi lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sbr. 97. gr., þá telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skattana lögtaki ásamt dráttarvöxtum, sbr. 101. gr., hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má þá einnig endurgreiða.

101. gr.

Nú er skattur eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga og skal þá greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga. Sé skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var álagður, skal greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

102. gr.

1. Hjón bera gagnkvæma ábyrgð á greiðslu skatta, sem á þau eru lagðir, enda séu þau samvistum, þegar álagning fer fram.
2. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra (t. d. foreldri fyrir börn sín, kjörbörn og fósturbörn). Skiptaráðendur, skiptaforstjórar eða skiptanefndir bera ábyrgð á skattgreiðslu búna (dánarbúna, þrotabúna). Erfingjar er skipta búna sjálfir, bera ábyrgð á skattgreiðslu búnsins.
3. Aðalumboðsmenn erlendra félaga eða stofnana, sem hér eiga að greiða skatta, bera ábyrgð á greiðslu þeirra fyrir þessa gjaldendur.
4. Stjórnendur hlutafélaga og annarra félaga eða fyrirtækja, sem greiða erlendis heimilisföstum aðilum arð af hlutafé eða stofnfé í félögum eða fyrirtækjum hér á landi, skulu við greiðslu halda eftir sem svarar skatti af arðinum og tilsvaramandi hlutafjáreign eða stofnfé. Ef hlutaðeigandi aðilar vanrækja þetta og greiða eigi skattinn, bera þeir sjálfir ábyrgð á greiðslu hans.
5. Við greiðslu út úr landinu á launum, biðlaunum eða styrk úr ríkissjóði, frá

opinberri stofnun innlendri eða öðrum innlendum aðilum, skal halda tekjuskattí eftir, þ. e. greiða fjárhæðirnar að frádregnum skatti.

6. Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en skattar þess hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.
7. Um ábyrgð kaupgreiðanda á sköttum starfsmanna fer skv. 103. og 104. gr.
8. Um ábyrgð á þinggjaldi og útsvari útlendinga hérlendis svo og íslenzkra ríkisborgara, sem eru á förum úr landi, fer skv. 105.—109. gr., sbr. 115. gr. C.

103. gr.

1. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að gjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á sköttum, álögðum á gjaldárinu, á réttum gjalddögum, eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til greiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir greiðslunni.
2. Sé ákveðið að haga innheimtunni á þann veg, sem segir í 1. tl., skal senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um skatta þeirra gjaldanda, sem kaupgreiðandi greiðir fyrir og senda jafnframt þrírtaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um skatta sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta gjaldanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í skatta sína. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir greiðsluna til innheimtumanns.
3. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þar á meðal eftirlauna, hvort sem greitt er skv. vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
4. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þar á meðal kaupgreiðslustöðvar.
5. Innheimtumaður getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupí gjaldanda til greiðslu á eldri sköttum, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
6. Til lúkningar greiðslum skv. 5. tl. skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{2}$ hluta af því kaupí, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá gjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$ hluta. Nú skuldar gjaldandi skatta, eldri en frá síðasta gjaldári, og getur innheimtumaður þá ákveðið, að hærri hlutfallstölu skuli haldið eftir af kaupí hans upp í skattana.
7. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður krefst þess, skyldir til að láta í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem hann óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem innheimtumaður óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu skatta af kaupí. Krefja má um framangreindar skýrslur munnlega eða skriflega, svo og með almenntri auglýsingu. Innheimtumaður setur kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
8. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli daglaunafólks, skulu að kröfu innheimtumanns skyldir til að senda kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslu á sköttum þeirra, er við kaupí eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
